- Samvinnuskólinn, nemendasjóður, sjr., 236.
- Sandgerði, vatnsveita, rg., 156—158; hol-ræsagerð, rg., 158—159; hrg., br. 599.
- Sandgerðisviti — Hraunsnes, dragnóta-veiði, bann, rg., 163.
- Sauðárkrókur, stjórn bæjarmálefna, rg., 149—153; rafveita, gjsk., br., 504; hrg., br., 587.
- Schermuly, C. D., capt., framkvæmdastj., hm., 710.
- Schiöth, A., sk., 359—360.
- Selfoss, vatnsveita, rg., 477—479; rafveita, gjsk., 520—523.
- Sendiherrar erlendir og ræðismenn, 706—709.
- Seltirninga-vatnsveitufélag, gjsk., br., 519.
- Seuwen, J. P., ræðismaður, 704.
- Sievers, Bror, vararæðismaður, 699.
- Sigfússon, Aase, leyfi til að reka lyfjabúð, 706.
- Siglingafræði, námskeið og próf utan Reykjavíkur, rg., br., 370.
- Siglufjörður, vatnsveita, rg., br., 294—295; hrg., br., 328—330; forkaupsréttur hafnarmannvirkja, sp., 456—457; sundlaug, rg., 553—554.
- Sigríður Aðalsteinsdóttir, leyfi til að reka lyfjabúð, 702.
- Sigurður Hafsteinn Emilsson, sk., 437—438.
- Sigurður Halldórsson trésmíðameistari, hm., 709.
- Sigurður S. Magnússon, staðgöngumaður héraðslæknis, 705.
- Sigurður Magnússon, leyfi til að reka lyfjabúð, 703.
- Sigurður Sigurðsson sjómaður, hm., 709.
- Sigurfljóð Einarsdóttir ljósmóðir, sk., 497—498.
- Sigurmundur Sigurðsson, aðstoðarlæknir, 701.
- Sigursteinn Magnússon, aðalræðismaður, 699.
- Sigvaldi Kristjánsson, kennari, 700.
- Sigbór Róbertsson, sk., 594—596.
- Síld, framleiðslugjald fellt niður, augl., 483.
- Síldveiðideild hlutatryggingasjóðs bátatúvegsins, rg., 499—501.
- Símskeytagjöld til landa utan Evrópu, augl., br., 295.
- Símtala- og símskeytagjöld til útlanda, augl., br., 160—161.
- Sjómannafélög í Reykjavík, sjr., 340.
- Sjómanna-styrktarsjóður, sjr., 465.
- Sjóveita Vestmannaeyja, gjsk., br., 241.

- Sjöberg, Bror Carl, vararæðismaður, 699, 700.
- Skaftafellssýsla, V., sýsluvegasjóður, sp., 165—166; A., bsp., 376—379.
- Skagafjarðarsýsla, fjallsk.rg., br., 123; sýsluvegasjóður, sp., br., 156; héraðsrafmagsveitur, gjsk., 202—203; refaeldi og minka, bann, 242.
- Skattar, tollar: ýmis gjöld með viðauka, augl., 1; felldir niður tollar af kornvöru, lækkaðir á sykri, augl., 1; innheimt gjöld af innl. tollvörum með álagi, augl., 2; skemmtanaskattur, 10% álag, augl., 240; stóreignaskattur, rg., 300—304; söluskattur, rg., br., 503; tekjuskattur og eignarskattur, rg., br., 537; stóreignaskattur, rg., br., 537; innheimta skemmtanaskatts, augl., 537; felldur niður verðtollur og lækkaður tollur af sykri, augl., 538; innheimta ýmissa gjalda með viðauka, augl., 538.
- Skemmtanaskattur, 10% álag, augl., 240; innheimta, augl., 537.
- Skipamælingar, r., 395—436.
- Skipaskoðunarmenn ríkisins, laun, r., 393—394.
- Skipulagsskrár, staðfesting: Minningarsjóður Harðar Þorbergssonar, 2—3; Skrúðasjóður Hallgrímskirkju í Reykjavík, 5; Krabbameinsvarnarsjóður Ísfirðinga, 13; Minningarsjóður Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar, 62; Bókasafnssjóður sjúkrahússins á Patreksfirði, 64; Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, 66; Styrktarsjóður Guðrúnar Daníelsdóttur, 71; Minningarsjóður Mortens Hansens, 72; Ættarminningarsjóður Halldóru Ólafs, 139—140; Líknar- og menningarsjóður Ljósmeðrafélags Reykjavíkur, 153—154; Ekknasjóður bakameistara, 155—156; Verðlaunarsjóður Marius Nielsen, 161—162; Minningarsjóður Ásgeirs á Arngerðareyri, 163—164; Menningarsjóður kvenna í gamla Hálsheppi, 166—167; Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Austurbæjar, 172; Minningarsjóður Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardal, 245; Styrktarsjóður Björns Eysteinsonar, 246—247; Sjóður Egils Hallgrímssonar, 243; Húnasjóður, 249—251; Framasjóður iðnsveina, 326—327; Áhaldasjóður Iðnskólans í Reykjavík, 327—328; Gjafasjóður A. Schiöths, bakameistara á Akureyri, Útlánasjóður Iðnaðarmannafélags Akureyrar, 359—360; Minningarsjóður Einar Magnússonar og Matthildar Finnsdóttur, 371; Minningarsjóður Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður frá Rafnkelsstöðum, 372; Minningarsjóður Sigurðar Hafsteins Emilssonar frá Kleifarstekk í Breiðdal, 437—438; Minningarsjóður Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum, 469—470; Minningarsjóður Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar, 497—498; Minningarsjóður Guðmundar Magnússonar vélvirkja, 498—499; Menningarsjóður Þjóðleikhússins, 518—519; Minningarsjóður Hlifar Þórðardóttur hjúkrunarnema, 561—562; Minningarsjóður Þuridar Pétursdóttur, 589—590; Kirkjubýggingarsjóður Kópavogshrepps, 593—594; Minningarsjóður Sigþórs Róbertssonar, 594—596; Konungs- og drottningarsjóður Landspítala Íslands, 618.
- Skoðunargjald bifreiða, rg., 459.
- Skömmtun á vörum, rg., br., 3—4.
- Smith, Merlin S., ræðismaður, 706, 707.
- Snorri P. Snorrason, lækningaleyfi, 705.
- Snorrassjóður 1930, sjr., 231.
- Snævarr, Ármann, prófessor, 701, 703.
- Sober, Sidney, annar sendiráðsritari og vararæðismaður, 707.
- Sparisjóður Svarfdæla, sp., br., 140.
- Spinelli, Filippo, viðskiptafulltrúi, 706.
- Starfsmenn ríkisins, vinnutími, rg., br., 244; landsímans, br., 244.
- Stefán P. Björnsson, lækningaleyfi, 705.
- Stefán Eggertsson, sóknarprestur, 702.
- Stefán Hallsson, kennari, 699.
- Stefán Haraldsson, héraðslæknir, 701.
- Stefán Ólafur Jónsson, kennari, 700.
- Stefán Þorvarðsson, sendiherra, 706.
- Steingrímur Pálsson magister, í miðskóla-prófsnefnd, 701.
- Steingrímur alþm. Steinþórsson, forsætisráðherra, 700.
- Steingrímur J. Þorsteinsson, prófessor, 706.

Steinunn Sighvatsdóttir og Magnús Ólafsson, sjr., 468.  
 Steinþór Guðmundsson gagnfræðaskólakennari, í miðskólaprófsnefnd, 701.  
 Stigandi, hestamannafélag, veðmálastarfsemi, rg., 341.  
 Stigur, sjr., 552.  
 Stjórnarráðsbréf um bindindiseftirlit í skólum, 469.  
 Stokkseyri, rafveita, gjsk., 562—564.  
 Stóra-Langadalsá, veiðifélag, sp., 386—387; arðskrá, 388.  
 Stóreignaskattur, rg., 300—304; br., 537.  
 Strandamanna-búnaðarsamband, jrsp., br., 644—645.  
 Struckman, Erick, listmálari, hm., 710.  
 Strömbäck, dr., prófessor, hm., 710.  
 Sturla Jónsson, sjr., 336.  
 Styrkveiðingar, 711.  
 Suður-Múlasýsla, bsp., 383—386.  
 Sundhöll Ísafjarðar, rg., 239—240.  
 Sundlaug að Laugalandi, rg., 238—239.  
 Svarfdæla-sparisjóður, sp., br., 140.  
 Sveinbjörn Einarsson, kennari, 700.  
 Sveinn Bjarnason, Heykollstöðum, sk., 469—470.  
 Sveinn Kristjánsson, kennari, 700.  
 Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri, í verðgæzlunefnd, 703.  
 Sverrir Júlíusson, framkvæmdastjóri, í verðgæzlunefnd, 703; í skuldaskilasjóðstjórn, 706.  
 Svíþjóðarferðir, sjr., 108.  
 Sykurtollur lækkaður, augl., 538.  
 Sýsluvegasjóður, sp., í Skagafjarðarsýslu, br., 156; í V.-Skaftafellssýslu, 165—166; í Árnessýslu, br., 174—175.  
 Szenkovits, Paul, aðalræðismaður, 700.  
 Söfnunarsjóður Íslands, reikn., 315—316.  
 Sölubúðalokun á Blönduósi, sp., 295—296; í Hveragerði, sp., 368.  
 Söluskattur, rg., 330—335; br., 373, 503.

## T.

Thoroddsen, Guðmundur, prófessor, lausn, 705.  
 Thoroddsen, Gunnar, prófessor, lausn, 700.  
 Thors, Kjartan, framkvæmdastjóri, í viðskiptanefnd, 699.  
 Thors, Ólafur, ráðherra, 700.  
 Thors, Thor, sendiherra, á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, 704.  
 Tóbakseinkasala, rg., br., 173; br. 436.  
 Tómas Jónsson borgarritari, hm., 709.  
 Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti, 703.  
 Tryggvi Þorsteinsson, héraðslæknir, 702.  
 Tulinius, Þórarinn, sjr., 364.

## U. Ú.

Úlfur Ragnarsson, aðstoðarlæknir, 702.  
 Ull, óþvegin, flokkun og mat, augl., 251.  
 Umferð um aðalbrautir og inn á þær, fyrirmæli, 168.  
 Útflutningsgjöld, innheimta, rg., 134—135.  
 Útflutningsleyfi á gjafapökkum, augl., 557.  
 Útvegsbanki Íslands, reikn., 634—638.

## V. W.

Waage, Indriði, leikstjóri og leikari, hm., 709.  
 Wallach, Ludwig, dr., viðskiptafulltrúi, 707.  
 Vallholtslegat, 102.  
 Warburgh, Erik, prófessor, hm., 710.  
 Vatnsveita í Sandgerði, rg., 156—158; á Ísafirði, rg., 252—254; Siglufirði, rg., br., 294—295; Keflavík, rg., br., 365—366; Hrisey, rg., br., 366; gjsk., 366—367; Hafnarfirði, rg., br., 369; Selfossi, rg., 477—479; Seltjarnarnesi, gjsk., br. 519; Dalvík, rg., 568—571; Hofsóshreppi, rg., 583—586.  
 Veðmálastarfsemi hestamannafélagsins Stigandi, rg., 341.  
 Veiðifélag Stóra-Langadalsár, sp., 386—387; arðskrá, 388.  
 Verðgæzlunefnd, 702.  
 Verðlagseftirlit o. fl., rg., br., 63—64; br., 254.  
 Verðlagsskrár, 256—293.  
 Verðtollur af kornvörum felldur niður, augl., 538.  
 Verkamanna- og sjómannafélögin í Reykjavík, sjr., 340.

Vestfjarða-búnaðarsamband, jrsp., br., 643.  
 Vestmannaeyjar, hrg., br., 4., 204—210; sjóveita, gjsk., br., 241; fjallsk. rg., br., 247; fundarsköp bæjarstjórnar, augl., br., 523.  
 Vesturbæjar-gagnfræðaskóli, nemenda-sjóður, sk., 66.  
 Wettergren, Erik, forstjóri, hm., 710.  
 Viðar, Gunnar, bankastjóri, í viðskipta-nefnd, 701.  
 Vignir Guðmundsson, tollvörður, 698.  
 Vilborg Auðunsdóttir, kennari, 699.  
 Vinamíning, sjr., 196.  
 Vindlingapappír o. fl., einkasala, rg., br., 173.  
 Visitala framfærslukostnaðar í Reykja-vík, 648; húsaleiguvisitala, 648.  
 Vitaverðir Íslands, sjr., 338.  
 Vogaráhöld, löggilding, gjsk., 374—376.  
 Woodcock, Huntley, fiskiráðunautur, 705.  
 Vörumerkjaauglýsingar, 656—698.  
 Vöruskömmun, rg., br., 3—4.

## Y.

Yfirfiskmatmenn, erindisbréf, 317—319.

## Þ.

Þingeyrarlæknishérað, læknisvitjanasjóður, rg., 69—70.  
 Þjóðjarðalandsetar í hinu fyrrverandi Suðuramti, sjr., 620.  
 Þjóðleikhúsið, menningarsjóður, sk., 518—519.  
 Þorbjörg Halldórs frá Höfnum, kennari, 704.  
 Þórður Oddsson, héraðslæknir, 699.  
 Þorgeir Gestsson, héraðslæknir, 702.  
 Þorgerður Þorgeirsdóttir, kennari, 700.  
 Þórgunnur Björnsdóttir, kennari, 699.  
 Þórleif Kr. Sigurðardóttir, ljósmóðir frá Kóngsbakka, sjr., 619.  
 Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri, lausn, 706.  
 Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, hm., 709.  
 Þorvaldarminning, sjr., 621.  
 Þorvaldur Árnason skattstjóri, í verð-gæzlunefnd, 702.  
 Þuriður Pétursdóttir, sk., 589—590.

## Ö.

Överaas, Asbjörn, rektor, hm., 710.

## Skammstafanir.

alþm. = alþingismaður.  
 augl. = auglýsing.  
 br. = breyting.  
 bsp. = byggingarsamþykkt.  
 gjsk. = gjaldskrá.  
 hm. = heiðursmerki.  
 hrg. = hafnarreglugerð.  
 jrsp. = jarðræktarsamþykkt.

rg. = reglugerð.  
 r. = reglur.  
 sjr. = sjóðreikningur.  
 sk. = skipulagsskrá staðfest vegna sjóð-stofnunar.  
 stjbr. = stjórnarráðsbréf.  
 sp. = samþykkt.



**AUGLÝSING**

1

2. jan.

um notkun heimildar til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga frá 30. des. 1949 til að innheimta með viðauka eftirgreind gjöld á árinu 1950:

1. Með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur rikissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.
2. Með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1950, svo og gjöld til rikissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Kristján Thorlacius.*

**AUGLÝSING**

2

2. jan.

um notkun heimildar laga frá 30. des. 1949, um að fella niður tolla af kornvöru, lækka tolla af sykri o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum frá 30. desember 1949, um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýr-  
tíðar og erfiðleika atvinnuveganna, hefur ráðuneytið ákveðið:

1. Að fella niður á árinu 1950 tolla af baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru, mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming á árinu 1950 tolla af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppa-  
sykri.
3. Að innheimta á árinu 1950 með 50% viðauka gjald af kaffibæti samkv. 3. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Kristján Thorlacius.*

1

3

2. jan.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga til að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörum.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga frá 30. des. 1949, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og innheimta á árinu 1950:

1. Með 600% álagi gjald af öli samkvæmt 3. tölulið 4. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.
2. Með 550% álagi gjald af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið sömu greinar.
3. Með 450% álagi gjald af öðrum tollvörum samkvæmt lögnum.

Undanþegið hækkun þessari er gjald af kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla laganna.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Kristján Thorlacius.*

4

4. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Harðar Þorbergs-sonar frá Þingeyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Harðar Þorbergssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Harðar Þorbergssonar, sem fæddist á Þingeyri 4. maí 1920 og andaðist á Vífilsstöðum 4. júlí 1946.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hans, Þorbergi Steinssyni, Þingeyri, börnum hans og fósturbarni, þeim Fanney S. Þorbergsdóttur, Helgu Þorbergsdóttur, Hrafnhildi Þorbergsdóttur, Jóhönnu Þorbergsdóttur, Helgu Kristjánsdóttur og Leifi Þorbergssyni í tilefni þess, að Hörður var einn af stofnendum skátafélagsins Útherjar á Þingeyri, er stofnað var 14. febr. 1936, og lét sig ávallt miklu skipta viðgang þess og eflingu, þrátt fyrir margra ára sjúkdóm og fjarveru.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem ávaxta skal í Sparisjóði Þingeyrarhrepps eða annarri tryggri stofnun, og má árlega verja  $\frac{2}{3}$  vaxta hans til eflingar skátafélagsskapnum á Þingeyri, svo sem með fyrirlestrahaldi, með því að styrkja einn eða fleiri áhugasama skáta, karl eða konu, til að sækja skátamót bæði hérlendis og erlendis, sem líklegir væru til að veita nýjum straumi inn, félaginu til eflingar.  $\frac{1}{3}$  vaxta skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund, en þá má verja  $\frac{1}{10}$  hlutum vaxtanna í sama skyni og að ofan greinir.

## 4. gr.

Efla má sjóðinn með hverju því móti, sem henta þykir, gjöfum, áheitum, hlutaveltu og öðrum þeim aðferðum, sem stjórn sjóðsins sér bezt henta á hverjum tíma.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður Skátafélagsins Útherjar, sóknarpresturinn og formaður barnaverndarnefndar kaupsins, eða sá, sem gegnir hans starfi þar til barnaverndarnefnd verður skipuð hér. Verði stjórnin ekki fullskipuð samkvæmt ofanskráðu, skal skátafélagið tilnefna mann eða menn í stjórnina, að því frágengnu, þá hreppsnefnd Þingeyrarhrepps eða kaupsins.

## 6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda til þeirra, er stjórnina skipa og skal þar tilgreina hvað markmiðið sé, og sker hún úr um styrkhæfnina. Sé nú styrkurinn ekki notaður árlega má úthluta honum að  $\frac{1}{3}$  þau árin, en  $\frac{2}{3}$  leggjast við höfuðstólinn.

## 7. gr.

Hætti skátafélagið Útherjar starfsemi sinni í 10 ár eða lengur samfleytt, skal sjóðurinn afhendast til þáverandi oddvita Þingeyrarhrepps eða Þingeyrarkaupsins, og skal þá vöxtum hans varið samkv. 3. gr., til að styrkja fátæka sjúklinga, sem dvelja langdvölum á Vífilsstöðum eða annarri hliðstæðri stofnun og eru á vegum Þingeyrarhrepps eða Þingeyrarkaupsins, svo sem þáverandi hreppsnefnd ákveður.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur gerður í janúar ár hvert og endurskoðast af sömu aðiljum og hreppareikningarnir.

## 9. gr.

Endurskoða má skipulagsskrá þessa á 20 ára fresti af ofanefndum aðiljum, en aldrei breyta tilgangi hennar samkvæmt 3. og 7. gr.

Þingeyri, 18. desember 1949.

Þorb. Steinsson.

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 130 23. september 1947, um vöruskömmun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

## 1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Skömmunarstjóra er heimilt, að fengnu samþykki fjárhagsráðs, að ákveða með auglýsingu samkvæmt því, er segir í 3. gr. 3. mgr., að innflytjendum eða framleiðendum sé óheimilt að afhenda tilteknar skömmunarvörur nema gegn sérstökum innkaupaheimildum frá Skömmunarstofu ríkisins, og að reitir af gildandi skömmunarseðlum séu þá ekki jafnframt löglegar innkaupaheimildir handa innflytjendum né framleiðendum skömmunarvara innanlands.

Skömmunarstofa ríkisins veitir innkaupaheimildir án undantekningar til verzlana og annarra aðila, sem viðskipti reka, nema slík fyrirtæki hafi ekki gert fullnægjandi skil skömmunarseðla.

5

4. jan.

2. gr.  
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, og lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 8 19. janúar 1949, um viðauka við reglugerð nr. 130 23. september 1947.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. janúar 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Yngvi Ólafsson.*

6

6. jan.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941, og nr. 73 13. maí 1942.

1. gr.

18. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

### *Hafnsögugjöld.*

Öll aðkomuskip, sem fara inn á innri höfn skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettóstærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á innri höfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 100.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—300 nettó rúmlestir og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 50 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 10 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur á sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald samkvæmt staflíð a og b.

2. gr.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1950.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skrúðasjóð Hallgrímskirkju í 7 Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. janúar 18. jan. 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skróðasjóð Hallgrímskirkju í Reykjavík.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Skróðasjóður Hallgrímskirkju í Reykjavík.

### 2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1943 að tilhlutan frá Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Brautarholti með fé því, er inn kom við sölu á ljóðinu „Hallgrímskirkja“, er hún gaf í því skyni, og útgefið var með lagi eftir Nóa Kristjánsson, og var það einnig gefið.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 5000.00, en honum bættust gjafir og áheit, svo að upphæðin varð kr. 19244.52 og var þá fyrst varið fé úr sjóðnum til kaupa á messuskrúða til kirkjunnar.

### 4. gr.

Sjóðurinn er eign Kvenfélags Hallgrímskirkju, og má hagnýta hann aðeins á þann hátt, er skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

### 5. gr.

Sjóðnum má afla tekna með útgáfustarfsemi eða á annan hátt, er sjóðstjórnin telur við eiga. Enn fremur tekur hann við gjöfum og áheitum.

### 6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða ríkistryggri bankastofnun og má aldrei veita svo mikið úr honum í einu, að eigi verði kr. 10000.00 eftir.

### 7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla messuskrúða handa Hallgrímskirkju í Reykjavík, þegar kirkjan hefur eignast hökla af öllum viðeigandi liturgiskum litum, og annan nauðsynlegan skróða, er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra þarfa kirkjunnar, ef kvenfélagsfundur samþykkir, enda sé nægilegt fé tekið frá til endurnýjunar þeim skróða, er kirkjan á.

### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm konum úr Kvenfélagi Hallgrímskirkju. Meðan stofnanda sjóðsins, frú Guðrúnar Jóhannsdóttur, nýtur við, er hún sjálfkjörin í sjóðstjórnina og tilnefnir aðra meðlimi, ella skal stjórnin kosin á aðalfundi kvenfélagsins til eins árs í senn.

### 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum kvenfélagsins.

### 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

#### A. Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

##### *Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Sauðárkróks er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Sauðárkróks starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Sauðárkróksbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Rafveita Sauðárkróks, og hafa sérstakt reikningshald.

##### 2. gr.

##### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Sauðárkróks aflar raforku til almenningsþarfa á Sauðárkróki með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Sauðárkróksbæjar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Sauðárkróks hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

##### 3. gr.

##### *Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

##### 4. gr.

##### *Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála bæjarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

8

19. jan.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Sauðárkróks hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

## 7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Bæjarstjórn getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

**B. Söluskilmálar.**

## 8. gr.

*Sala raforku.*

Rafveita Sauðárkróks selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

## 9. gr.

*Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

## 10. gr.

*Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

*Húsveitur.*

Skyllt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á Sauðárkróki, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.



Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og 8  
tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveit- 19 jan.  
unnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagns-  
eftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Sauðárkróks.

#### 14. gr.

##### Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $\pm 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $\pm 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir

8  
19. jan.

lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Nemendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

#### 17. gr.

##### *Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki: 8  
19. jan.

- þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduroppnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduroppnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

#### 18. gr.

##### *Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða

8 bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur 19. jan. rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

#### 20. gr.

##### *Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

### C. Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

##### *Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

#### 22. gr.

##### *Málssókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

#### 23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 19. janúar 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Krabbameinsvarnarsjóð Ísfirðinga“, 9  
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. janúar 1950. 21. jan.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Krabbameinsvarnarsjóð Ísfirðinga.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Krabbameinsvarnarsjóður Ísfirðinga, og er stofnaður 1949 af bæjarstjórn Ísafjarðar með 1000 — eitt þúsund — krónum.

### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar krabbameinsvarnir, eftir því sem ástæður leyfa á hverjum tíma.

Hér undir heyrar:

1. Styrkur til útbreiðslustarfsemi, er upplýsi fólk um eðli krabbameins og varnir gegn því.
2. Styrkir til kaupa á tækjum til rannsókna og lækninga á krabbameini.
3. Styrkir til ferðalaga og lækninga sjúklíngum, sem þess þurfa með, enda beri eigi öðrum aðilum að standa straum af þeim kostnaði.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af sölu minningarspjalda, sem sjóðstjórnin gefur út, sem og tekjur af minningargjöfum og öðrum gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en vaxtatekjum og öðrum tekjum má úthluta á hverjum tíma eftir þörfum, enda skal það fé jafnan vera handbært.

### 5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar skriflega til formanns sjóðstjórnar, og skal, þegar um styrk til sjúklínga er að ræða, fylgja vottorð frá hlutaðeigandi lækni.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: héraðslæknirinn á Ísafirði, og skal hann vera formaður, formaður stjórnar Sjúkrasamlags Ísafjarðar, en þegar sjúkrasamlagið verður lagt niður tekur formaður heilsugæzlunefndar sæti hans. Þriðji maður sjóðstjórnarinnar skal vera sóknarpresturinn á Ísafirði.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins gerðir upp í lok hvers árs, og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga bæjarsjóðs Ísafjarðar, eigi síðar en í febrúarlok ár hvert.

### 8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð nr. 147 23. janúar 1943  
fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

## 1. gr.

8. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimmta hvert ár, er ártalið stendur á heilum eða hálfum tug, og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábuendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslunnar, er fjársamgöngur geta komið fyrir í.

Áður en mörkum er safnað saman til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

Heimilt er þó sýslunefnd að fresta útgáfu markaskrár um eitt ár í senn.

## 2. gr.

32. gr. orðist svo:

Þrennar skulu vera fjallaleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal samdægurs rétta í öllum skilaréttum.

Skilaréttir skulu vera á þeim stöðum, er hér segir:

Í Barðastrandarhreppi, að Haga.

Í Rauðasandshreppi, að Vestur-Botni.

Í Patrekshreppi, að Geirseyri.

Í Tálknafjarðarhreppi, að Norður-Botni.

Í Ketildalahreppi, að Austmannsdal.

Í Suðurfjarðahreppi, að Dufansdal.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardegi og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudagur í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Heimilt er þó sýslunefnd að láta þriðju leitir niður falla fyrir eitt ár í senn.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1950.*

Jón Pálmason.

*Arni G. Eylands.*

# HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Reykjavík.

11

20. jan.

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágur frá einstökum atriðum hennar, ef nauðsyn þykir vegna staðhátta, enda mæli heilbrigðisnefnd með því.

#### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn.

Lögreglustjóri og borgarlæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Hina nefndarmennina kys bæjarstjórn, og skal einn þeirra sitja í bæjarráði og annar vera verkfræðingur í þjónustu bæjarins. Bæjarstjórn kys varamann fyrir hvern þeirra með sama hætti.

#### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal gæta þess, að haldin séu ákvæði samþykktar þessarar og önnur ákvæði um heilbrigðismál, og yfirleitt vera á verði um allt, er varðar heilbrigði og hollustuháttu.

Héraðslæknisstörfum í Reykjavík gegnir borgarlæknir. Hann er skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og tekur laun úr bæjarsjóði. Borgarlæknir fer með heilbrigðiseftirlit borgarinnar með aðstoðarmönnum eftir þörfum. Um starfssvið hans er ákveðið í reglugerð, er bæjarstjórn setur og staðfest er af ráðherra.

Um greiðslu aukakostnaðar við þátttöku heilbrigðisnefndar og starfsmanna hennar í eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkv. lögum, fer eftir því, sem um semur milli bæjarstjórnar og ríkisstjórnar.

#### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda að jafnaði á hálfis mánaðar fresti og oftár, eftir þörfum. En skylt er að kveðja til fundar, þegar borgarlæknir eða tveir aðrir nefndarmenn óska.

Fundir skulu að jafnaði haldnir í skrifstofu formanns eða borgarlæknis.

#### 5. gr.

Nefndin heldur gerðabók, og skal í hana skrá fundargerðir.

Nefndin kys sér fundarritara.

Allar fundargerðir skulu jafnskjótt sendar bæjarráði.

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir hennar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

#### 6. gr.

Allar kvartanir, kærur og önnur erindi til heilbrigðisnefndar um efni þau, er í samþykkt þessari greinir, skulu send skrifstofu borgarlæknis, og skal haldin skrá yfir þau þar.

11

20. jan.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannaferi eða hjá einstaklingum, utan húss eða innan.

Í því skyni getur nefndin, eftir þörfum og með þeim hætti, er henni þykir henta, krafizt vottorðs læknis um heilbrigði manna og skýrslna aðilja um þau efni, er samþykkt þessi greinir.

Nú fullnægir aðili ekki nægilega fljótt fyrir mælum heilbrigðisnefndar eða starfsmanna hennar um mál þau, er í samþykkt þessari segir, og skal þá venjulega itreka fyrir mælin skriflega og birta aðilja þau, áður en frekari ráðstafanir eru gerðar.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstöfun, sem ekki telst til daglegra framkvæmda og kostar fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarráð.

Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem brýna nauðsyn ber til að gera tafarlaust, en leita skal þó samþykkis bæjarráðs, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar eða borgarlæknis annars vegar og bæjarsjórnar hins vegar um heilbrigðisráðstafanir má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

## II. KAFLI

### Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa umsjá með hreinlæti og þrifnaði hvarvetna utan húss.

10. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttar, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim. Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, þ. á m. rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni.

11. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, skólpi, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, slori, grjóti, mól, járnarusli, glerbrotum, vír, blöðum, bréfum, ávaxtahýði eða öðru því, er valdið getur óheilnæmi, óþef, tálmunum eða óþrýði, á lóðir, í höfnina innan hafnargarða, né í fjöruna eða annars staðar á almannaferi, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engu fleygja, er valdið geti stíflu.

Ekki má hrækja á götum, torgum, íþróttavöllum, í samkomuhúsum, skólahúsum eða öðrum stöðum, sem eru notaðir eða ætlaðir fyrir almenning.

Hver, sem brýtur gegn ákvæðum 1. málsgr., er skyldur að bæta tafarlaust úr á sinn kostnað og gera eftir fyrir mælum heilbrigðisnefndar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar endurtekningum.

12. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, mól, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess, að flutningatækin séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutning, fermingu eða



afferminngu, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað. 11  
20. jan.

## 13. gr.

Áburð og annað það, sem óþef getur lagt af, má aðeins flytja um bæinn á ákveðnum tímum og eftir ákveðnum götum, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra. Slikur flutningur skal fara fram í lokuðum vögnum vel þéttum, og má eigi fylla þá svo, að úr þeim geti runnið eða sletzt við flutninginn.

## 14. gr.

Eigi má hengja eða leggja við almannaferi fiskiföng eða annað, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

Ekki má hrista eða berja fatnað, ábreiður eða annað þess háttar á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, né heldur gólfteppi og ábreiður á svölum húss, þar sem húa fleiri en ein fjölskylda.

## 15. gr.

Á tún eða garða, sem liggja nærri almannaferi, má ekki hera áburð, sem megnan óþef leggur af. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kúamykju né hrossataðs.

## 16. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, safngryfjur, forir eða því um líkt má ekki hafa, nema samkv. leyfi og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 17. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað því um líkt skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Bæjarstjórn lætur koma fyrir körfum eða kössum undir rusl á torgum, götum eða öðrum þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 18. gr.

Aðeins vatni úr vatnsveitum bæjarins má veita í byggingar, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til annars.

## 19. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitum bæjarins, að því er varðar hollustuháttu. Hún lætur rannsaka neyzluvatnið, svo oft sem þurfa þykir.

Nú er vatnsbóli eða vatnsveitu breytt eða hún aukin, og sker heilbrigðisnefnd þá úr um þau atriði, er hollustuháttu varða.

## 20. gr.

Heilbrigðisnefnd getur látið ónýta vatnsból, loka vatnsveitu eða vatnsbóli, bannað að nota vatn úr þeim um tíma, eða annars kostar sett varúðarreglur um notkun vatnsins.

## 21. gr.

Þar sem holræsi er í götu, skal húseigandi leggja vatnsheld, nægilega við og nægilega hallandi holræsi frá húsi sínu út í göturæsi, leiða þangað allt skólp og regnvatn frá húsinu, sjá um hreinsun á ræsum eða rennum í göturæsi eða götorennu

11 og gæta þess eftir mætti, að fráræsla þessi stíflist ekki. Heilbrigðisnefnd getur bannað 20. jan. notkun á ófullnægjandi fráræslu.

22. gr.

Þar sem skólpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsnum gegnum rotþró, samkv. fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

23. gr.

Ef skólpi er mengað daunillum efnum eða öðru því, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal heilbrigðisnefnd ákveða í hvert sinn um fráræslu og hreinsun hennar.

24. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leggja öll skólpræsi til sjávar. Þó má ekkert skólpræsi falla í Reykjavíkurhöfn, innan hafnargarða. Þá skal og forðast að leggja þau til sjávar, þar sem þau gætu valdið saurgun baðstaða eða öðrum óþrifnaði. Öll slík ræsi skulu ná út í stórstraumsfjöruborð.

#### IV. KAFLI

##### Um salerni, sorphlát o. fl.

25. gr.

Öll salerni skulu vera vatnssalerni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra salerna, er verkamenn nota við útvinnu. Sbr. einnig niðurlag 2. tölul. 33. gr.

Almenningssalerni og þvagstæði skulu sett, þar sem þurfa þykir. Þau skulu gerð eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar og vera háð eftirliti hennar, enda getur hún sett reglur um notkun þeirra.

Salernum öllum og þvagstæðum skal halda vel hreinum og þrifalegum.

26. gr.

Önnur salerni en vatnssalerni skulu þannig gerð: Salernið skal gera í sérstökum klefa, nægilega hjörtum. Á útvegg skal vera gluggi á hjörum og önnur loftræsting, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Gólfplötur má ekki vera minni en 1 m<sup>2</sup>. Gólfíð skal vera þétt, og í útisalernum skal það vera herra en jarðvegurinn í kring. Klefinn eða húsið skal vera fokhelt, og veggir og loft málað eða kalkað innan. Saurkaggar skulu lagarheldir, úr efni og að gerð samkv. fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Salernissetan skal vera á hjörum og lok yfir gatinu, einnig á hjörum.

Salerni samkv. þessari grein og þvagstæði skulu vera minnst 6 m frá almanna-færi, gluggum íbúða og stöðum, þar sem matvæli og neytluvörur eru framleiddar, geymdar eða seldar.

Um staðsetningu og útbúnað þvagstæða skal að öðru leyti hverju sinni fara eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

27. gr.

Í salernum samkv. 26. gr. skulu saurkaggar tæmdir, áður en þeir fyllast, og lætur bæjarstjórn annast það. Við tæmingu þeirra skal nota vagna, sérstaklega til þess gerða. Skulu kaggarnir fluttir á tæmingarstaðinn, en ekki úr þeim helli í vagnana, enda séu hreinir varakaggar til skipta. Bæjarstjórn ákveður með samþykki heilbrigðisnefndar, hvar tæma skuli salerniskaggana.

28. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorphlát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem bæjarstjórn lætur í té. Í sorphlát þessi skal láta allt sorph, ösku

og rusl úr húsinu og af lóðinni, og síðan flytja burtu, áður en þau fyllast, þó aldrei 11  
sjaldnar en á vikufresti að sumri til og hálfsmánaðarfresti að vetri til. Þess skal gætt, 20. jan.  
að sorpilát standi á þéttri undirstöðu og séu jafnan lokuð, nema meðan þau eru  
tæmd eða í þau látið. Bæjarstjórn lætur annast burtflutninginn. Við hann má aðeins  
nota lokaða vagna, og skulu þeir þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma sorpilátin í  
þá, án þess að úr þeim rjúki. Heilbrigðisnefnd getur og ákveðið að láta flytja sorp-  
ilátin sjálf á tæmingarstaðinn, án þess að úr þeim sé steipt í vagna, ef hún telur  
það hentugra.

Nú vill einhver leggja skarnrennur í hús sín, og þarf þá samþykki heilbrigðis-  
nefndar í hvert sinn um fyrirkomulag allt.

Nú reynast skarnrennur til óþrifa, vegna óðauns eða annars, og getur þá heil-  
brigðisnefnd krafizt lagfæringa á þeim eða að þær séu teknar í burtu eða gerðar  
ónothæfar.

#### 29. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert sorp skuli flutt. Skal það svæði afgirt og þannig  
frá gengið, að ekki geti lagt þaðan fýlu né annar óþrifaður horizt þaðan til manna-  
hyggða.

Nú ákveður bæjarstjórn að reisa brennslustöð eða annars konar stöð til eyðingar  
sorpi og öðrum úrgangi, og skal þá farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar um  
stað og fyrirkomulag slíkrar stöðvar.

#### 30. gr.

Bæjarstjórn getur lagt til salerniskagga og sorpilát, er í þessum kafla greinir,  
enda má þá aðeins nota þau ílát. Greiðir húseigandi þá árlegt gjald fyrir ílát hvert  
eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn semur og ráðherra staðfestir.

### V. KAFLI

#### Um íbúðir.

#### 31. gr.

Íbúð er hvert það herbergi, sem eldhús fylgir. Íbúðarherbergi eru:

1. Herbergi, sem teljast til íbúðar.
2. Herbergi, sem notuð eru til svefnis.
3. Herbergi, sem notuð eru til dagvistar í sambandi við herbergi samkv. 2. tölul.

#### 32. gr.

Lofthæð íbúðarherbergis má almennt ekki vera minni en 2.5 m. Í loft- og kvist-  
herbergjum má hún ekki vera minni en 2.2 m. Í herbergjum undir súð skal sú  
meðallofthæð vera yfir a. m. k. hálfum gólfleti þess, enda sé enginn veggur lægri  
en 85 cm.

Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 m<sup>2</sup>, og í hverri íbúð skal  
vera a. m. k. eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 m<sup>2</sup> að gólfleti.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 4.3 m<sup>2</sup> af gólfleti og a. m. k. 10 m<sup>3</sup> af  
loftrúmi komi á hvern íbúa, enda séu eingöngu talin sjálf íbúðarherbergin.

Það telst einnig of lítið húsnæði, ef drengir og stúlkur, eldri en 10 ára, þurfa  
að sofa í sama herbergi.

Í hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal á útvegg vera nægilega stór gluggi, sem  
má opna, og nái a. m. k. 2 m frá gólfi. Skal glerflötur í gluggum íbúðarherbergis  
vera ekki minni en 1/5 af gólfleti þess, enda séu þá skilyrði til dagsbirtu hin beztu.

Hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægilegum hita og nægilegri rakavörn.

Hverri íbúð skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni. Vatnssalernisklefi skal vera a. m. k. 0.85 m<sup>2</sup> að gólfleti og hafa nægilega loftræstingu um glugga á útvegg. Í klefanum, eða í nánú sambandi við hann, skal vera handlaug. Gólf og veggir skulu flísalagðir í minnst 1.15 m hæð frá gólfi. Nota má þó annað efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilt til hreinlætis. Ef ekki næst til holræsis fyrir rennsli úr vatnssalerni, skal gera við húsið önnur nægilega mörg salerni, er fullnægi ákvæðum heilbrigðissamþykktar, sbr. 26. gr.
3. Baðklefi með baðtækjum, a. m. k. fyrir steypiböð. Gólf og veggir skulu útbúnir á sama hátt og mælt er fyrir um vatnssalerni.
4. Hver íbúð skal hafa aðgang að þvottahúsi, er hafi vatnshelt gólf með afrennsli, og svo gengið frá lofti þess og veggjum, að það þoli raka og gufu. Ef ekki er gluggi á hjörum í þvottahúsi eða stigahúsi, skal loftræsa það út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhálf.
5. Ef gas er notað til eldamennsku eða annars, getur heilbrigðisnefnd krafizt sérstakrar loftræstingar.

## 34. gr.

Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallara til íbúðar. Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar íbúðir. Kjallaraíbúðir og allar lélegar íbúðir skal skoða árlega — að jafnaði í desember til febrúar — en aðrar íbúðir 5. hvert ár, eða oftar eftir því sem þurfa þykir. Skal leiðrétta skrána eftir hverja skoðun. Heilbrigðisnefnd getur krafizt viðgerða á íbúðum, sem ábótavant er, og bannað þær, sem hún telur óhæfar til íbúðar að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara send skrifleg tilkynning um bannið til húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, miðað við 14. maí eða 1. okt. næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

## 35. gr.

Við hvert íbúðarhús skal vera vel afgirt, þrifalegt svæði, þar sem hafa má ungbörn.

## 36. gr.

Íbúðir í nýjum steinhúsum má ekki taka til notkunar, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda séu þær orðnar vel þurrar áður.

## 37. gr.

Skylt er hverjum íbúa að halda íbúð sinni hreinni og saggalausri eftir föngum.

## 38. gr.

Nú leigir húseigandi hús sitt án þess að búa þar einnig sjálfur, og skal hann þá í húsinu ætíð hafa umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd getur snúið sér til, ef þörf gerist.

## VI. KAFLI

## Um veggjalýs, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

## 39. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna borgarlækni tafarlaust, ef vart verður við veggjalús, mól, kakalaka eða önnur meindýr í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúðir í húsum, þar sem slíkra meindýra verður vart, fyrr en þeim hefur verið útrýmt og vottorð um það fengið hjá borgarlækni.

Enginn má flytja sig eða búföng sín úr þess háttar íbúð og í aðra íbúð, nema 11 ráðstafanir, er borgarlæknir metur gildar, séu gerðar til þess, að óþriffin berist ekki 20. jan. við flutninginn og fylgi þá sams konar vottorð um það.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum slíkum meindýrum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum borgarlæknis.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af borgarlækni, og er þá borgarlækni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað aðilja.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala eða öðrum, sem tekur notaðan fatnað, rúm-fatnað og þess háttar varning til sölu, að láta dauðhreinsa hann samkv. fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða borgarlæknis.

Rottu- og músagang í húsum eða á lóðum skal ætíð þegar í stað tilkynna borgarlækni, og gerir hann þá ráðstafanir til útrýmingar, eftir því sem föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur krafizt af húseigendum endurbóta á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

## VII. KAFLI

### Um iðjustöðvar og iðnaðar.

#### 40. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd með nákvæmri lýsingu á öllu fyrirkomulagi, og getur þá heilbrigðisnefnd ákveðið lagfæringar á því, ef hún telur það nauðsynlegt.

#### 41. gr.

Enginn má, án leyfis heilbrigðisnefndar, taka húsnæði til iðju eða iðnrekstrar. Öll slík starfsemi, bæði utan húss og innan, skal háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, ef hún getur, að dómi nefndarinnar, valdið óþrífnaði eða óhollustu, þar á meðal hávaða og titringi, eða spillt andrúmslofti umhverfisins.

#### 42. gr.

Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir hvers konar húsnæði, sem notað er til iðju og iðnaðar, og láta skoða allt, er að hollustuháttum lýtur, þegar henni þykir þurfa, og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

#### 43. gr.

Slíkar vinnustöðvar skulu þannig úr garði gerðar, að lífi, heilsu og limum verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustað sé tryggt öryggi.

Húsnæði, sem notað er í þessu skyni, má ekki vera lægra undir loft en 2.5 m og gólfhlötur aldrei minni en 3 m<sup>2</sup> á hvern verkamann. Þó skal loftrými aldrei minna en 10 m<sup>3</sup> á mann. Loftræsting skal vera nægileg og vélknúin, ef nauðsynlegt þykir. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og getur heilbrigðisnefnd bannað að hafa ábreiður á slíkum gólfum.

#### 44. gr.

Séð skal fyrir hentugri og nægilegri birtu handa hverjum einstökum starfsmanni, eftir því sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi, og nægilegum hita, eftir því sem við á um tegund vinnunnar.

#### 45. gr.

Í vinnustöðvum, þar sem rekin er atvinna, sem mikið ryk fylgir, skal vera sérstakur útbúnaður til að soga burtu rykið, enda getur heilbrigðisnefnd þá krafizt meira loftrýmis en ákveðið er í 43. gr. Auk þess getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað,

11 að starfsfólki sé séð fyrir sérstökum verjum gegn óvenju miklu eða skaðvænu ryki, 20. jan. eða hættulegum lofttegundum.

46. gr.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að starfsfólki sé séð fyrir fatageymslu í sérklefa, utan vinnurúms, eða í lokuðum skápum, og sérstakri upphitaðri matstofu.

47. gr.

Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum, og ekki má ætla eitt salerni fyrir fleiri en 20 manns. Þar sem að staðaldri vinna 5 konur eða fleiri, skal þeim ætlað sérstakt salerni, og fyrir hverjar 15 konur skal vera 1 salerni. Karlmönnum skulu ætlaðar sérstakar þvagskálar, ef þeir eru fleiri en 10.

Heilbrigðisnefnd ákveður tölu og gerð hrákailáta, þar sem ástæða þykir til.

48. gr.

Ræsting á vinnustöðvum innan húss skal fara fram daglega, utan vinnutíma, og skulu gólf þá jafnan þvegin, þar sem því verður við komið, en ekki sópuð.

49. gr.

Nú er leyfður rekstur á einhverri þeirri iðju eða starfsemi, sem ákvæði þessa kafla taka ekki að fullu til, og gefur þá heilbrigðisnefnd út í hvert skipti sérstök fyriræli um, hvað gera skuli til heilsuverndar.

50. gr.

Heilbrigðisnefnd skal og hafa eftirlit með vinnustöðvum utan húss eða í hálf-opnum húsum, svo sem fiskverkunarstöðvum, sildarverkunarstöðvum o. þ. h., og þarf leyfi hennar til að taka í notkun nýjar stöðvar af því tagi.

Skulu slíkar stöðvar þannig gerðar, að auðvelt sé að hreinsa þær, enda skal það gert daglega að loknu dagsverki.

Starfsfólk skal hafa sérstakan fataklefa, sem hægt er að hita, einnig sérstakt húsnæði, nægilega hlýtt, til að matast í, ef því er ætlað að matast á vinnustaðnum.

Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum eftir sömu reglum og getið er um í 47. gr.

## VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og sölubúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirællum í samþykkt þessari.

51. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í lesstofum og skrifstofum, sem ekki teljast til íbúða, svo og hvers konar húsnæði, sem notað er til afgreiðslu, verzlunar eða annarra þvilíkra starfa.

52. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota í því skyni, sem í 51. gr. segir, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m<sup>3</sup> loftrými.

Þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd ákveðið meira loftrými.

Loftræsting skal vera í góðu lagi og vélknúin, ef heilbrigðisnefnd telur þess þörf, svo sem í sölubúðum, þar sem verzlað er með ryksælar vörur, t. d. vefnaðarvörur.

## 53. gr.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en  $\frac{1}{8}$  gólfplatar. Þegar unnið er við annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomulag ljósa og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega birtu.

11

20. jan.

## 54. gr.

Gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru efni, sem telja má jafngilt til hreinlætis. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Þurrka skal iðulega af öllum húsgögnum, áhöldum, gluggatöttum, búðarhillum og öðru, sem ryk festir á, og hreinsa með ryksugu áklæði, vefnaðarvörustranga og því um líkt.

## 55. gr.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum samkv. 47. gr.

## IX. KAFLI

## Um geymslu söluvarnings.

## 56. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með geymslu á vörum, einkum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsum og kveðið á um meðferð vörunnar, eftir því sem þurfa þykir.

## 57. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar. Þær skulu þrífnaðar eftir þörfum, svo sem umgengni og notkun hæfir, og daglega, þar sem heilbrigðisnefnd mælir svo fyrir.

## 58. gr.

Nú verður vart einhverra lifandi óþrifa í slíkum geymslum eða vörum, og skal þá tafarlaust tilkynna það borgarlækni, sem gerir ráðstafanir til útrýmingar þeim, enda getur heilbrigðisnefnd bannað að nota húsnæðið, þangað til óþrifunum hefur verið eytt.

## X. KAFLI

## Um verbúðir, verkamannaskýli o. fl.

## 59. gr.

Í verbúðum, verkamannaskýlum og öðrum þess konar húsum skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og handlaugar. Loftrými, loftræsting og hiti skal vera nægilegur, og þrífnaðar gætt, eftir því sem framast er unnt. Heilbrigðisnefnd lítur eftir hreinlæti og hollustuháttum á slíkum stöðum.

## XI. KAFLI

## Um skóla og aðra kennslustaði.

## 60. gr.

Jafnan skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar á uppdráttum nýrra skólahúsa, áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Sama gildir um breytingu á þeim, enda hafi nefndin eftirlit með öllum skólum og kennslustöðum.

11  
20. jan.

61. gr.  
Heilbrigðisnefnd ákveður, hvaða skólar eða kennslustaðir skuli hafa skólalækni. Hann gefur heilbrigðisnefnd allar upplýsingar og skýrslur, eftir því sem hún óskar, og sér um, að fyrirmælum hennar og öðrum ákvæðum um hollustuháttu sé framfylgt.

62. gr.  
Enginn má halda einkaskóla, nema hann hafi til þess skriflegt leyfi lögreglustjóra.

Umsókn um kennsluleyfi ásamt tilskildum vottorðum um heilbrigði kennara og heimilismanna, ef kenna skal á heimili hans, skal senda borgarlækni, sem metur, hvort húsnæði og annar útbúnaður sé fullnægjandi. Leyfisbeiðni skal fylgja lýsing á húsnæði því, sem ætlað er til kennslunnar, með uppdrætti, ef þurfa þykir, sé ætlun aðilja að kenna fleiri nemendum en 10 í einu. Sbr. 9. gr. 5. mgr. berklavarnalaga nr. 66 1939. Slík leyfi skal endurnýja árlega.

63. gr.  
Kennslustofur skulu vera bjartar, og ljósflötur glugga á þeim skal vera a. m. k.  $\frac{1}{6}$  gólfflatar, enda viti gluggar ekki á móti norðri, og sé ekkert í nánd við þá, er geti dregið úr birtunni að öllum jafnaði. Gluggarúðum skal jafnan haldið vel hreinum. Eftir því sem föng eru á, skal sætum skipað þannig, að birtan komi á vinstri hönd og nái sem jafnast til allra. Í þeim kennslustundum, sem nota þarf gerviljós, skal ljósmagn á hverju skólaborði vera a. m. k. 60 Hefner-Lux, og skal ljósgjafa þannig fyrir komið, að ekki falli skuggar á borðin.

Kennslustofur skulu vera rúmgóðar, svo að eigi komi minni gólfhlötur en 1.3 m<sup>2</sup> á nemanda. Hæð undir loft skal ekki vera minni en 3 m. Um lofthæð kennslustofu, þar sem eru færri en 10 nemendur í einu, fer sem um íbúðarherbergi, þó þannig, að heilbrigðisnefnd sker úr um það hverju sinni, hversu marga nemendur megi hafa í einu.

Um leikfimiðhús fer eftir 193.—197. gr.

64. gr.  
Góð loftræsting skal vera í öllum kennslustofum og nægilega margir gluggar á hjörum. Jafnan skal loftræsta vel milli kennslustunda.

Nú tekur hver hópur við af öðrum í sömu kennslustofu, og skal þá nota að minnsta kosti 1 klukkustund til rækilegrar loftræstingar og annarrar nauðsynlegrar hreinsunar á milli þess, er skiptir um hópana.

Sjá skal hverri kennslustofu fyrir jöfnum og hæfilegum hita. Skal hitinn að jafnaði vera 18—19° C. Hitamælir skal vera í hverri kennslustofu á vegg og í svipaðri hæð og meðalhæð nemendanna.

65. gr.  
Gólf í kennslustofum skulu vera lögð gólfdukk eða einhverju því efni, er auðvelt sé að halda hreinu. Ef heilbrigðisnefnd veitir undanþágu frá þessu ákvæði um þær skólustofur, sem í notkun hafa verið áður en samþykkt þessi gengur í gildi, skulu slík gólf vera sprungu- og rifulaus og ávallt rækilega oliuborin.

66. gr.  
Skólaborð skulu vera vel slétt, sprungu- og rifulaus og að öðru leyti svo gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Hæð skólaborða og stóla skal, eftir því sem föng eru á, samsvara vexti nemendanna, og í barna- og unglíngaskólum skulu í hverri kennslustofu vera svo margar stærðir, sem þurfa þykir, að álitni skólalæknis.



## 67. gr.

11

Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega, utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggatóttir o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð þurr.

## 68. gr.

Fatageymsla skal vera utan kennslustofu. Þegar því verður við komið, skal ætla hverjum nemanda sérstakan bás fyrir fót sín. Annars kostar skal hver nemandi hafa sérstakan fatasnaga, og sé a. m. k. 25 cm bil á milli snaganna. Fatasnagar skulu vera í þeirri hæð, er samsvari sem bezt hæð nemendanna.

Gera skal sérstök hölf til geymslu á skóhlífum og útiskóm, ef unnt er.

## 69. gr.

Greiður skal aðgangur að drykkjarvatni, og mega drykkjarker ekki vera sameiginleg, ef ker þarf að nota, enda skal vatnshanaútbúnaður að jafnaði vera þannig, að ekki þurfi að snerta hann með munn, þótt drukkið sé beint úr honum.

## 70. gr.

Greiður aðgangur skal vera að vatnssalernum, og skulu þau ekki vera færri en svo, að salerni komi á hverja 30 pilta og eitt á hverjar 25 stúlkur, enda séu sér salerni fyrir þær og sérstakt þvaghús handa piltum, eitt þvagstæði handa hverjum 30. Skulu og vera nægilega margar þvottaskálar í sambandi við salernisklefana.

Þar sem mjög mannmargir skólar eru, má þó leyfa, að fleiri séu um hvert salerni en áður getur, þó aldrei fleiri en 40 nemendur.

Nú sækja færri en 20 nemendur skóla eða kennslustað, og ákveður þá heilbrigðisnefnd tilhögun í þessu efni hverju sinni.

## 71. gr.

Enginn nemandi, sem haldinn er alvarlegum, næmum sjúkdómi, óværu eða öðrum óþrifakvilla, má sækja skóla. Sama gildir um kennara og aðra starfsmenn skóla, eftir því sem við á.

Hafi lækni eða einhver annar ástæðu til að ætla, að nemandi, kennari, starfsmaður eða heimilismaður við skóla eða á kennslustað gangi með alvarlegan, næman sjúkdóm, eða sé haldinn óværu eða öðrum óþrifakvilla, ber honum að tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra (kennara eða húsráðanda), sem ber ábyrgð á, að viðkomandi láti lækni rannsaka sig þegar í stað.

Nú verður næms sjúkdóms vart hjá nemanda, kennara eða öðrum starfsmanni skóla, og skal þá skólastjóri, eða forstöðumaður einkaskóla, tafarlaust skýra borgarlækni frá því, og gerir hann ráðstafanir eftir þörfum til varnar gegn útbreiðslu sýkinnar og til lækningar hinum sjúka og heimilisfólki hans, ef þörf krefur.

Ef vart verður óværu eða óþrifakvilla hjá nemanda, skal skólastjóri, eða forstöðumaður einkaskóla, tilkynna það hjúkrunarkonu skólans, skólalækni eða heimilislækni, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir til útrýmingar á kvíllanum.

## 72. gr.

Í skólum, sem fleiri en 20 nemendur sækja samtímis og þeim kennt lengur en 2 stundir samfleytt, skal sjá nemendum fyrir nægilega stórum, vel girtum og þrifa-  
legum leikvelli.

## 73. gr.

Í heimavistar skóla skal vera sérstök matstofa, setustofa og lestrarstofa.

Um svefnherbergi nemendanna gilda yfirleitt sömu reglur og um venjuleg íbúðarherbergi. Skulu gólf lögð gólfduk eða öðru jafngildu efni. Loftrúm má ekki vera minna en svo, að 10 m<sup>3</sup> komi á hvern vistmann.

11 Skipt skal í rúmum að minnsta kosti vikulega, enda hafi vistmenn ekki sjaldnar 20. jan. nærfataskipti. Skulu þeir eiga aðgang að baði minnst einu sinni í viku.

74. gr.

Hver nemandi í heimavistarskóla skal hafa eigið handklæði, greiðu, þvottapoka eða svamp, tannbursta og þess háttar.

75. gr.

Skóla eða kennslustofur má ekki nota til annars en kennslu, nema að fenginni umsögn skólalæknis, enda sé þá fylgt fyrirmælum hans og kröfum um ræstingu eftir á.

## XII. KAFLI

### Um kirkjur og almenn samkomuhús.

76. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloftið haldist sem hreinast, enda setur heilbrigðisnefnd fyrirmæli um fullnægjandi loftræstingu, eftir því sem við á.

77. gr.

Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo sem henni þykir hæfa.

78. gr.

Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum, og séu salarni aðgreind fyrir konur og karla.

## XIII. KAFLI

### Um tilbúning, geymslu og dreifingu matvæla, annarra neyzluvara o. fl.

*Almenn ákvæði.*

79. gr.

Um þá, er starfrækslu hafa samkv. þessum kafla, gilda þessar almennu reglur:

1. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd starfsemina, áður en hún er hafin, enda þarf samþykki nefndarinnar fyrir fram um húsakynni og annað, er varðar hreinlæti og hollustuháttu. Slíkt samþykki þarf og til breytinga á húsakynnum, og ef taka skal að nýju í notkun húsakynni, sem notuð hafa verið í öðru skyni.
2. Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með framleiðslu, geymslu og dreifingu matvæla og annarra neyzluvara (samkv. skilgreiningu laga og annarra ákvæða), og gæta þess, að spilltar vörur séu ekki hafðar á boðstólum. Hún lætur framkvæma a. m. k. einu sinni á ári skoðun á öllum húsakynnum og athugun á öðrum atriðum, er hún telur máli skipta. Hún heldur spjaldskrá um alla aðilja.
3. Húsakynni skulu vera björt og hverjum starfsmanni séð fyrir nægilegri birtu. Þau skulu vera rúmgóð, með góðri loftræstingu, vélknúinni, ef heilbrigðisnefnd ákveður, og með lofthæð a. m. k. 2.5 m. Gólf veggir og loft skulu vera vel slétt, sprungulaus og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og laus við sveppi og önnur óhreinindi. Ekki má hafa ábreiður á gólfum. Um fjós fer eftir 80. gr. 1. tölulið.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að laggir séu ihvolfar og hurðir og listar sléttir. Húsakynninn mega ekki standa í beinu sambandi við annan atvinnurekstur né við íbúðarherbergi, salerni eða þvagstæði, um dyr eða glugga. Eigi má heldur nota íbúðarherbergi til geymslu á vörum eða starfstækjum, og eigi má svo til haga, að óhreinindi, þefur eða reykur geti auðveldlega borizt í íbúðarherbergi. Hundar, kettir eða önnur dýr mega ekki koma inn í húsakynninn. Þau skulu vera rottuheld og varin flugum, kakalökum og hvers konar meindýrum, svo og ryki eftir föngum.

4. Borð, hillur og skápar skulu vera slétt, sprungulaus og svo gerð, að auðvelt sé að verja þau ryki og halda þeim hreinum. Sama gildir og um vélar, laus áhöld og tæki, eftir því sem við á, enda séu þau óryðguð og óspillt af öðrum orsökum. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að þung, laus tæki séu á hjólum. Þau ein tæki og áhöld má geyma í framleiðsluhúsum, sem þar eru daglega notuð.
5. Starfsfólki skal tryggt nægilegt öryggi, sbr. 1. málsgrein 43. gr. Því skal séð fyrir nægilegum hita eftir tegund starfseminnar, sérstakri upphitaðri matstofu og klefa til fataskipta, þar sem heilbrigðisnefnd telur það nauðsynlegt, svo og sérstakri fatageymslu utan starfsrúms. Það skal hafa greiðan gang að vatnsalernum, ásamt handlaugum með rennandi vatni og nauðsynlegum og hreinum þrifnaðartækjum í sambandi við þau. Þvagstæði skulu vera, þar sem heilbrigðisnefnd telur þess þörf. Í matvinnslurúmi skal vera handlaug, sápa og hreint handklæði. Eigi má taka annað vatn til þvotta eða kælingar en það, er fullnægir kröfum um drykkjarvatn.
6. Húsakynni skal ræsta daglega, utan vinnutíma, og ávallt þvo, en aldrei sópa.
7. Starfsfólk skal gæta þrifnaðar og hreinlætis í hvívetna. Það skal í starfi sínu vera klætt hreinum hlífðarfötum, er eigi séu notuð til annars, og halda sér og klæðum sínum hreinum. Ætíð skal vandlega þvo hendur eftir notkun salerna eða þvagstæða. Enginn má sitja eða liggja á borðum þeim, sem notuð eru við tilbúning, geymslu eða afgreiðslu á matvælum. Vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skal ætíð afgreiða með spaða, skeið, gafli eða tóng, en aldrei snerta þær með berum höndum. Notaðan, velktan eða óhreinan pappír má aldrei nota til umbúða. Starfsfólk má aldrei í starfi sínu blása út pappirspoka né væta fingur í munnvatni sínu. Eigi má leggja peninga á þann hluta afgreiðsluborðs, sem umbúðalausar matvörur eru afgreiddar á, né láta þá snerta slíkar vörur.
8. Úrgangsilát með loki á hjörum skal vera á matvinnslu- og afgreiðslustöðum eða við þá. Skal það þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu, enda hreinsað daglega. Heilbrigðisnefnd ákveður meðferð á matvælum, sem dæmd eru óhæf til manneldis.

#### A. Um mjólk og mjólkurvörur.

##### a. Um framleiðslu mjólkur.

###### 80. gr.

Um fjós og fjósastörf, þar sem framleidd er mjólk til sölu, gilda þessar almennu reglur, samanber að öðru leyti reglugerð um mjólk og mjólkurvörur:

1. Fjósinn skulu vera björt, rúmgóð og loftgóð og þannig útbúin, að auðvelt sé að þrifa þau. Flórinn skal vera vatnsheldur. Safnþró og mykjuhúsum skal þannig frá gengið, að ekki berist þaðan óþefur í fjósið. Í fjósinu eða áfast við það skulu vera handhæg og þrifaleg þvottatæki. Salerni skulu ekki vera í beinu sambandi við fjósin.
2. Fjósinn skal þrifa eftir föngum. Skulu þau kólkuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári, þar sem því verður við komið, nema þau séu þvegin. Fjósinn skulu mokuð reglulega og kýrnar burstaðar og vel þrifnar. Fjósaverkum skal haga þannig,

11  
20. jan.

að sem minnst hætta sé á, að í mjólkina berist ryk eða önnur óhreinindi. Skal m. a. forðast að þyrlla upp ryki meðan á mjóltum stendur eða skömmu áður.

Við ræstingu kúa eða fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni (t. d. kreolín), að mjólkinn geti mengast af þeim. Fjósin skulu varin rottum, músum og eftir föngum flugum og öðrum skordýrum. Vatn, sem notað er í fjósum, skal vera hreint og ómengað. Ekki má nota fjós sem salerni. Í fjósum má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru til fjósaverka. Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal halda honum vel aðskildum frá kúnum, og alifuglum þannig, að ekki berist frá þeim ryk í fjósið.

3. Við mjaltir skal mjaltafólkið hafa hreinar, hvítar húfur á höfði og vera bert upp að olnboga. Skal það þvo sér vandlega um hendur og handleggi, áður en mjaltir hefjast, og síðan eftir þörfum, meðan á þeim stendur.

Þess skal vandlega gætt, að mjólkurilát séu vel hrein.

Áður en byrjað er að mjólka, skal hreinsa júgur kúna og kringum þau með hreinum, votum klút, og, ef þörf gerist, þvo júgrið úr volgu vatni og þerra vel á eftir. Mjólka skal með þurrum höndum eða nota viðurkennd jógursmyrslí. Mjaltavélar skal þrifa samkv. leiðarvísi vélanna. Fyrstu bunurnar úr hverjum spena má ekki setja saman við sölumjólkina, né væta með þeim spena né hendur.

Kýr með þrymla í júgri eða aðra sjúkdóma, og kýr, sem ekki mjólka óaðfínanlegri mjólk, skal mjólka síðast og í sérstök ílát, og má ekki blanda slíkri mjólk saman við aðra mjólk, enda sé slíkt tafarlaust tilkynnt borgarlækni og mjólkinn send til rannsóknar.

4. Strax eftir að mjólkað hefur verið, skal bera mjólkina úr fjósinu og kæla hana, eftir því sem föng eru á, í ísvatni eða rennandi köldu vatni, og skulu ílátin ekki vera þéttlokuð meðan á kælingunni stendur. Þess skal þó gætt, að mjólkinn frjósi ekki í ílátunum.
5. Á heimili, sem lætur af hendi mjólk, má enginn fást við fjósastörf eða við meðferð mjólkur, ef hann er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, eða ástæða er til að ætla að svo sé, né annast mjólkurmeðferð, ef hann hefur sjúkt eða óheilt hörund.

Nú kemur næmur sjúkdómur upp á heimili, sem selur mjólk, og skal þá tafarlaust tilkynna það borgarlækni, og ákveður hann, hvort halda megi áfram að selja mjólk þaðan, eða hverjar ráðstafanir skuli gerðar þar að lútandi.

6. Ef kýr veikist og ekki er grunlaust, að hún sé haldin smitandi sjúkdómi, svo sem berklum, miltisbrandi, garna- eða legbólgu, júgurbólgu, kálfburðarsótt, gin- og klaufaveiki eða öðrum slíkum sjúkdómi, sem spillt geti mjólkinni eða borizt með henni, skal tafarlaust tilkynna borgarlækni það, og má ekki selja mjólk frá heimilinu, nema hann heimili með ráði dýralæknis.

#### *b. Um mjólkurstöðvar og mjólkurbú.*

##### 81. gr.

Öll mjólk, sem mjólkurbú taka til sölu til manneldis, skal gerilsneydd á þann hátt, er heilbrigðisnefnd viðurkennir. Heilbrigðisnefnd getur þó leyft mjólkurbú í að annast dreifingu á ógerilsneyddri mjólk, enda sé framleiðsla og meðferð háð sérstökum skilyrðum og eftirliti, samkvæmt nánari fyrirráðum nefndarinnar, og sé með mjólkina farið að öllu leyti í sérstökum tækjum.

##### 82. gr.

Öll mjólk skal athuguð vandlega við móttöku og mjólk frá hverjum einstökum framleiðanda litprófuð eigi sjaldnar en einu sinni í viku með aðferð Orla Jensen eða annarri aðferð, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir.

Ekki má taka mjólk, sem er sýnilega óhrein eða óeðlileg að lit eða bragði til 11 gerilsneyðingar og neyzlu, né heldur mjólk, sem er eða grunur er um að sé í 3. eða 20. jan. 4. flokki samkvæmt litprófi (sbr. þó 93. gr.).

## 83. gr.

Nú þykir vist, eða grunur leikur á, að kýr séu sjúkar á einhverju því búi, sem lætur mjólk til mjólkurbús, eða smitandi sjúkdómur sé meðal heimilisfólks (sbr. 94. gr., 7. tölul.), og skal þá forstjóri mjólkurbúsins tafarlaust tilkynna það borgarlækni og eigi veita móttöku mjólk frá slíku heimili, nema hann leyfi, að ráði dýralæknis, ef um húsdýrasjúkdóm er að ræða.

## 84. gr.

Forstjórar mjólkurbúa skulu ganga ríkt eftir, að allar kýr og fjós framleiðenda á þeirra svæði séu skoðaðar af dýralækni, að minnsta kosti einu sinni á ári. Skulu þeir krefja framleiðendur um vottorð dýralæknis því til sönnunar og hafa þau jafnan til taks til að sýna borgarlækni.

## 85. gr.

Enginn má starfa í mjólkurstöðvum eða mjólkurbúum, nema hann hafi læknisvottorð, sem sanni, að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla. Skal vottorð þetta ekki eldra en mánaðargamalt, þegar hann tekur til starfa og ber að endurnýja það á ársfresti, en á þriggja mánaða fresti, ef mjólk er látin af hendi ógerilsneydd.

Tilkynna skal borgarlækni, ef upp kemur næmur eða grunsamlegur sjúkdómur meðal starfsfólks í mjólkurbúum eða mjólkurstöðvum. Starfsfólk, sem hefur kvef, hálsbólgu, sóthita eða niðurgang, þótt sóttitalaust sé, skal þegar í stað hætta vinnu og á ekki afturkvæmt, fyrr en það leggur fram læknisvottorð um, að af því stafi engin smithætta.

Starfsfólk skal við vinnu sína vera í hvíttri, hreinni yfirhöfn með hvíta húfu á höfði, er hylji hárið að fullu, og vera bert upp að olnboga, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað.

## 86. gr.

Gólf í húsnæði mjólkurstöðva og mjólkurbúa skulu vatnsheld og lögð flisum eða öðru jafngildu efni, enda sé þeim jafnan haldið rökum.

## 87. gr.

Mjólk, sem ætluð er til sölu, má aðeins gerilsneyða einu sinni.

## 88. gr.

Þegar að lokinni gerilsneyðingu skal kæla mjólkina niður í 1—6° C og halda henni á því hitastigi, þangað til hún er send í mjólkurbúðir eða beint til neytenda. Sama gildir um rjóma.

## 89. gr.

Að lokinni gerilsneyðingu skal mjólk sú, er ætluð er til sölu í mjólkurbúum, látin í flöskur, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað (sbr. 100. gr.). Flöskunum skal tryggilega lokað og mjólkinn afhent í þeim óopnuðum. Sama er um ógerilsneydda mjólk (sbr. 81. gr.) og um rjóma, ef heilbrigðisnefnd kveður svo á.

Auðkenni skulu vera á flöskum og öðrum mjólkur- og rjómallátum, er sýna, hvort varan sé gerilsneydd eða ógerilsneydd. Á hverju flöskuloki skal jafnan standa heiti gerilsneyðingardags, og má ekki selja mjólkina eða rjómann seinna en næsta dag á eftir.

11

20. jan.

90. gr.

Öllum ílátum og tækjum, er mjólkinn eða rjóminn snertir, skal ávallt haldið vandlega hreinum. Flöskur skulu vera úr litlausu gleri, eða því sem næst, og sléttar að innan, nema heilbrigðisnefnd leyfi öðruvísi ílát. Ekki má nota sprungnar flöskur, eða flöskur með óþéttri lokun. Þvottur ílátanna skal vandlega rannsakaður öðru hverju.

Ekki má nota tréílát til geymslu eða flutnings á mjólk eða rjóma, né heldur ílát úr efnum, sem geta mengað mjólkina, svo sem óhúðuðum kopar og járn, öðru en ryðfríu stáli. Við flutning mjólkur og mjólkurvöru skal það af flutningstækjunum, sem að ílátunum snýr, vera vel hreint, enda séu flutningatækin lokuð eða með hreinum og heilum yfirbreiðslum. Ekki má flytja lyktarsterk efni með ílátunum, og ekki má sterk sól, ryk eða önnur óhreinindi komast að þeim.

*c. Um gæði mjólkur og mjólkurvara.*

91. gr.

Enginn má selja mjólk, nema heilbrigðisnefnd leyfi.

92. gr.

1. Vara seld undir nafninu mjólk eða nýmjólk, án frekari skýringa, skal vera ný kúamjólk, ómenguð, óhituð, og eins og hún er frá náttúrunnar hendi, og skal fitumagn hennar vera a. m. k. 3.5%, en má þó lækka niður í 3.15% á tímabilinu 1. des. til 15. maí. Eðlisþyngd hennar 15° C heitrar, skal vera 1.028—1.034.
  2. Gerilsneydd mjólk er nýmjólk, sem verið hefur gerilsneydd innan þess tíma og eftir þeim reglum, sem heilbrigðisstjórn hefur viðurkennt.
  3. Rjómi, seldur án frekari skýringa, skal hafa minnst 30% mjólkurfitu og sé unninn úr nýmjólk, með því að láta hana setjast til eða skilja hana í þar til gerðum tækjum. Gerilsneyddur rjómi er rjómi, sem hefur verið gerilsneyddur samkv. 2. tölulið, enda sé Storchs-prófun neikvæð. Ef rjómi með minna fitumagn er hafður á boðstólum, skal hann sérstaklega auðkenndur og lágmarksfitumagn hans greint.
  4. Undanrenna er mjólk, sem rjómi hefur verið skilinn frá. Áfir eru sá hluti rjómans, sem eftir verður, þegar úr honum hefur verið gert smjör. Mjólkurþurrefni þeirra skal vera a. m. k. 8%.
  5. Niðursoðin mjólk er nýmjólk, sem nokkur hluti vatnsins hefur verið soðinn úr, og skal hún hafa að minnsta kosti 7% mjólkurfitu og að minnsta kosti 17.5% mjólkurþurrefni. Ef sykri (saccharose) er bætt í mjólkina, skal þess sérstaklega getið, og jafnan skal geta þess á umbúðum, hversu miklu af venjulegri mjólk hin niðursoðna mjólk samsvari. Niðursoðin mjólk skal vera vel jöfnuð (homogeniseruð).
  6. Sýrð mjólk er gerilsneydd nýmjólk, sem eftir á hefur verið sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum.
  7. Smjör er unnið úr rjóma, og má ekki vera í því söltuðu meira en 16% af vatni og 18% í ósöltuðu.
  8. Nýtt skyr er mjólk hleypt með sérstakri aðferð (hleypi og þar til ætluðum mjólkursýrugerlum), er mysan hefur verið síuð frá. Skulu þurrefni vera að minnsta kosti 16%.
- Sykrið skal vera jafnt og kekkjalaust.
9. Mjólkurosta má ekki hafa á boðstólum, nema tekið sé fram um tegund og fitumagn.
  10. Vörur þær, er í þessari grein segir, mega hvorki hafa annarlegt bragð né annarlega lykt.

## 93. gr.

11

Öll mjólk, sem ætluð er til manneldis, skal vera gerilsneydd, sbr. þó 81. og 103. gr. 20. jan.

Mjólk, sem á að gerilsneyða, skal vera í 1. eða 2. flokki eftir litprófun (Orla Jensen) og að jafnaði ekki eldri en 24 klst. og aldrei eldri en 36 klst. Þó getur heilbrigðisnefnd leyft að nota eldri mjólk eða mjólk, sem er í 3. flokki, ef sýnt þykir, að ekki fáiast að öðrum kosti nægileg mjólk.

## 94. gr.

Ekki má selja:

1. Ógerilsneydda mjólk (sbr. 81. og 103. gr.), sem er eldri en 18 klst., né heldur gerilsneydda mjólk, ef liðnar eru meira en 36 klst. frá gerilsneyðingu, eða mjólk, sem hefur verið gerilsneydd oftari en einu sinni.
2. Mjólk, sem er óeðlileg að útliti, bragði eða lykt (súrlykt o. s. frv.).
3. Mjólk úr kúm fyrstu 5 daga eftir burð, nema sem sérstaklega merkt „broddmjólk“, eða úr kúm, sem eru að verða geldar og eiga það skammt til burðar, að mjólkinn hafi fengið annarlega eiginleika eða bragð.
4. Mjólk, sem er sýnilega óhrein. En mjólk telst óhæf til manneldis, vegna óhreininda, ef í henni sést botnfall.
5. Mjólk, sem í hafa fundizt hættulegir sýklar, gröftur eða önnur slík einkenni.
6. Mjólk úr kúm, sem eru haldnar eða grunaðar um að vera haldnar sjúkdómum, sem geta spillt mjólkinni eða borizt með henni og sýkt neytendur, svo sem berklum, miltisbrandi, garnabólgu, gin- og klaufaveiki, kálfburðarsótt. Sama gildir, ef notuð hafa verið við þær lyf eða fódurefni, sem berast í mjólkinni og geta spillt henni.
7. Mjólk frá heimili, ef þar fæst við fjósastörf eða meðferð mjólkur nokkur sá, sem hefur eða ástæða er til að ætla að hafi smitandi sjúkdóm, svo sem berklaveiki, holdsveiki, taugaveiki, hálsbólgu, niðurgang, eða sé með óheilt eða sjúkt hörund.
8. Mjólk, sem rannsókn hefur sýnt, að sé verulega skemmd, svikin (svo sem blönduð vatni, undanrennu eða rjómi verið úr henni tekinn) eða getur á einhvern hátt verið skaðleg heilbrigði manna, ef hennar er neytt á venjulegan hátt.
9. Gerilsneydda mjólk, ef í tveim rannsóknum af fimm úr sama sýnishorni eru saurgerlar í 0.1 cm<sup>3</sup>, eða eru finnanlegir í 0.01 cm<sup>3</sup>, eða ef gerlafjöldi hennar er meiri en 100 000 í cm<sup>3</sup>. Heilbrigðisnefnd getur þó gert strangari kröfur.
10. Mjólk, sem hleypur, þegar hún er flóuð eða blönduð að jöfnu rúmmáli með 68% æthylalkoholi.
11. Rjóma, ef sýrustig er yfir S-H 7, eða ef Storchs-prófun er jákvæð á rjóma, sem talinn er gerilsneyddur.
12. Ákvæði þessarar greinar taka og til rjóma, smjörs og skyrs, eftir því sem við á, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

*d. Um mjólkurbúðir.*

## 95. gr.

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd telur þar til hæfar. Þó má nefndin leyfa sölu á mjólk beint frá framleiðendum til neytenda (sbr. 103. gr.). Einnig er heimil sala á mjólk og mjólkurvörum á matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Eigi má selja þessar vörur á götum úti, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

## 96. gr.

Húsakynni skulu vera svöl og hrein og varin sterku sólskini eftir föngum. Gólf skulu vera samkvæmt 131. gr. Veggir skulu a. m. k. 1.6 m frá gólfi vera

11 lagðir flisum eða öðru efni, sem heilbrigðisnefnd tekur gilt. Veggir þar fyrir ofan, 20. jan. loft, hurðir og gluggar skulu vera olíumáluð hvítum lit.

Inngangur skal vera í búðina beint af götu. Búðargólf skal vera slétt og hvergi lægra en götuhæðin við dyrnar.

97. gr.

Í mjólkurbúðum skal geymslu hagað þannig, að mjólk, rjómi og skyr geti aldrei hitnað meira en 12° C. Þó getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að þessum vörum sé haldið á lægra hitastigi, og í því skyni ákveðið sérstakan kæliútbúnað, ef hún telur ástæðu til og föng eru á.

Umbúnaður mjólkur og mjólkurvara í flutningi frá dreifingar- og gerilsneyðingarstöð til mjólkurbúða skal vera á þann veg, að unnt sé að gæta fyllsta þrifnaðar, þ. á m. að yfirbreiðslur séu jafnan hafðar. Heilbrigðisnefnd getur þó ákveðið, að vörur þessar skuli flytja í lokuðum, yfirbyggðum ökutækjum.

98. gr.

Afgreiðsluborð skulu vera lögð gleri eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilt til hreinlætis. Ekki má geyma mjólk eða aðrar vörur á afgreiðsluborðum.

99. gr.

Í mjólkurbúðum má aðeins selja gerilsneydda mjólk. Þó getur heilbrigðisnefnd leyft sölu á ógerilsneyddri mjólk, sbr. 81. gr., í einstökum mjólkurbúðum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá eftir sérstökum fyrirmælum.

100. gr.

Mjólk má eingöngu selja í lokuðum flöskum, fylltum á gerilsneyðingarstöð, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað.

Ef leyfð er sala á mjólk eða rjóma í lausu máli, getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að mjólkinn og rjóminn sé geymdur í lokuðu íláti, af þeirri gerð, sem nefndin tekur gilda. Skal það ekki opnað, nema til hreinsunar og fyllingar.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að skyr sé geymt í lokuðum ílátum, er séu aðeins opin, þegar í þau er látið eða úr þeim tekið.

Mælitæki skulu geymd í lokuðum skáp og þannig útbúin, að hendur afgreiðslufólks snerti þau aldrei að innanverðu. Skulu þau vera til skipta og hreinsuð nægilega oft með sjóðandi vatni.

101. gr.

Í mjólkurbúðum má aðeins selja mjólk, mjólkurafurðir og brauð. Heilbrigðisnefnd getur þó rýmkað þessi ákvæði, þar sem mjólk er eingöngu seld í lokuðum flöskum.

Í mjólkurbúðum má þó ekki selja mjólkurvörur, sem megn lykt er af, svo sem sumar ostategundir.

Ekki má neyta varanna í búðinni.

102. gr.

Um starfsfólk og hollustuháttu fer svo sem í 85. gr. segir.

*e. Um sölu mjólkur beint til neytenda.*

103. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft, að mjólk sé seld frá framleiðendum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eða annars staðar í nágrenninu beint til neytenda, enda fullnægi framleiðandi öllum skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari um fjós, mjaltir, þrifnað og heilbrigði starfsfólks og gripa.



## 104. gr.

Kýr á búum slíkra framleiðenda skulu athugaðar mánaðarlega af dýralækni, og skal hann jafnskjótt gefa borgarlækni skýrslu um skoðanirnar, enda skal dýralæknir skrásetja allar kýr á slíkum búum, með nöfnum, ef unnt er, en annars með tölum, svo að hægara sé að fylgjast með heilsu þeirra.

Um starfsfólk gilda ákvæði 85. gr., eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefnd skal jafnan fylgjast með gæðum mjólkur, hreinlæti og öðru því, er að hollustuháttum lýtur.

*f. Um framleiðslu og sölu á rjómaís eða öðru isfrouði, með eða án bragðbætandi efna.*

## 105. gr.

Allt isfrouð, sem selt er í stórum skömmtum eða smáum til neyzlu, skal vera rjómaís með að minnsta kosti 15% fitu.

## 106. gr.

Rjómi eða mjólk, sem í isfrouð er notuð, skal vera gerilsneydd samkv. 92. gr., 2. tölul., og skal til frystingar einungis nota hreint salt og hreinan ís, gerðan úr venjulegu drykkjarvatni. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að rjómaísblandan skuli gerilsneydd, áður en hún er fryst.

## 107. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru við framleiðsluna, skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum samkv. almennum reglum um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

## 108. gr.

Húsakynni framleiðslunnar fullnægi sömu reglum og vísað er til í 107. gr.

## 109. gr.

Um heilbrigði og klæðaburð starfsfólks fer eftir 85. gr.

## 110. gr.

Sala á rjómaís og öðru isfrouði skal aðeins leyfð frá mjólkur- og brauðbúðum. Á viðurkenndum veitingastöðum má þó einnig selja slíkt til neyzlu þar á staðnum. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum og með þeim skilyrðum, er henni þykir hlýða.

## 111. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður hverju sinni, hvort viðunandi skilyrði séu fyrir hendi til framleiðslu og sölu ofangreindrar vöru. Skal hún meðal annars miða við gerlamagn vörunnar, sem eigi má vera meira en segir um mjólk í 94. gr., 9. tölul.

## B. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

## 112. gr.

Lofthæð brauðgerðarhúsa skal vera a. m. k. 3 m. Ljósflötur glugga sé a. m. k.  $\frac{1}{10}$  gólfplatlar. Aldrei má gólfplötur minni vera en 4 m<sup>2</sup> á hvern starfsmann.

## 113. gr.

Vöru- og geymsluklefar skulu vera bjartir, loftgóðir og rakalausir.

11

20. jan.

Um gólfhæð gilda ákvæði 96. gr.

Gólf skal vera vatnshelt, lagt flisum eða gert úr öðru vatnsheldu efni, er heilbrigðisnefnd telur það nauðsynlegt. Vatnsrenna skal vera niður úr gólfinu, ef heilbrigðisnefnd telur það nauðsynlegt. Veggir skulu glerjaðir, eða á annan hátt þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Vinnuborð skulu vera laus frá vegg, færanleg og skúffulaus. Stór trog og önnur stór ílát skulu vera á hjólum.

Um varnir gegn ryki fer eftir 45. gr.

114. gr.

Ytri flötur bókunarofns skal vera sem sléttastur og að öðru leyti þannig útbúinn, að ekki safnist fyrir í honum ryk né önnur óhreinindi, enda skal auðvelt að þrifa hann. Ekki má kynda bókunarofn úr vinnustofu né nota hann til annars en bókunar.

115. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Í vinnustofum er öll tóbaksneyzla óheimil.

116. gr.

Ákvæði 85. gr. taka til brauðgerðarhúsa og brauðbúða.

117. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu, og gólfhæðin svo sem í 96. gr. segir.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðalausar vörur, nema í lokuðum skápum. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappír eða öðrum þvilikum umbúðum. Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum. Hillur, skápar og borð skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu hillur vera minnst 1 cm frá vegg.

118. gr.

Ekki má neyta vöru, sem seld er í brauðbúð, þar inni, nema húsnaði og annar útbúnaður sé til þess gerður, enda komi þá sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til.

119. gr.

Brauðgerðir og brauðbúðir skulu flytja brauðvörur í lokuðum, rykheldum ílátum, sem alltaf sé haldið hreinum, enda skulu flutningatækin samþykkt af heilbrigðisnefnd og háð eftirliti hennar.

120. gr.

Sala á heimabökuðum brauðvörum má því aðeins eiga sér stað, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess, og fyrirmælum hennar sé hlýtt um húsakynni, þrífnað og annað, er hún telur máli skipta.

121. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni.

122. gr.

## C. Um meðferð og sölu kjötvöru.

11

## a. Um sláturhús, frystihús, kjötskoðun o. fl.

20. jan.

## 123. gr.

Enginn má slátra skepnum til sölu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til, og sé fullnægt skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir, eða heilbrigðisnefnd kann að setja síðar.

## 124. gr.

Sláturhús má ekki reisa nær íbúðarhúsi en 50 m. Sama gildir um stíur, réttir eða gripaport. Heilbrigðisnefnd getur sett ákvæði um fjarlægð sláturhúsa o. s. frv. frá öðrum húsum eða vinnustöðvum.

## 125. gr.

Gólf sláturhúsa skulu steinsteypt með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfíð að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Skal kölkunin endurnýjuð a. m. k. einu sinni á ári fyrir aðalsláturtíð að hausti.

## 126. gr.

Sláturhús skal hólfa að minnsta kosti í fernt. Í einu hólfinu sé sérstakur klefi, þar sem skepnur eru deyddar. Í öðru hólfi séu skepnur gerðar til, flegnar og kjötið þvegið, en í þriðja klefanum skulu skrokkarnir hengdir upp til skoðunar og kælingar, og skal þar lögð sérstök áherzla á góða loftræstingu. Í fjórða lagi skal vera sérstakur innyflaklefi, þar sem hleypt er úr vömbum og önnur þess háttar sláturstörf unnin. Undir honum eða hið næsta honum skal vera vatnshelt gorilát eða gorgryfja og op á milli með hlera. Gorgryfjan sé að öllu gerð eins og fyrir er mælt um safngryfjur. Þó má veita öllum slíkum úrgangi beint til sjávar eftir sérstökum pípum, enda samþykki heilbrigðisnefnd allan útbúnað.

## 127. gr.

Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið og að minnsta kosti einn vatnshani í hverjum klefa.

## 128. gr.

Í stíum, réttum eða portum, þar sem sláturgripir eru geymdir, skal flórinn steinsteyptur.

Um peningshús í sambandi við sláturhús fer eftir ákvæðum um peningshús.

## 129. gr.

Sláturhús og umhverfi þeirra skal jafnan vel þrifið.

Gólf skal skola hrein á hverjum degi, þegar slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorilát eða gorgryfjur skal tæma, jafnóðum og þær fyllast.

Réttir, stíur og port skal hreinsa daglega, ef skepnur hafa verið í þeim. Sulli skal þegar láta í sérstakt ílát og grafa þá í jörð niður minnst 1 m eða brenna, enda skal þess stranglega gætt, að hundar geti ekki náð í þá.

Slátrarar og annað starfsfólk skal vera hreinlega til fara og að jafnaði hafa hera handleggi upp að olnboga.

Um heilbrigðiskröfur til þeirra, er starfa að slátrun og meðferð sláturafurða, fer eftir 85. gr.

## 130. gr.

Slátrun á skepnum til sölu má aðeins fara fram í sláturhúsum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, enda komi samþykki heilbrigðisnefndar til.

Ekki má selja kjöt til manneldis, nema það hafi áður verið skoðað á sam-

11 þykktarsvæðinu af dýralækni og merkt samkv. ákvæðum um kjötskoðun. Sérstakan 20. jan. gaum skal gefa svínakjöti vegna hárorra (trikína).

Við hvers konar flutning á kjöti og sviðum má eingöngu nota vel hrein og lokuð flutningstæki eða með heilum og hreinum yfirbreiðslum. Annan sláturmat skal flytja í hreinum og luktum ílátum.

Með kjöti og öðrum sláturmat má ekki flytja lyktarsterk efni, og ekki má sterk sól, ryk eða önnur óhreinindi komast að matvæluum.

Enginn má hafa til neyzlu kjöt eða slátur af sjálfdauðum skepnum, eða skepnum, sem lógað hefur verið vegna sjúkleika, nema dýralæknir dæmi það ósaknæmt. Skepnu með næman eða grunsamlegan sjúkdóm, skrokk hennar eða afurðir, má ekki flytja inn í sláturhús, stíur, réttir eða gripaport, nema með leyfi dýralæknis.

### 131. gr.

Húsakynni, þar sem vinnsla matvæla úr kjöti eða sláturafurðum fer fram, skulu vera með sérstakri loftræstingu, auk glugga á hjörum. Gólf skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru efni, sem heilbrigðisnefnd telur jafngilt. Rás skal vera úr gólfinu niður í skólpræsi. Heilbrigðisnefnd getur leyft, að notað sé á gólf hreinlegt efni til varnar slysaættu. Veggir skulu lagðir flisum eða glerjaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað. Flisar eða glerjun skal ná a. m. k. 1.8 m frá gólfi. Að öðru leyti skulu loft og veggir ljósmálaðir.

### 132. gr.

Krókar eða stengur, sem ætlaðar eru til að hengja kjöt á, skulu vera úr gljáðu aluminium eða öðru jafnhreinlegu efni og ekki nær vegg en svo, að kjöt það, sem þar hangir, snerti ekki veggina. Þar sem ekki eru sérstakar vélar til kjötskurðar eða høggs, skulu fjalhöggs vera úr hörðum viði.

Kjöt skal jafnan haft á hreinum hillum, borðum eða grindum, en aldrei á gólfum.

### 133. gr.

Frystihús skulu útbúin með frystivélum, sem hafa hæfilega kæliorku miðað við einangrun og stærð húsanna, og sé frostmagn þeirra nægilegt til að frysta kjötið á hæfilegum tíma og til að halda hitastigi í geymsluklefum a. m. k.  $\div 10^{\circ}$  C.

Til ísframleiðslu má eingöngu nota drykkjarvatn.

Hverju frystihúsi skal skipt a. m. k. í þrennt, sem sé forkælirúm, þar sem kjötið sé kælt undir frystingu, frystiklefa, einn eða fleiri, og geymslurúm, þar sem kjötið er geymt, þangað til það á að flytja burt.

Klefar skulu vera múrhúðaðir og rakavarðir. Veggir, gólf og loft skulu vera vel einangruð, og dyraumbúnaður þéttur og öruggur. Úr klefa má ekki vera rás niður í skólpræsi. Hitunar- og ljósaútbúnaði í húsunum skal þannig fyrir komið, að hann valdi sem minnstum áhrifum á hitastig í þeim. Hreinar og færanlegar grindur skulu vera í frystiklefum, til að leggja vörurnar á, enda má aldrei leggja þær á gólf. Ekki má geyma saltaðar vörur í frystiklefa.

### 134. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett reglur um reykingu kjöts, varðandi hollustuháttu.

#### *b. Um kjötsölu og kjötbúðir.*

### 135. gr.

Kjötbúðir skulu þannig gerðar:

1. Ljósflötur glugga má ekki vera minni en  $\frac{1}{10}$  gólfflatar, sem aldrei skal vera minni en 15 m<sup>2</sup>. Loftræsting skal vera samkv. 131. gr.

2. Um inngang í búðina fer sem í 96. gr. segir.
3. Um gólf, loft og veggj fer samkv. 131. gr.
4. Um hillur og skápa fer samkv. 118. gr.
5. Búðarborð skulu þannig gerð, að botn þeirra sé minnst 15 cm frá gólfi. Þau skulu lögð gleri, marmara eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilt. Ekki má geyma umbúðalausar vörur á afgreiðsluborði, nema á fremri brún búðarborðsins sé nægilega há brík úr gleri eða öðru efni til varnar því, að kaupendur snerti matvælin eða andi á þau.
6. Um króka, stengur og önnur tæki, svo og meðferð kjöts, fer eftir 132. gr.
7. Kjötbúðir skulu vera óupphitaðar.

11

20. jan.

136. gr.

Vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skulu geymdar í glerskáp.

137. gr.

Hverri kjötbúð skal fylgja nægilega stór geymsluklefi með vatnsleiðslu, kæliklefi og kælikápur. Geymsluklefinn skal gerður líkt og sölubúðin, að öðru en því, að veggir þurfa ekki að vera lagðir flisum.

Úr kæli Rúmi má ekki vera rás niður í skólpræsi.

138. gr.

Ákvæði 85. greinar taka einnig til kjötbúða.

139. gr.

Í kjötbúðum má og selja nýjan og reyktan lax og silung, síld, salta, kryddaða eða reykt, fiskfars, alls konar niðursuðuvörur, feitmeti, álag, osta, egg og harðfisk, samkv. 147. gr. 6. tölul., kartöflur, rófur og grænmeti alls konar, svo og aðrar matvörur, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Jafnan sé þess vandlega gætt, að vörurnar snerti ekki aðrar óvarðar vörur.

#### D. Um meðferð og sölu fisks.

140. gr.

Aldrei má selja til manneldis fisk, sem er óslægður, óhreinn, skemmdur eða á annan hátt óhæfur til neyzlu.

Aldrei má selja fisk, ef hann hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því hann veiddist.

Þó er leyft að selja óslægðar þær fisktegundir, sem venju samkvæmt eru seldar þannig, svo sem hrognkelsi.

141. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett fyrir mæli um þrifnað og heilbrigðisháttu við lýsisvinnslu, tilbúning fiskimjöls, niðursuðu fisks og fiskmetis og við hvers konar fiskiðju.

142. gr.

Um fiskverkunarhús fer sem hér segir:

Gólf skulu vera steinsteypt með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Skal kölkunin endurnýjuð minnst einu sinni á ári.

Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið og í hverju herbergi.

143. gr.

Gólf, ker, trog og önnur ilát skal skola hrein á hverjum degi, svo oft sem þurfa þykir.

## 144. gr.

Prifa skal vel fiskverkunarhús og umhverfi þeirra.

## 145. gr.

Þar sem fiskfars, fiskbollur og þess háttar fiskmeti er framleitt til almennrar sölu, skulu húsakynni vera samkv. 131. gr., eftir því sem við á.

## 146. gr.

Um flutning á fiski til vinnslu og sölustaða fer sem hér segir:

1. Gæta skal fyllsta hreinlætis, enda má aldrei leggja fisk á götu eða gangstéttir, eða á bryggjur, nema breitt sé undir hann.
2. Fisk, sem fluttur er landveg til bæjarins, má ekki selja til manneldis, nema hann sé fluttur slægður og í kössum, sem taka mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal það þá í heilu lagi. Fiskinn skal verja með yfirbreiðslu.
3. Kassar, sem hafðir eru til flutnings fisks um bæinn til neytenda, skulu auðkenndir með nafni eða merki seljanda. Um gerð þeirra fer eftir ákvörðun heilbrigðisnefndar.
4. Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um sölu frosins fisks, eftir tillögum heilbrigðisnefndar.

## 147. gr.

Um fiskbúðir fer sem hér segir:

1. Ljósflötur glugga má ekki vera minni en  $\frac{1}{10}$  gólfplatar. Þar skal vera vatnsleiðsla og sérstök loftræsting, auk glugga á hjörum. Um gólf, vegg og loft fer samkvæmt 131. gr.
2. Búðarborð skulu vera skúffulaus og þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa undir þeim. Á þeim skulu vera plötur úr ryðfríu stáli eða öðru efni, sem heilbrigðisnefnd telur jafngilt til hreinlætis.
3. Í búð eða geymsluklefa (sbr. 5. tölul.) skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvotta.
4. Fiskur, sem hafður er til daglegrar sölu, skal vera í trogum eða kössum, og ákveður heilbrigðisnefnd gerð þeirra. Aldrei má leggja fisk á gólf.
5. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að sölubúð fylgi geymsluklefi. Gólf og loftræsting hans skal fullnægja sömu hreinlætisskilyrðum og búðin.
6. Í fiskbúðum má og selja niðursuðuvörur, sjófugla, hval, sel og harðfisk, sem ávallt skal geymdur og afgreiddur í sérstökum umbúðum.

## 148. gr.

Um útisölu fisks gilda þessi ákvæði:

1. Fisksali má aðeins selja fisk á þeim stað, er bæjarráð hefur úthlutað honum. Skulu fisksöluleyfi þessi veitt til eins árs í senn.
2. Fiskurinn skal seldur úr hreinlegum, máluðum vögnum eða ilátum, sem auðvelt er að halda hreinum. Vagnar fisksala skulu vera grænmálaðir utan, en ljósmálaðir innan, og sé nafn sölumanns eða merki utan á hverjum vagni. Hverjum vagni skal fylgja fata með loki undir slóg og annan úrgang.
3. Hreinsa skal sölustað vandlega á degi hverjum að lokinni sölu.

## 149. gr.

Starfsfólk, er vinnur að fiskvinnslu til matar eða fisksölu, skal hafa hreinlega, hvíta hlífðaryfirhöfn. Um heilbrigði þess og þrifnaðarháttu fer að öðru leyti eftir 85. gr.

**E. Um nýlenduvörubúðir.**

150. gr.

Um nýlenduvörubúðir gilda ákvæði 135. gr. 1., 2. og 4. tölul.

Loft og veggir skulu ljósmálaðir og gólf lögð dúk eða öðru efni, sem heilbrigðisnefnd tekur gilt.

Búðarborð skulu þannig gerð, að allar hliðar þeirra séu fastar við gólfið, og neðri flötur hillu aldrei minna en 15 cm frá gólfi. Þau skulu lögð hörðu og hreinlegu efni, er fullnægir kröfum heilbrigðisnefndar.

Hverri nýlenduvörubúð skal fylgja hæfileg geymsla, og skal gera sömu heilbrigðiskröfur til hennar og búðarinnar, eftir því sem við á.

151. gr.

Kornvörur, kex, sykur og aðrar neyzlúvörur, sem eru vegnar eða mældar jafn-  
óðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum. enda standi þau aldrei opin, nema þegar í þau er látið eða úr þeim tekið til afgreiðslu. Skal ætíð afgreiða slíkar vörur með skóflum, skeiðum, spöðum, tångum eða því líkum tækjum, en aldrei taka á þeim með berum höndum, nema þær séu í umbúðum. Skal og ætíð þannig um húið, að kaupendur geti ekki handleikið vörurnar, áður en þær eru afgreiddar.

Smjör, smjörliki og ost skal geyma í lokuðum glerskápum. Smjör og smjörliki skal ávallt selt í sérstökum umbúðum.

152. gr.

Í nýlenduvörubúðum má selja kjöt- eða fiskmeti aðeins niðursoðið og harðfisk samkv. 147. gr. 6. tölul.

153. gr.

Steinolíu eða aðrar óþrifalegar og daunillar vörur, má ekki selja í nýlenduvörubúðum. Sápu og annað þvottaefni má aðeins selja í sérumbúðum.

Þó getur heilbrigðisnefnd leyft sölu á slíkum vörum í herbergi, sem er í sambandi við húðina, ef tryggilega er um húið.

**XIV. KAFLI****Um peningshús og áburðargryfjur, búpening, alifugla, hunda o. fl.**

154. gr.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til búpeningshalds, alifugla- og loðýraræktar, nema í sambandi við búskap á lögbýli eða rekin í tilraunaskyni í þágu almennings. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf ávallt um húsakynni og allan útbúnað og tilhögun varðandi hollustuháttu, enda hefur nefndin eftirlit með öllu slíku og getur sett fyrir-  
mæli um það hverju sinni.

155. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð. Ekkert peningshús má reisa nær vatnsbóli en 15 m, enda halli ekki að því frá peningshúsinu, og ekki má það vera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m.

156. gr.

Búpeningshús skulu vera rúmgóð, björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau. Skulu þau kofkuð eða þrifu á jafngildan hátt minnst einu sinni á ári. Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

11

20. jan.

157. gr.  
Um áburðargeymslu (safnhús eða gryfju) í sambandi við peningshús (sbr. 16. og 80. gr. 1. tölul.) skal þannig búið, að ekki geti horizt frá henni ódaunn eða óhreinindi og hún sé hættulaus mönnum og skepnum.

Bæjarstjórn lætur gera uppdrætti og nánari fyrirsagnir um gerð slíkrar áburðargeymslu.

158. gr.

Búfé má ekki ganga laust, nema gæzlumaður fylgi því eða það sé í öruggri vörzlu.

159. gr.

Svinabú skulu vera afgirt.

160. gr.

Lausa hesta má aldrei reka um götur eða vegi, nema útflutningshross á leið til skips undir eftirliti lögreglunnar.

161. gr.

Hundahald er óheimilt, að undanteknum þarfahundum í sambandi við búskap á lögbýli, enda sé það háð eftirliti heilbrigðisnefndar.

162. gr.

Heilbrigðisnefnd getur gert ráðstafanir til útrýmingar á óskiladýrum eða fuglum, ef hún telur stafa af þeim óþrifnað, sýkingarhættu eða önnur alvarleg óþægindi fyrir bæjarbúa.

## XV. KAFLI

### Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

163. gr.

Hver sá, er setja vill á stofn eða reka gistihús eða gististað, matsölu eða veitingahús, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd, enda þarf samþykki hennar til. Slík starfsemi er háð eftirliti nefndarinnar um hreinlæti og hollustuháttu í hvívetna.

164. gr.

Gistihús nefnist hvert það hús eða hluti úr húsi, sem að staðaldri hýsir næturgesti fyrir borgun. Herbergi, sem leigð eru til gistingar, skulu fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Herbergi, sem leigt er til næturgistingar, má ekki vera minna en svo, að 8 m<sup>3</sup> loftrúm komi á hvern gest og 3.4 m<sup>2</sup> gólfplötur, en heilbrigðisnefnd getur krafizt meira rúms, ef hún telur sérstakar ástæður til. Hún getur ákveðið, að í hverju herbergi sé tilkynnt, á áberandi stað og með hæfilega stóru letri, hve margir megi gista í því samtímis. Þá getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að gistihús hafi, auk svefnherbergja, sérstaka dagstofu fyrir gesti, er ekki sé notuð til þess að sofa í. Aldrei má nota veitinga- eða matstofur fyrir svefnherbergi.

Gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru því efni, sem heilbrigðisnefnd telur jafngilt.

165. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að fatageymslum, drykkjarvatni, nægilega mörgum handlaugum með hreinum handklæðum og sápu, salernum og baði, öllu innan húss, eftir því sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Umráðamaður skal sjá um, að þrifnaður og umgengni öll sé óaðfinnanleg, þ. á m. að herbergi séu ræst vandlega á hverjum degi, ef notuð eru.



## 166. gr.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur, endurnýjaður og hreinsaður eftir þörfum. Aldrei má finnast af rúmfatnaði fúkkalykt eða annar ódaunn.

Aldrei má vísa nýjum gesti til sængur nema í hrein rúmföt (rekkjuvoðir og koddaver). Skal skipta líni við hvern gest og minnst vikulega.

Hver næturgestur skal hafa sérstakt næturgagn.

11

20. jan.

## 167. gr.

Ekki má taka mann í herbergi, sem sjúkur maður hefur, eða hefur haft, án þess að það og allur rúmfatnaður sé sótthreinsaður, nema borgarlæknir telji óþarft.

Sömu skyldur hvíla á gistihússstjóra og á húsráðanda, samkv. gildandi lögum, ef vitað er eða ástæða til að ætla, að næmur sjúkdómur sé meðal gestanna.

## 168. gr.

Inngangur í veitingastofur skal vera greiður frá götu um anddyri og ekki gengið í gegnum sölubúð eða önnur húsakynni, sem óviðkomandi eru veitingasölum. Sérstakur inngangur sé til aðflutninga í eldhús og til að flytja burtu sorp og annan úrgang.

Lofthæð í veitingastofu eða stofum, ef fleiri eru samliggjandi, enda sé þá opið í milli, skal vera minnst 2.5 m, og loftrymi ekki minna en 75 m<sup>3</sup>. Gólfplötur skal aldrei minni en 30 m<sup>2</sup>, enda séu hverjum gesti ætlaðir minnst 1.15 m<sup>2</sup>.

Góð og hæfileg birta skal vera í veitingastofum, og séð skal fyrir nægilegri loft-ræstingu, vélknúinni, ef heilbrigðisnefnd telur þess þörf.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd tekur gilt.

Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

## 169. gr.

Gestum skal sjá fyrir fatageymslu í réttu hlutfalli við stærð veitingastofu og aðrar aðstæður. Fullkomin og nægilega mörg salerni, þvagskálar, þvottaskálar og önnur hreinlætistöki skulu vera innan húss handa gestum og starfslíði, enda skal svo til haga, að ekki geti borizt þaðan óþefur í veitingastofu, matreiðslu- eða framreiðsluhús.

## 170. gr.

Á veitingastöðum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu og uppþvottar. Í eldhúsum skal vera góð loftræsting, vélknúin, ef þurfa þykir. Sérstakt herbergi skal vera til framreiðslu smurðs brauðs, ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt. Matvælageymslur séu í góðu lagi og með kælitækjum, ef heilbrigðisnefnd krefst. Gólf skulu vera vatns-held og auðvelt að þrifa þau.

Hæfileg stærðarhlutföll skulu vera milli veitingasala annars vegar og matreiðslu-, uppþvotta- og geymslurúma hins vegar.

## 171. gr.

Bekkir, hillur, uppþvottaker, suðuáhöld, matar- og drykkjarilát og því um líkt skal heilt og þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Gólf í veitingastofum og öðrum herbergjum, sem starfrækslan fer fram í, skulu þvegin minnst einu sinni á dag, og oftár, ef því verður við komið og nauðsynlegt þykir. Ekki má sópa gólf. Borð, stóla, gluggakistur og annað þess háttar skal gera hreint daglega. Dúklaus borð skal hreinsa eftir hverja notkun, og borðdúka má aðeins nota hreina.

**11** Minnst einu sinni í viku skal gera rækilega hreina eldhússkápa, búr, hillur og  
20. jan. þess konar.

Ekki má geyma í húsnæði, sem notað er vegna veitinga, aðra hluti eða efni en þau, sem nota þarf til dagslegs rekstrar.

172. gr.

Öll matvæli skulu vera þannig geymd, að fulls hreinlætis sé gætt, og ekki komist að þeim ryk eða önnur óhreinindi, og má einungis nota þau hrein og óskemmd. Allur úrgangur skal daglega fluttur burtu og svo séð um, að hann geti ekki spillt matvælum.

Öll matar- og drykkjaráhöld skal ætíð nota hrein og heil, og skulu þau þola suðu, enda getur heilbrigðisnefnd sett fyrirmæli um uppvott og þ. á m. ákveðið, að áhöld séu soðin eftir hverja notkun. Þurrkur og þvottakústa skal jafnan sjóða eftir hverja notkun.

173. gr.

Starfsfólk skal vera hreinlega til fara og nota við starf sitt sérstök föt, sem ekki séu notuð til annars. Fólk, sem starfar í búri og eldhúsi, skal að jafnaði eins klætt og starfsfólk í mjólkurbúum, sbr. 85. gr. Það skal gæta hreinlætis í hvívetna, þ. á m. þvo vandlega hendur eftir notkun salerna og þvagstæða. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að starfsfólk hafi sérstaka og nægilega fatageymslu, klefa til fata-skipta og sérstaka matstofu.

Sömu heilbrigðisreglur skulu gilda um starfsfólk á veitingastöðum og í mjólkurbúum, sbr. 85. gr.

174. gr.

Undanþágu frá ákvæðum um inngang og stærð veitingastofa getur heilbrigðisnefnd veitt matsöluhúsum, sem eingöngu eða mestmegnis selja föstum viðskiptamönnum fæði, og veitingastofum, sem eru ætlaðar verkamönnum í vinnutíma.

## XVI. KAFLI

Um baðhús og baðstaði, sundhús og sundstaði, íþróttahús og íþróttasvæði.

*Almenn ákvæði.*

175. gr.

Hver sem setja vill upp fyrirtæki þau, er í kafla þessum greinir, handa almenn- ingi, skóla, stofnun eða félagi, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd, enda þarf leyfi hennar til þess að setja á stofn eða reka slíka starfsemi. Leyfisbeiðni skal fylgja nákvæm lýsing af tilhögun allri og uppdráttur af húsnæði og svæði. Sama er, ef þessu skal breyta. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hreinlæti og útbúnaði.

176. gr.

Kennarar, baðverðir og aðrir starfsmenn skulu fullnægja ákvæðum 71. gr.

Starfsfólk allt skal ganga hreinlega til fara og gæta fyllsta þrifnaðar í hvívetna. Fólk, sem hefur smitandi sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, augnþrota, áberandi kvef eða niðurgang, má ekki taka þátt í íþrótt- um eða leikum né haða sig eða synda á stofnunum samkvæmt þessum kafla.

Nú virðist umsjónarmanni eða kennara vera ástætt um einhvern, svo sem segir í 3. mgr., og skal þá synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

Öllum er skylt að ganga þrifalega um þau hús og svæði, sem í kafla þessum getur, enda má vísa þeim burt sem brotlegir verða í því efni.

Gæta skal þess, að hundar eða önnur dýr hafist ekki við í húsum eða á svæðum, sem í þessum kafla greinir.

11  
20. jan.

Umsjónarmaður skal vera við hverja slíka stofnun.

#### 177. gr.

Í öllum stofnunum, sem í þessum kafla getur, skulu vera nægilega margar fata-geymslur og búningsklefar, aðgreindir handa konum og körlum. Skulu þeir vera nægilega heitir, hjartir, rúmgóðir og vel loftræstir. Enn fremur skula vera í stofnunum þessum eða í sambandi við þær nægilega mörg vatnssalerni, aðgreind handa konum og körlum, þvagstæði og þvottaskálar til afnota öllum aðiljum, þ. á m. áhorfendum, ef því er að skipta. Um tölu og tilhögun salerna handa íþróttaiðkendum og baðgestum fer eftir 70. gr.

Biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta eftir þörfum og a. m. k. einu sinni á dag. Alla búnings- og baðklefa skal þvo og hreinsa eftir hverja notkun.

Baðföt, handklæði, burstar og þess háttar, sem lánað er til afnota, skal soðið eftir hverja notkun eða lagt í sóttahreinsunarlög, eftir því sem heilbrigðisnefnd tekur gilt, og skulu þá þessi tæki að því búnu þvegin.

#### 178. gr.

Um drykkjarvatn og drykkjarker skal fara eftir 69. gr.

#### A. Um baðhús og baðstaði, sundhús og sundstaði.

#### 179. gr.

Baðhús skulu vera björt, rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Lofthæð skal vera minnst 3 m, nema í herbergjum starfsfólks og geymslum. Gólf og veggir í 1.8 m hæð skulu vera lagðir flísum eða öðru jafngildu efni, og svo gengið frá veggjum að öðru leyti, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Biðstofur, herbergi starfsfólks og geymslur eru undanþegnar ákvæðum um flísalagningu. Biðstofur, búnings- og baðklefar skulu vera hjartir og nægilega rúmgóðir, loftræstir og heitir.

Um finnskar baðstofur, gufuböð o. fl. setur heilbrigðisnefnd sérstök fyrirmæli, eftir þörfum.

#### 180. gr.

Starfsfólk í bað- og sundhúsum skal klæðast hvítu yzt fata, vera í sérstökum hreinum sokkum eða sokkalaust og hafa sérstaka skó á fótum við vinnu sína.

#### 181. gr.

Um sundhús fer eftir 179. gr. Lofthæð þeirra fer þó eftir ákvörðun heilbrigðisnefndar hverju sinni.

#### 182. gr.

Sundlaugar skulu vera steyptar. Veggir og botn í sundlaugum innan húss skal lagður flísum eða öðru jafngildu efni, en í öðrum sundlaugum skulu veggir og botn vera svo sléttir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Laugarbarmar skulu vera hærri en gólfið í kring og ekki hálir að ofan.

Meðfram laugarbörnum innanverðum, við vatnsborð, skulu vera þéttar rennur eða hæfilega mörg ilát til þess að taka við óhreinindum, enda má enginn hrækja eða snýta sér í laugina, skola þar sundföt, né saurga hana á annan hátt. Gæzlumönnum og sundkennurum er heimilt að vikja þeim, er brotlegir verða, úr sundlaug.

#### 183. gr.

Við hverja sundlaug skulu vera tiltæk björgunartæki, enda getur heilbrigðisnefnd gefið fyrirskipanir um útbúnað þeirra, um kunnáttu starfsfólks um björgun og lífgunartilraunir og um möguleika til að afla skjótrar læknishjálpar.

11

20. jan.

184. gr.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m, nema fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til varnar gegn óhreinun á vatninu.

Svo skal um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast fyrir í kringum hana.

185. gr.

Sundlaugarvatn skal vera hreint, enda má gerlafjöldi ekki vera meiri en 1000 í  $\text{cm}^3$ , og saurgerlar mega ekki finnast í 10  $\text{cm}^3$ . Taka skal sýnishorn til rannsóknar ekki sjaldnar en einu sinni í viku. Laug skal alltaf tæma og hreinsa, þegar gerlafjöldinn reynist 10 sinnum meiri en sagt var, annars eftir þörfum. Hreinsa skal óhreinindi á yfirborði jafnskjótt sem þeirra verður vart. Sýnileg óhreinindi á botni skal hreinsa daglega. Vatnið sé 15–25° C og lofthiti í yfirbyggðum sundlaugum 3–4° hærrí.

186. gr.

Hæfilega mörg steypiböð skulu fylgja hverri sundlaug. Skal svo til hagað, að aðeins verði gengið úr búningsklefum í laugina í gegnum baðklefa, enda skal hver sundlaugarnotandi sápuþvo sig og baða vandlega, áður en hann fer í laugina. Salernum og þvagskálum skal þannig fyrir komið, að aðeins verði komið úr þeim í laugina um baðklefa. Sá hluti gólfs utan laugarinnar, sem notendur þurfa að ganga um, skal afgirtur, svo að eigi gangi þar aðrir. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið ráðstafanir til varnar fótamyglu.

187. gr.

Ekki má hleypa fleiri baðendum í laugina í einu en svo, að minnst 3,5  $\text{m}^2$  af yfirborði vantsins komi á hvern fullorðinn mann, eða 1,9  $\text{m}^2$  á hvert barn, 12 ára eða yngra. Skal auglýst á áberandi stað við laugina, hve margir megi samtímis fara í hana.

188. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það borgarlækni og heilbrigðisnefnd, sem gerir þá viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, meðan rannsókn eða sóttgreinsun fer fram.

189. gr.

Um klæðnað starfsfólks við sundlaugar fer eftir 180. gr.

190. gr.

Útibaðstaði má hvergi leyfa, þar sem vatn er saurgað, eða hætta er á, að það saurgist, nema fullnægjandi varnarráðstafanir séu gerðar, enda láti heilbrigðisnefnd rannsaka baðvatnið eftir þörfum. Ef saurgerlar finnast í 0,1  $\text{cm}^3$  eða minna magni, getur heilbrigðisnefnd lokað staðnum um tíma eða að fullu, ef ekki fæst bót á ráðin.

Um þrifnað baðgesta fer eftir 3. málsg. 182. gr.

191. gr.

Ákvæði 183. gr. taka og til útibaðstaða. Heilbrigðisnefnd getur gert frekari ráðstafanir til varnar slysum, svo sem um baðiðkanir barna.

192. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett ákvæði um, hversu margir megi vera í vatninu samtímis.

*B. Um íþróttahús.*

193. gr.

Íþróttahús skulu vera björt og rúmgóð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu, vélknúnni, ef þurfa þykir. Í íþróttasölum má ljósflötur glugga ekki vera minni en  $\frac{1}{6}$  gólfplatar. Hiti skal vera hæfilegur og í bað- og búningsklefum ekki minni en 20° C. Gólf íþróttasala skulu gerð úr þannig efni, að sem minnst slyshætta stafi af, enda samþykki heilbrigðisnefnd gerð þeirra.

194. gr.

Auk íþróttasala, fatageymslu, salerna og þvaghúsa, skulu í hverju íþróttahúsi vera:

1. Steypiböð, og séu ekki fleiri en fjórir um hverja baðdreifu.
2. Þurrkherbergi handa baðendum.
3. Áhaldaherbergi.
4. Herbergi eða skápur fyrir ræstitæki.
5. Kennaraherbergi.
6. Búningsherbergi. Þar sem íþróttaflokkar koma þegar hver á eftir öðrum, skulu þau vera tvö.

195. gr.

Öll áhöld, svo sem dýnur, skulu gerð þannig, eftir því sem unnt er, að þau valdi sem minnstu ryki og séu auðveld til hreinsunar.

196. gr.

Úr búningsklefa skal gengið beint í íþróttasal, og aðeins á hreinum skóm, sérstaklega ætluðum til leikfímiiðkana.

197. gr.

Íþróttahús má aldrei nota örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar. Skal þess og gætt, að nægilegur hiti sé að lokinni loft-ræstingu.

Íþróttasali má ekki nota til annars en íþróttaiðkana, nema með leyfi borgar-læknis, enda sé þá fylgt fyrir mælum hans og kröfum um ræstingu eftir á.

*C. Um íþróttasvæði og útileikvelli.*

198. gr.

Íþróttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrífaleg séu og af þeim stafi sem minnst ryk eða önnur óþríf. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl eða úrgangur.

Slíkum svæðum skulu jafnan fylgja steypiböð, samkv. 194. gr. 1. tölulíð.

199. gr.

Heilbrigðisnefnd setur sérstakar reglur um útileikvelli barna, eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Stærð útileikvalla sé miðuð við minnst 7 m<sup>2</sup> á hvert barn. Af leikvelli skal vera gengt beint í salerni, og séu eigi fleiri en 40 börn um hvert salerni. Enn fremur skal séð fyrir þvagskálum eftir þörfum. Á leiksvæðinu sé drykkj-arvatn, enda skal svo með fara, sem 69 gr. segir. Vellirnir séu þaktir hentugum ofaniburði.

11

20. jan.

## XVII. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar snyrtistofur.

200. gr.

Um starfsemi þá, sem í þessum kafla greinir, gilda ákvæði 175. gr., eftir því sem við á.

201. gr.

Húsakynni skulu vera björt og rúmgóð, með nægilegri loftræstingu og upphitun, og mega aldrei vera í sambandi við íbúð. Á hvern aðgerðarstól má ekki koma minna en 5 m<sup>2</sup> gólfplötur og lofthæð ekki vera minni en 2.7 m. Heilbrigðisnefnd getur samt leyft minni lofthæð, en aldrei undir 2.5 m, enda komi þá minnst 13.5 m<sup>3</sup> loftrými á aðgerðarstól.

Gólf skulu vera lögð dúk eða öðru efni, er heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi. Veggir og loft skal olíumálað, eða lagt sléttu veggfóðri, sem þolir þvott. Séð skal fyrir nægilega mörgum þvottaskálum með rennandi vatni, eftir því sem starfseminni telst nauðsynlegt.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

202. gr.

Um heilbrigði starfsfólks skulu gilda ákvæði 85. gr.

Starfsfólk skal í hvívetna gæta hins ítrasta hreinlætis og vera klætt hreinni, hvíttri yfirhöfn.

203. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

Nú verður starfsfólk þess vart eftir á, að tekinn hefur verið til meðferðar maður, sem haldinn var slíkum sjúkdómi, og skal þá starfsmaður þegar í stað leggja þau áhöld til hliðar, er við manninn voru notuð, þvo hendur sínar vandlega og tilkynna borgarlækni, er gerir ráðstafanir til sóttthreinsunar, ef þurfa þykir.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða óþrifum, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það borgarlækni, er lætur rannsaka málið.

204. gr.

Hnífa, skæri, klippur, greiður, burstu og önnur slík áhöld skal vandlega hreinsa eftir hverja notkun. Ætíð skal nota hreina dúka og hrein handklæði við hvern gest, og á höfuðbrik stóla skal jafnan vera pappír, er endurnýist eftir hvern gest. Notaðir dúkar og handklæði skulu jafnóðum lögð í þar til gerða körfu eða skúffu. Þar sem notuð eru rafmagnsáhöld, skal gerð þeirra og tenging viðurkennd af rafmagnseftirliti ríkisins.

205. gr.

Gólf skal þvo vandlega að minnsta kosti einu sinni á dag, svo og hreinsa ræki-lega stóla, borð og aðra húsmuni, fasta og lausa. Afklippt hár skal hreinsa af gólfi jafnóðum.

206. gr.

Hundum og köttum má ekki hleypa inn í húsnæðið.

## XVIII. KAFLI

## Um barnaheimili, elliheimili, sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

11

20. jan.

*Almenn ákvæði.*

## 207. gr.

Hver sá, er koma vill upp starfsemi samkv. þessum kafla, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd, áður en hann leitar samþykkis ráðherra og áður en byggingarfrankvæmdir hefjast, enda þarf samþykki nefndarinnar um húsnæði og hollustuháttu, og fylgi umsögn hennar umsókninni til ráðherra. Nauðsynlegir uppdættir og upplýsingar (sbr. 2. gr. laga nr. 30 frá 19. júní 1933) skulu fylgja tilkynningu. Sama gildir um breytingar á húsakynnum og hollustuháttum. Allar slíkar stofnanir skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, enda eigi borgarlæknir og heilbrigðisnefnd jafnan greiðan aðgang til eftirlits.

## 208. gr.

Vistherbergi slíkra stofnana skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum um íbúðarherbergi, sbr. 32. gr. Eldhús, matreiðslu-, uppþvotta- og geymslurúm, svo og fatageymsla, salerni og hreinlætistöki skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum 169. og 170. gr., eftir því sem við á. Veggi og loft skal vera auðvelt að þvo, og gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru efni, sem heilbrigðisnefnd tekur gilt.

Sjá skal fyrir nægum og hentugum hita og fullnægjandi loftræstingu, enda getur heilbrigðisnefnd ákveðið sérstök loftræstingartæki eftir þörfum.

Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum.

Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram minnst einu sinni á dag, enda séu herbergin vel loftræst á eftir.

Ekki mega hundar eða kettir hafast við í húsakynnum.

Um heilbrigði starfsfólks fer samkv. 85. gr.

Ákvæði 172. gr. taka til stofnana þeirra, er hér greinir, eftir því sem við á.

*A. Ungbarnaheimili.*

## 209. gr.

Ákvæði 209.—216. gr. taka til heimila eða stofnana, sem vista til langdvalar ungbörn, fram til 2½ árs aldurs, annað hvort daglangt eða allan sólarhringinn.

## 210. gr.

Húsnæði ungbarnaheimilis má ekki vera í kjallara eða undir súð. Nægilega stór grasblettur eða annað þrifalegt, afgirt svæði skal fylgja heimilinu, og skal svo um búíð, að börnin geti þar ætíð notið skjóls gegn stormi og göturyki, enda má bletturinn ekki liggja að fjölfarinni götu.

## 211. gr.

Húsnæði skal vera a. m. k. 3 stofur, svefnstofa, dagstofa eða leikstofa fyrir þau börn, sem á legg eru komin, og borðstofa. Húsnæði skal fylgja sérstakt eldhús með kæliskáp, búr með glugga á útvegg, fatageymsla samkv. 68. gr., venjuleg hreinlætis- og þvottaherbergi ásamt baðtækjum, næturgagnageymslum og hæfilega mörgum salernum og skolvöskum.

Loks skal vera sérherbergi, er taka má til bráðabirgðaeinangrunar, ef smitandi eða grunsamleg veiki kemur upp á heimilinu.

Ungbarnaheimili má ekki hafa húsnæði né hjúkrunarfólk sameiginlegt við aðrar stofnanir eða starfsemi samkv. þessum kafla.

11

20. jan.

Íbúðarherbergi skulu vera sólrík, og viti gluggar í sólarátt. Ljósflötur glugga má ekki vera minni en  $\frac{1}{6}$  gólfplatnar. Auðvelt skal að loftræsta herbergin, og skulu nægilega stórir gluggar vera á hjörum, sem hentugt sé að opna.

Hitunartæki, sem hættu getur stafað af, skal einangra þannig, að börn geti ekki snert þau. Stofuhitamælir skal vera í hverju íbúðarherbergi.

213. gr.

Aldrei má minna en 2.5 m<sup>2</sup> gólfplötur og 7.5 m<sup>3</sup> loftrými koma á hvert barn í herbergi, þar sem börn dveljast til langframa.

214. gr.

Hverju barni skal ætlað sérstakt rúm, og sé ekki minna en 1 m á milli rúmana á hvern veg.

Hvert barn skal hafa sérstök þvottatæki, svo sem þvottaskál, handklæði og þvottaklút, sérstök matarilát og önnur mataráhöld, er allt skal nægilega auðkennt.

Á öllum ungbarnaheimilum skal þess gætt, að börnin beri ekki óhreinindi á fótum sér inn í íbúðarherbergi.

215. gr.

Enginn má veita ungbarnaheimili forstöðu, nema heilbrigðisnefnd telji hann þar til hæfan.

Ungbarnaheimili skal ráða til sín lækni, er hafi eftirlit með heilsufari, meðferð og aðbúnaði barnanna. Skal honum skylt að láta borgarlækni og heilbrigðisnefnd í té skýrslur og upplýsingar um allt það, er hann telur ábótavant, nema þegar hafi verið úr bætt, enda eigi heilbrigðisnefnd fyrst og fremst aðgang að honum um allt, er varðar hollustuháttu heimilis og meðferð barna. Séð skal fyrir möguleikum til að afla skjótrar læknishjálpar.

216. gr.

Ekki má taka á ungbarnaheimili börn með næma sjúkdóma eða óprífakvilla, né heldur börn frá heimilum, þar sem slíkir sjúkdómar eru.

Nú verður næmrar veiki vart á ungbarnaheimili, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá læknir þess tafarlaust tilkynna það borgarlækni, sem gerir ráðstafanir um meðferð sjúkdómsins og varnir gegn honum.

### B. Barnaheimili.

217. gr.

Eftirfarandi ákvæði taka til heimila eða stofnana, sem taka í umsjá sína heilbrigð börn, frá 2½ til 8 ára aldurs, ef börnin eiga að hafast þar við að minnsta kosti 4 klst. á dag.

218. gr.

Ákvæði 210. gr. taka til þessara heimila. Húsnæði skal vera:

1. Dvalar- og kennslustofa. Þar dvelja börnin, þegar þau eru inni að leikum, og getur kennsla einnig farið þar fram að einhverju leyti.
2. Hvíldar- og matstofa, sbr. þó 3. tölul. Þar skulu vera hvílu- og matstofur handa hverju barni, yngra en 4 ára, og hæfilega mörg handa hinum eldri, sem talin eru þurfa hvíldar. Þar mega börnin og neyta smærri máltíða.
3. Borðstofa, ef börnin dveljast á heimilinu allan eða mestallan daginn og borða þar fullar máltíðir.
4. Svefnherbergi, er börn dveljast allan sólarhringinn á heimilinu.



5. Eldhús, búr og kæliskápur, eftir því sem við á.
6. Vatnssalerni, skolvaskur og næturgagnageymsla.
7. Þvottaklefi, með nægilega mörgum þvottaskálum, og baðherbergi, ef börnin dveljast allan sólarhringinn á heimilinu.
8. Fatageymsla samkv. 68. gr.
9. Einangrunarherbergi samkv. 2. málgr. 211. gr.

11

20. jan.

219. gr.

Ákvæði 212. og 213. gr. gilda einnig um þessi heimili.

220. gr.

Hvert barn skal hafa eigið rúm og við sitt hæfi. Um fjarlægð milli rúma fer samkv. 214. gr.

Drengir og telpur eldri en 5 ára skulu ekki sofa í sama herbergi.

Gæzlukona skal sofa í herbergi með börnum, ef þau eru innan 4 ára. Ef þau eru eldri, skal hún einnig sofa þar eða í herbergi, sem sé áfast svefnherbergi barnanna og opið inn í það.

221. gr.

Ákvæði 214. gr. um þvottatæki og mataráhöld, þrifnað og hreingerningu, svo og ákvæði 215. og 216. gr. gilda einnig um þessi heimili.

*C. Elliheimili, sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.*

222. gr.

Til elliheimila, sem hafa 10 vistmenn eða fleiri, taka ákvæði 211. gr. um einangrunarherbergi og ákvæði 215. gr. og 2. málgr. 216. gr.

223. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúsa og lækni elliheimila og annarra slíkra stofnana, sett reglur um tölu sjúklinga eða vistmanna í hverju herbergi, um loftrými þeirra og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

224. gr.

Biðstofur í lækningastofum og öðrum heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að hreingerning fari fram milli viðtalstíma, ef fleiri en einn læknir notar sömu stofu og aðsókn er mikil.

225. gr.

Ákvæði 204. gr. taka til lækningastofa, eftir því sem við á.

## XIX. KAFLI

### Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum og flugvélum.

226. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með íbúðum og öðrum vistarverum skipshafna og farþega og öllu öðru, er að hollustuháttum þeirra lýtur, svo og allri umgengni og þrifnaði í bátum og skipum, sem skrásett eru í Reykjavík. Skal nefndin alltaf eiga greiðan aðgang að skipi eða bát til eftirlits þessa.

11

20. jan.

Öll skip og bátar, sem ekki eru skrásettir í Reykjavík, skulu þó vera háðir eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og borgarlæknis, meðan þeir eru á samþykktar-svæðinu.

227. gr.

Um farþegaskip gilda eftirfarandi ákvæði:

228. gr.

Vistarverur farþega og hreinlæti þar fer eftir ákvæðum 164. gr., 3. málsg., 165. og 166. gr., eftir því sem við á.

Um eldhús og geymslur matvæla, matstofur og veitinga fer eftir 170. og 171. gr. Meðferð og tilbúningur matar, svo og hreinsun matar- og drykkjargagna fer eftir 172. gr.

Ákvæði 167. gr. taka og til farþegaskipa.

229. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema samkv. leyfi og fyrirmælum landlæknis eða borgarlæknis.

230. gr.

Ef í bát eða skipi verður vart veikinda, sem vera kunna næmur sjúkdómur, skal skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það borgarlækni, tollþjóni eða hafnar-skrifstofunni, er tilkynni það tafarlaust borgarlækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir. Sama gildir um óþrifakvilla, svo sem kláða og lús, og ráðstafanir til útrýmingar þeim.

231. gr.

Nú verður vart við meindýr, svo sem veggjalús, rottu eða kakalaka, í bát eða skipi, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það borgarlækni, tollþjóni eða hafnarskrifstofunni, sem tilkynnir það borgarlækni þegar í stað, og gerir hann nauðsynlegar útrýmingarráðstafanir.

232. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn skulu skyldir að tilkynna borgarlækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja brjóta í bága við 228.—231. gr.

233. gr.

Skipstjórar, formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og borgarlæknis sé hlýtt.

Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða borgarlæknis hefur verið fullnægt.

234. gr.

Allar leigubifreiðar, þar með taldir strætisvagnar og áætlunarbifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga og skrásettar eru í Reykjavík, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar um allt, er að þrifnaði og hollustuháttum farþega lýtur.

Um bifreiðar, skrásettar utan Reykjavíkur, gilda ákvæði 227. gr. og 2. málsg.

233. gr.

235. gr.

Í öllum leigubifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutninga, skal ávallt gætt þrifnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 229. gr. taka og til leigubifreiða.

236. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum heilbrigðisnefndar sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðarstjóri eða bifreiðareigandi fyrir mælum heilbrigðisnefndar, og má þá taka bifreið úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

11  
20. jan.

237. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því sem við getur átt.

## XX. KAFLI

### Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

238. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuháttu húsakynna samkvæmt þessum kafla, og hefur eftirlit með þeim. Um fangaklefa fer eftir ákvæðum 32. gr. um íbúðarherbergi, eftir því sem við verður komið. Þó má vista óða menn um stundarsakir í húsakynnum, sem ekki fullnægja þeim ákvæðum, enda komi lækni- hjálp til, svo fljótt sem unnt er. Slíkar bráðabirgðavistarverur mega ekki vera heilsu- spillandi og skulu vera svo gerðar, að vistmenn fari sér ekki að voða.

239. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli fangaskipta. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu. Um rúmfatnað gilda ákvæði 166. gr.

Um eldhús, matreiðslu-, uppþvotta- og geymslurúm fer eftir 170. gr., um hreinsun matar- og drykkjaráhalda eftir 172. gr. og um salerni og hreinlætistæki eftir 169. gr., eftir því sem við á.

240. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifa- kvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé borgarlækni tafarlaust tilkynnt.

Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrir- mælum borgarlæknis.

## XXI. KAFLI

### Um líkgeymslu, líkhús, bálstofur og kirkjugarða.

241. gr.

Lík skal flytja í líkhús innan tveggja sólarhringa frá dauða, nema alveg sér- staklega standi á, enda komi þá leyfi borgarlæknis til.

Borgarlæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúk- dómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

242. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

243. gr.

Líkhús skulu þannig byggð, að veggir og gólf séu úr steinsteypu og vel slétt. Ef gluggar er á líkhúsi, skulu þeir vita mót norðri. Séð skal fyrir góðri loft- ræstingu, með sérstökum tækjum, ef þurfa þykir.

11 Í líkhúsum skal vera vatnsleiðsla og handlaugar. Niðurfallsop skal vera úr 20. jan. gólfinu, sem halli að opinu.

244. gr.

Líkhúsin skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir, og ávallt þegar eftir að þar hafa staðið uppi ókistulögð lík.

Nú hefur í líkhúsi verið geymt lík manns, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi, og kveður þá borgarlæknir á um sóttþreinsunarráðstafanir.

245. gr.

Heilbrigðisnefnd setur eftir þörfum ákvæði um bálstofu og líkbrennslu.

246. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal leita álits borgarlæknis og heilbrigðisnefndar, og getur hún ákveðið, að garðstæðið sé þurrkað með lok-ræsum.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 m.

Grafa skal svo djúpt, að minnst 1.25 m séu frá kistuloki á grafarbarm.

247. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett fyriræmi um heilbrigðisráðstafanir í sambandi við líkflutning.

248. gr.

Leyfa má steinsteyptar grafir neðanjarðar, enda sé minnst 0.5 m þykkt jarðvegs-lag ofan á. Grafarbotn skal þá svo gerður, að gröfin haldist þurr.

Slíka gröf má því aðeins opna, að borgarlæknir hafi eftirlit með því.

Ef lík er grafið upp, hefur borgarlæknir eftirlit með uppgreftinum, eftir því sem þurfa þykir.

249. gr.

Í kirkjugarði eða við hann skal reisa verkamannaskýli, hæfilega stórt eftir ástæðum, sbr. 59. gr.

250. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.

## XXII. KAFLI

### Um aðstoð við sóttvarnir.

251. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða borgarlækni við sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum. Skal henni heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp, og borgarlæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök fyriræmi um hreinlæti utan húss og innan, meðferð og dreifingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur, svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

## XXIII. KAFLI

### Lokaákvæði.

252. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, þar sem um er að ræða ástand, sem eldra er en hún, eða ríkar ástæður þykja til.

## 253. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett nánari fyriræli um einstök atriði, sem eigi er mælt fyrir um í samþykkt þessari, eða til skýringar á ákvæðum hennar, enda fari fyrirælin ekki í bága við þau.

Getur nefndin látið sérprenta einstaka kafla eða greinar samþykktar þessarar og fyriræli sín og birta með viðeigandi hætti.

## 254. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

## 255. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 1000 kr., ásamt vísitöluálagi lögum samkvæmt.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðilja. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðilja, með lögtaki, ef þörf gerist.

## 256. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

## 257. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum. Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt nr. 3 30. jan. 1905, svo og reglugerð nr. 57 12. marz 1941, og reglugerð nr. 71 30. marz 1946, um hollustuhætti í mjólkurbúðum, svo og önnur ákvæði í samþykktum eða fyrirælum stjórnvalda, er fara í bága við samþykkt þessa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 20. janúar 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um að Keflavíkurkaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga.

Með vísun til 14. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Keflavíkurkaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginganna frá og með 1. janúar 1950, þar til annað kann að verða ákveðið, og verða iðgjöld til trygginganna og bótageiðslur í samræmi við það.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

13  
12. jan.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hofsóskaupþún.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Hofsóshöfn takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 1000 metra vestan við Hellisnes, að norðan og sunnan af tveim línum hornrétt á þá línu að norðan um Hellisnes og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

#### 3. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Hofsóshrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stjórnar öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlur hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsins, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

#### 4. gr.

Hafnarnefnd ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra, enda komi samþykki hreppsnefndar til. Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður. Rísi ágreiningur um ráðningu starfsmanna eða laun þeirra, sker hreppsnefnd úr.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd hefur fundi svo oft sem þurfa þykir, og er formaður hafnarnefndar skyldur að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

#### 5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Hofsóshrepps.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Hofsóshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

## 6. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

13

12. jan.

## 7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## III. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar, eða annarra starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarvarðar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarvörður látið gera það á kostnað eiganda.

## 9. gr.

Enginn má leggjja sérstök legugögn í höfnina nema með leyfi hafnarvarðar, og skal hann ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarvarðar og látið framkvæma þær, hvort heldur er að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlifar á milli skips og bryggju eða bólvirkis.

## 11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

## 12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

## IV. KAFLI

## Um notkun bryggju og bólvirkja.

## 13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur

- 13 skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt  
12. jan. hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjun og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

## 14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, sem nær liggja.

## 15. gr.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz úr er bætt.

## 16. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarvarðar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burtu, á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinaleyssi á bryggju eða hafnarlóðinni.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

Skylt er hverjum þeim aðila, sem afnot hefur af hafnarbryggju eða hafnargarði til fiskaðgerðar eða annars sjófangs, að hreinsa í hvert sinn að aðgerð lokinni, sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður látið hreinsun fara fram á kostnað hlutaðeiganda.

## V. KAFLI

## Um almenna reglu.

## 17. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýta boði hans og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum hafnarvarðar eða annarra starfsmanna ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 18. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Áliti hafnarvörður að hætta stafi af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.



## VI. KAFLI

## Hafnarmannvirki einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

13

12. jan.

## 19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af. Brot gegn því varðar sektum allt að kr. 10 000.00, og getur hreppsnefnd látið nema burtu mannvirkid á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana, skal leita samþykkis ráðuneytisins.

## VII. KAFLI

## Um lestagjöld og ljósagjöld.

## 20. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjald, sem miða skal við brúttósmálestatölu skipsins í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið, þó með þessum undantekningum:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótljóns.

## 21. gr.

- a. Skip og bátar, 12 brúttósmálestir að stærð og stærri, sem eru í eign manna búsettra á Hofsósi, og gerðir út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Hofsósi a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2 krónur af hverri brúttó smálest skips eða báts, þó aldrei minna en kr. 50.00 á ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiði 60 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oft en tvisvar á sama mánuði, þó þau komi oft til hafnarinnar.
- c. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestagjaldi samkv. 20. gr.), skulu greiða 30 aura lestagjald fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura lestagjald af brúttó smálest. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða lestagjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert þó þau komi oft á því ári.
- d. Hafi skip gjaldskylt samkv. b-lið legið í 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim, þó skal flutningaskip, sem bíður eftir farni, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurteppt, telst sá tími ekki með.
- e. Gjaldldagi lestagjalds samkv. a-lið þessarar greinar skal vera 1. ágúst ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu eða lagzt að bryggju.

13

12. jan.

22. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:

- a. Skip, sem um getur í 21. gr. a-lið greiði 15 krónur á ári.
- b. Skip, sem um getur í 21. gr. b-lið, skulu greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, gjald miðað við brúttósmálest sem hér segir:

Skipa allt að 50 smálestir .....	kr. 4.50
Skip 50 smálestir og þar yfir .....	— 6.00

- c. Önnur skip greiði:

Skip undir 200 smálestir .....	kr. 7.50
Skip frá 200—400 smálestir .....	— 15.00
Skip yfir 400 smálestir .....	— 45.00

- d. Þó greiði farþegaskip yfir 400 smál. 2 aura af hverri brúttó smál. í hvert skipti.
- d. Bátar allt að 12 smál. brúttó, hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald kr. 5.00
- En bátar 12—15 smálestir brúttó .....
- 8.00
- í hvert sinn, er þeir leita hafnar.

Vélbátar 5 smál. og minni, sem eru í eign manna búsettra á Hofsósi greiði kr. 20.00 á ári í hafnargjald.

Vélbátar 5—12 smálestir brúttó greiði kr. 35.00 á ári.

23. gr.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu hafnargjalds.

24. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að vikja frá þessari gjaldskrá til lækkunar, teljist sérstakar ástæður fyrir hendi, enda hafi hún til þess samþykki hreppsnefndar á hverjum tíma.

25. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

26. gr.

Fyrir vörum sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundar sakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru í land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

27. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

28. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjórar eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri

eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur 13 fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða 12. jan. vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 29. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá tiltekur, og gjald greiðast eftir því sem þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

## 30. gr.

*Vörugjaldsskrá.*

## 1. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Kornvörur, sykur.
2. flokkur. Gjald 85 aurar hver 100 kg: Kol, fóðurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg: Salt.
4. flokkur. Gjald 55 aurar hver 100 kg: Sement.
5. flokkur. Gjald 1.25 kr. hver 100 kg: Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og greiðast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Olía og benzín. Hver tunna kr. 3.00.
7. flokkur. Gjald 25 aurar hver tunna: Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 18 aurar hvert teningsfet: Timbur.
9. flokkur. Gjald 40 aurar hvert teningsfet: Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir stórgripi og kr. 1.50 fyrir sauðkind.
11. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir stykki: Stykkjavara.

## 2. Útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg: Kjöt.
2. flokkur. Gjald 50 aurar hver tunna: Sild.
3. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg: Mjólk, skyr, hey.
4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg: Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg: Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar áður.
6. flokkur. Gjald 50 aurar hvert stykki: Umbúðir og tómtunnur.
7. flokkur. Gjald 75 aurar hvert stykki: Stykkjavara.

## 31. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd.

Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

## 32. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 30. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörum, unz gjaldið er greitt. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land á hafnarsvæðinu fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

- 13 Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður 12. jan. ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

### VIII. KAFLI

#### Um aflagjald.

##### 33. gr.

Af heildarafla skips greiðist 6 krónur af hverri smálest fiskjar, slægðum með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af sild. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist 35 aurar. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað og greiðist það af eiganda skips eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skipsins í hvert sinn. Ef það er ekki gert skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta samkv. þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla þar til gjöldin eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum, að fengnu leyfi hreppsnefndar.

### IX. KAFLI

#### Um bryggjugjald.

##### 34. gr.

Hvert skip sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er á höfninni, eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttósmálestum, en broti skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip 12 smálestir að stærð og þar yfir, sem eru í eign búsettra manna á Hofsósi og skrásett þar, greiði 4 krónur á ári af hverri brúttósmálest. Fari þau skip í millilandasiglingar, greiði þau auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur, reiknað frá þeim degi, er undirbúningur slíkra siglinga hefst.
- b. Öll aðkomuskip greiði 10 aura af hverri brúttó smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 10 krónur í hvert skipti. Liggi skip utan á öðrum skipum greiði þau hálf gjald. Sama máli gegnir, ef þau liggja við bryggjur, sem eru í eign einstakra manna eða fyrirtækja. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, sem fiskveiðar stunda og gerð eru út frá Hofsósi. Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.
- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald, eða semja við viðkomandi aðila.

##### 35. gr.

Forgangsrétt að bryggju og bólvirkjum, svo og að flytja vörur að og frá skipum um hafnarsvæðið, ber þeim, sem annast affermingu og feringu skipa. Er allri annarri starfsemi skylt að vikja fyrir þeim vöruflutningum, sem um bryggju eða hafnarsvæðið þurfa að fara við losun eða lestun flutningaskipa.

##### 36. gr.

#### Vatnsgjald.

Þeir, sem ekki hafa gert sérsamninga um kaup á vatni frá vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 10 00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 20.00.

## X. KAFLI

## Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

13

12. jan.

## 37. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans eða hafnarnefndar.

## XI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 38. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaðurinn við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemur 10% af hinnu ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 39. gr.

Seglfestu, sand og mól eða annað efni til byggingar, er bannað að taka á hafnar-  
svæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar og landeiganda. Beitutaka er bönnuð á  
hafnar-  
svæðinu nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

## 40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-  
gerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans stendur yfir óútkljáð, nema  
hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda

## 41. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýri-  
manni, ef skipstjóri er eigi á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýri-  
maður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er  
það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 42. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri  
refsing liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps.

## 43. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

## 44. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hofsósk-  
kaupþún, nr. 42 7. marz 1939, ásamt síðari breytingum á henni.

- 13 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um  
12. jan. hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1950.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Páll Pálmason.*

- 14 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Krístrúnar Hallgríms-  
25. jan. dóttur og annarra látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra látinna félagskvenna  
kvenfélagsins Dagsbrúnar.

### 1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Minningarsjóður Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra  
látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500 — fimmtán hundruð — krónur og skal geymt í inn-  
lánsdeild Kaupfélags Héraðsbúa á Reyðarfirði.

### 3. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fátækum húsmæðrum í Fellahreppi, t. d. í sjúk-  
dómstílfellum, eða til að bæta hag þeirra á annan hátt.

### 4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar til hann er minnst 5000 — fimm þúsund — krónur.

### 5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með útgáfu minningarspjalda og sölu þeirra.

### 6. gr.

Mönnum skal heimilt að gefa í sjóðinn minningargjafir á nöfn allra látinna  
kvenna í Fellahreppi, svo og aðrar gjafir.

### 7. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps annast stjórn sjóðsins og reikningshald undir yfirum-  
sjón sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

Hreppsnefndin kýs þrjár konur innan hreppsins til að úthluta úr sjóðnum  
hverju sinni samkvæmt 3. gr. að framan.

Fyrir hönd kvenfélagsins Dagsbrúnar.

**Dórey Brynjólfsdóttir.**

**Bjarnheiður Magnúsdóttir.**

**Birna Ólafsdóttir.**

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1950.

*Lög um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., undirskrifuð af forsetanum 14. janúar 1950, nr. 1.*

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 2.*

*Lög um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af forsetanum 21. janúar 1950, nr. 3.*

*Lög um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914, undirskrifuð af forsetanum 26. janúar, nr. 4.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 5.*

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1950, nr. 6.*

*Lög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1950, nr. 7.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af forsetanum 7. febrúar 1950, nr. 8.*

*Lög um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 9. febrúar 1950, nr. 9.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl., undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1950, nr. 10.*

*Lög um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 11.*

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.*

## REGLUGERÐ

15

28. jan.

um breyting á reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

### 1. gr.

II. kafli reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit, er úr gildi numinn.

### 2. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyriseild. Hlutverk þessarar deildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa og annast önnur störf, er fjárhagsráð kann að fela henni. Má þar til nefna ráðstöfun á farinrymi í skipum, er annast eiga vöruflytninga og eru á vegum islenzkra aðila. Enn fremur vöruskömmtnun, verðlagsákvæðanir og verðlagseftirlit.

### 3. gr.

Fjárhagsráð ákveður með samþykki ríkisstjórnarinnar starfshætti og skipulagningu innflutnings- og gjaldeyriseildar og mælir nánar fyrir um starfssvið hennar eftir því sem þurfa þykir.

15  
28. jan.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, öðlast gildi 1. febrúar 1950.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. janúar 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

16  
28. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Bókasafnssjóð sjúkrahússins á Patreksfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð sjúkrahússins á Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bókasafnssjóður sjúkrahússins á Patreksfirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafafé, kr. 685.00, frá Gísla Jónssyni, forstjóra í Reykjavík, og kr. 1414.00 frá nemendum unglínga- og iðnskóla Patreksfjarðar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp bókasafni til afnota fyrir sjúklinga, er dvelja í sjúkrahúsinu á Patreksfirði.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða meira en svo, að hann nemi kr. 1000.00. Afgangi höfuðstóls og rentum á hverjum tíma skal varið til bókaþauka og bókaþands. Sjóðurinn tekur við peningagjöfum, bókaþjöfum og áheitum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa, samkvæmt ósk gefendanna, héraðslæknir, sóknarprestur og yfirhjúkrunarkona sjúkrahússins á hverjum tíma, og skiptir stjórnin með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin heldur gerðabók og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana og enn fremur allar gerðir stjórnarinnar, varðandi sjóðinn og bókasafnið.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar jafnan lagðir fyrir sjúkrahúsnefnd til samþykkis, og birtir síðan í sýslufundargerð Vestur-Barðastrandarsýslu.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.



## AUGLÝSING

17

30. jan.

## um lágmarksverð á nýjum fiski.

Samkvæmt lögum nr. 1 14. janúar 1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátautvegsins o. fl., er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1950, skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir:

## Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:

Slægður með haus .....	kr. 0.75	hvert kg.	
Slægður og hauseður .....	— 0.975	—	—
Óslægður .....	— 0.62	—	—
Flattur .....	— 1.11	—	—

## Karfi og keila:

Slægður með haus .....	— 0.29	—	—
Slægður og hauseður .....	— 0.42	—	—

## Ufsi:

Slægður með haus .....	— 0.39	—	—
Slægður og hauseður .....	— 0.52	—	—

## Skötubörð:

Stór .....	— 0.58	—	—
Smá .....	— 0.40	—	—

## Steinbitur:

Í nothæfu standi og slægður með haus ....	— 0.50	—	—
---	--------	---	---

## Skarkoli og þykkvalúra:

I. 1¼ lbs. og þar yfir .....	— 2.08	—	—
II. ¾ lbs. til 1¼ lbs. ....	— 1.73	—	—
III. 250 gr. til ¾ lbs. ....	— 1.27	—	—

## Lúða:

Lúða undir 15 kg .....	— 2.08	—	—
Stórkjafra, langlúra og grálúða .....	— 1.15	—	—
Háfur .....	— 0.23	—	—

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. janúar 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

18 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Gagnfræðaskóla Vesturbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskóla Vesturbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Vesturbæjar.

2. gr.

Stofnfé hans er kr. 100.000, sem stjórn skólafélagsins hefur lagt fram. Í sjóðinn skal renna allur hagnaður, sem verða kann af árhátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, ef veikindi og fjárskort ber að höndum.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en sem nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta hans. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kosnir til árs í senn af nemendum skólans. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, eftir að til hans hefur verið boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og  $\frac{3}{4}$  fundarmanna samþykkt breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 8. marz 1949.

F. h. nemenda Gagnfræðaskóla Vesturbæjar

Guðni Jónsson. Sig. Pétursson. Jón Gunnar.

## REGLUGERÐ

19

1. febr.

## um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

## 1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framleiðendum söluverð það á framleiðslu þeirra í janúar og febrúar 1950, til útflutnings, sem ákveðið er í 2., 4. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

1. Þorsflök með roði, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	kr. 1.53
2. Þorsflök með roði í 1 kg. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.70
3. Þorsflök með roði í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.73
4. Þorsflök, roðlaus, vafin í pergamentpappír, 3 kg eða 7 lbs., 8 í kassa á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.67
5. Þorsflök, roðlaus, í 1 kg öskjum á cellophan, 25 öskjur í kassa á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.83
6. Þorsflök, roðlaus, í 2 lbs. öskjum á cellophan, 25 öskjur í kassa á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.86
7. Þorsflök roðlaus, í 5 lbs. öskjum, cellophanvafið, 10 í kassa 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.92
8. Þorsflök, roðlaus, í 1 kg öskjum, cellophanvafið, 25 öskjur í kassa á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.92
9. Þorsflök, roðlaus, í 2 lbs. öskjum, cellophanvafið, 25 öskjur í kassa á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.95
10. Þorsflök, roðlaus, í 1 lbs. öskjum, cellophanvafið, 50 öskjur í kassa, á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 2.24
11. Ýsflök vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.60
12. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra og lúða) I. 1¼ og þar yfir heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki), 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.70
13. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) II. ¾—1¼ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 st. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.55
14. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) III. 250 g—¾ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki), 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.33
15. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra og lúða), vafinn í pergament, í 7 lbs. öskjum, 8 í ks. 56 lbs. nettó pr. lb. fob. ....	— 3.70

Verð það á flökum af bolfiski, sem hér um ræðir, miðast við að flökin séu þunnildalaus.

## 3. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða hraðfrystihúsunum upp í geymslukostnað kr. 30.00 á mánuði á hverja smálest af frystum fiski, sem framleiddur er í janúar og febrúar 1950, samkv. skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar þessarar. Greiða skal fyrir birgðir eins og þær eru í byrjun hvers mánaðar.

19

		4. gr.	
1. febr.	1.	Porskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. ....	kr. 2.52
	2.	Porskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa II. fl. það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 1. tölul. pr. kg fob. ....	— 2.24
	3.	Porskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa III. fl. pr. kg fob. ....	— 2.02
	4.	Porskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa IV. fl. pr. kg fob. ....	— 1.79
	5.	Porskur og langa, handfiskur undir 12", pr. kg fob. ....	— 2.02
	6.	Ýsa, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. ....	— 2.52
	7.	Ýsa, eigi undir 12", II. fl. það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 6. tölul., pr. kg fob. ....	— 2.24
	8.	Keila, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg. fob. ....	— 1.41
	9.	Keila eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.30
	10.	Keila, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob. ....	— 1.19
	11.	Ufsi, eigi undir 12", I. fl., incl. 30% II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.74
	12.	Ufsi, eigi undir 12", II. fl., pr. kg. fob. ....	— 1.46
	13.	Ufsi, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob. ....	— 1.23

## 5. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða saltfiskeigendum rýrnun á saltfiski, sem framleiddur er til útflutnings í janúar og febrúar 1950, sem hér segir:

Fyrir 1. geymslumánuð	.....	4½%
— 2.	—	3%
— 3.	—	2½%
— 4.	—	1½%

og eftir 4. geymslumánuðinn 1% á mánuði hverjum, þar til fiskurinn hefur verið fluttur út.

Ekki greiðist rýrnun af yngra fiski en eins mánaðar, miðað við lok framleiðslumánaðar, og þann dag, sem fermingu hvers farms er að fullu lokið. Þó skal aldrei greiða minni rýrnun fyrir útfluttan fisk, en sem svarar fyrsta geymslumánuði. Hver byrjaður mánuður telst sem heill mánuður.

Rýrnun greiðist þó því aðeins, að útflytjandi eigi enga sök á drætti þeim, sem verða kann á útflutningi fisksins og enn fremur, að framleiðandi hafi tilkynnt saltfiskframleiðslu sína samkvæmt settum reglum.

## 6. gr.

Porskpunnildi, söltuð, uggalaus, með eða án himnu, fullstaðin, metin og pökkuð í hessian, 25 kg í pakka, pr. kg fob. .... kr. 2.20

## 7. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. til 6. gr. miðast við, að heimilt sé að verðjafna milli fisktegunda og verkunaraðferða, enda gildir þá ábyrgðin sem meðaltalsábyrgð. Óheimilt er að salta ýsu, ef með nokkru móti er unnt að frysta hana eða selja hana ísvarða til útflutnings.

## 8. gr.

Nú verður á árinu 1950 sett löggjöf, sem leysir til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá falla niður allar greiðslur úr ríkissjóði á þær framleiðsluvörur, sem þessi reglugerð tekur til, og andvirði þeirra þá eigi greitt í erlendum gjaldeyri.

## 9. gr.

19

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur ákveðið hversu haga skuli fiskframleiðslu á hverjum stað og tíma með tilliti til hagnýtingar hinna ýmsu fisktegunda, svo og þökkunar, og er þá óheimilt að framleiða aðrar fisktegundir til útflutnings eða verka fiskinn á annan hátt en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um móttöku fisks hjá fiskvinnslustöðvum.

## 10. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr., miðast við að fiskurinn fullnægi á hverjum tíma kröfum fiskmatsins sem I. flokks vara.

## 11. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 4. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

## 12. gr.

Selji hlutasjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum, skal kaupandinn, ef krafizt verður, færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt lágmarksverð á fiskinum, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

## 13. gr.

Allir þeir sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 1/1950 um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátáutvegsins o. fl., tekur til, skulu gefa skýrslu um framleiðslu sína í því formi og svo oft, sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

## 14. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná einungis til þess fisks, sem aflað er af bátáutveginum.

## 15. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd að annast alla framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 1/1950 til að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 25 15. febrúar 1949.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1950.*

Jóhann Þ. Jósefsson.

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

20

3. febr.

fyrir læknavitjanasjóð Þingeyrarlæknishéraðs í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknavitjanasjóður Þingeyrarlæknishéraðs í V.-Ísafjarðarsýslu. Starfssvið hans er: Mýrahreppur — að meðtöldum þeim hluta hans, sem tilheyrir Flateyrlæknishéraði — Þingeyrahreppur og Auðkúluhreppur. Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknavitjanasjóði.

## 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa nefndra hreppa til læknavitjana, eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt og hlynna að heilbrigðismálum héraðsins yfirleitt.

20

3. febr. Í stjórn sjóðsins eru: Sýslumaður V.-Ísafjarðarsýslu og tveir menn kosnir af oddvitum þeirra hreppa, er að sjóðnum standa. Sýslumaður er formaður sjóðstjórnarinnar og gjaldkeri sjóðsins.

3. gr.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur árlega 2 — tveim — krónum á hvern íbúa áður- nefndra hreppa.
2. Tillag hreppanna, er nemur árlega 1 — einni — krónu á hvern íbúa sömu hreppa.
3. Læknisvitjanastyrkir, er veittir kunna að verða.
4. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og eigi síðar en fyrir lok marzmanaðar næsta ár, skulu allir reikningar yfir kostnað þann, er sjóðnum er ætlað að greiða, vera komnir til sjóðstjórnarinnar og skal hún þá úthluta styrkjum úr sjóðnum.

6. gr.

Tekjum sjóðsins má aðeins verja til styrktar íbúum áður- nefndra hreppa vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Njóta þeir að jafnaði styrks úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra. Þó geta þeir ekki vænt styrkja úr sjóðnum, sem ekki hafa orðið fyrir minnst 30 króna kostnaði á árinu. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrk, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á tryggan hátt, en gæta skal þess að það sé jafnan handbært, ef til þarf að taka.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Vestur-Ísafjarðarsýslu árlega.

Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins, áður en tillag sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 3. febrúar 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febr. 1950. 8. febr. 21

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með  $\frac{1}{3}$  hluta eftirlátinna eigna Guðrúnar Danielsdóttur, sem var kennslukona við Miðbæjarskólann í Reykjavík í 35 ár. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðrúnar Danielsdóttur.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 18000 — átján þúsund krónur — í skuldabréfi og kr. 500 — fimm hundruð krónur — í peningum, samtals kr. 18500 — átján þúsund og fimm hundruð krónur —. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt arfleiddsluskrá hinnar látnu, dags. 12. okt. 1939, að styrkja fátæk og heilsuveil börn í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónur — má í þessu skyni verja árlega  $\frac{1}{2}$  vöxtum sjóðsins, en afgangur leggist við höfuðstól.

Þyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert árið að úthluta neinu af vöxtunum, skal leggja þá við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi þeir menn. Skólastjóri og skólalæknir Miðbæjarskólans og formaður fræðsluráðs Reykjavíkur. Úthlutar stjórnin styrkjum úr honum. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — má, með samþykki fræðsluráðs Reykjavíkur breyta framanskráðum ákvæðum um það, hve miklu af vöxtum hans megi úthluta. Þá má aldrei ákveða, að minna en  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn árlega.

Stjórnin skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana samþykktir sínar varðandi ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað, sem máli skiptir.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um að leiði Guðrúnar Danielsdóttur í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík sé jafnan vel við haldið og ber sjóðnum að kosta viðhaldið.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók hans og endurskoðaðir af endurskoðendum Reykjavíkurbæjar.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 22 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Mortens Hansens“,  
8. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febr. 1950.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Mortens Hansens.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af samverkamönnum og nokkrum nemendum Mortens Hansens skólastjóra eftir fráfall hans. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Mortens Hansens.

### 2. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 5800.23 og er geymd í sparisjóðsbók nr. 22571 í Landsbanka Íslands. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

### 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur Miðbæjarskólans til framhaldsnáms. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, skal vöxtum hans varið annað hvert ár í þessu skyni. Styrkinn skal hljóta nemandi í öðrum hvorum efstu bekkja Menntaskólans í Reykjavík, enda hafi hann áður sótt Miðbæjarskólann (eða skóla, sem tæki við af honum) 2 skólaár hið minnsta. Eftir að höfuðstóll er orðinn 20 þús. kr. getur sjóðstjórnin ákveðið að fleiri skuli hljóta styrki.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Miðbæjarskólans, formaður fræðsluráðs Reykjavíkur og rektor Menntaskólans í Reykjavík. Skulu þeir annast vörzlu sjóðsins, sjá um að ávaxta hann og enn fremur hafa á hendi úthlutun úr honum. Stjórnin skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana samþykktir sínar varðandi ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað, er máli skiptir.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók hans og endurskoðaðir af endurskoðendum Reykjavíkurbæjar.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.



## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

23

13. febr.

fyrir Búnaðarfélag Hörgslandshrepps og Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps.

Búnaðarfélag Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svo fellda ræktunarsamþykkt.

### I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðisins og markmið.

#### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði eftirgreindra hreppabúnaðarfélaga: Búnaðarfélags Hörgslandshrepps og Búnaðarfélags Kirkjubæjarhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu.

#### 2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði 5. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu, á opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess gerist þörf, eins og fyrir er mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk, nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluáðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða, nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 2. lið.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur er gert með völtun, vinnslu landsins, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands.

### II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Á almennum fundi í hreppabúnaðarfélagunum skal kjósa einn kjörmann fyrir hverja tíu félagsmenn, til þess að senda á aðalfund ræktunarsambandsins. Þessir kjörmenn kjósa sambandinu þriggja manna framkvæmdastjórn; skal hún kjörin til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

#### 4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslu eftir ávísun formanns.

23

13. febr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og jarðvinnsluvélum, en skylt er henni samkvæmt 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val á vélum.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélnanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á sambandssvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn; getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, sem stjórnin og framkvæmdastjórn gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða aðalfundum ræktunarsambandsins eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

### III. KAFLI

#### Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórn ræktunarsambandsins að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir febrúarlök ár hvert. Skal þar tilgreint hvaða jarðabætur óskað er að séu unnar á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunum fylgi greiðsluskuldbinding frá verkkaupendum um að þeir takist á hendur ábyrgð á greiðslunni fyrir þau verk, sem unnin verða hjá þeim á því ári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund sambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunarinnar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir þær, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

4. Að framræsla bithaga komi því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vél-færu landi. 23  
13. febr.

#### IV. KAFLI

##### Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

###### 13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. — Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

###### 14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalda af þeim, kostnaður við flutninga þeirra á milli vinnustaða, geymsla vélanna, viðhald þeirra, er stafar af eðlilegu sliti, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarverkkostnaði hvers árs.

###### 15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

###### 16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur eða hreppsfélag eða aðra aðila á sambandssvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði í 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni bænda á samþykktarsvæðinu.

###### 17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ágóði er verður af ákvæðisvinnu eða af þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkv. ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

#### V. KAFLI

##### Fjáröflun og tryggingar.

###### 18. gr.

Ræktunarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð 100 þús. krónur — eitt hundrað þúsund krónur —.

1. Einn fjórði þessarar upphæðar greiða búnaðarfélögin sem óafturkræft framlag að jöfnu.
2. Einn fjórða leggja búnaðarfélögin sem lán til stofnsjóðs, einnig að jöfnu.

- 23 3. Helmingur stofnsjóðsins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, sbr. ákvæði 9.  
13. febr. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur það í stofn-  
sjóð jafnóðum og styrktargreiðslur fara fram samkv. ákvæðum téðra laga.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að álitu framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu og tilkynni það hreppabúnaðarfélagunum, áður en að fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi sambandsins ákveða stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélagin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkv. öðrum og fimmta kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er framkvæmdaaðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar  $\frac{3}{4}$  af áætlunum beinum kostnaði þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

## VI. KAFLI

### Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningunum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í einu. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi ræktunarsambandsins, til samþykktar, sem haldinn skal fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

## VII. KAFLI

### Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélagunum, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, er sendir þær til umsagnar til allra þeirra aðila, er að samþykkt þessari standa. Þær skulu síðan, ásamt

umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki 23  
löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, 13. febr.  
skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar stað-  
festingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta  
samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktta verði ekki náð, og lögmætur  
aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðis-  
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 28. gr.

Nú er samþykkt úr gildi felld samkv. 27. gr. og renna þá eignir ræktunarfélags-  
ins til búnaðarféлага Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa. Skiptast þær eftir sömu  
reglum og farið var eftir við framlög til stofnsjóðs ræktunarfélagsins.

## 29. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 30. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráð-  
herra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-  
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir  
frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 171 2. sept. 1947, um barnavernd á Akranesi.

24

30. jan.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akraness er börnum, yngri en 12 ára, eigi  
leyfilegt að vera á almannaferi seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 20. september til  
15. apríl og ekki seinna en kl. 22 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum.  
Foreldrar eða forráðamenn barnanna skulu sjá um, að ákvæðum þessum sé  
framfylgt.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd  
barna og unglinga, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. janúar 1950.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

25

21. febr.

## REGLUGERÐ

um framkvæmd laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

### I. KAFLI

#### Um stjórn landnámsmála.

##### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála, er varða landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, samkvæmt lögum nr. 35 29. apríl 1946 og reglugerð þessari.

##### 2. gr.

Nýbýlastjórn hefur umsjón með framkvæmd laganna, á þann hátt, sem fyrir er mælt í þeim og nánar er tiltekið í reglugerð þessari.

##### 3. gr.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Skal hún með erindisbréfi ákveða starfssvið hans og launakjör, í samræmi við það, sem lögin ákveða.

##### 4. gr.

Landnámsstjóra er skylt að annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum og reglugerð þessari, eftir ákvörðunum nýbýlastjórnar.

Hann boðar stjórnarfundi í samráði við formann og undirbýr málefni fyrir þá.

##### 5. gr.

Landnámsstjóri sér um framkvæmd þeirra rannsókna, er gera þarf til undirbúnings stofnunar nýbýla, byggðarhverfa í sveitum og hliðstæðra framkvæmda fyrir kauptún og kaupstaði. Hann undirbýr, á grundvelli þeirra rannsókna, tillögur um áætlanir við frumræktun lands, staðsetningu einstakra býla og skipulag byggðarhverfa við kaupstaði og kauptún. Honum ber einnig að sjá um, að staðsetning húsa við endurbyggingar sveitabæja sé gerð með tilliti til hagkvæms búreksturs.

##### 6. gr.

Landnámsstjóri skal hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið, sbr. 14. gr.

##### 7. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal veita sérfræðilega aðstoð, eftir nánara samkomulagi milli nýbýlastjórnar og stjórnar búnaðarfélagsins, við mælingu og kortlagningu einstakra jarða og stærri landsvæða, er ætla má að reist verði á byggðarhverfi. Nýbýlastjórn er einnig heimilt að ráða menn til þessara starfa, ef nauðsyn krefur.

##### 8. gr.

Atvinnudeild háskólans skal veita landnámsstjóra sérfræðilega aðstoð, eftir nánara samkomulagi í hvert sinn, með því að framkvæma gróðurfarsrannsóknir og jarðvegsrannsóknir á landi, þar sem stofna á nýbýli eða byggðarhverfi. Lætur landnámsstjóri gera jarðvegsupprætti eftir þeim, er sýni mismun jarðvegsgæða og ræktunarhæfni landsins, á hverjum stað.

II. KAFLI  
Um landnám ríkisins.

25

21. febr.

## 9. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands:

- a. Þar sem stofna skal byggðarhverfi í sveitum.
- b. Þar sem reisa skal einstök býli á landi, sem keypt er í því skyni eða er eign ríkis, bæjar eða sveitarfélaga.
- c. Þar sem stofna skal byggðarhverfi á landi kaupstaða, kauptúna og þorpa, enda sé fyrir fram tryggt að þeir, sem reisa byggð á landinu, reki þar sjálfstæðan búrekstur, annað tveggja hver einstakur eða samrekstur eftir ákvæðum 57. gr., svo og að afhending bæjar- og sveitarfélaga á landinu fylgi ákvæðum laganna og reglugerðar þessarar, um veðhæfi landsins.

Afhandi bæjar- og sveitarstjórnir landið meðan á landnámi stendur, til nýbýlastjórnar ríkisins, með samningi, sem gerður verði um framkvæmd byggðarstofnunarinnar, milli þessara aðila, enda hafi áður verið framkvæmdar þær rannsóknir, sem tilgreindar eru í 10. gr. þessarar reglugerðar.

## 10. gr.

Landnámsstjóri framkvæmir, eins fljótt og við verður komið, yfirlitsrannsókn á skilyrðum í sveitum landsins til stofnunar byggðarhverfa. Skal rannsókn þessi ná til ræktunarskilyrða, annarra landnytja og hlunninda, byggingarskilyrða, aðstöðu til neyzluvatns, jarðhita, rafmagns, samgangna og annarra atriða, er áhrif hafa á afkomu búreksturs í byggðarhverfum.

## 11. gr.

Að lokinni þeirri rannsókn, er 10. gr. getur, gerir landnámsstjóri tillögur til nýbýlastjórnar, hverjir staðir séu álitlegastir til landnáms. Nýbýlastjórn ákveður hvar fullnaðarrannsóknir og undirbúningur að landnámi skuli gert.

## 12. gr.

Undirbúningur að landnámi, sem rikið framkvæmir, skal vera í því fólgin, að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, framkvæma á því hvers konar rannsóknir, sem nýbýlastjórn og landnámsstjóri telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi um framkvæmd landnámsins, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru vegum aðliggjandi byggða og tryggja það, að þeir séu teknir í tölu sýslu- eða hreppavega, að loknu landnámi, og ef reisa skal á því byggðarhverfi, aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur að skipuleggja byggð á landinu og skipta því í samræmi við það.

## 13. gr.

Við fullnaðarrannsókn til undirbúnings ákvarðana um stofnun byggðarhverfa, eða endurskipulagningar, þar sem ráðlegt þykir að þetta byggðina í sveitum, skal eftirgreindum atriðum fullnægt:

1. Uppdrættir skulu gerðir af landi því, er framkvæmdir ná til í mælikvarða 1:2000 eða öðrum, eftir því sem landnámsstjóri ákveður í hvert sinn.
2. Áætlanir séu gerðar um eftirgreind atriði:
  - a. Framræslu og önnur ræktunarmannvirki.

- 25  
21. febr.
- b. Vegakerfi, skipan býlanna og skipting landsins, þar sem ekki verður um samvinnubýggðir að ræða.
  - c. Vatnsleiðslu og skolveiðslukerfi.
  - d. Hitaveitu, ef um jarðhita er að ræða.
3. Jarðvegs- og gróðurfarssóknir, er séu færðar á uppdrætti, og sýni þær tegundir jarðvegs, eðlisástand, efniskosti og sýrustig þess lands, sem ræktunar-áætlanir ná til.
  4. Rannsóknir séu gerðar á neyzluvatni.
  5. Skýrsla sé gefin um aðstöðu til öflunar rafmagns frá almenningsveitu, ella sé rannsókn gerð um skilyrði til sérvirkjunar.
  6. Rannsókuð sé aðstaða til samgangna og markaðsskilyrða.
  7. Tillögur séu gerðar um hverjar framleiðslugreininir skuli helzt valdar með tilliti til tryggjar og arðvænlegrar afkomu búenda, með hliðsjón af framleiðsluþörf innanlands og hagnýtingar markaðsskilyrða fyrir íslenzkar búvörur erlendis.

## 14. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það fer fram, gefinn kostur á að gera grein fyrir hver áhrif hið fyrirhugaða landnám mun hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kaптúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Leita skal einnig umsagnar sveitarstjórnar, ef stofnun nýbýla við skiptingu jarða, eða við sameiningu lands frá fleiri jörðum fer fram, ef það leiðir af sér að breyta þurfi búskaparháttum á jörðum þeim, sem fyrir eru.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

## 15. gr.

Landnámsstjóri útvegar og kaupir samkvæmt ákvörðun nýbýlastjórnar, vinnuvélar vegna framkvæmda landnámsins, svo sem skurðgröfur, lokræsagröfur, dráttarvélar, vegagerðaráhöld og önnur tæki, er stuðlað geta að hröðum og ódýrum framkvæmdum. Hann ræður starfsmenn og verkamenn til þessara framkvæmda svo og verkstjóra og hefur yfirumsjón með störfum þessara manna.

Nýbýlastjórn getur heimilað landnámsstjóra að semja við vélasjóð, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd og ræktunarfélög, sem starfa samkvæmt jarðræktarsamþykktum, sbr. lög nr. 7 12. janúar 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa land til ræktunar, þar sem reisa á einstök býli, eða landskipti eru gerð á fleiri jörðum til að auka þéttbýli í sveitum, enda sé tryggt í samningum, að verkið sé framkvæmt á þeim tíma, er landnámsstjóri ákveður.

Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar sem við verður komið fullkomnum vélum og hagkvæmir samningar nást við nefnda aðila. Landnámsstjóri skal hafa allt eftirlit með framkvæmd samningsins.

## 16. gr.

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar, skal það leigt á erfðaleigu, einstaklingum eða byggðarfélögum, og fer um leiguskilmála samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, um öll þau atriði, sem ekki eru ákveðin með fyrirmælum V. kafla 60. gr. þessarar reglugerðar. Leigan skal þó ætíð vera miðuð við þá kosti, sem landið bíður til búreksturs. Skal nýbýlastjórn ákveða leiguna að fengnum tillögum landnámsstjóra.

## 17. gr.

Nú hefur nýbýlastjórn ákveðið stofnun byggðarhverfis innan takmarka hrepps eða bæjarfélags, og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnir óska að hafa hlutdeild



um stofnun þess, og itök um að ráða vali búenda, er þá nýbýlastjórn heimilt, ef 25  
hagkvæmir samningar nást, að semja við þessa aðila um að taka að sér framkvæmdir, 21. febr.  
svo sem þurrkun landsins, vegagerðir, lagningu skolpræsa og frumræktun lands.  
Þau bæjar- eða sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þá tryggja nægilegt fé  
til framkvæmdanna, að dómi nýbýlastjórnar, að svo miklu leyti sem framlög sam-  
kvæmt lögnum og væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til, eftir áætlun  
landnámsstjóra og Búnaðarfélags Íslands.

#### 18. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu, er nefnist nýbýlanefnd.  
Skulu tveir þeirra tilnefndir á aðalfundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal  
þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án til-  
nefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára.  
Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðu-  
neytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmd-  
um, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögnum og reglugerð þessari. Einnig að hafa  
eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerðar, sem um  
þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er  
óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðarfélag, og þeim bændum, er eigi fá aðstoð  
til bygginga samkvæmt ákvæðum laga nr. 35/1946, sökum þess að jarðir þeirra eru  
eigi hæfar til framtíðar búsetu, sbr. ákvæði 67. gr. þessarar reglugerðar.

#### 19. gr.

Nýbýlastjórn ákveður með erindisbréfi verksvið nýbýlanefnda sýslanna.  
Þóknun fyrir störf formanns greiðist af nýbýlastjórn, eftir reikningum, er hún  
úrskurðar. Hlutaðeigandi búnaðarsambönd greiða þóknun sinna nefndarmanna.  
Ferðakostnaður greiðist af nýbýlastjórn, þegar ferðirnar eru farnar að tilhlutun  
hennar.

### III. KAFLI

#### Um Byggingarsjóð.

#### 20. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður. Stofnfé sjóðsins er:

- a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og sjóðirnir voru, er lögin öðluðust gildi.
- b. Lán, sem ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust þannig, að stofnféð nemi alls 10 milljónum króna 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 milljónum króna næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.

#### 21. gr.

Tilgangur Byggingarsjóðs er að stuðla að bættum húsakynnum í sveitum. Í því skyni veitir hann lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, samkvæmt IV. kafla laganna, til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum, samkvæmt V. kafla, og á nýbýlum samkvæmt VI. kafla laganna.

#### 22. gr.

Starfsfé sjóðsins er stofnfé hans, samkvæmt 12. gr. laganna, árlegar tekjur hans samkvæmt 13. gr., svo og það fé, er fæst við lántöku eða útgáfu bankavaxtabréfa, samkvæmt 16. gr.

25

21. febr.

Byggingarsjóður gefur út vaxtabréf. Þau skulu gefin út til handhafa, en heimilt er að nafnskrá þau í bókum sjóðsins. Bréfin eru því aðeins skuldbindandi, að þau séu undirrituð af stjórn sjóðsins og fjármálaráðherra hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsingu ríkissjóðs. Vaxtabréfin skulu gefin út í flokkum, og skal hverjum flokki lokið áður en 5 ár eru liðin frá því hann var opnaður.

24. gr.

Fjárhæð vaxtabréfa Byggingarsjóðs skal vera 500 kr., 1000 kr., 5000 kr. og 10000 kr., og bera 500 kr. bréfin bókstafsmerkið A, 1000 kr. bréfin B, o. s. frv. Bréfin innan hvers bókstafsmerkis skulu merkt í áframhaldandi töluröð.

Vaxtabréfunum skulu fylgja vaxtamiðar fyrir öll árin frá því þau eru afhent og til þess tíma, er innlausn bréfanna í þeim flokki á að vera lokið. Útdrátt úr reglugerð þessari skal prenta á bréfin.

25. gr.

Af vaxtabréfum Byggingarsjóðs skal á ári hverju svara vöxtum og ákveður landbúnaðarráðherra, í samráði við stjórn sjóðsins, vextina fyrir hvern flokk bréfanna og skulu þeir prentaðir á bréfin. Vextir greiðast 2. janúar ár hvert eftir á fyrir eitt ár í senn.

26. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

27. gr.

Tekjuafgangur leggst við höfuðstól.

28. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum Byggingarsjóðs er:

1. Skuldabréf þau, er Byggingarsjóður fær frá lántakendum.
2. Höfuðstóll Byggingarsjóðs.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

29. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla, jafnt í byggðarhverfum sem til einstakra býla, skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar, enda skal nýbýlastjórn hafa látið fara fram rannsókn á landi og búrekstursskilyrðum býlanna og gefið samþykki sitt til stofnunar þeirrar.

30. gr.

Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

31. gr.

Fé Byggingarsjóðs má eingöngu lána til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í sveitum, sem hér segir:

- a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum.
- b. Til byggingar íbúðar- og peningshúsa í byggðarhverfum.
- c. Til byggingar íbúðar- og peningshúsa á nýbýlum, sem reist verða samkvæmt VI. kafla laganna.

## 32. gr.

Lán úr Byggingarsjóði eru veitt með þessum skilyrðum:

I. Þegar um endurbygging íbúðarhúsa á gömlum sveitabýlum er að ræða:

25

21. febr.

1. Að húsið sé gert úr góðu og viðurkenndu byggingarefni, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af Teiknistofu landbúnaðarins, og sé gerð hússins.
2. Að lögð sé fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og sanni sú lýsing, að endurbyggingar sé full þörf.
3. Að nýbýlastjórn hafi sannfært sig um, að býlið sé til frambúðar og hið fyrirhugaða íbúðarhús sé við hæfi býlisins, og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, símalagnir, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggðarinnar, að bæjarhús séu færð, getur stjórn Byggingarsjóðs gert það að skilyrði fyrir lán-töku til endurbyggingar úr sjóðnum, að það sé gert, en þá öðlast býlið jafnframt rétt til láns úr sjóðnum til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér nauðsyn þess, að dómi nýbýlastjórnar, að peningshús séu líka færð úr stað.

4. Að húsið sé allt byggt að nýju, eða að gamla húsið sé endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð.

II. Þegar um lán til byggðarhverfa er að ræða:

1. Að undirbúningi landnáms sé lokið.
2. Að fyrir liggja skipulagsupprættir byggðarinnar staðfestir af nýbýlastjórn.
3. Að fyrir liggja teikningar af húsum þeim, sem byggja á og áætlanir um kostnað þeirra, staðfestir af nýbýlastjórn.

III. Þegar um lán til nýbýla er að ræða:

1. Að stofnun nýbýlisins hafi verið samþykkt af nýbýlastjórn.
2. Að húsakostur sé við hæfi þess búreksturs, sem unnt er að hafa á býlinu og séu húsin úr góðu viðurkenndu byggingarefni og gerð hússins utan og innan samþykkt af Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn sjóðsins.

## 33. gr.

Lán úr Byggingarsjóði mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans eftir tillögum Teiknistofu landbúnaðarins. Tillögur sínar um byggingarkostnað skal teiknistofan gera með hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum og tilliti til sérstaks flutningskostnaðar á efni, innlendu og erlendu, á hverjum stað.

Hámark láns (75% af kostnaðarverði húss) skal þó alltaf miða við stærð þess húss, er nýbýlastjórn telur hæfilegt miðað við nauðsynlegan búrekstur á hlutað-eigandi jörð.

## 34. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs telur fullnægt skilyrðum fyrir lánveitingu samkvæmt 14. gr. laganna, er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, eftir því sem verkinu miðar áfram, allt að 60% af útlögðum byggingarkostnaði á hverjum tíma, þó ekki yfir 80% af hinu áætlaða persónlega láni, gegn hinum sömu tryggingum og verða fyrir endanlega láninu eða persónulegum ábyrgðum að auki, ef stjórn sjóðsins krefst þess. Vextir af bráðabirgðalánunum skulu vera 5% á ári og greiðast eftir á.

Ef vanefndir verða á fullnaðarframkvæmdum skulu bráðabirgðalánin talin fallin í gjalddaga og má þá ganga að veðinu.

25

21. febr.

Lán þau, sem sjóðurinn veitir, skulu greidd með árlegum jöfnum greiðslum og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%.

Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán til hve langs tíma það er veitt.

Stjórn sjóðsins skal, í samráði við nýbýlastjórn, flokka byggingar og ákveða meðallánstíma fyrir hvern flokk, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar.

Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

36. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði fallið í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

37. gr.

Þegar lán eru fallin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á. Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

38. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

#### IV. KAFLI

##### Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.

39. gr.

Umsóknir um lán til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu sendar til bankastjóra Búnaðarbankans og skulu fylgja áskilin gögn, samkvæmt 32. gr. þessarar reglugerðar.

40. gr.

Lán úr Byggingarsjóði, til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum, skulu veitt með þeim skilyrðum, er um ræðir í 32. gr.

41. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að ákveða að þeir umsækjendur að öðru jöfnu gangi fyrir lánnum til endurbygginga, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar og sett þau skilyrði um byggingar, sem hún telur þurfa, til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

42. gr.

Telji lánbeiðandi sér ekki fært, vegna efnaskorts eða af öðrum ástæðum, að ráðast í að endurbyggja nema ákveðinn hluta íbúðarhúss síns, má því aðeins veita

lán til þess, að slík bygging sé skynsamleg að áliti teiknistofunnar og nýbýlastjórna-  
ar, til að við hana verði byggt síðar.

25  
21. febr.

## V. KAFLI

### Um byggðarhverfi.

#### 43. gr.

Byggðarhverfi nefnist í reglugerð þessari minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir skipulagi fyrir fram ákveðnu af nýbýlastjórni.

Þegar reist er byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið, samkvæmt 4.—10. gr. laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og lokið er undirbúningi landnámsins, samkvæmt 12. gr. þessarar reglugerðar, þá skal landnámsstjóri, í samráði við nýbýlastjórni, gera áætlun um kostnað við stofnun byggðarhverfisins. Áætlun þessi skal ná til eftirgreindra atriða:

1. Kostnaðaráætlun sameiginlegra framkvæmda, að því leyti sem þær þá ekki eru fullgerðar samkvæmt 12. gr. þessarar reglugerðar.
2. Kostnaðaráætlun um fullnaðarræktun þess lands, sem býlum í byggðarhverfinu er ætlað að hafa. Til ræktunarkostnaðar teljast einnig nauðsynlegar girðingar um ræktunarlöndin.
3. Kostnaðaráætlun um byggingar. Nær það til íbúðarhúsa, nauðsynlegustu peningshúsa, svo og annarra húsa, sem nauðsynleg teljast vegna þess búskapar, sem áætlað er að hafa á jörðinni.
4. Kostnaðaráætlun um þörf byggðarinnar fyrir vélar og vinnutæki.

#### 44. gr.

Landnámsstjóri sér um framkvæmd þeirra áætlana, er í 41. gr. getur, eftir að þær hafa hlotið staðfestingu nýbýlastjórna, og hún hefur samþykkt að hefja framkvæmdir.

#### 45. gr.

Undirbúningur landnáms telst fullgerður:

1. Að loknum grefti opinna skurða og lokræsa á landi því, sem nema á, svo að framræsla landsins sé fullnægjandi fyrir varanlega ræktun, að dómi héraðsráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
2. Að loknum vegagerðum frá aðliggjandi aðalvegum til byggðarhverfisins og nauðsynlegum vegum innan hverfisins, þar með taldir ræktunarvegir, enda séu vegir þessir áætlaðir á skipulagsupprætti byggðarinnar.
3. Að fullgerðum aðalæðum fyrir vatn og skolp, eins og þær eru áætlaðar á staðfestum skipulagsupprætti.

#### 46. gr.

Landnámi telst lokið þegar landnámsstjóri hefur fullgert ræktun 5 ha lands á hverju býli, eða undirbúningi lands til kornræktar og garðyrkju, er hefur tilsvarendi gildi fyrir búrekstur og þessi túnstærð, og byggingar eru fullgerðar, á þann hátt, er áætlanir mæla fyrir um.

#### 47. gr.

Til fullnaðarræktunar lands teljast fjárheldar girðingar um ræktunarlandið, jarðvinnsla, þar með talin nauðsynleg jöfnun lands, endurvinnsla lands, forræktun, ef hún telst nauðsynleg að dómi landnámsstjóra, nauðsynlegar sáðvörur og áburður, sáning, dreifing áburðar og vinna við fullnaðarfrágang ræktunarinnar.

25

21. febr.

Byggingar teljast fullgerðar, er frá þeim hefur verið gengið í samræmi við uppdrætti, staðfesta af nýbýlastjórn, enda hafi þeir verið gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins og ber að hlíta fyrir mælum hennar um efnisval og framkvæmd byggingar að öllu leyti.

48. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt 12. gr. og enn fremur af undirbúningsrannsóknnum samkvæmt 13. gr. þessarar reglugerðar, skal greiddur af fé því, sem veitt verður í fjárlögum samkvæmt ákvæðum II. kafla, 4. gr. laga nr. 35/1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

49. gr.

Hverju býli í byggðarhverfi skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands. Stærð beitilands skal miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er í byggðarhverfinu. Við ákvörðun um stærð beitilands skal tekið tillit til, að hve miklu leyti ræktað beitiland kemur til notkunar.

50. gr.

Nú eru skilyrði sérstaklega góð til garðræktar eða staðhættir þannig, að vermi-ræktun getur verið hagkvæm, svo og ef önnur sérstök hlunnindi eru til staðar eða aðstaða til að búendur stundi búskap, er eigi þarfnast nema takmarkaðra landafnota, svo sem alifuglarækt, þá fer það eftir mati nýbýlastjórnar í samráði við nýbýlanefndir sýslanna hver lágmarksstærð býlanna skal vera.

Sama réttar njóta býli í hverju byggðarhverfi, sem minna land hafa, ef ábúendur hafa sem aðalvinnu handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið og nágrenni þess.

51. gr.

Um skrásetning landamerkja fer samkv. ákvæðum gildandi laga, eins og þau eru á hverjum tíma, og skulu þau þinglesin.

Um skrásetning landskipta, sem gerð eru af landnámsstjóra, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 46 frá 27. júní 1941, landkiptalög.

52. gr.

Kostnaður við túnræktun, sbr. 46. gr., að því leyti sem jarðræktarstyrkur ekki hrekkur til, skal greiddur af fé því, er til landnámsins er ætlað samkv. 4. gr. II. kafla laga nr. 35/1946.

53. gr.

Landnámsstjóri fær lán úr Byggingarsjóði, allt að 75% kostnaðar til íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra nauðsynlegra bygginga í byggðarhverfum. Hinn hluti kostnaðar greiðist af viðkomandi byggðarfélagi.

54. gr.

Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar, eða til leigu og ábúðar. Forgangsrétt til kaups eða leigu skulu bændur eða bændasynir hafa, á þeim jörðum er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, svo og ábúendur á jörðum, sem samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 54 frá 4. júlí 1942 verða að víkja af jörðum sínum, vegna þess þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

## 56. gr.

25

Deir, sem óska að kaupa eða taka á leigu býli í byggðarhverfi, er ríkið hefur numið, skulu láta fylgja umsóknum sínum eftirgreind skilríki:

21. febr.

1. Aldursvottorð.
2. Vottorð um að umsækjandi sé fullveðja og fjár síns ráðandi.
3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra, um að umsækjandi sé reglusamur og ráðdeildarmaður.
4. Vottorð um að hann hafi lokið verklegu og bóklegu prófi frá bændaskóla, eða að hann hafi stundað landbúnaðarstörf minnst 2 ár eftir 16 ára aldur.

## 57. gr.

Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Það skal setja sér samþykkt. Í henni skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
  - b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir, og hver verkefni því er heimilt að taka að sér.
  - c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lögmeði þeirra.
  - d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
  - e. Hvort rekinn skuli alger samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti.
  - f. Hvaða stofnanir í byggðinni, byggingar, vélar eða önnur tæki skuli vera félags eign.
  - g. Ákvæði um hvernig háttað skuli samnotkun félagseigna, er við koma búrekstri í byggðinni.
  - h. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér, og hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr.
    - i. Heimildir til fjáröflunar og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
    - j. Bókhald félagsins og endurskoðun.
  - k. Breytingar samþykkt, félagsslit og hvernig eignum skuli ráðstafað.
- Samþykkt skal vera staðfest af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum landnámsstjóra.

## 58. gr.

Þegar býli í byggðarhverfum eru seld, skal í sölusamningi taka fram hverjar skyldur og réttindi fylgi býlinu við sölu þess, samkvæmt ákvæðum laga nr. 35/1946, reglugerðar þessarar og samþykkt þess byggðarfélags, er viðkomandi jörð telst til. Skrá skal lýsingu jarðar, húsa og mannvirkja við afhendingu býlisins, svo og kostnaðarverð. Til kostnaðarverðs telst ræktun landsins og byggingarkostnaður. Ekki skal til kostnaðar talinn neinn hluti sameiginlegs landnámskostnaðar byggðarhverfisins.

## 59. gr.

Nú vill eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi selja býli sitt. Hefur Byggingarsjóður þá forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði, að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé sannað fyrir nýbýlastjórn, að væntanlegur kaupandi hafi hæfni til að taka að sér búrekstur, að dómi viðkomandi hreppsnefndar, og að hann gerist þar sjálfur ábúandi. Breytingar á ábúð vegna erfða tilfynnist landnámsstjóra og skal erfðaaðili, er við tekur, láta fylgja sömu vottorð um hæfni, og tilgreind eru í 56. gr.

## 60. gr.

Í byggingarbréfum ábúenda í byggðarhverfum skal meðal annars eftirfarandi tekið fram:

- 25 1. Að býlið sé leigt á erfðaleigu.  
 21. febr. 2. Landamerkjalyking, landstærð jarðar og ræktaðs lands, hverjar byggingar og önnur mannvirki fylgi býlinu.  
 3. Hverjar kvaðir eða skyldur hvili á býlinu.  
 4. Hver hlunnindi eða sérstök réttindi fylgi ábúðinni.  
 5. Hver réttindi og skyldur hvili á býlinu samkvæmt ákvæðum byggðarhverfis-samþykktar.  
 6. Skyldur ábúanda um fullnaðarræktun jarðarinnar samkvæmt lögum og byggðarhverfissamþykkt.  
 7. Hvert sé afgjald jarðar, gjalddagi þess, hvernig og hverjum það sé greitt.  
 8. Að lögtaksréttur sé á afgjaldi samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.  
 9. Um viðhaldsskyldu ábúenda á ræktunarmannverkjum og byggingum.  
 10. Að ábúandi sé skyldur sjálfur að búa á jörðinni.  
 11. Hverjar sakir varða réttindamissi samkvæmt ákvæðum laga nr. 35/1946 og þessarar reglugerðar, svo og ákvæða laga nr. 116 frá 30. des. 1943, um erfðaábúð og óðalsrétt, að því er tekur til almennra atriða varðandi erfðaleigu.  
 12. Að ábúanda beri að greiða alla skatta og skyldur af jörðinni, að lögum, svo og váttryggingargjöld.

## 61. gr.

Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagi, ef um samvinnubúrekstur er að ræða —, skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k.  $\frac{1}{10}$  hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum bar skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar svo sem lög og reglugerðir mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

## 62. gr.

Ef eigandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða ábúðar á býlinu samkvæmt 36. og 37. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati.

## 63. gr.

Bygðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir:

1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum.
2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúsa, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra.

## 64. gr.

Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fram fara rannsókn á landinu.

Nú leiðir sú rannsókn í ljós, að skilyrði eru góð til stofnunar byggðar, skal þá leitað umsagna viðkomandi hreppsnefnda og nýbýlanefndar viðkomandi sýslu um málið. Um ákvörðun hvort byggðarhverfi skuli reist og framkvæmdir allar, fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð þessari, varðandi byggðarhverfi á landi ríkisins.



Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfis, skulu eiga **25** þess kost að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkvæmt lögum nr. 35/1946 **21. febr.** og reglugerð þessari, að jöfnum kostnaði og hægt er að gera slíkt á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið.

#### 65. gr.

Þegar þeim undirbúningi er lokið, er um getur í 64. gr., skal félaginu fengið landið til byggðar. Heimilt er nýbýlastjórn, áður en undirbúningur landnámsins er hafinn, að krefjast trygginga er hún metur gildar fyrir því, að aðilar hafi umráð yfir fé til fullnaðarfrankvæmda, enda ber þeim að hlýta ákvörðun nýbýlastjórnar um frankvæmdir í hvívetna.

### VI. KAFLI

#### Um nýbýli.

#### 66. gr.

Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða, sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið, til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá afmarkað land með ákveðnum landamerkjum, að því er tekur til túns, engja og ræktanlegs lands, en beitiland má vera óskipt, ef hentara þykir að hagnýta það þannig. Þar, sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótverkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 15. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

#### 67. gr.

Undanskildar ákvæði 66. gr. eru þó jarðir, sem samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 54 frá 4. júlí 1942, jarðræktarlög, eru álitnar, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands eða landnámsstjóra, sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, vegna hættu af landspjöllum, svo sem stórfelldu sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti, svo og ef þær liggja mjög illa við samgöngum, eða eru svo einangraðar, að þær álitast sérstaklega óhægar til búreksturs. Úrskurðarvald um þessi ákvæði hefur landnámsstjóri, en leita skal hann umsagnar nýbýlanefndar viðkomandi sýslu.

#### 68. gr.

Við stofnun nýbýla úr einstökum jörðum, þar sem félagsræktun verður ekki við komið eða fljótverkustu jarðvinnsluvélum, samkv. 10. gr. laga nr. 35/1946, eða býlin falla ekki undir ákvæði sömu laga um byggðarhverfi, skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hverju býli, nær það til framræslu lands, vatnsleiðslu, vegagerðar að býlinu frá næsta vegi eða heimreið að aðalbýlinu svo og skolpræsa. Enn fremur til ræktunar 5 ha, ef um býli á óræktuðu landi er að ræða, ella á mismun þeirrar ræktunar, er býlið fær við landskipti og þessari landstærð.

Slík greiðsla sé þó ætíð miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

Nú ber nauðsyn til að ákveða slíka greiðslu áður en fyrir hendi er vitneskja um hver þessi meðalkostnaður er, og heimilast þá nýbýlastjórn að ákveða greiðsluna með hliðsjón af kostnaðaráætlun, er landnámsstjóri gerir að undangenginni rannsókn á hverjum stað.

25

21. febr.

69. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, er samþykkt hefur verið stofnun nýbýla, að taka að sér þann undirbúning, er um ræðir í 68. gr., eða greiða stofnanda nýbýlis styrk af fé því, er um ræðir í 66. gr., þannig að hann greiðist smám saman eftir því sem undirbúningi og ræktun miðar áfram. En gefa verður stofnandi nýbýlisins nýbýlasjóði fyrsta veðrétt í landi býlisins til tryggingar að síðar verði reistar þær byggingar á landinu, er áskildar voru í upphafi af nýbýlastjórn og ekki síðar en þegar öllum undirbúningi er lokið, enda sé honum haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi nýbýlastjórnar.

Verði vanefndir á þessu af hendi stofnanda nýbýlisins, er honum skylt, ef þess er krafist, að endurgreiða að fullu þann styrk eða andvirði þeirrar vinnu, er hann hefur fengið til undirbúnings stofnun býlisins, ásamt 5% vöxtum frá útborgunardegi.

70. gr.

Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými, að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og nota nútíma tækni. Við skiptingu jarðar skal eftirfarandi atriða gætt:

1. Að skiptingin sé gerð í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 46 27. júní 1941.
2. Að skiptagerningur fullnægi ákvæðum 12. og 13. gr. sömu laga, ef þær aðstæður eru til staðar, sem þar er gert ráð fyrir.
3. Eigi má skipta ræktuðu landi jarðar, er minna tún hefur en 8 ha.

71. gr.

Lágmarksstærð ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þó er heimilt að byrja að reisa býli, þegar undirbúningi ræktunar er lokið á þessari landstærð eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, eru fyrir hendi og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands eða annarra landgæða, sem eru ígildi þessa ræktunarlands eða beitilands.

72. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög nr. 35/1946 veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að fara fram samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. þessarar reglugerðar.

73. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Ber umboðsmönnum ríkissjóðsjarða, sem ekki eru ákveðnar sem embættisbústaðir eða ábúð þeirra ákveðin með sérstökum lögum, að tilkynna nýbýlastjórn ábúðarlausn þeirra, en hún lætur fram fara athugun á, hvort skipting þeirra til stofnunar nýbýla komi til greina.

Á sama hátt er nýbýlastjórn heimilt að láta reisa nýbýli á sandgræðslusvæðum ríkisins, þegar þau hafa verið grædd svo að dómi sandgræðslustjóra, að áhættulaust er að framkvæma ræktun á þeim og reisa þar byggð, en sett getur sandgræðslustjóri skilyrði um notkun landnytja á slíkum stöðum. Einnig er nýbýlastjórn heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal undirbúningur að stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum eins.

74. gr.

Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verður að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

## VII. KAFLI

## Um eftirlit og viðhaldsskyldu o. fl.

25

21. febr.

## 75. gr.

Byggingarfulltrúar í sýslum, sem skipaðir eru samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1948, skulu, með aðstoð byggingarnefnda í sveitum, hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum þeim, sem lán eru veitt til úr Byggingarsjóði. Skal eftirliti þessu hagað eftir fyrirmælum Teiknistofu landbúnaðarins. Í þeim sýslum, er eigi hafa sett sér byggingarsamþykkt eða skipað byggingarfulltrúa, getur nýbýlastjórn falið nýbýlanefnd eða öðrum eftirlit þetta.

## 76. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkvæmt reglugerð þessari.

Í skýrslur þessar skal greinilega skrá upplýsingar um eftirgreind atriði:

1. Hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt.
2. Hver kostnaður hefur orðið við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins. Um býli stofnuð samkvæmt VI. kafla, skal skrá tilsvareandi kostnað við undirbúning býlisins, og framlög þau er til þess verða greidd af nýbýlastjórn.
3. Hver ræktunarkostnaður er, sundurliðað í framræslukostnað, jarðvinnslukostnað, áburð og sáðvörur, enn fremur annar kostnaður.
4. Hver byggingarkostnaður er, sundurliðað fyrir íbúðarhús, peningshús og aðrar byggingar.
5. Lánsfjárhæðir veittar til bygginganna og hvernig lánin hafa greiðzt.
6. Framlag eigenda og ábúenda til framkvæmdanna.
7. Aðrar upplýsingar varðandi stofnun býlisins, svo sem landstærð og landlýsingu.

## 77. gr.

Nýbýlastjórn getur lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er fær lán úr Byggingarsjóði, að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Búreikningar þessir skulu gerðir upp af Búreikningaskrifstofu ríkisins, er lætur nýbýlastjórn í té árlega samrit af reikningunum.

Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánnum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum, skal nýbýlastjórn birta svo oft, sem ástæða þykir til, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

## 78. gr.

Skýlt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna. Skulu þær halda nákvæmar skýrslur um ásigkomulag bygginganna, og njóta við starf sitt stuðnings bygginganefnda og skýrslna þeirra, er þær færa um ástand og viðhald bygginga í hverri sveit. Nýbýlanefnd ber að tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef viðhaldi er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

## 79. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 30. gr. laga nr. 35/1936, hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrn-

25. febr. 25 ingar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ef Byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum laga nr. 35 29. apríl 1946, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kostnaðarverði.

## VIII. KAFLI

### Um teiknistofu.

#### 80. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

#### 81. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Byggingarsjóði, eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins, og veita lán til byggingar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

#### 82. gr.

Forstöðumaður teiknistofunnar hefur yfirumsjón með störfum bygginganefnda í sveitum og byggingarfulltrúa í sýslum.

Rísi ágreiningur milli þessara aðila og þeirra, sem að byggingum í sveitum standa, fellir hann fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

#### 83. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins veitir landnámsstjóra aðstoð við undirbúning að stofnun byggðarhverfa, að því er varðar skipulag byggðarinnar og staðsetningu bygginganna. Staðsetning íbúðar- og peningshúsa á einstökum nýbýlum skal, eftir því sem við verður komið, einnig gert í samráði við teiknistofuna.

#### 84. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins gefur út reglur og leiðbeiningar um húsabyggingar í sveitum, að því er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu, járnbindingu hennar, styrkleika máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu, raf-lagnir o. fl., og eru þær bindandi fyrir alla aðila, eftir því sem teiknistofan ákveður.

#### 85. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekkleigust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr. laganna, svo og stjórnir byggingarféлага verkamanna og samvinnubyggingarféлага skulu endurgjaldslaut fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

## 86. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðs-skóla eða annars staðar, til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagna-gerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teikni- stofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

25

21. febr.

## 87. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leið- beiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

## 88. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teikni- stofunnar samkv. erindisbréfi, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum bankastjórnar Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar. Forstöðumaður ræður sér mann til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

## 89. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbýgginga í sveitum, sbr. 45. gr. laga nr. 35/1946. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til bygginganna.

## 90. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Árni G. Eylands.*

## REIKNINGUR

26

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1949.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 3007.46	
		kr. 5007.46
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 100.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 125.85	
		— 225.85
		<b>Kr. 5233.31</b>

26

## Gjöld:

Eign í árslok:		
a.	Veðdeildarbréf .....	kr. 2000.00
b.	Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 3233.31
		<hr/>
		kr. 5233.31
		<hr/>
		Kr. 5233.31

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1950.

Sigurgeir Sigurðsson.

27

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands 1949.

## Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun .....	kr. 1643991.25
2.	Innlög á árinu .....	— 170885.23
3.	Vextir á árinu:	
	a. Af lánum .....	kr. 18062.69
	b. — skuldabréfum .....	— 42475.50
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 6935.91
		<hr/>
		— 67474.10
4.	Endurgreitt af lánum .....	— 25850.93
5.	Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	— 110000.00
6.	Til jafnaðar við gjaldalið 4 .....	— 51310.93
		<hr/>
		Kr. 2069512.44

## Gjöld:

1.	Úttekið af innstæðum .....	kr. 202976.21
2.	Lán veitt á árinu .....	— 110000.00
3.	Kostnaður .....	— 6427.00
4.	Vaxtaafgangur .....	— 51310.93
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4 .....	— 25850.93
6.	Eign í árslok:	
	a. Í lánum kirkna .....	kr. 474689.95
	b. Í verðbréfum .....	— 876250.00
	c. Í Landsbanka Íslands .....	— 322007.42
		<hr/>
		— 1672947.37
		<hr/>
		Kr. 2069512.44

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 16. janúar 1950.

Sigurgeir Sigurðsson.

## SKÝRSLA

28

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1949.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1948		Tekið út		Eign í árs- lok 1949	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
<b>N.-Múlaprófastsdæmi:</b>						
1. Skeggjastaðakirkja ..	9456.87	2083.50	4077.88	344.29	7806.78	
2. Hofteigskirkja .....	3775.13	—	—	151.01	3926.14	
3. Kirkjubæjarkirkja ..	12282.20	—	—	491.28	12773.48	
4. Hjaltastaðarkirkja ...	3682.87	—	—	147.31	3830.18	
5. Eiðakirkja .....	2293.26	—	—	91.73	2384.99	
6. Ásskirkja í Fellum ..	8348.85	—	—	333.95	8682.80	
7. Valbjófsstaðarkirkja .	1369.51	—	—	54.78	1424.29	
8. Hofskirkja í V.f. ....	3035.44	—	—	121.42	3156.86	
9. Sleðbrjótiskirkja .....	1491.57	—	—	59.66	1551.23	
10. Möðrudalskirkja .....	—	25.00	—	0.17	25.17	
11. Húsavíkurkirkja .....	—	1041.66	—	0.84	1042.50	
12. Bakkagerðiskirkja ...	—	541.67	—	0.84	542.51	
13. Njarðvíkurkirkja .....	—	541.67	—	0.84	542.51	
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>						
14. Vallanesskirkja .....	9.31	—	—	0.37	9.68	
15. Þingmúlakirkja .....	988.29	—	—	39.53	1027.82	
16. Klippstaðarkirkja ...	945.37	—	—	37.81	983.18	
17. Vestdalseyrarkirkja ..	40.55	50.00	—	2.27	92.82	
18. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	—	—	—	2.45	
19. Neskirkja í Norðf. ...	271.91	—	—	10.88	282.79	
20. Stöðvarkirkja .....	21.01	—	—	0.84	21.85	
21. Eydalakirkja .....	13146.88	—	—	525.88	13672.76	
22. Hofskirkja í Álftaf. .	818.53	—	—	32.74	851.27	
23. Kolfreyjustaðarkirkja	1780.08	10.00	—	71.46	1861.54	
24. Djúpavogskirkja .....	125.00	—	—	5.00	130.00	
25. Berufjarðarkirkja ...	125.00	—	—	5.00	130.00	
26. Berunesskirkja .....	125.00	—	—	5.00	130.00	
<b>A.-Skaftafellsprófastsd.:</b>						
27. Stafafellskirkja .....	6957.05	—	—	278.28	7235.33	
28. Einholtskirkja .....	1.24	—	—	—	1.24	
29. Kálfafellsstaðarkirkja	85.18	—	—	3.41	88.59	
30. Hofskirkja í Öraefum	12607.72	—	—	504.31	13112.03	
31. Kirkjusjóður Hafnar í Hornafirði .....	18972.64	3500.00	—	758.91	23231.55	
32. Bjarnanesskirkja .....	1235.00	—	—	49.40	1284.40	

Kirkjur	Eign í árs- lok 1948		Lagt inn		Tekið út		Vextir		Eign í árs- lok 1949	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
<b>V.-Skaftafellsprófastsd.:</b>										
33. Prestsbakkakirkja ...	10998.01	—	—	—	—	—	439.92	—	11437.93	—
34. Reyniskirkja .....	2616.93	—	—	—	—	—	104.68	—	2721.61	—
35. Grafarkirkja .....	5991.21	—	50.00	—	—	—	240.15	—	6281.36	—
Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfræstur 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## B. Jarðsímálínur.

Séu jarðsímálínur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en árleg leiga á hvern km vera þessi:

1. Fyrir 1 línu í langlínustreng 1.4 mm .....	kr. 500.00
2. Fyrir 1 línu í langlínustreng 0.9 mm .....	— 390.00
3. Fyrir 1 línu í innanbæjarstreng 0.6—0.7 mm .....	— 250.00

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## IX. KAFLI

## Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu á símnafni greiðist kr. 165.00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 sírstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 30.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## X. KAFLI

## Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni og í einni línu í númeraskránni, þar sem hún er.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 12.00. Séu auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 30.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasiðmantendur geta ekki öðlast aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu, þó að aukasiðmantandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

## Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Feitt letur í skrá, hver lína .....	kr. 25.00
2. Aukanafn í skrá .....	— 30.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína .....	— 12.00
4. Aukanafn með feitu letri (1 lína) kr. 30.00 + kr. 25.00 = .....	— 55.00

Aukalínur eru taldar: ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasiðmantandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 30.00 sem aukanafn.

## Skrásetning í atvinnuskrána.

## A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasiðmantendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

## B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk eða skrá fleiri en eitt símanúmer við nafn sitt, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 7.00. Ef nafnið óskast skráð með feitu letri, kostar það kr. 15.00. Skáletursauglýsingalínur við nafn kosta kr. 18.00 fyrir hverja línu.

## XI. KAFLI

## Almenn ákvæði.

A. Stofnun og rekstur landssímastöðva og samband þeirra við talsímanotendur o. fl. Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi almenn ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanua.
3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.



4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta **41** fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venju- 21. apríl legu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðva verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 3.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, er ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.  
Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 3.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu gera mánaðarlega reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

#### B. Skilmálar fyrir talsímanotendur landssímans.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða að fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynnir það forstjóra talsímastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslausu að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og heimtað, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Enginn má sjálfur gera eða láta gera neinar breytingar á talsímasamböndum eða flytja talfærin úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaптúnunum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
4. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt að hafa símatæki og innanhússlagnir váttryggð á sinn kostnað fyrir eldshættu, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins. Váttryggingarupphæðin er kr. 950.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasmúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsgöðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef

41  
21. apríl

- ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sóttþreinsun talfæra.
5. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá heimta endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin taka yfir meira en 10 sólarhringa á ári.
  6. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
  7. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 296. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

### C. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir simtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á borguninni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um simtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafist.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi viku eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lög-taki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

### D. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir, að símasambandið er fullgert. Þegar ræða er um samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landsíminn heimtað, að skemmstur leigutími sé lengri.

### E. Uppsögn.

Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungsmót með 2 mánaða fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

### F. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

### G. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

## XII. KAFLI

## Gildistaka.

41

21. apríl

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-  
skipti, og gengur í gildi 1. maí 1950. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri gjaldskrár-  
ákvæði fyrir landssímann.

*Póst- og símamálaráðherrann, 21. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## REGLUGERÐ

42

3. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89 16. ágúst 1935.

## 1. gr.

Í stað 12. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Ef hross ganga úr afrétti á sumrum í búfjárhaga getur sá, er fyrir ágangi  
verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um  
smölun hrossanna og rekstur til afréttar. Kostnað við smölun og rekstur borgar  
landráðandi að  $\frac{1}{4}$  en  $\frac{3}{4}$  greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði upprekstrar-  
félagsins tiltölulega við það, sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila,  
nema öðruvísi sé um samið.

Þessi ákvæði gilda sumar hvert, þar til vika er til gangna.

## 2. gr.

15. gr. orðist svo:

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort sem hann er búandi eða búlaus.  
Skal hann leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd fyrirskipar. Hrepps-  
nefnd skal og hafa rétt til að leggja fjallskil á búendur og umráðamenn þeirra  
jarða, þar sem framfleytt er litlum eða engum afréttarpeningi, ef þess telst brýn  
þörf. Álagningin skal miðast við landverð samkvæmt fasteignamati og má fjall-  
skilagjaldið aldrei vera hærra en 3 af þúsundi, að viðbætti gildandi verðlags-  
vísitölu.

Nægi niðurjafnað gjald samkvæmt þessu ekki til að standa straum af kostnaði  
við nauðsynleg fjallskil, skal heimilt að taka það, sem á vantar með niðurfjöfnun  
útsvara.

## 3. gr.

Aftan við 61. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á skal sýslunefnd heimilt, með fundarsamþykkt,  
að fresta prentun markaskrár, eftir því sem hún telur við eiga.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu  
og sett samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér  
með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að  
máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. marz 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Árni G. Eylands.*

## GJALDSKRÁ

### um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

#### 1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til annarra landa					
	Hámark stærðar og þyngdar	Pyngd-armörk g	Burðargj.-aur. staðar	Burðargj.-aur. ríkis	Hámark stærðar og þyngdar	Pyngd-armörk g	Burðargj.-aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Pyngd-armörk g	Burðargj.-aur.
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. I ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm. 2000 g Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	50 100 150 250	100 200 400 600	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	100 200 400 600	Sama og innanlands	20 40 60 80	150 240 330 420
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		35 70	60 120	Sama og innanlands		60 120	Sama og innanlands	hver 20 þar yfir	90 180
Verzlunar-skjöl	Stærð söm og bréfa Pyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 þar	50 55 75 95	100 100 120 150	Sama og innanlands Pyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 þar	100 100 120 150	Sama og innanlands Pyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	150 30

Prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver 50 þar yfir	60 90	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	60 90	Stærð sömu og bréfa Þyngd 2000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50 100 hver 50 þar yfir	60 90
Blindra- prent	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð söm og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð sömu og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sömu og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	35 55	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	60 90	Stærð söm og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	60 90
Blöð og tímarit	50×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóst- um. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í póst í einu. Innritun- argjald er 20 kr., er greiðist í fyrsta sinn og blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs.	500	100	Böggjar: a. Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum b. Með landpóstum. Hámark þyngdar og stærðar: a. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm <sup>3</sup> 5 kg eða minna, 80 dm <sup>3</sup> yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm <sup>3</sup> yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm <sup>3</sup> yfir 15 kg. b. 40×24×24 cm.	100	100	Burðargjald: a. Sjóveg og með bif- reiðum aurar 500 1000 1300 2200 3000 3700 b. Með landpóstum: Sumar $\frac{13}{40}$ — $\frac{14}{40}$ — 800 1200 1500 Vetur $\frac{13}{40}$ — $\frac{14}{40}$ — 1500 2000 2500 Staðartaxi er hálfur burðargjald eins og undir a. Séu böggjar rúmfrekir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50%.	100	100
Póst- ávisamir	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	75 aurar 150 —	—		100 kr. 50 —	—			
Póstkröfur	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	175 aurar 250 —	—		100 kr. 50 —	—			

## 2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænlandi), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	150 aurar	150 aurar	200 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal bæði greiða skrásetningargjald og ábyrgðargjald).	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna 270 aurar
Fyrir afturköllun, utanáskriftarþreitingu, afnám eða lækun póströfuuþphæðar	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Fyrir fyrirspurn um sendingu	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Hraðboðagjald	250 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 125 aurar fyrir hvern km	250 aurar	300 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	100 aurar 150 aurar	100 aurar 150 aurar	150 aurar 200 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póströfðu, frimerkja- eða eyðublaðakaupum	10 aurar		

Talning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Alþjóða-svarmerki	Söluverð 200 aurar, skiptiverð 150 aurar í frimerkjum	
Skilríkisþjöld	375 aurar	
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	200 aurar	
Fyrir tollmeðferð	200 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	20 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 100 aurar	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. maí 1950. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðangjöld frá 7. nóv. 1949.

*Samgöngumálaráðherrann, 21. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## REGLUGERÐ

### um Landsbókasafn.

#### Stjórn safnsins.

##### 1. gr.

Landsbókavörður hefur umsjón með allri vinnu í þarfir safnsins. Er öllum starfsmönnum þess, bókavörðum, bókbindurum, húsverði og öðrum, skylt að hlíta fyrir mælum hans.

##### 2. gr.

Landsbókavörður annast öll viðskipti safnsins og fjárreiður, sér um bréffagerðir þess og reikningshald og afhendir menntamálaráðuneytinu við árslok tvíritaðan reikning yfir tekjur þess og gjöld ásamt fylgiskjölum. Hann ræður verkaskiptum milli bókkavarða, hefur umsjón með bókbandsvinnustofu safnsins og annari starfsemi þess og sér um kaup á efni og áhöldum.

##### 3. gr.

Haldin skal undir umsjón landsbókkavarðar viðtökubók um öll rit, sem safnið eignast, og sér hann um, að spjaldskrá safnsins sé jafnan í fullu lagi. Landsbókavörður annast útgáfu Árbókar safnsins og annara rita, sem út kunna að verða gefin á vegum þess. Nákvæm skrá um öll íslensk rit, sem út koma, skal prentuð í Árbók safnsins, skýrsla um starfsemi þess og ritgerðir um íslenska bókfræði og bókmenntir.

##### 4. gr.

Landsbókavörður ákveður öll kaup á bókum, tímaritum og handritum til safnsins, en leita skal hann tillagna sérfræðinga eða ráðunauta, sem settir kunna að verða, einkum þegar um þröng sérfræðisvið er að ræða eða mjög dýrar bækur og ritsöfn.

##### 5. gr.

Landsbókasafnið veitir viðtöku öllum skyldueintökum, sem prentsmiðjum og bókaútgefendum ber lögum samkvæmt að láta af hendi, og annast úthlutun þeirra sem hér segir:

1. Safninu sjálfu er skylt að halda tveim eintökum af öllu prentmáli, stóru og smáu, og skal annað þeirra vera geymslueintak. Heimilt er safninu að halda þriðja eintakinu, þegar líklegt er að dómi landsbókkavarðar, að tveggja notkunareintaka sé þörf.
2. Háskólabókasafni og bókasafni Norðurlands ber að afhenda eitt eintak hvoru af öllu prentmáli.
3. Bókasöfnin í Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði hafa rétt til að velja úr þeim ritum, sem eru ein örkk eða stærri, og úr tímaritum, sem koma út mánaðarlega eða sjaldnar. Skulu þau senda Landsbókasafninu fyrir hver marzlok skrá um valin rit, þeirra sem út hafa komið næsta ár á undan, og annast það sendingu bókana á kostnað viðtakenda.
4. Því sem afgangur verður af skyldueintökum, þegar fyrrgreind söfn hafa neytt réttinda sinna, skal úthlutað til erlendra bókasafna og vísindastofnana, og skulu þjóðbókasöfn Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar sitja í fyrirrúmi, en vestan hafs háskólabókasafnið í Winnípeg.

Að öðru leyti fer úthlutun bókana eftir því, sem landsbókavörður telur hagkvæmast með hlíðsjón af gagnkvæmum hlunnindum og notapörf íslenskra bóka á hverjum stað.



## 6. gr.

Landsbókasafnið leitast við að afla bóka til safnsins með bókaskiptum við erlend söfn og vísindastofnanir og ver til þess þeim skyldueintökum, sem eigi er ráðstafað til innlendra safna, útgáfubókum safnsins og öðrum þeim ritum, sem safnið kann að eignast umfram eigin þarfir. Bókaskiptastöð safnsins annast einnig bókaskipti fyrir aðrar íslenskar ríkisstofnanir, sem þess kunna að óska, og aflar í því skyni nauðsynlegra sambanda við erlendar bókaskiptastöðvar.

44

27. febr.

## 7. gr.

Um skráningarmiðstöð, sbr. 7. gr. laga nr. 44/1949, um Landsbókasafn, munu síðar verða sett ákvæði í sérstakri reglugerð.

## Umsjón hússins.

## 8. gr.

Landsbókavörður hefur á hendi umsjón Landsbókasafnshússins með aðstoð húsvörðar. Þegar þörf þykir á meiriháttar breytingum og umbótum, innan húss eða utan, skal hann leita samþykkis menntamálaráðuneytisins, áður en hafizt er handa um framkvæmdir.

## 9. gr.

Húsvörður hefur á hendi daglega umsjón með húsinu og munum þess. Hann annast um, að lýsing þess, hitun og ræsting sé í góðu lagi að mati landsbókavárðar, sér um að lóð hússins sé jafnan þrífaleg, svo og útitróppur og gluggar, eftir því sem við verður komið. Hann ræður með samþykki landsbókavárðar fólk til fata-gæzlu og ræstingar og hefur eftirlit með störfum þess. Hann annast um, að jafnan sé vörður í forstofu hússins til síma- og fatagæzlu og til leiðbeiningar gestum á þeim tíma, sem safnið er opið. Hann heldur uppi reglu í forstofu, stigum og göngum og sér um, að menn hegði sér sæmilega og hávaðalaust. Hann gætir þess, að eigi hafi aðrir lykla að útidrym hússins eða vistarverum þess en fastir starfsmenn né hafi þar umgang þegar húsið á að vera lokað. Hann sér um viðhald og endurnýjun húsmuna og áhalda hússins eftir fyrirmælum landsbókavárðar.

## 10. gr.

Landsbókavörður getur falið húsverði að hafa á hendi reikningshald hússins, ef menntamálaráðuneytið veitir til þess samþykki sitt. Tekur húsvörður þá við fjárframlögum til hússins og sér um greiðslur vegna þess. Hann semur um áramót reikning yfir tekjur og gjöld hússins og afhendir menntamálaráðuneytinu í tvíriti.

## 11. gr.

Húsvörður annast flutning á pósti og bókasendingum milli Landsbókasafns og pósthúss eða skipaafgreiðslna, þegar á þarf að halda og landsbókavörður óskar þess.

## Lestrarsalur.

## 12. gr.

Lestrarsalur Landsbókasafnsins er opin á hverjum virkum degi, nema almennum frídögum, frá kl. 10 árdegis til kl. 10 síðdegis. Þó er heimilt að loka á matmálstímum, kl. 12—1 og 7—8. Á laugardögum má loka kl. 7 síðdegis allt árið og kl. 12 á hádegi þrjá mánuði að sumrinu. Ef nauðsyn ber til að loka einn dag eða fleiri vegna ræstingar eða viðgerða, skal það auglýst í Ríkisútvarpinu.

44

27. febr.

Á þeim tíma, sem lestrarsalur er opinn, er öllum, sem náð hafa 16 ára aldri, hafa eigi gerzt brotlegir við reglur safnsins og hlíta í öllu fyrirmælum salsvarðar, heimilt að nota þar bækur og handrit safnsins. Hins vegar er gestum, sem ekki ætla sér að nota bækur eða handrit safnsins, óheimilt að hafast þar við án leyfis landsbókavardar. Mönnum undir áhrifum áfengis er óheimill aðgangur að lestrarsal.

## 13. gr.

Salsgestir skulu afhenda fataverði hússins yfirhafnir sínar og höfuðföt, tóskur og annað lauslegt, sem þeir kunna að hafa meðferðis. Ef einhver telur sér nauðsynlegt vegna vinnu sinnar að hafa með sér bækur inn í salinn, er honum skylt að leita leyfis salsvarðar í hvert sinn og hlíta fyrirmælum hans í öllu. Landsbókavörður getur lagt fyrir salsvörð að neita slíkum leyfum, ef honum þykir ástæða til. Ef gestur fær leyfi til að hafa bækur meðferðis, skal hann sýna salsverði þær, þegar hann fer.

## 14. gr.

Þegar gestur gengur inn í lestrarsalinn, skal hann þegar rita greinilega í gesta-bók safnsins nafn sitt, stöðu og heimilisfang. — Gestir hafa frjáls afnot allra bóka og tímarita í bókahillum lestrarsals og þurfa ekki að leita til þess leyfis salsvarðar. Ef þeir treysta sér eigi að setja bækurnar á réttan stað að lokinni notkun, skulu þeir afhenda þær salsverði.

## 15. gr.

Þeir sem óska að fá að láni í lestrarsal bækur eða handrit úr bókageymslum safnsins, skulu fylla út eyðublöð, sem til þess eru gerð, og afhenda salsverði. Eyðublöðin skulu fyllt út eins og form þeirra segir til og þess gætt, að ekkert vanti, sem þar á að standa. Þau skulu dagsett og undirskrifuð fullu nafni og heimilisfangi lánbeiðanda. Ef gesti er ekki ljóst, hvornig ætlazt er til að gengið sé frá lánbeiðnum og kvittunum, er salsverði skylt að veita honum nauðsynlegar leiðbeiningar.

## 16. gr.

Þegar gestur hefur lokið að nota bækur þær, er hann hefur fengið í lestrarsal, skal hann sjálfur skila þeim í hendur salsverði og fær þá afhentar kvittanir sínar. Lánuð bók eða handrit er í ábyrgð lántakanda, meðan kvittunin er í höndum salsvarðar. Ef gestur óskar að nota sömu bækur næsta dag, getur hann með samþykki salsvarðar fengið þær geymdar. Undanþegnar slíkri geymslu eru þó allar bækur handbókasafnsins og að auki bækur þær, sem að dómi salsvarðar eru notaðar að staðaldri í lestrarsal. Ef gestur þarf að bregða sér frá, þó eigi sé nema stutta stund, má hann eigi skilja bækur þær, er hann hefur að láni, eftir á borði sínu nema með leyfi salsvarðar. Óheimilt er gesti að skilja eftir á borði sínu eigin bækur eða handrit eða aðra muni, en fengið getur hann slík plögg geymd hjá salsverði til næsta dags.

## 17. gr.

Eigi er salsverði skylt að lána í lestrarsal kennslubækur menntaskóla og lægri skóla til notkunar við undirbúning undir kennslustundir. Eigi er heldur skylt að lána vandmeðfarin rit öðrum en þeim, sem gera sennilega grein fyrir því, að þeir þurfi að nota þau til fræðiiðkana eða annara nauðsynjastarfa. Fleiri en 10 bækur í einu má ekki lána sama manni í lestrarsal nema hann geri rökstudda grein fyrir því, að hann þurfi þess með, og metur þá salsvörður, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Þegar lánuð eru handrit eða fágætar og dýrar bækur í lestrarsal, er lánþega skylt að hlíta nánari fyrirmælum um notkun þeirra en sett eru í reglugerð þessari, ef salsverði þykir við þurfa eða landsbókavörður mælir svo fyrir.

## 18. gr.

## 19. gr.

Gestir skulu gæta þess vandlega að fara vel með bækur þær, sem þeir nota í lestrarsalnum. Eigi má skrifa neitt í þær né strika eða pára á annan hátt. Ef gesti af vangá eða óviðráðanlegum atvikum verður það á að skemma bók, skal hann þegar gera salsverði aðvart. Einnig skal hann tilkynna salsverði tafarlaust, ef hann verður þess var, að blað vantar í bók, sem hann hefur fengið að láni, eða hún reynist gölluð á annan hátt.

44

27. febr.

## 20. gr.

Salsgestum ber að sjálfsögðu að gæta þar ýtrasta hreinlætis í meðferð bóka og allri umgengni. Þeir skulu haga sér þrúðmannlega og hafa svo hljótt um sig sem unnt er. Samtöl í sambandi við afgreiðslu skulu fara fram svo hljóðlega, að ekki valdi ónæði þeim, sem sitja við lestur. Ef gestir þurfa að talast við, skulu þeir gera það í forstofu hússins. Þurfi aðkomumaður að hafa tal af salsgesti, ber honum að snúa sér til fatavarðar, sem gerir þá salsverði aðvart. Óheimilt er gestum að opna glugga í lestrarsal eða loka þeim, nema með leyfi salsvarðar.

## 21. gr.

Engum er heimill aðgangur að bókaþeymslum safnsins né vinnuherbergjum öðrum en starfsmönnum safnsins. Ef sérstaklega stendur á, getur landsbókavörður leyft slíkt, en þó því aðeins, að einhver bókavarða sé í fylgd með gestinum.

Ef skorta þykir á hreinlæti gests, þrúðmannlega umgengni eða góða hegðun að öðru leyti í lestrarsalnum, getur salsvörður vísað honum burtu.

## Útlán.

## 22. gr.

Útlán bóka skulu fara fram hvern virkan dag kl. 1—3 eftir hádegi. Skal bókum skilað úr útláni á sama tíma. Útlánsvörður hefur á hendi útlán bóka og viðtöku þeirra á venjulegum útlánstíma, og er honum ekki skylt að sinna útlánum á öðrum tímum. Ekki er öðrum starfsmönnum safnsins heimilt að lána út bækur, en taka mega þeir við skriflegum beiðnum um bækur og afhenda útlánsverði. Er honum þá heimilt að fá þeim í hendur umbeðna bók gegn kvittum lánþega. Ef sérstaklega stendur á, getur landsbókavörður lánað bók án milligöngu útlánsvarðar. Afhendir hann þá útlánsverði kvittunina í næsta útlánstíma með áritun sinni um undanþáguna.

## 23. gr.

Rétt til útlána hafa þeir menn, karlar og konur, 18 ára og eldri, sem eiga lögheimili í Reykjavík og eru, að mati útlánsvarðar, líklegir til að standa skil á bókum þeim, sem þeir fá að láni, og færir um að greiða andvirði þeirra, ef þær glatast. Menn, sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur, útlendingar eða aðrir, sem útlánsvörður þekkir ekki né veit deili á, geta því aðeins fengið bækur lánaðar heim, að þeir afhendi útlánsverði ábyrgðarskírteini frá manni búsettum í Reykjavík, sem tekur fulla ábyrgð á bókunum og útlánsvörður metur gildan.

## 24. gr.

Ef bók skemmist eða glatast í höndum lánþega, er honum skylt að greiða bætur eftir mati landsbókavardar. Ef fullar bætur fást eigi greiddar, hefur lánþegi fyrir-gert rétti sínum til útlána, unz úr er bætt. Ef miklar sakir eru, má neita honum um afgreiðslu í lestrarsal. Andvirði glataðra bóka skal innheimta með málssókn, ef lánþegi greiðir eigi fullar bætur refjalaust.

44

27. febr.

25. gr.

Þeir sem óska að fá bækur lánaðar heim, afhenda útlánsverði skriflega beiðni um það á þar til gerðum eyðublöðum með greinilegri undirskrift sinni, dagsetningu og heimilisfangi. Er útlánsverði skylt að leiðbeina þeim, sem ekki vita til hlítar, hvernig ætlast er til að eyðublöðin séu útfyllt. Enginn fær að hafa fleiri en 5 lánsbækur samtímis. Þó getur landsbókavörður veitt undanþágu frá því ákvæði, ef lánþegi færir gild rök fyrir því, að sér sé þess þörf vegna fræðilegra starfa. Lánþegi má halda hverri bók einn mánuð, ef eigi er öðruvísi fyrir mælt af útlánsverði. Að lánstíma liðnum ber honum að skila bókunum ótilkvaddur og fær þá kvittanir sínar afhentar. Ef lánþega þykir sér vera þörf á að halda bók lengur en einn mánuð, getur hann fengið lánið framlengt, en þó því aðeins, að eigi hafi aðrir lagt drög fyrir að fá bókina. Heimilt er landsbókaverði að leyfa Háskóla-bókasafni lán til lengri tíma en hér er gert ráð fyrir, gegn því að bækurnar séu þá tiltækar notendum í lestrarsal Háskólabókasafnsins.

26. gr.

Nú skilar lánþegi ekki bókum á réttum skiladegi, og skal þá útlánsvörður innan þriggja daga krefja hann bréflega eða munnlega um skil. Ef það ber ekki árangur og bókinn er enn í höndum lánþega þegar 6 dagar eru liðnir frá réttum skiladegi, skal bókinn sótt heim til hans, og hefur hann þá fyrirgert rétti sínum til útlána næstu 6 mánuði. Ítrekuð vanskil varða missi á rétti til útlána fyrir fullt og allt.

27. gr.

Lánþegum er með öllu óheimilt að lána öðrum bækur þær, er þeir fá að láni úr Landsbókasafni. Varðar það missi réttar til útlána. Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita um þær bækur, sem lánaðar kynnu að verða Háskólasafni til notkunar í lestrarsal þess.

28. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. júní ár hvert fara engin útlán fram, og eigi eru þá heldur framlengd bókalán. Á þeim tíma skulu allir lánþegar skila bókum þeim, er þeir hafa úr safninu.

29. gr.

Undanþegin útlánnum eru:

- a. öll handrit, myndir og uppdættir,
- b. allt prentmál á íslenzku og önnur rit, sem merkt eru Íslands-deild safnsins,
- c. allar fágætar bækur og rit, sem erfitt er að bæta ef glatast,
- d. allar bækur handbókasafns.

Eigi má heldur lána út dýr ritsöfn eða heildarverk, hvorki einstök bindi né verkið í heild. Þegar vafi þykir leika á, hvort bók falli undir ofangreind ákvæði, sker landsbókavörður úr. Ef sérstaklega stendur á, getur landsbókavörður veitt undanþágu frá ofangreindum ákvæðum, en eigi skal veita slíka undanþágu nema hennar sé brýn og rökstudd nauðsyn, og því aðeins um bækur úr Íslands-deild safnsins, að til sé annað notkunareintak, sem hægt er að lána í lestrarsal.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 12. gr. laga nr. 44 1949, um Landsbókasafn, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 53 21. apríl 1909, um afnot Landsbókasafns Íslands, auglýsingar nr. 98/1910 og nr. 161/1919, um breytingar á þeim reglum, svo og erindisbréf fyrir landsbókavörð og bókaverði við Landsbókasafn Íslands, nr. 99 9. apríl 1910.

*Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1950.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1950.

*Auglýsing um staðfesting forseta á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 1942, undirskrifuð af skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins 10. febr. 1950, nr. 13.*

*Lög um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum 17. febr. 1950, nr. 14.*

*Lög um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um innflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.*

*Lög um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaabúð, undirskrifuð af forsetanum 22. febr. 1950, nr. 16.*

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1950, undirskrifuð af forsetanum 28. febr. 1950, nr. 17.*

*Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.*

*Lög um Bjargráðasjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum 2. marz 1950, nr. 19.*

*Lög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.*

*Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr sildarsoði, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1950, nr. 21.*

*Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 19. marz 1950, nr. 22.*

*Lög um skipamælingar, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1950, nr. 23.*

*Lög um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1950, nr. 24.*

*Lög um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.*

*Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða í norðvestur Atlantshafi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. marz 1950, nr. 26.*

*Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 14. marz 1950, nr. 27.*

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942, fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 22. marz 1950, nr. 28.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 4. apríl 1950, nr. 29.*

*Auglýsing um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóvember 1949 milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. apríl 1950, nr. 30.*

*Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 31.*

*Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. apríl 1950, nr. 32.*

*Auglýsing um vöruskiptasamkomulag við Svíss, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 33.*

*Lög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 27. apríl 1950, nr. 34.*

*Lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 35.*

*Lög um ónæmisáðgerðir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 36.*

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 29. apríl 1950, nr. 37.*

45

15. apríl

## REGLUGERÐ

um innheimtu framleiðslugjalda og útflutningsgjalda samkvæmt

11. gr. laga nr. 22 frá 19. marz 1950.

### 1. gr.

Nú flytur nýr togari afla sinn isaðan til sölu á erlendum markaði og skal þá framleiðslugjald samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna reiknað út og innheimt af tollstjóra þeim, er útflutningsgjöld innheimtir af aflanum, en það er tollstjóri þess umdæmis, sem skipið er skrásett í.

Skipstjóri togarans skal í fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi eftir söluna, afhenda tollgæzlunni yfirlýsingu um magn og brúttósöluverð ísfisksins svo og hvert verið hafi brúttósöluverð ísfisksins úr skipinu í fjórum söluferðum skipsins næstum á undan. Taki skipið fyrstu höfn utan heimahafnar sinnar skal yfirlýsingin send tollstjóranum í heimahöfn þess.

Tollstjórinn skal athuga hvort yfirlýsing skipstjórans sé rétt og leiðrétta hana, ef röng reynist. Reiknar hann síðan framleiðslugjaldið út eftir skýrslunni, ef um gjaldskylda sölu er að ræða.

Framleiðslugjaldið skal þannig fundið, að til grundvallar er lagt brúttósöluverð aflans erlendis í hverri söluferð án nokkurs frádráttar og er salan gjaldskyld ef brúttósöluverðið er yfir £ 8.500 eða jafngildi þess í annarri mynt. Skal þá greiða 25% af þeim hluta söluverðsins, sem er umfram nefnda fjárhæð. Þó má draga frá hinni gjaldskyldu fjárhæð það, sem til vantar, að meðalsala næstu 4 söluferða á undan hafi numið £ 8.500. Gjaldskyldan tekur til alls þess afla, sem seldur er eftir gildistöku laganna, þó þannig, að í sambandi við frádráttinn komi í upphafi til greina eldri sölur.

Framleiðslugjaldið fellur í gjalddaga er vika er liðin frá söludegi aflans. Banka þeim, er tekur við andvirði aflans, skal skylt að halda eftir og skila gjaldinu af andvirðinu til viðkomandi tollstjóra, hafi það ekki áður verið greitt honum.

### 2. gr.

Verðmæti sjávarafurða nýju togaranna annarra en ísfisks og síldar, er af skal greiða 10% framleiðslugjald samkvæmt 11. gr. 1. mgr. laganna, skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar og skal hún miða matið við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað og á þeim tíma, er uppskipun fer fram.

Nefndin hefur aðsetur í Reykjavík og skulu fiskimatsmenn á hverjum stað vera umboðs- og trúnaðarmenn nefndarinnar og fylgjast með magni og gæðum aflans eftir þeim reglum, sem nefndin setur.

Útgerðarmönnum togaranna skal skylt að gera nefndinni eða trúnaðarmönnum hennar aðvart, þegar affli er settur á land og láta vigta aflann upp úr skipunum, svo og gefa þær skýrslur og upplýsingar, sem nefndin krefst um aflann.

Einnig skal löggiltum vigtarmönnum, lýsismatmönnum og öðrum, sem fylgjast með uppskipun úr togurunum eða annast móttöku aflans skylt að gefa nefndinni upplýsingar um magn og annað, er máli skiptir.

Nefndin skal meta aflann svo fljótt, sem við verður komið og reikna framleiðslugjaldið út. Síðan sendir hún viðkomandi tollstjóra tilkynningu um fjárhæð gjaldsins.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og matið hefur farið fram og skal innheimt af tollstjóra þess umdæmis, sem skipið er skrásett í.

Þeim aðilum, er kaupa hinar gjaldskyldu afurðir eða annast sölu þeirra fyrir togarana, er skylt að halda eftir og skila gjaldinu af andvirði afurðanna til viðkomandi tollstjóra, hafi það ekki áður verið greitt honum, og skulu þeir áður en greiðsla fer fram til útgerðarinnar, ganga úr skugga um, að framleiðslugjaldið sé greitt.

### 3. gr.

Útflutningsgjald af hvalafurðum samkv. 2. mgr. 11. gr. laganna skal innheimt um leið og útflutningsgjöld af afurðunum samkvæmt lögum nr. 81 frá 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og á sama hátt.

### 4. gr.

Framleiðslugjald af sildarafurðum samkv. 4. mgr. 11. gr. laganna skal innheimt um leið og útflutningsgjöld af afurðunum samkv. lögum nr. 81 frá 1947, og á sama hátt.

Nú ákveður ríkisstjórnin að nota heimild 4. mgr. 11. gr. laganna til þess að lækka eða fella niður gjald það, er um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, eftir að gjaldið hefur verið innheimt, og skal þá útflytjendum endurgreitt gjaldið að svo miklu leyti, sem það hefur verið ofgreitt, og skulu þeir skila því til framleiðenda þegar í stað.

Undanþegnir gjaldi samkvæmt upphafi 4. mgr. 11. gr. laganna eru sildarafurðir, sem fluttar eru út fullverkaðar til manneldis, enda nemi brúttóþyngd hvers pakka eða dósar eigi meira en 8 kg.

### 5. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., nr. 22 19. marz 1950, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi.

### 1. gr.

Allar botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar skulu bannaðar á svæðinu frá Horni að Langanesi innan línu, sem dregin er 4 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum og mynni flóa og fjarða.

Fyrst skulu dregnar beinar grunnlínur milli eftirfarandi staða og síðan sjálf markalínar samhliða þeim en 4 sjómílum utar.


Staðir þessir eru:

- |                     |          |        |          |       |
|---------------------|----------|--------|----------|-------|
| 1. Horn .....       | 66° 27'4 | n.br., | 22° 24'5 | v.lg. |
| 2. Íraboði .....    | 66° 19'8 | —      | 22° 06'5 | —     |
| 3. Drangasker ..... | 66° 14'3 | —      | 21° 48'6 | —     |

1950

136

46  
22. april





4. Selsker .....	66° 07'3	n.br.,	21° 31'2	v.lg.
5. Ásbúðarífl .....	66° 08'1	—	20° 11'2	—
6. Siglunes .....	66° 11'9	—	18° 50'1	—
7. Flatey .....	66° 10'3	—	17° 50'5	—
8. Lágcy .....	66° 17'8	—	17° 07'0	—
9. Rauðinúpur .....	66° 30'7	—	16° 32'5	—
10. Rifstangi .....	66° 32'3	—	16° 11'9	—
11. Hraunhafnartangi .....	66° 32'3	—	16° 01'6	—
12. Langanes .....	66° 22'6	—	14° 32'0	—

46

22. apríl

Endamörk svæðisins eru að vestan: lína dregin í rétt norðaustur frá Rana á Hornbjargi, og að austan: lína dregin í rétt austur frá Langanestá.

Auk þess skal dregin markalína 4 sjómíllur frá yztu annesjum og skerjum Grímseyjar, í kringum eyrna (sjá uppdráttinn).

## 2. gr.

Á svæði því, sem um ræðir í 1. gr., mega íslenskir ríkisborgarar einir reka síldveiðar og má aðeins nota íslensk skip til veiðanna, sbr. lög nr. 33 frá 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

## 3. gr.

Útgerðarmenn þeir, er um ræðir í 2. gr. og hafa í hyggju að stunda sumar-síldveiðar fyrir Norðurlandi á tímabilinu frá 1. júní til 1. október, skulu sækja um leyfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins fyrir 1. júní 1950 og síðan fyrir 15. maí ár hvert og tilgreina í umsókn sinni, hvaða skip þeir ætli að nota til veiðanna og hvers konar veiðarfæri verði notuð.

Nú telur sjávarútvegsmálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá í byrjun veiðitímabils eða síðar takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksaflla hvers einstaks skips.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

## 4. gr.

Með ákvæðum reglugerðar þessarar er ekki heft siglingafrelsi skipa á hafinu, enda sé löglega um veiðarfæri þeirra búið, sbr. lög nr. 33 19. júní 1922.

## 5. gr.

Framkvæmd á reglugerð þessari skal hagað þannig, að hún sé ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

## 6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt henni, skulu varða sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00. Þó skulu refsíákvæði gildandi laga um bann gegn botnvörpuveiðum og dragnótaveiðum haldast óbreytt varðandi hafsvæði, sem þau hafa verið miðuð við.

## 7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1950.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. apríl 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

47

27. apríl

**AUGLÝSING**

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Keflavík, nr. 89 24. marz 1947.

1. gr.

Öll gjöld og leiga samkv. 1., 2., 3. og 7. lið gjaldskrárinnar skulu framvegis hækka um 75% fyrir flugvélar í millilandaflugi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

Páll Pálmason.

48

27. apríl

**AUGLÝSING**

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 123 14. september 1946.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 1. og 7. lið gjaldskrárinnar skulu framvegis hækka um 75% fyrir flugvélar í millilandaflugi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ættarminningarsjóð Halldóru Ólafs“, 49  
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febr. 1950. 21. febr.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Ættarminningarsjóðs Halldóru Ólafs.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Ættarminningarsjóður Halldóru Ólafs.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt arfleiddsluskrá Halldóru Ólafs, kaupkonu, dags. 1. júní 1918, af eftirlátnum eignum hennar, að nafnverði kr. 677421.21. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og ber að ávaxta eignir hans á sama hátt og fé ómyndugra.

#### 3. gr.

Tekjum sjóðsins skal ráðstafa þannig:

- a.  $\frac{1}{4}$  — einn fjórði hlutinn — leggist jafnan við höfuðstólinn, og fer um ávöxtun þess hluta á sama hátt og ávöxtun höfuðstólsins, sbr. 2. gr.
- b.  $\frac{1}{2}$  — helmingur — vaxtanna skal skiptast árlega milli tveggja nánustu ættingja Halldóru Ólafs, sem elztir eru, og skulu hálf systkini hennar og afkomendur þeirra hafa jafnan rétt og alsystkini og afkomendur þeirra. Sjóðstjórninni er og heimilt ætíð þegar sjóðurinn nemur yfir hálfri milljón króna að úthluta 3 elztu og nánustu ættingjum hennar þessum hluta af tekjum sjóðsins, og nemi hann einni milljón eða meira má úthluta 4 nánustu og elztu ættingjum hennar þessum hluta teknanna, en fleirum en 4 á ári skal aldrei úthluta þessum tekjum sjóðsins.
- c.  $\frac{1}{8}$  — einn áttundi — hluti teknanna skal árlega ganga til styrktar kvenmanni, er stundar nám í Verzlunarskóla í Reykjavík eða erlendis, og skal sá umsækjandi ganga fyrir, sem er úr Reykjavík og þykir að öðru leyti verðugur sökum gáfna, siðgæðis og efnahags. Þegar þessi hluti vaxtanna nemur meiru en kr. 500.00, má veita fleirum styrk þennan eftir sömu reglum, þó þannig, að sú, er verðugust er talin, fái eigi minni styrk á ári en kr. 500.00.
- d.  $\frac{1}{8}$  — einn áttundi — hluti teknanna skal árlega ganga til einhvers ættingja Halldóru Ólafs til styrktar þeim við nám eða til framfærslu, og ákveður stjórn sjóðsins hver sé verðugastur þessa styrks og ákveður fjárhæðina í hvert sinn. Ef eigi verður eitthvert árið úthlutað þeim hluta teknanna, sem úthluta má samkvæmt því, er segir hér á undan, skal það, sem afgangs verður, leggjast við höfuðstólinn.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð borgarfégetanum og borgarstjóranum í Reykjavík eða þeim stjórnarvöldum, sem koma í þeirra stað, og einum ættingja Halldóru Ólafs, karli eða konu, sem þeir tilnefna til ákveðins tíma.

#### 5. gr.

Allur kostnaður við stjórn sjóðsins og úthlutun greiðist af árlegum tekjum hans óskiptum eftir því, sem stjórnin ákveður í hvert sinn.

49  
21. febr.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. apríl til 31. marz, og skal úthlutun úr honum fara fram 21. maí ár hvert.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. des. 1949.

Gunnar Thoroddsen. Björn Ólafs. Kr. Kristjánsson.

50  
1. marz

## REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu, frá Ritstá að Straumnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 1. marz 1950.*

Jóhann Þ. Jósefsson.

*Gunnl. E. Briem.*

51  
25. marz

## AUGLÝSING

um breyting á samþykktum fyrir Sparisjóð Svarfdæla í Eyjafjarðarsýslu, nr. 228 18. des. 1943.

1. gr.

1. gr. samþykktanna orðist svo:

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Svarfdæla. Heimili hans og varnarþing skal vera í Dalvíkur- eða Svarfaðardalshreppi.

2. gr.

Í stað „Svarfaðardalshrepps“ í 12. gr. komi: Dalvíkur- og Svarfaðardalshreppa.

Framanritaðar breytingar á samþykktum Sparisjóðs Svarfdæla staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 25. marz 1950.*

Björn Ólafsson.

*Yngvi Ólafsson.*

**REGLUGERÐ****52**

22. febr.

## fyrir Atvinnudeild Háskólans.

## 1. gr.

Nafn stofnunarinnar er Atvinnudeild Háskólans. Aðsetur hennar er í Reykjavík.

## 2. gr.

Atvinnumálaráðherra hefur yfirstjórn Atvinnudeildarinnar með aðstoð rannsóknarráðs ríkisins.

## 3. gr.

Atvinnudeild Háskólans starfar að rannsóknum í þágu atvinnuvega landsins, og greinist í þrjár sérdeildir: fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild.

## 4. gr.

Fiskideild annast rannsóknir í þágu fiskveiða. Aðalrannsóknarefni eru þessi:

Eðli sjávar (Hydrografia).

Svif (Plankton).

Botndýrasamfélög (Benthos).

Aldur og vöxtur fiska, einkum nytjafiska.

Göngur nytjafiska (merkingar).

Stærð nytjafiskastofnanna og áhrif veiðanna á hana.

Hvalstofninn, einkum áhrif veiðanna á hann.

## 5. gr.

Búnaðardeild annast rannsóknir í þágu landbúnaðar. Eru rannsóknarefni hennar einkum þessi:

Jarðvegur landsins.

Áburðarefni, innlend og erlend.

Jurtir, einkum islenzkar nytjajurtir.

Jurtasjúkdómar, þar með talin áhrif skordýra og annarra meindýra.

Fóðurefni, innlend og erlend.

Kynbætur búfjár og nytjajurta.

## 6. gr.

Iðnaðardeild annast rannsóknir í þágu iðnaðar og verzlunar. Rannsóknarefni eru einkum þessi:

Hvers konar iðnaðarhárfni.

Orkulindir landsins, aðrar en fallvötn.

Efnavarningur, innlendur og erlendur.

Matvæli, þar með taldar mjólkurafurðir og kjötafurðir, neyzlu- og nauðsynjavörur, þ. á m. niðursuðuvörur.

Fjörefni og önnur bætiefni matvæla.

Útflutningsafurðir landbúnaðar og sjávarútvegs, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum eða samningum.

Gerlarannsóknir.

Jarðefni hvers konar.

Byggingarefni.

52

22. febr.

7. gr.  
Ráðherra getur fjölgað sérdeildum, ef ástæður þykja til að dómi rannsóknaráðs ríkisins og fé er veitt til þess í fjárlögum. Enn fremur getur ráðherra ákveðið tilfærslu á verkefnum milli sérdeilda, enda mæli rannsóknaráð með því.

8. gr.

Rannsóknaráð undirbýr að jafnaði öll mál atvinnudeildar, er leggja þarf fyrir ráðherra. Öll erindi, er berast atvinnudeild utan að og varða stjórn hennar og störf, skulu að jafnaði afgreidd af rannsóknaráði.

9. gr.

Rannsóknaráð felur framkvæmdastjóra sínum að koma fram fyrir hönd ráðsins gagnvart starfsmönnum atvinnudeildar.

10. gr.

Hverri deild er stjórnað af deildarstjóra, sem sér um dagleg störf og rekstur deildar sinnar og er hann ábyrgur gagnvart rannsóknaráði. Sérfræðingar bera ábyrgð gagnvart deildarstjóra á þeim verkefnum, sem þeim eru falin.

11. gr.

Dagleg störf, sem ekki heyra undir neina sérdeild, eru undir eftirliti framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur gagnvart rannsóknaráði.

12. gr.

Rannsóknaráð ákveður viðfangsefni hvernar sérdeildar í samráði við deildarstjóra og þá sérfræðinga, sem að þeim munu starfa. Einnig skal það leita álits tilraunaráðs jarðræktar, tilraunaráðs búfjárræktar, Fiskifélags Íslands, eða annarra landssambanda atvinnuveganna, sem málið heyrir undir.

Gæta skal þess, að samræma störf sérdeilda eftir því sem fært þykir, og skal rannsóknaráð hafa forgöngu um það.

13. gr.

Deildarstjórar gera árlega sundurliðaðar fjárhagsáætlanir fyrir starfsemi deilda sinna á næsta ári, og skulu þær lagðar til grundvallar fjárhagsáætlun atvinnudeildar. Framkvæmdastjóri gerir tilsvarendi áætlun fyrir annan kostnað við rekstur atvinnudeildar. Deildarstjóra ber að láta sérfræðingum í té vitneskju um, hversu mikið fé er veitt til rannsókna þeirra, sem þeim eru faldar.

14. gr.

Deildarstjórum ber að láta rannsóknaráð fylgjast með, fyrir milligöngu framkvæmdastjóra, þeim verkefnum, sem eru á döfinni hjá deildum þeirra á hverjum tíma, og benda á, ef upp koma ný viðfangsefni, sem taka þyrfti til rannsókna.

15. gr.

Um hver áramót skal hver deildarstjóri gera skýrslu um starfsemi deildar sinnar á liðna árinu, þar sem tekið er fram að hvaða viðfangsefnum hver starfsmanna deildarinnar hefur unnið og hvaða árangur hefur náðst. Jafnframt ber deildarstjóra að gera grein fyrir fyrirhuguðu starfi deildarinnar á næsta ári.

16. gr.

Ráðherra ákveður í samráði við rannsóknaráð tölu fastra starfsmanna og skipar þá. Tölu annarra starfsmanna ákveður ráðherra á sama hátt, en rannsóknaráð ræður þá eftir tillögum deildarstjóra eða framkvæmdastjóra. Samþykki ráðherra þarf þó til ráðningar þeirra.

## 17. gr.

Áður en sérfræðingur er ráðinn við atvinnudeildina skal starfið auglýst til umsóknar með hæfilegum fyrirvara. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni skýrslu um námsferil sinn og störf, er þeir hafa unnið.

52

22. febr.

## 18. gr.

Sérfræðingar geta þeir einir orðið, sem hafa lokið háskólaprófi í sérgrein sinni, þó getur ráðherra veitt undanþágu eftir tillögum rannsóknaráðs, ef ekki er völ á manni með háskólaprófi í hlutaðeigandi sérgrein.

## 19. gr.

Ráðherra skipar deildarstjóra, til þriggja ára í senn, eftir tillögum rannsóknaráðs. Deildarstjórar skulu vera fastir starfsmenn og sérfræðingar við atvinnudeild.

## 20. gr.

Ráðherra setur hverjum föstum starfsmanni erindisbréf, þar sem tekið er fram, hver séu aðalstörf hans og undir hvaða flokki launalaga hann sé ráðinn, hver sé vinnutími hans við stofnunina og hver sé vinnustaður hans. Við ráðningu annarra starfsmanna skal kveðið á um ráðningartíma eða uppsagnarfrest, hvert sé aðalstarf þeirra og með hvaða kjörum þeir séu ráðnir.

## 21. gr.

Vinnutími starfsmanna atvinnudeildar fer eftir lögum eða reglugerð um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja, nema öðruvísi sé um samið.

## 22. gr.

Enginn fastur starfsmaður má taka aukagreiðslu fyrir störf sín við stofnunina, sem unnin eru í vinnutíma hans þar.

## 23. gr.

Þurfi starfsmaður að vinna störf á vegum stofnunarinnar utan vinnutíma síns, skal fyrir fram samið um það við rannsóknaráð, sem leitar samþykkis ráðherra. Yfirvinna er borguð samkvæmt reglugerð um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

## 24. gr.

Starfsaðsetur atvinnudeildar telst sá staður, þar sem starfsmenn hennar vinna að staðaldri, þar með talin tilraunabú, sem rekin eru á vegum stofnunarinnar.

## 25. gr.

Þurfi starfsmaður að vinna störf á vegum atvinnudeildar utan starfsaðseturs stofnunarinnar, skal rannsóknaráði gerð grein fyrir því fyrir fram.

## 26. gr.

Ferðakostnaður starfsmanna á vegum atvinnudeildar skal greiddur eftir reikningi, sem samþykktur er af deildarstjóra. Dagpeninga ákveður rannsóknaráð með samþykki ráðherra.

## 27. gr.

Kaup á tækjum eða öðru til sérdeilda skulu deildarstjórar annast í samráði við rannsóknaráð, en sé um að ræða hluti til sameiginlegra þarfa annast framkvæmdastjóri kaupin. Reikninga á atvinnudeildina má ekki greiða nema þeir séu samþykktir af hlutaðeigandi deildarstjóra eða framkvæmdastjóra.

52 22. febr. Vöropantanir skulu deildarstjórar afhenda framkvæmdastjóra, sem lætur skrifstofu atvinnudeildar sjá um fyrirgreiðslu þeirra og útvegum nauðsynlegra gjald-eyris- og innflutningsleyfa.

## 28. gr.

Rannsóknaráði, framkvæmdastjóra og deildarstjórum ber gaumgæfilega að gæta þess að fylgt sé ákvæðum fjárlaga um fjárveitingar til atvinnudeildarinnar.

## 29. gr.

Samningar og bréf, er hafa í sér fölgjar fjárhagslegar skuldbindingar og varða sérdeildir, skulu undirrituð af hlutaðeigandi deildarstjóra og framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, en bréf, sem varða stofnunina sem heild, skulu undirrituð af framkvæmdastjóra rannsóknaráðs.

## 30. gr.

Skyllt er atvinnudeild að taka að sér rannsóknir fyrir atvinnurekstur einstakra manna, félaga eða stofnana, eftir því sem við verður komið, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður með gjaldskrá.

## 31. gr.

Deildarstjórar skulu annast samningu gjaldskrár, hver á sínu sviði, og leggja síðan fyrir rannsóknaráð, er afgreiðir málið til ráðherra, með tillögum sínum. Hið sama gildir með gjaldskrárbreytingar.

## 32. gr.

Þrátt fyrir gjaldskrárákvæði getur ráðherra mælt svo fyrir, að sérdeild annist rannsóknir endurgjaldslaust, ef ástæða þykir til. Skýrslur um slíka rannsóknarvinnu með tilgreindum kostnaði samkvæmt gjaldskrá skulu fylgja reikningum sérdeildanna.

## 33. gr.

Óheimilt er öðrum rannsóknarstofnunum, sem njóta styrks úr ríkissjóði, að taka að sér rannsóknir samkvæmt 30. gr. þessarar reglugerðar, nema gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá atvinnudeildar.

## 34. gr.

Skyllt er starfsmönnum ríkisins eða stofnana, sem starfa með ríkisstyrk, að láta atvinnudeild aðstoð sína í té við rannsóknir eða tilraunir, eftir því sem við getur átt og ráðherra telur nauðsynlegt. Þóknun fyrir slíka aðstoð skal greiða eftir gjaldskrá atvinnudeildar, ef tiltækilegt er, ella ákveður ráðherra gjaldið.

## 35. gr.

Atvinnudeild hefur forgangsrétt til þess að taka einkaleyfi á þeim uppgötvunum, sem gerðar eru innan vébanda hennar. Ef starfsmaður atvinnudeildar finnur upp tæki, efni, aðferð eða annað sem hann telur ástæðu til að lögvernda, skal hann tilkynna það rannsóknaráði, er ákveður, hvort atvinnudeild skuli taka einkaleyfi á uppgötvuninni. Ákveði rannsóknaráð, að atvinnudeild skuli ekki nota forgangsrétt sinn, er þeim, sem uppgötvunina gerði, heimilt að taka einkaleyfi á henni. Fyrir uppgötvunir, sem atvinnudeild tekur einkaleyfi á, skal stofnunin greiða uppfinningamannnum 20% af tekjum atvinnudeildar af einkaleyfinu, eða eftir samkomulagi milli hans og rannsóknarráðs, með samþykki ráðherra.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúru-rannsóknir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1950.*

**Jón Pálmason.**

*Árni G. Eylands.*



# HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

## fyrir Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu.

53

28. febr.

### I. KAFLI

#### Takmark samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

##### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði allra hreppabúnaðarféлага í Vestur-Húnavatnssýslu.

##### 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu, og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill Búnaðarsambandið ná með því, sem fyrst og eftir því sem aðstaða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandsvæðinu, þannig að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkornastar vélar og önnur tæki til vinnunnar. Skal sérstök áherzla lögð á byggingu íbúðarhúsa úr varanlegu efni, en auk þess koma hér einnig til greina peningshús, hlöður, votheystóftir, haughús, þvaggryfjur, safnþrær og geymsluhús.

### II. KAFLI

#### Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

##### 3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Vestur-Húnavatnssýslu hefur á hendi yfirstjórn allra byggingaframkvæmda, er sambandið tekur að sér.

Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði. Hann skal vera fullfær til að taka starfið að sér, að dómi sambandsstjórnar, Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

##### 4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingaframkvæmdum sambandsins. Skylt er henni, samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsaagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa, samkv. 21. gr. áðurnefndra laga.

##### 5. gr.

Stjórnin og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

53

28. febr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknnum frá félagsmönnum um byggingaframkvæmdir og kynnir sér hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún ásamt framkvæmdastjóra og í samráði við jarðeiganda staðsetningu þessara bygginga, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni Teiknistofu landbúnaðarins, sbr. 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdirnar, nema annað þyki hentara. Enn fremur ber honum að fylgjast með því að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum er sett af sambandsstjórninni, og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er og skylt að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til bygginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

### III. KAFLI

#### Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um að það annist byggingarframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Teiknistofu landbúnaðarins, eða samþykkt af henni. Jafnframt sé fram tekið, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Enn fremur sé tekið fram, að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af sambandinu. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknnum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjórn, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir sem mest hafa þörf fyrir nýbyggingar sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn

sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggja fyrir yfirlýsingar frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, enn fremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

53  
28. febr.

#### 13. gr.

Byggingafrankvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila. Að sumrinu sé unnið að steypuvinnu og húsin gerð fohheld, en að því leyti sem sambandið tekur að sér innanhúsvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna, eftir því sem kostur er, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingavinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg verkvöndun.

#### 14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

### IV. KAFLI

#### Um greiðslu kostnaðar.

#### 15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verkfartaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Teiknistofu landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

#### 16. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutning á milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

#### 17. gr.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður á þeim, skal leggjast í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

## V. KAFLI

## Fjáröflun og tryggingar.

## 18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingafrankvæmdir félagsins. Stofnfjárhæð hans er 180 000 — eitt hundrað og áttatíu þúsund — krónur.

Tekjur byggingasjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, er keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Teiknistofu landbúnaðarins og Nýbýlastjórnar um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, er nemi  $\frac{1}{6}$  hluta heildar stofnfjárins.
3. Eftirstöðvar stofnfjárins,  $\frac{1}{6}$  hluta, tekur Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingafrankvæmdir.
4. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkv. 17. gr.

## 19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að álitu búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingavélasjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og senda þær öllum hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingavélasjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

## 20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðsluþryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr., miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkv. ákvæðum verktökusamnings.

## 21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka reksturslán gegn tryggingu í ávísunum og greiðsluþryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

## VI. KAFLI

## Um reikningshald og endurskoðun.

## 22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

## 23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

## 24. gr.

53

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram árlega á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

28. febr.

## VII. KAFLI

## Um breyting samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

## 25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélagum, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmatúr aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

## 28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1950.*

Jón Pálmason.

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

54

11. marz

## um stjórn bæjarmála Sauðárkrókskaupstaðar.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 7 kjörnum fulltrúum. Þeir taka ákvarðanir um þau málefni kaupstaðarins á bæjarstjórnarfundum, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

11. marz Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fastar nefndir, er bæjarstjórn kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Framfærslunefnd.
3. Allsherjarnefnd.
4. Landbúnaðarnefnd.
5. Rafveitunefnd.
6. Veganefnd.
7. Vatns- og hitaveitunefnd.
8. Niðurjöfnunarnefnd.
9. Byggingarnefnd.
10. Hafnarnefnd.
11. Verksmiðjunefnd.
12. Íþróttarnefnd.

Enn fremur kýs bæjarstjórn:

1. Fræðsluráð, 5 menn og 5 til vara.
2. 1 mann í heilbrigðisnefnd.
3. 1 mann í skattanefnd.
4. 1 mann í verðlagsskrárnefnd.
5. 2 menn í stjórn Sjúkrahúss Skagfirðinga.
6. 1 mann í stjórn Skógræktarsjóðs.
7. Slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og einn mann í brunamálanefnd.
8. Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.
9. 1 mann í stjórn Skagfirðingasjóðs.
10. 2 endurskoðendur bæjarreikninga og 2 til vara.
11. 6 menn í barnaverndarnefnd og 2 til vara.
12. 1 mann í fasteignamatsnefnd.
13. 2 menn í bókasafnsnefnd.
14. 1 mann í stjórn Sparisjóðs Sauðárkróks og einn endurskoðanda.

Fastar nefndir skulu kosnar til eins árs í senn. Í fyrsta sinn á kjörtímabilinu, þegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnir, og síðan á fyrsta fundi hvers árs. Um kosningu í byggingarnefnd fer þó eftir byggingarsamþykkt Sauðárkrókskaupstaðar.

Enn fremur kýs bæjarstjórn bæjarstjóra. Skal hann kosinn eftir hverjar almenningar bæjarstjórnarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarfulltrúa. Endurkjósa má bæjarstjóra, og setur bæjarstjórn með samþykkt staðfestri af ráðuneytinu ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé. Kosning bæjarstjóra skal vera leynileg.

Verði sæti nefndarmanns autt, eða fái hann þau forföll, að hann geti ekki gegnt starfi sínu, tekur varafulltrúi sæti hans og gilda um það sömu reglur og um setu varafulltrúa í bæjarstjórn í stað aðalfulltrúa, sé um bæjarfulltrúa að ræða. Sé nefndarmaður utan bæjarstjórnar, kýs bæjarstjórn mann í hans stað, ef henni þykir ástæða til.

Bæjarstjórn getur með þeim undantekningum, sem leiða af ákvæðum í lögum og reglugerðum um starf fastra nefnda, tekið sérhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið hafi verið fastri nefnd. Bæjarstjórn getur skipað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúa framkvæmd þeirra. Allar nefndir skulu kjósa sér formann á fyrsta fundi sínum. Sérhver fastanefnd skal halda gerðabók og skrá fundargerðir.

## 3. gr.

Fjárhagsnefnd er skipuð þremur fulltrúum. Hún hefur umsjón með fjárhag kaupstaðarins, undirbýr áætlanir um tekjur og gjöld kaupstaðarins, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, hefur eftirlit með því að bæjargjaldkeri riti rétt og reglulega bækur sínar, heimti tekjur kaupstaðarins á réttum tíma, setji handbært fé hans á vöxtu og yfirleitt hegði sér samkvæmt erindisbréfi sínu.

Nefndin skipar fyrir um hvernig bækur gjaldkerans og annarra, er kunna að hafa umráð yfir fé kaupstaðarins, skulu lagaðar, nema öðruvísi sé fyrir mælt. Hún leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli, litur eftir fjárbirgðum þeim, er þeir hafa með höndum og gætir þess, að reglum þeim sé hlýtt, sem um fjárhagsmálefni eru settar.

## 4. gr.

Í framfærslunefnd eru kosnir þrír menn. Nefndin hefur með höndum stjórn allra framfærslumála í Sauðárkrókskaupstað. Nefndin stjórnar elliheimili og barnaheimili bæjarins, ef slík fyrirtæki verða sett á stofn.

Bæjarstjóri er jafnframt framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

## 5. gr.

Allsherjarnefnd skipa þrjár bæjarfulltrúar. Hún hefur með höndum öll þau mál, er ekki heyra undir aðrar nefndir bæjarstjórnar.

## 6. gr.

Í landbúnaðarnefnd eru kosnir þrír menn. Hefur nefndin með höndum umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem jörðum, veiðiafnotum, reka, mótaki, grjótnámi, slægjum, beit o. s. frv. Enn fremur annast hún allt, er að fjallskilum lýtur, þar með talin refaeyðing, fjárböðun og fjárkláðaeftirlit.

Nefndin sér um útmælingu ræktunarlóða og annarra lóða, sem ekki falla undir starfssvið byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykkt kaupstaðarins, gerir tillögur um leigu á fasteignum, lóðum og jarðarafnotum.

## 7. gr.

Rafveitunefnd skipa þrjár menn. Hún sér um rafstöð kaupstaðarins samkvæmt lögum og reglum um það efni. Rafveitustjóri er ráðunautur nefndarinnar um öll störf hennar og mætir á öllum fundum nefndarinnar, en hefur ekki atkvæðisrétt. Bæjargjaldkeri skal vera gjaldkeri rafveitunnar.

## 8. gr.

Veganefnd er skipuð þremur mönnum. Nefndin hefur á hendi alla umsjón og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum vega og hirðingu. Einnig gerir hún tillögur til bæjarstjórnar um framlag til vega.

## 9. gr.

Vatns- og hitaveitunefnd er skipuð þremur mönnum. Nefndin hefur með höndum umsjón með vatnsveitu og holræsum kaupstaðarins samkvæmt reglugerðum.

Nefndin hefur á hendi rannsókn á hitaveitu. Hún hefur eftirlit með innheimtu og reikningshaldi þessara fyrirtækja og gerir tillögur um fjárhagsleg atriði fyrir-tækjanna.

## 10. gr.

Í niðurjöfnunarnefnd eru kosnir fjórir menn í nóvembermánuði, til eins árs í senn, en formaður hennar er formaður skattanefndar. Um störf niðurjöfnunarnefndar fer eftir lögum um útsvör.

54

11. marz

11. gr.

Byggingarnefnd er skipuð fjórum mönnum, auk bæjarstjóra, þar af tveimur úr flokki bæjarfulltrúa. Nefndin annast byggingamál bæjarins samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um byggingar og byggingarsamþykkt bæjarins.

12. gr.

Hafnarnefnd skipa þrjár eða fimm menn og þrjár til vara. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Nefndin hefur á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni, samkvæmt hafnarlögum. Hún hefur auk þess eftirlit með innheimtu hafnargjalda. Meðan Skagafjarðarsýsla er í ábyrgð fyrir höfnina, hefur hún rétt til að kjósa mann í hafnarnefnd.

13. gr.

Verksmiðjunefnd skipa fjórir menn, auk bæjarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur það verksvið, að reyna að sjá um útvegum á fyrirgreiðslu um byggingu verksmiðju til hagnýtingar á hráefni frá aðalatvinnuvegunum.

14. gr.

Íþróttarnefnd er skipuð fimm mönnum. Hún hefur á hendi stjórn íþróttamála og umsjón með framkvæmdum í íþróttamálum bæjarins.

15. gr.

Samkvæmt viðkomandi lögum og reglugerðum eru kosnar og starfa: Fræðsluráð, heilbrigðisnefnd, skattarnefnd, slökkviliðsstjóri, brunamálanefnd, kjörstjórnir, endurskoðendur bæjarreikninga, barnaverndarnefnd, fasteignamatsnefnd og brunabótavirðingamaður.

16. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar og nefndir, sem hún setur í einstök mál, skulu leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

17. gr.

Alla reikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja bæjarins skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sér um að þeir séu nægilega vottaðir, að þeir séu réttir, hafi áætlunarheimild eða samþykki bæjarstjórnar við að styðjast, og ávísar þeim síðan til greiðslu.

Ekkert fé, nema laun fastra starfsmanna, má greiða úr bæjarsjóði nema eftir löglegri ávísun. Lögleg ávísun telst áritun formanns hlutaðeigandi nefndar.

18. gr.

Endurskoðaðir reikningar kaupstaðarins skulu liggja frammi 15 daga almenningsi til sýnis og séu þeir lagðir fram fyrir aprilmánaðarlok ár hvert.

19. gr.

Þær nefndir, sem fjármál hafa með höndum, skulu innan þess tíma, er bæjarstjóri tiltekur, senda fjárhagsnefnd frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld mála þeirra, er undir þær heyra, svo og tillögur um hvernig fjárveiting skuli varið.

20. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ritstörfum, sem eigi eru öðrum falin og allar bréfaskriftir bæjarstjórnar.



## 21. gr.

54

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum bæjarstjórnar, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins. 11. marz

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 57 24. maí 1947, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1950.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUR

55

11. marz

um breyting á reglum nr. 13 22. janúar 1947, um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

## 1. gr.

8. gr. reglnanna orðist svo:

Leyfishafa er skylt að slysatryggja farþega í innanlandsflugi. Skulu slysabætur vera hinar sömu og ákveðnar eru í 51.—58. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar. Skal þess getið á farseðlum, að farþegar séu þannig tryggðir.

Í millilandaflugi er leyfishafa skylt að tryggja sig í samræmi við ábyrgð þá, er lögð er á hann með Varsjársmningnum, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

Um ábyrgðarskyldu gagnvart þriðja manni fer eftir ákvæðum 31.—34. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

*Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1950.*

Jóhann Þ. Jósefsson.

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknar- og menningarsjóð Ljós- 56  
mæðrafélags Reykjavíkur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 11. marz  
ráðherra 11. marz 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmaðrafélags Reykjavíkur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknar- og menningarsjóður Ljósmaðrafélags Reykjavíkur, og er stofnaður af meðlimum félagsins, sem undir skjal þetta rita.

56

11. marz

2. gr.  
Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur. Skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórnin telur full-tryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst, að styðja efnilegar ljósmæður til aukinnar menntunar í samri grein, að styrkja bágstaddar ljósmæður, sem sakir elli eða vanheilsu, eða af öðrum ástæðum rata í erfiðleika, eða börn þeirra. Þá má einnig veita fé til annarra framkvæmda, er séu í þágu ljósmæðrastéttarinnar.

4. gr.

Framkvæmd á ofangreindu má hefjast, þegar sjóðurinn er orðinn 25000 kr.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né nota meir en  $\frac{4}{5}$  hluta af vöxtum hans. Hinn hluta vaxtanna, svo og aðrar tekjur skulu lagðar við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar Ljósmæðrafélag Reykjavíkur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, samþykktir og skýrslur um framkvæmd, fjáröflun og hvert eina sjóðnum viðkomandi.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir síðastliðið ár og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, er stjórnin velur. Reikninginn skal birta í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og áheitum. Minningarspjöld eru gefin út til ágóða fyrir sjóðinn.

10. gr.

Umsóknir um framlag úr sjóðnum skulu sendar til formanns félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 15. janúar 1950.

Rakel P. Þorleifsson.

Guðrún Halldórsdóttir.

Helga M. Níelsdóttir.

Ólöf Kristjánsdóttir.

Pálína Guðlaugsdóttir.

Vilborg Jónsdóttir.

Sigríður Jónsdóttir.

Guðrún Valdimarsdóttir.

Jóhanna Pálsdóttir.

Sigríður Jónsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð bakarameistara“, útgefin 57  
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1950. 14. marz  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð bakarameistara.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Ekknasjóður bakarameistara.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af meðlimum Bakarameistarafélags Reykjavíkur með frjálsum framlögum og er nú að upphæð kr. 29000.00 — tuttugu og níu þúsund kr.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eftirlifandi konur og börn látinna meðlima Bakarameistarafélags Reykjavíkur, og eiga allar konur jafnan rétt til styrksins, án tillits til efnahags.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum úr Bakarameistarafélagi Reykjavíkur. Skal formaður bakarameistarafélagsins á hverjum tíma jafnframt vera sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnarinnar, en tveir meðstjórnendur skulu kosnir á aðalfundi bakarameistarafélagsins til eins árs í senn.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í vörzlu stjórnar hans, og skal hann ávaxtast í tryggum verðbréfum, sparisjóðum, eða bönkum eða öðrum jafntryggum stöðum eftir því sem arðvænlegast þykir.

### 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir eða aðrar þær tekjur, sem sjóðnum áskotnast. Enn fremur skulu 15% af félagsgjöldum meðlima Bakarameistarafélags Reykjavíkur renna til sjóðsins, auk alls inntökugjalds nýrra meðlima í félagið.

### 7. gr.

Sjóðstjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum samkv. skipulagsskrá þessari. Má fyrst um sinn verja allt að hálfum árstekjum sjóðsins til úthlutunar. Skal afgangurinn leggjast við höfuðstól hans, en hann er óheimilt að skerða. Heimilt skal sjóðstjórninni, að fengnu samþykki aðalfundar bakarameistarafélagsins, að ákveða hærri árlega styrkveitingu en að framan getur.

### 8. gr.

Fjárveitingar úr sjóðnum fara fram í desembermánuði. Þó getur stjórn hans ákveðið annað, ef það þykir henta betur.

### 9. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Ber henni enn fremur að bóka þar eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn í ársreikning

- 57 sjóðsins, sem síðan skulu lagðir fram á aðalfundi Bakarameistarafélags Reykjavíkur,  
14. marz endurskoðaðir af tveim hæfum mönnum, sem kosnir hafa verið til þess á fundi Bakarameistarafélagsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

58

18. marz

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 184 23. október 1945 og samþykkt nr. 35 2. marz 1943, um breyting á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

16. tölul. 1. gr. samþykktar nr. 35 2. marz 1943 orðist svo:  
Hjaltadalsvegur úr Kjarvalsstaðanesi vestan Hjaltadalsár gegnt Laufskálaholti að Reykjum.

2. gr.

1. gr. samþykktar nr. 184 23. október 1945, er úr gildi numin.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

59

21. marz

## R E G L U G E R Ð

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

## 3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götuloögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

## 4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

## 5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

## 6. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru váttryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

## 7. gr.

Af öllum húsum í Sandgerði, sem svo er ástatt um, sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald 4% af fasteignamati, þó ekki lægra en kr. 250.00. Þá skal greiða árlega vatnsskatt að upphæð 3% af fasteignamati. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 250.00.

Fyrir vatnshana utan húss, í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum skal greiða kr. 10.00 árlega og fyrir vatnssalerni kr. 5.00 árlega.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir vatnsnotkun, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, fiskhús, og fyrir vatn til hvers konar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun, skal greiða eftir mati vatnsveitunefndar.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 5.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert sinn.

## 8. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefndin ákveðið, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

## 9. gr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunefndar um vatnsskatt til annars en heimilisþarfa, og getur hann þá krafizt þess, að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin.

59

21. marz

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkv. mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Vatnsskattinn má taka lög taki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1950.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

60

21. marz

## REGLUGERÐ

### um holræsagerð í Sandgerði.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningrvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþínsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það. Þóknun fyrir þau störf, og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlýta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

## 3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsið, kr. 450.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 250.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnaðar-fyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 450.00.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi í holræsagjald til hreppsins kr. 150.00 árlega af hverju húsi og enn fremur 5 af þúsundi af fasteignamati húsanna.

## 4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

## 5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

**um ábyrgð ríkissjóðs á lifrarverði til bátaútvegsmanna.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 1/1950, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að ábyrgjast bátaútveginum kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur úr fiskaflanum frá 1. janúar til 20. marz 1950.

Öllum lifrarbræðslum er skylt að senda Fiskifélagi Íslands fyrir 25. þ. m., skýrslur um móttekið lifarmagn, og sé nákvæmlega tilgreint, hverjir lögðu inn lifrina, hve mikið hver, og úr hve miklu aflamagni sú lifur fékkst, miðað við slægðan fisk með haus. Jafnframt skal gefa skýrslu um, hversu mikið lýsi, og hvaða tegundir hafa fengið úr lifrinni. Skýrslur þessar skal gefa að viðlögðum drengskap.

- 61 Aðeins þær lifrabræðslur geta orðið ábyrgðarinnar aðnjótandi, sem senda  
20. marz framangreindar skýrslur fyrir tilgreindan tíma og hafa komið lýsi sínu til við-  
skiptamanna sinna í Reykjavík í síðasta lagi fyrir 10. apríl n. k.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. marz 1950.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

- 62  
22. marz

## AUGLÝSING

**um breyting á símtala- og símskeytagjöldum til útlanda og póstburðargjöldum til útlanda, annarra en Norðurlanda.**

Vegna hækkunar á verðgildi gullfrankans, miðað við íslenska krónu, hækka símskeytagjöld til útlanda frá og með 23. marz 1950 og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

Norðurlönd:	Gjald fyrir orðið:
Danmörk .....	kr. 1.70
Færeyjar .....	— 1.00
Finnland .....	— 2.65
Noregur .....	— 2.00
Svíþjóð .....	— 2.00
<b>Önnur helztu lönd Evrópu:</b>	
Belgía .....	kr. 2.50
England .....	— 1.95
Frakkland .....	— 2.60
Holland .....	— 2.66
Tékkóslóvakía .....	— 3.05
Ítalía .....	— 3.00
Pólland .....	— 3.15
Spánn .....	— 2.85
Sviss .....	— 2.85
Þýskaland .....	— 2.80
<b>Norður-Ameríka:</b>	
1. gjaldsvæði .....	kr. 8.16
2. gjaldsvæði .....	— 9.30
3. gjaldsvæði .....	— 10.50
4. gjaldsvæði .....	— 11.40
5. gjaldsvæði .....	— 12.30
Argentína .....	— 16.70
Brazilía .....	— 15.20

Gjöld fyrir almenn skeyti til annarra landa, svo og gjöld fyrir aðrar tegundir skeyta til útlanda hækka í sama hlutfalli.



## Símtalagjöld til útlanda verða frá sama tíma sem hér segir:

	Gjald fyrir fyrstu 3 mín.:	Gjald fyrir hverja umfram mín.:	Afturköllunargjald:
Danmörk .....	kr. 96.00	kr. 32.00	kr. 16.00
Finnland .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Noregur .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Svíþjóð .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
England .....	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Þýzkaland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Belgía .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Holland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Frakkland .....	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Sviss .....	— 150.00	— 50.00	— 25.00
U. S. A. ....	— 198.00	— 66.00	— 12.25

62

22. marz

Símtala- og símskeytagjöld innanlands haldast óbreytt.

Póstburðargjöld innanlands og til Norðurlanda haldast óbreytt, en hækka frá sama tíma til annarra landa sem hér segir:

**Bréf:** Fyrstu 20 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 20 g 90 aurar.

**Bréfsþjöld:** Einföld 90 aurar, tvöföld 180 aurar.

**Verzlunarskjöl:** Allt að 200 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

**Prent og sýnishorn:** Fyrstu 50 g 60 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

**Blindraprent:** Hver 1000 g 15 aurar.

**Løftbréf:** Bréfsefni með frímerki 175 aurar.

*Póst- og símamálastjórnin, 22. marz 1950.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*E. Sandholt.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Marius Nielsen“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1950.

63

24. marz

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Marius Nielsen.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Marius Nielsen útgerðarmanni í Kaupmannahöfn. Stofnfé sjóðsins eru 20000.00 ísl. krónur, sem hann hefur afhent Slysavarnafélagi Íslands til ráðstöfunar.

2. gr.

Sjóðurinn ber nafn gefandans.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af stofnfé hans, krónur eitt þúsund, er Slysavarnafélag Íslands leggur til á næstu 10 árum, svo og annað fé, sem honum kann að áskotnast frá einstökum mönnum eða félögum.

63

24. marz

4. gr.  
Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun til manna, er stofna lífi sínu í bersýnilega hættu við björgun manna úr sjávarháska, svo og til að styrkja vandamenn eða nána ættingja þeirra manna, sem verða fyrir líftjóni af sömu orsökum.

5. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur stjórn sjóðsins með höndum, skal hún halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðar eru allar verðlauna- og styrkveitingar, hverjir hafa hlotið hverju sinni.

6. gr.

Verðlaun eða styrk úr sjóðnum á að jafnaði aðeins að veita sama manni einu sinni. Í sérstöku skjali er fylgi upphæðinni, skal tilgreina nafn móttakanda og ástæður fyrir veitingunni.

7. gr.

Verja skal fjórum fimmtu af árlegum vöxtum sjóðsins í umræddu skyni, samkvæmt 4. gr., en einn fimmti af vöxtunum leggist við höfuðstólinn.

8. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands tekur árlega ákvörðun um veitingu verðlauna eða styrkja úr sjóðnum, og skal þeim úthlutað á afmælisdegi gefandans þann 10. marz. Gefist ekki tilefni til verðlauna eða styrkveitingu leggjast vextirnir óskertir við höfuðstólinn.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta og geyma í ríkistryggðum skuldabréfum. Verðlaunaveitingar og árlega reikninga hans skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, svo og í árbók Slysavarnafélags Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins skal staðfest af forseta Íslands.

11. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 1. desember 1949.

Í stjórn Slysavarnafélags Íslands.

Guðbjartur Ólafsson.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Árni Árnason.

Friðrik V. Ólafsson.

Ólafur Þórðarson.

Guðrún Jónasson.

Rannveig Vigfúsdóttir.

## REGLUGERÐ

64

1. marz

um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

### 1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi frá línu, er hugsast dregin frá Keili um Sandgerðisvita á haf út og fyrir framan strandlengju Gerðahrepps, Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps að Hraunsnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

### 2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

### 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 1. marz 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ásgeirs á Arngerðar- 65  
eyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. marz 1950. 29. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ásgeirs á Arngerðareyri.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Ásgeirs á Arngerðareyri, og er stofnaður til minningar um Ásgeir Guðmundsson dbrm. og hreppstjóra á Arngerðareyri og konur hans, Margrėti Jónsdóttur og Aðalbjörgu Jónsdóttur, á 100 ára afmæli hans, 22. september 1949, af undirrituðum börnum hans og stjúphörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla landbúnað í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á hvern þann hátt, er að dómi sjóðstjórnarinnar getur orðið til þess, að bæta hag bænda í hreppnum eða efla áhuga þeirra fyrir bættum búnaðarháttum.

65

29. marz

3. gr.

Stjórn sjóðsins, umsjón með fjárreiðum hans og valdið til að veita fé úr honum skal ávallt vera í höndum Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps, en skylt er búnaðarfélaginu að gera hreppsnefnd Nauteyrarhrepps árlega skilagrein fyrir fjárhag sjóðsins og fjárveitingum af vöxtum hans og ber að láta þá skilagrein fylgja hreppsreikningunum til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hafa skal æðstu umsjón með því, að stjórn sjóðsins fari í öllu eftir fyrirmælum skipulagsskrárinnar.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða og við hann skal leggja alla vexti, þar til ársvextir eru orðnir kr. 1000.00. Frá þeim tíma má til útborgunar falla allt að helmingi ársvaxta, en ávallt skal leggja fullan helming ársvaxtanna við höfuðstólinn.

5. gr.

Heimilt er að veita móttöku minningargjöfum í sjóðinn og fer um slíkar gjafir að öllu svo sem segir um stofnfé hans, sbr. 2. og 4. gr. Nöfn gefenda og gjafaupphæð skulu skráð í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Úthlutun á fé því, sem stjórn sjóðsins hefur í hvert sinn til umráða, skal ávallt fara fram á afmælisdegi Ásgeirs Guðmundssonar, 22. september.

7. gr.

Nú þykir stjórn sjóðsins ekki vera ástæða til úthlutunar á fé því, sem hún hefur til umráða, og skal það þá að jafnaði lagt við höfuðstólinn. Heimilt er henni þó að safna útborgunaryöxtum um nokkur ár og geyma þá á vöxtum á tryggum stað, unz þeir ná þeirri upphæð, er nægi til að standa straum af framkvæmd eða lántöku til framkvæmdar í hreppnum í stærri stíl, ef hreppsnefnd og sýslunefnd samþykkja.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningi hans fyrir umliðið reikningsár svo snemma, að hann geti fylgt hreppsreikningnum til sýslunefndar, sbr. 3. gr. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir. Í hana skal færa þessa skipulagsskrá, svo og ársreikninga sjóðsins. Enn fremur ber að færa í hana allar ályktanir um úthlutun úr sjóðnum og annað, er honum viðkemur. Við úthlutanir skal ávallt geta þeirra með nafni, er styrks verða aðnjótandi eða verðlauna, fyrir hvað veitt er og hversu mikið.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. september 1949.

Margrét Ásgeirsdóttir.  
Jochum Ásgeirsson.

Geirþrúður J. Ásgeirsdóttir.  
Magnús Jochumsson.

Ásgeir Ásgeirsson.  
Sigríður Jochumsdóttir.

## SAMÞYKKT

### um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu.

66

29. marz

#### 1. gr.

Í Vestur Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

#### 2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

##### *Í Hörgslandshreppi:*

1. Brunasandsvegur af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
2. Mörtunguvegur af þjóðveginum í Prestbakkavelli um Prestbakka að Mörtungu.

##### *Í Kirkjubæjarhreppi:*

3. Holtsgvegur af þjóðveginum austan Dalbæjarstapa yfir vestri brúna á Skaftá um Holt vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.

##### *Í Leiðvallarhreppi:*

4. Koteyjarvegur af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Rofabæ.
5. Botnavegur af þjóðveginum austan Ásakvísla að Botnum.

##### *Í Skaftártunguhreppi:*

6. Ljótárstaðavegur af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótárstöðum.

##### *Í Álftavershreppi:*

7. Mýrnavegur af þjóðveginum hjá Norðurhjáleigu um Jórvík að Mýrum.
8. Mýrdalssandsvegur syðri leiðin yfir Mýrdalssand.

##### *Í Hvammshreppi:*

9. Víkurvegur gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
10. Rofamýrarvegur af þjóðveginum norðan Reynisfjalls um Rofamýri í Heiðardal.

##### *Í Dyrhólahreppi:*

11. Hvolsgvegur af þjóðveginum hjá Litla-Hvammi að Hvoli.
12. Péturseyjarvegur með byggðinni sunnan Péturseyjar.

#### 3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, er greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar, en af eiganda hvernjar lóðar eða húseignar í þorpum. Hreppsfélaginu er heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, enda sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og tilkynning komi þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn upphæð skattsins. Má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna af húsverði. Með gjöldum til vegabóta má telja vexti og afborganir af lánnum, sem tekin eru til sýsluvega.

66

29. marz

4. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs og skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar; gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Sýslufundur semur áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningi, ásamt áætlun skal oddviti senda vegamálastjóra, að afstöðnum sýslufundi.

5. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði fær sýsluvegasjóður eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

67

31. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð kvenna í gamla Háls-hreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1950. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kvenna í gamla Hálsahreppi

(þ. e. núverandi Háls- og Flateyjarhreppur).

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður kvenna í gamla Hálsahreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 25000.00, sem er framlag velvildarmanna hreppsins, og gefnar eru af hvaða tilefni sem gefendum finnst viðeigandi, svo sem minningargjöfum, áheitum og hvers kyns öðrum framlögum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — má verja helmingi ársvaxtanna til að styrkja efnilegar stúlkur í gamla Hálsahreppi, er nám stunda:

1. a. Við innlenda eða erlenda húsmæðraskóla er beztir verða þá taldir af forráða- 67  
mönnum sjóðsins, enda leiðbeini skólarnir við uppeldi barna og starfi á 31. marz  
kristilegum grundvelli.
- b. Við væntanlega uppeldismáladeild Háskóla Íslands. Við úthlutun og veit-  
ingu þeirra styrkja, er að ofan getur, skal það sjónarmið haft sterkt í huga,  
að æskilegt væri að styrkþegar láti, að námi loknu, gamla Hálshrepp njóta  
starfskrafta sinna eða leiðbeininga, eftir því sem ástæður leyfa og við verður  
komið.
2. a. Verja má úthlutunarfé sjóðsins þriðja hvert ár til þess að verðlauna þær  
húsfreyjur í fyrrgreindum hreppi, sem þykja skara fram úr í því að prýða  
heimili sín, innan húss og utan, með góðri umgengni, trjárækt og blóma, en  
ekki fleiri en tveimur í senn. Ekki má það heldur koma í bága við styrkveit-  
ingu til skólanáms, sem byrjað hefur verið.
- b. Heimilt er stjórn sjóðsins, að styrkja húsfreyjur á nefndu svæði, til þess  
að sækja námskeið til aukinnar fræðslu og leiðbeiningar í uppeldismálum,  
heimilisprýði, heilsuvernd og hjúkrun o. þ. u. l., enda leiðbeini þær þá  
öðrum, er heim kemur. Slík námskeið standi ekki skemur en einn mánuð.  
Heimilt er og að styrkja námskeið, er haldin kynnu að verða heima á vegum  
húsmæðranna, og leiðbeindu, auk annars, í einum eða fleiri af ofangreindum  
menningarþáttum.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn yfir 100000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur, má  
hann styrkja fleiri menningarmál kvenna á ofangreindu svæði en þau, er getur í 4. gr.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjórnarnir í Háls- og Flateyjarhreppum og kona úr  
Hálshreppi, valin af kvenfélagi þess hrepps, og skal hún vera formaður sjóðstjórnar.  
Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllu því fé er til sjóðsins skal renna. Formaður skal  
skrá nöfn þeirra, sem sjóðinn efla, í sérstaka bók, er stofnendur sjóðsins hafa áður  
ritað í nöfn sín og minningargjafir. Einnig skal hann sjá um að bókin sé ávallt  
geymd á öruggum stað — í eldraustum skáp.

Stjórnin sér um reikningshald sjóðsins. Hún auglýsir í útvarpi og blöðum  
þeim, er hún telur hagkvæmt vera, styrkveitingar úr sjóðnum, ekki síðar en 1. ágúst  
ár hvert. Sjóðstjórnin metur umsóknir, úthlutar styrkjum og veitir verðlaun.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrána á 33 ára fresti. Má þá breyta  
henni eftir því viðhorfi, sem breyttir tímar kunna að hafa skapað. Sér til aðstoðar  
skal stjórnin velja tvær konur, er hún telur bezt hæfar til þess starfa

Þess skal vel gætt við breytingar skipulagsskrárinnar, að markmið sjóðsins er:  
að styrkja þær framfarir, sem starfa að kristilegri menningu.

## 8. gr.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega. Tilnefnir sýslunefnd S.-Þing-  
eyjarsýslu tvo menn til þess.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist af Stjórnarráði Íslands.

68

3. apríl

## FYRIRMÆLI

um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær.

## 1. gr.

Eftirtaldir vegarkaflar skulu teljast aðalbrautir:

1. *Suðurlandsbraut* frá vegamótum Laugarnesvegur að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegur, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. *Mosfellssveitarvegur* frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrr töldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegur óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. *Hafnarfjarðarvegur* frá vegamótum Laufásvegur að vegamótum Norðurbrautar ofan við Hafnarfjörð, að báðum vegamótum meðtöldum.
4. *Flugvallarvegur* á Keflavíkurflugvelli frá vegamótum Keflavíkurvegur fram hjá flugstöðinni og gegnum aðalíbúðahverfið að mötuneyti starfsmanna vallarins. Við vegamót Keflavíkurvegur skal þó sá vegur hafa forrétt aðalbrautar.

## 2. gr.

Bifreiðar og önnur tæki, sem koma frá vegum, er liggja að aðalbrautum þeim, sem taldar eru í 1. gr., og ætla inn á þær, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

## 3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á aðalbraut. Merki skulu vera þannig:

Spjald úr járnplötu á um eins metra hárrí járnstöng þannig gert: Spjaldið er réttur ferhyrningur 46.5 cm á hæð og 31.5 cm á breidd málað gult. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

STANZ  
AÐAL-  
BRAUT  
STOP

## 4. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 5. gr.

Fyrirmæli þessi, sem sett eru samkvæmt heimild í 7. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Fyrirmæli nr. 4 20. jan. 1943 eru felld úr gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1950.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.



## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

69

3. apríl

### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af hverjum fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 35 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi eitt.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem æfluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

Bráðabirgðaákvæði. Fyrst um sinn skal haga sölu á raforku samkvæmt gjaldskrárlíð B, þannig, að auk fastagjalds greiðist 35 aurar á kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi: 1500 kwst. á ári fyrir eitt herbergi og eldhús, að viðbættum 150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi umfram eitt, en fyrir notkun umfram það greiðist 20 aurar á kwst. Rafveitustjórn er heimilt að fella þetta bráðabirgðaákvæði niður hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara, og skal sú ákvörðun auglýst í Lögbirtingablaðinu.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fisk-, kjöt- og mjólkuriðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw. um kwst.mæli á 25 aura hver kwst., enda sé rafveitunni heimilt að rjúfa strauminn í allt að 2 klst á dag á tímum mesta álags hennar, en þó eigi lengur en eina klst. í senn.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst. til næturhitunar, enda sé þá straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

- 69 3. apríl b. Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.  
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 30 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 70 aura hver kwst.
3. Til bókunarföna í brauðgerðarhúsum um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tveggjaldsmæli á 8 aura hver kwst. frá kl. 22 til 8.30 og 70 aura hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu skal vera 75 aurar á kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

#### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....    | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....      | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

#### III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald:
Frá	0 allt að 100 .....	kr. 500.00
—	100 — — 150 .....	— 575.00
—	150 — — 200 .....	— 650.00
—	200 — — 250 .....	— 725.00
—	250 — — 300 .....	— 800.00
—	300 — — 350 .....	— 900.00
—	350 — — 400 .....	— 1000.00
—	400 — — 450 .....	— 1100.00
—	450 — — 500 .....	— 1200.00
—	500 — — 550 .....	— 1300.00
—	550 — — 600 .....	— 1400.00

## Rúmmál húss í ten.m.:

## Heimtaugargjald:

69

3. apríl

Frá 600 allt að 650 .....	kr. 1500.00
— 650 — — 700 .....	— 1600.00
— 700 — — 750 .....	— 1700.00
— 750 — — 800 .....	— 1800.00
— 800 — — 850 .....	— 1900.00
— 850 — — 900 .....	— 2000.00
— 900 — — 1000 .....	— 2200.00
— 1000 — — 1100 .....	— 2400.00
— 1100 — — 1200 .....	— 2600.00
— 1200 — — 1500 .....	— 3000.00
— 1500 — — 1750 .....	— 3500.00
— 1750 — — 2000 .....	— 4000.00
— 2000 — — 2250 .....	— 4500.00
— 2250 og yfir .....	— 5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika  $3 \times 70$  m<sup>3</sup> eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en  $3 \times 70$  m<sup>3</sup>, eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald þetta greiðist með jöfnum greiðslum á tólf mánuðum. Fyrsta greiðslan fari fram 1. apríl 1949 og úr því 1. hvers mánaðar, þar til gjaldið er að fullu greitt.

Bæjarstjórn lætur gera skrá yfir öll hús í bænum, er tilgreini rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínu-heimtaugargjald.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduopnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 61 7. júlí 1926.

Atvinnumálaráðuneytið, 3. apríl 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

70 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Gagnfræðaskóla  
3. apríl Austurbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl  
1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskóla Austurbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Austurbæjar.

2. gr.

Stofnfé hans er kr. 100.00, sem stjórn skólafélagsins hefur lagt fram. Í sjóðinn skal renna allur hagnaður, sem verða kann af árshátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Gagnfræðaskóla Austurbæjar, ef veikindi og fjárskort ber að höndum.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en sem nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggst við höfuðstól. Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til eins árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kosnir til árs í senn af nemendum skólans. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, eftir að til hans hefur verið boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og  $\frac{3}{4}$  fundarmanna samþykkt breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 27. marz 1950.

F. h. nemenda Gagnfræðaskóla Austurbæjar.

Ingimar Jónsson,  
skólastjóri.

Sigurður Jónsson,  
3. B.

Garðar Jónsson,  
3. A.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.**

71

12. apríl

## 1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindingapappír orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á eldspýtum og vindlingapappír skal vera 18% miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Reglugerð nr. 195 frá 28. nóv. 1942, um breyting á reglugerð nr. 140 frá 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

Magnús Gíslason.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.**

72

12. apríl

## 1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum og rjólí skal vera 17% miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar, en á neftóbaki 20%. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 12. marz 1947 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

Magnús Gíslason.

73  
15. apríl

## S A M Þ Y K K T

### um sýsluvegasjóð Árnassýslu.

#### 1. gr.

Í Árnassýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 og síðari breytingum. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

#### 2. gr.

Með sjóði þessum skal byggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem ákveðnir eru í samþykkt þessari, eftir þeim reglum og fyrir þær fjárveitingar, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma.

Sýsluvegir eru þeir, sem hér segir, og skal greina þá í tvo flokka.

Í I. flokki eru þessir vegir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut að Bjarnastaðatúni.
2. Hraunsvegur af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
3. Bæjarþorpsvegur af Suðurlandsbraut að Kröggólfsstöðum.
4. Arnarbælisvegur af Þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
5. Hveragerðisvegur af Þjóðveginum austan Ölfusréttu um Hveragerði að Álfafelli.
6. Grafningsvegur af Þjóðveginum neðan Alviðru á Þjóðveginn hjá Úlfjótuvatni.
7. Eyjavegur af Þjóðveginum norðan Grafarár, meðfram túni í Útey að túni í Austurey, að fengnu samkomulagi við eiganda Úteyjar um afhendingu einkavegar að Útey.
8. Sólheimavegur frá Borg um Sólheima, nálægt Kringlu og Bjarnastöðum á Grímsnesbraut austan Svínavatns.
9. Búrfellsvegur frá Sogsvegi hjá Ásgarði að Búrfelli.
10. Klausturhólavegur af Þjóðveginum austan Seyðishóla, vestan Klausturhólatúns að Hæðarendatúni.
11. Tjarnarbraut af Þjóðveginum austan Torfastaða um Tjörn á Þjóðveg hjá Miðhúsum.
12. Bræðratungubraut af Þjóðveginum norðan Fellskots að Króksferju.
13. Auðsholtsbraut af Skálholtsvegi að Auðsholtsferju.
14. Laugarásbraut af Skálholtsvegi að Laugarási.
15. Langholtsvegur frá Laxárbrú um Syðra Langholt að Unnarholti.
16. Hrafnkelsstaðavegur frá Þjóðveginum nálægt Hellisholtalæk að túni í Efra-Langholti.
17. Seljavegur af Hrafnkelsstaðavegi um væntanlega brú á Litlu-Laxá hjá Gröf, meðfram ánni að norðan að Efra-Seli.
18. Hrunavegur af Þjóðveginum um Hruna að túni í Kaldbak.
19. Hlíðarvegur frá Þjóðveginum neðan Geldingaholts um Hæl að Hlíð.
20. Laxárdalsvegur frá Þjóðveginum gegnt Stóru-Mástungum að Laxárdal.
21. Stóra-Núpsvegur frá Þjóðveginum á Harðabakka að Stóra-Núpi.
22. Ólafsvallavegur af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
23. Vorsabæjarvegur á Skeiðum af Húsatóftaholti að Fjalli.
24. Skeiðháholtsvegur af Skeiðavegi um Skeiðháholt að Þjórsá.
25. Egilsstaðavegur af Þjóðveginum hjá Villingaholti að Egilsstöðum.
26. Gafsvegur af Villingaholti um Gafli á Hamarsvega vestan Skógsness.
27. Kolsholtsvegur af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að Kolsholti.
28. Hróarsholtsvegur af Villingaholtsvegi að Hróarsholtstúni.
29. Langholtsvegur af Flóavegi meðfram túni í Halakoti að Efstaskurði.

30. Brúnastaðavegur frá malargryfju í Miklaholti að Aðalskurði. 73
31. Votmúlavegur frá Eyrarbakkegi um Votmúla á Gaulverjabæjarveg hjá Smjör- 15. apríl  
dölum.
32. Selfossvegur frá Selfosstúni meðfram Ölfusá á Þjóðveginn hjá sýslumannsbústað.
33. Eyrarbakkegi frá 70 km steini að Einarshöfn.
34. Stokkseyrarvegur frá Kaðlastöðum um þorpið austur fyrir Sjónarhóla.
35. Brattsholtsvegur frá Stokkseyrarhlaði á Stokkseyri um Holt að Hæringsstöðum.
36. Vorsabæjarvegur í Flóa af Gaulverjabæjarvegi fram hjá Vorsabæjarhjáleigu á Hamarsveg hjá Syðra-Velli.
- Í II. flokki eru þessir vegir:
1. Sognavegur af Þjóðveginum vestan Gljúfurárholts að Gljúfri.
  2. Stíflisdalsvegur af Þjóðveginum að Stíflisdalstúni.
  3. Skálabrekkuvegur frá Þingvallavegi að Skálabrekkutúni.
  4. Gjábackavegur frá Sogsvegi að Gjábackatúni.
  5. Mjóanesvegur af Sogsvegi norðan Miðfells að Mjóanesi.
  6. Miðfellsvegur af Sogsvegi að Miðfellstúni.
  7. Böðmódsstaðavegur af Þjóðveginum hjá Grásteini að Böðmódsstöðum.
  8. Hagavegur, af Þjóðveginum vestan Brúarár, um Sel að Hagatúni.
  9. Syðri-Reykjavegur frá Tjarnarbraut að Syðri-Reykjatúni.
  10. Drumboddsstaðavegur af Bræðratungubraut austan Tungufljótsbrúar að Drumboddsstöðum.
  11. Kjóastaðavegur af Gullfossvegi fram hjá Gýgjarhóli að Kjóstöðum.
  12. Tungufellsvegur af Þjóðveginum austan Brúarhlaða, um væntanlega brú á Dalsá að túni í Tungufelli.
  13. Langholtsvegur frá Unnarholti um Bjarg að Auðsholti.
  14. Háholtsvegur af sýsluveginum hjá Geldingaholti að vegamótum Háholts og Ásbrekkku.
  15. Þjórsárholtsgvegur af Þjóðveginum austan Kálfár að Þjórsárholti.
  16. Útverkavegur af Vorsabæjarvegi að Útverkum.
  17. Birnustaðavegur af Vorsabæjarvegi að Birnustöðum.
  18. Álfsstaðavegur af Skálholtsvegi að Álfsstöðum.
  19. Urriðafossvegur af Þjóðveginum á mótis við Skálmholt, um Urriðafoss að Egilstöðum.
  20. Súluholtsvegur af Gaulverjabæjarvegi að túni í Súluholti.
  21. Hurðarbaksgvegur af Villingaholtsvegi, um Dalsmynni að Hurðarbakstúni.
  22. Þingdalsvegur af Villingaholtsvegi gegnt Vatnsenda að túni í Þingdal.
  23. Laugavegur af Kiðjabergsvegi hjá Litlu-Reykjum að Stekkjarheiði hjá Laugum.
  24. Flóagafslsvegur frá Eyrarbakka að Grænhól.
  25. Stokkseyrarengjavegur af Brattsholtsvegi norðan við Hoftún, um 2 km engjavegur.

Sýsluvegasjóður greiðir allan kostnað nýbygginga og viðhalds vega í I. flokki, en hlutaðeigandi hreppsfélag skal leggja fram að minnsta kosti  $\frac{1}{3}$  hluta alls kostnaðar við vegi í II. flokki, eftir ákvörðun sýslunefndar í hvert sinn.

### 3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar og af eiganda hvernjar lóðar og húseignar í kaupþunum. Hreppsfélagi er heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmaetum sveitarfundi og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti.

- 73 Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera vegaskattur fyrir það ár. Má hann ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati, og ekki hærri en 12 af þúsundi. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

## 4. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

## 5. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki samkv. lögum nr. 29 frá 1885.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um sýsluvegasjóð Árnassýslu, nr. 54 1938, með síðari breytingum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 102 19. júní 1933 og lögum nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

74

17. apríl

## REGLUGERÐ

### um búfjárrækt.

#### I. KAFLI

#### Um nautgriparækt.

## 1. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er starfandi nautgriparæktarfélag eða deild innan hreppabúnaðarfélags, sem vinnur að kynbótum nautgripa, og fengið hefur lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera starfandi nautgripakynbótanefnd, er í séu þrjú menn. Til sveita skal kjósa í nefndina á sama hátt og til hreppsnefnda, en í kaupstöðum skal bæjarstjórn kjósa kynbótanefndina. Þar sem stofnað er nautgriparæktarfélag eða deild innan búnaðarfélags hreppsins, er sett hefur sér lög og fengið þau staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, enda sé í því meiri hluti kúaeigenda í hreppnum. Leggist starfandi og löglega viðurkennt nautgriparæktarfélag niður, fer síðasta stjórn þess með starf nautgripakynbótanefndar, unz kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd.

## 2. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal sjá um, að til séu nægilega mörg kyngóð naut innan hreppsins til afnota fyrir hreppsþúa. Heimilt er kynbótanefnd að leigja eða kaupa naut til afnota fyrir kúaeigendur í hreppnum, eftir því sem hún telur hentugast. Eftir því sem við verður komið, skal kynbótanefnd velja naut til undaneldis það tímanlega árs, að hún geti tilkynnt hreppsþúum í tæka tíð hver þau séu og hvar þau séu geymd. Kynbótanefnd sér um fóðrun og hirðing nautanna. Kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa er heimilt að vinna saman að kynbótastarfinu og skal þá kjósa sameiginlega stjórn á fundi, sem kynbótanefndirnar af hinu sameiginlega svæði halda.



Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin, undanþágu frá því. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka hlutfallslega þátt í kostnaði við nautahaldið, miðað við tölu kúa, er kálfa fá, sbr. 3. mgr. 6. gr. Kynbótanefndin getur sett það skilyrði fyrir að veita undanþágu frá að nota kynbótanautin, að kúaeigendur láni naut sín til annarra, er nefndin tiltekur, fyrir sama gjald og nautstollar verða hjá nefndinni það ár. 74  
17. apríl

### 3. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða í heima-högum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

### 4. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, sbr. 82. gr. þessarar reglugerðar. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnar-frests. Auk þess er eiganda, eða þeim sem ábyrgð ber á nautinu, skylt að bæta skaða, sem naut kann að valda, ef það sleppur úr girðingu, eftir mati tveggja dómkvaddra, óvilhallra manna.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur ekki valið sem kynbótanaut fyrir hreppinn, gæzlulaust utan heimahaga þess, og má þá selja það án innlausnarfrests.

### 5. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem auðið er, taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfis mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með eins mánaðar innlausnarfresti.

Geri naut, sem kynbótanefnd hefur valið, skaða á kúm manna, ber henni að greiða þeim, er fyrir skaðanum verður, bætur eftir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna. Ef um leigunaut er að ræða, sem vera átti í vörzlu leigjanda, ber honum að greiða bæturnar.

### 6. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem leigu fyrir sumarhaga, vetrar-fóður, kostnað við nautagirðingu, vexti og afborganir af lánnum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði við nautahaldið.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum að greiða aðeins hálfan nautstoll.

- 74 Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kúa-  
17. apríl eigenda, að láta menn greiða nautstolla með fódri eða heyi að nokkru leyti eða öllu,  
enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kúaeigendur, nema samningur hafi tekizt  
um annað.

## 7. gr.

Kynbótanefnd er skylt að bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og skýrslur. Á fund-  
um nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir,  
þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikninga yfir tekjur og  
gjöld vegna nautahaldsins, og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðend-  
um hreppsreikninganna, og lagður fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd til úrskurðar.

## 8. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum naut-  
penings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag. Nú hefur  
búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í  
hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög  
þessi nefnast nautgriparæktarfélag. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktar-  
félaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar  
búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana  
stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar. Félögin öðlast þó ekki rétt til umráða  
yfir nautahaldi hreppsins nema meiri hluti kúaeigenda í hreppnum séu í félaginu,  
eða stjórn félagsins hafi verið falið á hreppsfundi að fara með verksvið nautgripa-  
kynbótanefndar.

Hver félagi í nautgriparæktarfélagi skal halda glöggar og nákvæmar skýrslur  
um afurðir kúnna, eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Stjórn hvers nautgriparæktarfélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands út-  
drátt úr skýrslum félagsmanna, á eyðublöðum, er Búnaðarfélag Íslands leggur til,  
og útfylltum eftir fyrimælum þess.

## 9. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína stað-  
festa af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins  
og hér greinir, fyrir hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með  
því að leggja saman fódur- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá út-  
komu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum  
á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands  
skýrslur samkv. formi, er það ákveður.

## 10. gr.

Búnaðarfélag og nautgriparæktarfélag geta fengið, auk styrks þess, sem um  
ræðir í 9. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti  
tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa  
verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00  
fyrir 1. verðl. naut og kr. 75.00 fyrir 2. verðl. naut. Styrkurinn greiðist árlega, á  
meðan nautin njóta þessara viðurkenninga. Heimilt er þó að greiða allt að 25%  
hærri fódurstyrk fyrir naut, sem ekki verður hjá komizt að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar 74  
kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk fyrir naut sín. 17. apríl

## 11. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparrækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 73. gr. laga um búfjárrækt, enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparræktarsamband. Heimilt er nautgriparræktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska þess að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kúastofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvorn mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparræktarféлага að setja á stofn nautgripauppeddisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

## 12. gr.

Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði, sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári fyrir hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar um til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 73. gr. laga um búfjárrækt, er jafnframt annast störf fyrir nautgriparræktarsambandið, þar sem það er starfandi.
2. Til nautgripauppeddisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 fyrir hvern nautkálfi, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparrækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk fyrir öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðl. naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðl. naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparræktarráðunaut.

## 13. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem sett hefur sér nautgriparræktarsamþykkt, og nautgriparræktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, þannig:

1. Austurlandssvæði, nær frá Mýrdalssandi um Austurland að Reykjaheiði.
2. Vestfjarðasvæði, nær frá Hrutafjarðarbotni um Vestfirði, Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
3. Suðurlandssvæði, nær frá Mýrdalssandi um Suðurland að Hvítá í Borgarfirði.
4. Norðurlandssvæði, nær frá Reykjaheiði um Norðurland að Hrutafirði, og auk þess Mýrasýsla.

Byrja skal fyrstu umferð á Austurlandssvæði og enda á Norðurlandssvæði.

Búnaðarfélag Íslands skal snemma á hverju ári tilkynna hlutaðeigandi aðilum á hvaða svæði nautgripasýningar verði á komandi vori, og hafa samráð við þá varðandi sýningarnar.

Venjulega skal halda eina sýningu innan hvers félags, en þó má halda fleiri sýningar í sama hreppnum, ef ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparrækt telur það nauðsynlegt til þess að þátttaka verði nægileg.

74 Á hverri sýningu skal vera þriggja manna dómnefnd, er dæmir um hina sýndu  
 17. apríl gripi. Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands er sjálfkjörinn formaður dómnefndar, en  
 geti hann eigi mætt, skipar stjórn Búnaðarfélags Íslands annan mann í hans stað.  
 Hina tvo dómnefndarmennina tilnefnir stjórn hlutaðeigandi félags. Dómnefndar-  
 menn þeir, sem tilnefndir eru af félaginu, geta ekki á móti vilja formanns dóm-  
 nefndar veitt verðlaun. Búnaðarfélagi Íslands er heimilt, þegar því þykir ástæða til,  
 að setja dómstiga, sem eftir sé farið á sýningunum, en ekki má hann raska hæð  
 verðlauna eða koma að öðru leyti í bága við lög um búfjárrækt né reglugerð þessa.  
 Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern  
 framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar frá. Skal fé þessu varið til  
 verðlauna fyrir kýr og 3. verðlauna fyrir naut. 1. og 2. verðlaun fyrir naut greiðast  
 eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun kr. 150.00 og 2. verðlaun kr. 50.00.

Heiðursverðlaun fyrir kýr, kr. 100.00 fyrir kúna, greiðast einnig úr ríkissjóði,  
 ef veitt eru.

Allan kostnað við sýningarnar, annan en verðlaun fyrir sýnda gripi greidd úr  
 ríkissjóði, greiða félög þau, er að sýningunum standa eða aðrir aðilar í hlutað-  
 eigandi hreppum.

Á hreppasýningum má sýna kýr, sem átt hafa einn kálf eða fleiri, og naut, sem  
 eru árgömul eða eldri. Gripina skal flokka og veita verðlaun sem hér segir:

I. Verðlaun fyrir naut:

- a. Fyrstu verðlaun má einungis veita fyrir naut, sem undan hafa verið aldar  
 kýr, sem vel hafa reynzt og taka mæðrum sínum fram hvað arðsemi og bygg-  
 ingu snertir.
- b. Önnur verðlaun má veita fyrir naut, sem eru af þekktri ætt, og sem ætla má  
 eftir ætterni að undan muni koma kvígur, er bæti kúastofninn í hlutaðeig-  
 andi sveit.
- c. Þriðju verðlaun skulu vera 10 krónur.

II. Verðlaun fyrir kýr:

- a. Fyrstu verðlaun fyrir kýr eru allt að kr. 10.00; þau má einungis veita fyrir  
 kýr, sem skýrslur eru um, er bera með sér hve mikið þær hafa mjólkað  
 undanfarin ár, og hve mjólkin hafi verið feit.
- b. Önnur verðlaun skulu vera allt að kr. 5.00.
- c. Þriðju verðlaun skulu vera allt að kr. 3.00.

Heimilt er að veita einstaka kúm heiðursverðlaun, kr. 100.00, ef sýnt er, að af-  
 kvæmi þeirra hafa sérstaklega mikla þýðingu til kynbóta fyrir kúastofninn. Gripi,  
 sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, má ekki drepa næsta ár eftir að þeim hefur verið  
 veitt verðlaun.

Nautgriparræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands er heimilt að krefjast þess, að  
 kvígur undan nautum, sem koma til greina við veitingu fyrstu verðlauna, séu allar  
 sýndar á sama sýningarstað í hreppnum, eftir því sem við verður komið.

Á sama hátt er honum heimilt að krefjast, að afkvæmi kúa, sem koma til greina  
 við veitingu heiðursverðlauna, séu sýnd saman á einum stað í hreppnum, ef fram-  
 kvæmanlegt er.

14. gr.

Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparræktarsamþykkt, eða naut-  
 griparræktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá  
 greiða úr ríkissjóði allt að 400 krónur til hverrar girðingar, þó aldrei meira en  
 nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi.

Styrkur þessi er þó bundinn þeim skilyrðum, að ráðunautur Búnaðarfélags  
 Íslands í nautgriparrækt telji landið innan girðingarinnar vel fallið til nauta-

beitar, girðinguna örugga vörzlu og nægilega viðlenda, og að vissa sé fyrir því, að girðingin fái að standa og notast samkvæmt tilgangi sínum í minnst 20 ár. 74

17. apríl

## II. KAFLI

### Um sauðfjárrækt.

#### 15. gr.

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmanna má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur um kynbótaféð.
2. Að halda skuli ættbók yfir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn, svo sem kosningu stjórnar fyrir félagið, um skyldur og starfssvið stjórnarinnar, endurskoðun, varðveislu og ráðstöfun félagssjóðsins o. fl.

Samþykktir, sem settar eru samkv. þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

#### 16. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt, til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hvern 1. verðl. hrút, og allt að 50 aukum fyrir hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga, og skýrslur eru haldnar um, og sendar Búnaðarfélagi Íslands.

Styrkurinn fyrir 1. verðl. hrúta greiðist því aðeins, að hver hrútur sé notaður handa minnst 8 félagsám. Styrkurinn greiðist eftir á, þegar skýrslur félagsins hafa borizt til sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands. Skýrsluár félagsins er frá 1. okt. ár hvert til jafnlengdar næsta ár. Skýrslurnar skulu vera komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 1. jan. ár hvert.

Sauðfjárræktarráðunauturinn hefur leyfi til þess að fella niður styrk til sauðfjárræktarfélags eitt ár, ef hann álitur að kynbótastarfi félagsins sé eitthvað ábótavant eða skýrsluhaldið ófullkomið.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla búfjárræktarlaganna, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt. Þó má eigi veita styrk fyrir fleiri hrúta á sæðingarstöð en svo, að hver hrútur hafi eigi færri en 50 ær að meðaltali. Veita má undanþágu frá þessu ákvæði, ef samgöngur teppast frá sæðingarstöð vegna snjóá.

74

17. apríl

Auk þess, sem um getur í 16. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarþú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, sem miðist við það að greiddar séu kr. 200.00 fyrir fyrstu 20 ærnar og eftir það kr. 5.00 á hverja á, þó ekki yfir  $\frac{2}{3}$  hluta móti framlagi annars staðar frá. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi þú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir í starfsreglum, er Búnaðarfélag Íslands semur.

Fjárræktarþú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 15. gr. og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu, og skal ákveða hvort búíð skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búíð. Greiða skal fyrir fé búsins eftir matsverði dómkvaddra manna.

## 17. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarþúunum og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarþúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín fyrir 15. nóv. Skýrsluárið skal vera frá 1. okt. til 30. sept. ár hvert. Búnaðarfélagið skal birta útdrátt úr skýrslum sauðfjárræktarþúanna.

## 18. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóv. til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. des., ef tryggt er að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón að þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir til þeirra, sem fyrir tjóninu verða. Auk þess skal eigandi hrútsins sæta sektum samkvæmt lögum.

## 19. gr.

Ef hrútur finnast gæzlulaus á tímabilinu frá 5. nóv. til 20. apríl, þá er þeim, er hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans aðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hans eða ráðstafa honum innan viku frá því hann fékk tilkynninguna, ella skal farið með hrútinn sem óskilafénað.

## 20. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Landinu skal skipt í þessi sýningarsvæði:

1. Þingeyjarsýslur, Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla, Skagafjarðarsýsla, Húnavatnssýslur, Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla.
3. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.

Halda skal sýningar á þessum svæðum til skiptis.

Heimilt er þó Búnaðarfélagi Íslands að breyta sýningarsvæðum meðan á fjárskiptum stendur, þannig að bændum sé gefinn kostur á hrútasýningum árið eftir að þeir fá fé eftir fjárskipti og fresta þá sýningu annars staðar um eitt ár, ef þörf krefur.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að.

Þar sem sýning er haldin, skal hreppsnefnd sjá um sýningarstað og annast um 74  
allan undirbúning sýningarinnar. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Búnaðarfélag Íslands sendir ráðunaut sinn í sauðfjárrækt eða annan hæfan 17. apríl  
mann á sýningarnar, og skal hann þar gefa mönnum leiðbeiningar um vaxtarein-  
kenni úrvals sauðfjár og um val kynbótafjár. Hreppsnefnd velur tvo menn í dóm-  
nefnd, en ráðunauturinn er sjálfkjörinn oddviti dómnefndar og hefur hann neit-  
unarvald í dómnefndinni.

Flokkar skal hrúta eftir aldri; skulu tveggja vetra og eldri hrútar vera sér í flokki  
og veturgamlir sér, og ber að dæma hvern flokk fyrir sig.

Á hverri sýningu skal skrásetja alla sýnda hrúta, vega þá og mæla. Að því búnu  
skal flokka þá í fjóra gæðaflokka. Hrútar í bezta flokknum skulu hljóta 1. verðlaun,  
í öðrum flokknum 2. verðlaun, í þriðja flokknum 3. verðlaun og í 4. flokknum  
engin verðlaun. 1. verðlaun skal aðeins veita fyrir hrúta, sem hafa æskileg vaxtar-  
einkenni, ágætt holdafar, mikinn vænleika og sémilega ull. 2. verðlaun skal veita  
fyrir hrúta, sem hafa sémilegan vænleika, og mikla kosti en einhverja þá galla,  
sem fella þá frá 1. verðlaunum. 3. verðlaun skal veita fyrir þá hrúta, sem nothæfir  
teljast um stundarsakir.

Engin verðlaun skal veita fyrir hrúta, sem eru svo kostalausir, að engar líkur  
eru til þess að út af þeim komi sémilegur fjárstofn.

Eftir að dómnefnd hefur skoðað vandlega alla sýnda hrúta, skal kveða upp  
dóm um þá og skal oddviti nefndarinnar gera grein fyrir dóminum og helztu atrið-  
um um sauðfjárræktina. Enginn má fara með sýndan hrút af sýningu fyrr en sýn-  
ingunni er lokið, nema með leyfi dómnefndar.

Þegar tvö ár eru liðin frá hrútasýningu geta fjárræktarfélag, sem þess óska,  
fengið að halda sýningu á hrútum í félaginu, til þess að fá úr því skorið hverjir séu  
1. verðlauna verðir.

## 22. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og  
ær annað hvort ár, eftir því sem við verður komið. Skal búnaðarfélagið tilkynna  
með nægum fyrirvara, hvaða héruðum verði gefinn kostur á afkvæmasýningum ár  
hvert. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda  
fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur, að dómi sauðfjárræktarráðunautar.

Til þess að sýna megi hrút á afkvæmasýningu verða að fylgja honum eigi færri  
afkvæmi hans en 10 ær veturgamlar eða eldri, 2 hrútar veturgamlir eða eldri,  
ásamt 10 lömbum, þar af a. m. k. 2 lambhrútar. Sé um afkvæmasýningu á á að ræða,  
verða að fylgja henni a. m. k. 5 afkvæmi og sé þar af 1 hrútur veturgamall eða eldri.  
Þeir sem óska eftir afkvæmasýningu, skulu senda umsókn til Búnaðarfélags Íslands  
fyrir 15. júlí. Umsókninni skal fylgja skýrsla um hvaða kindur eigandinn óskar að  
fá afkvæmasýningu á, ættartala þeirra, ásamt upplýsingum um vænleika og afurða-  
magn.

Til þess að hrútar geti hlotið heiðursverðlaun á afkvæmasýningu, þurfa a. m. k.  
5 hrútar undan honum að hafa hlotið 1. verðlaun og allar ær undan honum, vetur-  
gamlar og eldri, sem sýndar eru með honum, að vera hrútamaður, að dómi dóm-  
nefndar og afkvæmi hans öll beri með sér mikla kynfestu.

Sá aðili, sem leggur fé fram á móti ríkissjóði, til verðlauna á afkvæmasýningum  
þessum, skal tilnefna tvo menn í dómnefnd með sauðfjárræktarráðunaut Búnaðar-  
félags Íslands, sem skal vera oddamaður dómnefndar og hafa þar neitunarvald.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	Fyrir fyrstu verðlauna hrút	.....	kr. 50.00
b.	— annarra — —	.....	— 25.00
c.	— þriðju — —	.....	— 12.50

74	d. Fyrir fyrstu verðlauna	á	.....	kr. 10.00
17. apríl	e. — annarra —	—	.....	— 5.00
	f. — þriðju —	—	.....	— 2.50

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 100.00 á hrút.

Framlag ríkissjóðs, samkv. þessari grein, er bundið því skilyrði að hlutaðeigandi búnaðarsamband, sýslusjóður eða annar aðili, leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs.

### III. KAFLI

#### Um hrossarækt.

##### 23. gr.

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkv. búfjárræktarlögunum og reglugerð þessari, og ekki heldur er starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags, eða hrossaræktarfélags eru ætluð í reglugerð þessari. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í reglugerð þessari merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest  $1\frac{1}{2}$  árs eða eldri.

##### 24. gr.

Þeir aðilar sem fara með stjórn hrossakynbótamála í hverjum hreppi, sbr. 23. gr., skulu sjá um, að árlega séu í sveitinni nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut. Enn fremur skulu þeir útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, sem af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða reisa nýja girðingu, þarf samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafna niður, með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þau lög-  
takskræf.

##### 25. gr.

Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhesta í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar.

##### 26. gr.

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er unnt að gelda vegna skapnaðargalla.



## 27. gr.

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða LK á hægri lend, skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandinn ekki innan viku, skal nálægum sýslumanni tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er honum þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki eða einkennum. Gefi eigandinn sig fram innan hálf mánaðar frá auglýsingardegi, skal afhenda honum hestinn, gegn því að hann greiði áfallinn kostnað, þó því aðeins að hann geti sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkvæmt 28. og 29. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sé hrossaræktarfélag starfandi í hreppnum, skal andvirði hins selda hests renna í sjóð þess. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar.

## 28. gr.

Þegar stóðhestar hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á héraðssýningum eða á afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós að merktur stóðhestur er ekki til kynbóta, að dómi hrossaræktarráðunautar, þá skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt heimild til að merkja stóðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunautar.

Verði einhver uppvís að því, að merkja stóðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkvæmt lögum.

## 29. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleirum sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum búfjárræktarlaganna um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., ef það telur að beartilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt, skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundi og verið samþykkt þar af  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda, og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Stóðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra og skulu eigendur þeirra fá leyfi hjá hrossaræktarráðunaut fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

## 30. gr.

Valdi stóðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

74

17. apríl

## 31. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að stóðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir með kynbótahestsmerki, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

## 32. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt, um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast hrossaræktarfélag. Samþykktir hrossaræktarféлага og búnaðarféлага skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

## 33. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk úr ríkissjóði til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þannig:

Kr. 200.00, ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hefur fengið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Kr. 150.00, ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi. Kr. 125.00, ef stóðhesturinn er undan hesti, sem hlotið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu. Kr. 100.00, ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu.

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu, eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.

Heimilt er hrossaræktarráðunaut að veita kaupastyrk á eldri hesta en þriggja vetra, ef þeir eru sérstaklega góðir og uppfylla sömu skilyrði og um ræðir í þessari grein, en aldrei má þó veita nema einu sinni styrk til kaupa á sama hesti. Enn fremur er hrossaræktarráðunaut heimilt að veita kaupastyrk á kynbótahesta, þótt móðirin hafi aldrei verið sýnd, ef hann skoðar hana sérstaklega og álitur hana búa yfir þeim kostum hvað byggingu, eiginleika og ætterni snertir, að hún sé hæf stóðhestamóðir.

## 34. gr.

Búnaðarfélag, hrossaræktarfélag eða hreppsfélag geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 33. gr., fódurstyrk úr ríkissjóði til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða 1. eða 2. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er kr. 150.00 fyrir heiðursverðlaunahest, kr. 100.00 fyrir 1. verðlauna hest og kr. 50.00 fyrir 2. verðlauna hest. Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn nýtur þessarar viðurkenningar og er notaður til undaneldis á félagslegum grundvelli.

Fódurstyrkir greiðast eftir á, þegar félögin hafa sent Búnaðarfélagi Íslands skrá yfir þau folöld, sem komið hafa undan kynbótahestinum. Í skrá þessari skal geta um kyn og lit afkvæmisins, og lit móðurinnar.

Búnaðarfélag Íslands sendir árlega til félaganna eyðublöð fyrir þessar skrár.

## 35. gr.

Búnaðarfélag, hrossaræktarfélag eða hreppsfélag, sem láta reisa girðingu fyrir hrossaræktarstarfsemi, fá allt að kr. 400.00 í styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að

verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

74  
17. apríl

1. Að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar.
2. Að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot af landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár.
3. Að landið sé vel fallið til hrossabeitar, að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að girðingin sé minnst 5 gaddavírsstrengir, eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm.
5. Að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár.

#### 36. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við þá um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

#### 37. gr.

Stjórnir hrossaræktarféлага eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi, og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum. Sé enginn hreppsfundur haldinn, leggur hreppsnefnd fullnaðarúrskurð á reikningana.

#### 38. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann skal mæta á þeim sveitarsýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og því verði við komið. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefndar á öllum sýningum öðrum en sveitarsýningum búnaðarsambandanna. Í forföllum ráðunautar tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.

Meðdómendur á hrossasýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun, gegn atkvæði oddamanns í dómnefnd, en hann getur heldur ekki veitt hrossi verðlaun nema helmingum meðdómenda sé því samþykktur.

#### 39. gr.

Skipta skal landinu í fjögur sýningar svæði og héraðssýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum, eða öðrum í grennd við þá, eftir ákvörðun viðkomandi búnaðarsambands:

1. Þjórsártún, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukot, fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstaðir, fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkrókur, fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Meðalfellsrétt, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum. Sýningar skulu því aðeins haldnar, að búnaðarsamböndin óski eftir þeim eða samþykki, að þær skuli haldnar og annist um þær eins og reglugerð þess gerir ráð fyrir.

Stjórnir búnaðarsambanda skulu kjósa meðdómendur á héraðssýningum. Fjöldi meðdómenda fer eftir þörfum, en skal ávallt vera jöfn tala. Þær skulu enn fremur

74 kjósa minnst þriggja manna sýningarstjórn, sem annast umbúnað sýningarsvæðis 17. apríl og annan undirbúning og framkvæmd sýningarinnar í samráði við hrossaræktarráðunaut. Búnaðarsamböndin skulu greiða meðdómendum á héraðssýningum fyrir störf þeirra og sýningarstjórn og sjá um allan kostnað, sem af héraðssýningum leiðir.

Búnaðarsambönd skulu sjá um að fram fari sveitasýningar fjórða hvert ár, ef þess er óskað af héraðsmönnum, eða stjórnir sambandanna telja nægan áhuga vera fyrir því í héraðinu. Flokka skal hross á sveitasýningum, í 1., 2. og 3. flokk. Hross, sem eru í 1. flokki á sveitarsýningu, hafa rétt til að mæta á héraðssýningum, en dómnefnd héraðssýninga er heimilt að vika öðrum hrossum frá sýningu. Henni er enn fremur heimilt að vika frá héraðssýningu hrossum, sem þannig eru með farin, að til vansæmdar má telja, þótt þau hafi verið dæmd í 1. flokk á sveitarsýningu.

Stjórn búnaðarsambands kys í hverri sveit meðdómendur á sveitasýningar. Hafi búnaðarsambandið ráðunaut, skal hann vera oddamaður dómnefndar á sveitasýningum, ella hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands eða annar, er Búnaðarfélag Íslands tilnefnir. Búnaðarsamböndin sjá um allan kostnað við sveitasýningar.

#### 40. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 39. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura fyrir hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar, en búnaðarsambandið skal sjá um útvegum fjárins. Skal fé þessu eingöngu varið til að verðlauna hryssur á héraðssýningum og enn fremur stóðhesta, sem hljóta 3. verðlaun. Verðlaun mega ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun fyrir hryssu .....	kr.	80.00
1. verðlaun — — .....	—	25.00
2. — — — .....	—	15.00
3. — — — .....	—	7.00
3. — — stóðhest .....	—	30.00

Verðlaun fyrir aðra stóðhesta greiðast eingöngu úr ríkissjóði og eru þau:

Heiðursverðlaun .....	kr.	200.00
1. verðlaun .....	—	100.00
2. — .....	—	60.00

Meðdómendur skulu afhenda oddamanni dómnefndar framlag héraðsins í byrjun hvernar sýningar.

#### 41. gr.

Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hlotið hafa 1. eða 2. verðlaun.

1. verðlaun má ekki veita hestum yngri en þriggja vetra og því aðeins, að þeir séu eitthvað tamdir og ekki minni en 142 cm á bandmáli.

Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar og nokkuð tamdar. Ekki má taka yngri hesta á sýningu en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en fjöggra vetra.

#### 42. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og

eldri. Skulu mæður fylgja afkvæmum ef kostur er á. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þessi:

74

17. apríl

Heiðursverðlaun .....	kr. 180.00
1. verðlaun .....	— 100.00
2. — .....	— 60.00
3. — .....	— 40.00

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé tamin og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að fjórum árum liðnum, þeirra stóðhesta, er hlotið hafa 1. eða 2. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu vera komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

## 43. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu fjórða hvert ár fyrir reiðhross sem notuð eru til undaneldis, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal varðandi sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlaun fer eftir reglum, sem sýnandi setur í hvert skipti og stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu kjósa 2 meðdómendur í hvern dómflokk sýningarinnar.

Búnaðarfélag Íslands lætur skrásetja sérstaka ættbók fyrir þau hross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

Á sýningum þessum skal dæma kynbótahesta á eftirfarandi hátt, og gefa eftirfarandi einkunnir:

## 1. Fyrir byggingu:

a. Höfuð, háls og yfirsvipur .....	35 stig
b. Samræmi í líkamsbyggingu .....	35 —
c. Fætur, fótastaða og hófar .....	30 —

Samtals 100 stig

## 2. Fyrir reiðhestahæfileika:

a. Á fetgangi .....	20 stig
b. Á tölti .....	40 —
c. Á brokki .....	30 —
d. Á skeiði .....	60 —
e. Á stökki .....	40 —
f. Vilji .....	70 —
g. Geð .....	40 —

Samtals 300 stig

## 3. Fyrir hraða:

a. Á tölti .....	15 stig
b. Á brokki .....	20 —
c. Á skeiði .....	35 —
d. Á stökki .....	30 —

Samtals 100 stig

<b>74</b>	<b>4. Fyrir afkvæmi:</b>	
17. apríl	a. Fyrir byggingu .....	20 stig
	b. Fyrir reiðhestahæfileika .....	20 —
	c. Fyrir hraða .....	10 —
	d. Fyrir kynfestu .....	50 —

Samtals 100 stig

Heildareinkunn er samanlagt 600 stig.

Sá hestur, sem hlýtur hæsta heildareinkunn, vinnur í samkeppninni, og röð hestanna verður samkvæmt niðurstöðum einkunnanna.

Eigi skal dæma færri afkvæmi en 4 og eigi fleiri en 6.

#### 44. gr.

Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega ekki vera yngri en 8 vetra og sé öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum sem erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði kr. 4000.00 í þessu skyni, fjórða hvert ár. Í fyrsta skipti árið 1949.

### IV. KAFLI

#### Um svínarækt og alifuglarækt.

#### 45. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabú í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

#### 46. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hæsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungunarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

#### 47. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svin og alifugla á kynbótabúinu, undir eftirliti ráðunautarins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

#### 48. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búiið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

#### 49. gr.

Heimilt er að halda einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svin, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

### V. KAFLI

#### Um sæðingu búfjár.

#### 50. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er  $\frac{1}{3}$  byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, 74 þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn 17. apríl fremur allt að  $\frac{1}{3}$  árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal að kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin um sæðingu nautgripa og annarra búfjartegunda.

Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjartegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að  $\frac{1}{6}$  árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks.

2. Rekstursstyrk, er nemi allt að 3 kr. fyrir hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aura á hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári til hverrar sæðingarstöðvar. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparræktarráðunautur mælir með.

Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar fyrir afkvæmi, eða eru framúrskarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar til að vera notaðir á sæðingarstöð.

Sæðingarstöðvar, sem styrks vilja njóta, skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skrá yfir þau naut og þá hrúta, sem notaðir eru til sæðistökunnar, svo og skrá yfir þær kýr og ær, þar sem tilgreint er nafn og númer hvers einstaklings, sem sæddur hefur verið, og úr hvaða karldýri sæði hefur verið notað.

Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjartegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 51. gr.

Stofn og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva verður ekki veittur nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallið á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni.

#### 52. gr.

Þar, sem reknar eru sæðingarstöðvar, verða nautaupveldisstöðvar ekki styrktar úr ríkissjóði.

### VI. KAFLI

#### Um ræktun erlendra búfjarkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

#### 53. gr.

Búnaðarfélögum, búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélags Íslands að gera tilraunir með myndun nýrra búfjarkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjarkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, er halda sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfishafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki, að dómi sauðfjárræktarráðunautar, þeim fyrir-mælum, er sett verða um þessa starfsemi.

74

17. apríl

Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenskt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

55. gr.

Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendinga til ásetnings.

56. gr.

Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum, varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendingar, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

## VII. KAFLI

### Um forðagæzlu og fódurbirgðafélög.

57. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fódurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að fylgjast með fódurbirgðum hreppsþúa og meðferð þeirra á búfé sínu. Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar og tilkynnir Búnaðarfélagi Íslands hve margir forðagæzlumenn séu ákveðnir í hverjum hreppi. Séu forðagæzlumenn í sama hreppi fleiri en einn, skal skipta hreppnum í forðagæzluumdæmi. Hefur þá hver forðagæzlumaður sitt umdæmi til umsjónar.

58. gr.

Kjósa skal forðagæzlumenn samtímis hreppsnefnd og eftir sömu reglum. Jafnframt skal kjósa varamenn. Kosning beggja gildir til fjögurra ára. Hreppsnefnd skal tilkynna sýslumanni og stjórn Búnaðarfélags Íslands hverjir hafi verið kosnir forðagæzlumenn.

Þegar forðagæzlumaður eða menn hafa verið kosnir, skulu þeir í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd gera áætlun um það, hve mikið fóður skuli ætlað hverri búfjártegund, svo tryggt geti talizt, á hverri jörð í hreppnum. Um þetta semja þeir skrá og skal hún lögð fram hreppsþúum til athugunar. Fóðuráætlun þá er hér um ræðir, skulu forðagæzlumenn nota, sem grundvöll fyrir hæfilegum ásetningi ár hvert.

59. gr.

Forðagæzlumanni er skylt að fara um umdæmi sitt eins tímanlega að haustinu og fært er, og aldrei síðar en svo, að hann hafi lokið skoðun fyrir 15. nóvember. Á ferð þessari skal hann athuga nákvæmlega fódurforða og tölu búfjár hvers einstaks búfjäreiganda og meta hvort fódurforði sá, sem til vetrarins er ætlaður, sé nægur.

Fyrir 20. nóv. skal forðagæzlumaður hafa gengið frá skýrslu um skoðunina. Skal hún rituð á þar til gerð eyðublöð, er Búnaðarfélag Íslands lætur gera. Skal þar tilgreina skepnueign hvers einstaks búfjäreiganda og hvaða fóður er til fyrir



þær Fóðrið skal talið bæði eftir tegundum og magni. Af skýrslu þessari skulu 74 forðagæzlumenn gera þrjú afrit. Skál eitt þeirra sent hreppsnefnd, annað hlutað- 17. apríl eigandi sýslumanni, en hið þriðja Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr skýrslunum í samstarfi við Hagstofu Íslands.

Hafi einhverjir hreppsbúar ekki nægan fóðurforða, skal forðagæzlumaður láta fylgja skýrslu sinni til hreppsnefndar tillögur sínar til úrbóta. Skál hreppsnefnd þá framkvæma einhverjar eftirfarandi ráðstafanir:

1. Reyna að fá þann, er fóður vantar, til þess að:
  - a. Farga af fóðrum.
  - b. Tryggja sér viðbótarfóður, fóðurábyrgð, eða koma skepnum sínum í fóður til annarra.
  - c. Tryggja sér fóðurbæti, svo ásetningur verði öruggur.
2. Gera ráðstafanir til þess að hreppurinn sameiginlega kaupi fóður handa þeim, er vantar fóðurforða, og geyma eða úthluta meðal hinna fóðurtæpu, eftir því hvort hentar betur. Kostnað allan, er af slíkri fóðurútvægum leiðir, skulu hlutaðeigandi búfjáreigendur borga, nema almennur sveitarfundur samþykki annað. Skylt er þó viðkomandi sveitarsjóði að greiða slíkan kostnað til bráðabirgða, enda hefur hann lögveð í búfé þess, er tryggja skal fyrir fóðurskortu. Veð þetta skal ganga fyrir öllum öðrum veðum næstu tvö ár eftir að skuldin hefur myndast.

Ár hvert, áður en búfé er sleppt af húsi, og ekki síðar en 20. apríl, skulu forðagæzlumenn fara aðra umferð um umdæmi sitt. Skulu þeir þá skoða búfé hvers búfjáreiganda, og gefa honum einkunn fyrir fóðrunina. Sérstaka einkunn skal gefa fyrir hirðing hvernir búfjártegundar — nautgripa, sauðfjár og hesta — og sérstaka fyrir umgengni um hey, og hagsýni í notkun heyja. Að aflokinni síðari fóðurskoðun skal forðagæzlumaður færa skýrslu um skoðunina. Skál þar taka fram, hvað eftir er af fóðri hjá hverjum einstakling, er fénað hefur haft á fóðri, hvaða vitnisburð hver búfjáreigandi hefur fengið fyrir hirðing skepna sinna, heynýtingu og þrifnað. Af skýrslunni skulu tekin þrjú afrit, skal eitt sent oddvita, er les það upp á sveitarfundi, annað sýslumanni, en hið þriðja Búnaðarfélagi Íslands.

Auk þessara tveggja umferða, sem forðagæzlumanni er skylt að fara um umdæmi sitt, er honum skylt að framkvæma fóður- og búfjárskoðun í umdæmi sínu, hvenær sem viðkomandi hreppsnefnd eða Búnaðarfélag Íslands í umboði landbúnaðarráðherra óskar að fá nákvæmar og ábyggilegar upplýsingar um fóðurforða og meðferð búfjár í hreppnum.

Forðagæzlumenn fá greiðslu úr hreppssjóði fyrir starf sitt eftir samkomulagi milli þeirra og hreppsnefndar. Náist ekki samkomulag, geta aðilar skotið máli sínu til sýslunefndar, er fellir þá fullnaðarúrskurð.

Sýslumenn skulu hafa eftirlit með því að hreppsnefndir og forðagæzlumenn í umdæmi þeirra ræki skyldur þær, sem á þá aðila eru lagðar, samkv. lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjarrækt, og reglugerð þessari. Vanræki hreppsnefndir eða forðagæzlumenn þessar skyldur sínar, varðar það sektum samkv. 82. gr.

#### 60. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast þau ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

#### 61. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

74 Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft  
17. apríl og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

Að vorinu skal hún láta rannsaka fóðurfyrningar manna og halda um þær skrá, svo glöggst sjáist hver fóðureyðslan hefur verið, bæði á heimilinu í heild og eins til hvernar einstakrar skepnutegundar. Að aflokinni þeirri skoðun skal færa á sérstaka skrá skepnufjöldann eftir tegundum og fóðureyðsluna í hverja búfjártegund bæði eftir tegundum og magni. Að haustinu eftir sláturtíð skal enn færa inn á skýrsluna tölu slátraðra dilka, meðalfallþunga þeirra, nythæð kúnna, sé ekki starfandi nautgriparæktarfélag, og vænleika sláturhrossa og folalda. Skýrslu þessa skal senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr slíkum skýrslum í samstarfi við Hagstofu Íslands. Lesa skal hana upp á aðalfundi félagsins og ræða. Á þeim fundi skal eftirlitsmaður félagsins gera sem bezta grein fyrir þeim ástæðum, er orsaka misjafnt afurðamagn búfjárins. Í skýrslu þessa skal og færa aðrar þær upplýsingar um fóðrun og afurðamagn, er Búnaðarfélag Íslands ákveður.

#### 62. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, þá skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og ná uppkastið samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

Búnaðarfélag Íslands skal semja fyrirmynd að fóðurbirgðafélagssamþykkt fyrir fóðurbirgðafélög og senda þeim sveitarfélögum, er þess óska.

#### 63. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tvo stjórnarnefndarmenn skal kjósa á aðalfundi félagsins sama ár og hreppsnefndarkosningar fara fram, en hinn þriðja kys hreppsnefnd að afloknum hreppsnefndarkosningum til sama tíma, og er hann formaður. Sé stofnað félag milli hreppsnefndakosninga, skal kosin stjórn á sama hátt til næstu hreppsnefndarkosninga.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og allar framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

Þegar að aflokinni kosningu skal oddviti tilkynna stjórn Búnaðarfélags Íslands hverjir eru í stjórn fóðurbirgðafélagsins.

## 64. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948 og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlega styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. Fyrir hvern nautgrip .....	40 aura
b. — hvert hross .....	20 —
c. — hverja sauðkind .....	4 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29 16. des. 1885.

## 65. gr.

Skytt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

## 66. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 61. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 65. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr Bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins úr sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skytt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og reksturlán fyrir félagið. Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að hjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er hústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lán-tökudegi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni, frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

## 67. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

## 68. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 16. gr. að nokkru eða öllu leyti.

## 69. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlilok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélags greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins, enda fullnægi skýrslur þeirra kröfum, er Búnaðarfélag Íslands hefur sett.

## 70. gr.

Búnaðarfélag Íslands í umboði landbúnaðarráðherra er heimilt, hvenær sem er og þess er talin þörf, að krefjast skýrslu frá eftirlitsmönnum fóðurbirgðafélagsins

74 og forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra, og skulu forðagæzlumenn og eftirlitsmenn þá tafarlaust gera auka- skoðun og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður sínar innan hálfis mánaðar frá því hennar var beiðst.

## 71. gr.

Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfun forðagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að álitu forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, eða hrepp- stjóra, og hann tilkynni það aftur sýslumanni.

## 72. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 71. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi, allt að 6 mánuði. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags, að gera sýslumanni eða hreppstjóra að- vart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum samkv. 82. gr.

## VIII. KAFLI

## Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt.

## 73. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig naut- griparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem sérhverjum ráðunaut er ætlað, skal vera nægilega stórt, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra það. Sé starfs- svið ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það.

## 74. gr.

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða  $\frac{2}{5}$  launa ráðu- nautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti  $\frac{3}{5}$  af launum ráðunautarins. Heimilt er búnaðarsambönd- unum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli að einhverju eða öllu leyti jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélagunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðs- ráðunautar í búfjárrækt, að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðar- félögin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. des. sama ár.

## 75. gr.

Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 73. gr. ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni.

## 76. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera, sem hér segir:  
1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að

búnaðarfélögin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, 74  
eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélag þar, sem þau eru ekki, ef það 17. apríl  
er líklegra til árangurs. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og að-  
stoða við skýrsluhald þeirra.

2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með nautgripaupveldisstöðvum, sæðingarstöðvum og samböndum nautgriparæktarfélaga, ef slík eru starfandi á svæðinu.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, ef þess er óskað, og eftir því sem við verður komið, til að flytja fyrirlestra um búfjár-  
rækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kyn-  
bótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

77. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkv. VIII. launaflokki launalaganna.

78. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðar-  
sambandanna samkv. kafla þessum.

## IX. KAFLI

### Almenn ákvæði.

79. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutað-  
eigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftast en fjórða hvert ár, að fengnu sam-  
þykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman  
um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr ríkissjóði og að  $\frac{1}{3}$  hluta úr hlutað-  
eigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks,  
sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning  
sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er land-  
búnaðarráðherra staðfestir.

80. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í reglugerð þessari, skulu greiddar að viðbætti  
verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við  
komið, miða við meðal vísitölu ársins á undan.

81. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugerðar þessarar, sker land-  
búnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

82. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema  
þyngri refsing liggja við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar  
sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

74 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjár-  
17. apríl rækt og lögum nr. 11 14. febrúar 1950 um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um  
búfjarrækt, öðlast þegar gildi.

Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 76 27. júlí 1932, um sauðfjarrækt, reglugerð nr. 80 15. ágúst 1932, um nautgriparækt, reglur nr. 92 23. sept. 1932, um hrossasýningar, svo og önnur fyrirmæli, er út hafa verið gefin á grundvelli laga nr. 32 8. september 1931, um búfjarrækt, og laga nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Reglugerðin birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 17. apríl 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

75  
19. apríl

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Egilsstaða.

### I. RAFORKA

Rafveita Egilsstaða selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

#### B. Til suðu.

Um kwst.mæli á 40 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fastengdra suðutækja.

#### C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 150.00 til kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 40 aura hver kwst., enda sé heimilt að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

#### D. Sérsmningar.

Þegar sérstaklega stendur á, er heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALÉIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum yfir 50 amp. ....       | — 7.00 — —         |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera 75 sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir 19. apríl raforku.

### III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, 20.00 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki endurofnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 19. apríl 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## DÝRALYFJASKRÁ

76

22. apríl

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, ber dýralækni, þar sem ekki er sérstök lyfjabúð í næsta nágrenni hans, skylda til að hafa til sölu þau dýralyf, sem hér segir:

Acetanilidum.	Antipyrinum.
Acidum acetylsalicylicum-Asperin.	Apomorphini hydrochloridum.
Acidum boricum.	Aqua calcis chloratae 2%.
Acidum diaethylbarbituricum-Veronal.	Aqua destillata.
Acidum hydrochloratum crudum.	Aqua ophthalmica zincica.
Acidum phenylaethylbarbituricum-	Aqua saturnina-blývatn.
Luminal.	Arecolini hydrobromidum.
Adeps Lanae.	Argenti nitras-vítissteinn.
Adeps Lanae cum aqua.	Atropini sulfas.
Adeps lotus.	
Adrenalinum.	Bacilli jodici compositi.
Aether.	Balsamum Copaiva.
Aether spilituosus.	Balsamum peruvianum.
Aether spirituosus camphoratus.	Balsamum Styrax liquidus.
Aetheroleum Anisi.	Benzocainum-Anaesthesin.
Aetheroleum Carvi.	
Aetheroleum Chenopodii anthelminthici.	Calcii chloridum.
Aetheroleum Sinapis.	Calcii gluconas.
Aetheroleum Terabinthinae crudum.	Calomel.
Aloe.	Camphora.
Aluminium kalii sulfas-álún.	Cantharis.
Amidopyrinum-Pyramidon.	Carbo medicinalis.
Amylum Tritici.	Cataplasma terebinthinatum.
Antidotum arsenici.	Chinini ferri citras.
	Chlorali hydras.

## 76 Chloroformium.

22. april Cocaini hydrochloridum.  
 Codeinum.  
 Collodium elasticum.  
 Collodium jodoformii.  
 Corpus pro lotione sedativa.  
 Cortex quercus.  
 Creolinum.  
 Creta alba.  
 Cupri sulfas venalis-blásteinn.

Emplastrum plumbi oxydi.  
 Emulsio camphorata.  
 Ephedrini.  
 Euphorbium.  
 Extractum Belladonnae.  
 Extractum Nucis vomicae.  
 Extractum fluidum secale cornuti.

Ferrum reductum.  
 Flos Tanaceti.  
 Fructus Juniperi.

Glucosum.  
 Glycerinum.

Hexamethylenetetraminum-Urotropin.  
 Hydrogyri chloridi corrosivum-sublimat.

Infusum Digitalis.

Jodoformium.  
 Jodum.

Kamala.  
 Kreosotum.  
 Kresolum crudum.

Linimentum ad variolas.  
 Linimentum calcicum.  
 Linimentum contra scabiem.  
 Linimentum irritans cum Euphorbio.  
 Linimentum resolvens.  
 Linimentum sulfuratum compositum.  
 Liquor adstringens.  
 Liquor ferri saccharati. 1% járn.  
 Liquor kresoli saponatus. Lysol.

Mentholum.  
 Mixtura apomorphini (1—5000).  
 Mixtura bismuthi subsalicylatis (10—300).

Mixtura obstipans.  
 Mixtura obstipans cum Opio (1.25% opiumsdropar.  
 Mixtura salina expectorans.  
 Morphini hydrochloridum.  
 Mucilago gummi arabici.

Natrii bicarbonas depuratus.  
 Natrii chloridum.  
 Natrii chloridum depuratum-matarsalt.  
 Natrii sulfas depuratus-glaubersalt.

Oleum camphoratum.  
 Oleum calciferoli fortior.  
 Oleum Crotonis.  
 Oleum E-vitami.  
 Oleum Jecoris Aselli flavum. Þorskalýsi.  
 Oleum Lini.  
 Oleum Rapae.  
 Oleum Ricini. Laxerolia.  
 Opium.  
 Ovocyclinum.

Pasta zinci oxydi.  
 Penicillinum.  
 Phenacetinum.  
 Phenolum.  
 Phenothiazinum.  
 Pilocarpini hydrochloridum.  
 Placenta seminum Lini pulverata.  
 Procaini hydrochloridum-Novokain.  
 Pulvis acetanilidi cum comphora.  
 Pulvis ad liquorem adstringentem.  
 Pulvis anticatarrhalis.  
 Pulvis digestivus.  
 Pulyis laxans.  
 Pulvis laxans cum aloe.  
 Pulvis siccans.  
 Pyroleum animale crudum.  
 Pyroleum Juniperi.  
 Pyroleum Pini.

Radix Althaeae.  
 Radix Gentianae.  
 Rhizoma Calami.  
 Rhizoma Veratri.

Saccharum.  
 Saccharum lactis.  
 Sal Carlsbadense artificialis.  
 Salolum.



Santonium.	Spiritus saponatus.	76
Sapo kalinus venalis.	Stibyli kalii tartras.	22. apríl
Secale cornutum.	Strychnini nitras.	
Semen Araecae.	Sulfonilamidum.	
Semen Lini.	Sulfadiazinum.	
Semen Nucis vomicae.	Sulfathiasolum.	
Semen Sinapis albae.	Sulfonalum.	
Semen Strophanti.	Tanninum.	
Solutio acidi borici. Bórvatn 3%.	Theobromino natrii salicylas. Diuretin.	
Solutio adrenalini hydrochloridi.	Tinctura Aloes.	
Solutio ammoniaci. Salmiakspiritus.	Tinctura Arnicae.	
Solutio apomorphini hydrochloridi pro injectione.	Tinctura Cantharidis.	
Solutio atropini sulfatis.	Tinctura Digitalis.	
Solutio calcii et magnii chloridi pro injectione.	Tinctura Myrrhae.	
Solutio calcii hydroxydi.	Tinctura thebaica.	
Solutio cocaini hydrochloridi.	Ungventum camphoratum.	
Solutio ferri chloridi.	Ungventum hydrargyri.	
Solutio formaldehydi. Formalin.	Ungventum hydrargyri jodidi rubri.	
Solutio hydrogenii peroxydi. 3%.	Ungventum irritans cum Euphorbio.	
Solutio jodi cum kalii jodido.	Ungventum jodi.	
Solutio jodi spirituosa.	Ungventum Pagenstecheri.	
Solutio kalii arsenitis concentrata.	Ungventum plumbi acetatis.	
Solutio morphini hydrochloridi pro injectione.	Ungventum pyrolei Pini.	
Solutio natrii chloridi pro injectione.	Ungventum resolvens.	
Solutio strychnini nitras pro injectione.	Ungventum cinci oxydi.	
Spiritus alcoholisatus.	Vaselinum.	
Spiritus antirheumaticus.	Vaselinum boricum.	
Spiritus camphoratus.	Veratrinum.	
Spiritus concentratus.	Yohimbini hydrochloridum.	
	Zinci chloridum.	

*Yfirdýralæknirinn, 22. apríl 1950.*

**Sigurður E. Hlíðar.**

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún nr. 82 10. apríl 1945.

Hafnar-, bryggju- og vörugjöld samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla hafnarreglugerðarinnar skulu framvegis innheimtast með 100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

**G J A L D S K R Á****héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Skagafjarðarsýslu.****I. RAFORKA**

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku í Skagafjarðarsýslu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af hverjum fermetra.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 35 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

Raforku, sem notuð er við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlíð. Greiða skal þá fastagjald af húsum og vélum samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

**Bráðabirgðaákvæði.** Fyrst um sinn skal haga sölu á raforku samkvæmt gjaldskrárlíð B, þannig, að auk fastagjaldsins greiðist 35 aurar á kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi 1500 kwst. á ári fyrir eitt herbergi og eldhús, að viðbættum 150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi umfram eitt, en fyrir notkun umfram það greiðast 20 aurar á kwst. — Rafmagnsveitustjóra er heimilt að fella þetta bráðabirgðaákvæði úr gildi hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara, og skal sú ákvörðun auglýst í Lögbirtingablaðinu.

**C. Vélanotkun.**

Um kwst.-mæli á 70 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags um hádegis og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst í senn. Rafmagnsveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst. til næturhitunar, enda sé þá straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.

- b. Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirætlum héraðs-rafmagnsveitna ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

78  
26. apríl

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 30 auru hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 70 auru hver kwst.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, getur rafmagnsveitustjóri þó selt raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni .....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mæltækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs Skagafjarðarsýslu.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 20 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 26. apríl 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Vestmannaeyjahöfn.

**I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.**

## 1. gr.

Vestmannaeyjahöfn skiptist í:

- a. Innrihöfn.
  - b. Ytrihöfn.
  - c. Hafnarlegu.
- a. Innrihöfn er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðunum á Hringskeri og Hörgseyri og landinu í kring.
  - b. Ytrihöfn takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Yztakletti að Klettsnefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku.
  - c. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar.
    1. Austan Heimaeyjar nær hún yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Yztaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku.
    2. Norðurlegan nær yfir svæðið sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Yztaklett með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalfjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

**II. KAFLI****Stjórn hafnarmálanna.**

## 2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður, undir umsjón hafnarnefndar.

## 3. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarvörð eftir að hafnarnefnd hefur gert tillögur sínar um umsækjendur. Hafnarnefnd setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarverði skulu vera svo margir starfsmenn, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt.

**III. KAFLI****Um almenna reglu.**

## 4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna bæjarins, sem settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## 5. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa í bátum og skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja ljós, nema í eldavél skipsins, nauðsynlegum ljósum og á lögboðnum ljóskerum.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu á eldfimri vöru. Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unzerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarreglur.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, blakkfern timer eða annað slikt, sem eldhætta er að, í skipum á höfninni.

## 6. gr.

Bannað er að leggja aðkomuskipum eða aðkomubátum upp í hafnarfjöruna nema með leyfi hafnarvarðar. Enn fremur getur hafnarvörður bannað að leggja öðrum bátum eða skipum upp í fjöruna, ef það bagar vinnu við höfnina.

Sömuleiðis er bannað að setja vélbáta upp í smábátahrófin eða annars staðar þar sem það hindrar nauðsynlegan aðgang að höfninni.

Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta vélbát standa yfir fjöru við bryggjur bæjarins og varðar minnst 100 króna sekt, ef út af er brugðið. Sérhver formaður er skyldur að vikja með bát sinn frá bryggju eða færa sig, eftir skipun hafnarvarðar.

## 7. gr.

Í Innrihöfnina má ekki kasta seglfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi eða neinu sliku. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður segir til.

Seglfestu má ekki taka annars staðar við höfnina en hafnarvörður vísar til, og þarf leyfi hans í hvert skipti. Úr Eyðinu má hvorki taka sand né grjót.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til, og gildir leyfið aðeins til árs, sé það látið ónotað.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ekki ferma eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa og skulu þau jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausu á Innrihöfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til að önnur skip geti komið að til afgreiðslu.

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast formaður eða eigandi við að hlýða boðum hafnarvarðar eða hafnsögumanns um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og er þeim þá heimilt að láta gera það á kostnað og ábyrgð eiganda og formanns.

## 9. gr.

Jafnan skal vera vörður úti í þeim bátum, sem liggja fyrir eigin festum á Innrihöfn, og enn fremur í öllum aðkomuskipum, hvort sem þau liggja fyrir hafnarfestum eða eigin festum. Þegar ástæða þykir til, getur hafnarvörður fyrirskipað vörð í bátum, sem liggja við hafnarfestar.

79

27. apríl

10. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningsar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Lögtaksréttur fylgir kröfu hafnarnefndarinnar á hendur eiganda eða leigjanda skips.

## V. KAFLI

## Afnót á hafnarbryggjum.

11. gr.

Bátar mega ekki liggja við bæjarbryggjurnar, nema meðan verið er að losa þá eða ferma. Þó getur hafnarvörður leyft að hafa báta við bryggjurnar til viðgerðar eða meðan verið er að vinna annað að þeim, ef eigi er til boga afgreiðslu annarra báta.

12. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða annars staðar á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Vörur skal tafarlaust flytja burt, þegar hafnarvörður krefst þess.

Sé boði hafnarvarðar ekki tafarlaust hlýtt, skal hlutaðeigandi greiða í hafnar-sjóð 100 aura fyrir smálest á sólarhring, þar til varan hefur verið fjarlægð, og ef ekki dugar, má fjarlægja vöruna á kostnað afgreiðslu eða eiganda.

Ekkert gjald reiknast fyrir fyrsta sólarhring eftir að losun skips hefur farið fram, eða fyrsta sólarhring fyrir útskipun.

Afgreiðslur skipa standi skil á þessu gjaldi.

## VI. KAFLI

## Lestagjald.

13. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip, bátar, hvers kyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða með vörur eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn er þau leggjast á Innri- eða Ytrihöfn, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Gjaldið skal reiknast af nettó burðarmagni skipsins, sé ekki öðruvísi ákveðið, talið í heilum tonnum, og er hálf tonn talið sem heilt, en minna broti sleppt.

14. gr.

- a. Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1. maí, 20 krónur fyrir hvert tonn af brúttóstærð skipsins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 150 krónur.

Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar héðan, og liggja á Innrihöfn, greiði 5 krónur fyrir hverja smálest af brúttóstærð fyrir mánuð, þó aldrei minna en kr. 300.00 á mánuði eða hluta úr mánuði.

- b. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar (Innri- og Ytrihöfn) koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflíð c. þessarar greinar, skulu greiða 60 aura fyrir hverja nettó smálest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar. Strandferðaskip ríkisins skulu einungis greiða gjald þetta með 20 aurum fyrir hverja nettó smálest.

- c. Skip, sem leita Ytriðhafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau hafi samband við land. **79**  
27. apríl

## 15. gr.

*Vitagjald.*

Öll skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 5 krónur fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir, og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir.

## 16. gr.

*Bryggju- og festargjald.*

Hvert það skip, sem leggst við hafnarbakka, bryggju eða við hafnarfestar, og ekki greiðir lestagjald samkvæmt 14. gr., staflið a., skal greiða bryggju- eða festargjald af nettó rúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 30 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 50 krónur um sólarhringinn.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggju- eða festargjaldi.

## 17. gr.

*Um hafnarfestar.*

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru í Innrihöfn, skal haldið vel við á kostnað hafnarsjóðs. Hafnarnefnd hefur umráð yfir festunum og ráðstafar þeim. Hafnarnefnd getur hvenær sem er gert breytingu á niðurskipun báta á hafnarfestum, ef þörf þykir, vegna dýpis, umferðar um höfnina, viðgerða á festum eða vegna hafnar-gerðarinnar.

## 18. gr.

*Fjörugjald.*

Fyrir að leggja skipi, sem ekki á heima í Vestmannaeyjum, á fjöru til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri rúmlest af nettó stærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhring.

## 19. gr.

*Vatnsgjald.*

Fyrir vatn handa skipum frá vatnsveitu hafnarsjóðs skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

## 20. gr.

*Hafnsögugjald.*

Öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettó stærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á Innrihöfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir liðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.

- 79 e. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 50 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að  
27. apríl 100 nettó rúmlestir og 10 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.  
d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur á sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflíð, a. og b.

## 21. gr.

*Vörugjald.*

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl eða úr einu skipi í annað, með undantekningum þeim, er síðar getur.

## 22. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur.

- a. Vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- b. Vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annarra hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi eða í misgripum.
- c. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir, þegar þetta er flutt á land í höfninni.
- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
- e. Póstur og farangur ferðamanna.
- f. Vörur og tæki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.
- g. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er í land í höfninni.
- h. Allt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.

## 23. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annarra hafna en Vestmannaeyja, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

## 24. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

## 25. gr.

Vörugjald skal reiknað eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining, hálf og brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjórn ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem saman stendur á farmskránni, ef móttakandi hér eða sendandi hér er einn og sami maður.

## 26. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald skal greiða eins og þar segir.



Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

79  
27. apríl

## 27. gr.

*Vörugjaldskrá.*

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kornvörur.
2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Jarðepli, hey, rófur, ís, fóðurbætir, áburður.
3. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, koks, mór, reiðingur.
4. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:  
Hráolía.
5. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg:  
Hrogn, fiskimjöl.
6. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:  
Eldfastur leir og steinn, gólfflisar, þakhellur, veggflisar og efni til múr-  
húðunar, sement, benzin og olíur, saltfiskur, fullverkaður saltfiskur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.60 fyrir hver 100 kg:  
Veiðarfæri og efni til þeirra, fiskumbúðir, pokar, beita.
8. flokkur. Gjald kr. 1.70 fyrir hver 100 kg:  
Sykur, smjörliki, mör, tólg.
9. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Lýsi, sundmagi, ísvarinn fiskur, hraðfrystur fiskur.
10. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
Kaffi.
11. flokkur. Gjald kr. 3.40 fyrir hver 100 kg:  
Járn, vélar og vélahlutar, saumur, gler, krossviður, þurr bein.
12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem gjald hefur verið tekið af eftir þyngd.
13. flokkur. Gjald kr. 0.30 fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður.
14. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet.  
Húsgögn og hljóðfæri.
15. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert stk.:  
Tómar tunnur, endursendar umbúðir, vín-, öl- og gosdrykkjakassar, sauðfé,  
loðdýr.
16. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hvern grip:  
Stórgripir.

## 28. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa bæjarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum unz gjaldið er greitt. Vörugjald má taka lögtaki.

## 29. gr.

*Ýmis gjöld til hafnarinnar.*

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða það gjald, sem bæjarstjóri ákveður.

## 30. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

## 31. gr.

Leiga eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar, svo og lán á landfestum og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar, greiðist eftir gjaldskrá og mati hafnarvarðar á hverjum tíma.

## VII. KAFLI

**Innheimta og greiðsla gjalda, hegningarákvæði o. fl.**

## 32. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans. Enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá bæjarstjóra sanni, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar.

## 33. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð.

## 34. gr.

Formaður skips, báts eða fleytu, ber ábyrgð á greiðslu lesta-, festa- og uppsátursgjaldi. Eigandi skips ber og ábyrgð á öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari.

## 35. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldunum.

## 36. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri hegning liggja við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 37. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

## 38. gr.

Hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 30. ágúst 1926, með breytingum og viðaukum síðar gerðum, er hér með úr gildi numin.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

80

29. apríl

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir, sbr. 5. tölulið  
33. gr. laga nr. 104 30. des. 1943.

Höfuðkúpa .....	kr. 65— 90	Gallblaðra .....	kr. 65— 95
Afhol nefnsins .....	— 55		+ lyf
Eyru .....	— 95	Nýru, yfirlit .....	— 65
Nef .....	— 15— 30	Nýru með innsp. ....	— 105
Kjálki .....	— 55— 65		+ lyf
Tönn .....	— 15	Leg og leggöng með innsp. ..	— 115
Tennur, allar .....	— 35— 65		+ lyf
Öxl .....	— 50— 60	Lungu .....	— 50— 55
Olnbogi .....	— 35— 40	Hjarta .....	— 65— 90
Úlnliður .....	— 35— 40	Vélinda .....	— 75— 90
Hönd .....	— 35— 40	Magi .....	— 100
Fingur .....	— 25— 30	Magi og mjógirni .....	— 165
Rif .....	— 60— 90	Magi og ristill e. innh. ...	— 175
Viðbein .....	— 45— 55	Ristill með innh. ....	— 95
Hryggur, allur .....	— 80— 115	Fóstur .....	— 65
Brjóstliðir .....	— 65	Grindarmæling .....	— 85
Mjóhryggur .....	— 65	Sneiðmyndir af lungum ..	— 75— 110
Mjóhr.- og spjaldhryggur .	— 80	Kviðarhols-slagæðin .....	— 55
Hálsliðir .....	— 55— 65	Heili með innsp. á lofti ..	— 105
Mjaðmargrind .....	— 65— 75	Mænugöng með innsp. ...	— 150— 175
Mjaðmir .....	— 85	Lungnapípur með innsp. ..	— 185
Mjöðm .....	— 60	(incl. lyf og sérfr.-aðstoð)	
Læri .....	— 60— 65	Þvaggöng með innsp. ....	— 95
Hné .....	— 55— 60		+ lyf
Hnéliður með innsp. ....	— 95	Röntgenljósmynd af lungum	— 20
Fótleggur .....	— 50	(fotoröntgen)	
Öklaliður .....	— 40— 50	Kvartsljós .....	— 7
Rist og tær .....	— 35— 50	Kolbogaljós .....	— 11
Tær .....	— 30— 35	Röntgengeisl (therapie) ..	— 12

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

## REGLUGERÐ

### um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal háður eftirliti og vera metinn af hinu opinbera fiskmati, samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski. Atvinnumálaráðuneytið getur og ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

###### 2. gr.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, hvort sem um er að ræða nýjan fisk eða saltaðan, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn ekki verið lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

###### 3. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn alls fiskmats í landinu. Yfirfiskmatsmenn stjórna matinu, hver í sínu umdæmi, en hlíta forustu fiskmatsstjóra samkvæmt nánari ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948. Til aðstoðar við mat og eftirlit eru einnig skipaðir fiskmatsmenn og hleðslustjórar, og vinna þeir undir stjórn fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Fiskmatsmenn eru skyldir að hlýða yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsstjóra samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá, og hleðslustjórar einnig, að því er snertir mat og meðferð fisksins.

Lögreglustjórar skipa fiskmatsmenn og hleðslustjóra eftir tilnefningu fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna, eins og nánar er fram tekið í erindisbréfum þeirra.

Atvinnumálaráðuneytið setur öllum þessum starfsmönnum erindisbréf um störf þeirra og skyldur.

###### 4. gr.

Fiskmatsmenn skulu vera einn eða fleiri í hverri vinnslustöð og auk þeirra aðrir fiskmatsmenn við sérstörf á stærri eða minni svæðum svo margir, sem fiskmatsstjóri álitur þurfa.

Hleðslustjórar skulu einnig skipaðir svo margir, sem fiskmatsstjóri telur þörf á.

Matsmenn, sem gegna störfum við hinar ýmsu greinar matsins, sérstaklega þeir, sem meta fisk til útflutnings ísvarinn, og þeir, er meta fisk til hraðfrystingar, skulu hafa nána samvinnu.

###### 5. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Um útskipun, hleðslu og meðferð fisksins í útflutningsskipunum, matsvottorð um hann og annað þar að lútandi, eru sett nánari ákvæði í þessari reglugerð, svo og í erindisbréfum fiskmatsstjóra, yfirmatsmanna og annarra starfsmanna fiskmatsins.

###### 6. gr.

Fyrirtæki eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, aðra en ísvarinn fisk, skulu skyld að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka fisk á fleiri höfnum

en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna. **81**

13. marz

Skylda útflytjenda til þess að hafa hleðslustjóra getur þó fallið niður, ef yfirfiskmatsmenn fylgja skipi, meðan það er að ferma, og ef þeir hafa eftirlit með hleðslunni. Fer um það og kostnað við eftirlit eftir samkomulagi við fiskmatsstjóra.

Jafnan skal einn maður, hleðslustjóri eða yfirfiskmatsmaður, sjá um lestun eins og sama fiskfarms, og ber hann ábyrgð á umsjón hleðslunnar. Frá þessu ákvæði getur fiskmatsstjóri gefið undanþágu, ef brýn nauðsyn ber til.

## 7. gr.

Fiskmatsstjóri, yfirfiskmatsmenn og fiskmatsmenn geta stöðvað vinnslu, fiskverkun eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar, eða ef gæði og útlit vörunnar eru á þann veg, að hún verði ekki álitin fullnægja settum kröfum.

## 8. gr.

Yfirmönnum og löggiltum starfsmönnum fiskmatsins er heimill aðgangur að hverjum stað, þar sem unnið er að framleiðslu útflutningsfisks eða fiskurinn er geymdur. Enda er fiskmatsstjóra, yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsmönnum, hverjum á sínu starfssviði, skylt að fylgjast með geymslu og öllum umbúnaði þess fisks, sem hefur verið metinn og flokkaður.

## 9. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva.

## 10. gr.

Allar fiskumbúðir, sem notaðar eru um fisk, sem þannig er verkaður, að hann heyri undir fiskmatið, skulu háðar eftirliti fiskmatsstjóra að því er varðar stærð, efni, áletrun, o. fl., og skulu samþykktar af honum.

## II. KAFLI

## Um útbúnað fiskibáta og skipa.

## 11. gr.

Lestir fiskiskipa og báta, svo og grindur og hillur í lestunum, skulu vera málaðar og lakkbornar a. m. k. tvisvar á ári með haldgóðu máli eða lakki. Þó getur yfirfiskmatsmaður leyft, að þetta sé gert aðeins einu sinni á ári, ef um litla notkun er að ræða.

## 12. gr.

Lestirnar skulu þannig útbúnar, að fiskurinn merjist ekki á slám eða ójöfnum. Í hotni lestanna skulu vera þéttrimlaðar grindur. Grindurnar skulu þannig gerðar, að bönd, er þær hvíla á, liggi langsum eftir lestinni, svo að vatn geti runnið óhindrað aftur og niður. Bátar, sem geyma fisk á þilfari í veiðiför, skulu einnig hafa grindur á þeim hluta þilfarsins, sem er undir fiskinum. Allar grindur skulu gerðar þannig, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.

## 13. gr.

Aftur- og framþil lestarinnar skulu vera þétt og hæfilega einangruð til þess að koma í veg fyrir hitun frá íbúðum skipshafnar eða vélarúmi.

## 14. gr.

Sé dýpt lestarinnar meiri en einn metri, skulu settar í hana hillur, þegar ísað er, þannig að hvert lag af fiski sé aldrei meira en einn metri á þykkt. Lestir smábáta,

81 sem eru aðeins rúmlega einn metri á dýpt, er þó heimilt að fylla, án þess að hillur 13. marz séu settar.

## 15. gr.

Í bátum eða skipum, sem eru yfir 20 smálestir, skal vera uppdráttarútbúnaður í sambandi við bómu og spil bátsins eða sérstakur gaffall í stað bómunnar. Nota skal hæfilega stóran háf eða annað nothæft ilát við affermingu fisksins og fiskurinn dreginn upp í háfnum með fyrr greindum útbúnaði. Þegar hægt er að koma því við, eiga smærri bátar en 20 smálestir einnig að hafa þennan útbúnað til affermingar. Þar sem bátar lenda við bryggjur, sem hafa jafngóðan eða betri útbúnað til affermingar fisks en þann, sem hér var lýst, geta þeir að sjálfsögðu notað hann við affermingu í stað eigin útbúnaðar.

## 16. gr.

Opnir bátar eða bátar, sem þurfa að hafa fisk á þilfari, meðan á veiðiför stendur, skulu hafa ábreiður meðferðis og breiða þær yfir fiskinn til þess að verja hann fyrir sól, frosti og öðrum skaðlegum áhrifum.

## 17. gr.

Lestir fiskibáta skulu vandlega hreinsaðar og þvegnar eftir hverja veiðiför. Enn fremur getur fiskmatsmaður krafizt þess, að þær séu hreinsaðar með gerlaeyðandi efnum, ef honum þykir ástæða til.

## III. KAFLI

## Um meðferð aflans.

## 18. gr.

Allur fiskur skal blóðgaður þannig, að skorið sé á hálsæðarnar báðum megin, um leið og hann kemur inn í bátinn.

## 19. gr.

Á bátum, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, skal allur fiskur slægður á skipsfjöl svo fljótt sem auðið er. Bátum, sem leggja aflann á land daglega, er heimilt að flytja fiskinn á land óslægðan. Að sumrinu er þó æskilegt, að allur fiskur sé slægður og þveginn, þegar er hann hefur verið veiddur.

## 20. gr.

Allur fiskur, hvort sem hann er slægður á sjó eða í landi, skal þveginn vandlega, jafnskjótt og hann er slægður. Skal þess vel gætt, að ekki séu eftir í kviðarholinu leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði.

Aðrennsli þvottavatns skal vera svo mikið, að það litist ekki verulega við þvottinn.

## 21. gr.

Þegar fiskur er fluttur í land óslægður og gert er að honum í húsum í landi, skulu hús þessi vera vel hrein og þannig gerð, að auðvelt sé að verka þau og þvo. Þau skulu vera með sléttum gólfum og grindum, sem fiskurinn liggja á, og þannig frá gengið, að runnið geti frá fiskinum. Aðgerð fisksins og þvottur skal hefjast jafnskjótt og báturinn kemur að landi. Við flutning fisksins á ákvörðunarstað skal gæta fyllsta þrifnaðar.

## 22. gr.

Fisk má aldrei gogga eða stinga í hann áhöldum, nema í hausinn. Afhausaðan fisk verður að taka upp með höndunum eða með þar til gerðum skaftháfum. Varast skal sömuleiðis hverja þá meðferð, er getur marið hann eða skemmt á annan hátt.

## 23. gr.

Á bátum, sem hafa meira en eins dags útvist, skal fiskurinn slægður og ísaður í lestina, áður en hann stirðnar. Þegar ísað er, skal leggja holfisk þannig, að kviðurinn snúi niður, en flatfisk þannig, að skurðurinn snúi niður (hvíta hliðin upp).

81

13. marz

## 24. gr.

Þegar veiðiskapur er stundaður samtímis á ýmiss konar veiðarfæri og gæðamunur á fiski hinna ýmsu veiðiskipa er óhjákvæmilegur, bæði af þessari ástæðu og misjafnlega langri legu veiðarfæranna í sjó, svo og ef sérstaklega stendur á að öðru leyti, getur fiskmatsstjóri gert sérstakar ráðstafanir um mat og eftirlit með nýjum fiski.

Fisk, sem er veiddur á veiðarfæri, er hefur legið í sjó meira en einn sólarhring, má ekki taka til útflutnings ísvarinn eða til vinnslu í hraðfrystihúsi, nema veiðin hafi áður verið vandlega aðgreind og þá kastað úr öllum fiski, sem ber það með sér, að hann hafi verið skemmdur eða dauður, þegar hann var dreginn úr sjó.

## 25. gr.

Matsmenn ákveða á hverjum tíma, hve mikinn ís skal nota til ísunar á fiski í bátum.

## 26. gr.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september er óheimilt að láta fisk liggja óísaðan í bát lengur en 12 klst., frá því er veiði hófst og þar til báturinn kemur að landi. Á sama tímabili mega bátar geyma fisk sinn í ís allt að 48 klst. frá því veiði hefst og þangað til báturinn kemur að landi.

Frá 1. okt. til 14. maí má fiskur vera óísvarinn í bátum allt að 24 klst. Á sama tímabili getur fiskmatsstjóri leyft lengri geymslu í ís í fiskibát en leyfð er á tímabilinu frá 15. maí til 30. september.

Fiskmatsstjóri getur gefið undanþágur frá tímaákvörðunum þessarar greinar, ef hann telur þess þörf og skilyrði eru fyrir hendi.

Ákvæði II. og III. kafla um útbúnað veiðiskipa og meðferð aflans gilda jafnt, hvort heldur á að flytja fiskinn út ísvarinn, frysta í hraðfrystihúsum, salta til útflutnings eða verka í skreið. Til söltunar og herzlu má þó hagnýta fisk, sem ekki er hæfur til útflutnings nýr eða til hraðfrystingar (sbr. 27. gr.).

## 27. gr.

Fisk, sem er ranglega meðfarinn í veiðiskipi, svo sem illa blóðgaður, illa þveginn, goggrifinn, skemmdur af lélegri ísun, of gamall eða á einhvern hátt gallaður, þannig að ekki er hægt að hagnýta hann að öllu leyti sem ógallaða vöru til vinnslu í hraðfrystihúsum eða til útflutnings ísvarinn, má meta eftir því hve gallar hans dæmast stórvægilegir.

## 28. gr.

Um mat og meðferð nýrra þorskrogna gildir sérstök reglugerð, nr. 162 12. des. 1944, og fyrirmæli, er fiskmatsstjóri setur með tilliti til þess, í hvaða ástandi þau á að flytja út eða hvers konar verkunaraðferð á að viðhafa.

## IV. KAFLI

## Um útflutning á ísvörðum fiski.

## 29. gr.

Í skipum, sem flytja út nýjan ísvarinn fisk, eiga lestirnar að vera sléttar innan. Í lestunum skulu vera hæfilega stórar stíur og nægilega margar hillur í hverri þeirra, svo að hvergi sé meira en eins metra bil á milli þeirra, og helzt á fiskbingur með ís

**81** ekki að vera svona hár, hvenær sem hægt er að koma því við rúmsins vegna. Lestir, 13. marz stíur og hillur skulu vera málaðar eða lakkbornar og málningin endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Lestir skipanna, svo og skilrúms- og hilluborð, skulu þvegin vandlega úr hreinu, ómenguðu vatni, áður en fiskur er ísaður í skipin. Öðru hvoru verður að úða lestir og lestarútbúnað með formalínblöndu eða úr öðrum gerlaeyðandi, en þó ekki skaðlegum efnum. Í gufuskípu má, í stað þess að nota gerlaeyðandi efni, þetta öll op á lestunum og hleypa í þær heitri gufu í að minnsta kosti 12 klukkustundir.

### 30. gr.

Ísvarinn fiskur, sem sendur er frá Íslandi til útlanda, verður að vera nýr og óskemmdur, svo að ætla megi, að geymsluþol hans í ís sé svo mikið, að hann komi í góðu ástandi á ákvörðunarstað. Þess skal stranglega gætt, að meðferð hans hafi verið samkvæmt því, er krafizt er í 16. og 24. gr. þessarar reglugerðar.

### 31. gr.

Ekki má flytja út þorsk smærri en 40 cm, ýsu smærri en 30 cm og flatfisk smærri en 27 cm. Þessi mál á nýjum fiski eru miðuð við lengdina frá trjónubroddi að sporðsenda.

### 32. gr.

Bolfisk skal leggja í stíur þannig, að kviðurinn snúi niður, svo að vatn standi ekki í kviðarholi fisksins, og á þetta einkum við, ef hausinn er á fiskinum, en flatfisk á að reisa lítið eitt á rönd og hvíta hliðin að snúa upp.

### 33. gr.

Til ísunar má aðeins nota hreinan, smámulinn ís. Við ákvörðun á ísmagni kemur til greina, hve langan tíma má áætla, að geyma þurfi fiskinn í ís, árstíminn, veðráttan og ástand íssins.

### 34. gr.

Um legutíma fisks í veiðiskípu skal fara eftir ákvæðum 26. gr., ef fiskurinn á að vera talinn hæfur til útflutnings ísvarinn. Á sumrin ber og einnig að taka fullt tillit til ákvæða 16. gr.

Þó er fiskmatsstjóra, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að leyfa útflutning á fiski, þó að lengri tími líði en að framan segir, frá því fiskurinn er veiddur og þangað til hann er afhentur til flutnings í útflutningsskip. Tekur þetta ákvæði einkum til þess, er fiskur er tekinn úr öðru útflutningsskipi, sem ekki hefur náð í fullan farm, enda hafi fiskurinn verið ísaður til útflutnings í því skipi og umhleðsla milli skipanna fari fram samkvæmt því er segir í 35. gr. Um undanþágur samkvæmt þessari grein skal sækja skriflega til fiskmatsstjóra í hvert sinn og um leið gera grein fyrir aldri fisksins og ásigkomulagi.

### 35. gr.

Útbúnað við útskipun nýs fisks í flutningaskip skal vanda eftir föngum. Ekki má hella úr bílum eða öðrum flutningatækjum af svipuðu tagi beint niður í lestir skipanna eða á þilfar þeirra, heldur annað hvort nota körfur eða láta fiskinn renna þessa leið í rennum. Rennur þessar mega þó aldrei hafa brattari halla en 45°. Helzt á að flytja fiskinn í körfum eða kössum úr veiðiskípu og losa úr þeim beint í stíur flutningaskipsins.

Að sjálfsögðu má einnig nota annan útbúnað við útskipun á nýjum fiski, en það verður að vera tryggt, að fiskurinn verði ekki fyrir verri meðferð í útskipuninni en með aðferðum þeim, sem hér voru nefndar.



Undanþága um flutning ísvarins fisks milli flutningaskipa skal því aðeins veitt, að skipin liggja borð við borð og fiskurinn sé fluttur gætilega á milli, svo sem í körfum. Þess sé og gætt, að fiskurinn sé endurísaður jafnóðum í viðtökuskipinu og safnist hvergi fyrir í milliflutningum.

81  
13. marz

### 36. gr.

Hrogn, sem á að flytja út ísvarin, skulu metin og flokkuð á sama hátt og hrogn, sem á að frysta. Um mat og meðferð nýrra þorskhrogna gildir sérstök reglugerð, dags. 12. des. 1944.

Ísvarin hrogn skal flytja út í kössum, sem mega ekki vera stærri en undir 50 kg (1 Cwt.), og er hæfilegt innanmál þessara kassa  $88 \times 48 \times 32$  cm. Ekki má þó setja hrognin laus í kassana, heldur skulu þau höfð í pokum úr mjög gisnu efni. Í hverjum poka eiga að vera 6,35 kg, þegar hrognin eru komin á ákvörðunarstað, en til þess að svo geti orðið, þarf að veða 7 kg í hvern poka hér. Í pokunum skal vera svo rúmt um hrognin, að þeir fletjist vel út í kassanum.

### 37. gr.

Um útflutning ísvarins fisks í kössum gildir sérstök reglugerð, útgefin af atvinnumálaráðuneytinu 13. maí 1937.

### 38. gr.

Ákvæði IV. kafla (29.—38. gr.) nær til allra skipa, er flytja út ísvarinn fisk. Umráðamönnum þeirra skipa, er flytja út eigin afla, er skylt að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar, en með því að fiskmatsmenn geta ekki haft eftirlit með afla þeirra eða meðferð hans í skipinu, er yfirfiskmatsmönnum eða umboðsmönnum þeirra þó skylt að líta eftir, að lestir þeirra hafi verið vel hreinar og allur útbúnaður þeirra í góðu lagi, og gefa þeir vottorð um þetta í hverri sölufærð. Fyrir eftirlitið og vottorð í hvert sinn ber fiskeigendum að greiða 10 krónur auk verðlagsuppbótar.

## V. KAFLI

### Meðferð fisks í hraðfrystihúsum og útbúnaður þeirra.

#### 39. gr.

Til hraðfrystingar má aðeins taka fisk, sem er nýr og óskemmdur og að öllu leyti góð vara að dómi matsmanna.

#### 40. gr.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september skulu þau ákvæði gilda, að hafi fiskur verið óísaður í bát og sé hann ekki ísaður í landi, skal flökun hans lokið eigi síðar en 24 klst. eftir að hann veiddist. Þó skal fiskur aldrei liggja óísaður í landi í meira en 12 klst. Á tímabilinu frá 1. okt. til 14. maí má slíkur fiskur vera óísaður í landi í mesta lagi í 24 klst. Bolfiskur, sem ekki hefur verið ísaður í bát, en er ísaður í landi, skal flakaður eigi síðar en 36 klst. eftir að hann var fluttur í land, sé um botnvörpufisk að ræða, en línufiskur má liggja í allt að 48 klst. Flatfiskur má þó, þegar svo stendur á, geymast í ís allt að þrjá sólarhringa í landi.

Fiskur, sem hefur verið ísaður í bát, en er ekki ísaður í landi, skal vera flakaður, ekki síðar en 8 klst. eftir að hann kemur í land. Fiskur, sem hefur verið ísaður í bát, en er einnig ísaður í landi, má geymast í allt að 24 klst. í landi, áður en hann er flakaður, þó því aðeins, að samanlagður tími, frá því er hann veiddist, sé ekki meira en 3 sólarhringar.

#### 41. gr.

Húsrúm það, sem fiskur er geymdur í, meðan hann bíður vinnslu, skal vera vel húðað, ef það er steinsteypt, eða málað, ef það er byggt úr timbri. Á þeim stöðum,

81 Þar sem nú eru ekki til geymslur, er fullnægja kröfum fiskmatsstjóra, skulu þær 13. marz gerðar á þann hátt, er hann segir fyrir um.

## 42. gr.

Flötur sá, er fiskurinn liggur á, meðan hann bíður flökunar, skal þannig gerður, að vatn geti runnið undan fiskinum. Einnig skal hafa grindur á gólfinu undir fiskinum og þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim, þegar vinnslu er lokið. Fiskur, sem bíður vinnslu, má ekki vera í þykkari stæðum en 50—60 cm. Þegar fiskur er geymdur ísvarinn, á að leggja bolfisk þannig, að kviðurinn snúi niður, en flatfisk þannig, að skurðurinn snúi niður (hvíta hliðin upp).

## 43. gr.

Í frystihúsi skal jafnan vinna fyrst úr elzta fiskinum eða þeim fiski, er að álitu matsmanns þolir minnsta geymslu.

Fiskinn skal þvo úr fersku vatni eða sjó, áður en hann er flakaður. Við þvottinn skulu notaðar þvottavélar, er tryggja það, að um fiskinn leiki aðeins ferskt og hreint vatn eða sjór. Sé ekki kostur á þvottavél, skal þvo fiskinn með burstum og þá úr hreinu, rennandi vatni eða sjó.

Vatn og sjór, sem notað er til þvotta á fiski í frystihúsum, skal vera hreint og óskaðlegt.

## 44. gr.

Við flökun má ekki nota aðra vettlinga en úr gúmmíi eða hliðstæðu efni. Ef flökin fara ekki á færiband frá flökuninni, skal þeim raðað í hrein málmílát, þannig að roðið snerti ekki fisksárið eða flökin bögglist eða brotni, og skal þessi aðferð einnig viðhöfð, ef flökin þurfa eitthvað að bíða pökkunar. Ílát þessi skulu vera grunn, svo að flökin kremjast ekki. Bannað er með öllu að nota virkorfur.

## 45. gr.

Þegar fiskurinn er veginn, verður að gæta þess, að hver einstakur pakki verður að frystingu lokinni að innihalda þá þyngd af fiski, sem á umbúðirnar er letruð.

## 46. gr.

Fiskflök skulu vandlega athuguð, áður en þau eru pökkuð og vegin, til að koma í veg fyrir orma, blóðstungur, bein, meinsemdir, holdmeltingu, mar og aðra galla. Við framkvæmd þessa eftirlits skal nota skyggnitæki (spegil), sem viðurkennt er af fiskmatsstjóra eða yfirmatsmönnum.

## 47. gr.

Borð þau, sem notuð eru við eftirlit, vigtun og pökkun flakanna, skulu vera úr ryðfriú stáli, alumíníum eða hvítlökkuðu tré til að gæta alls hreinlætis. Séu flökin handskorin, skulu þau skorin á þykkum fjöllum úr harðviði.

## 48. gr.

Ílát, sem notuð eru við vigtun eða til að flytja flökin vegin til pökkunar, skulu vera úr ryðfriú stáli, alumíníum, plasti eða öðru hliðstæðu efni, sem ekki ryðgar og auðvelt er að halda hreinu. Bannað er með öllu að nota emaleruð áhöld.

## 49. gr.

Við eftirlit og hreinsun flakanna, svo og vigtun þeirra, pökkun og alla hreyfingu, er bannað að nota aðra vettlinga en úr gúmmíi eða öðru hliðstæðu efni.

## 50. gr.

Allir fiskpakkar skulu að pökkun lokinni leggjast í pönnur eða ramma, sem frysta skal þá í. Einnig má raða þeim á hrein borð eða hillur. Þó má aldrei hlaða þeim hverjum ofan á annan, þannig að þungi eins liggi á öðrum. Pakkarnir mega á engan veg aflagast.

## 51. gr.

Í öllum innri umbúðum skal vera miði með einkennismerki þess hraðfrystihúss, sem hefur framleitt vöruna. Séu fleiri en eitt flak eða flakahlutar sérvafin í öskju eða einum pakka, skal slíkur miði ávallt vera í hverjum vafningi. Ef sérvafið er í ómerkthan pappír og fleiri en einn vafningur er í öskju eða pakka, skal vera merki-miði í hverjum vafningi, er sýnir fisktegund, vörunmerki, framleiðsluland, og fyrir-mæli um, að vafningana skuli vega við sölu ("to be weighed when sold"), ef ekki er gefinn upp ákveðinn þungi.

## 52. gr.

Flökin má ekki geyma lengur en 3 klst. frá því að þau eru skorin og þangað til frysting hefst, nema þau séu geymd við hér um bil  $0^{\circ}$  C. Þó skulu þau aldrei vera geymd þannig lengur en 6 klst. Flök má aldrei geyma í pökkunarsalum, pökkuð eða ópökkuð, lengur en nauðsynlegt er, meðan verið er að pakka þau.

## 53. gr.

Allan fisk skal hraðfrysta niður í  $-22^{\circ}$  C. innan 3 klst., ella telst hann ekki hraðfrystur. Séu notuð tæki við frystingu, þar sem frystingin byggist á fullri snertingu tveggja flata, skal afmarka hæfilegt rúmtak fyrir pakkana milli flatanna, svo að þeir fái hæfilegan þrýsting. Rúmtakið takmarkast af römmum þeim, er pakkarnir eru frystir í, eða með sérstökum listum. Á öllum frystitækjum skulu vera mælar, er sýna hitastig í frystiefni við útstreymi úr tækjunum.

## 54. gr.

Allan heilfrystan fisk, svo og fiskpakka, sem ekki eru í loftþéttum umbúðum, skal íshúða strax eftir frystingu úr hreinu rennandi vatni, sem ekki er heitara en  $+4^{\circ}$  C.

Heilfrystan fisk má ekki pakka í ytri umbúðir þegar að lokinni frystingu, heldur í fyrsta lagi eftir 2 vikur, og skal þá íshúða fiskinn að nýju.

## 55. gr.

Þegar fiskur hefur verið hraðfrystur og er tekinn úr hraðfrystitækjum, verður hann tafarlaust eða svo fljótt sem unnt er að komast í frystigeymslu, þar sem hitastigið er ekki hærra en  $-18^{\circ}$  C.

## 56. gr.

Merking ytri umbúða skal jafnan gefa nákvæmlega til kynna eftirfarandi:

1. Einkennismerki, er gefur til kynna, hvaða frystihús sé framleiðandi vörunnar.
2. Framleiðslumánuð og ár.
3. Fisktegund, tölu pakka, nettóþyngd þeirra og heildarþunga.
4. Tegund innri umbúða, sem fiskurinn er pakkaður í.
5. Framleiðsluaðferð, svo sem heilfrystur, hausaður, þversneiddur, flakaður með þunnildum eða án þeirra, með roði eða án þess.

## 57. gr.

Geymslurúm það, sem hraðfrystur fiskur er geymdur í eftir frystingu, skal vera með grindum eða listum á gólfi, er haldi fiskkössunum minnst 10 cm frá því. Séu

**81** notaðir listar, skulu þeir krosslagðir á þann hátt, að loft geti leikið undir fiskinn  
13. marz á tvo vegu, eða eftir lengd og breidd geymslunnar. Grindur skulu einnig útbúnar og lagðar á sama hátt.

Við alla veggj í frystigeymslum, aðra en milliveggi milli frystiklefa, skal hafa minnst 40 cm rúm milli fiskstæðna og veggja. Sömu fjarlægð skal hafa frá fiskstæðum og kælipípum, hvort sem þær eru á vegg eða í lofti.

Hlaða skal í frystigeymslur samkvæmt þeim reglum, að ætíð megi ná til allra fisktegunda og allra umbúðategunda, sem í geymslu eru.

#### 58. gr.

Í frystigeymslum, þar sem hraðfrystur fiskur er geymdur, má hitastigið aldrei vera hærra en  $\div 18^{\circ}$  C. og ekki breytast meira en um  $2^{\circ}$  C. Hitastiginu má einnig halda lægra, sé því haldið innan þessara takmarka. T. d.  $\div 19-21^{\circ}$  C.,  $\div 20-22^{\circ}$  C.,  $\div 21-23^{\circ}$  C. o. s. frv., sé þess gætt, að mismunurinn sé aldrei meiri en  $2^{\circ}$  C. Þess skal vandlega gætt, að hraðfrystur fiskur má aldrei hafa hærra hitastig, þegar hann er látinn í frystigeyslu, heldur en það hitastig, sem haldið er í geymslunni. Samkvæmt þessu, svo og 52. gr. þessarar reglugerðar, má því hitastig í fullframleiddum hraðfrystum fiski aldrei vera hærra en  $\div 18^{\circ}$  C. þegar hann er látinn í geymsluna, og við ákvörðun á hitastigi í frystigeymslum er það að sjálfsögðu hitastig fisksins sjálfs sem gildir.

#### 59. gr.

Mismunur á hitastigi í loftrúmi frystigeyslunnar og í kælipípum hennar skal vera það minnsta sem auðið er. Sama gildir um loft það, sem blásið er inn í frystigeymslur, sem eru blásturskældar. Samkvæmt þessu, svo og ákvæðum 53. gr. þessarar reglugerðar, má aldrei láta sömu frystivél vinna samtímis á hraðfrystingu og geymslurúm.

Í öllum frystigeymslum skulu vera sjálfritandi hita- og rakamælur. Línurit mælanna skulu dagsett nákvæmlega og liggja innheft til sýnis fyrir yfirmatsmenn, er þeir koma til eftirlits í frystihúsin. Fiskmatsstjóri getur einnig krafizt, að honum séu send línurit, ef honum finnst ástæða til.

#### 60. gr.

Í frystigeymslum, þar sem hraðfrystur fiskur er geymdur, má ekki geyma neina aðra vöru, sem getur haft áhrif á lykt, bragð eða útlit fisksins. Þegar önnur vara en hraðfrystur fiskur er sett í sömu geymslu, skal sú vara ekki hafa hærra hitastig en er í geymslunni, þegar hún er sett þar inn.

#### 61. gr.

Við útskipun og annan flutning á frystum fiski verður að fara eins vel með kassana og auðið er. Má alls ekki ganga á þeim með óhreinum skóm eða taka á þeim með óhreinum vettlingum eða óhreinka þá á annan hátt. Ekki má heldur lyfta þeim með því að taka undir vír- eða stálbönd þau, sem þeir eru bundnir með. Þess verður vel að gæta, að þeir vökni alls ekki. Þegar um flutning með bilum eða bátum er að ræða, skal vernda þá gegn úrkomu og hita með ábreiðum eða öðru, sem til þarf. Um framkvæmdir í þessu efni skal fylgt yfirmælum, er fiskmatsstjóri gefur um verndun útlits og öryggi fisksins og kassanna.

#### 62. gr.

Vinnuhús og öll áhöld skulu þvegin daglega úr hreinu vatni. Vinnuborð, færibönd, hnifar, flökunarvélar, skurðarvélar, vogarbakkar og yfirleitt öll áhöld, sem kunna að snerta fiskinn, skulu þvegin daglega úr gerileyðandi efnum, sem eru viðurkennd af yfirmatsmönnum eða fiskmatsstjóra.

## 63. gr.

Verkafólk allt, er vinnur í hraðfrystihúsum, skal vera hreinlega klætt. Það fólk, sem vinnur við hreinsun, skurð, vigtun og pökkun, skal vera í hvítum sloppum eða með hvítar svuntur og með hvítar húfur eða kapp.

81

13. marz

## 64. gr.

Í hraðfrystihúsum skulu vera vatnssalerni og í hverju þeirra handlaug, rafmagnshandþurrka, sápa og sóttgreinsandi lyf. Konur hafi sérstakt salerni, og má ekki ætla fleiri en 20 sama salernið. Séu karlar fleiri en 10, skulu vera sérstakar þvagskálar.

Allur útbúnaður á salernunum verður að vera í fullkomnu lagi og góð loft-ræsting í þeim.

## 65. gr.

Starfsfólk hraðfrystihúsa skal hafa læknisvottorð um, að það gangi ekki með smitandi sjúkdóma, og skulu slík vottorð endurnýjuð tvisvar á ári. Ber yfirmatsmönnum að athuga, að vottorð þessi séu í lagi, og geta krafizt frekari rannsókna, ef þeim finnst ástæða til.

## 66. gr.

Við alla meðferð fisksins frá fyrsta til síðasta handtaks skal gætt fyllsta hreinlætis. Reykingar eru bannaðar, þar sem farið er með óvarinn, skorinn fisk.

## VI. KAFLI

## Um saltfiskmat.

## 67. gr.

Allar tegundir saltfisks, sem fluttar eru úr landi sem islenzkur saltfiskur, skal meta og flokka til útflutnings. Þó gildir þetta ekki um saltfisk, sem veiðiskipin sigla sjálf með á erlendan markað, enda hafi fiskurinn ekki verið lagður hér á land.

Íslenzkur saltfiskur er allur sá fiskur talinn, sem verkaður hefur verið hér á landi, þó að hann sé veiddur á útlendum skipum eða þótt eigandinn sé útlendur.

## 68. gr.

Forstöðumönnum fiskmatssins er skylt að láta meta fullsaltaðan fisk, á hvaða verkunarstigi sem hann er, ef eigandi fisksins óskar þess.

Fiskur, sem er ekki fullstaðinn, er ekki matshæfur. Þeir geta og neitað að meta þurrkaðan fisk, sem ekki hefur staðið nægilega lengi eftir verkun. Saltfiskur sé æfíð skoðaður og veginn í geymsluhúsum, sem eru nægilega björt.

Ef fleiri æskja mats samtímis en fiskmatismenn komast yfir, skal yfirfiskmatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst verði leystar þær þarfir við matið, sem að hans dómi eru brýnastar.

## 69. gr.

Skyt er yfirfiskmatsmanni að láta meta saltfisk á hverjum stað i umdæmi sínu, sem þess er óskað (sjá þó 68. og 85. gr.). Þetta lætur hann einhverja af hinum löggiltu fiskmatsmönnum í umdæmi sínu framkvæma, þá er honum sýnist.

Yfirfiskmatsmanni er heimilt að setja fiskmatismenn til starfa, hvar sem hann telur þörf á innan umdæmisins. Á þetta einkum við, þegar svo stendur á, að skortur er á matsmönnum á einhverju starfssvæði í umdæminu, og hægt er að senda tiltæka matsmenn frá öðru starfssvæði.

81

13. marz

70. gr.

Allar saltfiskstegundir, sem fara út frá landinu, eru aðgreindar í sex aðalflokka eftir:

1. Veiðiaðferðum.
2. Veiði- og verkunartíma.
3. Þurrkstigum.
4. Fisktegundum.
5. Stærð.
6. Gæðum.

En hver þessara aðalflokka skiptist í ýmsa undirflokka (sbr. 70.—76. gr.).

Skýlt er að halda framangreindri flokkun við aðgreiningu á hina viðkvæmari markaðsstaði, og ávallt skal taka fullt tillit til hennar við mat á fiskinum, en bæði er heimilt og rétt að vika frá flokkuninni í ýmsum tilfellum (sbr. 70.—74. gr.), enda séu slík flokkunarafbrigði tekin skýrt fram í fyrirmælum, er fiskmatsstjóri gefur út um mat á sérstökum tegundum fisks eða fyrir fisk, sem fara á til einstakra tilgreindra markaðsstaða.

71. gr.

Veiðiaðferðir eru aðgreindar í þrjá flokka og miðaðar við:

1. Fisk, veiddan á öngla (þ. e. handfæri eða línu).
2. Fisk, veiddan í botnvörpu eða dragnót.
3. Fisk, veiddan í lagnet.

Sameining tveggja flokka má þó eiga sér stað, ef miðað er við sérstaka markaði.

72. gr.

Með aðgreiningu á veiði- og verkunartíma er átt við það, að þess skal ávallt getið á matsvottorði um fiskinn, hvort hann er veiddur á sama almanaksári og vottorðið er gefið út eða á einhverju öðru ári og þá venjulega á árinu áður. Sé um verkadán saltfisk að ræða, skal þess einnig getið á vottorðinu, á hvaða ári verkun fisksins er lokið.

Frá þessum ákvæðum skal aldrei vikið, nema eingöngu sé um að ræða lélega 3. og 4. flokks vöru.

73. gr.

Þurrkstig á saltfiski eða ástand hans hvað rakainnihald snertir, eru þessi:

1. Óverkaður fiskur.
2. Þveginn og pressaður fiskur.
3. Hálfþurrkaður fiskur.
4.  $\frac{3}{4}$  þurrkaður fiskur.
5. Labrador-þurr fiskur (linur  $\frac{7}{8}$  þurr).
6.  $\frac{7}{8}$  þurr fiskur.
7. Fullþurr fiskur.
8. Harðþurr fiskur.
9. Grjótþurr fiskur.

Fiskmatsstjóri gefur út sérstaka lýsingu og leiðbeiningar um þessi þurrkstigsheiti, en auk þess verða fiskmatsmenn að kynna sér þau nákvæmlega með verklegum æfingum við matið.

Á matsvottorðum skulu þurrkstig tilgreind, svo að ekki geti verið vafi um, hvað við er átt, en ekki er alltaf nauðsynlegt að skilgreina þau á sama hátt og í upptalningu þurrkstiganna hér, heldur má einnig, sé fisksending send til staðar, sem aðeins tekur við fiski á einu og sama þurrkstigi, kenna þurrkstigið við sjálfan markaðsstaðinn, án annarrar tilgreiningar. En sé brugðið út af venjulegu þurrkstigi á viðkomandi stað, þá skal hins frábrugðna þurrkstigs getið.

Ekki er skylt að geta húspurrkunar á fiskmatsvottorðum, ef fiskurinn, að álitum 81 yfirfiskmatsmanns, lítur eins vel út og sólþurrkaður væri. En sé húspurrkunarblær- 13. marz inn talsvert áberandi, skal húspurrkunarinnar getið.

## 74. gr.

Samkvæmt því, sem tíðkæzt hefur við íslenskt fiskmat um marga áratugi, er fiskur aðgreindur eftir stærð á þessa leið:

Stórfiskur (þorskur), í sölu innanlands og til Spánar, fiskur yfir 20 þuml.

Stórfiskur til Portugal, yfir 18 þuml.

Millifiskur, 16—18 þuml. eða 16—20 þuml.

Smáfiskur, 12—16 þuml. eða 12—18 þuml. og 12—20 þuml.

Handfiskur, 9—12 þuml.

Stórýsa, yfir 20 þuml.

Smáýsa, 12—20 þuml.

Handýsa, 9—12 þuml.

Stórlanga, yfir 36 þuml.

Millilanga, 24—36 þuml.

Smálanga, undir 24 þuml.

Stórufsi, yfir 20 þuml.

Smáuufsi, 12—20 þuml.

Keila, stór, yfir 18 þuml.

Keila, smá 12—18 þuml.

Labradorfiskur, 16—20 þuml.

Labradorfiskur, 12—16 þuml.

Labradorýsa, 16—20 þuml.

Labradorýsa, 12—16 þuml.

Þetta er hin venjulega flokkun eftir stærð hinna ýmsu tegunda fisks, og skal kaup, sala og mat miðast við þessa aðgreiningu. Heimilt er þó að hafa stærðarskiptinguna aðra í einstökum tilfellum, ef hún er tekin upp eftir sérstakri ósk kaupanda eða samkvæmt samningi milli kaupanda og seljanda.

Mál á saltfiski er talið frá föstum hnakka að aftasta lið á sporði.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta fiskstærð í hverjum pakka, en ekki t. d. mjög stóran fisk með hinum smæstu í sama stærðarflokki.

Á matsvottorðum skal stærðar fisksins eftir máli jafnan getið eða tölu fiska í pakka.

## 75. gr.

Mat á gæðum saltfisks fer að nokkru eftir því, á hvaða markað fiskurinn á að fara, og er einnig háð þurrkstigi fisksins.

Gæðamat á þorski skiptist í fjögur stig, og er þorskmatið grundvöllur undir öllu gæðamati á saltfiski.

Þurrkaður fyrsta flokks fiskur á að vera gallalaus og óaðfinnanleg vara, laus við saltkorn á yfirborði, hvítur og blæfallegur. Í þennan flokk má því ekki láta fisk með ormum, ekki sprunginn eða rifinn fisk, ekki gulan eða litarljótan á annan hátt, ekki illa flattan eða illa saltaðan, ekki fisk með áberandi goggstungum, blóðblettum, blóðdálki, né gölluðum eða dökkum þunnildum, heldur ekki fisk, sem er óhrjálegur að útliti eða trosnaður í hnakki eða annars staðar.

Annars flokks fiskur á að vera jafngóð neyzluvara og fyrsta flokks fiskur. En hann má hafa ýmsa smærri galla, sem ekki hafa áhrif á neyzlugildi hans. Í annan flokk má því ekki láta mjög þunnan fisk (skinnfisk), ekki ormafisk, nema ormarnir hafi verið alveg hreinsaðir úr honum, ekki sólsoðinn fisk, ekki fisk, sem er mjög sprunginn eða rifinn, ekki fisk með blóðflekkjum eða illa saltaðan, yfir höfuð engan fisk, sem er svo gallaður, að ekki megi teljast góð neyzluvara.

81 Þriðja flokks fiskur er sá fiskur, sem er rýrari og með stærri göllum en hæft  
13. marz þykir að hafa í annan flokk, en þó ekki miklu rýrari að neytlugildi.

Í fjórða flokk fer sá fiskur, sem er stórgallaður, með áberandi ornum, stórum blóðfleckjum, rýr að neytlugildi, en þó ekki óhæfur til manneldis.

Frá þessu grundvallarmati má vika til sumra markaðsstaða, og gefur fiskmatsstjóri út sérstök fyrirmæli um, hvernig mati skuli hagað til hvers markaðsstaðar.

Sólsoðinn fisk má senda út, án þess hann sé flokkaður eftir gæðum, en sé þess óskað, þá má einnig flokka hann eftir hinum gildandi reglum um gæðamat að öðru leyti, en jafnan skal þess getið í matsvottorði, að fiskurinn sé sólsoðinn.

#### 76. gr.

Ýsa er í aðalatriðum aðgreind eftir gæðum á sama hátt og þorskur. Þar verður þó að taka nokkurt tillit til þess, að þunnildi ýsunnar eru að jafnaði dekkri og los á þunnildi frá hnakka tíðari en á þorski. Þarf því ekki að taka alveg eins strangt á þessum göllum og við þorskmát.

Löngu ber að meta á sama hátt og þorsk.

Ufsa skal einnig meta eins og þorsk í aðalatriðum. Þar má þó taka tillit til dekkri þunnilda á sama hátt og við ýsumat og einnig til dekkra yfirbragðs ufsans yfirleitt.

Í ufsa eru alloft fiturákir, og ber að aðgreina ufsann með sérstöku tilliti til þess, þannig að í annan flokk fer ufsi með finum fiturákum, í þriðja flokk ufsi með stærri fiturákum og blettum, en ef mikil brögð eru að fitunni alls staðar á yfirborðinu, fer ufsinn í fjórða flokk.

Keilu skal einnig flokka eftir sömu reglum og þorsk. Þessi fiskur er þó oft svo gallaður, að naumast er um fyrsta flokks vöru að ræða. Ormar eru mjög áberandi gallar á keilu, og fer allur slíkur fiskur í þriðja og fjórða flokk.

#### 77. gr.

Þegar beðið er um mat á fiski til útflutnings, eiga yfirfiskmatmenn heimtingu á að fá að vita um leið, til hvaða markaðsstaðar fiskurinn á að fara.

#### 78. gr.

Allur saltfiskur, sem sendur er á útlenda markaði, skal vera í hæfilegum umbúðum. Venjulega eru notaðar saumaðar strigaumbúðir, en auk þess séu bundin bönd, tvö eða fleiri, utan um hvern pakka. Annar umbúnaður um pakkana getur einnig verið nauðsynlegur, ef fiskurinn er sendur um langan veg og um svæði með breytilegu loftslagi. Um slíkar umbúðir eru ákvæði í matsfyrirmælum fyrir sérstaka markaðsstaði.

Strigi, sem notaður er til fiskumbúða, skal vera að styrkleika samkvæmt því, sem segir í reglugerð um fiskumbúðastriga, frá 23. júlí 1937. Þó getur fiskmatsstjóri leyft að flytja út óverkaðan fisk í lakari umbúðum og einnig annan fisk, ef sérstaklega stendur á.

#### 79. gr.

Við pökkun saltfisks skal nota pakkamót. Þau skulu, þangað til annað kann að verða ákveðið, vera af þessari stærð:

Um þurran fisk (innanmál):

60 kg stórfisk 48 × 92 cm

50 kg stórfisk 48 × 77 cm

50 kg smáfisk 48 × 72 cm

Um óverkaðan og pressufisk (innanmál):

60 kg stórfisk 43 × 85 cm

50 kg stórfisk 43 × 75 cm

50 kg smáfisk 43 × 72 cm



Sömu stærðir pakkamóta skulu notaðar alls staðar á landinu, svo hleðsla verði **81**  
 auðveldari og misjöfn pakkastærð rugli ekki eða spilli fiskstæðum í útflutnings- **13. marz**  
 skipum.

## 80. gr.

Umbúðir um fiskinn skulu jafnan merktar með stöfum, er tákna vörutegundina, sem er í umbúðunum, stærð fisksins, gæði og verkunarstig. Er þetta táknað með tölustöfum, sem útflytjandi og fiskmatsstjóri koma sér saman um. Enn fremur sé sett á umbúðirnar merki, sem er þannig fyrir komið, að hver verkunarstöð eða framleiðandi hafi eitt eða fleiri merki, sem eru samsett af þremur bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið umbúðanna í línu yfir tegundarmerkinu. Fyrsti stafur merkisins táknar yfirfiskmatsumdæmi, annar veiðistöð, en þriðji verkunarstöð eða framleiðanda:

Matsumdæmi	Reykjavíkur	hefur	bókstafinn	F.
—	Ísafjarðar	—	—	O.
—	Akureyrar	—	—	N.
—	Seyðisfjarðar	—	—	E.
—	Vestmannaeyja	—	—	V.

Yfirfiskmatsmaður ákveður bókstaf fyrir hverja veiðistöð eða kaupstað í umdæminu, og er sá bókstafur settur í merkið næst á eftir umdæmisbókstafnum. Þriðji stafurinn er merki verkunarstöðvar eða framleiðanda og er einnig ákveðinn af yfirfiskmatsmanninum. Skal hyllzt til að raða stöfunum svo, að hægt sé að kveða að merkinu, einkum hinna stærri framleiðenda.

Nú eru framleiðendur svo margir í einni veiðistöð, að nothæfir bókstafir stafrófsins eru allir komnir í notkun. Skal þá upp tekinn annar bókstafur til viðbótar fyrir veiðistöðina og stafrófið notað aftur fyrir framleiðendamerki með síðara merkisstaf veiðistöðvarinnar.

Ekki má nota stafina: Á, Í, Ó, Ö, Æ, Þ eða W, og X ekki nema til að tákna afbrigði, svo sem að fiskur sé veiddur í öðru umdæmi en hann er verkaður o. þ. h. Skal afbrigðisins getið í vottorðinu um matið. X-ið skal sett sem fjórði stafur.

Einstaklingar eða stofnanir, sem vilja taka upp sérstök vörumerki, geta fengið undanþágu frá hinni almennu merkingu, ef merkin eru greinileg og skrásett sem vörumerki. Slík merki mega ekki vera stærri en 30 cm á hvern veg.

## 81. gr.

Óverkaðan saltfisk skal í aðalatriðum flokka eins og verkaðan fisk, en vegna ástands þessa fisks verður mat á honum að nokkru leyti að byggjast á áetluðum gæðum, þar sem ýmsir smærri gallar, sem liggja í augum úppi á verkuðum fiski, eru síður eða ekki sýnilegir, meðan fiskurinn er óverkaður.

Um mat á óverkuðum fiski og pressufiski eru sérstök fyrirmæli sett af fiskmatsstjóra 15. febrúar 1947, og skulu þau vera í gildi framvegis.

Heimilt er fiskmatsstjóra að krefjast yfirvigtar á óverkuðum fiski og pressufiski samkvæmt nefndum fyrirmælum, og skylt er að taka 2% í yfirvigt á öllum óverkuðum fiski vegna salts þess, sem óhjákvæmilega verður eftir á fiskinum, þó að saltið sé slegið af honum, um leið og hann er pakkaður.

Eftir pökkun má ekki hlaða þessum fiski í hærri stæður en 8 pakka í hæð, meðan hann bíður útskipunar í geymsluhúsi. Forðast verður einnig, eins og unnt er, að fiskurinn lendi í hærri hlaða en 10 pakka hæð í útflutningsskipum.

## 82. gr.

Í 71. gr. er svo ákveðið, að allur saltfiskur skuli aðgreindur í þrjá flokka eftir veiðiaðferðum. En auk þessarar aðgreiningar í flokka skal óverkaður fiskur að-

81 greindur í fjórða flokkinn, þegar svo ber undir, og er þessi flokkur miðaður við 13. marz meðferð, er fiskurinn kann að hafa orðið fyrir. Hér er átt við „leginn fisk“ (shore split), þ. e. fisk, sem hefur legið í skipi eða á landi lengur en venjulega, áður en hann er fluttur eða saltaður. Á þetta einkum við um ísvarinn fisk úr togurum og annan fisk, sem orðinn er til á líkan hátt. Þessi fiskur skal ávallt aðgreindur út af fyrir sig á þann hátt, sem sagt er fyrir í fyrirmælum um óverkaðan fisk og pressufisk frá 15. febrúar 1947 og þess getið á matsvottorði, að fiskurinn sé „shore split“.

Ekki þykir ástæða til að láta þessi ákvæði um mat á legnum fiski gilda, ef fiskur þessi er þurrkaður og verkaður, með því að eftir verkun eru gallar fisksins sýnilegir, og er þá auðveldara að aðgreina hann í þá gæðaflokka, er honum hæfa.

## 83. gr.

Fiskmatsstjóra er heimilt að krefjast yfirvigtar, allt að 2% á fiski, sem er létt-verkaður, þ. e.  $\frac{3}{4}$  þurr eða minna.

## 84. gr.

Ef saltfiski er ekki skipað út jafnóðum og hann er metinn, skal yfirfiskmatsmaður hafa eða láta hafa eftirlit með því, að fiskurinn sé svo geymdur frá því að mat fór fram og þangað til honum er skipað út, að hann skemmist ekki.

Þyki yfirfiskmatsmanni eða fiskmatsstjóra ástæða til þess að ætla, að fiskurinn hafi breytt frá því að mat fór fram, skal hann skipa svo fyrir, að fiskurinn sé metinn og veginn á ný fyrir útskipun.

## 85. gr.

Fiskmatsstjóri getur neitað að láta meta fisk til útflutnings á stöðum, sem liggja opinir fyrir sjávargangi eða af öðrum ástæðum eru illa farnir til útflutnings.

Þegar fiskur er fluttur í skip, skal þess gætt, að hann skemmist ekki við útskipunina, og skal yfirfiskmatsmaður segja fyrir um, hvernig henni skuli hagað. Sker hann eða umboðsmaður hans úr um það, hvort veður eða sjólag sé svo gott, að fiski megi skipa út.

Yfirfiskmatsmaður eða fiskmatsmaður, er hann setur sem umboðsmann sinn, svo og hleðslustjóri, skulu hafa gætur á því, að fiskurinn skemmist ekki við flutning að skipi eða í útskipun, svo og að flutningstæki séu vel hrein og bátar, sem kynnu að vera notaðir, séu lekalausir. Þeir skulu og gæta þess, að nægilega margar heilar og hreinar ábreiður fylgi bátum og bílum til þess að breiða undir og yfir fiskinn, verði þess þörf. Þeir skulu og gæta þess, að fiskurinn skemmist ekki, þegar hann er tekinn upp og látinn niður í lestina á útflutningsskipinu. Skal að jafnaði nota net, segl eða kassa við útskipun, en ekki slá um pakkana með kaðli.

Yfirfiskmatsmaður og hleðslustjóri sjá um, að farmrúm skipsins, sem fiskinn flytur, sé nægilega þurrt og hreint og klætt hreinum borðum, mottum og striga eftir þörfum, svo og að nægilegt bil sé milli fisksins og vélarúmsins, svo hann skemmist ekki af hita frá því. Hleðslustjóri skal og lita eftir því, að fullnægjandi ábreiður séu notaðar yfir lestaropum fiskútflutningsskipa og að vel sé frá þeim gengið. Yfir lestaropum skal hafa 3 ábreiður og sé að minnsta kosti ein þeirra ný eða tvær nýlegar og heilar.

Allt eftirlit, sem hér er ofan greinir, skulu yfirfiskmatsmenn annast sjálfir, er þeir geta komið því við, en annars fiskmatsmenn eða hleðslustjórar fyrir þeirra hönd.

Ef skipunum yfirfiskmatsmanns eða nefndra starfsmanna matsins er ekki hlýtt, getur yfirfiskmatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

## 86. gr.

Auk þeirra aðaltegunda saltfisks, sem ákvæði hafa verið sett um í 67.—85. gr., eru aðrar tegundir af söltuðum fiski einnig matsskyldar, sbr. 1. gr. fiskmatslaganna

og 67. gr. þessarar reglugerðar. Sumar af þessum tegundum eru ekki fastur liður 81 í útflutningi sjávarafurða, enda stundum sendar í tilraunaskyni og oft breytt til um 13. marz verkunina. Þykir því ekki rétt að setja fastar reglur um verkun þeirra og mat í þessa reglugerð, heldur skal fiskmatsstjóri gefa fyrirmæli um þetta hvort tveggja, ásamt nauðsynlegum leiðbeiningum um framkvæmdina.

#### 87. gr.

Þækilsaltaður fiskur, sem er sendur út í tunnum, á eingöngu að vera fyrsta flokks vara, hvort sem um er að ræða flök eða flattan fisk. Um þessa vörutegund hefur fiskmatsstjóri gefið út sérstök fyrirmæli dags. 23. janúar 1949.

#### 88. gr.

Mat á ufsaflökum er tekið upp í 6. gr. fyrirmæla um mat á óverkuðum fiski og pressufiski, er fiskmatsstjóri gaf út 15. febrúar 1947, og skal matinu hagað eins og þar segir.

#### 89. gr.

Um söltuð þunnildi hefur fiskmatsstjóri gefið út sérstök fyrirmæli dags. 23. janúar 1949, og gilda þau um mat á þeirri vöru.

### VII. KAFLI

#### Um skreið og skreiðarmat.

#### 90. gr.

Skreið eða hertur fiskur, sem fluttur er héðan til útlanda, skal metinn og flokkaður eftir tegundum, stærð og gæðum. Í 94.—102. gr. eru sett ákvæði um aðalatriði við verkun og mat skreiðar. Í 96.—97. gr. er sagt fyrir um flokkun skreiðarinnar í fyrsta, annan og þriðja flokk eftir gæðum. Það er þó venjulega ekki svo í framkvæmd, að sami markaður taki við fleiri en einum flokki eftir gæðum, heldur er fyrsta flokks fiskur hentugur fyrir einn markað, annars flokks fyrir annan o. s. frv. Gæðaflokkar skiptast svo aftur milli markaða eftir stærð og ásigkomulagi, og eru þessir flokkar nefndir ýmsum nöfnum, samkvæmt útlendri venju og óskum kaupenda.

Fiskmatsstjóri gefur út sérstök fyrirmæli og leiðbeiningar til matsmanna um flokkun til hinna ýmsu markaðsstaða.

#### 91. gr.

Skreiðarmatið er framkvæmt undir umsjón yfirliskmatsmanna af fiskmatsmönnum.

Þeir skulu kynna sér rækilega, hvernig skreið eigi að vera verkuð og hvað bezt henti fyrir hvern markaðsstað, enda fari þeir í starfi sínu eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirliskmatsmanna og leiðbeiningum þeirra.

#### 92. gr.

Herða má í skreið til útflutnings flestar venjulegar tegundir af holfiski, svo sem þorsk, ýsu, löngu, ufsa og keilu.

#### 93. gr.

Fiskur, sem á að herða í skreið, á að vera nýr og óskemmdur, ef úr honum á að fást fyrsta flokks vara fyrir hina vandlátari markaði. Slík vara fæst aðeins úr fiski, sem búið er að hengja upp 24 klst. eftir að fiskurinn var veiddur og hafi hann að öðru leyti verið gallalaus.

81 Lakari fiskur en þetta er hæfur í skreið handa þeim kaupendum, sem leggja 13. marz meiri áherzlu á lágt verð en vörugæði.

94. gr.

Fiskur, sem ákveðið er að verka í skreið, þarf að vera blóðgaður, eins og til annarrar verkunar. Hann á helzt að vera afhentur óhausaður á verkunarstað. Þegar fiskurinn er slægður, má ekki rista kviðinn fram úr, heldur eiga oddar þunnildanna að vera óristir og haldast saman.

95. gr.

Fiskinn skal þvo vandlega, áður en hann er hengdur upp til herzlu, og það er áriðandi, að uppþvottavatnið sé vel hreint, einkum við ráskorinn fisk.

96. gr.

Fyrsta flokks heilþurrkuð skreið á að vera falleg, þ. e. fiskurinn á að vera vel hreinn, liturinn á roðinu að vera brúnleitur og dálítið gljáandi, lögum fisksins bein og regluleg, hnakkinn laus við blóð og slepju, sundmaginn heill og ljós á lit, en ekki súr eða slepjaður, en ef svo er, þá er hann skorpinn og eyddur við gottraufina og dökkbrúnn og jafnvel svartur að lit.

Annars flokks er sá fiskur, sem er gljáalaus með upplitað ljósleitt roð, fiskur, sem hefur aflagast í herzlu, fiskur, sem er aðeins byrjaður að slepja í hnakka eða annars staðar, og yfirleitt fiskur með minni háttar göllum.

Þriðja flokks fiskur má hafa stærri galla, svo sem talsverða slepju, jarðslaga, flekki, af því að fiskar hafa legið saman í herzlu, nokkuð frosinn fiskur, fiskur með óverulegum gall- eða fitublettum, nokkrum blóðfleckjum og minni háttar óhreindum.

Lakari fiskur en þetta, svo sem rotnaður og með sterkri ýldulykt, mikið mygl- aður fiskur og mjög óhreinn, rottuétinn fiskur eða stórskemmdur af öðrum ástæðum, er ekki útflutningshæfur sem neyzluvara.

97. gr.

Ráskorinn fisk skal í aðalatriðum flokka eftir sömu reglum og heilþurrkaðan fisk.

Fyrsta flokks ráskorinn fiskur verður að vera sæmilega þykkur og laus við alla þá galla, sem fyrsta flokks heilþurrkaður fiskur á að vera laus við, sbr. 96. gr.

Annars flokks fiskur má hafa ýmsa smærri galla, svo sem aflögun, vott af slepju í holdi eða jarðslaga á roði, vott af salthneitu, lítið eitt gulleitur eða bliknaður fiskur, sem verður þó að vera sæmilega ferskur útlits, og má ekki vera af honum ýlduþefur, þegar hann er prófaður með því að brjóta fisk í sundur og þefa af sárinu.

Þriðja flokks fiskur má vera með sömu göllum og segir um þann flokk í 96. gr., en auk þess fer allur magur og mjög þunnur ráskorinn fiskur í þann flokk.

98. gr.

Þorsk skal ýmist herða heilan eða ráskorinn. Stóran þorsk skal að jafnaði ráskera. Annars er hætt við og jafnvel víst, að hann slepjar inni við hrygginn.

99. gr.

Ýsu skal að jafnaði heilherða. Nauðsynlegt er að hreistra hana, áður en hún er þvegin og hengd upp til herzlu.

100. gr.

Langa á alltaf að vera ráskorin. Blálöngu má ekki blanda saman við venjulega löngu, heldur verður að flokka hana sérstaklega.

## 101. gr.

Heilþurrkaður ufsi er ekki verzlunarvara til neyzlu, og því verður að ráskera hann allan. Auk þeirra galla, sem taldir hafa verið upp á fiski í 96. og 97. gr., er hætt við einum sérstökum galla á ufsa, þ. e. fiturákum. Ufsi með vott af fiturákum fer í annan flokk, stærri rákum eða blettum í þriðja flokk, en eitthvað kann að verða óhæft sem útflutningsvara, ef mikið kveður að fitunni.

Ufsa verður alltaf að hreistra vandlega, áður en hann er þveginn og ráskorinn.

## 102. gr.

Keila er ýmist heilþurrkuð eða ráskorin. Hún má ekki vera styttri en 20 cm og ekki lengri en 50 cm.

## 103. gr.

Ekki má flytja út skreið, nema hún sé fullþurr að dómi matsmanna.

Ekki má geyma hana þar, sem nein væta eða raki kemst að henni.

Ekki má heldur skipa henni út í rigningu eða röku veðri.

## 104. gr.

Enga skreið má senda til útlanda í lausum hlöðum eða lauslega bundna.

Við þökkunina skal nota þar til gerðar hand- eða vélarpressur til þess að þjappa fiskinum saman. Um pakkana skulu strengdir 3 vírstrengir, en þó má nota 2 strengi á pakka, sem ekki eru yfir 25 kg.

Skreið, sem á að fara til Afríku og Ameríku, verður að vera sérstaklega fast þjappað saman.

## 105. gr.

Utan um pakka, sem eiga að fara til Ítalíu, Afríku eða Ameríku, skal sauma umbúðastriga af sama styrkleika og hafður er um saltfisk, sbr. 78. gr. Striginn, sem notaður er utan um pakkana, þarf að vera 76 cm breiður, nema utan um löngu og stórufsa 85 cm breiður, en fyrir endana skal sauma sérstök strigastykki. Strigann á að sauma þétt og laglega utan um pakkana.

## 106. gr.

Merkja skal pakkana með gúmmístimplum, en séu þeir ekki til, má merkja gegnum málmplötur, og eiga stafirnir að vera 3 cm á hæð. Merkin verður að setja á umbúðirnar áður en þær eru látnar utan um pakkana.

Allir pakkar eiga að vera greinilega merktir. Ef út af þessu ber, getur matsmaður stöðvað sendinguna, þangað til skipt hefur verið um umbúðir og merkingin bætt.

## 107. gr.

Á annan enda pakkans skal setja merki móttakandans, ákvörðunarstað og tegundarmerki. Á hinum endanum skal standa: "Produce of Iceland" og einkennisstafir framleiðandans, sbr. 80. gr. Þessi merki eiga að vera á öllum þökkum, sem strigi er saumaður um.

## 108. gr.

Hafi matsmaður eða hleðslustjóri grun um, að vörur, sem valdið geta skemmd á skreið, séu fluttar út með sama skipi, skal hann sjá um, að fiskinum verði komið þannig fyrir í farmrúnum skipsins, að honum stafi ekki hætt af slíkum vörum, enda skal hann stöðva útflutning til bráðabirgða, ef ekki fæst úr þessu bætt, og leggja það undir úrskurð yfirfiskmatsmanns eða fiskmatsstjóra.

## 109. gr.

Matsvottorð um skreið skulu gefin út bæði á íslenzku og ensku.

81

13. marz

110. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi:

Reglugerð nr. 5 17. febrúar 1932, um fiskmat.

Reglugerð nr. 131 4. desember 1936, um verkun og útflutning á skreið.

Reglugerð nr. 66 26. júní 1944, um mat og eftirlit með útflutningi á ísvörðum fiski.

Reglugerð nr. 64 7. júní 1944, um mat á freðfiski, ásamt breyting á þeirri reglugerð, nr. 103 10. júlí 1944.

Reglugerð nr. 5 10. janúar 1947, um meðferð á fiski, sem frystur er til útflutnings.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. marz 1950.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

82

30. apríl

## AUGLÝSING

### um nýja lyfsöluskrá I og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. maí þ. á. gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 25. f. m., og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 28. maí 1948.

Frá sama tíma ganga í gildi breytingar, útgefnar sama dag, á lyfsöluskrá II, útgefinni 18. nóvember 1949.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. apríl 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

83

## REIKNINGUR

### fyrir Minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein 1949.

#### Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi .....	kr. 539.61
2. Aukning árið 1949, samkv. eftirfarandi reikningi .....	— 18.86
	<u>Kr. 558.47</u>

#### Tekjur:

Vextir af bankainnstæðu .....	kr. 18.86
	<u>Kr. 18.86</u>

#### Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 18.86
	<u>Kr. 18.86</u>

*Forsætisráðuneytið, 4. janúar 1950.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

## SNORRASJÓÐUR 1930

84

## Ársreikningur 1949.

## Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi .....	kr. 158872.14
Aukning á árinu samkv. neðangreindu .....	— 1624.58
	<hr/>
	Kr. 160496.72

## Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar .....	kr. 155500.00
Innstæða í Búnaðarbanka .....	— 4996.72
	<hr/>
	Kr. 160496.72

## Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar .....	kr. 6140.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	— 84.58
	<hr/>
	Kr. 6224.58

## Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:	
Kristinn Björnsson, til náms í sálarfræði við Oslóarháskóla ....	kr. 1800.00
Skúli Norðdahl, til náms í byggingarlist við verkfræðiháskólann í Niðarósi .....	— 700.00
Ingvar Emilsson, til náms í haffræði við Oslóarháskóla .....	— 700.00
Ingvar Hallgrímsson, til náms í fiskiðnfræði við Oslóarháskóla ..	— 700.00
Magnús Bergþórsson, til náms í rafmagnsverkfræði við verkfræði- háskólann í Niðarósi .....	— 700.00
	<hr/>
	Kr. 4600.00
Lagt við höfuðstól .....	— 1624.58
	<hr/>
	Kr. 6224.58

Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík, 9. marz 1950.

Hilmar Stefánsson.

Haukur Þorleifsson.

## REIKNINGUR

## Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1949.

## T e k j u r :

1. Eign sjóðsins 31. des. 1948 .....		kr. 461492.23
2. Minningargjafir úr Reykjavík:		
a. Afh. Bókabúð Austurbæjar .....	kr. 557.00	
b. — Hjóðfæraverzl. Sigríðar Helgadóttur ....	— 60.00	
		— 617.00
3. Minningargjafir utan af landi .....		— 291.00
4. Samúðarskeyti landssímans .....		— 68740.59
5. Vextir greiddir 1949 .....		— 20066.47
6. a. Dregin út tvö 100 kr. veðdeildarbréf, 11 fl. ....	kr. 2000.00	
b. Dregið út eitt 5000 kr. veðdeildarbréf, 12. fl. ....	— 5000.00	
		— 7000.00

Kr. 558207.29

## G j ö l d :

1. 31 styrkveiting til sjúklinga í Landsspítalanum 1949, nr. 869—899	kr. 34994.00
2. Önnur útgjöld á árinu, fskj. 1—16 .....	— 3759.05
3. Til jafnaðar tekjulið 6 .....	— 7000.00
4. Eign sjóðsins 31. des. 1949:	
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands .....	kr. 950.00
b. Innanríkislán 1941 .....	— 40000.00
c. Rafveitulán Siglufjarðarkaupstaðar .....	— 25000.00
d. Stofnlánadeild sjávarútvegsins .....	— 30000.00
e. Veðdeildarbréf Landsbankans, 11. fl. ....	— 48000.00
f. Veðdeildarbréf Landsbankans, 12. fl. ....	— 28000.00
g. Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl. ....	— 40000.00
h. Í Landsbankanum, ársinnstæðufé, nr. 545 ....	— 653.11
i. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 5578 ....	— 501.81
j. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 35284 ...	— 3787.26
k. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 1436 ....	— 6361.08
l. Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 17329	— 57664.97
m. Í Útvegsbankanum, sparisjóðsbók nr. 6314 ..	— 30230.77
n. Í Söfnunarsjóði, útborgunardeild nr. 430 ....	— 188630.24
o. Hjá gjaldkera sjóðsins .....	— 12675.00

— 512454.24

Kr. 558207.29

## Steinunnar-arfur.

## T e k j u r :

1. Eign 31. des. 1948 .....	kr. 6039.39
2. Afgjald eftir ½ jörðina Haga í Skorradal .....	— 417.10
3. Vextir:	
a. Söfnunarsjóður 1948 .....	kr. 185.46
b. Landsbankinn 1949 .....	— 29.38
	— 214.84

Samtals kr. 6671.33



Eign 31. des. 1949:		<b>Gjöld:</b>	<b>85</b>
a.	½ jörðin Hagi í Skorradal .....	kr. 1050.00	
b.	Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460 .....	kr. 4726.91	
c.	Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 31353 .....	— 894.42	
		— 5621.33	
		Samtals	kr. 6671.33

**Minningargjölf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.**

**Tekjur:**

1.	Eign 31. des. 1948 .....	kr. 4711.54	
2.	Vextir og vaxtabætur 1948 .....	— 232.58	
		— 4944.12	
		Samtals	kr. 4944.12

**Gjöld:**

Eign 31. des. 1949:			
	Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456 .....	kr. 4944.12	
		— 4944.12	
		Samtals	kr. 4944.12

**Minningargjölf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.**

**Tekjur:**

1.	Eign 31. des. 1948 .....	kr. 5121.66	
2.	Vextir 1948 .....	— 245.80	
		— 5367.46	
		Samtals	kr. 5367.46

**Gjöld:**

Eign 31. des. 1949:			
	Í Söfnunarsjóði Íslands, útborgunardeild nr. 411 .....	kr. 5367.46	
		— 5367.46	
		Samtals	kr. 5367.46

**Minningargjölf um Hans Wíum sýslumann.**

**Tekjur:**

1.	Eign 31. des. 1948 .....	kr. 2697.40	
2.	Vextir:		
	a. Af ársinnstæðu .....	kr. 108.29	
	b. — sparisjóðsbók .....	— 5.18	
		— 113.47	
		Samtals	kr. 2810.87

**Gjöld:**

Eign 31. des. 1949:			
a.	Landsbankinn, ársinnstæðufé nr. 556 .....	kr. 2657.03	
b.	Landsbankinn, sparisjóðsbók nr. 9009 .....	— 153.84	
		— 2810.87	
		Samtals	kr. 2810.87

85

## Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

## Tekjur:

1. Eign 31. des. 1948 .....	kr. 5532.99
2. Vextir:	
a. Af ársinnstæðufé .....	kr. 220.36
b. — sparisjóðsbók í Landsbankanum .....	— 7.91
c. — sparisjóðsbók í Útvegsbankanum .....	— 4.26
	<hr/>
	— 232.53
	<hr/>
	Samtals kr. 5765.52

## Gjöld:

Eign 31. des. 1949:	
a. Í Landsbankanum, ársinnstæðufé nr. 557 .....	kr. 5405.45
b. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9011 .....	— 234.78
c. Í Útvegsbankanum, sparisjóðsbók nr. 14350 .....	— 125.29
	<hr/>
	kr. 5765.52
	<hr/>
	Samtals kr. 5765.52

## Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

## Tekjur:

1. Eignir 31. des. 1948 .....	kr. 3555.51
2. Vextir af ársinnstæðufé .....	— 151.08
	<hr/>
	Samtals kr. 3706.59

## Gjöld:

Eign 31. des. 1949:	
Í Landsbankanum, ársinnstæðufé nr. 56 .....	kr. 3706.59
	<hr/>
	Samtals kr. 3706.59

## Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

## Tekjur:

1. Eign 31. des. 1948 .....	kr. 11832.26
2. Vextir:	
a. Af ársinnstæðufé .....	kr. 483.61
b. — sparisjóðsbók .....	— 15.82
	<hr/>
	— 499.43
	<hr/>
	Samtals kr. 12331.69

## Gjöld:

Eign 31. des. 1949:	
a. Í Landsbankanum, ársinnstæðufé nr. 555 .....	kr. 11863.37
b. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9012 .....	— 468.32
	<hr/>
	kr. 12331.69
	<hr/>
	Samtals kr. 12331.69

## Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

85

## T e k j u r :

1. Eign 31. des. 1948 .....	kr. 9862.24
2. Vextir:	
a. Af ársinnstæðufé .....	kr. 410.08
b. — sparisjóðsbók .....	— 7.45
	<hr/>
	417.53
	<hr/>
	Samtals kr. 10279.77

## G j ö l d :

Eign 31. des. 1949:

a. Í Landsbankanum, ársinnstæðufé nr. 554 .....	kr. 10059.20
b. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9010 .....	— 220.57
	<hr/>
	kr. 10279.77
	<hr/>
	Samtals kr. 10279.77

Reykjavík, 4. janúar 1950.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan, og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl, og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 7. febrúar 1950.

Ásta Magnúsdóttir. Sigríður Brynjólfsdóttir.

## R E I K N I N G U R

86

## félagshemilásjóðs árið 1948.

## T e k j u r :

Hluti félagshemilásjóðs af skemmtanaskatti ársins 1948, sbr. lög nr. 85/1947 .....	kr. 1 239 020.70
	<hr/>
	Kr. 1 239 020.70

## G j ö l d :

## Styrkveitingar:

1. Félagshemili Fljótshlíðar, Rangárvallasýslu .....	kr. 29 500.00
2. — Gaulverjabæjar, Árnessýslu .....	— 100 000.00
3. — Hólmavíkur, Strandasýslu .....	— 36 650.00
4. — Ásahrepps, Rangárvallasýslu .....	— 27 600.00
5. — Breiðavíkur, Snæfellsnessýslu .....	— 46 200.00
6. — Lundarreykjadal, Borgarfjarðarsýslu .....	— 36 200.00
7. — Flateyjar á Skjálfanda, S.-Þingeyjarsýslu .....	— 17 200.00
8. — Haganeshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	— 14 500.00
9. — Ólafsvíkur, Snæfellsnessýslu .....	— 74 500.00
10. — Kjósarhrepps, Kjósarsýslu .....	— 49 300.00
11. — Bildudals, Barðastrandarsýslu .....	— 30 000.00
	<hr/>
	Flyt kr. 461 650.00

86		Flutt	kr.	461 650.00
12.	Félagsheimili Miklaholtshrepps, Hnappadalssýslu .....	—	69 600.00	
13.	— „Brún“, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu .....	—	39 400.00	
14.	— Árneshrepps, Strandasýslu .....	—	47 000.00	
15.	— Gerðahrepps, Gullbringusýslu .....	—	77 700.00	
16.	— Reykholtisdalshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	—	46 600.00	
17.	— Knattspyrnufélagsins „Fram“, Reykjavík .....	—	19 000.00	
18.	— Skarðshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	—	14 300.00	
19.	— Holtahrepps og U. M. F. Ingólfs, Rangárvallasýslu .....	—	53 800.00	
20.	— Knattspyrnufélagsins „Vals“, Reykjavík .....	—	39 200.00	
21.	— skátafélagsins „Heiðarbúa“, Keflavík .....	—	24 000.00	
22.	— Hjaltastaðaþinghár, N.-Múlasýslu .....	—	33 500.00	
23.	— góðtemplara og sjómannastofunnar í Vestmannaeyjum ....	—	30 000.00	
24.	— U. M. F. „Hofsóss“, Skagafjarðarsýslu .....	—	2 700.00	
25.	— Knattspyrnufélagsins „Víkings“, Reykjavík .....	—	9 000.00	
26.	— U. M. F. „Vorblær“, Vindhælishreppi, A.-Húnavatnssýslu ..	—	4 500.00	
27.	— U. M. F. „Hróar“, N.-Múlasýslu .....	—	9 000.00	
28.	— U. M. F. „Herðubreið“, Seyðisfirði .....	—	57 150.00	
29.	— Sandgerðis, Gullbringusýslu .....	—	81 300.00	
30.	— Bolungavíkur, N.-Ísafjarðarsýslu .....	—	37 600.00	
31.	— Golfklúbbs Reykjavíkur, Reykjavík .....	—	9 000.00	
	Greitt fyrir teikningar o. m. fl. ....	—	22 726.45	
	Tekjur umfram gjöld .....	—	50 294.25	

---

 Kr. 1 239 020.70
 

---

*Menntamálaráðuneytið, 11. maí 1950.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

87

## REIKNINGUR

Nemendasjóðs Samvinnuskólans 31. des. 1949.

### Eignir:

1. Veðdeild Landsbanka Íslands .....	kr. 1000.00
2. Óinnheimtir vaxtamiðar .....	— 60.00
3. Tekjur af árhátið 1949 .....	— 100.00

---

 Kr. 1160.00

### Skuldir:

1. Höfuðstóll .....	kr. 1000.00
2. Tekjur .....	— 160.00

---

 Kr. 1160.00

Reykjavík, 28. apríl 1950.

Jónas Jónsson.

Hjálmar Styrkársson.

Skúli Alexandersson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1950.

*Auglýsing um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. apríl 1950, nr. 38.

*Auglýsing um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. apríl 1950, nr. 39.

*Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. maí 1950, nr. 40

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýzkalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. maí 1950, nr. 41.

*Lög um dánarvottorð og dánarskýrslur*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 8. maí 1950, nr. 42.

*Fjárlög fyrir árið 1950*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 16. maí 1950, nr. 43.

*Fjárukalög fyrir árið 1946*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 8. maí 1950, nr. 44.

*Jarðræktarlög*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 17. maí 1950, nr. 45.

*Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 22. maí, nr. 46.

*Lög um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1950, nr. 47.

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 48.

*Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 49.

*Lög um togarakaup ríkisins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 50.

*Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutabreytingasjóð bátavæðingarsins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 51.

*Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarþætur*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 52.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 53.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 54.

*Lög um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 55.

*Lög um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 56.

*Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 57.

*Lög um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 58.

*Lög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingu, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 59.

*Lög um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtækjum*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 60.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 61.*

*Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 62.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 63.*

*Lög um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 64.*

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 65.*

*Bráðabirgðalög um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 31. maí 1950, nr. 66.*

88

26. apríl

## REGLUGERÐ

fyrir sundlaugina að Laugalandi í Hörgárdal.

### 1. gr.

Eigendur sundlaugarinnar eru Glæsibæjar-, Arnarness-, Skriðu- og Öxnadalshreppar í Eyjafjarðarsýslu.

### 2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu „Sundlaugin að Laugalandi í Hörgárdal“.

### 3. gr.

Reksturinn er í höndum fimm manna sundlaugarstjórnar.

### 4. gr.

Sundlaugarstjórn er þannig skipuð: Hlutaðeigandi hreppsnefndir tilnefna sinn manninn hver, alls fjóra, en ungmennafélögin, sem starfa á svæðinu, hinn fimmta. Stjórnin kýs sér formann. Starfstími hennar er 4 ár og miðast við kjör hreppsnefnda hverju sinni.

Varamenn skulu eins kjörnir og jafnmargir.

### 5. gr.

Sundlaugarstjórnin ber ábyrgð á rekstri sundlaugarinnar. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.

### 6. gr.

Stjórnin skal árlega gera áætlun um rekstur sundlaugarinnar og leita ávallt samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefnda til meiri háttar framkvæmda. Sömu aðilum sendist árlega endurskoðaður reikningur laugarinnar.

Tveir endurskoðendur skulu tilnefndir af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Hlutverk sundlaugarstjórnar er m. a.:

- a. Að ráða niður námskeiðum vegna sundskyldu skólabarna og sjá um tilhögun þeirra.
- b. Að ráða starfsmenn við daglegan rekstur og ákveða afnotagjald.
- c. Að lána sundlaugina til sýninga og kappmóta.

- d. Að ákveða um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- e. Að gera tillögur um endurbætur.

88

26. apríl

## 7. gr.

Ungmennafélögin á svæðinu sitja fyrir um notkun sundlaugarinnar, að barna-skólanum undanskildum.

## 8. gr.

Ræsting og viðhald skal vera samkvæmt fyrirætlunum um rekstur og notkun sundstaða.

## 9. gr.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

## 10. gr.

Verði halli á rekstrinum, greiðist hann úr hreppssjóðum hlutaðeigandi hreppa, eftir hlutfalli, er miðast við íbúatölu hvers hrepps, eða eftir nánara samkomulagi.

Verði hins vegar ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa og endurbóta á eigninni.

## 11. gr.

Sundlaugarstjórn annast kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af oddvitum Glæsibæjar-, Arnarness-, Skriðu- og Öxnadalshreppa í Eyjafjarðarsýslu, svo og byggingarnefnd sundlaugarinnar að Laugalandi í Hörgárdal, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga nr. 25/1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

*Menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

fyrir Sundhöll Ísafjarðar.

89

26. apríl

## 1. gr.

Eignin er rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Sundhöll Ísafjarðar.

## 2. gr.

Eigandi Sundhallar Ísafjarðar er bæjarsjóður Ísafjarðar.

## 3. gr.

Rekstur stofnunarinnar er í höndum bæjarstjórnar Ísafjarðar.

## 4. gr.

Halda skal sérstaka gerðabók um málefni stofnunarinnar.

## 5. gr.

Bæjarráð sér um rekstur stofnunarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar Ísafjarðar og skulu tillögur þess leggjast fyrir bæjarstjórn. Árlega skal gerð áætlun um rekstur

89 stofnunarinnar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist til íþróttanefndar 26. apríl ríkisins.

- Enn fremur er hlutverk bæjarráðs:
- a. Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og að gera tillögur um afnotagjöld.
  - b. Útlán sundhallarinnar til sýninga og kappmóta.
  - c. Tillögur um ráðningu starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og að setja fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
  - d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
  - e. Tillögur um endurbætur.

6. gr.

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna skulu skólastjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmast stundaskráum þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

7. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélög á Ísafirði fá eina klukkustund á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félagi sína, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum, sem þátt taka í sundnámskeiðum má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri.

8. gr.

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrirætlum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundhallarinnar annist daglegt eftirlit og annað það, er erindisbréf tilgreinir eða bæjarstjórn felur honum.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga nr. 25/1940, til þess að öðlast gildi nú þegar. Samtímis fellur úr gildi reglugerð fyrir Sundhöll Ísafjarðar, nr. 4/1947.

*Menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

90

27. maí

## AUGLÝSING

um 10% álag á skemmtanaskatt.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild 2. gr. laga nr. 65 frá 25. maí 1950, til að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi frá og með 1. júní 1950.

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 27. maí 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*



## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar,  
nr. 46 29. marz 1938.

91  
5. maí

### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:  
Verð á sjó til fiskþvotta skal vera 2 krónur fyrir hverja smálest af ísvörðum, hraðfrystum, sóltuðum og þurrkuðum fiski.

### 2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. sept. 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 28 16. marz 1940.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. maí 1950.*

**Ólafur Thors.**

Gunnl. E. Briem.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 161 frá 7. des. 1944, um breyting á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 48 frá 29. maí 1934.

92  
9. maí

### 1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr., 1. mgr., „Markaskrá skal samin 5. hvert ár, þegar ártalið stendur á heilum tug eða hálfum“, komi: Markaskrá skal samin 10. hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum tug.

Í stað orðanna „5. hvert“ í 2. mgr. komi: 10. hvert.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af sýslunefnd Norður-Múlasýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. maí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.

93  
10. maí

## AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkv. 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1950.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. maí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Torfi Þórðarson.*

94  
16. maí

## REGLUGERÐ

um bann við eldi refa og minka í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Bannað er að ala refi og minka í Skagafjarðarsýslu. Séu loðdýrabú rekin í sýslunni, er reglugerð þessi tekur gildi, skal dýrunum lógað tafarlaust, enda greiði sýslusjóður skaðabætur til eiganda, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Þegar er reglugerð þessi hefur tekið gildi, felur oddviti sýslunefndar hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi, að rannsaka, hvort og hversu mörg loðdýrabú séu rekin í hreppnum. Geri hann síðan ráðstafanir til, að farið sé með þau bú, er til kunna að vera, svo sem fyrir er mælt í fyrstu grein.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 krónum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. maí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjóð Egils Hallgrímssonar“, útgefin á 95  
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1950. 24. maí  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sjóð Egils Hallgrímssonar.

#### 1. gr.

Sjóður Egils Hallgrímssonar er stofnaður 6. maí 1950, sama mánaðardag og reglugerð fyrir unglingskólann í Stykkishólmi var útgefin af Stjórnarráði Íslands árið 1911. Stofnandi hans er Egill Hallgrímsson, fyrsti skólastjóri unglingskólans í Stykkishólmi. Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur. Er hann eign gagnfræðaskólans í Stykkishólmi.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að næstu fimmtíu árin greiðist árlega til stjórnar sjóðsins  $\frac{1}{3}$  árlegra vaxta, en  $\frac{2}{3}$  vaxtanna leggist við höfuðstól. Síðan greiðist árlega til stjórnar sjóðsins helmingur árlegra vaxta, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstól.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri gagnfræðaskólans í Stykkishólmi, formaður skólanefndar gagnfræðaskólans og sóknarpresturinn í Stykkishólmi. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins ráðstafar handbæru fé sjóðsins á þessa leið: Í næstu 25 ár skal veita verðlaun þeim nemanda, er hæsta einkunn hlýtur í stærðfræði á landsprófi í bóknámsdeild miðskóla.

Að þessum 25 árum liðnum skal veita tvönn verðlaun, önnur fyrir hæstu einkunn í stærðfræði, hin fyrir hæstu einkunn í eðlisfræði. Verðlaunin skulu vera bók.

Þá er hálf öld er liðin frá stofnun sjóðsins, skal verja handbæru fé, umfram bókaverðlaun, til styrktar einum efnilegum fátækum nemanda til framhaldsnáms að loknu landsprófi.

Að liðinni öld frá stofnun sjóðsins, skal það handbært fé, sem umfram verður því, er gengur til verðlauna, deilast sem styrkur handa tveim eða fleiri efnilegum fátækum nemendum, er stunda framhaldsnám að loknu landsprófi. Er stjórn sjóðsins falið að haga styrkveitunni milli svo margra nemenda, er hún telur best á fara. Sami nemandi skal ekki hljóta styrk nema í eitt sinn.

Skólastjóri ritar í verðlaunabók nafn nemandans, sem verðlaunin hlýtur, og getur um, fyrir hvað verðlaunin eru veitt.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins semur árlega reikning sjóðsins og skal hann birtur í skýrslu skólans.

#### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 6. maí 1950.

Egill Hallgrímsson.

96

30. maí

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 136 1945, um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

## 1. gr.

a-liður 2. gr. orðist svo:

- a. 48 klst. við útivinnu og 45 klst. við innistörf þegar unnið er á sama tíma daglega og aðeins á virkum dögum og hinn reglulegi vinnutími fellur innan tímabilsins kl. 7—18 alla virka daga nema laugardaga, en þá kl. 7—12.30.

## 2. gr.

d-liður 2. gr. orðist svo:

- d. 38½ klst. á skrifstofum og teiknistofum, enda sé hinn venjulegi starfstími aðeins á virkum dögum á sama tíma daglega og innan tímabilsins kl. 8—18 alla virka daga nema laugardaga, en þá til kl. 12.30.

## 3. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. júní 1950.

*Póst- og símamálaráðherrann, 30. maí 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

97

30. maí

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 45 frá 11. marz 1946, um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

## 1. gr.

I. liður 1. gr. orðist svo:

- I. Í skrifstofum, teiknistofum, við rannsóknarstörf, söfnin og önnur hliðstæð störf 38½ klst.

Daglegur starfstími skal vera frá kl. 9—12 og kl. 13—17½ með hálftrar klukkustundar kaffihléi eða frá kl. 13—17, ef kaffihléi er sleppt. Á laugardögum er vinnutíminn aðeins til kl. 12½. Afgreiðslu- og viðtalstími skal ekki vera undir 4 klukkustundum á dag (2 klst. á laugardögum) og yfirleitt á tímanum frá kl. 10—12 og kl. 13½—15½.

## 2. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. júní 1950.

*Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldóru Jónsdóttur 98 frá Hnjúki í Svarfaðardal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 15. maí ráðherra 15. maí 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardal.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardal.

### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af 6 börnum, 18 barnabörnum og 2 barnabarna- börnum Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardalshreppi. Í sjóðinn greiddist árið 1944 kr. 1800.00, árið 1945 kr. 1150.00, auk þess vextir 1949 kr. 407.86, samtals kr. 3357,86, og er það stofnfé sjóðsins.

### 3. gr.

Leggja skal alla vexti sjóðsins, svo og gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að hlotnast, við höfuðstólinn, unz vextirnir nema kr. 300.00 árlega. Úr því skal  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna varið árlega til jólaglaðningar fátækra gamalmenna í Svarfaðardalshreppi. Falli úthlutun niður eitthvert ár, vegna þess að ekki virðist þörf fyrir það, þá má veita þess meira næsta eða næstu ár. Þegar ársvextirnir hafa náð kr. 600.00, skal verja  $\frac{1}{10}$  hlutum þeirra til úthlutunar.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn kvenfélagsins Tilraun, sem nú nær yfir Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppa. Ef kvenfélagið skiptist síðar, skal stjórn kvenfélags þess, sem heimilisfang á í Svarfaðardalshreppi, fara með stjórn sjóðsins. Fari svo að kvenfélagið leggist niður, skal sóknarnefnd Vallasóknar og sóknarpresturinn í Vallaprestakalli, fara með stjórn sjóðsins á sama hátt sem kvenfélagið. Stjórn sjóðsins sér um að ávaxta sjóðinn sem best og mest, og hefur á hendi reikningshald hans. Reikningsárið er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins með fylgiskjölum skulu sendir innanhrepps-endurskoðendum sveitarsjóðsreikningsins til endurskoðunar, og sendir síðan með athugasemdum, ef nokkrar eru, og svörum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps til samþykktar, og birtir almenningi jafnframt sveitar-sjóðsreikningnum.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

Hofi í Svarfaðardal, 3. jan. 1950.

Soffía Gísladóttir

e. u.

- 99 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Björns Eysteinssonar“,  
15. maí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. maí 1950.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Styrktarsjóð Björns Eysteinssonar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Birni Eysteinsyni, með gjafabréfi, dags. 31. marz 1924, til styrktar fátækum í Torfalækjarhreppi. Nafn sjóðsins skal vera: Styrktarsjóður Björns Eysteinssonar.

Af gjafabréfinu skulu tekin 2 samrit og geymist sitt eintakið hjá hvorum, oddvita Torfalækjarhrepps og oddvita sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Frumrit gjafabréfsins geymist í þjóðskjalasafninu.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 í hlutabréfum Eimskipafélags Íslands, og kr. 1000.00, er gefandinn hefur nú afhent í bréfum Kreppulánasjóðs. Auk þessa eru innkomnir vextir kr. 1009.23, og er sjóðurinn því alls 31. des. 1937 kr. 4009.23.

#### 3. gr.

Vextir allir skulu lagðir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn tíu þúsund krónur. Eftir þann tíma skal veita styrk úr sjóðnum, sem nemi  $\frac{3}{4}$  af vöxtum hans árlega, en leggja  $\frac{1}{4}$  af vöxtunum við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn tuttugu þúsund krónur. Eftir þann tíma skal verja  $\frac{1}{10}$  af vöxtunum árlega til styrkveitinga, en leggja jafnan  $\frac{1}{10}$  við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

#### 4. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veittur fátækum fjölskyldumönnum í Torfalækjarhreppi, sem eiga framfærslurétt þar, en eru ekki á sveitarframfæri, og njóta ekki styrks úr ellistyrktarsjóði hreppsins. Við úthlutun styrksins skal tekið tillit til reglusemi og dugnaðar, enda skulu óhófsmenn og lettingjar undanskyldir því að njóta hans.

Barnlausum mönnum má því aðeins veita styrk úr sjóðnum, að þeir verði fyrir veikindum eða slysum. Ekki skal úthluta neinum minni styrk en eitt hundrað krónum. Sé eitthvert ár ekki úthlutað öllum þeim styrk, sem heimilt er samkv. 3. gr., skal það, sem afgangur verður, lagt við höfuðstólinn, en heimilt er þó að úthluta jafnhárri upphæð af vöxtunum síðar fram yfir það, sem 3. gr. ákveður.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps skal hafa á hendi stjórn sjóðsins, undir yfirstjórn sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Hún skal árlega úthluta styrk þeim, sem úthluta þer samkvæmt framanskráðu, og semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, er sendist sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu til yfirlits. Reikninga sjóðsins og allt, sem snertir hag hans, skal rita í sérstaka bók.

#### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Húnavatnssýslu að Blönduósi, að því leyti, sem hann er í peningum og breytist í peninga.

Heimilt er hreppsnefndinni að selja verðbréf sjóðsins, ef samþykki sýslunefndar kemur til. **99**

15. maí

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í desember 1937,

f. h. hreppsnefndar Torfalækjarhrepps

**Jón Stefánsson**

oddviti.

## AUGLÝSING

100

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu,  
nr. 102 31. ágúst 1937.

26. maí

2. málsgr. 33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Réttarstjóri á aukarétt sér um, að úrtíningur sé rekinn til aðalréttar á þann hátt, sem hreppsnefnd hefur mælt fyrir um, enda tilnefni hreppsnefnd sérstaka menn til þess að reka fé af aukarétt á aðalrétt og sé það talið til annarra fjallskila.

Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úrtíningur telst það fé, sem ekki á heima á svæði því, er aukarétt nær til.

Breyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.

## GJALDSKRÁ

101

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

2. júní

### I. RAFORKA

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Um hemla eða hemilmæla.

Fyrir kr. 600.00 hvert kílóvatt um árið. Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en  $\frac{1}{2}$  kílóvatt.

Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs, skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafli, gegn kwst.gjaldi:

1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 50 auru hverja kwst.
2. Til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.

Rafveitustjóra er heimilt að takmarka raforkusölu um hemla og hemilmæla með tilliti til þess, að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið.

101

2. júní

**B. Um kwst.mæla.***a. Lýsing.*

Þar, sem orkan er notuð til lýsingar utan heimila, skal hún seld um kwst.mæli.

1. Á 100 aura hver kwst.
2. Á 40 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á ári á hvern fermetra gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

*b. Almenn heimilisnotkun.*

Þar, sem orkan er notuð til heimilisþarfa, skal öll notkun á heimilinu seld um einn kwst.mæli.

1. Á 100 aura hver kwst.
2. Á 20 aura hver kwst., auk fastagjalds, kr. 3.50 á mánuði fyrir hvert herbergi. Við ákvörðun á fjölda herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki baðherbergi, geymslur eða ganga.

*c. Vélar.*

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli.

1. Á 50 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan nýtingartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til notanda, sem hafa fastar rafvélar með 20 kw. afl eða meira, skal orkan seld á 23 aura hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis á tímum mesta álags.

*d. Hitun.*

Þar, sem orkan er notuð til upphitunar, skal hún seld um kwst.mæli.

1. 10 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að tveim stundum um hádegi og einni stund síðdegis.
2. Á 5 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 22. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
  - b. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
  - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

*e. Götulýsing.*

Gjald fyrir götulýsingu skal ákveða með sérstökum samningi.

**II. MÆLALÆIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af hemlum ..... kr. 2.00 á mánuði.
2. — einfasa mælum upp að 30 amp. .... — 2.00 — —



3. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni .. kr. 3.00 á mánuði.  
 4. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ... — 7.00 — —  
 5. — þrífasa mælum yfir 200 amp. .... — 10.00 — —

**101**  
2. júní

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1950, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir 1. júlí 1951.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Húnasjóð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**102**  
3. júní

fyrir Húnasjóð.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir *Húnasjóður*. Heimili hans og varnarþing er á Hvammstanga.

### 2. gr.

Sjóðinn stofna hjónin Ásgeir Magnússon og Unnur Ásmundsdóttir, til þess að minnast starfs Alþýðuskóla Húnvetninga, sem Ásgeir stofnaði og rak á Hvammstanga árin 1913—20.

Stofnfé sjóðsins er:

Frá Ásgeiri .....	kr. 10000.00
Frá Unni .....	— 5000.00

Samtals kr. 15000.00

- 102** Stofnféð mun verða innt af höndum í fulltryggðum verðbréfum, sem falla í  
3. júní gjalddaga þegar Ásgeir deyr.  
Sjóðinn má efla með gjöfum og áheitum.

**3. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að menntun alþýðu á þann hátt, er síðar segir.

**4. gr.**

Sjóðurinn er falinn sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu til varðveislu og ráðstöfunar á hverjum tíma samkvæmt tilgangi hans. Skipar hún þriggja manna sjóðstjórn: formann, ritara og gjaldkera. Sjóðstjórn heldur gerðabók og sjóðbók. Í gerðabók skal rita stofnskjöl sjóðsins, skipulagsskrá og greinargerð. Þá skal ætla stuðningsmönnum rúm, ef einhverjir verða, og framlögum þeirra. Að öðru leyti geyma gerðabækur ályktanir og gerðir sjóðstjórnar í sjóðsins þágu. Sjóðbók geymir tekjur og gjöld sjóðsins og ársreikning. Oddviti sýslunefndar löggildir bækurnar. Sjóðstjórn annast öll störf, er sjóðinn varða. Hún leggur tillögur sínar um styrki, er síðar getur, fyrir sýslunefnd til samþykkis — eða úthlutar styrkjum að fengnu umboði sýslunefndar. Hún leggur ársreikning sjóðsins fyrir sýslunefnd til samþykkis. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum sýslusjóðs.

**5. gr.**

Fé sjóðsins skal ávaxtað í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga. Hálfir vextir skulu ávallt lagðir við höfuðstól. Aldrei má skerða það fé, er safnast af höfuðstól og hálfum vöxtum, gjöfum og áheitum. Sjóðstjórn vinnur kauplaust í þágu sjóðsins og enginn reksturskostnaður má á hann falla.

**6. gr.**

Hálfum vöxtum sjóðsins skal varið til styrktar félitlum en efnilegum námsmönnum eða námsmeyjum, sem stunda lokanáms í vísindum við erlendan háskóla. Minnsti styrkur sé kr. 1000.00, miðað við peningagildi nú á tímum. Þess skal gætt, að styrkur spilli eigi aðstöðu nemanda til styrkja eða lána úr öðrum sjóðum. Starfs svið sjóðsins er Vestur-Húnavatnssýsla öll.

**7. gr.**

Ef það kemur fyrir, að einhver, sem fullnægir framansögðu, leggur stund á háleit vísindi — andleg eða efnisleg — og ef þess má vænta, að hann eða hún geti orðið boðberi mikilla sanninda, þá skal sá eða sú ganga við styrkveitingu fyrir þeim, sem búa sig undir algeng embætti.

**8. gr.**

Sú kvöð fylgir styrk að flytja, að námi loknu, 1—2 erindi úr vísindagreininni við alþýðu hæfi, annað hvort í útvarp eða á annan hátt. Ritgerð við alþýðu hæfi getur þó talizt jafngilda því. Fyrir alla slíka þjónustu má taka gjald, svo sem völ er á, sjóðnum þó að kostnaðarlausu.

**9. gr.**

Í stað styrkveitinga eða jafnhliða þeim, skal þó sjóðstjórn, ef sýslunefnd leyfir, heimilt að lána námsfólki, er um getur í 6. og 7. gr., fé sjóðsins, að meira eða minna leyti og án íhlutunar stofnenda um lánsfjárhæð til hvers eins og gegn þeim tryggingum og með þeim vaxtakjörum og gjalddögum, er sjóðstjórn í umboði sýslunefndar ákveður, hverju sinni. Lánveitingu fylgir þá ekki sú kvöð er um getur í 8. gr.

10. gr.

102

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

3. júní

Reykjavík, í júní 1949.

Ásgeir Magnússon. Unnur Ásmundsdóttir.

**AUGLÝSING**

103

um afnám reglna nr. 108 10. júlí 1944, um flokkun og mat á óþveginni ull.

5. júní

Reglur um flokkun og mat á óþveginni ull frá 10. júlí 1944 eru hér með úr gildi felldar

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**AUGLÝSING**

104

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

6. júní

Stafliðir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfplatá í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

**B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.

**C. Vélar.**

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 95 aura hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

**104** 2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

6. júní

Fyrstu	50 þús. kwst. ársnotkun á 42 aura hver kwst.
Næstu	100 — — — — 38 — — —
Næstu	100 — — — — 33 — — —
Umfram	250 — — — — 29 — — —

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**105**  
8. júní

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn bæjarráði kaupstaðarins.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

3. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem svo er ástatt um, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 10 af þúsundi fasteignamatsverðs. Þó skal af húsum, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en til venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, greiddast vatnsskattur 30 af þúsundi fasteignamatsverðs.

4. gr.

Fyrir öll önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- Fyrir vatn til skipa kr. 7.00 fyrir hverja smálest, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella kr. 8.00. Þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 15.00 fyrir fiskiskip og kr. 30.00 fyrir öll önnur skip.
- Fyrir vatn í síldar- og kjötpækil 15 aurar fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
- Fyrir vatn til fiskþvotta, frystihúsa og verksmiðjureksturs heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða allt að 90 aura fyrir hverja smálest upp að 1000, en 50 aurar hverja smálest, sem umfram er.
- Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðar án leyfis bæjarráðs.

## 5. gr.

105

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 20%.

8. júní

## 6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti húseigenda skal vera 1. apríl ár hvert, en á vatni til atvinnureksturs við lok hvers mánaðar. Vatn til skipa skal, eins og fyrr segir, greiða við afhendingu og einnig vatn til atvinnureksturs, sem starfar um stundarsakir. Vatnsskatt má taka lögtaki, og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 7. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg. Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

## 8. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 9. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau og mæla, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavatn, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

## 10. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka í pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim, sem ekki greiða á réttum gjalddaga vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 11. gr.

Engum er heimilt, án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

## 12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafn-

**105** framt úr gildi reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 15 13. jan. 1941, 8. júní með breytingum nr. 83 12. apríl 1943 og nr. 20 29. febr. 1944.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1950.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**106**

12. júní

## REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

### 1. gr.

Hér eftir er bannað að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda eða gjaldeyris til greiðslunnar hafi verið tryggður gegnum banka, áður en varan er send til landsins. Gildir þetta jafnt þótt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

### 2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.

### 3. gr.

Bankarnir skulu hafa eftirlit með því að erlendar innheimtur, sem til þeirra eru sendar, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé innheimtum ekki gerð skil innan 30 daga frá komudegi og ekki liggja fyrir yfirfærslutrygging, skal tilkynning um það send gjaldeyriseftirlitinu, sem lætur rannsaka málið og tilkynnir síðan fjárhagsráði, ef það telur að um brot sé að ræða.

### 4. gr.

Þeir, sem eiga vörur á leiðinni til landsins, pantaðar gegn löglegum leyfum, þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skulu ekki teljast brotlegir við ákvæði hennar, þótt greiðsla á þeim vörum hafi ekki verið tryggð. En skylt skal þeim, ef þess er krafist, að færa sönnur á, að vörunar hafi verið sendar af stað frá seljanda áður en hún gekk í gildi.

### 5. gr.

Undanþegnar þessari reglugerð eru sendingar allt að 500 krónur að verðmæti, enda séu lögð fram skilríki eða á annan hátt færðar sönnur á, að um gjöf sé að ræða.

### 6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947.

### 7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 12. júní 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUR

107

12. júní

### um veitingu mótorrafstöðvalána úr raforkusjóði.

1. Raforkusjóður veitir lán samkvæmt 4. tölulið 35. gr. raforkulaganna allt að þeirri upphæð samtals, sem veitt er sérstaklega í fjárlögum í þessu skyni. Slik lán verða í reglum þessum nefnd mótorrafstöðvalán. Ekki má veita slík lán til mótorrafstöðva, sem eru minni en 3 kw. að stærð.
2. Umsóknir um mótorrafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi kostnaðaráætlun og upplýsingar um tegund og stærð véla þeirra, sem notaðar eru eða áætlað er að nota í stöðina og um tilhögun hennar. Raforkumálastjóri getur sett skilyrði um gerð og tilhögun mannvirkjanna. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna um lánveitingu til rafstöðvarinnar.
3. Raforkumálastjóri gerir, að undangenginni rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu mótorrafstöðvaláns úr raforkusjóði.
4. Að fenginni skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkvæmt fyrir-mælum hans veitir raforkumálastjóri mótorrafstöðvalán úr raforkusjóði meðan upphæð sú endist, sem um ræðir í 1. grein, og skal lántaki gefa út undirritað skuldabréf, þar sem fram er tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborgana-greiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.
5. Vextir af mótorrafstöðvalánum skulu vera 2½% og greiðast eftir á árlega. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum afborgunum á 7 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.
6. Lánið kemur ekki til útborgunar fyrr en byggingu stöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans og gengið úr skugga um, að stöðin fullnægi settum skilyrðum.
7. Lánið má nema allt að ⅓ stofnkostnaðar mótorrafstöðvarinnar, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumálastjóra.
8. Til tryggingar skilvísnum greiðslum vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

Reglur þessar eru settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög nr. 58 25. maí 1949, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	1350	00	1350	00	1125
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	182	50	1095	00	912
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	148	50	1188	00	990
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	81	82	818	20	682
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	958	33	958	33	799
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	868	75	1158	33	965
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	3	40	408	00	340
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	2	65	318	00	265
12.	— 120 pd. af smjóri, vel verkuðu ..... pd. á	12	98	1557	60	1298
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	4	19	502	80	419
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	102	08	612	48	510
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»



		í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	9	69	38 76 32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . .	10	pund	á	8	84	53 04 44
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . .	10	pund	á	6	53	39 18 33
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .	hvert	á	»	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum . .	pundið	á	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið	á	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á	76	27	»	»	1525
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á	64	09	»	»	1282
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:							
Eftir A. eða í friðu . . . . .					1094	64	912
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg . . . . .					696	60	580
Eftir C. eða í ullartóvöru . . . . .					»	»	»
Eftir D. eða í fiski . . . . .					612	48	510
Eftir E. eða í lýsi . . . . .					»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .					43	66	36
En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .					2447	38	2038
og skipt með 4 sýnir:							
Meðalverð allra meðalverða . . . . .					611	84	509

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar 11. marz 1950.

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 11. apríl 1950.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sig. Áskelsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

## Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	1278	12	1278	12	1065
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	157	67	946	02	788
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	165	56	993	36	828
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	145	62	1164	96	971
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	123	75	1485	00	1237
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	141	25	1130	00	942
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	70	31	703	10	586
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1043	33	1043	33	869
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	901	67	1202	23	1002
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	3	44	412	80	344
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	2	63	315	60	263
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	12	23	1467	60	1223
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	4	18	501	60	418
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	81	94	491	64	410
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert	á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....		pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	10	pund	á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum .....	10	pund	á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	66	26	á	»	»	1325
43.	— 1 lambsfóður .....	54	33	á	»	»	1087
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
	Eftir A. eða í friðu .....	1105	12		921		
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....	674	40		562		
	Eftir C. eða í ullartóvöru .....	»	»		»		
	Eftir D. eða í fiski .....	491	64		410		
	Eftir E. eða í lýsi .....	»	»		»		
	Eftir F. eða í skinnavöru .....	»	»		»		
En meðalverð allra landaura samantalið .....							
	og skipt með 3 sýnir:	2271	16		1893		
Meðalverð allra meðalverða .....							
		757	05		631		

Skrifstofu Suður-Múlasýslu 4. marz 1950.

*Lúðvík Ingvarsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 11. apríl 1950.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sig. Áskelsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

## Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	875	00	875	00	729
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	98	33	589	98	492
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	93	00	558	00	465
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	77	00	616	00	513
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	66	00	792	00	660
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	80	00	640	00	533
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	37	50	375	70	312
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	606	00	606	00	505
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	510	00	680	00	567
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	2	76	331	20	276
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	77	212	40	177
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	9	33	1119	60	1933
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	2	55	306	00	255
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

	I peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8 pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8 pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8 pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8 pottar	á	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund	á	9 62	38 64 32
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund	á	7 33	43 98 37
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund	á	5 00	30 00 25
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund	á	5 33	42 64 36
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund	á	4 17	50 04 42
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert	á	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	.. pundið	á	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	..... pundið	á	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	.....	10 pund	á	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	.....	10 pund	á	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	.....	á	49 22	»
43.	— 1 lambsfóður	.....	á	40 00	»
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu	.....		636 89	531
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg	.....		492 30	410
	Eftir C. eða í ullartóvöru	.....		»	»
	Eftir D. eða í fiski	.....		»	»
	Eftir E. eða í lýsi	.....		»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru	.....		41 06	34
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:				1170 25	975
og skipt með 3 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða				390 08	325

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 28. febrúar 1950.

*Jón Kjartansson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 17. marz 1950.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sig. Áskelsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	1157	14	1157	14	964
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, leðnar og lembdar, í fard. hver á	122	86	737	16	614
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	140	57	843	42	703
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	109	00	872	00	727
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	78	57	942	84	786
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	109	00	872	00	727
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	46	43	464	30	387
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	796	43	796	43	664
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	534	29	712	39	594
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	2	69	322	80	269
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	66	199	20	166
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	12	07	1448	40	1207
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	2	71	325	20	271
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundíð á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8 pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8 pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8 pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8 pottar á	»	»	»
<i>F. Skinnavara.</i>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvævg. og eldri	10 pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	.. pundið á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	..... pundið á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	..... 10 pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	..... 10 pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	..... á	68	43	1369
43.	— 1 lambsfóður	..... á	57	14	1143
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
Eftir A. eða í fríðu			821	96	685
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			573	90	478
Eftir C. eða í ullartónvöru			»	»	»
Eftir D. eða í fiski			»	»	»
Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru			»	»	»
En meðalverð allra landaura samantalið			1395	86	1163
og skipt með 2 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða			697	93	581

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 28. febrúar 1950.

*Jón Kjartansson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 17. marz 1950.

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sig. Áskelsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

## Vestmannaeyjakaupstað

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	1800	00	1800	00	1500
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	150	00	900	00	750
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	180	00	1080	00	900
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	150	00	1200	00	1000
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	120	00	1440	00	1200
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	135	00	1080	00	900
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	60	00	600	00	500
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	750	00	750	00	625
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	500	00	666	67	556
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	2	00	240	00	200
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	1	00	120	00	100
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	12	00	1440	00	1200
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	2	50	300	00	250
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	100	00	600	00	500
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»



		Í peningum		Hundrað á		Alin	
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis .....	8	pottar	á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis .....	8	pottar	á	20	00	300 00 250
<i>F. Skinnavara.</i>							
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns .....	10	pund	á	12	00	48 00 40
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns .....	10	pund	á	10	00	60 00 50
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns .....	10	pund	á	7	00	42 00 35
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	12	00	96 00 80
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	10	00	120 00 100
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	10	pund	á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....		hvert	á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>							
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....		pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....		10	pund	á	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrósum .....		10	pund	á	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....		á		»	»	»
43.	— 1 lambsfóður .....		á		»	»	»
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:							
	Eftir A. eða í fríðu .....	1057	41	881			
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg .....	525	00	437			
	Eftir C. eða í ullartóvöru .....	»	»	»			
	Eftir D. eða í fiski .....	600	00	500			
	Eftir E. eða í lýsi .....	300	00	250			
	Eftir F. eða í skinnavöru .....	73	20	61			
En meðalverð allra landaura samantalið .....							
	og skipt með 5 sýnir:	2555	61	2129			
Meðalverð allra meðalverða .....							
		511	12	426			

Skrifstofu Vestmannaeyjakaupstaðar 28. marz 1950.

*Gunnar Þorsteinsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1950.

F. h. r.  
**Magnús Gíslason.**

*Sig. Áskelsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

## Rangárvallasýslu

frá 16. maímánaðar 1950 til jafnlengdar 1951.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	1748	82	1748	82	1457
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	118	64	711	84	593
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	149	60	897	60	748
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	120	50	964	00	803
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	94	11	1129	32	941
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	118	82	950	56	792
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	47	73	477	30	398
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	737	73	737	73	615
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	523	64	698	19	582
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	2	74	328	80	274
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	2	03	243	60	203
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	14	74	1767	60	1473
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	4	08	489	60	408
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
2. Óinnheimtir vextir .....	— 159499.30
3. Skrifstofugögn .....	— 4500.00
4. Innstæða í bönkum .....	— 67649.17
5. Sjóður hjá féhirði .....	— 2492.83
	— 12281226.67

Kr. 12281226.67

## Skuldir:

1. Innstæður vaxtaeigenda:	
a. Aðaldeild .....	kr. 6165823.64
b. Erfingjarentudeild .....	— 200229.74
c. Útborgunardeild .....	— 5401033.12
d. Bústofnsdeild .....	— 7060.96
	— 11774147.46
2. Vextir fyrir árið 1949, geymdir til útborgunar .....	— 136011.83
3. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar .....	— 5655.48
4. Varasjóður .....	— 365411.90

Kr. 12281226.67

Reykjavík, 20. febrúar 1950.

## SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Vilhj. Briem. Garðar Jónsson. Bjarni Ásgeirsson.

**ERINDISBRÉF**

140

fyrir yfirfiskmatsmenn.

13. marz

## 1. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu stjórna og hafa eftirlit með alls konar fiskmati, hver í sínu umdæmi. Enn fremur skulu þeir hafa eftirlit með því, að hlýtt sé lögum, reglugerðum og fyrirmælum, sem gildandi eru á hverjum tíma um mat og meðferð fiskafurða, útbúnað fiskibáta, vinnslu- og verkunarstöðva og annars, sem verksvið þeirra nær til.

## 2. gr.

Fiskmatsstjóri er yfirboðari þeirra, og er þeim skylt að fara eftir fyrirmælum hans og leita álits hans og úrskurðar um atriði, sem þeir eru ekki fullvissir um. Þeir skulu gefa fiskmatsstjóra skýrslur um störf sín, og mælir hann fyrir um, hvernig þeim skuli hagað, að svo miklu leyti sem þau eru ekki ákveðin í erindisbréfi þessu. Þeir skulu og skýra honum frá atriðum, sem verða mættu til bóta í mati og framleiðslu, eða nýjungum á því sviði, einnig frá því, sem miður fer í verkun og vinnslu og nauðsynlegt kann að vera að fá bætt úr.

## 3. gr.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur, enda komi það ekki í bága við störf hans í eigin umdæmi.

## 4. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera hæfir til að leiðbeina fiskmatsmönnum og framleiðendum um fiskmat og fiskframleiðslu, og hafa þeir vald til að úrskurða um slík mál í umdæmi sínu. Þeir skulu hafa lokið prófi á fiskiðnaðarnámskeiði sjávarútvegsáráðuneytisins og að öðru leyti hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á alls konar fiskmati og flokkun fisks og fiskafurða, er heyra undir starfssvið þeirra, svo og um meðferð fisksins, verkun, geymslu umbúnað fiskiskipa og vinnslu- stöðva og annað, er lýtur að framleiðslu góðrar útflutningsvöru úr fiski. Þeir eiga einnig að kynna sér, eins og þeim er unnt, breytingar til bóta á framleiðslunni og afla sér þekkingar á tilraunum, sem gerðar kunna að vera í því skyni.

## 5. gr.

Yfirfiskmatsmenn hafa fiskmatsmenn sér til aðstoðar við eftirlit og mat fisksins, vigtun, pökkun, vinnslu og útskipun.

Yfirfiskmatsmaður velur fiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra, er tilnefnir þá, en lögreglustjóri gefur fiskmatsmönnum skipunarbréf og eiðfestir þá. Til fiskmatsstarfa skal velja vandaða menn með nægilegri þekkingu á þeirri vöru, sem þeim er ætlað að meta, og aðgreiningi hennar í hina ýmsu flokka, Samkvæmt ákvæðum í erindisbréfi fiskmatsmanna og öðrum fyrirmælum. Yfirfiskmatsmanni er skylt að líta eftir störfum fiskmatsmanna, eins og hann getur bezt við komið, og fullvissa sig um, að þau séu í góðu lagi. Hann þarf því að haga eftirlitsferðum sínum svo, að hann hafi fulla yfirsýn yfir framleiðsluaðferðir og ástand framleiðslu á hverjum stað. Hann skal leiðbeina fiskmatsmönnum við störfin, segja fyrir um tilhögun þeirra, skýra frá breytingum, sem verða kunna á þeim og líta eftir, að þau séu unnin af þekkingu og samvizkusemi og samkvæmt gildandi fyrirmælum. Yfir höfuð á yfirfiskmatsmaður að leggja áherzlu á, að fiskmatsmenn verði sem færastir í starfi sínu.

## 6. gr.

Þegar matskyld vara er flutt út, skal yfirmatsmaður gefa vottorð um vöruna. Vottorðin skulu rituð bæði á íslenzku og ensku.

Sé fiskur fluttur út úr fleiru en einu matsumdæmi eða ef þannig hagar til, að útflytjendur óska frekar að gera öll farmskírteini í Reykjavík, getur fiskmatsstjóri eða yfirlingsmaður, er hann tilnefndur í sinn stað, skrifað undir matsvottorð fyrir fisk, hvaðan sem hann er af landinu. Skulu þá lögð til grundvallar vottorð frá yfirlingsmönnum úr hverju umdæmi.

Í vottorðum um saltfisk úr fleiri umdæmum skal setja bókstaf umdæmisins framan við pakkatölu af hverri tegund fisks í sundurliðunina á vottorðinu, svo að ekki leiki vafi á, hve margir pakkar séu úr hverjum landshluta. Vilji einhver fá matsvottorð um vöru, sem hefur verið metin og vegin, í því skyni að nota vottorðið við sölu á vörunni, getur yfirlingsmaður gefið út bráðabirgðavottorð um vöruna, sem metin hefur verið.

Yfirlingsmaður skal og senda fiskmatsstjóra skýrslur um útflutning á öllum fiski úr umdæmi sínu, og segir fiskmatsstjóri fyrir um, hvernig skýrslum þessum skuli hagað og hve oft skýrslur um hvern vöruflokk skuli sendar.

Ef ísvarinn fiskur er fluttur út með undanþágu (sbr. 34. gr. reglugerðar um fiskmat o. fl., nr. 81 13. marz 1950) getur fiskmatsstjóri krafist þess, að gefin séu út vottorð með sérstökum einkennum eða með öðru orðalagi en á hinum venjulegu vottorðum um ísvarinn fisk.

Yfirmatsmaður ber, að viðlagðri hegningu að lögum, ábyrgð á því, að vottorð þau, er hann gefur út, séu sönn og rétt. Hann skal gæta þess og fullvissa sig um, að fiskur, sem hann metur eða lætur meta, sé íslensk vara.

## 7. gr.

Yfirmatsmaður getur, í samráði við fiskmatsstjóra, gefið fiskmatsmönnum í umdæmi sínu, þeim er hann treystir bezt, umboð til að sjá um yfirmatsstörf í sinn stað, af hann vegna annríkis við matsstörf, fjarveru eða annarra forfalla getur ekki séð um það sjálfur. Hann getur og sett fiskmatsmann til starfa, hvar sem er í umdæminu, ef hann álitur þess þörf. Ef fiskmatsmaður sá, er þetta snertir, þarf vegna þess að takast ferð á hendur út fyrir stað þann, er hann á heimilisfang í, fær hann þá, auk hinnar venjulegu greiðslu fyrir vinnu við matið, fæðispeninga, ferðakostnað og borgun fyrir dvalardaga, samkvæmt ákvæðum í erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn. Ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman um slíkan kostnað, úrskurðar atvinnuáráðuneytið reikningana að fengnum tillögum yfirlingsmanns eða fiskmatsstjóra.

## 8. gr.

Yfirlingsmatsmenn eru skyldir til að ferðast um umdæmi sitt og jafnvel, ef með þarf, út fyrir það til þess að leiðbeina matsmönnum og framleiðendum um mat og meðferð á fiski, brýna fyrir þeim, hver nauðsyn er á, að samvirkusemi sé gætt við matið og meðferðina, svo að álit á vörunni megi verða sem bezt, og sérstaklega að líta eftir fiskmati og samræma það.

Allir ferða- og símakostnaðarreikningar yfirlingsmatsmanna í þessum matsins skulu sendir til skrifstofu fiskmatsstjóra. Fiskmatsstjóri skal yfirlingsmaður reikningana, ásamt fylgiskjölum, og úrskurðar þá til greiðslu til bráðabirgða. Nú reynast reikningar við endurskoðun ráðuneytisins of háir og er þá viðkomandi yfirlingsmatsmanni skylt að endurgreiða í ríkissjóð það, sem honum hefur verið ofgreitt samkvæmt bráðabirgðaúrskurði fiskmatsstjóra.

## 9. gr.

Ef yfirlingsmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðenda eða útflytjenda, er þeim skylt að

greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeirra erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

140

13. marz

## 10. gr.

Yfirfiskmatsmenn eru launaðir úr ríkissjóði samkvæmt X. launaflokki samkvæmt 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

## 11. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski, og eru að öðru leyti háðir ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948.

## 12. gr.

Nú verður yfirfiskmatsmaður þess vís, að einhver brýtur móti ákvæðum fiskmatslaganna eða fyriræla, sem sett eru samkvæmt þeim, og ber honum þá að skýra fiskmatsstjóra frá því, en þeir ákveða svo, hvort kæra skuli brotið til refsingar.

## 13. gr.

Yfirfiskmatsmaður ritar undir eiðstaf um, að hann vilji hlýða lögum og fyrirælum um fiskmatið og erindisbréfi þessu og rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á honum hvila í stöðu hans.

Hann verður að setta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

## 14. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskmatsmanns, er álita verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu hans, ber hann ábyrgð á því tjóni, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk þess má þá og svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust. Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og annarra eiðfestra starfsmanna fiskmatsins gegn ákvæðum fiskmatslaganna fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

## 15. gr.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir yfirfiskmatsmenn nr. 70 3. júlí 1933 og breyting á því erindisbréfi nr. 123 3. júlí 1939.

## 16. gr.

Erindisbréfi þetta er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. marz 1950.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

141  
13. marz

## ERINDISBRÉF

fyrir fiskmatsmenn.

1. gr.

Fiskmatsmenn eiga að leggja stund á að verða sem færastir í starfinu til þess að geta dæmt um gæði fisks af öllum þeim verkunaraðferðum, er undir fiskmatið heyra. Þeir skulu hafa lokið prófi frá fiskiðnaðarnámskeiðum, er fiskmatsstjóri veitir forstöðu. Þó getur fiskmatsstjóri fyrst um sinn veitt þeim saltfiskmatsmönnum undanþágu frá slíkum námskeiðum, er störfuðu sem saltfiskmatsmenn fyrir ársbyrjun 1949. Undanþágur í þessu efni miðast þó aðeins við saltfiskmat og skreiðarmat.

2. gr.

Fiskmatsmenn skulu jafnan hafa það hugfast, að þeim ber að vanda til matsins eins og þeim er frekast unnt, svo að álit íslensks fisks á erlendum markaði megi verða sem bezt.

3. gr.

Fiskmatsstjóri er yfirstjórnandi matsins, en nánasti yfirboðari fiskmatsmanna er yfirfiskmatsmaður í umdæmi því, sem fiskmatsmaðurinn starfar í. Fiskmatsmenn eru aðstoðarmenn yfirfiskmatsmanna við mat og alla umsjón með fiskinum, þangað til hann er kominn í útflutningsskip eða fluttur burt af starfssvæði þeirra.

4. gr.

Fiskmatsmenn skulu kynna sér rækilega gildandi lög um fiskmat, svo og reglugerðir og fyrirmæli, sem gefin eru út samkvæmt lögnum. Þeim er skylt að haga mati sínu og eftirliti eftir ákvæðum þessara fyrirmæla, svo og eftir fyrirskipunum yfirfiskmatsmanns og fiskmatsstjóra.

5. gr.

Komi einhver þau atriði fyrir við mat eða eftirlit fiskmatsmanna, sem ekki eru skýr ákvæði um í reglugerð eða gefnum fyrirmælum, eða þeir eru í vafa um einhver slík atriði, skulu þeir leita til yfirfiskmatsmannsins eða fiskmatsstjóra og fá fyrirskipanir um, hvað gera skuli. Verði þessu ekki við komið, skulu þeir gera það, sem þeir álita réttast, og skýra síðan yfirfiskmatsmanni frá því sem fyrst og áður en fiskmatsvottorð er gefið út um vöru þá, sem vafaatriðið snertir.

Þeir skulu og skýra honum frá og leita hans, ef þeim er sýnd óhlýðni við matsstörfin eða ef framleiðendur eða vinnufólk vikur frá gildandi ákvæðum reglugerðar eða annarra fyrirmæla um mat og eftirlit.

6. gr.

Fiskmatsmönnum er skylt að gefa yfirmatsmanni eða fiskmatsstjóra skýrslu um fisk þann, er fiskmatsmaðurinn hefur metið eða haft umsjón með. Fiskmatsstjóri segir fyrir um, hvernig slíkar skýrslur skuli vera.

Fiskmatsmaður má ekki gefa út fiskmatsvottorð nema eftir fyrirmælum yfirfiskmatsmanns og í umboði hans, enda ber yfirfiskmatsmaður ábyrgð á vottorðinu, sjá þó 15. gr.

7. gr.

Fiskmatsmanni er skylt að framkvæma störf yfirfiskmatsmanns, er yfirfiskmatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum eða fjærveru. Ef störf þessi



falla ekki saman við hin venjulegu störf fiskmatsmannsins, svo að hann þurfi vegna yfirmatsstarfsins að hafa sérstakt ómak eða bið, t. d. við afgreiðslu skipa, skjala eða annars, ber honum þóknun frá viðkomandi útflytjanda eða framleiðanda, í hlutfalli við tíma þann, sem til þessarar sérstöku þjónustu er varið.

141  
13. marz

Ef fiskmatsmaður þarf, vegna þessara sérstöku starfa, að takast ferð á hendur út fyrir þann stað, er hann á heimilisfang í, fær hann, auk hinnar venjulegu greiðslu fyrir vinnu við matið, fæðispeninga, ferðakostnað og greiðslu fyrir dvalardaga. Ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman um slíkan kostnað, úrskurðar atvinnumálaráðuneytið reikningana, að fengnum tillögum yfirfiskmatsmanns og fiskmatsstjóra.

#### 8. gr.

Fiskmatsmönnum, sem eingöngu starfa við hraðfrystihús, er einkum skylt að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum V. kafla reglugerðar um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, nr. 81 13. marz 1950, svo og II. kafla sömu reglugerðar. Að sjálfsögðu ber þeim einnig að fara eftir öðrum ákvæðum reglugerðarinnar og annarra fyrirmæla, er starf þeirra snertir.

#### 9. gr.

Heimilt er, að matsmaður, sem hefur á hendi mat á freðfiski hjá frystihúsi, annist einnig önnur störf, svo sem verkstjórn eða annað, sem ekki bindur hann við fast verk, þannig að hann geti ekki fylgzt með allri vinnslunni. Fyrir að annast um matið fær hann þó greitt hjá atvinnurekanda þóknun, sem nemur 20% af gildandi verkamannakaupi á hverjum stað, miðað við 25 átta stunda vinnudaga á mánuði.

Fiskmatsmanni, sem starfar að staðaldri í saltfiskframleiðslustöð, er einnig heimilt að meta saltfisk til útflutnings hjá sama fyrirtæki og hann vinnur hjá, eftir ákvörðun yfirfiskmatsmanns, í hvert sinn sem saltfiskur er metinn og pakkaður þar.

#### 10. gr.

Fiskmatsmönnum, sem starfa að saltfisksmati og mati fisks, sem á að flytja út nýjan (þ. e. ísvarinn), er einkum skylt að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum II., III. og IV. kafla fyrrnefndrar reglugerðar um fiskmat og meðferð og verkun fisks, eins og þeim einnig ber að fara eftir öðrum ákvæðum reglugerða og fyrirmæla, er snerta starf þeirra.

Yfirfiskmatsmaður kveður þá til vinnu og segir þeim fyrir verkum.

Aðalstarf þeirra er við fiskmat á þeim stað, sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir til að fara til annarra staða í umdæmi yfirfiskmatsmanns, þegar hann kveður þá til starfa þar við fiskmat.

#### 11. gr.

Fiskmatsmenn þeir, sem 10. gr. fjallar um, fá ákveðið kaup um hverja klukkustund fyrir vinnu sína. Sé það miðað við almennt verkkaup, sem um er samið milli atvinnurekanda og verkamanna í þeim bæ eða héraði, sem fiskmatsmaður er búsettur í, eða það kaup, sem kann að verða lögboðið, að viðbætti 40% uppbot á hin almennu vinnulaun á hverjum tíma. Þetta kaup fá þeir fyrir alla vinnu við fiskmat, hvort sem það er við flokkun fisksins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

#### 12. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir mat og eftirlit, eins og það er ákveðið í 9. og 11. gr., gjalda þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, og eiga matsmenn heimtingu á að fá kaup sitt greitt eftir reikningi. Verði deila milli fiskmatsmanna og eiganda fisks, fer um úrskurð hans eins og sagt er í 7. gr.

141

13. marz

13. gr.

Þegar fé er veitt til þess, má samkvæmt 12. gr. laga nr. 46 5. apríl 1948, fela fiskmatsmanni að hafa, á vissu takmörkuðu svæði, eftirlit með því, að ýmis ákvæði nefndra laga og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisksins.

Fyrir slík störf fær fiskmatsmaður, sem til þess er ráðinn, kaup eftir samkomulagi í hvert sinn. Fiskmatsstjóri gefur honum sérstakt erindisbréf um þetta starf.

14. gr.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, er velur þá í samráði við yfirfiskmatsmenn. Skulu fiskmatsmennirnir undirrita eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Fiskmatsmenn eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

15. gr.

Sannist þær misfellur á störfum fiskmatsmanns, er álíta verður, að stafi af víta-verðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er af því leiðir. Auk þess má svipta hann stöðu sinni fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot fiskmatsmanna og annarra eiðfesta starfsmanna fiskmatsins gegn ákvæðum fiskmatslaganna, fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

16. gr.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir fiskmatsmenn nr. 71 3. júlí 1933, ásamt breytingu á því, nr. 26 7. febrúar 1941.

17. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. marz 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

142

16. júní

## REGLUGERÐ

fyrir Vestmannaeyjaflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

**Almenn ákvæði.**

Flugvallastjóri ríkisins eða umboðsmaður hans veitir einstaklingum eða félögum heimild til að nota Vestmannaeyjaflugvöll vegna farþegaflugs, póstflugs, kennsluflugs o. þ. h. Þegar slíkt leyfi til afnota af flugvöllinum er leyft, skal leyfshafi verða háður þeim ákvæðum, sem í gildi eru eða sett verða um greiðslu lendingargjalda, flugskýlisleigu o. s. frv., ásamt þeim skilmálum öðrum, er settir kunna að verða. Sérhvert loftferðafyrirtæki, sem starfrækt er á flugvöllinum, skal skila flugvallastjóra ríkisins mánaðarlega skýrslum eftir á um fjölda farþega og magn flutnings, sem farið hefur um flugvöllinn á þess vegum í mánuðinum.

Stjórn og starfsmönnum fyrirtækja, svo og einstaklingum, sem starfrækslu hafa á flugvellinum, er skylt að kynna sér reglugerð þessa, svo og þær reglur aðrar, sem settar kunna að verða, um umferð, öryggi o. fl. á flugvellinum. Stjórn fyrirtækis skal sjá um, að menn þess kynni sér þær. 142 16. júní

Flugvallastjóri ríkisins eða umboðsmaður hans skal í samráði við flugumferðarstjórn ákveða athafna- og afgreiðslusvæði allra loftferðafyrirtækja á flugvellinum, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða félög. Loftför skulu ekki fermd eða affermd nema á áður ákveðnum afgreiðslusvæðum.

## 2. gr.

### Um veðurskilyrði.

Vestmannaeyjaflugvöllur skal því aðeins opinn fyrir flugumferð, að skýjahæð (miðað við flugbraut) og skyggni sé ekki minna en hér segir:

#### Við flugtak.

Að degi: 150 metra (500 feta) skýjahæð og 1.5 km (1 mílu) skyggni. Þó má skýjahæð lækka í 120 metra (400 fet), ef skyggni er 20 km (12 mílur) eða meira.

Að nóttu: 180 metra (600 feta) skýjahæð og 3 km (2 mílna) skyggni.

#### Við landingu.

Að degi: 180 metra (600 feta) skýjahæð og 3 km (2 mílna) skyggni. Þó má skýjahæð lækka í 150 metra (500 fet), ef skyggni er 20 km (12 mílur) eða meira.

Að nóttu: 240 metra (800 feta) skýjahæð og 4.5 km (3 mílna) skyggni.

Þá skal flugvöllurinn því aðeins opinn fyrir flugumferð, að vindstyrkleiki, með tilliti til einstakra vindáttá, sé ekki meiri en hér greinir:

Vindátt:		Vindstig:
A	ASA	8
ASA	SA—A	7
SA—A	S	3
S	SV	4
SV	V	5
V	NV	6 (við landingu)
		8 (við flugtak)
NV	NA	4
NA	A	5

Flugumferðarstjórnin á Vestmannaeyjaflugvelli úrskurðar á þessum grundvelli, hvort flugvöllurinn skuli teljast opinn eða lokaður og tilkynnir það flugstjórnarmíðstöðinni í Reykjavík. Hafi flugvellinum verið lokað skal hann teljast lokaður áfram, unz flugumferðarstjórnin á Vestmannaeyjaflugvelli hefur úrskurðar hann opinn á ný.

## 3. gr.

### Um almenna flugumferð.

Loftför, sem koma til eða fara frá umferðarstjórnarsvæði Vestmannaeyjaflugvallar, skulu hafa samband við Vestmannaeyjaflugturninn og fá þaðan fyrir-mæli um landingu og flugtak. Öll loftför, sem hafa talstöð, skulu hafa hlustvörð á radiotíðni flugturnsins, á meðan þau eru innan umferðarstjórnarsvæðis flugvallarins, og þangað til þau hafa staðnæmzt á ákvörðunarstað á flugvellinum eða fengið leyfi flugumferðarstjórnarinnar til þess að skipta um radiotíðni.

**142** Fyrir loftför, sem fara frá Vestmannaeyjaflugvelli, skal gera flugáætlanir, sem 16. júní skila skal umferðarstjórn flugvallarins fyrir brottför þeirra.

Loftför skulu jafnan fljúga rangsælis, þ. e. til vinstri handar umhverfis flugvöllinn, séu þau stödd innan umferðarstjórnarsvæðis hans, en það nær 12 km út frá miðju flugvallarins og eru takmörk þess að ofan í 450 metra (1500 feta) hæð yfir flugvellinum. Loftför, sem koma inn í umferðahring flugvallarins, skulu fljúga a. m. k. hálfan hring (180°) að degi, en heilan hring (360°) að nóttu, umhverfis flugvöllinn, áður en þau koma til landingar. Þó skal flugumferðarstjórninni heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef henni þykir ástæða til.

Flugumferðarstjórninni skal í samráði við flugvallastjóra ríkisins heimilt að takmarka flug loftfara, sem notuð eru til einka- og kennsluflugs, við ákveðinn tíma daglega, eftir því, sem þurfa þykir vegna umferðar annarra loftfara eða af öðrum ástæðum. Loftför í reynsluflugi í nágrenni flugvallarins, skuli eftir því sem við verður komið, forðast flug yfir Vestmannaeyjabæ.

#### 4. gr.

##### Um umferð loftfara á jörðu.

Loftför skulu fá akstursleiðbeiningar frá Vestmannaeyjaflugturni í radio, nema leyfi hafi áður verið veitt loftförum, sem ekki hafa radiotæki, og skal þeim þá leiðbeint með sérstökum ljósmerkjum.

Loftför mega ekki aka út á flugbraut nema með leyfi flugturnsins. Að lokinni landingu skal loftförum ekið út af flugbraut svo fljótt, sem við verður komið.

Loftförum skal ekið með gætni og ekki hraðar en sem svarar 40 km á klst. Sérstakrar varúðar skal gætt við akstur nálægt byggingum og öðrum mannvirkjum á flugvellinum. Loftförum skal aldrei ekið með eigin afli þeirra inn í flugskýli eða úr þeim.

#### 5. gr.

##### Umferð manna og ökutækja.

Eftirlitsmaður flugvallarins hefur fullt skipunarvald gagnvart almenningi á flugvallarsvæðinu. Mönnum er óheimilt að fara inn á flugvallarsvæðið á öðrum en þeim stöðum, sem til þess eru ætlaðir. Ölvuðum mönnum er óheimil umferð um flugvallarsvæðið. Mönnum og ökutækjum er óheimilt að fara út á flugbraut flugvallarins, án undangengis leyfis flugturnsins, nema um neyðarástand sé að ræða. Ökutækjum skal einatt ekið sem næst flugbrautarbrún nema brún nauðsyn beri til, og skal þá gætt fyllstu varúðar. Ekki skal gengið eða ekið fyrir enda flugbrautar nema viðkomandi hafi fullvissað sig um, að loftfar sé ekki að lenda eða hefja flug. Bifreiðum skal ekki ekið um eða stöðvaðar á athafnasvæði flugvallarins né heldur ekið inn í flugskýli, nema vegna nauðsynlegra athafna. Ökutæki skulu ávallt vikja fyrir loftförum, sem þau kunna að mæta.

#### 6. gr.

##### Um almennt öryggi.

Flugliðsmaður má ekki stjórna loftfari á eða í grennd við Vestmannaeyjaflugvöll, nema í fullu samræmi við gildandi flugreglur og reglugerð þessa. Engum nema flugmanni eða flugvélavirkja er heimilt að vera við stjórn tæki loftfara, þegar hreyflar eru í gangi eða settir í gang, né aka loftförum um flugvöllinn. Jafnan skal maður með slökkvitæki vera viðstaddur, þegar hreyflar loftfara eru settir í gang. Hreyflar skulu aldrei settir í gang eða reyndir á þeim stöðum, sem kunna að orsaka slysa hættu fyrir almenning. Ekki má heldur reyna hreyfla á þeim stöðum,

þar sem slíkt gæti valdið truflun á viðskiptum flugturnsins. Farþegar skulu ekki fara inn í loftför eða úr þeim, meðan hreyflar eru í gangi.

142  
16. júní

### 7. gr.

#### Um eldvarnir og flugskýli.

Ekki má láta eldsneyti á geyma loftfara, meðan þau eru inni í flugskýli eða meðan hreyflar þeirra eru í gangi. Ekki má reykja eða vera með opinn eld í námunda við loftför. Sérstakrar varúðar skal gæta, þegar verið er að setja eldsneyti á þau.

Reykingar í flugskýli eru bannaðar.

Ekki skal að jafnaði hreinsa hreyfla eða aðra hluta loftfara með eldfimu efni inni í flugskýli. Ef slíkt er nauðsynlegt, skal gæta fyllstu varúðar og jafnan hagað svo til, að hægt sé fyrirvaralaust að koma hlut þeim, sem verið er að hreinsa út úr flugskýlinu. Jafnan skal haga svo til, að auðvelt sé að koma loftförum út og inn í flugskýli og skal varast að hafa fyrir dyrum flugskýlis nokkrar hindranir er torveldað gætu slíkt. Skytt er notendum flugskýlis að halda gólfum jafnan vel hreinum og varast skal að skilja eftir tvist, tuskur, bréf og annað slíkt, er orsakað gæti íkveikju, annars staðar en í þar til gerðum ílátum. Ef slíkum úrgangi er brennt, skal það gert í öruggri fjarlægð frá byggingum og loftförum og skal fyllstu varúðar gætt og flugturninum gert aðvart í hvert sinn. Fullkomin slökkvitæki skulu jafnan vera í flugskýli og skulu þau athuguð og endurnýjuð á ákveðnum fresti.

### 8. gr.

#### Um neyðarástand og slys.

Ef um neyðarástand er að ræða, skal loftfar haga fluginu samkvæmt alþjóðareglum um neyðarástand og skal þá tekið fullt tillit til öryggis mannlífa og verðmæta og án þess, ef nauðsynlegt telst, að binda sig við ákvæði þessarar reglugerðar. Þegar svo stendur á, skal loftferðaeftirlitinu send bráðabirgðaskýrsla um málið innan 48 klukkustunda og fullkomin skrifleg skýrsla, eins fljótt og auðið er.

Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers konar neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið. Flugturninum er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, er málið beinlínis varðar, upplýsingar um slys.

Verði flugslys eða annað neyðarástand á flugvellinum, skal flugturninn senda út slysaboð, og skal hver aðili gera það, sem fyrir hann er lagt samkvæmt þeim reglum, sem ákveðnar eru um neyðarástand.

Hafi loftfar orðið fyrir skemmdum, skal það, eða hlutar þess, fluttir burt af eigendum þess eða umboðsmanni hans og/eða á hans ábyrgð og kostnað. Þó skal slíkur brottflutningur ekki framkvæmdur, fyrr en loftferðaeftirlitið hefur gefið leyfi til þess.

### 9. gr.

#### Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 10000 krónum, varðhaldi eða fangelsi, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Farið skal með mál út af brotum á reglugerð þessari sem almenn lögreglumál.

- 142** Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, 16. júní og lögum nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við breytingar á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar. Öðlast reglugerðin þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1950.*

**Björn Ólafsson.**

Páll Pálmason.

- 143** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá „Framasjóðs iðnsveina“, útgefin á 4. júlí venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 1950. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framasjóð iðnsveina.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 28. apríl 1949 af eftirfarandi 7 iðnaðarmönnum, þegar 25 ár voru liðin frá því að þeir luku burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1924, þeim: August Hákansson, málara, Guðmundi Ág. Jónssyni, prentara, Helga Jónssyni, húsgagnasmið, Ólafi P. Stefánssyni, prentara, Olgeir Sigurðssyni, húsasmið, Páli Einarssyni, járnsmið og Þórði Björnssyni, prentara.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1750 — seytján hundruð og fimmtíu krónur —, sem þessir iðnaðarmenn gáfu þann dag.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega iðnsveina, er lokið hafa burtfararprófi úr iðnskólanum í Reykjavík, til utanferða til frekara náms.

4. gr.

Þegar vaxtatekjur sjóðsins eru orðnar 500 kr. á ári eða meira, má veita  $\frac{1}{2}$  þeirra samkvæmt 3. gr., en afgangurinn, ásamt öllum öðrum tekjum, leggst við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við áheitum, minningargjöfum, afmælisgjöfum o. fl. og ber stjórn hans og öðrum aðstandendum að vinna að því, að hann eflist eftir því, sem föng eru á.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, einn maður kosinn árlega af iðnfræðsluráði og einn maður kosinn árlega af Iðnnemasambandi Íslands. Þeir skipta sjálfir með sér störfum.

7. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur tryggan.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

143

4. júlí

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að fara í bága við ákvæði hennar.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta ríkisins á skipulagsskrá þessari.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 1950.** 144  
4. júlí  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 8. apríl 1949 af þeim iðnaðarmönnum, er luku burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1934 og voru á lífi við stofnun hans.

Leggi aðrir árgangar frá skólanum fé í sjóðinn, skulu þeir árgangar teljast meðstofnendur hans, og þeirra getið í gerðabók sjóðsins og aftan við skipulagsskrá.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur sem þessir iðnaðarmenn gáfu þann dag.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að fyrir fé hans verði útveguð handa Iðnskólanum í Reykjavík þörf áhöld og verkfæri, sem nota þarf við kennslu eða rannsóknir í skólanum, en ekki fæst fé til á annan hátt. Má verja til þess vöxtum og höfuðstól, en vinna skal að því, að afla honum tekna til uppbótar, ef höfuðstóllinn er skertur.

## 4. gr.

Sjóðurinn tekur við áheitum og minningargjöfum, afmælisgjöfum o. fl., og ber stjórn hans og öðrum aðstandendum að vinna að því, að hann eflist á allan hátt, sem rétt þykir.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, einn maður kosinn af iðnfræðsluráði og einn maður kosinn af stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Þeir skipta sjálfir með sér verkum.

144

4. júlí

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sama tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta ríkisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er þannig sett í umboði gefenda og í samráði við skólastjóra Iðnskólans.

145

6. júlí

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 61 18. júlí 1928, sbr. auglýsingu nr. 79 26. maí 1942 og auglýsing nr. 94 7. júlí 1949.

1. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. hafnarreglugerðarinnar, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 79/1942, bætist: Sama gildir um erlend fiskiskip.

2. gr.

VII. kafli, 22. gr. b. og c. liðir orðist svo:

- b. Innlend fiskiskip greiði 30 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 8 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip sem leita til hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða 50 aura í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr 12.00. Strandferðaskip ríkisins greiði þó einungis 20 aura fyrir hverja nettó smálest og skip Eimskipafélags Íslands 45 aura fyrir hverja nettó smálest, hvoru tveggja án viðbótargjalds.

3. gr.

33. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

### Vörugjaldskrá:

- 1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, korn og mjölvara, sykur (annar en strásykur), kartöflur og annar garðávöxtur, rófur, kálmeti og þess háttar, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl og lýsi.



## 2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:

Alls konar óunnið járn, eldfastur steinn og leir, eldavélar, þvottapottar með eldstó, miðstöðvarefni, járnþípur, bárujárn, saumur, timbur (sem reiknað er eftir þyngd), gólf- og veggflisar, blý, vír, vírnet, akkeri, kaðlar, kitti, menja, þakpappi, vélar, varahlutir til véla, heyvinnuefni, plógar, herfi, fóðurbætir, kalk, tilbúinn áburður, gærur, skinn, ull, svo og aðrar vörur, sem ekki eru á öðrum stað taldar upp í skrá þessari.

## 3. flokkur. Gjald 80 aurar af hverjum 100 kg:

Olía, benzín, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessian, tvistur, garn, línur og önglar, freðsild.

## 4. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 10 kg:

Stráskykur, málunurvörur og efni til málunar, lakk, lím, gibs veggfóður, sýrur, essenser, kork og korkvörur, brauðvörur, kex, linoleum gúmmi og gúmmivörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, olíufatnaður, útgerðarvörur, svo sem net, nætur, bátar o. fl. þess háttar.

## 5. flokkur. Gjald 40 aurar af hverjum 10 kg:

Hvers konar krydd, niðursuðuvörur, blikkvörur, hjólhestar, varahlutir til þeirra, tin, zink og þess háttar, ger og efni í það, verkfæri alls konar s. s. smíðatól, skóflur, hakar o. þ. h., þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáíðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur s. s. þvottaefni, sóði, sápur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur, smá járnvörur svo sem skrár, lamir, lykklar o. þ. h., eldhúshöld, barnavagnar, leður, leðurvörur, ávextir, bökunarvörur, lyfjavörur, kaffi, kaffibætir.

## 6. flokkur. Gjald 100 aurar af hverjum 10 kg.

Rafmagnsvörur og áhöld, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smá hljóðfæri, hljómvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmi, almennur hvers konar fatnaður, klukkur, mælar, símar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakóduft, te, húsgögn, dívanar og efni til bólstrunar, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.

## 7. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 10 kg:

Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus, ilmvötn og aðrar snyrtivörur.

## 8. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert stykki:

Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.

## 9. flokkur. Gjald 10 aurar af hverju teningsfeti:

Trjávörur og allar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

## 10. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu:

Kverkuð og hausskorin saltsild og matjessild.

## 11. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hverja tunnu:

Öll önnur sild.

## 12. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hvert mál:

Öll sild í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðarkaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.

## 13. flokkur. Gjald 400 aurar fyrir hvert:

Nautgripir, sauðkindur, hestar, geitur, loðdýr.

## 14. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 500 kg:

Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem er skipað upp í höfninni. Enn fremur 20 aurar fyrir hver 100 kg af nýrri sild, sem skipað er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

## 15. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hvert tonn:

Brennsluolía (fuelolía).

- 145** Gjald þessa flokks innheimtist án viðauka.  
6. júlí Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema leyfi landeiganda og hafnarvarðar komi til.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

- 146**  
13. júlí

## REGLUGERÐ

### um söluskatt.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1950, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1950, eins og nánar er til tekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

#### Söluskattur af innfluttum vörum.

#### 2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 6% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, — og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

#### 3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá		
Kafli	Nr.	
2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfamjöl (lucernemjöl).

Tollskrá			146
Kafli	Nr.		13. júlí
22	6—38	Drúfuvin, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.	
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.	
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.	
25	9	Borðsalt.	
	10	Annað salt.	
	25	Krít, þvegin.	
27	1	Steinkol og brúnkol.	
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).	
	15	Flugvélabenzín.	
	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.	
	18	Smurningsolíur.	
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.	
32	6	Vélaáburður og annar þvilikur áburður úr feiti og feitum sýrum.	
35	1—10	Tilbúinn áburður.	
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.	
	22	Spons úr trjáviði.	
	23	Síglugjarðir úr trjáviði.	
	24	Annað tilsniðið tunnuefni úr trjáviði.	
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsniðnir.	
	27	Aðrir trékassar.	
	28	Síldartunnur.	
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.	
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.	
41	6	Netja- og nótakorkur alls konar.	
42	2	Strámottur til umbúða.	
44	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m <sup>2</sup> .	
	21a	Sellófanpappír.	
	33	Vaxbornar pappaumbúðir, einnig tilsniðnar.	
45	3	Dagblöð, vikublöð og tímarit.	
	7	Frímerki íslenzk, ónotuð.	
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilik verðbréf.	
	20a	Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áletrunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings.	
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netagerðar.	
	5	Netjagarn úr nylon, ólitað.	
48	6	Netjagarn úr baðmull.	
49	2	Hampur.	
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.	
	8	Netjagarn úr hampi.	
	9	Botnvörpugarn úr hampi.	
	16	Mottur til umbúða.	
	22	Umbúðastrigi úr jútu.	
50	12	Færi og línur til fiskveiða.	
	13	Öngultaumar.	
	17	Grastóg.	
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.	
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gervipráðum.	
19a		Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.	

146 Tollskrá		
13. júlí	Kafli	Nr.
		21 Netjateinungar úr blýi eða korki.
		22 Lóðarbelgir.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl.
60	15	Netjakúlur.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr jární, ót. a.
	97	Netjakúlur.
64	3	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur.
67	5	Blýlóð (sókkur).
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2	Skip 250 tonn eða stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki og dýptarmælar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

## 4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollýfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaптúnunum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollfirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

## Söluskattur af sölu og annarri veltu.

## 5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 6/1935, greiða söluskatt þann, sem hér er ræðir:

- Ferðaskrifstofa ríkisins.
- Innkaupastofnun ríkisins.
- Kvikmyndahússrekstur.
- Landssmiðjan.
- Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- Ríkisútvarpið.
- Útgerð skipa.
- Viðgerðarstofa útvarpsins.

Viðtækjasmíðjan.  
Viðtækjaverzlunin.

146  
13. júlí

## 6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

## A.

1. Heildsala.
2. Umboðssala, þó aðeins að því, er tekur til venjubundinna umboðslauna, en ekki að því, er tekur til neins konar þóknunar, sem telja má að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.

## B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum.

## C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
  2. Bifreiðaaakstur.
  3. Húsaleiga.
  4. Iðgjaldatekjur váttryggingarféлага.
  5. Netagerð.
  6. Nuddlækning.
  7. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
  8. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30000.00.
- Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrirfram verður ekki vitað, hvort söluskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
9. Skóviðgerðir.
  10. Smíði á nótabátum.
  11. Tannlækning og tannsmíði.
  12. Viðgerðir á skipum.

## 7. gr.

Af sölu og annarri veltu skattskyldra aðila skal greiða söluskatt eins og hér segir:

- a. Af smásölu 2%.
- b. Af annarri sölu 3%.

Skattskyldan tekur jafnt yfir sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs kostnaðar og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Þá skal og meðtalin sá hluti veltu, er stafar af einka-notum atvinnurekanda.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

## 8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1950 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína og aðra veltu á fyrra misseri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1950 um sölu og aðra veltu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Skattálagningar-yfirvöldin ákveða síðan söluskatt fyrra misserisins og tilkynna hann skattgreiðanda fyrir lok júlímánaðar 1950, síðara misserisins fyrir lok októbermánaðar 1950 og janúarmánaðar 1951. Skattur af sölu og annarri veltu fyrra misserisins skal síðan greiddur til skattheimtuýfirvalda ríkisins — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaupþúnum — 1. ágúst 1950, en hins síðara 1. nóvember 1950 og 1. febrúar 1951. Heimilt skal að innheimfa á síðasta gjalddaganum allan söluskatt ársins, ef um smávægilegan rekstur er að ræða. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir,  $\frac{1}{2}\%$  á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

## 9. gr.

Peir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun þess söluskatts af sölu og annarri veltu, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10 daga frá gjalddaga, skatt fyrir fyrra misseri ársins 1950 fyrir 10. ágúst þess árs, skatt fyrir þriðja ársfjórðung fyrir 10. nóvember s. á. og skatt fyrir síðasta ársfjórðung fyrir 10. febr. 1951. Skattálagningaryfirvöldin skulu síðan kveða upp úrskurð um kærana innan 10 daga þar frá, þ. e. vegna fyrra misseris fyrir 20. ágúst 1950, fyrir þriðja ársfjórðung fyrir 20. nóvember s. á. og fyrir síðasta ársfjórðung fyrir 20. febr. 1951. Úrskurðum skattstjóra eða skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 30 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir, þ. e. kærufrestur til yfirskattanefndar vegna fyrra misseris er til og með 20. september 1950, vegna þriðja ársfjórðungs til og með 20. desember og vegna síðasta ársfjórðungs til og með 20. marz 1951, en úrskurðarfrestur yfirskattanefndar vegna fyrra árshelmings er til og með 20. október 1950, vegna þriðja ársfjórðungs til og með 20. janúar 1951 og vegna síðasta ársfjórðungs til og með 20. apríl 1951. Kærufrestur til ríkisskattanefndar vegna fyrra misseris er til og með 20. nóvember 1950, vegna þriðja ársfjórðungs til og með 20. febrúar 1951 og vegna síðasta ársfjórðungs til og með 20. maí 1951. Úrskurðarfrestir ríkisskattanefndar vegna fyrra misseris er til og með 20. desember 1950, vegna þriðja ársfjórðungs til og með 20. marz 1951 og vegna síðasta ársfjórðungs til og með 20. júní 1951.

Áfrýjun skattálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

## 10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskyldum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

## 11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

146

13. júlí

## 12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sbr. lög nr. 116/1949, lög nr. 18/1950 og lög nr. 24/1950, um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

## BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

147

13. júlí

fyrir Rafveitu Búðakauptúns.

## 1. gr.

Rafveita Búðakauptúns selur raforku til ljósa á kr. 1.30 hverja kwst. og til suðu á kr. 0.30 hverja kwst. Að öðru leyti fer um gjöld fyrir selda raforku samkvæmt ákvæðum gildandi gjaldskrár.

## 2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar, nr. 86 16. október 1929, ásamt síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1951 og leita staðfestingar ráðuneytisins á ný.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. júlí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1948.

## Tekjur:

1. Eign frá f. ári:			
a. Bankavaxtabréf .....	kr.	5300.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	500.00	
c. Innstæða í sparisjóði .....	—	361.50	
			kr. 6161.50
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	259.50	
b. — sparisjóðsinnstæðu .....	—	16.68	
			— 276.18
3. Áheit .....	—	150.00	
			— 150.00
			Kr. 6587.68

## Gjöld:

1. Styrkur veittur einum sjúklingi .....	kr.	300.00	
2. Eign í árslok:			
a. Bankavaxtabréf .....	kr.	5300.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	500.00	
c. Innstæða í sparisjóði .....	—	487.68	
			— 6287.68
			Kr. 6587.68

Sauðárkróki, í febrúar 1949.

Margrét Hemmert. Elinborg Jónsdóttir. Guðrún Bjarnadóttir.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar á árinu 1949.

## Tekjur:

1. Stofnfé sjóðsins, skuldabréf Sturlu Friðrikssonar .....	kr.	50000.00	
2. Vextir af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar frá 1. okt. 1948 til 30. sept. 1949 .....	kr.	2500.00	
3. Í sparisjóðsbók nr. 66359 við Landsbanka Íslands .....	—	203.02	
			— 2703.02
			Samtals kr. 52703.02

## Gjöld:

Til jafnaðar: Í sjóði til næsta árs:			
1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar .....	kr.	50000.00	
2. Inneign í sparisjóði .....	—	2703.02	
			— 2703.02
			Samtals kr. 52703.02

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 15. maí 1950.

Vilm. Jónsson.



**REIKNINGUR**

150

Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1949.

## Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 5300.00		
b. Ríkisskuldabréf .....	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði .....	— 487.68		
			kr. 6287.68
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 259.50		
b. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 18.64		
			— 278.14
			Kr. 6565.82

## Gjöld:

1. Styrkur veittur einum sjúklingi .....	kr. 200.00		
2. Eign í ársok:			
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 5300.00		
b. Ríkisskuldabréf .....	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði .....	— 565.85		
			— 6365.82
			Kr. 6565.82

Sauðárkróki, 1 febrúar 1950.

Elinborg Jónsdóttir.

Guðrún Bjarnadóttir.

Margrét Hemmert.

**IÐNLÁNASJÓÐUR**

151

Jafnaðarreikningur 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Útlán .....	kr. 1141502.00	
2. Útvegsbanki .....	— 186733.78	
		Kr. 1328235.78

## Skuldir:

1. Stofnsjóður .....	kr. 1286599.08	
2. Viðskiptamenn .....	— 9784.10	
3. Fyrirframgreiddir vextir .....	— 31852.60	
		Kr. 1328235.78

Reykjavík, 2. janúar 1950.

## IÐNLÁNASJÓÐUR

Elías Halldórsson.

Guðjón Halldórsson.

- 151 Reikning þenna höfum við yfirfarið ásamt fylgiskjölum og borið hann saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán og bankainnstæðu og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 20. febrúar 1950.

*Páll Pálmason. Sveinbjörn Jónsson.*

152

## REIKNINGUR

### Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1949.

#### Tekjur:

Í sjóði frá fyrra ári .....		kr. 39869.61
Tillög vitavarða .....	kr. 4035.61	
Gestafé .....	— 2893.65	
Vextir .....	— 3341.64	
Ríkissjóðsstyrkur .....	— 1000.00	
	<hr/>	
	kr. 11270.90	
Útdr. verðbréf Stofnlánadeildar sjávarútv. ....	kr. 2000.00	
Útdr. verðbréf Innanríkislán 1941 .....	— 5000.00	
	<hr/>	
	— 7000.00	
	<hr/>	
		— 18270.90

Kr. 58140.51

#### Gjöld:

Veittur styrkur .....	kr. 1000.00
Greidd sjúkrasamlagsgjöld .....	— 540.00
Fjölritun ársreiknings .....	— 74.60
Inneign í Sparisjóði Landsbankans .....	— 56525.91

Kr. 58140.51

#### Eignir:

8. fl. bankavaxtabréf Landsbanka Íslands .....	kr. 1000.00
10. — — — — — .....	— 5200.00
6% Verðbréf Mjólkurfélags Reykjavíkur .....	— 1000.00
4% Sogsvirkjunarlán .....	— 3000.00
4% Rafmagnsveitulán .....	— 7000.00
Verðbréf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins .....	— 25000.00
Hlutabréf Eimskipafélags Íslands .....	— 25.00

kr. 42225.00

Inneign í Sparisjóði Landsbanka Íslands .....

— 56525.91

Kr. 98750.91

Vitamálastjórinn

**Emil Jónsson.**

**REIKNINGUR**

153

Styrktarsjóðs læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen,  
héraðslæknis, Akranesi, árið 1949.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Innstæða í A-deild Söfnunarsjóðs) .....	kr. 10120.31
2. Vextir 1948 .....	— 610.66
3. Innlagt (gjafir) .....	— 500.00
	<hr/>
	Kr. 11230.97

## Gjöld:

1. Sjóður í árslok, innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 11130.97
2. Í sjóði hjá gjaldkera .....	— 100.00
	<hr/>
	Kr. 11230.97

Akranesi, 24. janúar 1950.

Ólafur Finsen.      Árni Árnason.      Þuríður Guðnadóttir.      Jón M. Guðjónsson.

**REIKNINGUR**

154

Minningarsjóðs Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur, Kirkjubæjar-  
klaustri, árið 1949.

## A-deild.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 28597.35	
b. Í innlánsdeild K. S. ....	— 209.25	
	<hr/>	kr. 28806.60
2. Gjafir á árinu .....	— 1220.00	
3. Vextir:		
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr. 1383.99	
b. Af innstæðu í innlánsdeild K. S. ....	— 7.32	
	<hr/>	— 1391.31
		Kr. 31417.91

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
1. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 30481.34	
2. Innstæða í innlánsdeild K. S. ....	— 936.57	
	<hr/>	Kr. 31417.91

## B-deild.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun .....	kr. 5679.45
2. Vextir á árinu .....	— 272.59
	<hr/>
	Kr. 5952.04

## Gjöld:

Í sjóði til næsta árs .....	kr. 5952.04
	<hr/>
	Kr. 5952.04

Kirkjubæjarklaustri, 23. maí 1950.

Gísli Brynjólfsson.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1949.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr. 172742.27
2. Árgjöld frá félögum .....	— 6000.50
3. Styrkir úr bæjarsjóði .....	— 10000.00
4. Styrkir úr ríkissjóði .....	— 6000.00
5. Vextir á árinu .....	— 8481.35

---

 Kr. 203224.12

## Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr. 26675.00
2. Ýmis gjöld .....	— 528.15
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Reykjavíkurbæjar .....	kr. 15000.00
b. — Rafmagnsveitu .....	— 1000.00
c. — Sogsvirkjunar .....	— 10000.00
d. — Hitaveitu .....	— 17000.00
e. — Byggingarsjóðs verkamanna .....	— 55000.00
f. — Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f .....	— 18000.00
g. — Alþýðuhússins Iðnó .....	— 44000.00
h. Innst. í Útvegsbanka .....	— 1125.46
i. Innst. í Landsbankanum .....	— 14895.51

---

 — 176020.97

---

 Kr. 203224.12

Reykjavík, 25. jan. 1950.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Hannes M. Stephensen.

Guðmunda Ólafsdóttir.

Framanritaðan reikning fyrir árið 1949 höfum við undirritaðir farið yfir og  
ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. marz 1950.

*Alfreð Guðmundsson.*
*Halldór Pétursson.*

**REGLUGERÐ****156**  
17. júlí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar hestamannafélagsins Stígandi í Skagafirði.

**1. gr.**

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-  
stofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

**2. gr.**

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslita-  
hlaupum.

**3. gr.**

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 75% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (25%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til að koma upp skeið-  
velli á félagssvæðinu, til viðhalds hans og til reiðvega í Skagafjarðarsýslu. Má  
tillag til reiðvegarins aldrei nema minna en 10% af hagnaði félagsins af veð-  
málastarfseminni.

**4. gr.**

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinn-  
ingar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

**5. gr.**

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða  
fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreiðar-  
reglum félagsins.

**6. gr.**

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

**7. gr.**

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum og er ekki ábyrgzt að innskot fáiast  
að fullu aftur.

**8. gr.**

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurð-  
um dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik  
o. s. frv.

**9. gr.**

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup, og því aðeins  
að þeir séu með læsilegum tölum.

**10. gr.**

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

156  
17. júlí

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 17. júlí 1950.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

157  
17. júlí

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Dalvík.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Dalvíkurhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hálshöfða að Sauðanestá á Upsaströnd, innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmensjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Að nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn Dalvíkurhrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsins, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Sveitarstjórnin ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kys sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft, sem þurfa þykir, og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstrarárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok

næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs. 157

17. júlí

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir sveitarstjórn Dalvíkurhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

## 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renni í hafnarsjóð Dalvíkurhrepps, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

Fé úr sjóðnum veitir sveitarstjórn, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

## 7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## III. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

## 9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannláus í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 10. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skipa og bólvirkis eða bryggju.

## 11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

## 12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði

157 dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni 17. júlí heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

#### IV. KAFLI

##### Um notkun bryggna og bólvirkja.

###### 13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfn þau skip, sem sigla eftir fastri, anglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

###### 14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

###### 15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru sliku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis eða bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz úr er bætt.

###### 16. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hún krefst þess.

#### V. KAFLI

##### Um almenna reglu.

###### 17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

###### 18. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álitni



hafnarnefnd að hætta geti stafað af affermingu eða fermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. 157 17. júlí

Bannað er er skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni, innan línu, sem hugsast dregin frá Brimnesá að árósum Svarfaðardalsár.

## VI. KAFLI

### Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

#### 19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema sveitarstjórn hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar undir úrskurð þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þús. krónum, og getur hafnarnefndin látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis ráðuneytisins.

#### 20. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð, er þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

#### 21. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, sem hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða hölvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

#### 22. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, sem hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

## VII. KAFLI

### Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

#### 23. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggjá megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi á höfninni.

VIII. KAFLI  
Um lestagjald.

## 24. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjald, sem miða skal við brúttósmálestátölu skipsins, í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarvæðið, þó með þessum undantekningum:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóttjóns.

## 25. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna eða félaga í Dalvík og skráð þar, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, þannig:

Fyrir árabáta .....	kr. 10.00
— vélbáta að 2 smál. ....	— 25.00
— báta 2—10 smál. ....	— 50.00
— báta 10—30 smál. ....	— 150.00
— báta 30—60 smál. ....	— 200.00
— báta yfir 60 smál. ....	— 250.00

- b. Önnur innlend fiskiskip greiði kr. 0.30 fyrir hverja brúttósmálest í hvert skipti er þau koma til hafnarinnar.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi samkv. 24. gr.), skulu greiða kr. 0.30 lestagjald fyrir hverja nettósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.
- Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura lestagjald af nettósmálest, og hvert skip ekki oftár en einu sinni á mánuði.

## IX. KAFLI

## Ljósagjald.

## 26. gr.

- a. Skip, samkv. a-lið 25. gr., greiði árgjald kr. 3.00 fyrir hverja brúttó smálest í ljósagjald.
- b. Öll önnur skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald 5 aura af hverri brúttósmálest.

## 27. gr.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi.

## 28. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að víkja frá þessari gjaldskrá teljist sérstakar ástæður fyrir hendi, enda hafi hún til þess samþykki sveitarstjórnar á hverjum tíma.

## X. KAFLI

157

## Vörugjald.

17. júlí

## 29. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

## 30. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

## 31. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

## 32. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega; brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldur til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 33. gr.

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar.

## 34. gr.

*Vörugjaldskrá.*

1. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 100 kg:  
Kornvara, sykur, kartöflur, rófur, mjólk, mjólk, sildarmjólk, fiskimjólk, hey, fóðurvörur (útlendar), hraðfrystur fiskur, saltfiskur og gærur.
2. flokkur. Gjald kr. 2.25 hver 100 kg:  
Kaffi, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, sælgætisvörur, drykkjarföng, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, tólg, tóbaksvörur, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
3. flokkur. Gjald kr. 0.75 hver 100 kg:  
Kol, salt, oliur, benzín, smurningsoliur, lýsi, vítissóði, áburður, sement, vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn og vatnspípur.

17. júlí
- 157 4. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg:  
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, vírnet, miðstöðvar, gólf-  
dúkur, pappi og saumur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.75 hver 100 kg:  
Leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. u. l., herpinætur, net, fiskilínur,  
kaðlar, strígi, ull, málning, kjöt og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:  
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður.
7. flokkur. Gjald 5 kr. hvert stykki:  
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
8. flokkur. Gjald kr. 1.50 hvert stykki:  
Handlaugar, salernistæki.
9. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:  
Ísaður fiskur til útflutnings og ís.
10. flokkur. Gjald 60 aurar hver tunna:  
Síld og hvers konar sjávarafurðir í tunnum.
11. flokkur. Gjald 10—30 aurar hver tunna eftir stærð:  
Tómar tunnur.
12. flokkur. Gjald 15 aurar hvert teningsfet:  
Timbur, þar með taldir staurar, krossviður, valborð og allar aðrar vörur,  
sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
13. flokkur. Gjald 5 kr. hver gripur:  
Stórgripir.
14. flokkur. Gjald 1 kr. hver kind:  
Sauðfé.

## 35. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

## 36. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 34. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar varan er komin í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

## XI. KAFLI

## Um aflagjald.

## 37. gr.

Af heildarafla skips greiðist kr. 5.00 af hverri smálest fiskjar, slægðum með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist 25 aura gjald, er þetta gjald kræft um leið og afla er landað, og greiðist það af eiganda skips eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta

samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd. 157

17. júlí

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

## XII. KAFLI

### Um bryggjugjald.

#### 38. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki hvar sem er á höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip búsettra manna í Dalvíkurhreppi og skrásett þar, greiði kr. 4.00 á ári af hverri brúttósmálest.
- b. Öll aðkomuskip greiði 10 aura af hverri brúttósmálest fyrir hvern heilan sólarhring eða hluta úr sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera kr. 5.00 í hvert skipti.
- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og landi hafnarinnar, skal hafnarnefnd ákveða gjald, eða semja um það við viðkomandi aðila.

## XIII. KAFLI

### Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

#### 39. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

## XIV. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

#### 41. gr.

Seglfestu, sand, mól eða annað efni til bygginga er bannað að taka á hafnar-svæðinu, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

#### 42. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

157

17. júlí

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkv. lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Dalvíkurhrepps.

45. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

46. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Dalvíkurhöfn, nr. 157 frá 1. sept. 1939 og reglugerðarbreytingar nr. 210 frá 21. maí 1942 og nr. 55 frá 12. apríl 1944.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

158

18. júlí

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Hafnarhrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Hafnarhrepps er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Hafnarhrepps starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kaптúnið og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Hafnarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hafnarhrepps, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

*Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Hafnarhrepps aflar raforku til almenningsþarfa í Hafnarkauptúni með því að kaupa raforku frá öðrum, eða vinna hana sjálf, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hafnarhrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Hafnarhrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkusvæði sínu.

## 3. gr.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

158

18. júlí

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand veitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd staðfestir, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Hafnarhrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

## 7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við tauga-

158 kerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur 18. júlí reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

## B. Söluskilmálar.

### 8. gr.

#### *Sala raforku.*

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa ríðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 ríðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

### 9. gr.

#### *Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá því, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

### 10. gr.

#### *Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandinn greiða kostnaðinn við þá breytingu, og er ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

### 11. gr.

#### *Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slik verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því sem ákveðið er í regl-



um um raflagnir í Hafnarhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, sem sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana varði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða láta gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Hafnarhrepps.

## 14. gr.

*Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/\div 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/\div 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/\div 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda, miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið við mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

## 15. gr.

*Ábyrgð.*

158

18. júlí

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

## 16. gr.

*Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

## 17. gr.

*Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörðun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá;
3. trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitu, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

## 18. gr.

*Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bílana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

158 Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða  
18. júlí annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku með föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað í annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

#### 20. gr.

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefndin samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

**C. Almenn ákvæði.****21. gr.***Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

**22. gr.***Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**G J A L D S K R Á**

fyrir Rafveitu Hafnarhrepps.

**I. RAFORKA**

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á kr. 0.50 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af 5 herbergjum hveirrar íbúðar, og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram 5. Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert úppsett kw. vélanna.
2. Til vélaeksturs í verksmiðjum og frystihúsum um kwst.mæli á kr. 0.50 hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1—2 stundir síðdegis. Einnig á öðrum tímum, ef spenna er mjög lág.

159

18. júlí

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri húsveitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, er hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 25 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....    | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....      | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

Grunngjald:

- |                                     |            |
|-------------------------------------|------------|
| 1. Af hverri loftlínuheimtaug ..... | kr. 400.00 |
| 2. Af hverri jarðlínuheimtaug ..... | — 600.00   |

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 2.00 af hverjum rúmmetra húsa, sem er fram yfir 100, allt að 1200 rúmmetrum.

Gjald þetta miðast við vírgildleika  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup> eða grennri, og lengd allt að 20 metrum fyrir jarðstreng og 40 metrum fyrir loftlínu. Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug lögð að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Sérstök heimtaug lögð í útihús á byggingarlóð aðalhúss, telst sem aukaheimtaug.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið.

Hreppsnefnd lætur gera skrá yfir öll hús í hreppnum, og tilgreinist þar rúmmál þeirra, miðað við utanmál frá neðsta gólfi í topp á risi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 10.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 10.00 á skrifstofu rafveitunnar.

## V. BREYTINGAR GJALDSKRÁR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Alvinnuáráðuneytið, 18. júlí 1950.*

4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

## 8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4 × 5 cm, í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

## 9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfin skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

## 10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáiast gegn eldshættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

## 12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmiður hússins sæta sekt-



um frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar. 186 1. sept.

## 14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast þess af stjórn- um mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

## 15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

## 16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnur nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

## 17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu laubúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

## 18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

## 19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsabyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

186

1. sept.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lög-reglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem opinber lögreglumál.

20. gr.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og lögum nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

187

5. sept.

## SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Stóra-Langadalsár á Skógarströnd.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Stóra-Langadalsár. Heimili þess er í Stóra-Langadal og varnarþing á Skógarströnd.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka silungsveiði og koma á laxveiði í Stóra-Langadalsá og Setbergsá. Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því að selja árnar á leigu til stangaveiði, en koma í veg fyrir allar aðrar veiðiaðferðir í þeim, nema að svo miklu leyti, sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klakfisk.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Stóra-Langadalsá allri og í Setbergsá frá straumlínunótum Stóra-Langadalsár og Setbergsár að Illafossi.

Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru þessar: Ós, Klungurbrekka, Haukabrekka, Klettakot, Stóri-Langidalur, Ytra-Leiti og Narfeyri.

4. gr.

Veiði öll skal óheimil í vatnsföllum, er samþykktin nær til, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, og að öðru leyti til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hverju svæði ána það heimili að veiða.

5. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum báðar árnar eða hluta af þeim, um tiltekið árabíl, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur; skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni til skiptis þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár. Annar meðstjórnandi eftir tvö ár samkvæmt hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í félagsstjórn.

## 7. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli funda. Hún hefur eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum.

## 8. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Aðalfundur er lög-mætur, ef hann er boðaður skriflega hverjum félagsmanni með minnst þriggja daga fyrirvara, fundarefnis getið í fundarboði og fullur helmingur félagsmanna mættur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar eru 2 endurskoð- endur félagsreikninga, einnig kosnir á aðalfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingu á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

## 9. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

## 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal- fund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

## 11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði félagsins svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur sam- þykkir og undirrituð er að minnsta kosti af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram, enda sé eigi krafizt mats að lögum.

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt 89.—94. gr. laga nr. 112 1941.

## 13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

## 14. gr.

Félaginu má slíta ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

188  
5. sept.

## A R Ð S K R Á

fyrir Veidifélag Stóra-Langadalsár á Skógarströnd.

Ós .....	22 einingar.
Klungurbrekka .....	11 —
Haukabrekka .....	19 —
Klettakot .....	8 —
Stóri-Langidalur .....	11 —
Ytra-Leiti .....	9 —
Narfeyri .....	20 —

---

Alls 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

189  
7. sept.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

### 2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Hann skal vera húsameistari eða húsa-smíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

### 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu og Byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

### 4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að aflokn-

um hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildi kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar.

189

7. sept

## 5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tillækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

## 6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 35 frá 29. apríl 1946 og reglugerðar, sem sett er samkv. þeim lögum.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

## 7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

## 8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4 × 5 cm, í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

## 9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfin skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem best byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

189

7. sept.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fái gegn eldshættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast þess af stjórnunum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

## 17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er felli fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

189

7. sept.

## 18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

## 19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsa byggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

## 20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lög-reglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem opinber lögreglumál.

## 21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og lögum nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

um útgáfu ríkisskuldabréfa samkv. 6. gr. laga nr. 47 25. maí 1950, til greiðslu afurðatjónsbóta vegna fjárskipta.

190

7. sept.

## 1. gr.

Ríkissjóður gefur út á árinu 1950 ríkisskuldabréf í fjórum flokkum, samtals að fjárhæð kr. 3 900 000.00, til greiðslu afurðatjónsbóta til bænda vegna fjárskipta samkvæmt lögum nr. 47 25. maí 1950 um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárskjúkdóma og útrýming þeirra. Bréfin eru að fjárhæð kr. 1000.00, kr. 500.00, kr. 100.00 og kr. 50.00 hvert, og auðkennast lítra A—D, auk hlaupandi tölusetningar innan hvers flokks.

190

7. sept.

## 2. gr.

Tala og fjárhæð bréfa í hinum einstöku flokkum er sem hér segir:  
Líttra A 1900 bréf, hvert að fjárhæð 1000 kr., samtals kr. 1 900 000.00  
Líttra B 2500 bréf, hvert að fjárhæð kr. 500.00, samtals kr. 1 250 000.00.  
Líttra C 6500 bréf, hvert að fjárhæð kr. 100.00, samtals kr. 650 000.00.  
Líttra D 2000 bréf, hvert að fjárhæð kr. 50.00, samtals kr. 100 000.00, eða allir flokkarnir samanlagðir kr. 3 900 000.00.

## 3. gr.

Bréfin eru gefin út og skráð á nöfn þeirra, sem við þeim eiga að taka samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar. Heimilt er að framselja bréfin með venjulegum hætti. Sé um framsal að ræða samkvæmt 6. gr., getur áritun bankans um móttöku upp í árgjaldagreiðslur komið í stað skriflegs framsals.

## 4. gr.

Skuldabréfin bera 4% ársvexti og skulu fylgja þeim viðfestir vaxtamiðar fyrir tímunn frá 1. okt. 1950 til 1. okt. 1955. Vaxtamiðar þessir falla í gjalddaga 1. október ár hvert, en fyrir sé þeim ekki framvísað til greiðslu innan 4 ára frá gjalddaga.

## 5. gr.

Skuldabréfin falla í gjalddaga 1. október 1955, og fer greiðsla þeirra fram hjá ríkisféhirði, Reykjavík, og hjá sýslumönnum og bæjarfógetum út um land. Afhenda skal bréfin til greiðslu árituð kvittun rétttra eigenda.

## 6. gr.

Skuldabréfin skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, en þó aðeins lána þeirra aðila, sem tekið hafa bréfin upp í afurðatjónsbætur. Skulu bankarnir þá taka bréfin með nafnverði. Á sama hátt eru vaxtamiðar bréfanna gjaldgengir til greiðslu sömu lána.

## 7. gr.

Skuldabréfin skulu vera stimpilfrjáls, en framsal þeirra skal hinsvegar stimpla eftir venjulegum reglum. Þó skal framsal bréfa til banka samkvæmt 6. gr. vera undanþegið stimpilgjaldi.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt fyrirráðum 6. gr. laga nr. 47 25. maí 1950.

*Fjármálaráðuneytið, 7. september 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magrús Gíslason.*



## REGLUR

### um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

191

7. sept.

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skipaskoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði.

#### 1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða opnum bát greiðir lögreglustjóri f. h. ríkissjóðs laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, er hann hefur fengið vottorð um, að skoðunin hafi farið fram:

- A. Fyrir opinn bát án vélar ..... kr. 12.00  
 B. Fyrir opinn bát með vél ..... — 18.00  
 C. Skip með þilfari, sem ganga fyrir vélaafli:

	Á rúmlest:	Minnsta gjald:
Minni en 15 rúmlestir .....		kr. 60.00
15—30 rúmlestir .....	kr. 3.60	— 75.00
30—50 — .....	— 3.00	— 108.00
50—100 — .....	— 2.40	— 150.00
100—150 — .....	— 2.10	— 240.00
150—200 — .....	— 1.80	— 315.00
200—400 — .....	— 1.50	— 360.00
400 rúmlestir og þar yfir .....		— 600.00

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. gr. C., skal greiða 75% skoðunargjaldsins.

- D. Ef svo ber undir, að einhver hluti aðalskoðunar eða aukaskoðunar af einhverjum ástæðum getur ekki farið fram á sama stað eða um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal skipta gjaldinu þannig:

Fyrir skoðun á bolnum % hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á vélinni % hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á búnaðinum % hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á skrúfuöxli, botnlokum o. fl., ef sú skoðun ekki fer fram um leið og vélaskoðunin, skal greiða  $\frac{1}{6}$  hluta skoðunargjaldsins að auki.

Þegar botnskoðun er gerð á skipi, skal sú skoðun vera fullnaðarskoðun á bolnum í það skiptið og gjaldið eins og áður segir.

- E. Fyrir skoðun á eimkatli:

Þegar vélarnar eru minni en 100 indiceruð hestöfl ....		kr. 75.00
— — — 100—200 — — .....		— 90.00
— — — 200—400 — — .....		— 180.00
— — — 400—800 — — .....		— 225.00
— — — 800—1200 — — .....		— 270.00
— — — 1200 og þar yfir — — .....		— 360.00

Flokkuð skip skulu skoðuð af einum skipaskoðunarmanni, er skoðar björgunartæki og allan útbúnað skipsins, eldvarnir, vistarverur og forðageymslur.

Séu tveir katlar í sama skipi, skal greiða hálf gjald fyrir síðari ketilinn, ef báðir katlarnir eru skoðaðir í sömu ferð skoðunarmannsins, annars fullt gjald.

191 Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki hægt að byrja á skoðuninni af ástæðum, sem eru skoðunarmanninum óviðkomandi, og greiðir þá útgerðarmaður hálf t skoðunargjald, ásamt ferðakostnaði, sé um hann að ræða. Þó greiði útgerðarmaður ekki ferðakostnað, hafi skipaskoðunarmaður framkvæmt skoðun á öðru skipi í sömu ferð.

Þurfi skoðunarmaður að fara fleiri en tvær ferðir til að skoða sama skip eða hluta þess, skal útgerðarmaður greiða kr. 24.00 fyrir hverja ferð fram yfir tvær, og ferðakostnað, sé um hann að ræða.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í C-lið, haldi skipið flokki, er skoðun fer fram.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt C-lið, að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

Sé skip aðeins skoðað að nokkru leyti eða einstakir hlutar þess, greiðist gjaldið að tiltölu, og ákveður skipaskoðunarstjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skipaskoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

#### 2. gr.

Fyrir skoðun og mælingu á skipi til ákvörðunar á hleðslumerkjum þess, skal greiða skoðunarmanni  $\frac{1}{3}$  hluta gjalds þess, sem ákveðið er í 58. gr. laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

#### 3. gr.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa og óflokkaðra stálskipa, skal  $\frac{1}{3}$  hluti gjaldsins, eins og það er ákveðið í 55. gr. laga nr. 68/1947, renna í ríkissjóð, en  $\frac{2}{3}$  hlutar til þess manns, sem eftirlitið hefur, en taki hann laun úr ríkissjóði, rennur allt gjaldið í ríkissjóð.

#### 4. gr.

Á ofangreind gjöld skal greiða verðlagsuppbót, eins og hún er ákveðin með lögum, þar til öðruvísi verður ákveðið.

#### 5. gr.

Með reglum þessum eru reglur nr. 153 frá 6. sept. 1949, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, numdar úr gildi.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUR

### um skipamælingar.

192

8. sept.

#### I. KAFLI

#### Framkvæmdar fyrirmæli.

#### *Umsókn skipseiganda.*

##### 1. gr.

Þegar beðið er um að mæla eða endurmæla skip, skal eigandi þess senda beiðni um það til hlutaðeigandi yfirvalda.

Beiðni þessari skal fylgja uppdráttur, ef mögulegt er.

Ef óskað er að viss rúm í skipinu séu undanskilin í brúttórúmlestatölu þess, skulu fylgja uppdrættir af rúmum þessum, svo að greinilega komi í ljós ástæðan fyrir því.

#### *Mæling eftir reglu I eða II.*

##### 2. gr.

Mæling eða endurmæling skal framkvæmd eftir reglu I (innan mæling), eða reglu II (utan mæling), en reglur þessar eru að finna í II. til VI. kafla þessara reglna. Reglu II skal aðeins nota, þegar regla I er óframkvæmanleg, þ. e. ef skip er hlaðið, og skal yfirstjórn þeirra, sem annast skipamælingar, gefa úrskurð um það. Skipið skal síðan endurmæla samkvæmt reglu I svo fljótt, sem því verður við komið.

#### *Mælingarskýrsla.*

##### 3. gr.

Þegar mæling fer fram, skulu málin, sem tekin eru, svo og aðrar tölur, sem miða að því að ákveðin verði brúttó og nettó rúmlestatata, eins og um getur í II. kafla, 7. gr., og sem bent er á í III. og VI. kafla, færð inn á mælingarskýrslueyðublað það, sem nota á. Þegar mælingu er lokið, skal mælingarskýrslan undirskrifuð og send til yfirstjórnar skipamælinga, til endurskoðunar og samþykkis. Við endurskoðun þessa skal yfirstjórn skipamælinga ætíð (nema þegar skip er mælt samkvæmt reglu II) nota rannsóknarboglinur í samræmi við ákvæði III. kafla 44. gr., eftir því sem nauðsyn krefur.

Ofangreind yfirvöld skulu einnig, ef nauðsyn þykir til, fullgera mælinguna með rannsóknarboglinum.

#### *Mælingabréf.*

##### 4. gr.

Þegar mæling hefur verið endurskoðuð og fullgerð, ef nauðsynlegt reyndist, skal yfirstjórn skipamælinga láta gefa út mælingabréf samkv. reglu I eða II, eftir því sem við á.

Mælingarbréfið skal vera af sömu gerð og sýnt er á fylgiskjali 1 og 2, og skal innihalda þau atriði, sem þar eru greind.

#### *Merking.*

##### 5. gr.

Ef rúm þau, sem talin eru í 61. til 63. og 66. til 71. gr. eiga að vera undanskilin í brúttórúmlestatölunni, sjá 7. gr., verða þau að vera greinilega merkt, þannig að ljóslega komi fram, til hvernar notkunar þau eru ætluð.

- 192 Nettórúmllestatalan, sjá 7. gr., skal vera skráð með óafmáanlegum stöfum á 8. sept. aðalbitann eða innan á umgerð einhvers af efri lestaropunum (helzt á lestarop nr. 2, talið frá framstafni) eða, ef nauðsyn krefur, á öðrum heppilegum stað.

## II. KAFLI

### Ákvörðun og skýring rúmlestatölu.

#### *Mælingaeining. Nákvæmnistig. Skýring lengdar og breiddar.*

##### 6. gr.

Við ákvörðun á rúmlestatölu skips, skal allt rúmtak reiknað í enskum rúm-fetum eða í rúmmetrum. Ef reiknað er í enskum rúmfetum, skal þeim breytt í rúmlestir, og er ein rúmlest 100 rúmfet, samsvarandi  $1/0,353$  rúmmetrum. Ef reiknað er í enskum fetum, er þeim deilt með tugabroti þessu.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglum þessum, skal:

- I. mál tekið með sem næst 20. hluta nákvæmni úr ensku feti eða næsta sentímetra;
- II. útreikningur gerður samkvæmt eftirfarandi nákvæmnistigi:
  - a. Þegar ákveða skal:
    1. hið sameiginlega bil milli þverskurða (sjá 21. gr.);
    2. hið sameiginlega bil milli breiddanna í hverjum þverskurði (sjá 33. gr.);
    3. hið sameiginlega bil milli breidda í geymum í tvöfalda botni (sjá 45. gr.), í millipílfari (sjá 48. gr.) og í reisnum (sjá 53. gr.).

Ef reiknað er í fetum, skal nota þrjá tugstafi án tillits til hins fjórða, eða

ef reiknað er í metrum, skal nota þrjá tugstafi og skal sá þriðji hækkaður upp, ef hinn fjórði er 5 eða meira.

- b. Þegar ákveða skal:
  1. einn þriðja af sameiginlega bilinu milli þverskurða (sjá 41. gr.);
  2. einn þriðja af sameiginlega bilinu milli breidda í hverjum þverskurði (sjá 39. gr.);
  3. flatarmál þverskurðar (sjá 39. gr.);
  4. einn þriðja af sameiginlega bilinu milli breidda í geymum í tvöfalda botni (sjá 45. gr.), á millipílfari (sjá 48. gr.) og í reisnum (sjá 54. gr.);
  5. meðalhæðina á geymum í tvöfalda botni (sjá 45. gr.);
  6. meðalhæðina á millipílfarsrúmi (sjá 49. gr.);
  7. meðalbreiddina á vélarrúmi aðalvélar;
  8. meðalhæðina á vélarrúmi aðalvélar;
  9. einn þriðja af bitabugðu;

þá skal nota tvo tugstafi, ef reiknað er í fetum, og sá aftari hækkaður upp, ef hinn þriðji er 5 eða meira; eða

ef reiknað er í metrum, skal nota tvo tugstafi og skal sá aftari hækkaður upp, ef hinn þriðji er 5 eða meira.

- c. Þegar ákveða skal:

Rúmlestatölu undir pílfari og rúmtak allra annarra rúma (þ. e. geyma í tvöfalda botni, millipílfara, reisna, lestaropa, undanskilinna eða frádreginna rúma), skal nota tvo tugstafi, bæði þegar reiknað er í rúmlestum og rúmmetrum, skal seinni tugstafurinn hækkaður upp, ef sá þriðji er 5 eða meira.

Áður en byrjað er á mælingunni, skal athuga vandlega öll áhöld, sem nota á. Öll mál, sem tekin eru eftir lengd skipsins eru nefnd lengd, og öll mál, sem

tekin eru þversum í skipinu eru nefnd breidd, án tillits til þess hvernig rúm það, **192**  
sem mælt er, er í lögun. **8. sept.**

### *Brúttó rúmlestir og nettó rúmlestir.*

#### 7. gr.

Rúmlestatala er ákveðin í brúttó rúmlestum eða nettó rúmlestum.

Brúttó rúmlestatalan fæst með því að leggja saman útkomur eftirfarandi atriða, en með þeim undantekningum, sem um getur hér á eftir:

1. Rúmtak alls rúms undir mælingarþilfari (rúmlestir undir mælingarþilfari).
2. Rúmtak allra rúma milli þilfara fyrir ofan mælingarþilfar og undir efra þilfari (upper deck).
3. Rúmtak allra reisna (hvort sem þær ná frá hlið til hliðar eða ekki).<sup>1)</sup>
4. Yfirstærð lestaropa.

Nettó rúmlestatalan fæst með því að draga frá brúttó rúmlestatölunni öll þau rúm, sem reglugerð þessi telur til frádráttar, svo sem:

1. skipstjóra- og áhafnarrúm (sjá 61. til 64. gr.);
2. stjórnklefa og önnur rúm í þágu skipsins (sjá 65. til 71. gr.);
3. vélarrúm aðalvélar (sjá 74. til 81. gr.), ef um vélknúð skip er að ræða.

### III. KAFLI

#### Mæling og útreikningur á brúttó rúmlestatölu skipa samkv. reglu I.

#### 8. gr.

Rúmtak sérhvers rúms, sem getið er í 7. gr., og talið er með brúttó rúmlestatölunni, skal ákveðið með sérstakri mælingu og útreikningi, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

#### *Mælingarþilfar og efra þilfar.*

#### 9. gr.

Þegar mæla skal skip með þilförum, verður fyrst að ákveða mælingarþilfarið. *Mælingarþilfar* er efra þilfar skips, sem hefur aðeins tvö þilför, en annað þilfar neðan frá í skipi, sem hefur fleiri en tvö þilför.

*Efra þilfar* er efsta heilt þilfar, sem hefur fullkominn útbúnað til þess að loka öllum áveðursopum á þilfarinu, svo framarlega sem ekki eru op á hliðum skipsins, sem falla undir ákvæði 58. gr. II b.

#### *Heil þilför.*

#### 10. gr.

Þegar ákveða skal mælingarþilfar og efra þilfar, skal aðeins miðað við þilför, er ná stafna á milli, sem lögð eru á fasta þilfarsbita. Þótt þilfar sé rofið af vélar- eða ketilrúmsopum, skiljabili (cofferdam) eða stafnhylkjum, skal það samt talið órofið.

Lestarop, hágluggar, brunnar (trunks), stigar o. s. frv., eru ekki talin rjúfa þilfar (sjá myndir 1, 2, 3 og 4).

Þilfar undir efra þilfari er talið heilt, þó hluti þess liggja hærra eða lægra en annar (sjá 3. mynd).

#### 11. gr.

Þegar mæla skal rúmið undir mælingarþilfari, skal rúmtak þess takmarkast við neðri brún mælingarþilfars, efri brún botnstokka eða efra flöt tvöfalda botns

1) Reisin frá hlið til hliðar er nefnd svo, ef hliðar hennar fylgja hliðum skipsins.

192 og innri brúnir banda eða innsúða, eftir því sem við á, án tillits til bita, stoða, 8. sept. langbanda, kjalbaka eða annarra útskota.

*Innsúð (heil eða ref).*

12. gr.

Þegar ekki er öðruvísi ákveðið í þessari reglugerð, skulu mál tekin að innri brún banda, botnstokkum eða innri botni og skal draga frá þessum málum meðalþykkt samfelldrar innsúðar, ef um hana er að ræða, og hún liggur þétt við böndin, botnstokkana eða tvöfalda botn. Ef lista- eða reftri innsúð er fest á innri brúnir banda, og innsúðin á botnstokkunum eða tvöfalda botni er fest á undirlög en ekki lögð beint á botnstokkana eða tvöfalda botn, skal fylgja eftirfarandi ákvæðum:

Þegar innsúðin á botninum hvílir á undirlögum og er ekki fest beint á botnstokka eða innri botn, skal enginn frádráttur gerður fyrir þykkt undirlaganna, þegar mæld er dýpt þverskurðar. Ef lista- eða reftri innsúð (tré eða stál) er fest á innri brún banda og bilið milli listanna eða stanganna er ekki meira en 1 fet eða 0,305 metrar, skal þykkt reftrar innsúðar dregin frá breiddarmálinu, en takmarkast þó við hámark 0,25 fet eða 0,076 metra á hvorri hlið skipsins.

Ef bilið er meira en 1 fet eða 0,305 metrar, verður að mæla breiddirnar að innri brún banda. Í skipum með bitahné af venjulegri stærð, má efsta bilið, talið frá neðri brún þilfarsbita, fara fram úr 1 feti eða 0,305 metrum, ef efsti listinn er festur þétt upp að bitahnénu. Hliðarlangbönd eru reiknuð sem refti, þegar ákveða skal bilin á milli lista eða stanga.

Þegar lestar eru einangraðar (t. d. vegna kælingar) og einangrunin nær inn fyrir innri brún bandanna, eða er fyrir ofan botnstokka eða gólf tvöfalda botns, má gera 0,25 feta eða 0,08 metra hámarksfrádrátt frá máli láréttra breidda og dýpta á þverskurði, en ef innskotid er minna en 0,25 fet eða 0,076 metrar, skal aðeins draga frá raunverulegt mál þess.

13. gr.

Hin venjulega regla er sú, að mælingarskýrslan eða uppdraettir skuli gefa upplýsingar um dýpt banda, þykkt innsúðar, þykkt undirlaga undir innsúð, ef nauðsyn ber til, og upplýsingar um, hvort málin eru tekin að böndunum, að efra fleti innra botns eða botnstokkum, þar sem engin innsúð er lögð. Enn fremur skal yfirstjórn skipamælinganna látnar í té fullar upplýsingar um dýpt botnstokka eða hæð innra botnsins miðskipa, á þeim stað, þar sem miðþverskurðurinn er, eða, ef rúmið undir mælingarþilfari er mælt í pörtum, á miðju hvers parts.

14. gr.

Þegar ákvarða skal rúmmál undir mælingarþilfari er miðað við lengd rúmsins, „mælingarlengd“ og flatarmál nokkurra þverskurða með jöfnum millibilum á lengdinni og fer tala þeirra eftir lengdinni, samkvæmt því er segir í 21. gr.

Flatarmál hvers þverskurðar er ákvarðað eftir dýpt hans og tölu breidda þeirra, sem teknar eru með jöfnum millibilum á dýptinni, samkv. 32. gr.

*Mælingarlengd.*

15. gr.

Mælingarlengdin er fjarlægðin milli tveggja punkta, og er fremri punkturinn þar, sem neðri flötur mælingarþilfars við stefnið mætir innra fleti innsúðar eða

banda, en sá aftari þar, sem neðri flötur mælingarþilfars mætir innra fleti inn- 192  
súðar eða banda miðskips í skuti.<sup>1)</sup> 8. sept.

*Ákvörðun endimarka mælingarlengdarinnar.*

16. gr.

Þegar ákvarða skal endimörk mælingarlengdarinnar, samkvæmt ákvæðum í 15. gr., skal eftirfarandi aðferð höfð:

1. Hafi skipið lóðrétt framstefni og lóðrétt afturstefni, bæði fyrir ofan og neðan mælingarþilfar, skal mæla lárétta dýpt bandanna og þykkt innsúðar (ef hún er nokkur) framan og aftan, rétt fyrir neðan mælingarþilfar. Þessi mál skal afmarka á þilfarsflötinn frá ytri klæðningu í þá átt, sem höndin hafa verið mæld og teikna síðan línur á milli punktanna, sem þarna myndast, samhliða klæðningunni. Punkturinn, þar sem línur þessar skerast, framan og aftan, er endimörk mælingarlengdarinnar (sjá 5. og 6. mynd).
2. Ef skipið hefur hvorki lóðrétt framstefni né lóðrétt afturstefni í hæð við mælingarþilfar, skal ákveða endimörk mælingarlengdarinnar. ef hægt er að koma því við, á undirfleti mælingarþilfars. Fjarlægðina milli þessara endimarka og umbúnaðar lestaropa, skilja o. s. frv., skal þá mæla og flytja það mál út á þilfarsflöt mælingarþilfars, eins og sýnt er á 7. mynd.

Ef ógerlegt reynist að ákvarða endimörk mælingarlengdar að undirfleti mælingarþilfars, og ef þilfar þetta er þykkt (þ. e. timburþilfar), skal taka tillit til lota bógs (eða stefnis) eða skuts við þilfarið. Þetta er gert, eftir að fyrst hefur verið fylgt því, sem sagt er í málsgrein 1 og eins og sýnt er á 5. og 6. mynd, með því að mæla þykkt mælingarþilfars og ákveða með mælikvarða á hjörum, horn það, sem lotin á bógnum (eða stefninu) eða skutnum mynda við mælingarþilfarið. Flytja skal síðan horn þetta yfir á flöt (þ. e. skilju eða þilfarsflöt) með því að draga línurnar a, b, c (sjá 8. mynd), og síðan haldið áfram eins og sagt er í skýringunum.

Það skal haft hugfast, að því aðeins er hægt að nota þá aðferð, að afmarka hornin á efri flöt mælingarþilfars, að stefnið og skuturinn myndi nákvæmlega sama hallahorn fyrir ofan og rétt fyrir neðan mælingarþilfarið. Ef t. d. hallahornið við, eða rétt fyrir neðan mælingarþilfar, er ekki nákvæmlega það sama, þá verður að miða við síðarnefnda hornið.

3. Ef skip hefur gafflstafn eða skut, eins og talað er um í málsgrein 2, er nauðsynlegt að taka tillit til bitabugðu (kúpu), þar sem um hana er að ræða. Þetta er gert með því að auka þilfarsþykktina á 8. mynd um  $\frac{1}{2}$  af bitabugðunni við endimörk mælingarlengdarinnar.<sup>2)</sup>

*Bitabugða.*

17. gr.

Bitabugðan finnst með því að strengja línu þvert yfir skipið, frá hlið til hliðar á æskilegum stað á mælingarlengdinni, þannig að línan sé jafnhátt frá þilfari á báðum hliðum skipsins. Fjarlægðin milli línunnar og þilfarsins við hliðarnar, að frádreginni fjarlægðinni milli línunnar og þilfarsins miðskipa, er bitabugðan, sem leitað var að (sjá 9. mynd).

1) Ef mælingarþilfar er með bitabugðu á endum mælingarlengdarinnar (kúpt), í því tilfelli að skipið sé með gaffli framan eða aftan, eða risi í beinni línu frá hliðum skipsins upp að skipsruíðju, þá er staðsetning þessara punkta, hvors um sig  $\frac{1}{2}$  af bitabugðunni eða helmingur af risinu fyrir neðan neðri flöt mælingarþilfars í miðju skipi.

2) Sjá einnig neðanmálsskýringu við 15. gr.

*Rof á mælingarþilfari.*

18. gr.

Ef mælingarþilfar er rofið á parti af lengdinni eins og átt er við í 10. gr., þriðju málsgrein (sjá 10. mynd), skal ákveða mælingarlendina með því að miða við hugsaða línu í framhaldi af þilfarinu.

Þegar svo stendur á, eins og sýnt er á 10. mynd, væri ráðlegt að flytja takmörk mælingarlengdarinnar upp á efra þilfar reismarinnar og mæla lengdina eftir reismarinni. Þar sem fjarlægðin frá undirfleti reismarþilfarsins að framhaldslínunni er jöfn hæð reismarinnar, finnast endimörk mælingarlengdarinnar með því að flytja niður hæðarpunktinn. Auðvitað er nauðsynlegt að taka tillit til bandanna, inn-súðar (ef hún er) og hitabugðu, þar sem um slíkt er að ræða.

*Ákvörðun mælingarlengdar.*

19. gr.

Þegar, eins og oftast er, ógerlegt reynist að mæla alla mælingarlengdina beint á milli endimarka hennar, skal, eftir að búið er að ákveða þessa endipunkta og merkja þá á mælingarþilfarið, mæla að framan og aftan frá endimörkunum að skilju eða lestaropi o. s. frv., eftir því sem þægilegast er.

Á skipum með venjulegu risi, skal mæla það sem eftir er af mælingarlengdinni með málbandi, sem lagt er á mælingarþilfarið, eða með línu, sem strengd er vel milli stafna. Síðan er mæld lengdin milli skilju, lestaropa o. s. frv., að punktinum, sem fremsti og aftasti parturinn er mældur að. Málbandið er lagt, eða línan strengd þannig, að engin hindrun sé í vegi, samhliða miðlínu skipsins, á mælingarþilfarið eða fyrir ofan það eða framhaldslínu þess. Þegar lína er notuð, (sem nauðsynlegt er, ef risið er mikið), skal strengja hana langskipa. Lengd línunnar er mæld með mælistöng eða málbandi. Mælingarlengdin finnst með því að leggja saman lengd framhlutans, lengdina sem mæld var með mælistönginni eða málbandinu og lengd afturhlutans.

*Ákvörðun miðþverskurðar.*

20. gr.

Þegar búið er að finna mælingarlengdina, verður að ákveða miðþverskurðinn. Þetta er gert þannig, að mældur er helmingur mælingarlengdarinnar fram eftir frá aftasta punktinum, eða aftur eftir frá fremsta punktinum, á sama hátt og skýrt er í 19. gr. Miðja lengdarinnar er merkt á línuna og á þilfarið og fjarlægð hennar frá skilju, lestaropi o. s. frv. er ákvörðuð. Mæling þessi er síðan prófuð með því að mæla hinn helming lengdarinnar frá miðju á sama hátt. Ef endi helmings lengdarinnar lendir í yzta punkti mælingarlengdarinnar, þá er lengdin nákvæmlega mæld og staða miðþverskurðarins hefur verið rétt afmörkuð. Ef þessir punktar mætast ekki, er nauðsynlegt að endurmæla mælingarlengdina.

Önnur aðferð er sú, að við ákvörðun staðsetninga hinna ýmsu þverskurða, eins og um er rætt í 21. gr., eru afmörkuð á þilfarið hin sameiginlegu bil milli þverskurða frá hvorum yzta punkti mælingarlengdarinnar og er þá miðþverskurðurinn, þar sem þessi millibil mætast miðskipa.

*Þverskurðir.*

21. gr.

Mælingarlengdinni skal skipt niður í jafna parta, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Mælingarlengd:	Tala jafnstórra parta:
50 fet = 15,24 m, eða minna .....	4
yfir 50 fet = 15,24 m, en ekki yfir 120 fet = 36,58 m .....	6



Mælingarlengd:	Tala jafnstórra parta:	192
yfir 120 fet = 36,58 m, en ekki yfir 180 fet = 54,86 m . . . . .	8	8. sept.
yfir 180 fet = 54,86 m, en ekki yfir 225 fet = 68,58 m . . . . .	10	
yfir 225 fet = 68,58 m . . . . .	12	

Sameiginlegt bil milli þverskurða er því ákvarðað með því að deila tölu partanna í mælingarlengdina.

Lóðréttir þverskurðir skulu staðsettir hornrétt á skipshliðina um deilipunkta og endipunkta mælingalengdarinnar. Þeir eru tölusettrir 1, 2, 3 o. s. frv., þannig að við fremsta þverskurðarpunktinn er sett talan 1 og síðasta talan við aftasta þverskurðarpunktinn.

#### 22. gr.

Staða miðþverskurðarins, eins og hann er staðsettur á mælingarþilfarinu, þarf nú að flytjast inn í rúmið undir þilfarinu (vélarúm, kolarúm o. s. frv.), lóðrétt á kjalarlínu skipsins, með því að reikna út frá fjarlægðinni frá skiljum, lestaropum o. s. frv., eins og hún reiknaðist samkvæmt 20. gr.

Byrjað er við miðþverskurðinn, þar sem hann er staðsettur í rúminu undir þilfari, og hin sameiginlegu bil milli þverskurða og staðsetning hinna þverskurðanna afmörkuð á innsúðina á botninum, ásgöngin, kjalbakið eða annan stað, sem heppilegur þykir. Hin sameiginlegu bil skulu afmörkuð samhliða kjalarlínunni og á miðflöt skipsins eða samhliða honum. Til þess að ganga úr skugga um að hinir ýmsu þverskurðir séu rétt staðsettir, skal mæla fjarlægðina að skiljum, lúkuumgerðum o. s. frv. og bera þær saman við sömu fjarlægðir á mælingarþilfarinu.

Þegar ógerlegt reynist að mæla þverskurð á réttum stað, skal mæla eins nálægt honum og hægt er,<sup>1)</sup> Athuga ber nákvæmlega, hve langt fyrir framan eða aftan rétta staðinn mælt er, og skulu gefnar fullar upplýsingar um þetta í mælingarskýrslunni, ef nauðsynlegt þykir.

Í skipum, sem knúin eru með vélaafli, skal fengin víska um fjarlægðina frá vélarrúmsskilju, að næsta rétt staðsettum þverskurði, bæði hvað snertir fremri og aftari skilju, og þessi fjarlægð tilgreind í mælingarskýrslunni.

#### 23. gr.

Áður en byrjað er á mælingu þverskurðanna, er nauðsynlegt að athuga hvort yfirflöturinn, sem mæla á mælingardýptina að, er láréttur eða rís eða lækkar frá skipsmiðju út að hliðunum,<sup>2)</sup> hvort sem þetta eru venjulegir botnstokkar, langbönd, tvöfaldi botn, eða efri flötur innsúðar á tréskipum.

#### 24. gr.

Þegar ákveða skal mælingardýptina, skal ganga úr skugga um bitabugðuna í hverjum þverskurði fyrir sig, samkvæmt fyrirmælum í 17. gr. og eins og sýnt er á 9. mynd.

#### *Ákvörðun mælingardýptar.*

#### 25. gr.

Mælingardýpt þverskurðar er fjarlægðin frá neðra fleti mælingarþilfars að efra fleti aðalbotnstokka eða efra fleti innra botns, eins og skilgreint er í 26. gr.,

1) Þá getur jafnvel verið heppilegt að mæla í staðinn tvo þverskurði, þann næsta fyrir framan og aftan þverskurðinn, sem mæla átti (sjá 44. gr.).

2) Til þess að ganga úr skugga um þetta, er strengd lína þvert yfir botninn, jafnhátt frá gólfi á báðum hliðum. Mismunurinn milli hæðar línunnar frá botnstokkum miðskipa og hæðar línunnar frá botnstokkum á hliðum, sýnir risið eða lækkunina á botnstokkum.

- 192 að frádreginni þykkt innsúðar, ef hún er nokkur og einum þriðja af bitabugðunni. 8. sept. en ef efri flötur innra botns er ekki láréttur, skal breyta þessari dýpt samkvæmt fyrirmælum 28. gr., ef nauðsynlegt þykir.<sup>1)</sup>

Ef þverskurður lendir á stað, þar sem þilfarið er rofið, þá er dýptin fjarlægðin frá framhaldslínu mælingarþilfars að efra fleti botnstokka eða innra botns, með frádráttum þeim og leiðréttingum, sem um er talað hér að framan.

#### *Aðalbotnstokkar og efri flötur innra botns.*

26. gr.

Þegar ákveða skal aðalbotnstokka í skipinu eða efri flöt tvöfalda botns, eins og getur í 25. gr., skal fylgja eftirfarandi fyrirmælum:

- a. Að því er snertir þann hluta skipsins, sem er á milli stafnskilju og skutskilju:

##### *Skip með einföldum botni:*

1. Botnbygging með föstum þverbotnstokkum á hverju bandi, skal talin algengust (standard) bygging, og þegar slíkir botnstokkar eru lagðir, skulu þeir ávallt taldir sem aðalbotnstokkar (sjá 11. mynd).
2. Ef botnbygging hefur heila botnstokka á öðru eða þriðja hverju bandabili og grindabotnstokka í sömu dýpt á hinum bandabilunum, koma slíkir botnstokkar í stað aðalbotnstokka (sjá 12. og 13. mynd).
3. Ef botnbygging er með heilum botnstokkum á öðru hvoru bandabili og á milli þeirra lægri botnstokkar eða bönd, skal mælingardýptin mæld að hærri botnstokkunum (sjá 14. mynd).
4. Ef botnbygging er með misháum botnstokkum, verður að taka ákvörðun um, hvort hærri eða lægri botnstokkarnir skuli teljast aðalbotnstokkar. Það er hin venjulega regla, að lægri botnstokkarnir teljist aðalbotnstokkar, ef meira en tvö bandabil eru á milli hærri botnstokkana (sjá 15. mynd).
5. Ef botnbyggingin hefur langskipsbönd með jafnri dýpt, skal efri rönd langskipsbanda talin efri flötur aðalbotnstokka (sjá 16. mynd).
6. Ef langskipsböndin eru af misjafnri hæð, gilda sömu reglur og í greinum 3 og 4 (sjá 17. og 18. mynd).
7. Sé botnbyggingin með bæði lang- og þverböndum, þarf að bera það saman við fyrirmælin hér að framan og velja úr það, sem við á, þegar ákveða skal aðalbotnstokka.

##### *Skip með tvöföldum botni:*

8. Ef botninn er tvöfaldur, hvort heldur með langhöndum eða þverböndum, og hann er eingöngu ætlaður fyrir vatn til kjölfestu, skal mæla mælingardýptina að efra fleti innra botns, en ef hann er ætlaður til flutnings á farmi, vistum eða eldsneyti, skal mæla mælingardýptina að efra fleti aðalbotnstokka, samkvæmt tölulíðunum 1 til 7, á sama hátt og um skip með einföldum botni væri að ræða (sjá 19., 20., 21. og 22. mynd).

Þar, sem efri flötur aðalbotnstokka nær upp að innri botnsplötu, má telja efra flöt platananna vera efra flöt aðalbotnstokka.

9. Þykktin á innsúðinni, sem um ræðir í 25. gr., skal enn sem fyrr dregin frá, jafnvel þó innsúðin sé lögð á innri botninn eða á botnstokkana, sem samkv. framansögðu á að mæla mælingardýptina að.
- b. Viðvíkjandi þeim hlutum skipsins, sem eru fyrir framan stafnskilju og fyrir aftan skutskilju:

1) Ef mælingarþilfarsbitarnir rísa í beinni línu frá hliðunum inn að miðju, skal frádrátturinn vera helmingur í stað eins þriðja af risi bitanna. Slíkt ris er ákveðið og notað á sama hátt og sagt er í 24., 25., 30. og 43. gr. um bitabugðu.

1. Ef botnstokkarnir eru í sömu hæð eða lægri en botnstokkar eða innri botn þegar fyrir framan stafnskilju eða fyrir aftan skutskilju, eftir því sem á stendur, skulu þeir botnstokkar teljast aðalbotnstokkar (sjá 23. mynd). 192  
8. sept.
2. Ef botnstokkarnir eru hærri en botnstokkarnir eða innri botninn, í beinu framhaldi frá stafnskilju eða skutskilju, eftir því sem á stendur, verður að mæla mælingardýptina að hugsaðri línu, sem dregin er samhliða kilinum í samsvarandi hæð við slíka botnstokka eða innri botn (sjá 24.<sup>1)</sup> og 25. mynd).

*Mæling mælingardýpta.*

27. gr.

Mælingardýptir skulu mældar með mælistöng, sem staðsett er við, eða rétt við, miðflöt í þverskurði á þeim stað, sem sagt er í 22. gr. Dýptirnar skal mæla að efra fleti botnstokka eða að efra fleti platna innra botns og skal draga þykkt innsúðar frá, ef hún er nokkur (sjá 26. mynd).

Í tréskipum skal mæla dýptirnar að efra fleti innsúðar, en þó því aðeins að hún sé lögð beint á efra flöt botnstokka (sjá 27. og 28. mynd).

Útskot á hliðarkjalbak eða önnur útskot til styrktar, skal ekki telja sem innsúð.

*Leiðréttingar á mældum dýptum.*

28. gr.

1. Í skipum með tvöföldum botni, þar sem innri botninn hallast í þverskurðinum frá miðfleti út að hliðunum, skal bæta við hina mældu hæð, helmingi hallans, ef línan er bein, en einum þriðja, ef línan er ávöl (sjá 29. mynd).
2. Í skipum með tvöföldum botni, þar sem innri botninn hækkar í þverskurðinum frá miðfleti út að hliðunum, skal draga frá hinni mældu hæð helming rissins, ef línan er bein, en einn þriðja, ef línan er íhvolf (sjá 30. mynd).
3. Í skipum með einföldum botni, þar sem efri flötur botnstokka ris eða lækkar frá miðfleti út að hliðunum, eiga leiðréttingarnar í 1. og 2. lið ekki við.

*Rúm, sem eiga að teljast með eða dragast frá rúmlestatali undir mælingarþilfari.*

29. gr.

1. Ef innskot eða útskot eru í tvöfalda botninum eða í venjulegum botnstokkum, sem ekki ná hliðanna á milli í skipinu, skal mæla þessi inn- eða útskot sérstaklega og skal rúmmál þeirra dregið frá eða bætt við rúmlestataluna undir mælingarþilfari. Þó skal því aðeins draga þau frá, að útskot þessi séu fastur hluti af botnbyggingu skipsins. Dýpt þverskurðarins skal mæld frá framhaldslínu efra flatar hylkis eða botnstokka (sjá 31. og 32. mynd).
2. Ef innsúð er aðeins undir lestaropum, skal mæla hana sérstaklega og draga rúmtak hennar frá rúmlestatali undir mælingarþilfari. Ekki skal gera neinn frádrátt fyrir þykkt innsúðar þegar ákveða skal mælingardýpt hinna mismunandi þverskurða í lestaropunum (sjá 33. mynd).
3. Ef bungur eru á skipshliðunum, svo sem skrófuútskot, skal mæla breiddirnar, sem geta lent á þessum stöðum, að venjulegri bandabreidd. Rúmtak bunganna skal síðan fundið og því bætt við rúmlestatal undir mælingarþilfari.
4. Í skipum með krussara skut (cruiser stern), sem stefnið nær sjáanlega aftur fyrir endimörk mælingarlengdarinnar, skal ákveða rúmtak þessa rúms og bæta því við rúmlestatal undir efra þilfari (sjá 34. mynd).

---

1) Stafnhylki skulu ekki teljast sem tvöfalda-botns-hylki, jafnvel þó botnstokkarnir nái upp að yfirfleti hylkisins.

192

30. gr.

8. sept.

Þegar þverskurður lendir í opi á þilfari (þ. e. lestraropum, vélarreislun o. s. frv.):

1. Má mæla dýptina frá hlið á umgerð lestaropa og bæta þar við bitabugðu, sem fer eftir breidd opsins, eða ef heldur vill:
2. Má ákveða dýptina við skipshliðina og bæta við hana allri bitabugðunni (sjá 35. mynd). Þessi bitabugða er ákvörðuð sem meðaltal af bitabugðunum á endabitum í lestaropinum.

Þegar húið er að mæla dýptina samkvæmt framanrituðum fyrirmælum, er mælingardýpt þverskurðarins ákveðin samkvæmt ákvæðum 25. gr.

31. gr.

Ef mælingarþilfarið er rofið með þrepi og heldur síðan áfram í hærri eða lægri fleti, skal dýpt þverskurðar, sem lendir í þessum hærri eða lægri fleti, mæld að neðra fleti þessara þilfara. Dýptir þessar skal síðan hækka eða lækka, eftir því sem við á, um það, sem hæð þrepsins nemur (sjá 36. mynd).

Ef innskot eða rúm er undir mælingarþilfari algerlega opið fyrir sjó, og þess vegna ekki innifalið í brúttó rúmlestatölunni (t. d. dráttarbraut í hvalveiðiskipum), skal reikna slíkt rúm út sérstaklega, og draga síðan rúmtak þess frá rúmlestatölu undir mælingarþilfari.

#### *Tala breidda.*

32. gr.

Mælingardýpt hvers þverskurðar skal skipt niður í:

- a. Fjóra jafna parta, ef mælingardýptin við miðju mælingarlengdar fer ekki fram úr 16 fetum eða 4,88 metrum.
- b. Sex jafna parta, ef mælingardýptin við miðju mælingarlengdar fer fram úr 16 fetum eða 4,88 metrum.

33. gr.

Þegar mælingardýptin hefur verið ákvörðuð, er sameiginlega bilið milli breidda ákvarðað með því að deila í dýptina með deilinum, sem um getur í 32. gr. Deilipunktarnir eru síðan afmarkaðir á eina af mælistöngunum, byrjað við neðsta deilipunktinn, og sameiginlegu millibilin afmörkuð út frá honum. Þegar neðsti deilipunkturinn er merktur, verður að gæta þess, að hann sé í réttri hæð fyrir ofan lægsta punkt mælingardýptarinnar.<sup>1)</sup>

#### *Mælingar á breiddum.*

34. gr.

Breiddirnar í hverjum þverskurði eru tölusettar ofan frá og niður eftir, þannig að nr. 1 verður í hæð við efsta punkt mælingardýptarinnar og lægsti punkturinn verður nr. 5 eða nr. 7, eftir því sem á stendur.

Breiddirnar eru mældar hornrétt á miðflöt, um deilipunktana og jaðrapunkta mælingardýptarinnar, frá innsúð til innsúðar, ef hún er einhver, en ef innsúð er engin, þá milli innri brúna banda. Þykkt innsúðar er einnig rannsökuð. Innskot langbanda, undirstöðubita, eða önnur styrktar-innskot úr grind skipsins, skal ekki telja sem innsúð (sjá 37. og 38. mynd).

Þegar reft innsúð í stálskipum er ekki lögð beint á bandabrúnirnar er ráðlegt að mæla að höndunum og draga frá því máli þykkt innsúðarinnar, sem skal mæla lárétta.

1) Þegar svo stendur á, að skip hefur þverskipa láréttan innri botn og innsúð lagða á undirlög, skal setja mælingarstöngina á innsúðina. Lægsti deilipunkturinn er nú ákvarðaður með því að merkja sameiginlega millibilið að frádreginni hæð undirlaganna.

Ef ekkert band er á þeim stað, þar sem mæla á breidd, skal mæla hana að skipshliðinni og draga síðan frá hvoru megin lárétta dýpt næsta bands. 192

8. sept.

Ef ógerlegt er að mæla breidd á réttum stað, verður að mæla hana eins nálægt honum og mögulegt er; þá þarf að ákveða nákvæmlega, hve langt fyrir ofan eða neðan hina réttu hæð breiddin var tekin, og ef nauðsynlegt þykir, gefa fullar upplýsingar um þetta í mælingarskýrslunni.

Þegar mæla skal efstu og neðstu breiddina, skal athuga fyrirmælin í 37. og 38. gr.

#### *Bönd af mismunandi dýptum.*

##### 35. gr.

Í skipum, sem hafa bönd í mismunandi dýptum (sjá 39. og 40. mynd), skal mæla breiddirnar að grynri höndunum, þegar meira en tveggja banda bil er á milli dýpri bandanna. Ef innsúð er, skal draga þykkt hennar frá breiddum þeim, sem þannig eru fundnar, eða að breiddirnar eru mældar frá innsúð til innsúðar, eins og segir í 34. gr.

Framangreind regla gildir ekki um skip með langhöndum, þar sem dýptin minnkar upp á við að mælingarþilfarinu (sjá 41. mynd). Þegar svo stendur á, skal viðhafa ákvæði 34. gr. Ef um innsúð er að ræða, skal draga þykkt hennar frá.

##### 36. gr.

Í skipum með gáróttum hliðum, skal mæla breiddirnar að hugsaðri bandalínu (sjá 42. mynd), til þess að finna rétt flatarmál þverskurðanna að gárunum meðtöldum. Ef innsúð er lögð, skal draga þykkt hennar frá breiddunum, sem þannig koma fram.

#### *Efsta breidd.*

##### 37. gr.

Efstu breiddina, sem er í hæð við efsta punkt mælingardýptarinnar, verður að mæla þegar fyrir neðan mælingarþilfarið. Ef ekki er hægt að koma því við að mæla breiddina fyrir neðan þilfarið, má mæla hana ofan á þilfarinu, en ef það er gert, þarf að ganga úr skugga um, hvort breidd (dýpt) bandanna er sú sama fyrir ofan og fyrir neðan þilfarið, og hvort hliðar skipsins í hæð við þilfarið eru lóðréttar. Ef þykkt bandanna fyrir ofan þilfarið er önnur en hún er fyrir neðan það, verður að leiðrétta hina mældu breidd samkvæmt því sem sýnt er á 43. mynd. Ef hliðarnar eru aðkrepptar eða fláar, skal leiðrétta hinar mældu breiddir samkvæmt því sem sýnt er á 44. mynd.

#### *Neðsta breidd.*

##### 38. gr.

Neðsta breiddin er í hæð við neðsta punkt mælingardýptarinnar og verður að mælast á botnstokkum, eða innsúð, ef einhver er, eða á innri botni, eftir því sem á stendur, samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Í skipi með tvöföldum botni, þegar efri flötur hans er láréttur, eða fellur eða ris frá miðfleti út að hliðunum, skal mæla breiddirnar milli hornlína tvöfalda botnsins (sjá 45., 46., 47. og 48. mynd). Ef efri brún hnjóanna, sem festa tvöfalda botninn við böndin, heldur áfram í réttri línu við efri flöt hylkja (sjá 49. mynd), skal mæla breiddirnar að innri rönd banda, eða innsúðarinnar, sem fest er á þau. Þessi seinni aðferð skal einnig höfð, þegar efri flötur hylkja nær út að hliðum skipsins og hnén eru staðsett með meira en tveggja banda bili (sjá 50. mynd); en ef hnén eru þéttari, skal mæla breiddirnar að punktinum, þar sem hnén mæta efra fleti hylkja (sjá 51. mynd).

- 192 2. Í skipi með einföldum botni, skal mæla neðstu breiddina milli punktanna sem  
8. sept. mynda láréttan flöt við botnstokka eða innsúð (sjá 52., 53., 54., 55. og 56. mynd).

*Flatarmál þverskurða.*

39. gr.

Við útreikning á flatarmáli þverskurða er notuð Simpson's regla og er flatarmál þverskurða ákvarðað samkvæmt eftirfarandi aðferðum:

- a. Þegar fimm breiddir eru teknar, eru þær margfaldaðar:

Breiddir nr. 1 og 5 með 1;

Breiddir nr. 2 og 4 með 4;

Breidd nr. 3 með 2.

- b. Þegar sjö breiddir eru teknar, eru þær margfaldaðar:

Breiddir nr. 1 og 7 með 1;

Breiddir nr. 2, 4 og 6 með 4;

Breiddir nr. 3 og 5 með 2.

Útkomurnar eru síðan margfaldaðar með einum þriðja af sameiginlega bilinu milli breiddanna og kemur þá út flatarmál þverskurðarins.

40. gr.

Þegar ekki er gerlegt að mæla þverskurð á réttum stað, eins og um er talað í 22. gr., má finna flatarmál hins rétta þverskurðar með því að nota uppdráttinn að rannsóknarboglinunum, sem um getur í 44. gr.

*Rúmtak rúmsins undir mælingarþilfari.*

41. gr.

Þegar búið er að ákvarða flatarmál hvers þverskurðar á réttum stað, er rúmtak rúmsins undir mælingarþilfari ákveðið samkvæmt eftirfarandi:

Flatarmál fyrsta og síðasta þverskurðarins er margfaldað með 1.

Flatarmál þverskurðanna með jafnri tölu er margfaldað með 4.

Flatarmál þverskurðanna með stakri tölu (annarri en fyrstu og síðustu) er margfaldað með 2.

Samantöld útcoma úr þessu er síðan margfölduð með einum þriðja af sameiginlega bilinu milli þverskurða. Þessi síðasta útkoma er rúmtak rúmsins undir mælingarþilfari í rúmfetum eða rúmmetrum. Rúmlestatal undir mælingarþilfari fæst með því að deila með 100 í rúmfetatöluna. Ef reiknað hefur verið með rúmmetrum, er þeim breytt í rúmlestir með því að deila þeim með 0,353.

Þegar búið er að reikna út rúmtak rúmsins undir mælingarþilfari, þá er rúmtak þeirra rúma, sem um getur í 29. eða 31. gr., 2. málsgr., lagt við eða dregið frá, eftir því sem við á, og verður þá afgangurinn rúmlestatal skipsins undir mælingarþilfari.

*Rof eða þrep á tvöfalda botni.*

42. gr.

Ef tvöfaldi botn er með þrepi á einum eða fleiri stöðum, verður að mæla rúmið undir mælingarþilfari í pörtum. Hvern part verður þá að mæla eins og hann væri sérstakt skip, þar sem mælingarlengdin fer eftir lengd partsins. Þess vegna verður að skipta niður lengd hvers parts eins og segir í 21. gr., með þeirri undantekningu, að ef lengdin er ekki yfir 30 fet eða 9,14 metrar, er henni aðeins skipt í tvennt.

Í þessari grein er orðið „þrep“ notað um þau tilvik, þar sem a) snögg breyting verður á dýpt tvöfalda botnsins, b) þar sem tvöfalda botninn heldur fram í lægra fleti og orðið „rof“ á við, c) þar sem tvöfalda botninn er aðeins að hluta og

botnstokkarnir eru í öðrum hæðarfleti þar sem þeir taka við af tvöfalda botninum. 192  
Þessi síðasta undantekning skal þó ekki ná til botnstokka í stafni, ef þeir eru 8. sept.  
dýpri heldur en aðliggjandi partar tvöfalda botnsins (sjá 57., 58. og 59. mynd).

Við endapunkta og deilipunkta hvers parts eru þverskurðir mældir, og skal mælingardýptin, sem mæld var við miðju mælingarlengdar skipsins, ákveða um það, hvort mælingardýptirnar skuli skiptast í fjóra eða sex jafna parta, samkvæmt 32. gr.

Flatarmál hvers þverskurðar og rúmtak hvers parts af rúminu undir mælingarþilfari, skal reiknað út samkvæmt reglunum, sem gefnar eru í 39., 40. og 41. gr. og samanlögð útkoma partanna verður rúmllestatala skipsins undir mælingarþilfari.

Samkvæmt fyrirmælunum c) í annarri málsgrein, skulu reglurnar í þessari grein ekki ná til breytinga á dýpt botnstokka í skipum með einföldum botni eða þeim sem hafa tvöfaldan botn aðeins að hluta (sjá 60. mynd).

#### 43. gr.

Í skipum, sem hafa þilfar undir mælingarþilfari, skal mæla þverskurðina að nokkru fyrir ofan og að nokkru fyrir neðan lægra þilfarið. Þetta er gert á eftirfarandi hátt:

Afstaða þverskurðanna er mörkuð á lægra þilfarið, síðan er fjarlægðin mæld frá efri fleti þessa þilfars að undirfleti mælingarþilfarsins í miðfleti hvers þverskurðar og þykkt neðra þilfarsins ákvörðuð.

Afstaða þverskurðanna undir neðra þilfarinu er síðan ákvörðuð og dýptir mældar frá undirfleti neðra þilfars. Síðan er lagt saman: Dýpt undir neðra þilfari, þykkt neðra þilfars og hæð milli mælingarþilfars og neðra þilfars, eftir að gerðar hafa verið nauðsynlegar leiðréttingar (sjá 25. gr.) og kemur þá út heildarmælingardýptin. Dýptinni er síðan skipt á venjulegan hátt til þess að finna deilipunktana, þar sem breiddirnar eru mældar.

#### *Rannsóknarboglinur.*

#### 44. gr.

Öll mál, sem mæld eru í skipinu, skulu prófuð með rannsóknarboglinum, sem t. d. eru gerðar eins og sagt er hér á eftir (sjá 61. mynd):

1. Mælingarlengdin er afmörkuð eftir mælikvarða á lárétta línu AB. Deilipunktar lengdarinnar tölusettil framan frá og aftur eftir, eru merktir á línuna. Við hvern deilipunkt skal draga hornréttu línu og á hana merkja í sama mælikvarða, mælingardýpt viðkomandi þverskurðar. Efstu punktar þessarar dýptar eru síðan tengdir saman með boglinum, dregnum með teiknilista. Boglína cd, sem þannig myndast, er nokkurn veginn samsvarandi risi þilfarsins, ef efri flötur tvöfalda botns eða efri flötur venjulegra botnstokka er láréttur á langveginn. Ef þessi boglína er regluleg og áframhaldandi, má álykta, að hinar mismunandi mælingardýptir séu nákvæmar.

Deilipunktar hverrar dýptar skulu merktir á hverja af línunum, sem voru dregnar hornrétt á AB-línuna, og sem dýptirnar hafa verið merktar á. Láréttar línur eru dregnar í deilipunktana og á þær línur eru merktar hálfar breiddirnar, sem mældar voru við samsvarandi punkta, í mælikvarða þann, sem notaður er.

Ef málin hafa verið nákvæm, munu yztu punktar breiddanna tengjast saman með jöfnum boglinum; ef þau hafa ekki verið nákvæm mun skekkjan á bogunum sýna, að skekkja hefur verið í mælingunni.

2. a. Ef svo stendur á, að neðstu punktar mælingardýptarinnar í hinum ýmsu

192  
8. sept.

Þverskurðum mynda beina línu eða reglulega framhalds-boglínu, skal draga jafnmarga lengdarboga á breiddirnar á eftirfarandi hátt: Byrjað er við grunnlínu  $xy$ , og fjarlægðir jafnar hálfri breidd þverskurðanna merktar á lóðréttu línurnar, sem samsvara þverskurðunum. Ef tekst að tengja punktana, sem samsvara breiddum með sömu tölum með línunum, sem mynda reglulega boga, er öruggt að málin hafa verið rétt.

- b. Ef svo stendur á, að neðstu punktar mælingardýptarinnar í hinum ýmsu þverskurðum, mynda ekki beina línu, skal draga lengdarboglinur í láréttum fleti (sjólinu) á eftirfarandi hátt: Taka skal ákveðna tölu af láréttum flötum með jafnlöngu bili á milli (þ. e. sjö að tölu með tölunum I til VII) samhliða AB-línunni.

Til þess að breiddirnar í þverskurðunum ruglist ekki, eru aðeins sýndir fletirnir í fremsta og aftasta hlutanum í dæmi því, sem hér er tekið (sjá 61. mynd).

Sérhver láréttu flatanna, sem þannig eru ákvarðaðir, mætir þverskurðinum í punkti, sem auðvelt er að finna. Í hálfskurðunum 3 og 7 mætast þeir við punktana  $h$ ,  $i$ ,  $j$ ,  $k$ ,  $l$ ,  $m$ , og  $n$ . og  $h'$ ,  $i'$ ,  $j'$ ,  $k'$ ,  $l'$ ,  $m'$ , og  $n'$ . Næst er að ákveða lengdirnar  $hg$ ,  $i$ ,  $j$ , ...  $ng$ ,  $h'g'$ ,  $i'g'$ ,  $j'g'$ . ...  $n'g'$ . — þ. e. hvora lengd um sig milli hvorra punktanna  $h$ ,  $i$ ,  $j$ , ...  $n$ . og  $h'$ ,  $i'$ ,  $j'$ , ...  $n'$ . og miðlínanna í skurðunum 3 og 7. Þessar lengdir skal merkja á láréttan flöt og byrja við grunnlínu  $xy$  samhliða AB, í hornréttri línu við þessa grunnlínu, samsvarandi hinum ýmsu þverskurðum; þannig finnast  $h$ ,  $i$ ,  $j$ ,  $k$ ,  $l$ ,  $m$ . og  $n$ , og  $h'$ ,  $i'$ ,  $j'$ ,  $k'$ ,  $l'$ ,  $m'$ . og  $n'$ , sem eru yztu punktar lengdanna, sem merktar voru.

Eins er farið með hina þverskurðina.

Með því að tengja saman samsvarandi punkta  $h$ ,  $i$ ,  $j$ . ...  $n$ . og  $h'$ ,  $i'$ ,  $j'$ . ...  $n'$ , fást út boglínurnar, sem samsvara láréttu skurðunum I., II., III. ... VII. Ef málin hafa verið nákvæm, verða boglínurnar reglulegar.

3. Á lóðréttu línurnar, sem dregnar eru í gegnum deilipunkta lengdarinnar, skal marka fjarlægðir samsvarandi flatarmáli þverskurðanna samkvæmt mælikvarða. Ef það kemur í ljós, að boglína, sem myndast úr yztu punktum þessara lengda er regluleg, má ganga út frá því, að lengdirnar hafi verið rétt mældar og flatarmálin rétt útreiknuð. Skekkjur munu koma fram í tilsvareandi óreglu á boglínunni.
4. Rannsóknarboglinurnar eru ekki aðeins ómissandi við prófun mælinga og útreikninga, þær gera einnig gerlegt, ef nauðsyn krefur, að búa til þverskurð, sem vegna byggingarfyrirkomulags hefur ekki verið hægt að mæla.

Þegar svo stendur á, að ekki er hægt að komast að þverskurði til mælingar, er ráðlegt að taka tvo hjálpar-þverskurði í staðinn, annan fyrir framan og hinn fyrir aftan þverskurðinn, sem ekki er hægt að komast að og eins nálægt honum og gerlegt er (sjá 22. gr.). Þessir tveir hjálparþverskurðir og hinir reglulegu þverskurðir, sem hægt hefur verið að ákvarða á venjulegan hátt, stuðla að því að finna má boglínur breidda með sömu tölu eða boglínur láréttu flatanna, eftir því sem við á.

Á lóðréttu línuna, sem liggur gegnum deilipunkta ómælda þverskurðarins, skal marka lengdina milli grunnlínu  $xy$  og skurðarpunkta lóðréttu línanna við boglínurnar (sjá neðri part 61. myndar).

Þessa aðferð má viðhafa, bæði í tilvikum sem nefnd eru í 2 a og 2 b í þessari grein, og mun hún gera auðvelt að ákveða þverskurðinn. Ef fylgt er aðferðinni að nota boglínur breidda með sömu tölu, munu lengdirnar, sem þannig fást, verða tilsvareandi helmingi raunverulegrar breiddar flatarins.



*Rúmtak tvöfalda botns.*

192

45. gr.

8. sept.

Rúmtak hvers af geymum tvöfalda botnsins, sem verður að vera kunnugt, þegar ákveðinn er hámarksfrádráttur vegna vatnskjölfestu (sjá 71. gr.), er ákveðið annað hvort samkvæmt rúmteikningu, sem fylgir skipinu,<sup>1)</sup> eða samkvæmt eftirfarandi:

Ef lengd geymis er ekki yfir 50 fet eða 15,24 metrar, eru mældar þrjár breiddir og þrjár dýptir, en ef hann er yfir 50 fet eða 15,24 metrar að lengd, á að taka fimm breiddir og dýptir.

Lengd hvers geymis er mæld milli botnstokka við enda geymisins.

Við deilipunkta lengdarinnar og við endapunkta hennar eru dýptirnar síðan mældar á einum fjórða af breidd efri flatar geymisins frá miðfleti. Breiddir eru mældar á öllum stöðum, þar sem dýptir hafa verið mældar, við miðju dýptarinnar. Ef geymir hefur óreglulega lögun, þarf að mæla hann í pörtum. Öll mál eru tekin að súð, hliðarplötum geymis og neðra fleti innra botns, án tillits til styrktarjána eða súðar og hliða banda (sjá 62., 63., 64. og 65. mynd).

Rúmtak hvers geymis skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:

Summa hinna tveggja endabreidda að viðbætti fjórum sinnum miðbreiddinni, ef um þrjár breiddir er að ræða, eða summa tveggja endabreiddanna að viðbættum fjórum sinnum jöfnu breiddunum, að viðbætti tvisvar sinnum miðbreiddinni, ef um fimm breiddir er að ræða, er margfölduð með einum þriðja af hinu sameiginlega bili milli breiddanna. Flatarmál það, sem þannig fæst, er margfaldað með meðalhæðinni (þ. e. meðaltal hinna mismunandi mældu hæða), og 95% af þessari síðustu útkomu er rúmtak geymisins í rúmfetum eða rúmmetrum. Rúmtakinu er breytt í rúmllestir með því að deila í rúmfetin með 100, eða með því að margfalda rúmmetrana með 0,353.

Rúmtak hvers geymis í tvöfalda botni eða aðskilinna rúma í tvöfalda botni, skal skrá í rúmllestum eða í rúmmetrum á mælingarskírteinið.

Rúmtak hvers rúms í tvöfalda botni, sem ekki er nothæft fyrir vatnskjölfestu, vistir, brennsluolíu eða farm, skal ekki telja með í rúmtaki geyma tvöfalda botns.

*Millipilfarsrúm.*

46. gr.

Rúm milli mælingarpilfars og efra pilfars, sem hér á eftir eru kölluð millipilfarsrúm, skulu mæld og þeim bætt við brúttórúmllestatöluna. Sérhvert millipilfarsrúm skal mælt milli tveggja aðliggjandi pilfara.

47. gr.

Fyrirmæli 11., 12. og 13. gr. skulu viðhöfð við mælingar millipilfarsrúma, með þeim breytingum, sem við eiga í hvert skipti.

*Aðferðir við mælingar á millipilfarsrúmunum.*

48. gr.

Mælingar á millipilfarsrúmunum skulu framkvæmdar samkvæmt einhverri af eftirfarandi aðferðum:

1) Ef tölurnar á rúmmálsteikningunni eru í smálestum (annað hvort í ensku máli eða metramáli) verður að nota rétta breytitölu til þess að ákvarða rúmllestirnar. Ef rúmmálið hefur verið tekið eftir rúmmálsteikningu og vafi leikur á um nákvæmni þessa rúmmáls, verður að mæla geymana eins og til er sagt.

## 192 1. aðferð:

8. sept. a. Lengd rúmsins er mæld í tvennu lagi. Lengd 1 er mæld í miðfleti skipsins, við miðju hæðarinnar fram á og aftur á, frá innsúð eða böndum, eftir því sem á stendur, við stefni, að framhlið afturstefnis. Lengd 2 er tekin í miðfleti, við miðju hæðarinnar frá framhlið afturstefnis að innri brún skutbanda, eða að innsúðinni (sjá 66. mynd).
- b. Lengd 1 skal skipt niður í jafna parta, samkvæmt fyrirmælum í 21. gr., og lengd 2 skal skipt niður í fjóra jafna parta. Við yztu punkta hvorrar lengdar og við hina mismunandi deilipunkta þeirra eru innanbreiddirnar síðan mældar við miðju hæðarinnar og samkvæmt fyrirmælum 34., 35. og 36. gr. Oftast nær mun breiddin við stefnið og breiddin við aftasta punkt lengdar 2 vera núll.
- c. Hæðin skal mæld í miðfleti við hvern deilipunkt. Ef bitabugðan er ekki sú sama á hinum tveim þilförum, sem rúmið á að mælast á milli, skal mæla hæðina við fjórða hluta viðkomandi breiddar. Hæðin skal mæld frá efra fleti lægra þilfarsins (eða frá efra fleti fastrar þilfarsþekju — eins og t. d. plankaklæðning steinsteypu- eða gúmmigólfs o. s. frv.), að undirfleti þilfarsins fyrir ofan.<sup>1)</sup>
- Ef neðri flötur efra þilfarsins er þiljaður eða klæddur, skal mæla hæðina í gegnum slíkar þiljur eða klæðningu.

## 2. aðferð:

- a. Öll lengd<sup>2)</sup> rúmsins í miðfleti, við miðju hæðarinnar, skal fundin milli sömu punkta í stefni og skut eins og talað er um í 1. aðferð.
- b. Lengdinni skal skipt niður í jafna parta samkvæmt fyrirmælum 21. gr. og hinum tveim síðustu af þessum sameiginlegu bilum skal skipt í tvo jafna parta. Síðan eru breiddir mældar við fremsta punkt heildarlengdarinnar, við deilipunkta lengdarinnar og einnig við deilipunkta hinna tveggja síðustu sameiginlegu bila. Hvor breiddanna skal mæld við miðju hæðarinnar og í samræmi við fyrirmæli 34., 35. og 36. gr.
- c. Hæð skal mæld við hvern deilipunkt allrar lengdarinnar. Þessi hæð skal fundin samkvæmt fyrirmælum aðferðar 1 c

## 3. aðferð (undantekningar):

- a. Í skipum með þverskut, þar sem hægt er að mæla öftustu breiddina við aftasta punkt millipilfarslengdarinnar, og í skipum þar sem aftari hluti millipilfarsins hefur sama lag og framhluti þess (sjá 67. mynd), þarf ekki að mæla aftari hlutann sérstaklega. Í seinna tilvikinu mun breiddin við aftasta punkt heildarlengdarinnar verða núll eða því sem næst.
- b. Eftir að búið er að mæla heildarlengdina og skipta henni niður eins og sagt er í 21. gr., skal mæla breiddirnar við hvern deilipunkt og einnig við endimörk heildarlengdarinnar. Þessar breiddir skulu mældar við miðju hæðarinnar og samkvæmt fyrirmælum 34., 35. og 36. gr.
- c. Hæð skal mæld við hvern deilipunkt heildarlengdarinnar. Þessi hæð skal fundin samkvæmt því, er segir í aðferð 1 c.

1) Ef lægra þilfarið endar við afturstefnið eða nálægt því, skal hæð afturstefnis látin gilda fyrir hæð aftari hlutans.

2) Eftir að mælingarlengdin hefur verið fundin, er auðvelt að finna heildarlengd millipilfars með því að bæta við eða draga frá, eftir því sem við á, mælingarlengdinni, lárétta bilinu, mældu í miðfleti, milli yztu punkta mælingarlengdarinnar og stefnis- og skutplankanna, sem nefnt er hér að framan (sjá 66. mynd).

*Rúmtak millipilfarsrúma.*

192

8. sept.

## 49. gr.

Rúmtak millipilfarsrúma er ákvarðað samkvæmt eftirfarandi:

1. Ef aðferð 1, sem talað er um í 48. gr., hefur verið viðhöfð, eru breiddirnar í fremra hluta rúmsins tölusettar þannig, að nr. 1 er við stefnið og síðasta talan er við framhlið afturstefnisins. Breiddirnar við fremstu og síðustu töluna eru margfaldaðar með einum, hinar breiddirnar með stöku tölunum eru margfaldaðar með tveimur og breiddirnar með jöfnu tölunum með fjórum. Summa þessara margfelda er síðan margfölduð með einum þriðja sameiginlega hilsins milli breiddanna, síðan er flatarmál það, sem þannig kemur út, margfaldað með meðalhæðinni (þ. e. meðaltal hæðanna sem mældar voru við deilipunkta lengdar 1, en ekki taldar með hæðirnar við fremsta og aftasta punkt lengdarinnar).<sup>1)</sup> Þessi síðasta útkoma verður rúmtak fremra hluta rúmsins í rúmfetum eða rúmmetrum. Fyrirmælum 41. gr. skal fylgt þegar rúmtakinu er breytt í rúmllestir.

Síðan eru breiddirnar í aftari hluta rúmsins tölusettar. Nr. 1 verður breiddin við framhlið afturstefnis og nr. 5 verður breiddin við aftasta punkt lengdar 2. Summa fremstu og öftustu breiddarinnar að viðbættri fjórum sinnum summu annarrar og fjórðu breiddar og að viðbættri miðbreiddinni tvisvar sinnum, skal margfölduð með einum þriðja sameiginlega hilsins milli breiddanna. Flatarmál það, sem þannig kemur út, er síðan margfaldað með meðalhæðinni, eins og útskýrt er hér að framan og þessi síðasta útkoma verður rúmtak aftari hluta millipilfarsrúmsins í rúmfetum eða rúmmetrum.

Summa rúmtaks fremra og aftara hlutans er rúmtak heildar millipilfarsrúmsins.

2. Ef aðferð 2, sem talað er um í 48. gr., hefur verið viðhöfð, skal tölusetja breiddir alls rúmsins framan frá og aftur eftir, nr. 1 verður þá breiddin við stefnið. Rúmtak alls millipilfarsrúmsins er þá fundið á sama hátt og sýnt er í fyrstu skýringargrein við 68. mynd.

Aðrar aðferðir má velja um, og er þá leyft að reikna út öftustu breiddina með því að finna út flatarmál rúmsins fyrir aftan næst síðasta deilipunktinn með flatarmáls mæli (Planimeter), eins og sýnt er á 68. mynd. Þegar hin rétta aftasta breidd hefur verið ákveðin þannig, er rúmtak alls millipilfarsrúmsins fundið, eins og sýnt er í annarri skýringargrein við 68. mynd.

3. Ef aðferð 3, sem um er getið í 48. gr., hefur verið notuð, skal tölusetja breiddirnar á venjulegan hátt framan frá og aftur eftir. Rúmtak alls rúmsins finnst þá með því að nota reglurnar, sem gefnar eru í 1. málsgrein þessarar greinar, um ákvörðun rúmtaks frampartar millipilfarsrúms.

*Reisnir.*

## 50. gr.

Mæla skal rúm fastra bygginga á eða fyrir ofan efra þilfar, en þær byggingar verða hér eftir nefndar reisnir, samkvæmt fyrirmælum í 51. gr. og með þeim undantekningum, sem um er rætt í 57. og 58. gr., og skal leggja rúmtak þeirri við brúttó-rúmlestatöluna.

1) Þegar þilförin hafa ekki sama ris, finnst meðalhæðin á eftirfarandi hátt: Hæðirnar með fyrstu og síðustu tölunni (raunverulegar eða hugsaðar) eru margfaldaðar með einum, hæðirnar með stöku tölunum með tveimur og hæðirnar með jöfnu tölunum með fjórum. Summa þessara margfelda deild með summu margfeldaranna gefur meðalhæðina sem að er leitað.

## 51. gr.

Með tilliti til undantekninga þeirra, sem um getur í 57. gr., skal sérhver lokuð reisin (þ. e. stafnreisin, skutreisin, miðreisin, þilfarshús o. s. frv.), sem nothæf er fyrir flutning eða vistir, eða íbúð skipshafnar eða farþega, innifalin í brúttórúmlestatölunni.

Ef rúm, sem samkvæmt fyrirmælum 58. gr., eru ákvörðuð sem opin rúm, eru útbúin sem íbúðir fyrir farþega eða skipshöfn, skulu þau talin með í brúttórúmlestatölunni. Þegar taka á með í brúttórúmlestatöluna rúm, sem að nokkru leyti eru notuð fyrir skipshöfn eða farþega, vísast til 69. myndar.

Ef smíðislag reisnanna (skýla, skilja o. s. frv.) er þannig,<sup>1)</sup> að vafi geti leikið á um það, hvort slíkar reisnir skulu teljast varanlegar, skal uppdráttur reisnanna, með sundurliðuðum skýringum á smíðislagi þeirra heftur við mælingarskýrsluna.

## 52. gr.

Fyrirmæli 11., 12. og 13. gr. skulu viðhöfð við mælingu reisna, með þeim breytingum, sem við eiga í hverju tilfalli.

*Mæling reisna.*

## 53. gr.

Mæling reisna skal framkvæmd lið fyrir lið á eftirfarandi hátt:

1. Innan-lengdir og -breiddir skulu mældar að innri brún stoða á skiljum, sem eru með eðlilegu millibili, eða að innri brún banda, eða að þiljum, ef þau eru; og hæðirnar frá efra fleti lægra þilfars (eða frá efra fleti fasts gólfs, hvort heldur úr tré, steinsteypu- eða gúmmi) að neðra fleti þilfarsins. Ef undirflötur efra þilfarsins er þiljaður á einhvern hátt, skal mæla hæðina í gegnum slíkar þiljur eða klæðningu.

Ef einhver vafi leikur á um það, hvort telja skuli bilið milli skiljustoða eðlilegt eða ekki, skal taka fram um breidd slíkra stoða og um bilið milli þeirra á mælingarskýrslunni og einnig skal vera nákvæm lýsing á því, hvernig máljin voru tekin.

Ef þilfarsgólf er af mismunandi þykkt í reisnum, skal ekki taka tillit til þykkri parta gólfsins, ef þeir eru aðeins lítill hluti heildar yfirborðsins. Annars skal taka meðalþykkt þilfarsgólfsins.

2. Fyrirmæli 48. gr., að því er snertir millipilfarsrúm, skulu gilda um mælingar á skutreisin eða þrepi, sem nær alveg aftur í skut, með þeim sérstöku ákvæðum, sem hér fara á eftir:

Lengd 1, ef aðferð 1 hefur verið notuð, eða heildarlengdinni, ef aðferð 2 eða 3 hefur verið notuð, skal skipt niður í jafna parta samkvæmt eftirfarandi töflu:

Lengd:	Tala parta:
50 fet = 15,24 metrar, eða minna .....	2
yfir 50 fet = 15,24 metrar, en ekki meira en 225 fet = 68,58 m	4
yfir 225 fet = 68,58 metrar .....	6

Ef lengd 1, eða heildarlengdinni, hefur aðeins verið skipt niður í tvo jafna parta, skal einnig mæla hæðirnar við endapunkta þessara lengda.<sup>2)</sup>

3. Lengd annarra reisna (þ. e. stafnreisin, miðreisin o. s. frv.) skal einnig skipt niður í jafna parta samkvæmt framangreindri töflu.

1) T. d. með klemmum eða fleygum.

2) Sjá neðanmálgrein við 48. gr., aðferð 1 c.

Lengd stafnreisnar skal mæld frá sama punkti á stefni, eins og sagt er í 48. gr., aðferð 1, um mælingu á millipílvarsrúmi. 192  
8. sept.

Breiddirnar skulu mældar við hvern deilipunkt og við endapunkta lengdarinnar samkvæmt 48. gr. og 1. málsgreinar þessarar greinar.<sup>1)</sup>

Ef lengdinni hefur aðeins verið skipt í tvo jafna parta, skal einnig mæla hæðina við endapunkta lengdarinnar og að öðru leyti skulu ákvæði 48. gr. og 1. málsgreinar þessarar greinar notuð.

4. Ef reisin nær ekki hliðanna á milli (þ. e. þilfarshús o. s. frv.) og veggir hennar mynda nákvæmlega eða hér um bil rétt horn, er nægilegt að mæla eina breidd við miðju lengdarinnar.

Í slíku tilviki veltur aðferðin við mælingu hæðarinnar á afstöðu reisnanna og á mismuninum á bitabugðu þilfaranna fyrir ofan og neðan (sjá 70. mynd).

5. Ef reisin er óregluleg í lögun, verður að mæla hana í pörtum.

#### *Rúmtak reisna.*

##### 54. gr.

Rúmtak reisna er ákvarðað á eftirfarandi hátt:

1. Eftir að breiddirnar hafa verið tölusettar framan frá og aftur eftir, skal nota fyrirmæli 49. gr. um ákvörðun rúmtaks millipílvarsrúma til þess að ákvarða rúmtak reisnar. Ef lengdinni hefur aðeins verið skipt í tvo jafna parta, skal margfalda summu tveggja endabreiddanna að viðbætri miðbreiddinni fjórum sinnum með einum þriðja sameiginlega bilsins milli breiddanna. Flatarmál það, sem þá kemur út, er margfaldað með meðalhæðinni og þessi síðasta útkoma sýnir rúmtak reisarinnar í rúmfetum eða rúmmetrum.
2. Ef reisin er eins og um getur í annarri neðanmálsgrein við 3. málsgrein 53. gr. og fjórðu málsgrein sömu greinar, skal margfalda lengdina með breiddinni og margfalda síðan þá útkomu með meðalhæðinni. Þessi síðasta útkoma sýnir þá rúmtak reisarinnar í rúmfetum eða rúmmetrum.

#### *Lestarop.*

##### 55. gr.

Rúmtak lestarops finnst með því að margfalda innanmáls lengdina með meðalinnanmálsbreiddinni og þá útkomu með meðalhæðinni (þ. e. meðalhæð mældri frá undirfleti þilvars að undirfleti lestaropshlera).

Ef samanlagt rúmlestatál lestaropa er meira en ½% af þeim hluta brúttórúmlestatölunnar, sem talin er undir mælingarþilfari millipílvarsrúma, reisna, sem ekki eru undanskildar úr brúttórúmlestatölunni og rúma þeirra, sem veita birtu og loftræstingu til vélarúmsins og sem talin eru með í brúttórúmlestatölunni, þá skal það sem umfram er ½% talið með í brúttórúmlestatölunni.

##### 56. gr.

Samanlagt rúmlestatál lestaropa skal vera summa rúmtaks allra lestaropa, sem liggja að rúmunum, sem eru innifalin í brúttórúmlestatölunni. Þess vegna skal ekki telja með í þessari samtölu lestarop, sem liggja að rúmunum, sem á að undanskilja, eins og talað er um í 57. og 58. gr. Rúmtak lestarops, sem er staðsett innan opins rúms, en sem liggur að rúmi, sem telst með í brúttórúmlestatölunni, skal vera innifalið í fyrrnefndu samanlögðu rúmllestamagni.

---

1) Ef reisin hefur sömu breidd við alla deilipunkta lengdarinnar, er nóg að mæla aðeins eina breidd.

192 Lestarop, sem liggja að rúmum, sem eru ekki innifalin í brúttórúmllestatöl-  
8. sept. unni, skal engu að síður mæla og skrá stærðir þeirra á mælingarskýrsluna.

Lokaðar kistur (Trunk) (t. d. trektir) staðsettar innan reišnarsvæðisins, skulu taldar lokaðar reišnir og þess vegna innifelast í brúttórúmllestatölnni (sjá 71. mynd), nema ef þessar kistur liggja að undanskildum rúmum (sjá 72. mynd).

*Lokuð rúm, sem ekki teljast með í brúttórúmllestatölu.*

57. gr.

Eftirfarandi rúm á efra þilfari eða undir því, skal ekki telja með í brúttórúmllestatölu, ef þau eru eingöngu ætluð til, hæf og notuð til eftirfarandi þarfa:

1. Rúm, er telja má hluta af aflvélarúminu eða notað til að hleypa birtu og lofti inn í það. Ákvæði 77. gr. skulu höfð um slík rúm.
2. Rúm, sem hvers konar vélar eru í, sem ekki fylgir aðalafllvél. Í þessari grein er eftirfarandi talið til véla: akkerisvinda og keðjukassi, standvinda, stýrisvél, dælur, kælivélar og eimingarvélar, lyftur, þvottavélar, katlar og vélar til framleiðslu á hvallýsi, fiskilýsi og mjöli, rafalar, rafgeymar, slökkvitæki o. fl. Um aukakatla skulu gilda sömu ákvæði, þar sem þeir, samkvæmt 78. og 79. gr., eru ekki taldir vera hluti af aflvélinni.
3. Rúm það, sem er til skýlis manni eða mönnum við stýrið (stýrishús). Ef rúm er notað að nokkru leyti sem stýrishús og að nokkru leyti sem stjórnklefi, skal undanskilja úr brúttórúmllestatölnni þann hluta þess, sem notaður er sem stýrishús.
4. Rúm það, sem notað er sem eldhús eða bökunarhús og í eru eldstæði eða ofnar, án tillits til þess, hverjum er ætlað að komast þar fyrir.
5. Rúm, svo sem hágluggar, hvolfþök og kistur (Trunk) til að hleypa inn birtu og til loftræstingar. Ekkert af rúmi undir þaki eða þekju á reisnum skal undanskilja úr brúttórúmllestatölnni, nema þegar op er í gólfi reišnarinnar undir háglugganum, hvolfþakinu eða kistunni, til þess ætlað að hleypa birtu eða lofti inn í rúmið, sem er undir því gólfi (sjá 73. og 74. mynd).
6. Rúm, svo sem niðurgangar og stigaskýli, sem eru til skjóls niðurgöngum, stigum eða lausastigum, sem liggja niður í skipið. Ef niðurgangur, sem ekki er afþiljaður með skiljum, skyldi vera staðsettur í rúmi, sem ætlað er til annarar notkunar, t. d. reykingarsal, skal aðeins undanskilja þann hluta rúmsins, sem er beint upp af niðurganginum. Niðurgangar (stigar eða lausastigar), sem eru beint fyrir neðan niðurgangsup eða stigaskýli, skulu einnig undanskildir brúttórúmllestatölnni (sjá 75., 76., 77., 78. og 79. mynd).
7. Rúm, sem í eru vatnssalerni og önnur salerni fyrir skipshöfn og farþega. Ekki skal leyfa að undanskilja slík rúm, ef sérstakt gjald er innheimt af farþegum fyrir afnot þeirra, og ekki skal heldur undanskilja slík rúm úr brúttórúmllestatölnni, ef þau eru hluti úr íbúð farþega. Þegar svo stendur á, að salerni og snyrtiklefi eru á sama stað, skal ekki undanskilja rúm það, sem snyrtiklefinn tekur, nema hann sé lítill í samanburði við rúm það, sem salernin taka (sjá 80. mynd).
8. Rúm undir vatnshöfnunum samkvæmt því sem segir í 71. gr.

Það, að undanskilja rúmin, sem um er talað í liðunum 2 til 6, er þó háð því skilyrði, að rúmin séu ekki stærri en nauðsyn ber til.

Öll þau rúm, sem rætt er um í þessari grein, skal mæla og færa mál þeirra inn á mælingarskýrsluna undir sérstakri fyrirsögn. Mál rúmana, sem talin eru í liðunum 2 og 8 skulu vera utanmál, nema ef slíkt rúm hefur part af súðinni eða skilju sameiginlega með reišn, sem það er hluti af, en þá skal mæla lengdir og breiddir að sama yfirfleti, eins og gert var um reišnina (sjá 81. og 82. mynd). Að öðru

leyti skulu ákvæði 53. og 54. gr. gilda um mælingar og útreikninga rúmtaksins. 192

Ef slík rúm, sem hér um ræðir, eru inni í reisnum, mun yfirleitt þægilegra að mæla fyrst alla reisnina og síðan rúm það fyrir sig, sem undanskilja á frá brúttórúmlestatölunni (sjá 77. mynd). 8. sept.

Rúmtak umrædds rúms er síðan dregið frá heildarrúmtaki reisnanna og því sem eftir verður, er bætt við brúttó rúmlestatöluna.

Þegar svo stendur á, að nauðsynlegt hefur þótt, samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, að minnka rúmin, sem undanskilja á vegna þess að þau reyndust óeðlilegt stór eða reyndust hæf til annarrar notkunar en talað er um í liðnum 2 til 6, verður að minnka undanskildu rúmin niður í það, sem hæfilegt þykir til hinna tilætluðu afnota, t. d. að því er snertir vélarnar, og verður þetta rúm þá miðað við rúm sem nægir undir vélarnar og til starfrækslu þeirra. Hin algilda regla skal samt vera sú, að alltaf er reiknuð full hæð rúmsins. Ef undanskildu rúmin hafa verið minnkuð, skal skrá frádráttinn ásamt heildarmáli rúmsins í mælingarskýrsluna.

*Opin rúm, sem ekki teljast með í brúttórúmlestatölunni.*

58. gr.

Sem undantekning frá aðalreglunni, sem gefin er í 50. gr., en samkvæmt fyrirmælum 51. gr., skal rúmið milli efra þilfars og skjólþilfars — hér venjulega nefnt skjólþilfarsrúm — og aðrar reisnir, ekki talið með í brúttórúmlestatölunni, þegar það er talið opið rúm, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

I. Þegar mæla á rúm skal það talið opið, ef skilja eða þekja er eingöngu gerð úr málmrimlum eða rimlum úr öðru efni, eða úr plönkum, sem eru að meira en 0,25 feta eða 0,076 metra bili á milli, þegar um skilju er að ræða, en meira en 0,08 feta eða 0,024 metra bili á milli, ef um þekju er að ræða.<sup>1)</sup>

II. a. *Op í þilförum eða þekjum.*

1. Þegar mæla á rúm skal það talið opið, ef op er í miðju þilfarsins eða í þekjunni yfir rúminu. Opið má ekki vera styttra en 4 fet eða 1.219 metrar og breiddin verður að minnsta kosti að vera jöfn breidd næsta lestarops á sama þilfari eða þekju.
2. Ef ætlast er til að skjólþilfarsrúm, eða hluti af því, sé undanskilið úr brúttórúmlestatölunni, má fjarlægðin frá afturenda (afturgafli lestarops) þilfarsopsins að aftari brún á afturstefni, ekki vera minni en einn tuttugasti af skrásetningarlengd skipsins, þegar opið er aftur á; eða að fjarlægðin milli fremri enda (fremri gafli lestarops) þilfarsops og frambrúnar stefnis má ekki vera minni en einn fimmti af þessari lengd, ef opið er fram á.
3. Þegar um lestartarm er að ræða, má meðalhæð hans fyrir ofan þilfar eða þekju ekki vera yfir 1 fet eða 0,305 metrar. Öryggisgrindum, grindverkum eða lausastoðum umhverfis opið skal vera svo fyrir komið, að þær komi í veg fyrir að hægt sé að loka opinu með slám. Aðeins má nota lausa tréhlera, og leyft er að halda þeim föstum með köðlum (ekki stálvirum) úr hampi eða öðru slíku efni (sjá 83. mynd).
4. Opum (tonnage openings) í þilfari skal ekki komið fyrir undir þilfari, föstum palli eða annarri slíkri byggingu (sjá 84. mynd).

b. *Op á hliðum skips eða á hliðarskilju reisnar.*

1. Þegar mæla á rúm skal það talið opið, ef eitt eða fleiri op eru á báðum hliðum á byrðingnum eða í hliðaskiljum reisna. Þegar aðeins eitt op

1) Ef slíkt rúm er notað sem birgðageymsla, vinnustaður o. s. frv., þá skal telja það með í brúttórúmlestatölunni.

192  
8. sept.

er á hvorri hlið, skal lengd þess ekki styttri en 18 fet eða 5,486 metrar og hæðin skal ekki vera minni en 2,5 fet eða 0,762 metrar.

Þegar fleiri en eitt op eru á hvorri hlið, skal hæð þeirra ekki minni en 2,5 fet eða 0,762 metrar og samanlagt flatarmái þeirra á hvorri hlið ekki minna en 60 ferfet eða 5,574 fermetrar. Ekkert op má hafa minna flatarmál en 25 ferfet eða 2,323 fermetra (sjá 85. og 86. mynd).

2. Ef svelgur er milli þverskipsskilja, skulu opin í byrðingnum eða í hliðarskiljunum vera 18 fet að lengd eða 5,486 metrar, ef gerlegt er, eða ekki minni en þrjár fjórðu af lengdinni milli þverskipsskilja. Hæðin skal ekki vera minni en 2,5 fet eða 0,762 metrar. Flatarmál opsins á hvorri hlið á að vera að minnsta kosti 45 ferfet eða 4,181 fermetrar.
3. Öll op á báðum hliðum skipsins, og op á reisnum, skulu standast á, og þau mega ekki hafa neina fasta lokunarumbúnaði. Aðeins er leyft að loka hliðaropum með borði, smeygt í rennur, sem hnoðaðar eru eða soðnar í byrðinginn eða á hliðarskiljurnar. Hvorki byrðingurinn, né skiljurnar, sem opin eru á, né rennur eða bönd, sem liggja að opunum, mega vera með götum, hjörum, augaboltum, lokum eða neinu öðru, sem mætti nota til að loka opinu varanlega eða með slám.
4. Ekki má loka fyrir op á hliðum með skiljum eða með öðrum hætti.

c. *Op á þverskipsskiljum.*

1. Þegar mæla á rúm, skal það talið opið:
  - I. Þegar í annarri hvorri endaskiljunni eru tvö op (tonnage opening), sitt hvoru megin við miðflöt. Ef lestaropskarmar eru, skal hæð þeirra ekki vera yfir 2 fet eða 0,610 metra. Hæð ops má aldrei vera minni en 4 fet eða 1,219 metrar, og breidd þess skal vera að minnsta kosti 3 fet eða 0,914 metrar.
  - II. Þegar í annarri hvorri endaskiljunni er eitt op (tonn. opening), sem er að minnsta kosti 5 fet eða 1,524 metrar á hæð og 4 fet eða 1,219 metrar á breidd, en þó því aðeins að opið sé eins nálægt miðfleti rúmsins og mögulegt er, eða miðfleti skipsins, ef rúmið nær hliðanna á milli (sjá 87., 88. og 89. mynd). Ef lestaropskarmur er, má hæð hans ekki vera yfir 2 fet eða 0,610 metrar.
2. Þessum opum má aðeins loka með borðum,<sup>1)</sup> sem smeygt er í U-járn, en þau skulu soðin eða hnoðuð á skiljurnar, eða með lausum plötum,<sup>2)</sup> sem festar eru með hakholtum, sem mega ekki vera með styttra millibili en 1 feti eða 0,305 metrum, eða með boltum á lausum járnballkum, og mega boltarnir ekki ná í gegnum skiljuna. Hvorki skilja eða U-járn umhverfis opið, mega vera útbúin með götum, hjörum, augaboltum, lokum eða nokkru öðru, sem mætti nota til að loka opinu varanlega, svo sem með slám.
3. Ef rúmi er skipt með skiljum, skulu skiljurnar hafa op af sömu stærðum og með sams konar lokunarumbúnaði og hér er getið að framan.
4. Ef það, hvort undanskilja beri einhverja reisn, er undir því komið, hvernig opi (tonnage opening) eða opi í milliskilju er háttað, má ekki vera nein önnur leið til að komast í gegnum skiljuna, inn í rúmið sem undanskilja á (sjá 90. mynd).
5. Rúm, sem eru algerlega opin frá þilfari til þilfars og sem hafa engan

1) Í staðinn fyrir renniborð mega vera U-járn eða annar sams konar útbúnaður.

2) Plöturnar mega vera einangraðar.



lokunarumbúnað, skulu undanskilin, þ. e. ef slík rúm eru að minnsta 192  
kosti 3 fet eða 0,914 metra breidd (sjá 91. mynd). 8. sept.

d. *Almenn ákvæði.*

1. Öll op (tonnage openings), sem ætlast er til að séu undanskilin úr brúttórúmllestatölunni, verða að vera algerlega opin fyrir sjó og vindi.
2. Stærðir opa (tonnage openings), sem talað er um hér að framan, skulu notaðar til að ákvarða minnsta flatarmál opsins; þess vegna skal minnsta lengd vera meiri en minnsta breidd (sjá 92. mynd), eða minnsta hæð meiri en minnsta lengd (sjá 85. og 86. mynd).
3. Þegar ákvörðuð er stærð opa (tonnage openings), skal draga frá innskot rimla, stoða, sæta eða þess háttar, þar eð þau minnka flatarmál slíkra opa. Ef um er að ræða op á hliðum, mega súðarfletir bandanna þó vera taldir með í flatarmálinu af opinu (sjá 85. og 86. mynd).

59. gr.

Opnar reisir og opin skjólþilfarsrúm, eins og talað er um í 58. gr., skulu alltaf mæld og færð inn á mælingarskýrsluna. Nákvæm lýsing, sem felur í sér stærðir opanna skal einnig fylgja. Mælingin skal fara fram samkvæmt fyrirmælum 48. gr.<sup>1)</sup>, eða 53. gr., hvor þeirra sem betur á við.

Útreikningurinn skal gerður eins og segir í 49. og 54. gr.

Ef reisir eru í opnu rúmi (sjá 83. mynd) og eiga að teljast með í brúttórúmllestatölunni, eða niðurgangar eða sams konar rúm og um er talað í 57. gr., eða rúm sem má telja að séu hluti af vélarúmi aðalvélar (reisin o. s. frv.), skulu öll slík rúm mæld sérstaklega og færð inn á mælingarskýrsluna. Með sérhvert þessara rúma skal farið eins og tekið er fram í viðkomandi greinum, hvort þau skulu talin með eða undanskilin úr brúttórúmllestatölunni.

Stærð og rúmtak sérhvers opsins rúms skal, eins og um er talað í 58. gr., tilfærð á mælingarskýrteininu undir sérstakri fyrirsögn. Frá þessu rúmtaki skal draga rúmtak þeirra rúma, sem um ræðir í næstu málsgrein hér að framan, og sem eru innan opna rúmsins, og það sem eftir verður er þá nettó rúmtak opna rúmsins.

Í því tilviki, að mikill munur sé á innan- og utanmáli lokaðs rúms, sem er í opna rúminu (t. d. einangruð vistageymsla), skal nota utanmálið í sambandi við ofanefnda reglu.

Eftirfarandi dæmi, sem vísar til 93. myndar, sýnir á hvern hátt skal skrá rúmtak opna hluta rúmsins á skjólþilfarssvæðinu á mælingarskýrteinið.

Heildar rúmtak: *Opni hluti skjólþilfarsrúmsins.<sup>2)</sup>*

$$H = 8 \text{ fet ( 2,44 m )}; L = 360 \text{ fet (109,73 m )};$$

$$B = \left\{ \begin{array}{l} 34 \text{ fet (10,36 m)} \\ 48 \text{ fet (14,63 m)} \\ 56 \text{ fet (17,07 m)} \\ 56 \text{ fet (17,07 m)} \\ 56 \text{ fet (17,07 m)} \\ 53 \text{ fet (16,15 m)} \\ 50 \text{ fet (15,24 m)} \end{array} \right\} = 1,497,60 \text{ rúml. (4,242,49 m}^3\text{)}$$

Frá dregst lokaður hluti (n), lestarop (o) og vélareisin 150 rúml. ( 424,93 m<sup>3</sup>)

Nettó rúmtak 1,347,60 rúml. (3,817,56 m<sup>3</sup>)

1) Venjulega er skjólþilfar ekki opið milli stefna. Oftastnær mun vera lokuð skilja í skut og stefni (sjá 83. mynd); þess vegna munu ákvæði 48. gr. aðeins notuð í mjög fáum tilvikum.

2) Ef æskilegt þykir, má mæla þetta rúm í pörtum, sem er á milli þverskips stálskilja.

192  
8. sept.

Opinn svelgur:

$$H = 8 \text{ fet (2,44 m)}; L = 8 \text{ fet (2,44 m)};$$

$$B = \left\{ \begin{array}{l} 50 \text{ fet (15,24 m)} \\ 49,5 \text{ fet (15,09 m)} \\ 49 \text{ fet (14,93 m)} \end{array} \right\} = 31,68 \text{ rúml. (89,74 m}^3\text{)};$$

*Skýli á þilfari fyrir farþega.*

60. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar 51. gr., má undanskilja úr brúttórúmlestatölunni lokaðar reisir, sem eingöngu eru ætlaðar til skýlis, án aukagjalds, fyrir þilfarsfarþega á skipum, sem fara stuttar ferðir, en til þess þarf samþykki hlutaðeigandi yfirvalds.

Mælingin og útreikningurinn skal framkvæmd eins og segir í 53. og 54. gr., og rúmtakið (að frádrögnum vatnssalernum, sem þegar hafa verið undanskilin samkv. 57. gr.) skal skráð á mælingarbréfið.

#### IV. KAFLI

Mæling og útreikningur á frádráttum samkv. reglu I.

*Vistarverur skipstjóra.*

61. gr.

Hvert það rúm, sem ætlað er til og eingöngu notað sem íbúð fyrir skipstjóra, og sem er skráð sem slíkt, skal undanskilið brúttórúmlestatölunni.

Íbúð skipstjóra, sem dregin er frá, má vera: svefnherbergi og dagstofa, baðherbergi, skrifstofa og klæðaskápur. Ef íbúð skipstjóra liggur ekki að<sup>1)</sup> stýrishúsi eða stjórnklefa, má einnig reikna til frádráttar varðklefa skipstjóra, ef hann er fyrir hendi og liggur að stýrishúsi eða stjórnklefa.

*Vistarverur skipshafnar.*

62. gr.

Hvert það rúm fyrir skipshöfn, sem eingöngu er ætlað til hennar afnota, og er skráð sem slíkt, skal dregið frá brúttórúmlestatölunni.

Orðið „skipshöfn“ nær til allra (nema skipstjóra og leiðsögumanna), sem hafa með höndum hvers konar starf í skipinu á ferðum þess. Í leiðsöguskipi má aðeins telja til skipshafnar þá leiðsögumenn, sem nauðsynlegir eru til venjulegrar siglingar á leiðsöguskipinu.

Vistarverur skipshafnar, sem dragast skulu frá, mega vera: svefnstofur, borðstofa, baðherbergi, þvottaherbergi, klæðaskápar, þurrkherbergi, reykingasalir, skemmtiherbergi, lesstofa, sjúkrastofa o. s. frv.

Skrifstofur 1. vélstjóra og 1. stýrimanns og/eða dagstofur, er liggja að svefnstofum þeirra, mega dragast frá, ef engar hvílu eru í þessum herbergjum.

Skrifstofur annarra yfirmanna, gjaldkera<sup>2)</sup> og bryta, skulu ekki undanskildar, eða móttökuherbergi lækna í farþegaskipum.

*Gangar og önnur rúm, sem notuð eru af skipstjóra og skipshöfn.*

63. gr.

Matbúr, eldhús, bókunarherbergi, herbergi fyrir vatnshreinsun eða eimingarvélur, vatnssalerni og önnur salerni o. s. frv., sem eingöngu eru ætluð skipstjóra

1) Orðin „liggja að“ ná hér einnig til herbergja sem eru aðskilin með gangi.

2) Eða yfirmanna, sem gegna slíku starfi.

og skipshöfn til afnota, skulu dregin frá, ef þau hafa ekki verið undanskilin úr 192  
brúttórúmlestatölunni samkv. ákvæðum 57. gr. Sjúkrastofur, lyfjaherbergi og lyfja- 8. sept.  
geymsla, sem eingöngu er til afnota skipstjóra og skipshafnar, mega einnig drag-  
ast frá.

Gangar og stigar, sem eingöngu liggja að vistarverum skipstjóra og skips-  
hafnar, hvort sem slík rúm eru frádregin eða undanskilin, skulu dragast frá.

Slík ganga- og stigarúm skulu einnig dregin frá, þegar þau jafnframt veita að-  
gang að:

- a. Öðrum frádregnum eða undanskildum rúmum (þar með talin aflvélarrúm)  
(sjá 94. mynd).
- b. Rúmum, sem ekki eru dregin frá, en inngangur í þau er aðeins venjuleg  
mannsmuga (sjá 95. mynd).
- c. Rúmum, sem ekki eru dregin frá, en sem eru eingöngu ætluð til afnota fyrir  
skipstjóra og skipshöfn (t. d. rúmfatnaðargeymsla).
- d. Rúmum, sem ekki eru dregin frá, svo sem göngum og stigum, ef þeir eru lok-  
aðir (sjá 95. mynd).

Hluti af gangi, sem ekki er aðskilinn með skilju, skal ekki dreginn frá.

Rúm, sem eru bráðnauðsynleg og rétt byggð til geymslu á vökva og vistum í  
föstu formi, sem eingöngu eru ætluð skipstjóra og skipshöfn, skulu einnig dregin  
frá. Frádrátturinn er þó því aðeins leyfilegur, að hann fari ekki fram úr 15% af  
öðru rúmi, sem ætlað er skipstjóra og skipshöfn.

Í skipum, þar sem skipstjóri og skipshöfn fæða sig sjálfir, má draga frá án  
takmörkunar það rúm, sem matargeymslan tekur, en þá er enginn frádráttur  
gerður fyrir vistageymslum.

#### 64. gr.

Aukaherbergi skulu ekki dregin frá. Þótt tvö aukaherbergi séu í skipi, t. d.  
fyrir leiðsögumenn og/eða aukayfirmann, skal skipið samt ekki talið farþegaskip,  
svo fremi að í þessum tveim aukaherbergjum séu ekki meira en fjögur rúm sam-  
tals, að meðtöldum svefnbökkjum.

Í farþegaskipum, sem hafa engan borðsal, reykingasal, matbúr, eldhús, bök-  
unarherbergi, vistageymslu, vatnshreinsunar- eða eimíngarvélar, baðherbergi,  
þvottaherbergi, vatnssalerni eða önnur salerni, eingöngu til afnota fyrir farþega,  
skal ekki leyfður frádráttur á hliðstæðum vistarverum fyrir skipstjóra og skips-  
höfn. En í því tilfalli, að skip flytji farþega, sem ekki hafa svefnrúm, svo sem  
pílagríma, og skipið hefur engin þægindi fyrir farþega, þá skal regla þessi ekki við-  
höfð nema að því, er snertir vatnssalerni og önnur salerni.

Í þessari grein er með orðinu „farþegaskip“ átt við sérhvert skip, sem flytur  
farþega sem greiða far sitt og sérhvert skip (jafnvel þó það flytji ekki farþega),  
sem hefur fleiri en tvö aukaherbergi útbúin á þann hátt, sem að framan segir.

#### 65. gr.

Rúm þau, sem talað er um í 66. til 71. gr. þessarar reglugerðar, skulu talin  
„rúm til skipstjórnar og starfrækslu skipsins“, sjá 7. gr. undir lið 2, og skulu dregin  
frá brúttórúmlestatölunni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í þessum grein-  
um og með því skilyrði, að þau hafi ekki verið undanskilin samkv. fyrirmælum  
57. greinar.

Rúm til skipstjórnar og starfrækslu skipsins eru:

- a. Rúm til skipstjórnar (að undanskildum aukakötlum og aðaldælum) (66. gr.).
- b. Rúm fyrir hjálparkatla og aðaldælur (67. gr.).
- c. Rúm til skipstjórnar (að undanskildum aukakötlum og aðaldælum) (66. gr.).
- d. Rúm fyrir birgðir bátsmanns (69. gr.).

- 192 e. Rúm fyrir segl (70. gr.).  
8. sept. f. Rúm fyrir vatnskjölfestu (71. gr.).

*Rúm til skipstjórnar (fyrir utan aukakatla og aðaldætur).*

66. gr.

Rúm, sem eingöngu er notað í þarfir skipsins og til stjórnar þess, og sem ekki hafa verið undanskilin samkvæmt 57. gr., skulu dregin frá brúttórúmlestatölunni, eftir því sem sanngjarnt þykir.

Þau skipstjórnarrúm, sem koma til frádráttar, taka venjulega til herbergja, sem notuð eru til geymslu og notkunar á sjókortum og siglingatækjum, loftskeyta-tækjum og simatækjum<sup>1)</sup>, geymslu á siglingaljóskerum, flöggum, flugeldum o. s. frv., herbergi fyrir kafbátahlustunar- og merkjatæki, herbergi fyrir sjálfstýrandi áttavita, tæki til að hamla veltingi á skipi eða sams konar áhöld og rúm fyrir stýris- sveifina, stýrisvél, akkerisvindu og keðjukassa.

Í skipum, þar sem hluti af stýrishúsinu er notaður fyrir stjórnklefa, skal draga þann hluta frá.

Þegar stýrissveifin, stýrisvél, standvinda, akkerisvinda eða sams konar tæki eru í herbergi, sem er stærra en nauðsynlegt er fyrir þessa hluti, skal draga frá það rúm, sem þessir hlutir raunverulega fylla; og þar að auki skal ætla rúm í kringum þessi tæki, sem telja má nauðsynlegt við notkun þeirra (yfirleitt ekki meira en 2 fet eða 0,610 metra á hvorri hlið). Öll hæðin, sem leyfð er, ætti ekki að fara fram úr venjulegri millipilfarshæð.

*Aukakatlar og aðaldætur.*

67. gr.

Samkvæmt fyrirmælum 79. gr. um notkun rúms þess, sem aukakatlar taka, er telja má sem hluta af aflvélarrúmi, skal draga frá rúm það, sem aukakatlar taka, ef það er í sambandi við aðaldætur skipsins, jafnvel þótt nota megji aukakatlana jafnframt til að knýja farmvindur, eða til svipaðra þarfa.

Ef aukakatlar eru ekki í sambandi við aðaldæturnar, en eru eingöngu notaðir til að reka standvindu, akkerisvindu, stýrisvél eða þess háttar tæki við stjórn skipsins, má telja það rúm, sem þeir taka, til skipstjórnarrúms og skal þar af leiðandi einnig draga það frá sem slíkt.

Rúm, sem notuð eru, og nauðsynleg eru fyrir austurdætur og sem eingöngu veita aðgang að þeim, skal draga frá. Sömu reglur gilda um dætur fyrir vatnskjölfestu, ef hægt er að nota þær til að dæla skipið.

Ef aukaketill, austurdæla eða vatnskjölfestudæla, sem uppfyllir framangreind skilyrði, er staðsett á aflvélarrúmssvæðinu og er ekki talin sem hluti af aflvélarkerfinu, skal aðeins draga frá rúm það, sem þessir hlutir taka og skal skrá það á mælingarskýrsluna undir fyrirsögninni „Rúm til siglingar- og þarfa skipsins“.

*Dælukerfi í skipum, sem flytja fljótandi farm undir þiljum.*

68. gr.

Í skipum, sem flytja fljótandi farm undir þiljum, skal draga frá rúm það, sem nauðsynlegt er undir dætur, sem notaðar eru til að dæla farminum og rúm, sem nauðsynlegt er svo hægt sé að vinna við slíkar dætur, eða, samkvæmt fyrirmælum 78. gr. A-liður 6. n., farmdætur fyrir fljótandi eldsneyti, sem eru staðsettar utan aflvélarrúmssvæðisins, með því skilyrði að einnig sé hægt að nota allar slíkar dætur til að dæla skipið.

1) En ná ekki til biðstofu fyrir farþega.

Dælurúm það, sem draga skal frá, er ákvarðað sem hér segir:

Það rúm, sem dælan tekur og nauðsynlegt er við starfrækslu hennar skal hafa sömu hæð og dælan, eða 7 fet eða 2,134 metrar, ef herra er, og láréttan flöt af gólfrúmi því, sem dælan tekur, svo hægt sé að vinna við hana.

Rúm það, sem þarf til að komast að dælunni, skal reiknað með hæð, sem nær frá efri brún rúmsins, sem talað var um hér að framan, og upp að efra þilfari og láréttu flatarmáli, þar sem önnur hliðin er jöfn breidd stigans og hin er 3 fet eða 0,914 metrar, en má ekki fara fram úr 6 ferfetum eða 0,557 fermetrum.

Samanlagður frádráttur, sem gerður er fyrir dælurúmi, skal ekki fara fram úr tölum þeim, sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Brúttó rúmlestir:	% af brúttó rúml.	Samtals rúml. eða m <sup>3</sup>
Yfir 3,000 rúml. (8.498,58 m <sup>3</sup> ) .....	0,9	
Yfir 1,500 rúml. (4.249,29 m <sup>3</sup> )		
að og með 3,000 rúml. (8.498,58 m <sup>3</sup> ) ....	1,2	27 rúml. (76,49 m <sup>3</sup> )
Yfir 500 rúml. (1.416,43 m <sup>3</sup> )		
að og með 1,500 rúml. (4.249,29 m <sup>3</sup> ) ....	2	18 rúml. (50,99 m <sup>3</sup> )
500 rúml. (1.416,43 m <sup>3</sup> ) og minna .....	4	10 rúml. (28,33 m <sup>3</sup> )

### *Birgðageymsla bátsmanns.*

69. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru hér að neðan, skal undanskilja úr brúttórúmlestatölunni allt rúm, sem ætlað er til og eingöngu er notað undir birgðir bátsmanns.

„Birgðir bátsmanns“ nær yfir allar birgðir, sem nauðsynlegar eru til þarfa og viðhalds skipinu og eru í vörzlu bátsmanns. Venjulega eru birgðir bátsmanns: vívar, kaðlar, hampur, tjara, málning, blakkir, lásar, sólskýlur, ábreiður, taliur, sópar, gólfþvögur, fötur o. s. frv.

Frádráttur, sem leyfður er fyrir rúm undir birgðir bátsmanns, skal takmarkast við það, sem segir í eftirfarandi töflu:

Brúttó rúmlestir:	% af brúttó rúml.	Samtals rúml. eða m <sup>3</sup>
Yfir 20.000 rúml. (56.657,22 m <sup>3</sup> ) .....	½	125 rúml. (354,11 m <sup>3</sup> )
Yfir 10.000 rúml. (28.328,61 m <sup>3</sup> ) að og með		
20.000 rúml. (56.657,22 m <sup>3</sup> ) .....	¾	100 rúml. (283,29 m <sup>3</sup> )
Yfir 2.000 rúml. (5.665,72 m <sup>3</sup> ) að og með		
10.000 rúml. (28.328,61 m <sup>3</sup> ) .....	1	75 rúml. (212,46 m <sup>3</sup> )
Yfir 1.000 rúml. (2.832,86 m <sup>3</sup> ) að og með		
2.000 rúml. (5.665,72 m <sup>3</sup> ) .....	1½	20 rúml. (56,66 m <sup>3</sup> )
Yfir 500 rúml. (1.416,43 m <sup>3</sup> ) að og með		
1.000 rúml. (2.832,86 m <sup>3</sup> ) .....	2	15 rúml. (42,49 m <sup>3</sup> )
Yfir 150 rúml. (424,93 m <sup>3</sup> ) að og með		
500 rúml. (1.416,43 m <sup>3</sup> ) .....	2½	10 rúml. (28,33 m <sup>3</sup> )
150 rúml. (424,93 m <sup>3</sup> ) eða minna .....	—	3 rúml. (8,50 m <sup>3</sup> )

Ef birgðir bátsmanns eru geymdar í rúmi, sem ekki er eingöngu ætlað til þess, í skipum, sem ekki eru yfir 150 rúmlestir, eða 424,93 rúmmetrar, skal leyfa frádrátt fyrir birgðum bátsmanns samkvæmt framangreindri töflu.

Í fiskiskipum og veiðiskipum (t. d. hval- og selveiðiskipum), sem eru yfir 150 rúmlestir að stærð, eða 424,93 rúmmetrar, og hafa ekki sérstakt rúm undir birgðir bátsmanns, en þær eru geymdar með fiski- og veiðitækjum, skal gera hæfilegan frádrátt, sem ekki má fara fram úr 3 rúmlestum eða 8,50 rúmmetrum.

192

8. sept.

*Seglageymslur.*

70. gr.

Í seglskipum skal draga frá brúttórúmllestatölunni, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum, rúm það, sem eingöngu er notað fyrir seglageymslu:

1. Í skipum, sem eingöngu ganga fyrir seglum, má þessi frádráttur ekki fara fram úr 4% af brúttórúmllestatölunni.
2. Ef seglageymsla og birgðageymsla bátsmanns eru sameiginlegar, skal fyrst draga frá seglageymslurúmið, miðað við takmarkanir þær, sem talað er um í málsgreininni hér á undan og síðan skal draga frá birgðageymslurúm bátsmanns samkvæmt töflunni í 69. gr.

*Rúm fyrir vatnskjölfestu.*

71. gr.

Í vatnskjölfesturúmum eru taldir vatnskjölfestugeymar í tvöfalda botni og allt vatnskjölfesturúm utan tvöfalda botns, undir efra þilfari (t. d. stafnhylki, skut-hylki, djúphylki og milliskiljugeymar) (cofferdam), þegar þessi rúm eru í samræmi við eftirfarandi reglur:

Eftir skriflegri beiðni eigandans og samkvæmt skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir, skal draga frá brúttórúmllestatölunni öll rúm, sem ekki eru undanskilin, og eru ætluð til og eingöngu notuð undir vatnskjölfestu, ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að þau séu viðurkennd sem kjölfestugeymar af réttri gerð og fullprófuð.
- b. Að þau séu eingöngu notuð undir vatnskjölfestu.
- c. Að inngangur í þau sé eingöngu í gegnum mannsmugur af venjulegri stærð.

Um a. Orðatiltækið „kjölfestugeymar af réttri gerð og fullkomlega prófaðir“, þýðir það, að geymarnir þoli vatnsþrýstinginn í fullri vatnshæð. Ekki er leyfilegt að múra með sementi umhverfis höndin í hliðum geymisopsins.

Um b. Tæki til að fylla og tæma vanskjölfestugeyma (t. d. dælur, pípur o. s. frv.) verða að vera í föstum og varanlegum skorðum og algerlega aðskilin frá slíkum tækjum til vatns- eða olíukælingu mótórvélar, matarvatni eða ræstingarvatni, brennsluolíu eða farmi. Dælusamstæður verða að vera af hæfilegri gerð og stærð til þess að gegna hlutverki sínu viðvíkjandi vatnskjölfestunni. Sogpípunar og frárennslispípunar skulu yfirleitt ekki vera grennri en  $2\frac{1}{2}$  þuml. eða 64 mm, innanþvermál. Handdælur, flytjanlegar dælur eða slöngutengingar skulu ekki talaar sem föst og varanleg tæki til að fylla og tæma geymana.

Í öllum skipum, sem ekki eru yfir 200 brúttórúmllestir eða 566,57 rúmmetrar, og í skipum, sem eru yfir 200 rúmllestir eða 566,57 rúmllestir brúttó og ganga aðallega fyrir seglum, er ekkert á móti því að handdælur séu einu tækin til að fylla og tæma vatnskjölfestugeyma, ef þeim er komið fyrir á tryggan og varanlegan hátt.

Um c. Mannsmugurnar skulu ekki hafa meira flatarmál en 2,5 ferfet eða 0,233 fermetra.

Milliskiljabil (cofferdam) skal talið vatnskjölfesturúm, ef það fullnægir framanskráðum skilyrðum.

Geymar í tvöfalda botni, sem eru í sambandi við kjölfestu-dælukerfið eða eru nothæfir undir vatn eða olíu til mótorkælingar, ketilvatn eða ræstingarvatn eða til geymslu á eldsneyti eða farmi, skulu taldir vatnskjölfesturúm, þegar ákvæða skal frádrátt vegna þess.

Athygli skal vakin á því, að þegar reikna á út rúmtak frádraganlegs vatnskjölfesturúms, má samanlagt rúmtak vatnskjölfesturúma, sem undanskilja á eða draga skal frá (þar í innifalinn allur eða partur af tvöfalda botni, stafn- og skut-

hylki, djúphylki, milliskiljabil og öll önnur rúm, sem eru í góðri trú talin til vatnskjölfestugeyma fyrir neðan efra þilfar), ekki fara fram úr þeirri hundraðstölu af brúttórúmlestatölunni, sem tilgreind er í töflunni á 29. síðu. 192  
8. sept.

Þegar svo stendur á, að rúmtak undanskilins vatnskjölfesturúms í tvöfalda botni er jafnmikið eða meira en frádráttur sá, sem gert er ráð fyrir í umræddri töflu, má engan frekari frádrátt gera fyrir vatnskjölfesturúmunum. Leyfa má frádrátt fyrir hluta úr geymi, ef allur geymirinn er byggður og prófaður til að bera vatnskjölfestu.

## 72. gr.

Engan frádrátt má leyfa á þeim rúmunum, sem um getur í 61. til 71. gr., ef þau hafa ekki verið áður talin með í brúttórúmlestatölunni (sjá 96. og 97. mynd, sem sýna aðferðina við mælingu á breidd og dýpt stafnhylkis).

*Tafla, er sýnir hámarksfrádrátt fyrir vatnskjölfestu sem hundraðshluta af brúttórúmlestatölu.<sup>1)</sup>*

Br. rúml.	%	Br. rúml.	%	Br. rúml.	%	Br. rúml.	%
1 000 <sup>2)</sup>	19,00	3 300	15,85	6 200	12,59	10 800	9,03
1 100	18,85	3 400	15,73	6 400	12,39	11 000	8,92
1 200	18,71	3 500	15,60	6 600	12,20	11 200	8,82
1 300	18,56	3 600	15,48	6 800	12,01	11 400	8,71
1 400	18,42	3 700	15,35	7 000	11,83	11 600	8,61
1 500	18,27	3 800	15,23	7 200	11,65	11 800	8,52
1 600	18,12	3 900	15,11	7 400	11,47	12 000	8,43
1 700	17,99	4 000	14,99	7 600	11,30	12 200	8,34
1 800	17,85	4 100	14,87	7 800	11,13	12 400	8,26
1 900	17,71	4 200	14,75	8 000	10,96	12 600	8,18
2 000	17,57	4 300	14,64	8 200	10,80	12 800	8,10
2 100	17,43	4 400	14,52	8 400	10,64	13 000	8,03
2 200	17,29	4 500	14,41	8 600	10,48	13 200	7,96
2 300	17,16	4 600	14,29	8 800	10,33	13 400	7,90
2 400	17,02	4 700	14,18	9 000	10,19	13 600	7,84
2 500	16,89	4 800	14,06	9 200	10,04	13 800	7,78
2 600	16,76	4 900	13,95	9 400	9,91	14 000	7,73
2 700	16,62	5 000	13,84	9 600	9,77	14 200	7,68
2 800	16,49	5 200	13,62	9 800	9,64	14 400	7,64
2 900	16,36	5 400	13,41	10 000	9,51	14 600	7,59
3 000	16,23	5 600	13,20	10 200	9,38	14 800	7,55
3 100	16,11	5 800	12,99	10 400	9,26	15 000 <sup>3)</sup>	7,50
3 200	15,98	6 000	12,79	10 600	9,14	—	—

## 73. gr.

Mæling og útreikningur rúmtaks þeirra rúma, sem um ræðir í 61. til 63. og 66. til 70. gr., skal framkvæmdur samkvæmt því er segir í 53. og 54. gr. Þar af leiðandi skulu hæðir mældar að undirfleti þilfarsins fyrir ofan og í gegnum þilfarsklæðningu, ef einhver er. Lárétt mál þessara rúma skulu tekin milli skilrúma og klæðningar, ef nokkur er, eða að innri brún banda, eða að innri brún skilju-

1) Af brúttórúmlestatærðum, sem eru á milli, skal finna hundraðshlutann með hlutfallsreikningi.

2) Og undir.

3) Og yfir.

192 stoða, sem eru með eðlilegu millibili, sem mælt var þegar brúttórúmllestatalan var ákvörðuð. Sérhverft rúm skal mælt fyrir sig, og á mælingarskýrslunni skal tekið fram til hverra nota hvert rúm er ætlað. Ef dreginn hefur verið frá hluti af rúmi, skal tilgreina á mælingarskýrslunni stærðina á öllu rúminu ásamt stærðunum á frádregna hlutanum (sjá 98. mynd).

Mæling stafnhylkja, skuthylkja og annarra rúma fyrir vatnskjölfestu, sem ná hliða á milli í skipinu, og sem eru staðsett utan tvöfalda botnsins og undir mælingarþilfari eða framhaldslínu þess, skal framkvæmd samkvæmt reglum þeim, sem gilda um mælingu rúmsins undir mælingarþilfari. Lengd skal mæld við efri flöt innra botns (sjá 96. og 97. mynd). Þverskurðir skulu mældir á venjulegan hátt á miðri lengd og á endimörkum hennar, en aðeins skal mæla fimm breiddir í hverjum skurði. Ef rúm undir vatnskjölfestu er staðsett að nokkru fyrir neðan og að nokkru fyrir ofan mælingarþilfar eða framhaldslínu þess (t. d. skuthylki nær að neðra fleti hærra afturþilfars), skal mæla þann hluta rúmsins, sem er undir mælingarþilfari eða framhaldslínu þess á sama hátt og sagt er hér að framan, en hinn hluta þess skal mæla á sama hátt og um reisin væri að ræða.

Sú regla skal höfð um öll hylki, sem ná hliða á milli í skipinu, að ákvarða skal fjarlægðina frá endaskilju eða skiljum, að réttum punkti næsta þverskurðar í rúminu undir mælingarþilfari og skrá þá fjarlægð á mælingarskýrsluna.

Mæling á rúmi undir vatnskjölfestu, sem ekki nær hliða á milli í skipinu, er undir mælingarþilfari og liggur utan tvöfalda botnsins, skal framkvæmd á eftirfarandi hátt: Fyrst skal mæla lengd hylkisins. Þeirri lengd er skipt niður eins og segir í 21. gr., en ef lengd þessi fer ekki fram úr 30 fetum eða 9,14 metrum, skal aðeins skipta henni í tvo jafna parta. Þverskurðir eru síðan mældir við endapunkta lengdarinnar og við deilipunkta hennar. Þegar rúm þau, sem átt er við í þessari málsgrein eru tiltölulega lág, má einnig mæla þau samkvæmt fyrirmælum 53. gr., ef þau hafa nokkurnveginn þessar hliðar. Ef geymir er óreglulegur í lögum, skal mæla hann í pörtum.

Rúm fyrir vatnskjölfestu, sem eru staðsett fyrir ofan mælingarþilfar, skal mæla samkvæmt ákvæðum 53. gr.

Rúmtak sérhvers vatnskjölfesturúms skal ákveðið með því að nota ákvæðin í þessari reglugerð um ákvörðun á rúmtaki rúma undir mælingarþilfari og reisma.

#### *Frádráttur vegna aðalvélarúms.*

##### 74. gr.

Þegar skip gengur fyrir afli vélar, sem þarfnast rúms í skipinu, skal gera frádrátt fyrir aðalvélarúmi samkvæmt fyrirmælum 75. gr. og skal draga hann frá brúttórúmllestatölunni.

Rúm það, sem aðalvélin tekur, og sem nauðsynlegt er til vinnu við hana og aukavélar, sem nauðsynlegar eru fyrir gang aðalvélarinnar, eins og getið er um í 78. og 79. gr., með eða án, eftir því sem á stendur, birtu- og loftrúma, sem um ræðir í 77. gr., skulu í þessari reglugerð talin aðalvélarúms.

Án tillits til mismunandi aðferða við að ákvarða rúmtak rúmsins undir mælingarþilfari og aðalvélarúmi, eins og sagt er í 41., 80. (1.) og 82. gr., má ekki telja neitt rúm með í rúmtaki aðalvélarúms, þegar ákveða skal frádrátt vegna aðalvélarúms, nema það hafi áður verið innifalið í brúttórúmllestatölu skipsins.<sup>1)</sup>

Öll aðalvélarúms skulu mæld og rúmtak þeirra ákvarðað samkvæmt fyrirmælum 80., 81. og 82. gr.

1) Sjá 99. mynd, sem sýnir aðferðina við mælingu á hæð ásganga þegar mælingardýpt þeirra er mæld að efra fleti innsúðar, sem hugsuð er staðsett á efra fleti tvöfalda botns.



*Ákvörðun frádráttar fyrir aðalvélarrúmi.*

192

8. sept.

## 75. gr.

Frádráttur fyrir aðalvélarrúmi skal ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

1. *Skip með skrófu.* — Ef rúmtak aðalvélarrúms, ákvarðað samkv. fyrir mælum 77. til 82. gr., er yfir 13% og undir 20% af brúttórúmlestatölunni, skal frádrátturinn vera 32% af brúttórúmlestatölunni.

Ef rúmtak aðalvélarrúmsins er 13% eða minna, eða 20% eða meira af brúttórúmlestatölunni, skal frádrátturinn vera rúmtak rúmsins að viðbættum 75% af því.

2. *Hjólaskip.* — Ef rúmtak aðalvélarrúms, ákvarðað samkvæmt fyrir mælum 77. til 82. gr., er yfir 20% og undir 30% af brúttórúmlestatölunni, skal frádrátturinn vera 37% af brúttórúmlestatölunni.

Ef rúmtak aðalvélarrúms er 20% eða minna, eða 30% eða meira af brúttórúmlestatölunni, skal frádrátturinn vera rúmtak rúmsins að viðbættum 50% af því.

3. Að undanteknum skipum, sem eingöngu eru notuð sem dráttarskip<sup>1)</sup> og skipum, sem eru byggð sem ísbrjótar og eingöngu notuð sem slík, má frádrátturinn fyrir aðalvélarrúmi aldrei fara fram úr 55% af þeim hluta brúttórúmlestamagns skipsins, sem eftir er, þegar húið er að gera alla frádrætti af brúttórúmlestatölunni, nema aðalvélarrúmið.

*Hlutar aðalvélarrúms.*

## 76. gr.

Til aðalvélarrúmsins er talið eftirfarandi:

- a. Rúm undir yfirfleti aðalrúms;
- b. ásgöng eða kistur í skipum með skrófu og öryggisgöng;
- c. rúm milli yfirflatar aðalrúms og efra þilfars.

Til þess getur einnig talizt:

- d. Rúm á efra þilfari eða undir því, sem ætluð eru til birtu- og loftgjafar.

Um a, b og c. Þessir hlutar aðalvélarrúms fela í sér öll rúm fyrir neðan efra þilfar, sem má telja til aðalvélarrúms samkvæmt fyrir mælum 78. og 79. gr.

„Aðalrúm“ er rúm það, sem í eru öll aðaltæki til að knýja skipið, önnur en þau, sem falla undir b. „Efri flötur“ þess er undirflötur þilfarsins fyrir ofan. Ef rúm það, sem hér er átt við, nær lóðrétt á undirflöt þreps eða hærra afturþilfars, skal sá hluti þess, sem er staðsettur innan reisinarrinnar, falla undir lið d (sjá 100. og 101. mynd).

Um d. Í þessum hluta er ljós- og loftreisn til að hleypa birtu og lofti inn í ketil- og vélarrúm. Hann nær einnig til allra rúma fyrir vélar, sem samkvæmt fyrir mælum 78. og 79. gr., má telja til aðalvélarrúms.<sup>2)</sup>

Þegar hlutar þeir, sem falla undir d-lið eru taldir með aðalvélarrúmi, skal nota fyrir mæli, sem sett eru í 77. gr.

*Ljós- og loftrúm.*

## 77. gr.

Rúm þau eða hlutar úr rúmum, sem talað er um í d-lið í 76. gr. og kölluð eru ljós- og loftrúm, skulu, ef eigandi beiðist þess, vera lögð við brúttórúmlestatölu

1) Björgunarskip og slökkvifleytur skulu ekki talin dráttarskip.

2) T. d. skal hluti af öryggisgöngum, sem eru á efra þilfari eða fyrir ofan það, falla undir þennan lið (sjá 102. mynd).

192 skipsins og við aðalvélarrúmið, þegar gera skal frádrátt fyrir aðalvélarrúminu, ef 8. sept. þau eru:

- a. Af hæfilegri stærð.
- b. Viðurkennd örugg og traust.
- c. Þannig byggð, að þau eru ekki nothæf til annars en að hleypa birtu og lofti inn í vélarrúmið, eða fyrir vélar, áhöld eða tæki, sem geta talizt hlutar af aðalvélinni, samkvæmt ákvæðum 78. og 79. gr.

Mælingarskýrslan skal greina, hvort umrædd rúm fullnægja ofangreindum skilyrðum.

*Rúm, sem teljast mega til aðalvélarrúms.*

78. gr.

- A. Eftirfarandi rúm skal telja til aðalvélarrúms:
  1. Rúm fyrir aðalketil;
  2. rúm fyrir aðalvél;
  3. rúm fyrir aukavélar, nauðsynlegar fyrir notkun aðalketils eða aðalvélar;
  4. ásgöng eða kistur (trunks) og öryggisgöng;
  5. birgðageymsla vélstjóra og viðgerðarherbergi að hámarksstærð þrjú fjórðu úr einu % af brúttó rúmlestatölunni, ef þau eru staðsett innan vélarrúmsins undir efra þilfari;
  6. rúm fyrir eftirfarandi vélar, tæki og áhöld:
    - a. Sethylki (settlement tanks) af hæfilegri stærð<sup>1)</sup>, í skipum, sem brenna olíu, ef þau eru staðsett í vélarrúminu, í reisu, fyrir ofan eða í beinu sambandi við slík rúm eða reisnir;
    - b. rafala, skiptiborð og eftirlitsborð, að undanteknum þeim, sem talað er um í B 4, f, í þessari grein;
    - c. hljóðdeyfara (að meðtöldum hljóðdeyfurum í reykháfum);
    - d. hitavatnsbrunnum, ef þeir eru staðsettir innan aðalvélarrúms undir efra þilfari;
    - e. öskubeytara (ash-ejectors);
    - f. tæki fyrir vélsúg að kötlum;
    - g. Olíuhreinsunartæki og olíukælingartæki fyrir brennsluolíu og smurningsolíu (þar með taldir hreinsunargeymar);
    - h. tæki til hitunar á veituvatni og önnur sams konar tæki nauðsynleg fyrir aðalvél;
    - i. uppgufunartæki, eingöngu ætluð fyrir veituvatn að kötlum;
    - j. smurningsolíudælur;
    - k. loftræstingartæki í vélarrúmi;
      - l. rafgeyma, sem eingöngu eru notaðir við aðalvél;
    - m. Gufu- og rafmagnsþjöppur og lofthylki, notaðar í sambandi við aðalvél;
    - n. brennsluolíur, notaðar eingöngu fyrir brennsluolíu, ef þær eru staðsettir innan vélarrúmssvæðisins, í reisu fyrir ofan, eða í beinu sambandi við slík rúm eða reisnir.
- B. Eftirfarandi svæði skulu ekki talin fylgja aðalvélarrúmi:
  1. Eldsneytirúm.
  2. Veituvatnsrúm (Feed-water-spaces).
  3. Birgðageymar fyrir smurningsolíu.
  4. Rúm fyrir eftirfarandi vélar, tæki eða áhöld:
    - a. Eimsvali aukavéla, sem ekki er notaður í sambandi við aðalvél;

1) Í langferðaskipum má hámarksstærð sethylkja ekki fara fram úr því, er svarar til tveggja daga notkunar af brennsluolíu, annars skulu þau talin með rúmi fyrir eldsneyti.

- e. hreinlætisdælur og aðrar dælur, sem ekki eru notaðar í sambandi við aðalvél; **192**  
 f. rafalar, skiptiborð og eftirlitsborð, sem eingöngu eru notuð við lýsingu eða siglingu skipsins, vinnu við farm þess o. s. frv. og algerlega óháð aðalvélinni; 8. sept.  
 g. aukakatlar, aðrir en þeir, sem um getur í 79. gr.

*Rúm fyrir aukakatlana.*

79. gr.

Aukakatlar, sem fullnægja skilyrðum yfirstjórnar skipamælinga, og eru nauðsynlegir í sambandi við gang aðalvélar eða aukavéla, sem taldar eru hluti af henni, skulu taldir fylgja aðalvélinni. Ef rúm það, sem þessir aukakatlar taka og nauðsynlegt er, svo unnið verði við þá, er staðsett undir efra þilfari, innan eða utan vélarrúmsins, skal bæta því við aðalvélarúmið. Ef rúm það, sem þessir aukakatlar taka og nauðsynlegt er, svo unnið verði við þá, er staðsett fyrir ofan efra þilfar, skal telja það með loft- og ljósrúmi, sem talað er um í 77. gr.

*Mæling á aðalvélarúmi.*

80. gr.

Mæling á aðalvélarúmi skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi:

1. *Rúm fyrir neðan yfirflöt aðalrúms*, sem talað er um í 76. gr. a-lið, eru mæld með því að finna:

I. lengdina;

II. þrjár, fimm eða, ef nauðsynlegt er, sjö dýptir;

III. þrjár, fimm eða, ef nauðsynlegt er, sjö breiddir.

*Lengd* rúmsins milli skilja þess er mæld. Þessari lengd er síðan skipt niður í tvo, fjóra eða sex jafna parta, eftir því hvort þrjár, fimm eða sjö dýptir eru mældar.

*Dýptin* skal mæld í miðfleti frá yfirfleti aðalrúmsins að yfirfleti tvöfalda botnsins (eða að yfirfleti venjulegra botnstokka eða innsúðar, eftir því sem við á) við endapunkta lengdarinnar og deilipunkta hennar. Sérhver dýpt skal leiðrétt, ef nauðsynlegt er, vegna riss eða falls á botni, eins og lýst er í 28. gr.

Síðan eru *breiddirnar* mældar milli hliðarskiljanna (eða milli innri brúna bandanna við hliðar skipsins eða innsúðarinnar á þeim, eftir því sem við á).

Lengd rúmsins og staðsetning þess segir til um það, hve margar dýptir og breiddir á að taka.

Stórt vélarrúm staðsett í skut og sem nær hliða á milli í skipinu, þarf að mæla á fimm eða sjö dýptum og fimm eða sjö breiddum. Ef vélarrúmið er staðsett miðskipa, nægir venjulega að mæla þrjár dýptir og þrjár breiddir.

Þegar eitt eða fleiri þrep eru í tvöfalda botninum í vélarrúminu, eða í skipum með einföldum botni, er snögg breyting á dýpt botnstokka, eða þegar hliðarskiljur vélarrúms eru bognar eða brotnar (t. d. hliðaskiljur eldsneytirúma) eða yfirleitt þegar vélarrúm er óreglulegt í lögun, skal mæla það í pörtum og skal þá fara með hvern part eins og sagt er fyrir um mælingu alls rúmsins. Þegar rúmið er réttthyrnt eða samsíða, er nægilegt að mæla eina dýpt og eina breidd.

Öll dýpta- og breiddamál skulu skráð á mælingarskýrsluna og þess getið, hvort þau voru mæld að yfirfleti tvöfalda botns eða að yfirfleti venjulegra botnstokka, að innri brún banda eða að innsúð.

192  
8. sept.

Þegar mæla skal rúmið undir yfirfleti aðalrúmsins, verður að taka fullt tillit til útskota eða innskota í tvöfalda hotni eða botnstokkum eins og getið er í lið I í 29. gr.

- Aðferðir við mælingu á aðalvélarrúmi eru sýndar á 103. til 110. mynd.
2. Rúm þau, sem getið er um í 76. gr. undir liðunum b, c og d, eru mæld að því snertir lengd, hæð og breidd eins og sagt er í 1. lið í þessari grein. Venjulega mun nægja að mæla eina hæð og eina breidd, nema ef viðkomandi rúm nær hliðanna á milli í skipinu (þ. e. öxulskot) og þarf þá að mæla þrjár eða fimm breiddir.

Rúm, sem staðsett eru fyrir ofan efri flöt aðalrúms, skulu mæld í röð. Sérhvert rúm skal mælt fyrir sig og málin skulu tekin milli skilrúma þeirra án tillits til stoða.

3. Þegar ákvarða skal rúmtak rúma þeirra, sem um ræðir í þessari grein, skal það athugað, að taka ekki með rúm þau, sem ekki teljast til aðalvélarrúmsins eða rúm, sem talað er um í 78. gr. A. 5, og ekki er hægt að telja með að öllu eða nokkru leyti, fyrr en húið er að ákvarða brúttórúmlestatölu skipsins. Við framkvæmd þessa mun í flestum tilvikum vera haganlegast, að mæla út af fyrir sig utanmál rúma, sem slíkar vélar eru í, tæki eða áhöld, sem ekki eru talin fylgja aðalvélinni og draga síðan rúmtak þeirra frá rúmtaki heildarrúmsins (sjá 103. og 110. mynd).

Ef slíkar vélar, tæki, áhöld o. s. frv. eru aðgreind með skiljum, skal ákvarða rúmtak hins aðgreinda rúms.

Öll mál á rúmi, sem slíkar vélar eru í, tæki, áhöld o. s. frv., sem ekki teljast fylgja aðalvél, hvort sem það er aðskilið með skilju eða ekki, skulu skráð á mælingarskýrsluna.

Ef nauðsynlegt reynist að takmarka stærð aðalvélarrúms, samkvæmt því, sem segir í 81. gr., skal skrá bæði hina takmörkuðu stærð og alla stærðina á mælingarskýrsluna.

#### *Takmörkun á aðalvélarrúmi.*

##### 81. gr.

- a. *Lengd rúmsins fyrir neðan yfirflöt aðalrúmsins.*

1. Ef það kemur í ljós við mælingu aðalvélarrúmsins, að lengd þess er meiri en það, sem nauðsynlegt er til þess að hægt sé að stjórna aðalvélinni og aukavélunum, sem nauðsynlegar eru fyrir aðalvélina, skal takmarka þessa lengd samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar.

2. Þegar um gufuskíp er að ræða, skal athuga eftirfarandi:

I. Ef ristarnar snúa fram og aftur, skal reikna lengd eldhólfsins að viðbættu um það bil 1 feti eða 0,305 metrum fyrir framan ristarnar fyrir ámokstri og kyndingu eldanna, en ef katlarnir snúa þannig, að ristarnar eru þverskipa, skal ekki reikna neina viðbótarlengd.<sup>1)</sup>

II. Ef skip gengur fyrir gangskiptanlegri vél (reciprocating engines), skal aftasti punktur vélarrúmslengdarinnar ekki vera lengra fyrir aftan aftasta strokkinn, lokahús hans, eða annan hluta af aðalvélinni, en nauðsynlegt er fyrir örugg vinnuskilyrði. Ekki má þessi mælingarpunktur vera meira en 4 fetum eða 1,219 metrum fyrir aftan slíkan strokk o. s. frv., sem getið er um hér að framan, nema með sérstöku leyfi frá yfirstjórn skipamælinganna.

3. Þegar um túrbínuskíp er að ræða, skal nota ákvæði málsgreinar 2 í a-lið þessarar greinar við mælingu ketilrúms.

1) Sama regla gildir ef aðalkatlar eru að öllu eða einhverju leyti fyrir ofan efra þilfar.

4. Takmörkun sú, sem talað er um í málsgreinunum 1, 2, og 3 í a-lið þessarar greinar, skal aðeins notuð í þeim tilvikum, þegar rúmtak aðalvélarrúmsins, sem frádrátturinn fyrir aðalvélinni er byggður á, er 20% af brúttórúmlestatölunni eða meira, þegar um skip með skrófu er að ræða, eða 30% eða meira af brúttórúmlestatölunni, þegar um hjólaskip er að ræða, en hver svo sem stærð vélarrúmsins er, skal þessi takmörkun aldrei notuð um fiski- eða veiðiskip, dráttarskip eins og talað er um í 75. gr., skip, sem byggð eru og eingöngu ætluð sem ísbrjótar eða skemmtiskip.
5. Ef nauðsynlegt þykir að breyta út af framansögðum fyrirmælum sökum mikils afls vélanna eða einhvers óvanalegs í fyrirkomulagi þeirra, skulu skipamælingaryfirvöldin ákveða, eftir að þeim hafa verið afhentar nauðsynlegar teikningar og upplýsingar, lengd þá, sem miðað skal við útreikning rúmmálsins.

192

8. sept.

b. *Öxulgöng í skipum með skrófu, öryggisgöng.*

1. Þegar þrýstileg er ekki staðsett í venjulegu þrýstilegsskoti, og takmarka þarf samkvæmt þessari grein lengd aðalvélarrúms og þrýstilegið er staðsett innan aðalsvæðisins fyrir utan takmarkaða hlutann, skal hæð sú, sem leyfð er fyrir slíkt þrýstileg aldrei fara fram úr því, sem talið er nauðsynlegt til viðgerðar (sjá 111. mynd).
2. Þegar engin ásgöng eru:
- I. Í skipum, sem hafa eina skrófu, skal rúm það, sem ásgöngin taka, vera af hæfilegri stærð fyrir skipið. Ef aftari vélarrúmsskiljan er með innskoti, skal hæð sú, sem leyfð er, ekki vera meiri fyrir ofan öxulinn en nauðsynlegt er vegna vinnu og viðgerðar (sjá 111. og 112. mynd).
  - II. Í skipi með tvær eða fleiri skrófur, skal að mestu nota sömu reglur, en þegar aftan við aðalrúmið er stórt rúm eða innskot, opið hliðanna á milli, skal rúm það, sem innifalið er í aðalvélarrúminu, ekki vera stærra en nauðsynlegt hefði verið fyrir ásgöng af venjulegri stærð fyrir hvorn skrófuás (sjá 113. mynd).
3. Í skipum, sem hafa tvær eða fleiri skrófur og með byggðum ásgöngum, skal innskotið þegar fyrir framan stefnispípuna ekki vera stærra en hæfilegt er til viðgerðar á ásnunum, og skal tillit tekið til byggingarlags þess hluta skipsins yfirleitt (sjá 114. mynd).
4. Öryggisgöng skulu vera talinn hluti af aðalvélarrúminu, ef þau eru ekki stærrí en nauðsynlegt er til að komast að og frá ásgöngunum.  
Öll vafaatriði skulu lögð fyrir yfirstjórn skipamælinganna til úrskurðar og skulu allar nauðsynlegar upplýsingar fylgja þeim.
- c. *Rúm milli yfirflatar aðalrúms og efra þilfars.* Þær einu takmarkanir, sem yfirleitt þarf að gera, eru þær, sem settar eru fram í a.
- d. *Rúm á efra þilfari eða fyrir ofan það.* Til þess að ákvarða, hvort þessi rúm eru „af eðlilegri stærð“, skal þetta athugað:
1. Þegar um er að ræða rúm, sem staðsett eru utan aðalvélarrúmsins eða utan reísu fyrir ofan það, og sem í eru vélar, sem samkvæmt fyrirmælum 78. og 79. gr. má telja sem hluta af aðalvélinni, skulu þau ekki vera stærrí en nauðsynlegt má telja til vinnu við slíkar vélar.
  2. Þegar um er að ræða rúm, sem veita birtu og lofti til aðalvélarrúmsins:
    - I. Skal heildarlengd þeirra ekki vera meiri en lengd vélarrúmsins fyrir neðan (sjá 115. mynd) og ef hluti af því er klæddur með plötum, skal draga þann hluta frá heildarlengdinni á viðkomandi stað (sjá 116. mynd).

192  
8. sept.

- II. Skal breidd sú, sem leyfð er, ekki fara fram úr helmingi heildar mælingarbreiddarinnar, en takmörkun að því er breiddina snertir skal ekki ná til þess hluta þreps eða hækkaðs afturþilfars, sem um getur í 76. gr. (sjá 100. og 101. mynd).

*Útreikningur á rúmtaki aðalvélarrúms.*

82. gr.

Þegar búið er að mæla aðalvélarrúmið eins og sagt er í 80. gr. og, ef nauðsynlegt hefur verið að gera þær takmarkanir, sem um ræðir í 81. gr., er rúmtak aðalvélarrúmsins ákvarðað á eftirfarandi hátt:

Rúmtak hvers rúms (eða hluta úr rúmi, ef svo ber undir), er reiknað út með því að margfalda fyrst lengd þess með breidd. Flatarmál það, sem þannig finnst, er síðan margfaldað með dýptinni (hæðinni) og sú útkoma sýnir þá rúmtak rúmsins (eða hluta úr rúminu, eftir því sem á stendur) í rúmfetum eða rúmmetrum.

Ef mæld hefur verið fleiri en ein breidd, skal nota meðalbreiddina við útreikninginn. Sömu reglu skal nota við dýptina (hæðina).

83. gr.

Hér fara á eftir dæmi, sem tekin eru af tveim skipum með skrófu, og sýna þau, hvernig ákvæðunum um frádrátt fyrir aðalvélarrúmi er hagað.

Dæmin (bls. 37) sýna, hvernig ákveða skal stærð ljós- og loftrúma, svo að 32% frádráttur fái af brúttórúmlestatölunni vegna aðalvélarrúmsins.

**A.** Eigandinn óskar ekki, að neitt efna þilfar sé innifalið i brúttórúmllestatölunni eða bætt við raunverulegt vélarúml. vera yfir 1 600,00 rúml. (4 532,58 frádrátturinn fái.

**B.** Eigandinn óskar, að svo mikið Eigandinn óskar, að nauðsyn- rúm sem gerlegt er, á eða fyrir legur hluti af rúmi á eða fyrir ofan efna þilfar sé lagt við raun- efra þilfar sé innifalinn i brúttó- verulegt vélarúml og innifalið i rúmllestatölunni og bætt við raun- brúttórúmllestatölunni, sem ekki má verulegt vélarúml til þess, að 32% rúml. (4 532,58 frádrátturinn fái.

### 1. dæmi.

Rúmtak raunverulegs vélarúms  
= 160 rúml. (453,26 m<sup>3</sup>)  
Heildarrúmtak rúms á eða yfir efra  
þilfari (ljós- og loftrúm o. s. frv.)  
= 65 rúml. (184,14 m<sup>3</sup>)  
Samanlagt rúmtak lestaropa  
= 25 rúml. (70,82 m<sup>3</sup>)

Rúmtak raunverulegs vélarúms er 32,89 rúml. (93,17 m<sup>3</sup>) af rúm- 50,28 rúml. (142,44 m<sup>3</sup>) af rúmi ekki yfir 13% af brúttórúml. (3 824,36 m<sup>3</sup>) af rúmi eða fyrir ofan efna þilfar eru inn- innifalið i brúttórúmllestatölunni og faldar i brúttórúmllestatölunni og dráttur fyrir aðalvélarúmi 160 × 1,75 = 280 rúml. (453,26 × 1,75 = 793,21 m<sup>3</sup>).  
160,00 + 32,89 = 192,89 rúml. (546,43 m<sup>3</sup>) fer + 50,28 = 243,17 rúml. (693,61 m<sup>3</sup>) af (453,26 + 93,17 = 546,43 m<sup>3</sup>) fer + 142,44 = 688,87 m<sup>3</sup>. 13% af ekki fram úr 13% af brúttórúml- brúttórúmllestatölu = 210,25 rúml. (595,60 m<sup>3</sup>). Þar af leiðandi lestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðal- frádráttur fyrir aðalvélarúmi verður frádrátturinn fyrir aðal- 192,89 × 1,75 = 337,56 rúml. (956,25 m<sup>3</sup>).  
(546,44 × 1,75 = 956,25 m<sup>3</sup>).

Rúml. (3 824,36 m<sup>3</sup>)  
200,00 rúml. (566,57 m<sup>3</sup>)  
17,25 rúml. (48,87 m<sup>3</sup>)  
1 567,25 rúml. (4 439,80 m<sup>3</sup>)  
120,00 rúml. (339,94 m<sup>3</sup>)  
1 447,25 rúml. (4 099,86 m<sup>3</sup>)  
280,00 rúml. (793,21 m<sup>3</sup>)  
1 167,25 rúml. (3 306,65 m<sup>3</sup>)

1 350,00 rúml. (3 824,36 m<sup>3</sup>)  
200,00 rúml. (566,57 m<sup>3</sup>)  
32,89 rúml. (93,17 m<sup>3</sup>)  
17,09 rúml. (48,41 m<sup>3</sup>)  
1 599,98 rúml. (4 532,51 m<sup>3</sup>)  
120,00 rúml. (339,94 m<sup>3</sup>)  
1 479,98 rúml. (4 192,57 m<sup>3</sup>)  
337,56 rúml. (956,25 m<sup>3</sup>)  
1 142,42 rúml. (3 236,32 m<sup>3</sup>)

1 350,00 rúml. (3 824,36 m<sup>3</sup>)  
200,00 rúml. (566,57 m<sup>3</sup>)  
50,28 rúml. (142,44 m<sup>3</sup>)  
17,00 rúml. (48,16 m<sup>3</sup>)  
1 617,28 rúml. (4 581,53 m<sup>3</sup>)  
120,00 rúml. (339,94 m<sup>3</sup>)  
1 497,28 rúml. (4 241,59 m<sup>3</sup>)  
517,53 rúml. (1 466,09 m<sup>3</sup>)  
979,75 rúml. (2 775,50 m<sup>3</sup>)

192  
8. sept.

**A.** Eignadinn óskar ekki, að neitt rúm á eða fyrir ofan efra þilfar sé innifalið i brúttórúmlestatölunni eða bætt við raunverulegt vélarrrúm.

**B.** Eignadinn óskar, að svo mikið rúm sem gerlegt er, á eða fyrir ofan efra þilfar sé innifalið i brúttórúmlestatölunni og bætt við raunverulegt vélarrrúm. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m<sup>3</sup>).

**C.** Eignadinn óskar, að allt rúmið á eða fyrir ofan efra þilfar sé innifalið i brúttórúmlestatölunni og bætt við raunverulegt vélarrrúm. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 465,00 × 1,75 = 813,75 rúml. (1 317,28 × 1,75 = 2 305,24 m<sup>3</sup>).

**2. dæmi.**

Rúmtak raunverulegs vélarrrúms = 360 rúml. (1 019,83 m<sup>3</sup>).

Heildarrúmtak rúms á eða yfir efra þilfari (ljós- og loftrúm o. s. frv.) = 105 rúml. (297,45 m<sup>3</sup>).

Samanlagt rúmtal lestaropa = 30 rúml. (84,99 m<sup>3</sup>).

Rúml. (197,96 m<sup>3</sup>) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m<sup>3</sup>) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m<sup>3</sup>).

Rúmtak raunverulegs vélarrrúms er yfir 13% en undir 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 32% af brúttórúmlestatölunni.

Rúml. (461,756 m<sup>3</sup>) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m<sup>3</sup>) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m<sup>3</sup>).

Rúml. (461,756 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	1 630,00 rúml. (4 617,56 m <sup>3</sup> )	1 630,00 rúml. (4 617,56 m <sup>3</sup> )
Rúml. (793,20 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	280,00 rúml. (793,20 m <sup>3</sup> )	280,00 rúml. (793,20 m <sup>3</sup> )
Rúml. (197,96 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	69,88 rúml. (197,96 m <sup>3</sup> )	105,00 rúml. (297,45 m <sup>3</sup> )
Rúml. (57,93 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	20,10 rúml. (56,94 m <sup>3</sup> )	19,92 rúml. (56,43 m <sup>3</sup> )
Rúml. (5 468,69 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	1 930,45 rúml. (5 468,69 m <sup>3</sup> )	2 034,92 rúml. (5 764,64 m <sup>3</sup> )
Rúml. (538,24 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	190,00 rúml. (538,24 m <sup>3</sup> )	190,00 rúml. (538,24 m <sup>3</sup> )
Rúml. (4 930,45 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	1 740,45 rúml. (4 930,45 m <sup>3</sup> )	1 844,92 rúml. (5 226,40 m <sup>3</sup> )
Rúml. (1 749,98 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	617,74 rúml. (1 749,98 m <sup>3</sup> )	813,75 rúml. (2 305,24 m <sup>3</sup> )
Rúml. (3 180,47 m <sup>3</sup> ) af rúminu á eða fyrir ofan efra þilfar er bætt við raunverulegt vélarrrúm og innifalið i brúttórúmlestatölunni. 360,00 + 69,88 = 429,88 rúml. (1 019,83 + 197,96 = 1 217,79 m <sup>3</sup> ) er meira en 20% af brúttórúmlestatölunni. Þar af leiðandi verður frádrátturinn fyrir aðalvélarrrúmi 429,88 × 1,75 = 752,29 rúml. (1 217,79 × 1,75 = 2 131,13 m <sup>3</sup> ).	1 122,71 rúml. (3 180,47 m <sup>3</sup> )	1 031,17 rúml. (2 921,16 m <sup>3</sup> )



## Útreikningur:

192

8. sept.

Brúttórúmllestir, ljós- og loftrúm og lestarop ekki meðtalin .....	1 550,00	
Yfirstærð lestaropa (samkvæmt ofangreindri brúttórúmllestatölu) ....	17,25	
<hr/>		
Brúttórúmllestir, yfirstærð lestaropa innifalin, en ljós- og loftrúm ekki talin með .....	1 567,25	
13% af 1 567,25 rúmllestum .....	203,74	
Vélarrúm undir efra þilfari .....	160,00	
<hr/>		
Mismunur .....	43,74	
14,95% af mismuninum .....	6,54	
<hr/>		
Mismunur að viðbættum 14,95% af honum .....	50,28	50,28
Brúttórúmllestir, að meðtöldu ljós- og loftrúmi og yfirstærð lestaropa, fundinni til bráðabirgða .....	1 617,53	
Viðbótar frádráttur fyrir lestarop, vegna ljós- og loftrúma = ½% af 50,28 .....	0,25	
<hr/>		
	1 617,28	1 617,28
13% af brúttórúmllestatölunni .....	1 617,28 =	210,25
<hr/>		
Vélarrúm undir efra þilfari .....		160,00
Ljós- og loftrúm .....		50,28
<hr/>		
	Samtals	210,28

## V. KAFLI

## Mæling og útreikningur á rúmllestum samkvæmt reglu II.

## Mæling á rúmi undir efsta þilfari.

84. gr.

Þegar regla II er notuð, samkv. 2. málsg. 2. gr., eru málin á rúminu undir efsta þilfari<sup>1)</sup> ákvörðuð með því að finna lengd skipsins, mesta utanmálsbreidd þess og ummál á eftirfarandi hátt:

1. Lengdin er mæld á efsta þilfarinu frá aftari hlið framstefnis að aftari hlið afturstefnis. Ef ekkert afturstefni er eða afturstefni nær ekki upp að efsta þilfari, skal lengdin tekin að frambrún stýrisstokks, og skal hann þá, ef þörf krefur, hugsaður ná upp að efsta þilfari (sjá 117. mynd).
2. Mesta utanmálsbreidd er ákvörðuð með því að mæla breiðasta hluta efsta þilfars að utanverðri skipshlið, og skal þar merkja yfirflöt þilfarsins. Aðkreppa hliðarinnar, ef einhver er, er síðan mæld með mællilóði eða á annan hátt. Summa breiddarinnar og aðkreppunnar á báðum hliðum verður mesta utanmálsbreiddin (sjá 118. mynd). Hliðarlistar skulu ekki mældir með í þessari breidd.

Ef hægt er að ákvarða utanmálsbreiddina með innanmálum (t. d. í vélarrúmunum í stálskipum) er mesta breiddin mæld að innra fleti hliðarplatna og við það mál bætt þykkt platnanna á báðum hliðum.

3. Ummálið ætti helst að mæla með keðju, sem dregin er utan um skipið á þeim stað, sem mesta breiddin var mæld (sjá 119. og 120. mynd). Keðjuna skal draga þétt að kjölnum og merkja skal á hana við efri brún efsta þilfars

1) Þegar regla II er notuð um skip með opnu skjólþilfari, er skjólþilfarið talið efsta þilfar.

192  
8. sept.

á báðum hliðum. Ummálið finnst síðan með því að mæla bilið milli punktanna sem merktir voru á keðjuna.

*Útreikningar á rúmtaki rúmsins undir efsta þilfari.*

85. gr.

Rúmtak rúmsins undir efsta þilfari fæst með því að leggja saman hálfu ummálið og hálfu mestu utanmálsbreidd. Summan, sem þá kemur út, er margfölduð með sjálfri sér og sú útkoma margfölduð með lengdinni. Þessi útkoma er síðan margfölduð með breytitölunni (factor) 0,0017, ef mælt var í fetum og þegar um tréskip eða um skip úr tré og járn er að ræða, en með breytitölunni 0,0018, þegar um stálskip er að ræða, en ef mælt er í metrum eru breytitölurnar (factors) 0,17 og 0,18. Þessi síðasta útkoma telst vera rúmtak rúmsins undir efsta þilfari í skrásetningarrúmlestum eða í rúmmetrum.

86. gr.

Þegar regla II er notuð, skal engin mæling fara fram á tvöfalda botni.

*Reisnir o. s. frv.*

87. gr.

Samkvæmt ákvæðum 88. gr. skal nota ákvæði III. kafla, um rúm á eða fyrir ofan efsta þilfar (stafnreisn, þrep, þilfarshús, lestarop o. s. frv.).

*Mæling og útreikningur á rúmtaki reisna.*

88. gr.

Mæling allra reisna og lestaropa á eða fyrir ofan efsta þilfar er framkvæmd með því að ákvarða meðalbreidd, meðallengd og meðalhæð, ef hægt er að koma því við samkvæmt fyrirmælum III. kafla. Ekki skal nota meira en eina breidd. Þegar ekki er hægt að koma því við að taka innanmál, skulu utanmál notuð.

Rúmtak slíkra rúma er fundið með því að margfalda lengd með breidd og útkomuna með hæðinni. Þessi síðasta útkoma er rúmtakið í rúmfetum eða rúmmetrum.

*Mæling og útreikningur á rúmunum, sem má draga frá.*

89. gr.

Frádráttarhæf rúm, sem talað er um í 7. gr., skulu mæld og rúmtak þeirra ákvarðað samkvæmt fyrirmælum 88. gr. Allir frádrættir skulu gerðir samkvæmt þeim takmörkunum, sem eru í IV. kafla, og ef ógerlegt er að reikna út slík takmörk fyrir eitthvert rúm (t. d. rúm fyrir vatnskjölfestur) má engan frádrátt leyfa fyrir það rúm.

**VI. KAFLI**

**Skrásetningarstærðir.**

*Skrásetningarstærðir samkvæmt reglu I.*

90. gr.

1. *Skrásetningarlengd*<sup>1)</sup> er lengdin frá fremri brún efsta enda framstefnis (sjá 121. mynd) að afturbrún efsta enda afturstefnis.

1) Þegar mælingarlengdin hefur verið ákvörðuð, er skrásetningarlengdin auðfundin með því að bæta við eða draga frá mælingarlengdina, eftir því sem við á, lengd láréttu bilanna, sem mæld eru í miðfleti milli endapunkta mælingarlengdanna og punktanna, sem nefndir eru hér að framan (sjá 117. mynd).

Ef ekkert afturstefni er, skal mæla lengdina að punktinum, þar sem 192 framhlið stýrisáss (eða framhaldslína hennar) mætir efsta þilfarinu.

8. sept.

2. *Skrásetningarbreydd* er mesta utanmálsbreydd, sem er fundin á sama hátt og segir í 84. gr. um breiddir samkvæmt reglu II (sjá 118. mynd).

Hlíðarlístar skulu ekki taldir með í þessari breidd.

3. Skrásetningardýpt er lóðrétt fjarlægð mæld í miðfleti við miðju skrásetningarlengdarinnar milli undirflatar mælingarþilfars og yfirflatar tvöfalda botns eða botnstokka. Í skipum, sem hafa þrjú eða fleiri þilför, skal mæla viðbótardýpt að undirfleti efra þilfars (sjá 122. mynd).

Þegar skrásetningardýptin lendir á lækkun eða hækkun tvöfalda botns, skal mæla dýptina að botni lækkunarinnar eða að yfirfleti hækkunarinnar, eftir því sem við á (sjá 123. mynd).

### *Skrásetningarstærðir samkvæmt reglu II.*

91. gr.

Skrásetningarstærðir í skipum, sem mæld eru samkvæmt reglu II, skulu vera lengd, breidd og ummál, ákvarðaðar samkvæmt fyrirmælum 84. gr.

### *Mesta lengd.*

92. gr.

Mesta lengd skal einnig ákvörðuð. Hún er mæld frá fremsta punkti fastrar byggingar að aftasta punkti fastrar byggingar skipsins (sjá 124. mynd).

**Dæmi um það, hvernig tafla III er notuð við að breyta rúmlestum í m<sup>3</sup>.**

Breyta á 36 503,85 rúmlestum í rúmmetra:

	Rúml.	=	M <sup>3</sup>
Úr töflu III A .....	36 000	=	101 983,003
— — III A .....	500	=	1 416,431
— — III A .....	3	=	8,499
— — III B .....	0,85	=	2,408
	36 503,85	=	103 410,341
			103 410,34

**Dæmi um það, hvernig tafla IV er notuð við að breyta m<sup>3</sup> í rúmlestir.**

Breyta á 89 738,92 rúmmetrum í rúmlestir:

	M <sup>3</sup>	=	Rúml.
Út töflu IV A .....	89 000	=	31 417,000
— — IV A .....	730	=	252,690
— — IV A .....	8	=	2,824
— — IV B .....	0,92	=	0,325
	89 738,92	=	31 677,839
			31 677,84

192  
8. sept.

Dæmi um það, hvernig tafla V er notuð við að breyta fetum í metra.  
Breyta á 428,15 fetum í metra:

	Fet	=	M
Út töflu V A .....	420	=	128,014
— — V A .....	8	=	2,438
— — V B .....	0,15	=	0,046
	<hr/>		<hr/>
	428,15	=	130,498
			130,50

Dæmi um það, hvernig tafla VI er notuð við að breyta metrum í fet.  
Breyta á 145,67 metrum í fet:

	M	=	Fet
Út töflu VI A .....	140	=	459,326
— — VI A .....	5	=	16,405
— — VI A .....	0,67	=	2,198
	<hr/>		<hr/>
	145,67	=	477,929
			477,93

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt milliríkjasamningi um samræmda aðferð við skipamælingar, sem gerður var í Osló 10. júní 1947, og birtur er með auglýsingu nr. 80 5. nóv. 1948, til þess að öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 8. september 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

193  
14. sept.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:  
Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjólí og neftóbaki skal vera 20%, miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 12. apríl 1950, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931 um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 14. september 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Jónsson.*

## AUGLÝSING

194

18. sept.

### um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar, út af tekju- og eignarskatti álögðum annars staðar en í Reykjavík, vera til 10. október n. k.

*Fjármálaráðuneytið, 18. september 1950.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Kristján Thorlacius.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurðar Hafsteins Emilssonar“ frá Kleifarstekk í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 20. sept. dómsmálaráðherra 20. september 1950.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Sigurðar Hafsteins Emilssonar frá Kleifarstekk í Breiðdal.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Hafsteins Emilssonar.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1949 með gjöf hjónanna Þorbjargar Jónsdóttur og Emils Þórðarsonar til Eiðaskóla í minningu um son þeirra, Sigurð Hafstein. Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00, sem aldrei má skerða.

#### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að glæða háttvísi og trúmennsku með nemendum Eiðaskóla, og skal verja allt að  $\frac{4}{5}$  ársvaxta árlega til að verðlauna þann eða þá nemendur, sem sýnt hafa yfirburði í þessum dygðum í a. m. k. tveggja ára dvöl í skólanum.

#### 4. gr.

Skólastjóri og kennarar ákveða hverjum skuli veitt úr sjóðnum.

#### 5. gr.

Árlega skal leggja  $\frac{1}{5}$  ársvaxta við höfuðstólinn, svo og gjafir, sem sjóðnum kunna að berast. Nemi úthlutunarvextir meiru en sem svarar einni eigulegri viðurkenningu má veita hana sem beinan fjárstyrk eða fleirum en einum nemanda.

#### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og skal birta reikning sjóðsins í skólaskýrslu Eiðaskóla.

195

20. sept.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Kleifarstekk, 9. júní 1950.

Þorbjörg Jónsdóttir.  
Emil Þórðarson.

7. gr.

Eiðum, 18. maí 1950.

Þórarinn Þórarinsson,  
skólastjóri.

196

19. sept.

## REGLUR

um nokkrar nafnabreytingar lyfja samkvæmt nýrri lyfjaskrá, gerð, geymslu, áritun og afhendingu lyfja o. fl.

Pharmacopoea Danica 1948 (editio IX) ásamt Pharmacopoea Danica Addendum 1950 er löggilt á Íslandi frá 1. janúar 1951.

Athygli skal vakin á því, að nokkrum upphaflegum nöfnum lyfjaskrárinnar hefur verið breytt, sbr. Pharmacopoea Danica Addendum 1950, bls. 12.

Enn fremur er heimilt að nota nöfn samþykkt af norrænu lyfjaskrárnefndinni (NFN-nöfn), sbr. Pharmacopoea Danica Addendum 1950, bls. 13—16.

Loks skal athygli vakin á leiðréttingum og breytingum, sem gerðar hafa verið á lyfjaskránni, sbr. Pharmacopoea Danica Addendum 1950, bls. 17—20.

Lyf, sem skráð voru í Pharmacopoea Danica 1933 og Dispensatorium Danicum 1938 og skráð eru í Pharmacopoea Danica 1948 með breyttu nafni, samsetningu eða styrkleika, skulu búin til og afgreidd eftir hinni nýju lyfjaskrá, og engu að síður þó að þau séu tilgreind með eldra nafni, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðlinum, að lyfið óskist gert eftir annarri tilgreindri lyfjaskrá.

Hér fara á eftir nokkrar helztu reglur og nýmæli um:

1. gerð lyfja,
2. geymslu lyfja,
3. áritun og afhendingu lyfja og
4. önnur atriði.

## 1. Gerð lyfja.

Í lyfjabúð skulu vera nauðsynleg áhöld og tæki til framleiðslu á skráðum lyfjum, sem að jafnaði eru gerð þar. Undanskilin eru þó tómsuðutæki (vacuum-tæki) og vélknúin tæki til sykurhúðunar á pillum og töflum.

*Pillur* (pilulae) má búa til með tvennu móti, eins og um getur í lyfjaskrá, en ekki er leyfilegt að nota aðrar aðferðir eða forskriftir en þar greinir.

*Töflur* (tablettae) má aftur á móti gera á annan hátt eða eftir öðrum forskriftum en greindar eru í lyfjaskrá, nema annað sé beinlínis tekið fram, en fylgja skal hinum almennu reglum lyfjaskrárinnar um töflugerð, og töflurnar skulu að öðru leyti uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru varðandi innihald virkra efna, lögun, stærð, þyngd og sundrun.

*Stungulyfjatöflur* (injectablettae) skulu gerðar með fyllstu smitgát (aseptik), og efni þau, sem notuð eru við tilbúning þeirra, skulu vera, ef unnt er, smitsæfð (steril) eða standast próf, sbr. bls. 117 í I. bindi lyfjaskrárinnar.

*Leggangatöflur* (vagitoria comprimata) skulu vera kringlóttar og annar flöturinn íhvolfur og hinn kúptur (konkav-konveks).

*Skammtar* (dosipulveres) mega ekki vega minna en 10 sg. Ef tilgreint er á lyfseðli minna magn, skal bæta svo miklu við af mjólkursykri, að þyngd hvers skammts verði 10 sg.

Athygli skal vakin á því, að ný ákvæði eru um það, hversu mikið lyf í afmældum skömmtum mega vikja frá réttum þunga. **196**

19. sept.

*Stungulyf* (injectabilia). Í stungulyf skal nota sæft og tandurhreint (pýrogen-sneytt) vatn.

Sérstakar kröfur eru gerðar til eimingaráhalda til framleiðslu á slíku vatni, sbr. bls. 132 í II. bindi lyfjaskrárinnar.

Ef tilgreindur er styrkleiki stungulyfja í hundraðshlutum, er átt við g efnis í 100 ml af stunguvökva.

Leitast skal við að sæfa stungulyf eftir því, sem frekast er unnt. Ef einstakur skammtur af stungulyfi nemur 500 ml eða meira skal það gert með fyllstu smitgát og þegar í stað hitað upp sem mest má samkvæmt lyfjaskrá.

Þessa skal ávalt gætt við framleiðslu á:

Injectabile natrii bicarbonatis isotonicum og Injectabile natrii chloridi physiologicum.

Sérstakar reglur gilda um gerð stungulyfja, sem innihalda:

apómorfínhydróklóríð,  
askorbínsýru,  
atropínsúlfat,  
hýóskýamínhydróbrómíð,  
metýlatrópínbrómíð og  
oxedrintartrat.

*Augndropar* (oculoguttae) skulu gerðir með smitgát. Tilbúnir augndropar svo og lausnir, sem notaðar eru við gerð augndropa, skulu þegar eftir tilbúninginn látnar sæta mestu hitun, sem lyfið þolir.

Skráðir augndropar eru jafnþrungnir (ísótónískir) táravökvanum.

Aðrir augndropar, sem búnir eru til eftir lyfseðli, skulu gerðir jafnþrungnir, ef hægt er og í þeim eru ekki önnur efni en þau, sem um getur á bls. 270—283 í I. bindi lyfjaskrárinnar.

*Augnsmyrsl* (oculenta) skulu gerð úr Oculentum simplex, ef annað er ekki tekið fram.

*Fljótandi þykkni* (extracta fluida) og sterk jurtaseyði (concentrata vegetabilium) má, ef ekki er á annan veg fyrir mælt, seyða á vatnsbaði eða við gufu í stað þess að seyða í tómsuðutæki.

Í *olíu-lausnir* til úðunar (nebulolea) skal nota ólífuolíu, ef ekki er á annan veg fyrir mælt.

Magn natriumbrómíðs eða natriumjodíðs í vatnslausnum, skal miða við þurrt natriumbrómíð eða þurrt natriumjodíð, en magn kalsíumklóríðs við  $\text{CaCl}_2 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$ .

Vakin skal athygli á, að sérstakar reglur gilda um tilbúning vatnslausna, sem innihalda:

vetnistvíldi (allt að 10%),  
metýlatrópínbrómíð,  
oxedrintartrat,  
narkótínhydróklóríð og  
tetrapón.

Klóramínvatnslausnir til sárþvotta skal gera jafnþrungnar blóðvessa.

Sérstök athygli skal vakin á því, að *Tablettae ephedrini* innihalda nú 25 mg af efedrínhydróklóríði í stað 50 mg áður, og í einum ml af *Injectabile morphini* eru nú 3 sg morfínhydróklóríðs, en í *Solutio morphini hydrochloridi pro injectione* Ph. D. 1933 voru 5 sg.

196

## 2. Geymsla lyfja.

19. sept.

Í lyfjabúð skal árita lyfjailát skráðu latnesku lyfjaheiti, eða heiti, sem er í samræmi við nafngiftir lyfjaskrár.

Ef eldri áritun er brennd eða grafin á ílát, má þó nota það til 1. janúar 1955. Þessi undanþága nær ekki til eiturskápslyfja.

Nú er lyf gert eftir gamalli lyfjaskrá, en sams konar lyf er í gildandi lyfjaskrá og heiti þess óbreytt eða einungis lagfært til samræmis við nýrri nafngiftir, en lyfið gert með öðrum hætti eða styrkleiki þess annar en áður var, og skal þá geyma eldra lyfið í sérstöku íláti og rita nafn hlutaðeigandi lyfjaskrár neðan við heiti lyfsins.

Landlækni er heimilt að setja frekari reglur um geymslu lyfja í eiturskáp og eiturbás.

Ljósnaem lyf ber að varðveita í ljósheldum ílátum (dimmylf) eða í glösum og flöskum úr svörtu, dökkrauðu eða dökkbrúnu gleri (rökkurlyf).

Til 1. janúar 1955 má þó geyma þykkni (extracta og extracta fluida), dropa (tincturae) og lyfjavín í ílátum, sem til þessa hafa verið notuð, þótt eigi fullnægi þau settum skilyrðum.

Rökkurlyf, sem til þessa hafa verið geymd í dökkgrænum flöskum, má þó geyma í þessum ílátum til 1. janúar 1955.

Þessi lyf eru dimmylf: Adrenalini bitartras, Adrenalinum, Aether ad narcosin, Amyli nitris, Caliciferolum, Ergometrinum, Injectabile lactoflavini, Lactoflavinum, Neoarsphenaminum, og skal varðveita þau í svörtum, dökkrauðum eða dökkbrúnum glerílátum. Ílátin skal geyma á myrkum stað, eða sveipa þau svörtum eða rauðum pappír, eða öðru ljósheldu efni. Hvort tveggja, ílát og umbúðir, skal árita.

Mörg efni, jurtafyll og samsetningar, má ekki geyma nema takmarkaðan tíma, og er skrá um þau á bls. 289—294 í I. bindi lyfjaskrárinnar. Á þessi lyf skal skrá framleiðslu- og kvörðunardag. Lyf, sem ekki má geyma nema takmarkaðan tíma við venjulegt hitastig, er þó heimilt að geyma í tvöfalt lengri tíma, sé það varðveitt í velluktu eða loftþéttu íláti við eigi meiri hita en 5°.

Birgðir stungulyfja skal dagsetja eða tölusetja og vísi talan til dagbókar. Þar skal skráð, hvenær, á hvern hátt lyfið er gert og hvaða aðferðum beitt, einnig skal geta um niðurstöðu sæfingarprófs, ef það hefur verið framkvæmt.

## 3. Áritun og afhending lyfja.

Áritun inntökulyfja, þarfagangulyfja, innöndunarlyfja og neflyfja skal vera á hvítum pappír. Sama gildir um áritun á töflur, sem eiga að renna í munn.

Áritun stungulyfja skal vera á hvítum pappír með greinilegri rauðri rák frá neðra vinstra horni til efra hægra horns.

Lyf til stungu í vöðva, í æð, eða undir húð, skal árita greinilega með eftirfarandi bókstöfum, er gefa til kynna, hvernig lyfið skuli notað:

M: til stungu í vöðva.

V: — — - æð.

S: — — undir húð.

Áritun útvortis lyfja skal vera á hárauðum pappír.

Til 1. janúar 1952 er þó heimilt að árita útvortis lyf á bláa miða, eftir því sem birgðir endast.

Við afhendingu og áritun lyfja, skal nota lyfjaskrárheiti eða nöfn, sem eru í samræmi við gildandi nafngiftir. Þegar lyfseðill er ritaður með efnafræðiheiti lyfjaskrár eða samsvarandi latnesku heiti, skal árita lyfið á sama hátt.



Lyfjaáritun skal ávallt vera nákvæmlega samhljóða lyfseðli þeim, sem lyfið er látið úti eftir. 196  
19. sept.

Ef lækni getur þess á lyfseðli, að lyf skuli gert eftir annarri lyfjaskrá en hinn gildandi, skal árita lyfið samkvæmt þeirri lyfjaskrá og geta þess sérstaklega, eftir hvaða lyfjaskrá lyfið er gert.

Nú skrifar lækni Pasta zinci oxydi efir 31. des. 1950 og skal þá afgreiða Pasta zinci, nema á lyfseðlinum standi Ph. D. 1933 eða 50%.

Stungulyf, sem innihalda morfinhýdróklóríð eða annað morfínsalt eitt virkra efna, má eigi árita „injectabile“, ef styrkleiki þeirra er annar en í Injectabile morphini, sem nú inniheldur 3 sg af morfinhýdróklóríði í einum ml.

Þótt slíkar morfínláusnir séu nefndar „injectabile“ á lyfseðli, ber að árita lyfið: Solutio . . . . pro injectione, og geta styrkleika þeirra.

Stungulyf, sem í er morfin og innihalda meira en 3 sg í ml, skal árita þannig, að morfínstyrkleiki (sg í einum ml) sé auðsær.

Stungulyf, sem innihalda prókain, má því aðeins árita „injectabile“, að í þeim sé æðapregjandi efni.

Stungulyf, sem innihalda prókainhýdróklóríð eitt virkra efna, skal árita „Solutio procaini hydrochloridi simplex pro injectione“ að viðbættum styrkleika lausnarinnar (sg efnis í einum ml).

Þegar lækni skrifar Tablettae chiniofoni, skal afgreiða Solublettae chiniofoni. Töflur þessar til inntöku skal árita Tablettae chiniofoni, en þær, sem ætlaðar eru í lausnir, Solublettae chiniofoni.

Í stað Neoarsphenaminum er heimilt að láta úti samsvarandi sérlyf.

Eftirfarandi lyf skal árita sem hér segir:

Á Granulatum calcii amygdalatis skal rita: „Má ekki tyggjast“.

Á Solutio aluminii subacetatis concentrata og Solutio kalii permanganatis skal rita: „Einungis í þynningar“.

Sogtöflur skal merkja með sérstökum miða: „Látið töfluna renna í munn.“

Lyfsmúða skal merkja með sérstökum miða: „Tyggist vandlega.“

Við afhendingu lyfja ber að athuga, að hámarksskammtur (maximaldosis) margra efna er breyttur frá því sem var í Ph. D. 1933.

Nú leikur vafi á því, er afgreiða skal lyf handa barni, hvort lyfseðill sé þannig gerður, að því er snertir magn efna eða fyrirsögn um notkun, að hann svari þeim tilgangi, er ætla má að lækni hafi haft í huga, og skal þá hafa hliðsjón af eftirfarandi leiðbeiningum:

Aldur barns	Hlutfall barna- og fullorðinsskammta
3 mánuðir	ca $\frac{1}{15}$
6 —	— $\frac{1}{10}$
12 —	— $\frac{1}{8}$
2 ár	— $\frac{1}{6}$
3 —	— $\frac{1}{5}$
5 —	— $\frac{1}{4}$
8 —	— $\frac{1}{3}$
12 —	— $\frac{1}{2}$
15 —	— $\frac{2}{3}$

Í hverju glerhylki má eigi vera meira magn virkra efna en svarar til eins hámarksskammts, eða eins fyrirskrifaðs skammts, ef sá er stærri en einstakur hámarksskammtur, að því magni viðbættu, sem ætla má, að ónýtist við notkun glerhýlkisins.

Í stungulyfjatöflu má ekki vera meira magn virkra efna en svarar til eins hámarksskammts.

**196** Dimmlyf skal afhenda í ljósheldum umbúðum og rökkurlyf í glösum og flösk-  
19. sept. um úr svörtu, dökkrauðu eða dökkbrúnu gleri, nema mælt sé fyrir um annað.

Fljótandi lyfjablöndur skal þó afgreiða í litlausum glösum, þótt í þeim séu ljósnæm aukaefni, ef virk efni eru eigi ljósnæm.

Stungulyf skulu varðveitt og afgreidd í ilátum úr harðgleri (resistensglas). Heimilt er, en stundum skylt, að varðveita ljósnæm stungulyf í litlausum ilátum, sem hjúpuð skulu ljóspéttum umbúðum.

Aether ad narcosin skal afgreiða í svörtum, dökkrauðum eða dökkbrúnum flöskum, hjúpuðum svörtum eða rauðum pappír eða öðru ljóspéttu efni. Hvort tveggja, flösku og umbúðir, skal árita greinilega.

Lyf, sem innihalda mjög ljósnæm efni, skal yfirleitt afgreiða í ljóspéttum umbúðum.

Augndropa og Nebulogenum hectalini má einungis afgreiða í þar til gerðum tíðkanlegum glösum eða samkvæmt því, sem landlæknir kann að mæla fyrir um.

Stungulyf, sem innihalda efirfarandi efni, má einungis geyma og afgreiða í glerhylkjum:

aneurinhýdróklórið,  
askorbínsýru og  
laktóflavín.

Natriumgullklórið má einungis afgreiða í glerhylkjum eða stútvíðum glertappa-glösum.

Eftirfarandi stungulyf má einungis afgreiða í glerhylkjum:

Injectabile apomorphini,  
Injectabile A-vitamini,  
Injectabile ergometrini fortius og  
Injectabile ergometrini mite.

#### 4. Önnur ákvæði.

Lyfsalar eru fyrst um sinn eigi skyldir að hafa eftirfarandi efni, jurtaf eða samsetningar, ef til eru í lyfjabúðinni þær samsetningar, sem greindar eru í svigum:

Calciferolum (Calciferolum solutum concentratum),

Carica (Syrupus fici sennatus),

Enhexymalnatrium (Injectabile enhexymalnatrii 50 cg, Injectabile enhexymalnatrii 1 g),

Ergometrinum (Injectabile ergometrini fortius, Injectabile ergometrini mite, Tablettæ ergometrini),

Extractum belladonnae (Extractum belladonnae cum saccharo lactis 1+1),

Extractum hyoseyami (Extractum hyoseyami sum saccharo lactis 1+1),

Gossypium collodii (Collodium),

Lobelini hydrochloridum (Injectabile lobelini fortius, Injectabile lobelini pro neonatis),

Opium crudum (Opium) og

Rhizoma filicis (Extractum filicis).

Þessi efni skal kvarða, samkvæmt nánari reglum, er landlæknir setur:

Calciferolum solutum concentratum,  
Concentratum A-vitamini,  
Extractum filicis,  
Neosphenaminum,  
Oleum jecoris aselli og  
Folium digitalis.

Í lyfjabúð skal jafnan vera og við hæfi áhöld og gögn, sem lyfjaskrá segir fyrir um og ætluð eru til athugunar á skráðum eignum og samsetningum. 196  
19. sept.

Lausnir, sem ætlaðar eru til efnagreininga og ákvarðana og þola eigi geymslu eða eru sjaldan notaðar, þarf eigi að hafa tilbúnar, en nauðsynleg efni í þær skulu vera til.

Fyrst um sinn verður þess eigi krafizt, að til séu í lyfjabúð þau tæki til efnagreininga, sem merkt eru stjörnu í skrá yfir tæki til efnagreininga í lyfjaskrá á bls. 229—234 í I. bindi lyfjaskrárinnar. Landlækni er heimilt að veita frekari undanþágur frá ákvæðum lyfjaskrár um tæki til efnagreininga, ef sérstaklega stendur á.

Þess verður eigi krafizt, að lyfjabúð hafi jafnan efni til sýklaræktunar.

Heimilt er að nota minna magn til efnagreiningar, en lyfjaskrá segir fyrir um, ef vist þykir að þetta rýri ekki gildi rannsóknarinnar, sbr. bls. 106 í I. bindi lyfjaskrárinnar.

Í lyfjaskrá er efnisþyngd (massefylde) ætíð miðuð við 20° (d 20/4) í stað þess að Ph. D. 1933 miðar eðlisþyngd (vægtfylde) við 15° (d. 15/15).

Í lyfjaskrá er greind aðferð til að ákveða efnisþyngd með Westphalsvog.

Westphalsvog þarf að löggilda að nýju, ella verður að rétta (korrigera) sérhverja efnisþyngdarákvörðun.

Sóttthitamælar og lyfjadælur, sem seldar eru í lyfjabúðum, skulu fullnægja kröfum lyfjaskrár. Í lyfjaskrá er sagt fyrir um gerð, kvarða og frávik á sóttthitamælum og lyfjadælum.

Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt heimild í forsetaúrskurði frá 13. júlí s. l., sbr. auglýsingu nr. 72 14. júlí þ. á., um löggildingu nýrrar lyfjaskrár, og öðlast gildi 1. janúar 1951.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. september 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

um búnað og rekstur lyfjabúða.

197

19. sept.

**Almenn ákvæði um húsakynni, herbergjaskipun og búnað herbergja.**

1. gr.

Húsakynni lyfjabúðar skulu skilin frá íbúðarhúsnæði. Þau skulu vera raka- og saggalaus og að öðru leyti þannig úr garði gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og koma við fullnægjandi loftræstingu.

Húsakynni skulu vera svo rúmgóð, að þrengsli torveldi ekki vinnu og auðvelt sé að halda öllu í röð og reglu.

Gólfrými í vinnuherbergjum skal að jafnaði eigi minna en 6 m<sup>2</sup> fyrir hvern starfsmann og lofthæð í vinnu- og dvalarherbergjum ekki undir 2,5 m.

Í vinnu- og dvalarherbergjum skal vera næg dagsbirta og góð raflýsing. Ef aðal lýsingar gætir ekki nægilega á einstökum vinnustöðum, skal úr því bætt með viðbótarlýsingu.

Í vinnu- og dvalarherbergjum skal vera hitalögn, sem tryggir að jafnaði að minnsta kosti 18 stiga herbergishita.

Í lyfjabúð skal vera vatnsleiðsla með heitu og köldu vatni. Húsakynninn skulu enn fremur uppfylla ákvæði bygginga- og heilbrigðissamþykktta.

197

19. sept.

## Húsakynni, sem lyfjabúð er skylt að hafa.

## 2. gr.

Lágmarkskröfur um húsakynni lyfjabúðar skulu vera sem hér segir:

- a. *Afgreiðslubúð* (officin) og *lyfjabúr* (receptur). Búðin skal vera í götuhæð og þannig gerð, að almenningur hafi ekki aðgang að vinnuherbergjum lyfjabúðarinnar.

Búðin skal vera rúmgóð og búin hæfilega mörgum sætum.

Gólf í lyfjabúri og þeim hluta búðar, sem ætlaður er starfsfólki, mega ekki vera klædd hörðu efni, svo sem steinsteypu, gjallsteypu né heldur lögð flisum.

Lyfjabúr skal þannig skilið frá búð, að búðarerill trufli ekki daglega vinnu í búrinu. Í lyfjabúri skal vera skrifborð og stóll og enn fremur aflæstur skápur, sem á er letrað: *Eitur*.

Eiturskápslyf, sem ekki rúmast í þessum skáp, skulu varðveitt í sams konar skáp í vörugeymslu lyfjabúðarinnar.

- b. *Vinnustofa* (laboratorium). Neðri hluti veggja og gólf skal gert úr vatnsþétu efni, sem auðvelt er að halda hreinu.

Í gólfi skal vera svelgur með hæfilegu aðrennsli, þar sem því verður við komið.

- c. *Þvottaherbergi*. Neðri hluti veggja og gólf skal gert úr vatnsþétu efni, sem auðvelt er að halda hreinu. Í gólfi skal vera svelgur með hæfilegu aðrennsli, þar sem því verður við komið.

Í þvottaherbergi skulu vera nothæf áhöld til þvotta á ílátum og áhöldum.

- d. *Vörugeymsla* lyfjabúðar, þar með talin köld geymsla, skal vera rúmgóð.

## Önnur ákvæði um húsakynni.

## 3. gr.

Lyfjabúð skal enn fremur fullnægja eftirfarandi kröfum um húsakynni:

Lyfjabúð skal hafa ráð á hæfilegu skrifstofuhúsnaði.

Í lyfjabúð, sem gegnir næturvörzlu, skal vera næturvarðarherbergi búið góðri hvílu, snotrum húsgögnum, handlaug, næturbjöllu og síma.

Þar sem mikið er unnið að þess háttar lyfjagerð, sem ryk stafar af, má krefjast þess, að slík vinna fari fram í sérstöku herbergi, er búið sé góðum loftræstingartækjum og veggir þannig gerðir, að auðvelt sé að þvo þá.

Í lyfjabúð skal vera sérstakt herbergi til framleiðslu á stungulyfjum eða öðrum álíka vandmeðförunum lyfjum. Gluggar skulu vera rykþéttir og þannig frá öllu gengið, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Í lyfjabúð skal vera fatageymsla fyrir starfsfólk, svo og snyrtiherbergi með handlaug og inn af því hæfilega mörg vatnssalerni, eða að minnsta kosti eitt fyrir hverja 15 starfsmenn.

Þar sem nauðsyn krefur, skal vera matstofa fyrir starfsfólk.

Húsnaði lyfjabúðar skal haldið vel við og itrasta hreinlætis gætt í hvívetna.

## Útbúnaður og áhöld.

## 4. gr.

Útbúnaður og áhöld skulu vera í samræmi við stærð og þarfir lyfjabúðar og þannig frá öllu gengið, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Skúffur, glös og önnur ílát, sem ætluð eru til geymslu á lyfjavörum, skulu vera hæfilega stór og rykþétt.

Í lyfjabúð skal árita lyfjailát skráðu latnesku lyfjaheiti eða heiti, sem er í samræmi við nafngiftir lyfjaskrár.

197

19. sept.

Ef eldri áritun er brennd eða grafin á ílát, má þó nota það til 1. janúar 1955. Þessi undanþága nær ekki til eiturskápslyfja.

Nú er lyf gert eftir gamalli lyfjaskrá, en sams konar lyf er í gildandi lyfjaskrá, og heiti þess óbreytt eða einungis lagfært til samræmis við nýrri nafngiftir, en lyfið gert með öðrum hætti eða styrkleiki þess annar en áður var, og skal þá geyma eldra lyfið í sérstöku íláti og rita nafn hlutaðeigandi lyfjaskrár neðan við heiti lyfsins.

Til 1. janúar 1955 má þó geyma þykkni (extracta og extracta fluida), dropa (tincturae), og lyfjavín í ílátum, sem til þessa hafa verið notuð, þótt eigi fullnægi þau settum skilyrðum.

Ljósnaem lyf, sem til þessa hafa verið geymd í dökkgrænum flöskum, má þó geyma í þessum ílátum til 1. janúar 1955.

Efni, sem ekki uppfylla kröfur gildandi lyfjaskrár, skal geyma í ílátum þannig árituðum, að ekki verði villzt á þeim og skráðum lyfjum.

Í lyfjabúð skal jafnan vera og við hæfi áhöld og gögn, sem greind eru í lyfjaskrá og ætluð eru til athugunar á skráðum efnum og samsetningum, sbr. Ph. D. 1948, 1. bindi, bls. 229—234.

Vogir og lóð skulu löggilt samkvæmt lögum nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld, og tilskipun nr. 1 13. marz 1925.

Í lyfjabúð skulu vera:

1. Skápur með loftræstingu (útsogi).
2. Þurrskápur fyrir kyrni. Í stað þurrskáps er heimilt að nota opnar hillur, ef þær eru þannig settar, að ryk komist ekki að.
3. Kæliskápur.
4. Eimingartæki, hæfilega afkastamikið, miðað við þarfir lyfjabúðar.
5. Gufusæfir (autoklave).
6. Þurrsæfir (þurrsterilisator), með sjálfvirkum hitastilli, og skal stærð hans miðast við þarfir lyfjabúðar.
7. Glasþurrkofn, hæfilega rúmgóður.
8. Þær lyfjabúðir, sem búa til töflur, skulu auk þess hafa: Töfluvél, ásamt þeim stimplum, sem lyfjaskráin tiltekur, að þessum undanskildum: Pillustimplum, sexhyrndum stimplum, 12 og 15 mm, svo og 20 mm hringlaga stimpli.

### Undanþágur.

#### 5. gr.

Nú fullnægir lyfjabúð ekki þeim kröfum, sem að framan greinir, og felur þá landlæknir eftirlitsmanni lyfjabúða að semja við hlutaðeigandi lyfsala um frest til að lagfæra það, sem ábótavant er. Slíkt samkomulag skal varðveita með skjölum lyfjabúðarinnar.

Ef erfitt reynist eða óhóflega dýrt að fylgja ofangreindum fyrirmælum, kemur til greina, að landlæknir veiti nauðsynlegar undanþágur í einstökum tilfellum.

### Fyrirskipaðar bækur o. fl.

#### 6. gr.

Þessar bækur skulu vera í lyfjabúð:

1. Gildandi lyfjaskrá, svo og lyfjaskrá sú, er í gildi var næst á undan. Enn fremur dýralæknalyfjaskrá sú, sem löggilt er hér á landi og reglur þær um algengustu dýralyf, er yfirdýralæknir setur.

- 197 2. Lyfsöluskrár.  
 19. sept. 3. Lög, reglugerðir, auglýsingar og annað, er varðar lyfjabúðir.  
 4. Skrá um lækna, tannlækna og dýralækna, er lækningaleyfi hafa hér á landi.  
 5. Eftirlitsgerðabók.  
 6. Vörukaupabók eða vörukaupspjaldskrá.  
 7. Vinnustofudagbók eða vinnustofuspjaldskrá.  
 8. Símalýfseðlabók.  
 9. Eftirritunarbók.  
 10. Eiturbók.  
 11. Eyðslubók.

Téðar bækur má lyfsali ekki hafa á brott með sér við eigendaskipti, eða bú hans að honum látnum.

Í *eftirlitsgerðabók* skulu eftirlitsgerðir heftar, þegar er þær hafa borizt lyfsala í hendur.

Í *vörukaupabók* eða *vörukaupspjaldskrá* skulu færð kaup á hvers konar vörum, svo og umbúðum, sem ætlaðar eru til sölu í lyfjabúðinni. Hver vörutegund skal færa á sérstakt blað eða spjald og einstakra kaupa getið í þeirri röð, sem þau eru gerð. Geta skal dagsetningar er kaup voru gerð, magns, einingarverðs og seljanda. Færslum skal vera lokið eigi síðar en í lok næsta mánaðar eftir að kaup hafa verið gerð.

Nú gengur vörutegund til þurrðar, og ekki þykir ástæða til að útvega hana á ný, og skal þá ekki skylt að halda bók um vörutegund þessa lengur en fimm ár frá því, að hún var síðast keypt.

Í *vörukaupabók* eða *vörukaupspjaldskrá* skal færa sérstaklega verðmæti hvernar vörutegundar samkvæmt árlegri birgðatalningu.

Í *vinnustofudagbók* eða *vinnustofuspjaldskrá*, sem færð skal a. m. k. mánaðarlega, skal getið hvers konar framleiðslu, er á sér stað í lyfjabúð. Skal færa hverja tegund á sérstakt blað og í þeirri röð, er hún hefur verið gerð.

Auk þess skal haldin sérstök skrá um lyf þau, sem aðeins er heimilt samkv. lyfjaskrá að geyma takmarkaðan tíma, þannig að tryggt sé, að fyrnd (expíreruð) lyf verði ekki látin úti.

*Símalýfseðlabók*, *eftirritunarbók* og *eiturbók*, skulu færðar á sama hátt sem verið hefur eða eins og landlæknir kann að mæla fyrir um.

Bækur þessar skulu geymdar í lyfjabúðinni í eitt ár, eftir að þær eru útskrifaðar, en að þeim tíma liðnum sendar eftirlitsmanni lyfjabúða til varðveislu.

Í *eyðslubók* skal skrá hvers konar áfengisnotkun lyfjabúðar. Skal í bók þessari vera greinilegt og sundurliðað yfirlit um áfengiseyðslu:

1. í lyfjabúri;
2. í vinnustofu, sbr. vinnustofudagbók eða vinnustofuspjaldskrá;
3. vegna áfengisútláta til lækna, sbr. 3. tölulið 7. gr. reglugerðar 16. apríl 1935 um sölu áfengis til lækninga;
4. vegna annarra áfengisútláta, sbr. téða reglugerð.

Áfengisnotkun öll skal færð í rétttri tímaröð, og geta skal þess áfengismagns, sem notað er í hvert skipti.

Fylgzt skal reglulega með því, hvort áfengiskaupum og áfengisnotkun samkvæmt eyðslubók beri saman.

Eyðslubók skal í lok hvers árs send eftirlitsmanni lyfjabúða til athugunar og varðveislu.

Bréf varðandi undanþágur frá ákvæðum þessum, skulu geymd sérstaklega og má lyfsali ekki hafa þau á brott með sér, ef eigendaskipti verða á lyfjabúðinni, eða bú hans að honum látnum.

## 7. gr.

197

Bækur þær, sem bókfærslu varða og lyfsali er samkvæmt lögum skyldur að halda, skulu lagðar fram, ef þess er krafizt við skoðun lyfjabúðar, og aðrar upplýsingar látnar í té, er reksturinn varða.

19. sept.

## Geymsla lyfja.

## 8. gr.

Í birgðageymslum lyfjabúðar skal gætt reglu og snyrtimennsku í hvívetna. Geyma skal hvers konar efni í sérilátum, þar sem því verður við komið.

Lyfjailát, hvort heldur er um að ræða hin venjulegu sérilát lyfjabúðar eða ílát frá seljanda, skulu greinilega áletruð skráðu latnesku heiti (sbr. þó ákvæði 4. gr.).

Aðeins lyfsala eða lærðum aðstoðarmanni hans (candidatus eða examinatus pharmaciae) er heimilt að áfylla sérilát. Öðrum er óheimilt að inna starf þetta af hendi, nema undir eftirliti og á ábyrgð lyfsala eða aðstoðarmanns hans.

Lyf í glerhyllkjum skulu geymd og látin úti þannig, að á hvert einstakt glerhyllki sé letrað nafn lyfsins eða samsetningar.

## 9. gr.

Þau efni og samsetningar, er nú skal greina, skulu eiturmerkt († † †), varðveitt í eiturskáp og bera heitið eiturskápslyf:

1. Efni og samsetningar, sem lyfjaskrá mælir fyrir um, að geymd skuli í eiturskáp.
2. Þau efni og samsetningar, sem teljast mega álíka hættuleg.

Undanþegin ákvæðum þessum eru lyf þau, er nú skulu greind og ætluð eru til inntöku:

- a. Lyf, sem geymd eru í umbúðum tilbúnum til afhendingar.
- b. Lyf í afmældum skömmtum.
- c. Lyf, sem ætluð eru til inntöku í skeiðatali.

Lyf þau, sem um getur í b- og c-lið skulu geymd ein sér í eiturbás (separanda) í ílátum, sem eru eiturmerkt († † †).

Lyf þau, sem um getur í a-, b- og c-lið, skulu látin úti með sömu gát sem um eiturskápslyf væri að ræða.

Undanþegin ákvæðum um geymslu í eiturskáp eru og lyf, sem heimilt er að selja í lausasölu, þótt gerð séu úr eiturskápslyfjum.

Óheimilt er að geyma í eiturskáp önnur efni eða samsetningar en þau, sem samkvæmt ofanskráðu skulu varðveitt þar. Nú hefur ílát verið tekið úr eiturskáp og skal það þá sett í skápinn þegar að lokinni notkun og skápnun læst. Lykill að eiturskáp skal geymdur á tryggunum stað.

## 10. gr.

Þau efni og samsetningar, er nú skal greina, skulu eiturmerkt († † †) og höfð ein sér í eiturbás og bera heitið eiturbáslyf (báslyf):

1. Efni og samsetningar, sem lyfjaskrá mælir fyrir um, að höfð skulu í eiturbás.
2. Þau efni og samsetningar, sem teljast mega álíka hættuleg.
3. Lyf til inntöku, er um getur í b- og c-lið 9. gr. og undanþegin eru ákvæðum hennar. Enn fremur lyf, þótt gerð séu úr eiturskápslyfjum, sem heimilt er að selja í lausasölu.

Lyf, sem geymd eru í umbúðum tilbúnum til afhendingar eru undanþegin ákvæðum þessum.

## 11. gr.

Sterkar lausnir og blöndur (triturationes), er geyma skal í eiturskáp, svo og sterkar lausnir og blöndur morfínhydróklóríðs, silfurnítrats og zinkklóríðs, skal

197 geyma í íláti, sem á er letrað með hvítum bókstöfum á svörtum grunni: *Einungis*  
19. sept. til þýnningar.

### Rannsóknir á lyfjum.

#### 12. gr.

Ef sérstök ástæða er til, er landlækni heimilt að veita lyfsala undanþágu að einhverju leyti frá þeim ákvæðum lyfjaskrár, er varða tæki og útbúnað til rannsókna.

Lausnir, sem ætlaðar eru til efnagreininga og ákvarðana og þola eigi geymslu eða eru sjaldan notaðar, þarf eigi að hafa tilbúnað, en nauðsynleg efni í þær skulu vera til.

Þess verður eigi krafizt, að lyfjabúð hafi jafnan efni til sýklaræktunar.

Ekki er ætlað til, að tandurpróf (pýrógenpróf) það, sem um getur í lyfjaskrá, sé framkvæmt í lyfjabúð.

### Lyfjagerð.

#### 13. gr.

Við lyfjagerð skal lyfsala eða lærðum aðstoðarmanni hans heimilt að hafa sér til aðstoðar ólærðan mann, enda sé hann undir ströngu eftirliti lyfsala eða lærðs aðstoðarmanns hans og herra þá aðilar þessir fulla ábyrgð á verki hins ólærða.

Skráð lyf skal gera í samræmi við fyrirmæli lyfjaskrár.

Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem í lyfjaskrá er skráð öðru nafni eða er frábrugðið að samsetningu því, sem það var í eldri útgáfu eða Dispensatorium Danicum, skal það þó eigi að síður gert og látið úti samkvæmt gildandi lyfjaskrá, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðli, að lyfið óskist gert eftir annarri lyfjaskrá, eða þá að lyfseðillinn hafi verið gefinn út fyrir gildistöku lyfjaskrárinnar.

Lyf og samsetningar, sem ekki eru lengur skráð, skulu gerð eftir þeirri lyfjaskrá þar sem þau voru seinast skráð.

Þegar látin eru úti efni eða samsetningar úr lyfjabúri eða búð, skulu efni þessi eða samsetningar tekin úr sérílátum, ef nokkur leið er að koma því við.

Afgreiðslu lyfja skal í öllu hagað í samræmi við þar að lútandi reglur, sem landlæknir gefur út.

Óheimilt er lyfsala að láta úti lyf, sem áletrað er bókstöfum, tölum eða á annan hátt samkvæmt dulmálskerfi, sem lyfsali og læknir kunnu að hafa komið sér saman um og þeir einir skilja.

Nú óskar læknir eftir lyfi, sem lyfsali er ekki skyldur að hafa í lyfjabúð sinni, og skal hann þá þegar í stað, gera gangskör að því að útvega lyfið svo fljótt sem unnt er, ef því verður við komið með viðráðanlegum kostnaði.

### Afhending lyfja.

#### 14. gr.

Við afhendingu lyfja skal þess gætt, að miðar og áritun séu í samræmi við reglur gildandi lyfjaskrár.

Áritun sóttþreinsunarlyfja og annarra efna og samsetninga, sem ætlaðar eru til verklegra nota, skal vera á hárauðum miða.

Til 1. janúar 1952 er þó heimilt að árita útvortis lyf á bláa miða, eftir því sem birgðir endast.

Gæta skal þess, að fyrnd lyf séu ekki látin úti.

Einungis lyfsala eða lærðum aðstoðarmanni hans er heimilt að afhenda lyf eftir lyfseðli. Heimilt er þó að hafa til aðstoðar við afhendingu lyfja vanar afgreiðslustúlkur eða annað starfsfólk lyfjabúðar, enda beri þá lyfsali eða lærður aðstoðarmaður hans alla ábyrgð á afhendingunni.



Þegar tilbúningi lyfs er lokið, skal jafnskjótt fara fram sérstakt eftirlit og samanburður á áritun og lyfseðli, og framkvæmir það lyfsali eða lærður aðstoðarmaður hans. Afhending lyfsins má ekki fara fram nema þetta hafi verið gert. **197**  
19. sept.

Svefnlyf í skömmtum skal afhenda í öskjum eða öðrum álíka umbúðum.

Við afhendingu lyfja í lausasölu skal þessa gætt:

1. Lyf og jurtaf, efni og samsetningar skal árita sem alþýðlegustu verzlunarheiti, sem ekki getur gefið tilefni til mistaka eða misskilnings.
2. Ef um samsett lyf er að ræða, sem ekki er skráð einu nafni eða almennt þekkt undir einu nafni, skal árita samsetninguna.
3. Ekki má árita skammt lausasölu lyfja nema með sérstöku samþykki landlæknis, eða samkvæmt almennum reglum, sem um það kunna að verða settar. Þó má fyrst um sinn láta úti sérlyf, þó að notkunarfyrisögn fylgi.
4. Ekki má selja lyf í sjálfsölum nema samkvæmt fyrirmælum eða með sérstöku samþykki landlæknis.

Umbúnaður lyfja, sem afgreidd eru eftir lyfseðli, skal vera þannig, að viðtakandi geti gengið úr skugga um, að ekki hafi verið hreyft við innihaldi. Þessa skal sérstaklega gætt, ef lyf eru send lengri eða skemmri leið, og skal þá rita nafn og heimilisfang viðtakanda á umbúðir og auk þess dagsetningu.

#### Lyfjaílát.

15. gr.

Hreinsuð lyfjaílát skulu geymd þannig, að þau óhreinkist ekki. Glös og önnur glerilát skulu þurrsefð að þvotti loknum og síðan geymd í rykþéttum skápum eða skúffum.

Ef úti eru látnar til lækninga sterkar sýrur eða lútir eða önnur fljótandi ætiefni, skal afhenda þau í sexstrendum glösum eða flöskum, og séu þrjú fletirnir með þéttum upphleyptum rákum eftir endilöngu, eða í sívölum flöskum með upphleyptum rákum eftir endilöngu. Heimilt er þó að afgreiða lyf þessi í sívölum glösum með glertappa.

Framangreindar reglur eru settar samkvæmt forsetaúrskurði frá 13. júlí s. l., sbr. auglýsingu nr. 72 14. júlí þ. á., um löggildingu nýrrar lyfjaskrár, og öðlast gildi 1. janúar 1951.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. september 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Hólmavíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Hólmavíkur er fyrirtæki, sem Hólmavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Hólmavíkurkaupþún og grennd og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Hólmavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hólmavíkur og hafa sérstakt reikningshald.

## 2. gr.

*Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Hólmavíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Hólmavík og grennd með því að vinna hana í eigin orkuverum, eða kaupa hana af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hólmavíkurhrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Hólmavíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

## 3. gr.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Hólmavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja

öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

#### 7. gr.

##### *Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarkerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

#### Söluskilmálar.

#### 8. gr.

##### *Sala raforku.*

Rafveita Hólmavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

#### 9. gr.

##### *Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

#### 10. gr.

##### *Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

*Húsveitur.*

Skýlt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Hólmavík, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skýlt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt **198**  
 hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla **19. sept.**  
 á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjald-  
 skrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Hólmavíkur.

#### 14. gr.

##### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/- 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-  
 eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir háða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/- 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/- 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan óætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tíma-  
 bil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrár-  
 lið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann,

198  
19. sept.

sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

*Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

*Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikinngurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

*Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörðun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnua veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

## 18. gr.

198

19. sept.

*Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtáugar eða götutáugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefndin, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

## 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveituvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

**C. Almenn ákvæði.***Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 19. september 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T****199 um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum og fleiru.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá bryggjum sildarverksmiðja ríkisins, suður að svo kölluðu Anleggi og á móts við það og suður að því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Hrímnis (Þormóðsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélagsins Jarlinn (Þormóðsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henrikssen (Hinriksreitur).

Sildarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).



- Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur). 199
- Sildarstöð og lóðarréttindi h.f. Hafliði (Hjaltareitur). 20. sept.
- Sildarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónssonar (Halldórsreitur).
- Hús og lóðarréttindi Edvins Jacobsen við Gránugötu.
- Sildarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Sigfirðinga (Kveldúlfsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns (Hjaltalínsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
- Hraðfrystihús Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar (Helgareitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Álalækjarreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Ólagata 4).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Snorrágata 1).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorrágata 7).
- Sildarstöð og lóðarréttindi h.f. Njörður (Snorrágata 9).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorrágata 11).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h.f. ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.
- Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:
- Ránargata 2, Kamsreitur, eign Oliuverzlunar Íslands h.f.

Samþykkt þessi öðlast gildi 20. september 1950 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1950.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

200

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu,  
nr. 15 31. jan. 1947.

21. sept.

1. gr.

VI. kafli hafnarreglugerðarinnar verði svo hljóðandi, og breytist greinatala reglugerðarinnar samkvæmt því:

### VI. KAFLI

Um lesta- og bryggjugjald.

7. gr.

Öll skip, 12 smálestir og stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma á Borgarfjarðarhöfn og hafa samband við land.

Undanþegin eru skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskemmda, svo og varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna.

Hafnargjald greiðist af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum.

200

8. gr.

21. sept.

Öll aðkomuskip nema þau, sem undanskilin eru í 7. gr., 12 smálestir og stærri, greiði kr. 0.50 af hverri brúttósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en 6 sinnum á ári.

Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða kr. 30.00 fyrir árið.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, er þau koma í höfn ár hvert, og ekki oftar á því ári.

9. gr.

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttósmálest skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomnum bátum:

5— 12 smálestir .....	kr. 10.00
12— 40 smálestir .....	— 15.00
40— 60 smálestir .....	— 20.00
60—100 smálestir .....	— 30.00
100 smálestir og stærri .....	— 45.00

b. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.20 af hverri nettósmálest.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

201

## AUGLÝSING

23. sept.

varðandi meðferð og útlát á tetraklórcolefni og triklóretýlen, sem ætluð eru til iðnaðar eða annarra verklegra nota, þar á meðal til heimilisnota.

1. gr.

Kaupmönnum og öðrum, er selja eða fara með tetraklórcolefni og triklóretýlen, er skylt að geyma efni þessi vandlega aðgreind frá matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Á ílát þau, sem efni þessi eru geymd í, skulu greinilega rituð með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!*

2. gr.

Þegar efni þessi eru afhent kaupanda, skulu ílát bera rauðan miða, sem á er letrað innihald, nafn seljanda og orðin: *Má ekki hella í flöskur eða ílát, sem notuð eru til drykkjar.* Auk þess skulu greinilega rituð á ílátið með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!* Eru ákvæði þessi óháð magni því, sem úti er látið. Ef magn það, sem úti er látið, er minna en 1000 g, skal enn fremur rita á ílátið með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Má ekki nota til hárvotta.*

## 3. gr.

Efni þessi má ekki hafa á boðstólum eða láta úti í bjórflöskum, flöskum undan gosdrykkjum, mjólkurflöskum, áfengisflöskum eða sívölum lyfjaglösom, sem eru 750 ml að rúmmáli eða minni. Ekki má heldur láta efni þessi úti í öðrum ílátum, sem vegna lögunar eða útlits eru líkleg til að gefa tilefni til villandi hugmynda um innihald.

## 4. gr.

Nú er tetraklórkoefni eða triklóretýlen selt til sérstaklega tilgreindra nota undir sérheiti (blettavatn o. s. frv.), og skal þá greina rétt heiti efnanna ásamt sérheitinu.

## 5. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka til tetraklórkoefnis og triklóretýlens, þó að blönduð séu öðrum efnum.

## 6. gr.

Um brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar fer eftir 11. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 23. september 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

## 1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 80 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 20 kr. fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

## 2. gr.

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 75.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi 1. okt. 1950 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 198 25. okt. 1943, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra, með áorðnum breytingum.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 8. september 1950.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

203

28. sept.

**REGLUGERÐ**

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún, nr. 77 24. febr. 1947.

## 1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeiningar við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn og ákveður formann hennar, og hefur nefndin, undir stjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignun hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Óheimilt er að verja fé hafnarsjóðs til annars en hafnarmannvirkja.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

## 2. gr.

23. grein reglugerðarinnar orðist svo:

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, kr. 3.00 af hverri smálest, þó ekki minna en kr. 50.00 á ári, með gjaldlega 1. júlí ár hvert.
- b. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, nema þau, sem um getur í 22. gr., skulu greiða hafnargjald, 80 auro af hverri smálest í hvert skipti sem þau koma á Flateyrarhöfn, þó ekki minna en kr. 20.00.

Skip, sem um getur í a-lið og sigla á milli landa, skulu greiða hafnargjald samkvæmt þessum staflið.

Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fyrirfram gerðri áætlun, skulu þó einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Flateyrarhöfn, kr. 1.00 af smálest, en ekkert, þótt þau komi aftur á því ári.

- c. Heimilisfastir bátar, minni en 12 brúttórúmllestir greiði: Opnir vélbátar kr. 15.00 á ári og þilfarsbátar kr. 30.00.
- d. Heimilt er hafnarnefnd að semja við báta og skip undir 60 lestum, sem oft eiga erindi í höfnina, að greiða hafnargjald einu sinni á ári.

## 3. gr.

Í stað stafliðanna a—d í 1. fötul. 24. greinar komi:

Öll skip, sem leggjast við hólvirki eða bryggju, skulu greiða 30 auro af smálest. Af innlendum togurum greiðast kr. 50.00 í hvert sinn.

Af heimaskipum og bátum, skrásettum á Flateyri, greiðist bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 8.00 af smálest.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við aðkomuskip, sem gerð eru út frá Flaeyri, **203**  
um fast árgjald. 28. sept.  
Gjalddagi er 1. október ár hvert.

## 4. gr.

Stafliður e í 27. grein reglugerðarinnar falli niður.

## 5. gr.

Öll gjaldaákvæði 29. greinar reglugerðarinnar hækki um 25%, hver liður í hálfan eða heilan tug.

Í A-lið 29. greinar bætist við ný málsgrein, svo hljóðandi: 8. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Afli báta og skipa lagður á land, er þau koma úr veiðiför.

## 6. gr.

Aftan við 33. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 8.00 fyrir hverja smálest.

## 7. gr.

36. gr. orðist þannig:

Hafnarnefnd hefur haldsrétt á öllum vörum, sem gjöld eru greidd af, unz vörugjöld eru greidd.

## 8. gr.

Í stað orðanna „10—500 krónum“ í 41. grein reglugerðarinnar komi: 5—10 þúsund krónum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. september 1950.*

**Ólafur Thors.**

Páll Pálmason.

## REIKNINGUR

204

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1949.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1949 B., bls. 496):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 650782.41
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 31237.53
	<u>Kr. 682019.94</u>

### Gjöld:

Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 682019.94
	<u>Kr. 682019.94</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**

## 205 REIKNINGUR BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands váttryggingarárið frá 15. október 1948 til 14. október 1949.

### Gjöld :

I. Brunatjón á fasteignum .....	kr. 2725070.05	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 1106791.49	
		kr. 1618278.56
II. Brunatjón á lausafé .....	kr. 99839.80	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 36378.24	
		— 63461.56
III. Reksturskostnaður .....		— 424365.97
IV. Brunavarnarkostnaður .....		— 73470.27
V. Umboðslaun .....		— 339371.36
VI. Til frádráttar á bókuðu eignarverði:		
Áhalda og húsgagna .....		— 4646.00
VII. Tekjuafgangur:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr. 15245.41	
2. Vextir .....	— 490350.92	
3. Hagnaður á verðbréfum .....	— 546.30	
4. — á 1. flokki .....	— 185962.73	
5. — á 2. — .....	— 19394.83	
6. — á 3. — .....	— 84899.40	
		— 796399.50
		kr. 750000.00
1. Lagt í varasjóð .....	kr. 750000.00	
2. Flutt til næsta árs .....	— 46399.59	
		— 796399.59
		kr. 3319993.31

### Tekjur :

I. Flutt frá fyrra ári .....		kr. 15245.41
II. Iðgjöld af fasteignum .....	kr. 4098770.00	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 1871991.98	
		— 2226778.02
III. Iðgjöld af lausafé .....	kr. 308527.85	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 119817.00	
		— 188710.85
IV. Vextir .....		— 490350.92
V. Umboðslaun frá endurtryggjanda .....		— 398361.81
VI. Hagnaður á útdregnum verðbréfum .....		— 546.30
		— 3319993.31

## Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1949.

205

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr.	139764.52
II. Innstæða í banka .....	—	106611.06
III. Verðbréf .....	—	3875701.25
IV. Fasteignalán .....	—	2004794.55
V. Ábyrgðarlán .....	—	3627625.88
VI. Slökkvitækjalán .....	—	806040.26
VII. Skuldir umboða .....	—	22879.55
VIII. Slökkvitækjabirgðir o. fl. ....	—	157917.09
IX. Áhaldahús í Hafnarfirði .....	—	60000.00
X. Áhöld og húsgögn .....	—	10000.00
XI. Áfallnir en ógreiddir vextir .....	—	292530.42
XII. Bifreið G. 6 .....	—	1000.00
XIII. Íslenzk endurtrygging:		
1. Skuld í viðskiptareikningi .....	kr.	300504.65
2. Hlutur í félaginu .....	—	136000.00
3. Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ..	—	60000.00
		<hr/>
		496504.65
		<hr/>
		Kr. 11601369.23

## Skuldir:

I. Inneignir umboða .....	kr.	38767.66
II. Ógreiddar brunabætur .....	—	910422.12
III. Inneignir sveitarfélaga til slökkvitækjakaupa .....	—	29599.57
IV. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ....	—	60000.00
V. Inneign Storebrand, Oslo .....	—	272972.24
VI. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging .....	—	133208.05
VII. Varasjóður:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	9360000.00
2. Lagt við á þessu ári .....	—	750000.00
		<hr/>
		10110000.00
VIII. Flutt til næsta árs .....	—	46399.59
		<hr/>
		Kr. 11601369.23

Reykjavík, 12. desember 1949.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigurj. Jóhannsson.

---

Ásg. Ólafsson.

205

**Reikningur**

yfir tekjur og gjöld 1. flokks (fasteignatryggingar í kaupstöðum og kauptúnum)  
frá 15. október 1948 til 14. október 1949.

**Gjöld:**

I. Brunatjón .....	kr. 1096420.24
II. Reksturskostnaður .....	— 288192.26
III. Brunavarnarkostnaður .....	— 69697.49
IV. Umboðslaun .....	— 207634.49
V. Afskrifað af áhöldum .....	— 4646.00
VI. Tekjuafgangur .....	— 185962.73

---

 Kr. 1852553.21
**Tekjur:**

I. Iðgjöld .....	kr. 1567836.45
II. Umboðslaun frá endurtryggjanda .....	— 284716.76

---

 Kr. 1852553.21
**Reikningur**

yfir tekjur og gjöld 2. flokks (fasteignavátryggingar í sveitum)  
frá 15. október 1948 til 14. október 1949.

**Gjöld:**

I. Brunatjón .....	kr. 521858.32
II. Reksturskostnaður .....	— 106643.60
III. Umboðslaun .....	— 100726.46
IV. Tekjuafgangur .....	— 19394.83

---

 Kr. 748623.21
**Tekjur:**

I. Iðgjöld .....	kr. 658941.57
II. Umboðslaun frá endurtryggjanda .....	— 89681.64

---

 Kr. 748623.21
**Reikningur**

yfir tekjur og gjöld 3. flokks (lausafjárvátryggingar í kaupst., kauptúnum og sveitum)  
frá 15. október 1948 til 14. október 1949.

**Gjöld:**

I. Brunatjón:		
1. Í kaupstöðum og kauptúnum .....	kr. 35526.10	
2. Í sveitum .....	— 27935.46	
		kr. 63461.56
II. Reksturskostnaður:		
1. Í kaupstöðum og kauptúnum .....	kr. 21171.85	
2. Í sveitum .....	— 8358.26	
		— 29530.11

---

 Flyt kr. 92991.67



	Flutt	kr.	92991.67	205
III. Brunavarnarkostnaður í kaupstöðum og kauptúnum .....	—		3772.78	
IV. Umboðslaun:				
1. Í kaupstöðum og kauptúnum .....	kr.	20240.55		
2. Í sveitum .....	—	10769.86		
			<hr/>	
			31010.41	
V. Tekjuafgangur .....	—		84899.40	
			<hr/>	
			Kr.	212674.26

## T e k j u r :

I. Iðgjöld:				
1. Í kaupstöðum og kauptúnum .....	kr.	129637.90		
2. Í sveitum .....	—	59072.95		
			<hr/>	
			kr.	188710.85
II. Umboðslaun frá endurtryggjanda:				
1. Vegna kaupstaða og kauptúna .....	kr.	18361.85		
2. Vegna sveita .....	—	5601.56		
			<hr/>	
			—	23963.41
			<hr/>	
			Kr.	212674.26

## R E I K N I N G U R

206

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna árið 1949.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 495) .....	kr.	39.72
2. Vextir .....	—	1.36
		<hr/>
		Kr. 41.08

## G j ö l d :

Sjóður til næsta árs .....	kr.	41.08
		<hr/>
		Kr. 41.08

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

Jónas Guðmundsson.

## R E I K N I N G U R

207

félagsheimilasjóðs 1949.

## T e k j u r :

1. Yfirfært frá fyrra ári .....	kr.	50294.25
2. Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1949 samkv. lögum nr. 53/1949 .....	—	1162511.59
		<hr/>
		Kr. 1212805.84

## G j ö l d :

1. Bráðabirgðalán til þjóðleikhúsnefndar vegna þjóðleikhúsbýggingarinnar .....	kr. 10000.00
2. Greitt fyrir teikningar:	
A. vegna eftirgreindra félagsheimila til viðb. síðartöldum styrk:	
a. Félagsh. Hólmavíkur .....	kr. 480.00
b. — Hjaltastaðabíngjár .....	— 494.40
c. — Vopnafjarðar .....	— 5000.00
d. — Seyðisfjarðar .....	— 5173.86
e. — Mosfellssveitar .....	— 13312.62
f. — Kirkjubæjarklausturs .....	— 7137.60
	Kr. 31598.48
B. vegna teikninga til sameiginlegra nota .....	— 46517.84
	--- 78116.32
3. Greitt vegna bæklinga um félagsheimili .....	--- 8198.39
4. Greitt fyrir endurskoðun .....	--- 500.00
5. Greitt fyrir ýmislegt .....	--- 9749.51
6. Styrkveitingar:	
Félagsheimili Fljótshlíðar, Rangárvallasýslu .....	--- 69900.00
— Gaulverjabæjar, Árnessýslu .....	--- 43500.00
— Hólmavíkur, Strandasýslu .....	--- 14520.00
— Ásahrepps, Rangárvallasýslu .....	--- 2000.00
— Breiðavíkur, Snæfellsnessýslu .....	--- 54000.00
— Lundarreykjadal, Borgarfjarðarsýslu .....	--- 9000.00
— Flateyjar á Skjálfanda .....	--- 2000.00
— Haganeshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	--- 18500.00
— Ólafsvíkur, Snæfellsnessýslu .....	--- 15000.00
— Sandgerðis, Gullbringusýslu .....	--- 80000.00
— Kjósarhrepps, Kjósarsýslu .....	--- 20000.00
— Miklaholtshrepps, Hnappadalssýslu .....	--- 45000.00
— Andakílshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	--- 3500.00
— Árneshrepps, Strandasýslu .....	--- 16000.00
— Gerðahrepps, Gullbringusýslu .....	--- 14000.00
— Skarðshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	--- 3400.00
— Knattspyrnufélagsins Fram, Reykjavík .....	--- 1500.00
— skátafélagsins Heiðarbúa, Keflavík .....	--- 5240.00
— Hjaltastaðabíngjár, N.-Múlasýslu .....	--- 26505.60
— Bolungavíkur, N.-Ísafjarðarsýslu .....	--- 35000.00
— Good-Templara, Vestmannaeyjum .....	--- 65000.00
— Seyðisfjarðar .....	--- 55826.14
— Mosfellssveitar, Kjósarsýslu .....	--- 126687.38
— Kirkjubæjarklausturs, V.-Skaftafellssýslu .....	--- 57862.40
— Nesjahrepps, A.-Skaftafellssýslu .....	--- 22000.00
— Hofshrepps, A.-Skaftafellssýslu .....	--- 6068.00
— skátafélagsins Samherja, Patreksfirði .....	--- 5500.00
— UMF Keflavíkur .....	--- 27000.00
— stúkunnar Akurblómsins, Akranesi .....	--- 32500.00
— UMF Austrá, Eskifirði .....	--- 20000.00
— Knattspyrnufélags Reykjavíkur, Reykjavík .....	--- 20000.00
— Íþróttabandalags Akureyrar, Akureyri .....	--- 11200.00

Flyt kr. 1124773.74

	Flutt	kr. 1124773.74	<b>207</b>
Félagsheimili Holtahrepps, Rangárvallasýslu .....	—	13400.00	
— Knattspyrnufélagsins Vals, Reykjavík .....	—	9200.00	
— Golfklúbbs Reykjavíkur, Reykjavík .....	—	7000.00	
— Reykholtisdalshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	—	10000.00	
— Vopnafjarðar, N.-Múlasýslu .....	—	7000.00	
7. Yfirfært til næsta árs .....	—	41432.10	
		<u>Kr. 1212805.84</u>	

*Menntamálaráðuneytið, 25. ágúst 1950.*

F. h. r.  
Birgir Thorlacius.

## REIKNINGUR

208

yfir tekjur og gjöld Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur  
árið 1949.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári .....	kr. 18876.06
2. Minningargjafir .....	— 3875.50
3. Vextir:	
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 838.35
b. — innstæðu í sparisjóði .....	— 28.40
	<u>— 866.75</u>
	Kr. 23618.31

Gjöld:

1. Úthlutað $\frac{4}{5}$ hlutum vaxta sjóðsins árið 1948 til vöggustofubarna	kr. 584.00
2. Bankakostnaður .....	— 26.65
3. Eftirstöðvar til næsta árs:	
b. Bankavaxtabréf .....	kr. 23000.00
b. Innstæði í sparisjóði .....	— 7.66
	<u>— 23007.66</u>
	Kr. 23618.31

Reykjavík, 23. marz 1950.

Ísak Jónsson.

## REIKNINGUR

209

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 491):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 25798.41
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1238.30
	<u>Kr. 27036.71</u>

1950

468

209

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 27036.71
	<u>Kr. 27036.71</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**

210

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 494):		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 50518.49	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	— 3532.68	
		<u>kr. 54051.17</u>
2. Vextir:		
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 2424.86	
b. — bankainnstæðu .....	— 91.89	
		<u>— 2516.75</u>
		<u>Kr. 56567.92</u>

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga .....	kr. 2300.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 50639.79
b. Bankainnstæða .....	— 3628.13
	<u>— 54267.92</u>
	<u>Kr. 56567.92</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**

211

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Míningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar frá Bjargarsteini á Akranesi, árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 493) .....	kr. 5692.34
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 281.02
	<u>Kr. 5973.36</u>

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 5973.36
	<u>Kr. 5973.36</u>

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**

## Bréf menntamálaráðuneytisins til skólustjóra, um bindindiseftirlit í skólum.

212

16. sept.

Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að strangt bindindiseftirlit sé haft í skólum landsins. Er því lagt fyrir skólustjóra í skólum, sem fræðslumálastjórninni lúta, að sjá um að eftirfarandi fyrirætlun sé hlýtt:

1. Í skólabyggingum, sem reistar eru með styrk af almannafé og/eða standa undir eftirliti fræðslumálastjórnar, má ekki hafa áfengi um hönd á skemmtunum eða fundum, sem nemendur eða aðrir halda í skólunum. Eigi má heldur áfengi um hönd hafa í skemmtiferðum nemenda, sem farnar eru á vegum skólanna eða fyrir þeirra atbeina.
2. Nemendum skal gefin ströng áminning, ef þeir koma í kennslustundir undir áhrifum víns eða neyta áfengis í hóbólum skólans. Sé endurtekinni áminningu ekki sinnt, skal hinum brotlega vikið úr skóla.
3. Komi kennari í kennslustund undir áhrifum víns eða vanræki kennslu eða önnur skyldustörf í skólanum sakir áfengisneyzlu, ber hlutaðeigandi skólustjóra þegar í stað að gera fræðslumálastjórninni aðvart, og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi. Sama gildir, ef kennari verður sannur að hneykslanlegri framkomu á almannaferi sakir vinnneyzlu.

Skólustjórar bera ábyrgð á, hver í sínum skóla, að farið sé eftir fyrirætlunum þessum, og skulu námsstjórar einnig hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. okt. 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

213

2. okt.

fyrir Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum.

#### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli Sveins Bjarnasonar, 12. nóv. 1949, með gjöfum frá sveitungum hans og öðrum vinum.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00.

#### 3. gr.

Sjóður þessi er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu, og skal honum varið sem skipulagsskrá þessi ákveður.

#### 4. gr.

Fé sjóðs þessa skal geyma og ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Skulu vextir sjóðsins leggjast við stofnféð þar til að ársvextir verða kr. 600.00. Skulu þá kr. 200.00 þeirra leggjast árlega við sjóðinn, en hinum hlutanum úthluta samkvæmt ákvæðum skipulagsskrárinnar.

Stofnfé og viðlagða vexti má aldrei skerða.

59

Stofnfé og viðlagða vexti má auka með gjöfum og áheitum.

Sveitarstjórn Tunguhrepps skal annast sjóð þennan að öllu leyti. Skal árlegur reikningur hans, sem skal vera fyrir almanaksárið, fylgja sveitarsjóðsreikningi hreppsins, og hlíta sömu lögum um endurskoðun og úrskurð. Ársreikningur og allar ákvarðanir viðkomandi sjóði þessum bókfærast í gerðabók Tunguhrepps.

Þegar fé kemur til úthlutunar úr sjóði þessum, skal sveitarstjórnin verja því til þess að styrkja þá menn í hreppnum, er sýna áhuga og dugnað í því að rækta nytjaskóg, til kaupa á trjáplöntum, girðingarefni eða öðru því, sem trjáræktinni má að gagni verða. Skulu efnaminni menn ganga fyrir að öðru jöfnu. Einnig er sveitarstjórninni heimilt að veita skógræktarfélagsskap í hreppnum styrkinn, ef hún telur honum betur varið á þann hátt.

Fari svo, að engin nytjaskógrækt yrði framkvæmd í hreppnum, skal sveitarstjórnin verja fénu til þess að styrkja efnalítla frumbýlinga til búfjárkaupa. Sé um enga þess háttar menn að ræða í hreppnum, skal fénu varið til þess að styrkja efnalítla fjölskyldumenn, er sýna dugnað og skyldurækni í störfum sínum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

#### A. Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

##### *Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem Patrekshreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafnu: Rafveita Patrekshrepps, og hafa sérstakt reikningshald.

##### 2. gr.

##### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Patrekshrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veita þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Patrekshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Patrekshrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

## 3. gr.

214

2. okt.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveituvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Patrekshrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afbörgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tækjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

## 7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða

214 framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við tauga-  
2. okt. kerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur  
reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra,  
allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu raf-  
magnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en raf-  
magnseftirlit ríkisins gerir.

## B. Söluskilmálar.

### 8. gr.

#### *Sala raforku.*

Rafveita Patrekshrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði  
sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem  
ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu  
og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta  
í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

### 9. gr.

#### *Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð um-  
sóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig  
með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni.  
Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

### 10. gr.

#### *Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseig-  
anda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald  
það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið  
hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun  
heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breyt-  
ingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðar-  
heimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er  
í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun  
um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja  
henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka aflspennistöðvar eða gera meiri  
háttar viðbætur í lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbind-  
ingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

### 11. gr.

#### *Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að  
sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða  
nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar



raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í **214** reglum um raflagningar í Patrekshreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum ný- 2. okt. lagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

#### 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

#### 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með þá sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum og öðrum fyrirmælum um Rafveitu Patrekshrepps.

## 14. gr.

*Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.  
Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.  
Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.  
Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $\pm/\div 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.  
Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-  
eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $\pm/\div 5\%$ , en rafveitan annars.  
Hafi kwst.mælir sýnt  $\pm/\div 5\%$  skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.  
Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tím-  
ann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.  
Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.  
Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

## 15. gr.

*Ábyrgð.*

214

2. okt.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitækið nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

## 16. gr.

*Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafid er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

## 17. gr.

*Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtryggingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkv. 14. gr.

## 18. gr.

*Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða

**214** annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, 2. okt. sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kúnna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almeunt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforku vegna stöðvunar eða truflunar á rekstri, þó eigi skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan á orkusvæðinu, má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

#### 20. gr.

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

## C. Almenn ákvæði.

214

21. gr.

2. okt.

*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Patreksahrepps, nr. 86 2. ág. 1934.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. október 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

215

**fyrir vatnsveitu Selfoss.**

11. okt.

1. gr.

Hreppsnefnd Selfosshrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan takmarka Selfosshrepps og jarðarinnar Laugardæla með hjáleigum í Hraungerðishreppi. Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, hefur hreppsnefnd Selfosshrepps með höndum.

2. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Selfoss, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða van-

**215** rækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru 11. okt. tengd.

Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Þar sem slíkt á sér stað við gildistöku reglugerðar þessarar, skal tafarlaust samið um þau vatnsnot. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

#### 6. gr.

Hreppsnefndin getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymi eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

#### 7. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti, sem virtur er sér til fasteignamats, í þessu sambandi sem heilt hús.

#### 8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um ræðir í 7. gr., skal greiða vatnsskatt 10% — tíu af þúsundi — fasteignamatsverðs árlega. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 50.00 fyrir hvert íbúðarhús. Ef um er að ræða hús, sem að dómi hreppsnefndar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, skal greiða vatnsskatt 30% — þrjátíu af þúsundi — fasteignamatsverðs.

#### 9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu kr. 0.50.
- b. Fyrir þvott á bifreiðum, árlega fyrir bifreið kr. 25.00.
- c. Fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur, árlega kr. 10.00.
- d. Fyrir vatn til frystihúsa, mjólkurbúa og verksmiðjureksturs heimilast hreppsnefndinni að krefjast greiðslu samkv. vatnsmælum, og skal þá greiða allt að 90 aura fyrir hverja smálest, upp að 1000 smál., og allt að 50 aura fyrir hverja smálest, sem umfram er.
- e. Fyrir önnur vatnsnot en hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefndina.

#### 10. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá hreppsnefndin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50%.

#### 11. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. maí ár hvert. Þó má innheimta mánaðarlega fyrir vatn, sem notað er til atvinnurekstrar eða annars en venjulegrar heimilisnotkunar. Vatnsskatt má taka lögtaki, í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

## 12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngrí refsing liggi við að lögum.

215

11. okt.

## 13. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Vatnsveitufélagi Selfoss, nr. 94 10. september 1935.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## SAMPYKKT

216

11. okt.

### um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni, sem bæinn varða og til bæjarstjórnar koma.

Auk bæjarfulltrúa er bæjarstjóra skylt að sitja fundi bæjarstjórnarinnar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

## 2. gr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlanir um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár og úrskurðar reikninga hans. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
2. Hún setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Hún kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
4. Hún fer með önnur þau mál, er til hennar koma að tilhlutum stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borið.

Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

## 3. gr.

Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa í febrúarmánuði ár hvert, svo framrlega sem ekki er annað kjörtímabil ákveðið í sérstökum lögum. Hlutfallskosningu skal við hafa að því leyti sem þess er kostur:

- 216  
11. okt.
1. Brunamálanefnd.
  2. Byggingarnefnd.
  3. Hafnarnefnd.
  4. Rafveitunefnd.
  5. Vatnsveitunefnd.
  6. Barnaverndarnefnd.
  7. Fræðsluráð.
  8. Sjúkrasamlagsstjórn.
  9. Heilbrigðisnefnd.
  10. Kjörstjórn.

Auk þess kýs bæjarstjórn bæjarráð og endurskoðendur bæjarreikninga, svo og aðrar þær nefndir, sem nauðsyn krefur eða skylt er samkvæmt sérstökum lögum.

Þeir utanbæjarstjórnarmenn, sem kosnir eru í nefndir þessar, geta neitað endurskosningu að kjörtímabilinu loknu um eitt kjörtímabil.

#### 4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað fulltrúa í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn og falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, bæjarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum segir.

#### 5. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar, eða hans missir við með öllu, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

#### 6. gr.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sækja fund fastanefnda þeirra, sem hann á sæti í. Hefur hann þar sömu réttindi og á bæjarstjórnarfundum samkv. 1. gr.

Rétt er, að bæjarstjóri sé formaður þeirra nefnda, sem hann á sæti í vegna embættisstöðu sinnar.

#### 7. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 menn ásamt slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóra. Sjálfkjörnir eru í nefndina bæjarstjóri og bæjarfógeti. Þá tvo menn, sem ekki eru sjálfkjörnir, má kjósa utan bæjarstjórnar.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gæta þess, að þar um settum lögum og reglum sé fylgt.

#### 8. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.

Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins, samkv. fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál, en auk þess heyra undir byggingarnefnd skipulagsmál bæjarins.

#### 9. gr.

Hafnarnefnd skipa þrjú menn kosnir af bæjarstjórn.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrirmælum þeim, sem þar um gilda.



## 10. gr.

Rafveitunefnd er skipuð 3 mönnum, en auk þess er rafveitustjóra skylt að sitja fundi hennar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé kosinn í nefndina. Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitumála Húsavíkur, samkv. reglugerð og samþykktum um Rafveitu Húsavíkur.

216

11. okt.

## 11. gr.

Vatnsveitunefnd er skipuð 3 mönnum kosnum af bæjarstjórn.

Nefndin hefur eftirlit og umsjón með vatnsveitukerfi bæjarins, sér um viðhald og gerir tillögur um aukningu vatnsveitunnar o. fl. samkv. reglugerð um vatnsveitu Húsavíkur.

## 12. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 3 mönnum kosnum af bæjarstjórn.

Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, og vanþroska eða veikra unglunga, sbr. lög um barnavernd.

## 13. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum og kýs bæjarstjórn þá alla.

Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins, samkvæmt lögum þar um.

Fræðsluráð skal hafa á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskólann og gagnfræðaskólann.

## 14. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kýs bæjarstjórn 4 menn, en formaður er skipaður af ráðherra.

Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varða samkvæmt lögum þar um.

## 15. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar, og héraðslæknir. Þriðja maðinn kýs bæjarstjórn í nefndina.

Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

## 16. gr.

Kjörstjórn er skipuð 3 mönnum kosnum af bæjarstjórn.

Kjörstjórn starfar samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

## 17. gr.

Bæjarráð er skipað 3 mönnum, sem bæjarstjórn kýs úr sínum hópi. Auk þess á bæjarstjóri sæti á bæjarráðsfundum með sömu réttindum og á bæjarstjórnarfundum samkvæmt 1. gr. Ef bæjarráðsmaður forfallast eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður af sama lista sem aðalmaður, fyrst bæjarfulltrúi eða fulltrúar, ef til eru og ekki forfallaðir, annars varamenn af listanum í sömu röð og þeir mæta á bæjarstjórnarfundum.

Bæjarstjórn getur með einfaldri ályktun ákveðið aðra tölu bæjarráðsmanna.

Bæjarráð kýs sér formann og ritara. Hlutkesti ræður ef tveir fá jöfn atkvæði.

Bæjarráð hefur til meðferðar þau mál, sem varða fjárhag bæjarins, undirbýr fjárhagsáætlun og ákveður bókhaldsfyrirkomulag. Það hefur og á hendi, ásamt bæjarstjóra, umsjón með fasteignum bæjarins, og öðrum þeim eignum, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda samkv. samþykkt þessari eða sérstökum samþykktum. Til bæjarráðs má einnig vísa öðrum þeim málum, þótt ekki snerti fjárreiður bæjarins,

**216** sem ekki verður séð að séu á verksviði annarra nefnda bæjarins, eða bæjarstjórn 11. okt. ákveður að fela öðrum.

Bæjarráð heldur að jafnaði einn fund í viku og oftár, ef bæjarstjóri eða meiri hluti bæjarráðsmanna óskar þess. Á fundum ræður afl atkvæða.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir störf sín, svo sem bæjarstjórn ákveður.

18. gr.

Starfsmenn bæjarins eru þessir: Bæjarstjóri, bæjargjaldkeri, sem jafnframt er fulltrúi bæjarstjóra, bæjarverkstjóri, byggingafulltrúi, ef bæjarverkstjóri getur ekki haft það starf með höndum, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, rafveitustjóri, hafnarvörður og aðrir fastráðnir menn, sem föst mánaðarlaun taka úr bæjarsjóði eða frá stofnunum bæjarins.

Um launakjör starfsmanna bæjarins og eftirlaun fer eftir reglum, sem bæjarstjórn setur.

19. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávísar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins; hann sér um, að gerðir séu reikningar bæjarins og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjón með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Bæjarstjóri skal sjá um, að árlega sé samín tæmandi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað þess háttar, er beri með sér, hvað keypt hefur verið á árinu, hvað notað og hvað farið forgörðum.

20. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir 1. apríl. Skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningum. Bæjarráð gerir svo, með ráði endurskoðenda, tillögur um reikningana fyrir 15. maí, og skulu þeir þá lagðir fyrir bæjarstjórn samkv. 17. gr. í lögum um bæjarstjórn í Húsavík.

21. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslum þeirra, fer að lögum um útsvör. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt, sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

22. gr.

Til þess að breyta samþykkt þessari þarf úmræður á tveimur fundum í bæjarstjórn og samþykki meiri hluta atkvæða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 109 30. desember 1949, er hér með staðfest til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

217

12. okt.

### um að fellt verði niður framleiðslugjald af saltsíld og öðrum afurðum úr Norðurlandssíld.

Þar sem síldveiðarnar fyrir Norðurlandi brugðust að verulegu leyti á þessu sumri, hefur ríkisstjórnin ákveðið samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 22/1950 um gengisskráningu o. fl., að fellt verði niður framleiðslugjald af saltsíld og öðrum afurðum úr Norðurlandssíld.

Skilyrði fyrir niðurfellingu framleiðslugjaldsins eru þessi:

1. Að síldarverksmiðjurnar greiði útvegsmönnum 5 kr. fyrir hvert mál bræðslusíldar til viðbótar áður greiddum kr. 65.00.
2. Að síldarútvegsefnd greiði útvegsmönnum 12 kr. til uppbótar á hverja síldartunnu til viðbótar áður greiddum kr. 110.00.
3. Um viðbótargreiðslur þessar til útvegsmanna skal að öðru leyti fara samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Hafi framleiðslugjald þegar verið innheimt af lögreglustjórum, skal það endurgreitt útflytjendum, sem ber að greiða það í samræmi við framangreindar reglur.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. október 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## GJALDSKRÁ

218

14. okt.

### fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

#### I. RAFORKA

Rafveita Patrekshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði af hverjum fermetra gólfplatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

##### C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

##### D. Önnur raforkunotkun.

1. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum má selja um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.

- 218 2 Til nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.-  
14. okt. mæli á kr. 1.00 hverja kwst.  
3. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.  
Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

### Fyrir jarðlínuheimtaug.

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 1.0% af brunabótamati upp að 100 þúsund kr. og 0.5% af brunabótamati umfram 100 þúsund krónur.

### Fyrir loftlínuheimtaug

greiðast 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Heimtaugargjöld fyrir peningshús, hlöður, þurrbúðir og önnur útihús greiðist eftir reikningi.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund. Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 10 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er, eftir reikningi.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af heimtaugum umfram eina eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

218

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

14. okt.

## V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsti hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps, nr. 87 2. ágúst 1934, ásamt síðari breytingu.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. október 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorstensson.*

## AUGLÝSING

219

um afnám reglugerða um bann við dragnótaveiði.

20. okt.

Með auglýsingu þessari er úr gildi numin reglugerð um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvíta að Hraunsnesi, nr. 64 1. marz 1950, og reglugerð um bann við dragnótaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 50 1. marz 1950.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. október 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

220

fyrir Rafveitu Neskaupstaðar.

24. okt.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Neskaupstaðar er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar starf-rækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Neskaupstað og selja hana til heimilis-notkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Neskaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Neskaupstaðar og hafa sérstakt reikningshald.

## 2. gr.

*Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Neskaupstaðar aflar raforku til almenningsþarfa í Neskaupstað með því að vinna hana sjálf eða kaua hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.

Rafveita Neskaupstaðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

## 3. gr.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála Neskaupstaðar er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum kaupstaðarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupstaðarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn rafveitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Neskaupstaðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja

öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar **220**  
bæjarstjórn. **24. okt.**

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

#### 7. gr.

##### *Löggilding rafvirkja. Raflagnarreglur.*

Bæjarstjórn getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagnar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

### B. Söluskilmálar.

#### 8. gr.

##### *Sala raforku.*

Rafveita Neskaupstaðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

#### 9. gr.

##### *Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

#### 10. gr.

##### *Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera

220 meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuld-  
24. okt. bindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

### 11. gr.

#### *Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Neskaupstað, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

### 12. gr.

#### *Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

### 13. gr.

#### *Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar, eða raftæki sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er



á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. **220**

24. okt.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Neskaupstaðar.

#### 14. gr.

##### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $\pm 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $\pm 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið

220  
24. okt.

skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

*Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

*Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

*Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma,

er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduroppun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veilu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

#### 18. gr.

##### *Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegri atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn Neskaupstaðar, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

##### *Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

- 220** Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, 24. okt. þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

**C. Almenn ákvæði.**

21. gr.

*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um meðferð og notkun rafmagns í Neskaupúni í Norðfirði, nr. 69 20. september 1928.

*Atvinnumálaráðuneytið, 24. október 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

**221**

25. okt.

**G J A L D S K R Á**

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

**I. RAFORKA**

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

Þar, sem raforka er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 135 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemilmæli á 170 kr. hvert árshektó Watt, og skal hemilstillingin

ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% 221  
hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkvæmt gjaldskrárlið A 1. Samkvæmt 25. okt.  
þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.

3. Um kwst.mæli á 34 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 170 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 5.00 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt flatargjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 2.5 kw.afll er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári, á 135 aura á kwst. á ljósátíma, en 34 aura á kwst. utan ljósátíma. Ljósátíminn skal talinn þessi:

Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.

Í sept. og marz frá kl. 19 til kl. 22.

Í október og febrúar frá kl. 17½ til kl. 22.

Í nóvember og janúar frá kl. 16 til kl. 22.

Í desember frá kl. 15 til kl. 22.

Ef ársnotkun er meiri en 20000 kwst. má veita afslátt á notkun utan ljósátíma samkvæmt ákvæðum gjaldskrárliðs C 4.

Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla undir þessum gjaldskrárlið og skal þá reikna 7 kwst. ársnotkun á hvern fermetra gólfflatar, sem notkun á ljósátíma, en alla notkun umfram það sem notkun utan ljósátíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkvæmt A 1, á hinn mælinn 34 aurar á kwst. — Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.

2. Um einn kwst.mæli á 28 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 36.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti-húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmaei, og leiga goldin af sérmaelinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

3. Um hemil-mæla 1000 kr. hvert árskw., og auk þess 28 aurar á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m<sup>2</sup> gólfflatar eða minna og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m<sup>2</sup> eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A 3.

#### Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.

221

## C. Vélar.

25. okt.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld.

1. Um kwst.mæli á 68 aura kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 80 til 135 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingaskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana. Svo og til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.

2. Um mestumæla fyrir mesta notað afl á árinu þannig:

200 kr. á árskw. fyrir fyrstu 50 kw.

160 — — — — næstu 50 —

120 — — — — umfram 100 — , og auk þess skal greiða

kwst.gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun á 9 aura hver kwst.

Umfram 200 000 — — — — 7 — — —

3. Um hemilmæla á 660 kr. árskw. og 34 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

4. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 500 klst. á ári, á 135 aura á kwst. á dýra tímanum, sem talinn skal frá kl. 10.45 til 12.00, en 34 aurar á kwst. endranær.

Ef ársnotkun utan dýra tímans er meiri en 20 000 kwst., má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:

Fyrstu 20 000 kwst. á ódýra tímanum 34 aura á kwst.

Næstu 30 000 — — — — 27 — — —

Umfram 50 000 — — — — 20 — — —

Við þennan gjaldskrárlið má einnig nota einfalda kwst.mæla, en þá skal reikna gjaldið 44 aura á kwst.

Afslátt skal reikna þannig, að gjaldið verði:

Fyrstu 20 000 kwst. á 44 aura á kwst.

Næstu 30 000 — — 37 — — —

Umfram 50 000 — — 30 — — —

## D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um kwst.mæli á 13 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10.45 til 12.00, og frá kl. 18.30 til 19.45. Sameina má þenna gjaldskrárlið B 2, enda skal þá talið á B 2-lið 1000 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3000 kwst. á ári.
3. Um kwst.mæli á 7.5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 9 til 12 og 6 klst. á tímanum frá kl. 15 til kl. 23.
4. Um kwst.mæli á 5.5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun í húsrúmi, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun að afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12½ til 15½, ef þörf gerist.
5. Um tvígjaldsmæla á 8 aura kwst., frá kl. 23 til kl. 8, og 34 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið til véla, sem uppfylla skilyrði fyrir gjaldskrárlið C 4, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10.45 til kl. 12. 221  
25. okt.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

**E.**

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

**F.**

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

**G.**

Fyrir hver 10 stig, sem verðlagsvísitala kauplagsnefndar hækkar eða lækkar, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 6%.

Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni heimilt, sem einn lið í þeim ráðstöfunum, að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið um allt að 10-földu verði.

Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

**II. MÆLALEIGA**

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkv. eftirfarandi skrá:

	Ársleiga í kr.		
	upp að 30 amp.	35-75 amp.	yfir 75 amp.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar og hemlar . . . .	21.60	„	„
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir . . . . .	45.00	67.20	90.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar . . . . .	67.20	90.00	111.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér . . . . .	21.60	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækis-verðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. OPNUNARGJALD**

- a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
- b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

221

## IV. HEIMTAUGAGJÖLD

25. okt.

Heimtaugargjald innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húss teningsm.	Heimtaugargjald	
	Jarðstrengur kr.	Loftlína kr.
Allt að 239 .....	360.00	150.00
240— 299 .....	480.00	200.00
300— 359 .....	540.00	280.00
360— 419 .....	600.00	350.00
420— 469 .....	660.00	400.00
470— 519 .....	720.00	440.00
520—(559) .....	820.00	470.00
560— 599 .....	820.00	500.00
600— 679 .....	910.00	550.00
680— 749 .....	1000.00	600.00
750— 889 .....	1110.00	650.00
890—1019 .....	1200.00	700.00
1020—1139 .....	1270.00	750.00
1140—1249 .....	1320.00	790.00
1250—1349 .....	1370.00	830.00
1350—1449 .....	1405.00	870.00
1450—1549 .....	1440.00	900.00
1550—1799 .....	1500.00	950.00
1800—1999 .....	1560.00	1000.00
2000—2399 .....	1680.00	1050.00
2400—2799 .....	1800.00	1100.00
2800—3199 .....	1920.00	
3200—3599 .....	2040.00	
3600—3999 .....	2160.00	
4000—4399 .....	2280.00	
4400—4699 .....	2400.00	

Fari jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofttaugar fram úr 40 m, skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 43 3. marz 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. október 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*



**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigur- 222  
fljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar“, útgefin á venjulegan hátt 27. okt.  
ad mandatum af dómsmálaráðherra 27. október 1950.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn, sem ræðir um í eftirfarandi stofnskrá, heitir Minningarsjóður hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar.

Frú Sigurfljóð Einarsdóttir var fædd 10. júní 1849, dáin 18. janúar 1935, gegndi ljósmóðurstörfum í Grýtubakkahreppi á árunum 1875—1924; maður hennar Helgi Helgason, var fæddur 1. október 1851, dáinn 5. ágúst 1938. Þau bjuggu á Grund í Höfðahverfi frá 1880 til 1909.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, gefið af núlifandi börnum þeirra hjóna, Baldri, Hallfríði og Jóni.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sem hér segir:

- a. Að styrkja efnilegar stúlkur til að nema ljósmóðurfræði í þeim tilgangi, að gegna þeirri starfsemi í Grýtubakkahreppi.
- b. Að veita styrk til hæfra kvenna, er vilja annast hjúkrun sjúkra og aðra líknarstarfsemi í þarfir áðurnefnds sveitarfélags.
- c. Að veita styrk fátækum ekkjum og mæðrum í sveitinni, er hafa misst eiginmann eða fyrirvinnu heimilis síns eða orðið fyrir heilsuleysi á sér eða sínum.

### 4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheitum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé.

### 5. gr.

Fastar tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af höfuðstólnum.

### 6. gr.

Styrkur úr sjóðnum veitist eftir umsókn. Styrkveiting skal jafnan fara fram 10. júní, á afmælisdag móður okkar, eða næsta dag sé það helgur dagur. Þó má ekki veita styrk úr honum fyrr en 1952 á 103. afmælisdegi hennar.

### 7. gr.

Úr sjóðnum má ekki veita hærri upphæð árlega, en sem nemur  $\frac{3}{4}$  af árlegum vöxtum. Afgangurinn,  $\frac{1}{4}$  vaxtanna, leggst við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 50 000 kr. Eftir þann tíma getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um, hvort nokkur hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn framvegis eða ekki.

### 8. gr.

Falli styrkveiting niður eitt eða fleiri ár ganga vextir óskiptir til höfuðstólsins og festast þar sem stofnfé.

222

27. okt.

Kvenfélag Grýtubakkahrepps annast sjóðinn og hefur stjórn þess með höndum styrkveitingar úr honum eftir áður greindum fyrirmælum. Áður en styrkveiting fer fram, skal sjóðstjórnin gefa oddvita, héraðslækni og sóknarpresti Grýtubakkahrepps kost á að láta í ljósi álit sitt á umsóknunum.

10. gr.

Hætti kvenfélagið störfum tekur hreppsnefnd Grýtubakkahrepps við sjóðnum og annast hann á sama hátt og kvenfélagið gerði. Verði núverandi Grýtubakkahreppi skipt í tvo hreppa með sjálfstæðum sveitarstjórnnum, fylgi sjóðurinn ætíð þeim hreppi, sem Grund er í, og því kvenfélagi, sem þar starfar, en réttur til styrks úr sjóðnum fylgi þó ætíð því svæði, sem hreppurinn nær nú yfir.

11. gr.

Fé sjóðsins skal komið fyrir á sama hátt og lög mæla fyrir um fé ólögráðra. Formaður kvenfélagsins geymir bækur og skjöl tilheyrandi sjóðnum á sem tryggilegastan hátt, eins og aðrar mikilsvarðandi bækur og skjöl félagsins. Stjórn sjóðsins er ólaunuð, en bækur, ritföng, símtöl, símskeyti og annan slíkan kostnað, sem sjóðinn varðar, má greiða af vöxtum hans.

12. gr.

Sjóðstjórnin hefur reikningsábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðaður reikningur sendast til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningurinn telst fullgildur þá er hann er samþykktur af sveitarstjórn. Stofnendum sjóðsins skal senda reikninginn árlega, meðan þeirra nýtur við.

Akureyri, 23. september 1950.

Baldur Helgason. Hallfríður Helgadóttir.

Kaupmannahöfn, 2. október 1950.

Jón Helgason.

223

27. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. október 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðmund Magnússon vélvirkja, sem var fæddur 15. des. 1922 í Ólafsvík, sonur hjónanna séra Magnúsar Guðmundssonar sóknarprests í Ólafsvík og konu hans Rósu Thorlacius Einarsdóttur, og sem andaðist í Reykjavík 17. apríl 1945.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf að upphæð kr. 4650.00, sem íbúar Ólafsvíkurkaupþúns færðu foreldrum hans við fráfall hans, til frekari ráðstöfunar. Sjóðurinn var við árslok 1949 kr. 5965.75.

## 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann ávaxtast þangað til hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur.

223

27. okt.

## 4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð nefndri upphæð má árlega verja helming vaxtanna til þess að styrkja iðnaðarmenn, búsetta í Ólafsvík, til þess að afla sér frekari menntunar í iðn sinni, en unnt er að afla sér á Íslandi. Þó má aldrei veita neinum styrk nema hann sé alger bindindismaður á áfengi.

## 5. gr.

Aldrei má veita neinum styrkþega minni upphæð en kr. 300.00.

## 6. gr.

Ef eitthvert ár eða árabíl er ekki úthlutað styrk úr sjóðnum, þá má næst þegar styrk er úthlutað, úthluta fé því, sem úthluta mátti á þessu tímabili. Það er, að úthluta má þá helmingnum af vaxtatekjum sjóðsins frá því síðasta úthlutun fór fram. Stjórn sjóðsins skal sjá um, að styrkir úr sjóðnum komi að sem bestum notum fyrir styrkþega.

## 7. gr.

Þegar iðnaðarmannafélag verður stofnað í Ólafsvík, ber því að sjá um að efla sjóðinn með öðrum tekjulindum, en aðeins vöxtum af höfuðstólnum, t. d. með öðrum dánar- eða minningargjöfum.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skal sóknarpresturinn í Nesþinga- prestakalli vera formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir tveir skulu árlega kosnir á aðalfundi í Iðnaðarmannafélagi Ólafsvíkur.

## 9. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtaður í sparisjóði Ólafsvíkur, þó má stjórn sjóðsins, ef þörf þykir, gera aðra ráðstöfun um vöxtun hans, sem þó má ekki vera ótryggilegri.

## 10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar Stjórnarráðs Íslands.

Ólafsvík, 31. maí 1950.

Rósa Th. Einarsdóttir.

Magnús Guðmundsson.

## REGLUGERÐ

224

### um síldveiðideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

26. okt.

## 1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka einungis til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót eða hringnót á sumarvertíð.

## 2. gr.

Vertíð sumarsíldveiða skal talin frá 20. júní til 15. september. Þó skal ekki skerða bótarétt þeirra skipa, sem hafa eigi styttri úthaldstíma, en nemur meðalúthaldstíma skipa í sama flokki á vertíðinni.

224  
26. okt.

3. gr.  
Veiðisvæði sumarsildveiða skal vera eitt fyrir allt landið.

4. gr.  
Veiðiskipum skal skipta í flokka sem hér segir:  
1. fl. Herpinótaskip.  
2. — Hringnótaskip.

5. gr.  
Fyrir hverja vertið skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands ísl. útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands ákveða meðalveiðimagn fyrir hvern flokk og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem hafa eigi minna en meðalúthaldstíma samkvæmt 2. gr., en lækkar hlutfallslega ef úthaldstími skips er styttri.

6. gr.  
Skytt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðsstjórninni eigi síðar en degi áður en það leggur úr höfn til veiða og tilkynna þá jafnframt hvar og með hvers konar veiðarfærum skipinu er ætlað að stunda veiðar. Skipar sjóðsstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk samkvæmt 4. gr. Skytt er einnig að tilkynna sjóðsstjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bóta úr sjóðnum.

7. gr.  
Það telst almennur aflabrestur ef meðalafli skipa í hverjum flokki er minni en 75% af meðalveiðimagni því, sem ákveðið verður samkvæmt 5. gr.

8. gr.  
Nú hefur almennur aflabrestur orðið, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafli skipa þess flokks fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafli og síðan með vaxandi af lakkandi hundradshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglum:

Skip, sem aflar	45 % af meðalafli fær	40 % bætur af því, sem á vantar	meðaltal.
—	46 %	—	39 %
—	47 %	—	38 %
—	48 %	—	37 %
—	49 %	—	36 %
—	50 %	—	35 %
—	51 %	—	34 %
—	52 %	—	33 %
—	53 %	—	32 %
—	54 %	—	31 %
—	55 %	—	30 %
—	56 %	—	29 %
—	57 %	—	28 %
—	58 %	—	27 %
—	59 %	—	26 %
—	60 %	—	25 %
—	61 %	—	24 %
—	62 %	—	23 %
—	63 %	—	22 %

Skip, sem aflar 64 % af meðalafla fær 21 % bætur af því, sem á vantar meðaltal.	224
— — — 65 % — — — 20 % — — — — — — — — — —	26. okt.
— — — 66 % — — — 19 % — — — — — — — — — —	
— — — 67 % — — — 18 % — — — — — — — — — —	
— — — 68 % — — — 17 % — — — — — — — — — —	
— — — 69 % — — — 16 % — — — — — — — — — —	
— — — 70 % — — — 15 % — — — — — — — — — —	

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar, að afli þeirra nái 74.5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum. Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Við úthlutun bóta úr sjóðnum skal byggja upplýsingar um aflamagn skipa á skýrslum Fiskifélags Íslands.

### 9. gr.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla hlutaðeigandi flokks, skal sjóðsstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleyfi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleyfinu, er sjóðsstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem hlutaðeigandi skipum bæri samkvæmt hinni almennu reglu 8. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil viti er að ræða.

### 10. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

#### Bráðabirgðaákvæði:

Reglugerð þessi skal ná til vertíðar sumarsildveiða 1950.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatrygginga-sjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnuáráðuneytið, 26. október 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

um ráðstafanir gegn kjúklingasótt.

225

30. okt.

### 1. gr.

Þeir hænsnaeigendur, sem selja egg til útungunar eða unga til lífs (yngri en tveggja mánaða) skulu árlega láta fara fram rannsókn á öllum hænsnum sínum, sem eru ½ árs eða eldri, til að greina þau hænsni, sem eru smitberar kjúklingasóttar. Sýni blóðprófun, að í hænsnastofninum séu smitberar, skal eigenda hans gefinn kostur á nýrri blóðprófun að 3 mánuðum liðnum, enda séu hænsni hans í varpi, þegar

**225** blóðprófun er framkvæmd. Maður sá, er blóðprófin framkvæmir, skal að þeim loknum gefa hænsnaeiganda eða umboðsmanni hans vottorð um árangur prófanna. Ef engin sýking finnst, skal það tekið fram, annars hundraðshluti sýkinga í hópnun. Vottorð þessi skulu gerð á sérstök eyðublöð og skal yfirdýralækni tafarlaust sent afrit af þeim.

#### 2. gr.

Eftir 31. júlí 1952 er með öllu óheimilt að selja egg til útungunar eða unga til lífs frá öðrum hænsnabúum en þeim, er laus eru við kjúklingasótt í hænsnum sínum samkvæmt blóðprófunum, er um getur í 1. gr., eða hafa svo heilbrigðan hænsnastofn, að hundraðshluti sýktra hænsna fer ekki fram úr 5 af hundraði samkvæmt síðustu blóðprófun.

Vottorð skoðunarmanns gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi, en fellur að þeim tíma liðnum úr gildi þar til prófað hefur verið að nýju og fundizt hefur, að sýking fer ekki fram úr 5 af hundraði.

Hafi hænsni í búi sýnt neikvæðan árangur við blóðprófanir tvisvar í röð með eins árs millibili, er skoðunarmanni leyfilegt að gefa vottorð, er gildi í tvö ár frá útgáfudegi. Sýni hænsnastofn búsins framvegis heilbrigði við prófun, er eiganda búsins ekki skylt að láta blóðprófa hænsni sin nema annað hvert ár.

#### 3. gr.

Eigendur þeirra hænsnabúa, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr., og óska eftir að selja útungunaregg og unga til lífs, skulu senda umsókn um það til landbúnaðarráðuneytisins, er veitir slík leyfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, að fengnu samþykki yfirdýralæknis og meðmælum stjórnar Landssambands eggjaframleiðenda. Skal með umsókninni senda vottorð um niðurstöður þeirra blóðprófa, sem gerð hafa verið og einnig upplýsingar um aðra næma hænsnasjúkdóma, ef þeirra hefur orðið vart á búinu.

#### 4. gr.

Óheimilt er að flytja egg eða unga í hænsnabú, sem hlotið hafa rétt til að selja útungunaregg og unga til lífs, frá búi, sem hefur óprófuð hænsni eða hænsni, er við blóðpróf hafa sýnt lakari útkomu en hænsnin í búi því, er í hlut á, sem móttakandi eggjanna eða unganna. Slíku búi er einnig óheimilt að taka við ungum, sem hefur verið ungað út í búi, þar sem í eru smitberar, jafnvel þótt eggin hafi komið frá búi með jafn heilbrigðan eða heilbrigðari hænsnastofn en fyrir er í búinu. Enn fremur er óheimilt að flytja í búið fullorðin hænsni nema frá búum, sem reynt er að hafi heilbrigð hænsni samkvæmt blóðprófun.

#### 5. gr.

Tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum framleiðir nauðsynleg efni til rannsókna á útbreiðslu kjúklingasóttar. Tilraunastöðin skal einnig framkvæma blóðprófanir, ásamt dýralæknum og öðrum aðilum, sem landbúnaðarráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Tilraunastöðvarinnar, og þá með aðferð, sem Tilraunastöðin ákveður.

Að blóðprófi loknu skulu öll dýr, er reynast smitberar, tafarlaust drepin og hræin brennd á tryggilegan hátt. Hænsnahús, hreiður, hænsnagarðar og útungunarvélar skulu sótthreinsaðar á þann hátt, er skoðunarmaður telur tryggilegan.

Ef hænsnabú með sýktum hænsnum er svo nærri hænsnabúi þar sem blóðprófanir hafa verið gerðar, að veruleg smitunarhætta stafi af, að dómi skoðunarmanns, skal blóðprófun einnig framkvæmd á búi því og á kostnað eiganda þess, verði smitunarhætta eigi fyrirbyggð á annan hátt.

Skylt er hænsnaeiganda að veita skoðunarmanni nægilega aðstoð við blóðprófun,

og fullan aðgang að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður **225**  
telur nauðsynlegt, er hænsnaeiganda og skylt að veita fullkomnar upplýsingar um **30. okt.**  
hverjir hafi keypt af honum unga og egg til útungunar.

## 6. gr.

Sá sem framkvæmir prófanir vegna kjúklingasóttar tekur þóknun fyrir af  
hænsnaeiganda samkvæmt gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur.

## 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar missi réttinda til þess að selja unga og út-  
ungunaregg eitt ár eða lengur, og endurgreiða skal hinn brotlegi að hálfu andvirði  
seldrar vöru frá því er brotið var framið, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928 og lögum nr.  
144 22. desember 1947, öðlast gildi 1. janúar 1951, og birtist til eftirbreytni öllum, sem  
hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

**226**

31. okt.

um viðauka við reglugerð frá 13. júlí 1950, um söluskatt.

## 1. gr.

Á eftir „steinkol og brúinkol“ í 3. gr. komi:  
27 2 Koks.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 100 1948, um dýr-  
tíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sbr. lög nr. 24 1950, um framlengingu á gildi  
III. kafla laga nr. 100 1948, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 31. október 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kristján Thorlacius.*

## AUGLÝSING

**227**

31. okt.

um breyting á kærufresti til rikisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935,  
um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kæruf-  
restur til rikisskattanevndar, út af tekju- og eignarskatti álögðum í Reykjavík, vera  
til 15. nóvember 1950.

*Fjármálaráðuneytið, 31. október 1950.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Kristján Thorlacius.*

228  
2. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks, nr. 69 3. apríl 1950.

Öll gjöld samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að innheimta með 20% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

229  
2. nóv.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

### I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 auru hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 6.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 3.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

#### C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 auru hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:



- a. Á 40 aura hverja kwst. 229
- b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. 2. nóv.
3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura á notaða kwst.
4. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:  
Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra, þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérsmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæla á 10 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og á 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til súgurrkunar á heyi á 30 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar á 85 aura hverja kwst. og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A 1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

<b>229</b>	1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. nív.	2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
	3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 7.00 — —
	4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 600.00
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 800.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunahótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunamótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunamótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofuna.

### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið í I. kafla gjaldskrárinnar breytist með kolaverði í Hveragerði á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 400 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola í Hveragerði á hverjum tíma.

### VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr. 157 10. september 1949. 229  
2. nóv.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## H A F N A R R E G L U G E R Ð

230  
3. nóv.

fyrir Akureyrarkaupstað.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingaá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

##### 3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast bæjarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

##### 4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

##### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

230

3. n.óv.

Böð nálægt landi eða við bryggjur hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lög-  
reglustjóra. Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan hafnarinnar.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í  
skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins  
og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því  
svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

Áliti hafnarvörður að hætta gæti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar  
vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar var-  
úðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur  
stafað af, í skipum á höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnar-  
varðar.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau  
á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður.  
Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi bæjarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta úthyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur  
skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Ekki má heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mann-  
virkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæj-  
arstjórnar komi til.

#### IV. KAFLI

##### Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á  
höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að  
hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja  
og leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt  
rúm fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnar-  
innar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá bæjarstjóri látið  
gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi  
hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður  
að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og fram-  
kvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglu-  
gerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða  
við festarstólpa. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla  
á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem

minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggjar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

### 13. gr.

Gufuskip og önnur vélarskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

### 14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má bæjarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningsar kostaðinum, ef nauðsyn krefur.

## V. KAFLI

### Notkun hafnarbryggna.

### 15. gr.

Meðan bæjarstjóri eigi ákveður annað, hafa öll skip rétti til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni bæjarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

### 16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju hið hliðina á öðru, er heimilt að flytja farn þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipanna, er nær liggja.

### 17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru sliku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

### 18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

### 19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi bæjarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem bæjarstjóri krefst þess.

**230** Sé það eigi gert, lætur bæjarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða 3. nív. umboðsmanns hans.

## VI. KAFLI

### Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

#### 20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, þá getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað legu snertir, þó að það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess menn séu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimitað ljós á skipum utan þess svæðis.

Ljós skal tendra á skipum þessum og hljóðbendingar skulu gerðar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

#### 21. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

## VII. KAFLI

### Um hafnargjöld.

#### 22. gr.

#### *Um lestagjald.*

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðru vísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

#### 23. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Akureyri og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald (hafnargjald) einu sinni á ári, kr. 3.75 fyrir hverja smálest.
- b. Innland fiskiskip og öll önnur skip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, en eru ekki strandferðaskip, greiða kr. 0.75 fyrir hverja smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó ekki meira á ári en kr. 7.50 fyrir hverja smálest.  
Strandferðaskip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, greiða kr. 0.30 fyrir hverja smálest, þó ekki meira á ári en kr. 3.00 fyrir hverja smálest. Strandferðaskip, sem einnig sigla á útlönd, skulu greiða kr. 0.40 fyrir hverja smálest.
- c. Öll önnur skip, er til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna og

skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða kr. 1.00 lestagjald fyrir hverja smálest. **230**

3. nóv.

## 24. gr.

Hafi skipið legið á höfninni 30 daga, skal greiða lestagjaldið að nýju fyrir hverja 30 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

## VIII. KAFLI

## Um ljósagjald.

## 25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 23. gr. a., greiða kr. 25.00 á ári.
- b. Skip, sem getur um í 23. gr. b., greiða kr. 10.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiða 5 aura fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00 í hvert skipti.

## IX. KAFLI

## Um bryggjugjald.

## 26. gr.

- a. Gjald af bryggjum bæjarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, 20 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

- b. Gjald af bryggjum einstakra manna.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip, og önnur gjaldskyld skip, greiða samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs  $\frac{1}{2}$  í bryggjugjald.

Hafnarnefnd er heimilt að lækka þetta gjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 27. gr.

*Skipakviargjöld.*

Þeir, sem vilja fá skipum sínum lagt í skipakví vetrarlangt, snúi sér til hafnarnefndar fyrir 1. sept. ár hvert.

Skipakviargjald fer eftir samning.

## X. KAFLI

## Um vörugjald.

## 28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

## 29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því eigi að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

- 230 Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu  
3. nóv. þær ákveðnar það samkv. farmskránni, greiðist ekkert gjald.

## 30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

## 31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 33. gr.

*Vörugjaldskrá.*

## A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 65 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Alls konar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur. Gjald 125 aurar fyrir hver 100 kg:  
Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutar til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu og miðstöðvarvörur, heyrinnuvélar, plógar, herfi, ull, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, oliur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora, vír til raflagna, síma og girðinga, rafmagnsdælar og rafmagnseldavélar.
4. flokkur. Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:  
Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og oliur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, vélatvistur, hessian og bindigarn.
5. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:  
Málningarvörur og efni til málninga, lökk, kitti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmi og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, haðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbid, glycoese, o. þ. h., oliufatnaður, kálmeti og plöntur,



maccaroní, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.

230  
3. nóv.

6. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:

Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn og umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr kopar, eir, messing, bronce o. þ. h., emalleraðar vörur, leirvörur, smávélar svo sem þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáíðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, hurstavörur og efni til hurstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár, lamir. Eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bókunarvörur, lyfjavörur og ávextir.

7. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 10 kg:

Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smáhljóðfæri og tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. fl. þ. h.

8. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 10 kg:

Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.

9. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hvert stykki:

Tómar tunnur og föt.

10. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert teningsfet:

Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.

11. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert teningsfet:

Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:

Áburður (tilbúinn), benzín, bifreiðar og bifreiðavörur, girðingarefni, hey, húsgögn (eftir þyngd), járn (óunnið), kol, koks, kolsýra, salt, sement, símavír og jarðstrengir, smurningsoliur, steinolia, timbur (eftir þyngd), torf, vélar, þakjárn og járnror.

2. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:

Búsáhöld (leir- og glervörur o. fl.), bækur og pappírsvörur, efnagerðarvörur, fiski- og síldarmjól, fiskur, fuglar (til átu), garnir, gærur og húðir (saltaðar), járnvörur, kartöflur, kjöt (nýtt, saltað, reykt o. s. frv.), kornvörur, lýsi, málningarvörur, mjólk og mjólkurvörur, net og aðrar útgerðarvörur, niðursuðuvörur, pokar og ullarballar, sápa og aðrar hreinlætisvörur, síld (ísvarin), skófatnaður, smjör og smjörlíki, sykur.

3. flokkur. Gjald 150 aurar hver 100 kg:

Búkhár, dúnn, fiður, fuglar (stoppaðir), gærur (loðsútaðar), skinn (hert og söltuð), sundmagi, ull.

4. flokkur. Gjald 200 aurar hver 100 kg:

Kaffi og kaffibætir, leikföng, listmunir, rafmagnsvörur, símavörur, snyrtivörur, sælgæti, tóvörur og þrjónavörur, vefnaðarvörur.

5. flokkur. Gjald 40 aurar hver tunna:

Síld í tunnum.

6. flokkur. Gjald 20 aurar hvert teningsfet:

Húsgögn eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald 10 aurar hvert teningsfet:

Timbur eftir rúmmáli.

- 230 8. flokkur. Gjald 300 aurar hver skepna:  
3. nív. Hestar, nautgripir, svín.

## XI. KAFLI

### Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

#### 34. gr.

Fyrir að leggja skipi sínu í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 50 auru af hverju tonni af nettóburðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en kr. 12.00.

#### 35. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 10 auru fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

#### 36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

#### 37. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem bæjarstjóri ákveður í hvert sinn.

## XII. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

#### 38. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

#### 39. gr.

Skipstjóri eða formaður á bátum ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

#### 40. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 35. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Leigu samkv. 36. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörunar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörunar eru komnar á skip.

#### 41. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XIII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

230

3. nív.

## 42. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemi 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

## 44. gr.

Enginn skipstjóri má vanta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá bæjarstjóra sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

## 45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 2. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 46. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkv. almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

## 47. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

## 48. gr.

Þegar reglugerð þessi öðlast gildi fellur úr gildi reglugerð nr. 48 frá 10. júní 1920, ásamt breytingum, sem gerðar hafa verið á henni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. nóvember 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Keflavíkur.

#### I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.35 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

##### C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum 30 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw. um kwst.mæli:  
Á 22 aura kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 400.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess 10 aura á notaða kwst.
5. Um mæli á kr. 250.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 10 aura á notaða kwst.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 6 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og

kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- e. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

231

4. nóv.

### E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 auru hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli, og suðutækin fastlengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 75 auru hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 15 auru hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 15 auru hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 75 auru hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til götu og hafnarlýsingar á 40 auru hver kwst.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. .... kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... — 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. .... — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Brunabótamat:</i>		<i>Jarðlína:</i>	<i>Loftlína:</i>
Frá kr.	0—10 000.00	kr. 380.00	kr. 210.00
— —	10 000—15 000.00	— 510.00	— 280.00
— —	15 000—20 000.00	— 600.00	— 360.00
— —	20 000—25 000.00	— 700.00	— 450.00
— —	25 000—30 000.00	— 780.00	— 530.00
— —	30 000—40 000.00	— 880.00	— 600.00
— —	40 000—50 000.00	— 980.00	— 640.00
— —	50 000—60 000.00	— 1060.00	— 680.00
— —	60 000—70 000.00	— 1100.00	— 700.00
— —	70 000—80 000.00	— 1140.00	— 730.00
— —	80 000—90 000.00	— 1170.00	— 760.00
— —	90 000 og yfir	— 1200.00	— 800.00

- 231** Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugar-  
4. nóv. uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuðum á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70 \text{ mm}^2$ , skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 6 18. jan. 1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

- 232** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Þjóðleikhússins“,  
7. nóv. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. nóv. 1950.  
Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á vígsludegi Þjóðleikhússins með 2000.00 króna framlagi frá Þjóðleikhússtjóra.

2. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum. Eigi má veita styrki úr honum fyrr en hann er orðinn 40000.00 krónur, og þá aldrei meira en nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta höfuðstólsins. Fé sjóðsins skal varðveita í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan jafntryggan hátt, að dómi sjóðsstjórnar.

## 3. gr.

232

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim fjárstyrk, er starfa við þjóðleikhúsið og leita sér frekari menntunar í starfi sínu. 7. sept.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Þjóðleikhússtjóri, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, fulltrúi kjörinn af fastráðnum starfsmönnum, er vinna að listrænum störfum, og þriðji maður kosinn af meðstofnendum sjóðsins, en það teljast þeir vera, sem lagt hafa sjóðnum fé og skráð nöfn sín í stofnskrána fyrir birtingu hennar. Kjör stjórnenda gildir um tvö ár í senn.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Hún skal árlega birta reikninga sjóðsins í Lögbirtingablaði, er þeir hafa verið endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem fastráðnir starfsmenn leikhússins kjósa til tveggja ára í senn.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

## 8. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 20. apríl 1950.

Í bráðabirgðastjórn Menningarsjóðs þjóðleikhússins

Guðl. Rosinkranz. Arndís Björnsdóttir. Björn Þórðarson.

## AUGLÝSING

233

4. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitufélag Seltirninga, nr. 20 21. janúar 1941.

## 1. gr. orðist svo:

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða ögnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 1% — einn af hundraði — af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskran í utan húss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

234

7. nóv.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 21. jan. 1946, um happdrætti Háskóla Íslands.

8. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur út á hverju ári 25 000 hluti í 12 flokkum. Vinningar í öllum 12 flokkum samanlögðum skulu vera 7500 og 33 aukavinningar að fjárhæð samtals kr. 4 200 000.00.

10. gr. orðist svo:

Verð heilla miða er 20 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 10 kr. og fjórðungs-miða 5 kr. Fyrir ársmiða skal greiða 240 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir, og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 240 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sendar í pósti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1933 og breytingum á þeim, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kristján Thorlacius.*

235

7. nóv.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Selfoss.

### I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.



**B. Almenn heimilisnotkun.**

235

Um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

7. nóv.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
  - a. Á 40 aura hverja kwst.
  - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura á notaða kwst.
4. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 14 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.*

- a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

**E. Önnur raforkunotkun.**

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 32 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hverja kwst.

- 235 3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., ef  
7. nóv. straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 10 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og á 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi á 30 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar á 85 aura hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr. af hverjum þúsund krónum af brunabótamati húsa og mannvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverjum þúsund krónum þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó miða matið við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið, eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Heimilt er að veita gjaldfrest á helming heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofuna.

### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

235

7. nóv.

Gjöld samkvæmt D-lið í I. kafla gjaldskrárinnar breytist með kolaverði á Selfossi á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 400 króna verði á kolatónni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola á Selfossi á hverjum tíma.

### VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 44 4 marz 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 7. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

### AUGLÝSING

236

8. nóv.

um breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar,  
nr. 74 18. ágúst 1930.

2. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn kys árlega forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Forseti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram skipulega og í góðri reglu, og eru bæjarfulltrúarnir og bæjarstjóri skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, er snertir fundarsköp. Hann sér og um, að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.

Framanrituð breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, sem bæjarstjórnin hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 26 22 nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

237

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Jafnaðarreikningur 31. desember 1947.

### Eignir:

1. Útlán .....		kr. 17535798.80
2. Útlán til ríkissjóðs vegna Svíþjóðar-skipa .....	—	4952868.35
3. Styrktarlán .....	—	628000.00
4. Innstæða í Útvegsbanka Íslands h.f. ....	—	2280047.15
5. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	516483.19
		Kr. 25913197.49

### Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944, upphaf. kr. 4000000.00 .....		kr. 2900000.00
2. Framkvæmdasjóður .....	kr. 3354152.84	
Þar af í útlánnum .....	— 3295702.86	
		— 58449.98
3. Aðstoðarlánasjóður .....	kr. 3950180.27	
Þar af í útlánnum .....	— 3752815.00	
		— 197365.27
4. Viðskiptamenn .....	—	40737.20
5. Fyrir fram greiddir vextir .....	—	85152.98
6. Afskriftarreikningur .....	—	300000.00
7. Styrktarlánasjóður .....	—	4593174.26
8. Stofnsjóður .....	—	16438317.80
9. Varasjóður .....	—	1300000.00
		Kr. 25913197.49

Reykjavík, 2. janúar 1948.

### FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Ásg. Ásgeirsson.    Valtýr Blöndal.    Helgi Guðmundsson.

*Eliás Halldórsson.*

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 5. marz 1948.

*Vigfús Einarsson.    Benedikt Sveinsson.*

Jafnaðarreikningur 31. desember 1948.

### Eignir:

1. Útlán .....		kr. 19846251.90
2. Útlán til ríkissjóðs vegna Svíþjóðar-skipa .....	—	4212117.83
3. Styrktarlán .....	—	628000.00
4. Verðbréf .....	—	1191000.00
5. Viðskiptamenn .....	—	204623.14
6. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	39905.69
7. Innstæða í Útvegsbanka Íslands h.f. ....	—	4004444.22
		Kr. 30126342.78

## Skuldir:

237

1. 3½% lán frá 1944 .....	kr. 2400000.00
2. Framkvæmdasjóður .....	— 133894.64
3. Aðstoðarlánasjóður 1945 .....	— 198160.33
4. Aðstoðarlánasjóður 1947 .....	— 462251.45
5. Viðskiptamenn .....	— 28391.50
6. Stofnsjóðir .....	— 23800000.00
7. Varasjóður .....	— 1500000.00
8. Afskriftarreikningur .....	— 1500000.00
9. Yfirfært til næsta árs .....	— 103644.86
	<hr/>
	Kr. 30126342.78

Reykjavík, 6. janúar 1949.

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Helgi Guðmundsson. Ásg. Ásgeirsson. Valtýr Blöndal.

*Elias Halldórsson.*

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 2. marz 1949.

Vigfús Einarsson. Benedikt Sveinsson.

## Jafnaðarreikningur 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Útlán .....	kr. 21894715.00
2. Styrktarlán .....	— 628000.00
3. Ríkissjóður vegna Svipjóðar-skipa .....	— 3186862.37
4. Verðbréf .....	— 1035000.00
5. Viðskiptamenn .....	— 194283.30
6. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 197608.00
7. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	— 7837182.62
	<hr/>
	Kr. 34973651.29

## Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944 (upphafl. 4 millj. til 10 ára) .....	kr. 2000000.00
2. Framkvæmdasjóður .....	— 13048.73
3. Aðstoðarlánasjóður 1945 .....	— 207110.33
4. Aðstoðarlánasjóður 1947 .....	— 112668.15
5. Viðskiptamenn .....	— 123260.62
6. Stofnsjóðir .....	— 28500000.00
7. Varasjóður .....	— 2000000.00
8. Afskriftarreikningur .....	— 2000000.00
9. Yfirfært til næsta árs .....	— 17563.46
	<hr/>
	Kr. 34973651.29

Reykjavík, 2. janúar 1950.

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Helgi Guðmundsson. Valtýr Blöndal. Ásg. Ásgeirsson.

*Elias Halldórsson.*

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 19. janúar 1950.

Einar Bjarnason. Benedikt Sveinsson.

## 238 REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

## Ársreikningur 1949.

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 3 540 646.26	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 1 559 135.00	
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis .....	— 1 387 810.00	
d. Reikningslán .....	— 4 960 466.04	
		kr. 11 448 057.30
2. Vixlar .....	— 34 332 436.99	
3. Verðbréf .....	— 17 774 772.36	
4. Lán í hlaupareikningi .....	— 6 407 543.74	
5. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga .....	— 270 326.39	
6. Nýbýlasjóður .....	— 53 294.89	
7. Ýmsir skuldunautar .....	— 348 544.86	
8. Innanstokksmunir .....	— 251 700.00	
9. Fasteignir .....	— 4 540 000.00	
10. Innheimtur .....	— 232 143.90	
11. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....	— 188 000.00	
12. Innleystir tékkar .....	— 369 711.39	
13. Veðdeild .....	— 114 060.80	
14. Ræktunarsjóður .....	— 1 163 820.34	
15. Byggingarsjóður .....	— 2 660 657.50	
16. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	— 2 727 409.11	
		kr. 82 882 479.57

## Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr. 52 852 979.28
2. — á viðtökuskirteinum .....	— 4 712 071.05
3. — í hlaupareikningi .....	— 15 185 146.13
4. — í reikningslánnum .....	— 510 202.16
5. Viðlagasjóður .....	— 820 877.61
6. Loðdýralánadeild .....	— 13 280.27
7. Smábýladeild .....	— 270 292.83
8. Ýmsir kröfuhafar .....	— 832 433.74
9. Ábyrgðir .....	— 188 000.00
10. Ógreitt tap .....	— 700 000.00
11. Fyrningarsjóður fasteigna .....	— 40 000.00
12. Varasjóður .....	— 6 219 026.57
13. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 538 169.93

kr. 82 882 479.57

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1949. 238

Tekjur:

1. Vextir f. f. á. ....	kr. 603 240.05
2. Forvextir af víxlum .....	— 2 372 559.11
3. Aðrir vextir .....	— 1 864 886.78
4. Ýmislegar tekjur .....	— 429 563.75

Kr. 5 270 249.69

Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 1 991 849.15
2. Rekstrarkostnaður .....	— 1 269 257.30
3. Afskrifað af fasteignum og innanstokksmunum .....	— 400 000.00
4. Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi .....	— 120 450.00
5. Til varasjóðs .....	— 900 523.31
6. Aukatillag til eftirlaunasjóðs .....	— 50 000.00
7. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 538 169.93

Kr. 5 270 249.69

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. des. 1949.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 2 955 521.26
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 917 935.00
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis .....	— 1 387 810.00
d. Reikningslán .....	— 4 209 716.06
	kr. 9 470 982.32
2. Víxlar .....	— 28 757 754.79
3. Verðbréf .....	— 17 738 272.36
4. Lán í hlaupareikningi .....	— 6 340 712.18
5. Nýbýlasjóður .....	— 53 294.89
6. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga .....	— 270 326.39
7. Ýmsir skuldunautar .....	— 278 309.91
8. Innanstokksmunir .....	— 250 000.00
9. Fasteignir .....	— 4 500 000.00
10. Innheimtur .....	— 232 143.90
11. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....	— 188 000.00
12. Innleystir tékkar .....	— 369 711.39
13. Veðdeild .....	— 114 060.80
14. Ræktunarsjóður .....	— 1 163 820.34
15. Byggingarsjóður .....	— 2 660 657.50
16. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	— 2 352 201.94

Kr. 74 740 248.71

238

## Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr. 46 591 516.20
2. — á viðtökuskirteinum .....	— 4 523 289.32
3. — í hlaupareikningi .....	— 14 091 182.19
4. — í reikningslánnum .....	— 472 894.15
5. Viðlagasjóður .....	— 820 877.61
6. Loðdýralánadeild .....	— 13 280.27
7. Smábýladeild .....	— 270 292.83
8. Útibú á Akureyri .....	— 313 665.36
9. Ýmsir kröfuhafar .....	— 832 433.74
10. Ábyrgðir .....	— 188 000.00
11. Ógreitt tap .....	— 700 000.00
12. Varasjóður .....	— 5 534 300.80
13. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	— 388 516.24
	<hr/>
	Kr. 74 740 248.71

## Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1949.

## Tekjur:

1. Vextir f. f. á. ....	kr. 465 510.05
2. Forvextir af víxlum .....	— 1 878 085.84
3. Aðrir vextir .....	— 1 864 886.78
4. Ýmislegar tekjur .....	— 381 153.81
	<hr/>
	Kr. 4 589 636.48

## Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 1 778 627.98
2. Rekstrarkostnaður .....	— 1 128 354.40
3. Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi .....	— 120 450.00
4. Afskrifað af fasteignum og innanstokksmunum .....	— 400 000.00
5. Til varasjóðs .....	— 723 687.86
6. Aukatillag til eftirlaunasjóðs .....	— 50 000.00
7. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir .....	— 388 516.24
	<hr/>
	Kr. 4 589 636.48

## Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum:	
a. Fasteignaveðslán .....	kr. 585 125.00
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán .....	— 641 200.00
c. Reikningslán .....	— 750 749.98
	<hr/>
	kr. 1 977 074.98
2. Víxlar .....	— 5 574 682.20
	<hr/>
	Flyt kr. 7 551 757.18



	Flutt	kr. 7 551 757.18	<b>238</b>
3. Lán í hlaupareikningi .....	—	66 831.56	
4. Ýmsir skuldunautar .....	—	70 234.95	
5. Innanstokksmunir .....	—	1 700.00	
6. Fasteignir .....	—	40 000.00	
7. Verðbréf .....	—	36 500.00	
8. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....	—	688 872.53	
		<hr/>	
		Kr. 8 455 896.22	

## Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði .....	kr. 6 261 463.08
2. — á viðtökuskírteinum .....	— 188 781.73
3. — í hlaupareikningi .....	— 1 093 963.94
4. — í reikningslánnum .....	— 37 308.01
5. Fyrningarsjóður fasteigna .....	— 40 000.00
6. Varasjóður .....	— 684 725.77
7. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 149 653.69
	<hr/>
	Kr. 8 455 896.22

## Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1949.

## Tekjur:

1. Vextir f. f. á. ....	kr. 137 730.00
2. Forvextir .....	— 494 473.27
3. Ýmislegar tekjur .....	— 48 409.94
	<hr/>
	Kr. 680 613.21

## Gjöld:

1. Vextir .....	kr. 213 221.17
2. Kostnaður .....	— 140 902.90
3. Lagt í varasjóð .....	— 176 835.45
4. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir .....	— 149 653.69
	<hr/>
	Kr. 680 613.21

## Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum:	
1. flokkur .....	kr. 147 475.86
2. flokkur .....	— 1 465 795.20
	<hr/>
	kr. 1 613 271.06
2. Ógreiddir vextir .....	— 25 000.00
	<hr/>
	Kr. 1 638 271.06

238

## Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 114 060.80
2. Varasjóður .....	— 1 524 210.26
	<hr/>
	Kr. 1 638 271.06

## Rekstrarreikningur veðeildar Búnaðarbanka Íslands 1949.

## Tekjur:

1. Vextir af lánum .....	kr. 68 838.06
2. Lántökugjald .....	— 2 282.00
	<hr/>
	Kr. 71 120.06

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 40 000.00
2. Vextir .....	— 1 040.87
3. Til varasjóðs .....	— 30 079.19
	<hr/>
	Kr. 71 120.06

## Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
4% Þjóðjarðasölulán .....	kr. 15 711.28	
4½% lán 1. flokks .....	— 195 088.54	
4½% lán 3. flokks .....	— 350 290.46	
4½% lán 4. flokks .....	— 474 530.88	
2½% lán 5. flokks .....	— 10 012 683.79	
	<hr/>	kr. 11 048 304.95
2. Verðbréf .....	— 1 102 660.03	
3. Ógreiddir vextir .....	— 90 000.00	
4. Ýmsir skuldunautar .....	— 100 039.90	
	<hr/>	Kr. 12 341 004.88

## Skuldir:

1. Ríkissjóður .....	kr. 4 875 000.00
2. Skuld við Búnaðarbanka Íslands .....	— 1 163 820.34
3. Ýmsir kröfuhafar .....	— 100 000.00
4. Höfuðstóll .....	— 6 202 184.54
	<hr/>
	Kr. 12 341 004.88

## Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1949.

## Tekjur:

1. Lántökugjald .....	kr. 51 528.00
2. Vextir af lánum .....	— 205 670.60
3. Verðbréfavextir .....	— 7 923.94
4. Ríkissjóðstillag .....	— 500 000.00
	<hr/>
	Kr. 765 122.54

## Gjöld:

238

1. Kostnaður .....	kr. 80 000.00
2. Þátttaka í kostnaði teiknistofu .....	— 55 000.00
3. Tillag til eftirlaunasjóðs .....	— 100 000.00
4. Lagt við höfuðstól .....	— 530 122.54
	<hr/>
	Kr. 765 122.54

## Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
a. Endurhýsingarlán, 1. flokkur .....	kr. 2 156 290.43
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi .....	— 114 313.71
c. Nýbýlalán á óræktuðu landi .....	— 59 335.00
d. Endurhýsingarlán, 2. flokkur .....	— 15 829 316.56
	<hr/>
	kr. 18 159 255.70
2. Verðbréf .....	— 714 189.81
	<hr/>
	Kr. 18 873 445.51

## Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 2 660 657.50
2. Ríkissjóður .....	— 4 797 000.00
3. Höfuðstóll .....	— 11 415 788.01
	<hr/>
	Kr. 18 873 445.51

## Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1949.

## Tekjur:

1. Lántökugjald .....	kr. 58 395.00
2. Vextir af lánum .....	— 362 952.21
3. Verðbréfavextir .....	— 21 909.82
4. Ríkissjóðstillag .....	— 2 500 000.00
	<hr/>
	Kr. 2 943 257.03

## Gjöld:

1. Kostnaður við teiknistofu .....	kr. 163 433.38
2. Rekstrarkostnaður .....	— 350 000.00
3. Afskrifað tap .....	— 10 056.70
4. Greitt byggingarfulltrúum .....	— 28 800.00
5. Til höfuðstóls .....	— 2 390 966.95
	<hr/>
	Kr. 2 943 257.03

## Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 260 377.39
2. Verðbréf .....	— 242 976.20
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 820 877.61
	<hr/>
	Kr. 1 324 231.20

## Skuldir:

Höfuðstóll .....	kr. 1 324 231.20
	<hr/>
	Kr. 1 324 231.20

## Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs 1949.

## Tekjur:

1. Vextir af lánum .....	kr. 13 135.02
2. Vextir af verðbréfum .....	— 18 271.39
	<hr/>
	Kr. 31 406.41

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 30 000.00
2. Lagt við höfuðstól .....	— 1 406.41
	<hr/>
	Kr. 31 406.41

## Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 240.00
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 13 280.27
	<hr/>
	Kr. 13 520.27

## Skuldir:

Varasjóður .....	kr. 13 520.27
	<hr/>
	Kr. 13 520.27

## Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1949.

## Tekjur:

Vextir af lánum .....	kr. 18.90
	<hr/>
	Kr. 18.90

## Gjöld:

Til varasjóðs .....	kr. 18.90
	<hr/>
	Kr. 18.90

## Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. desember 1949.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 34 014.81
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 270 292.83
	<hr/>
	Kr. 304 307.64

## Skuldir:

Varasjóður .....	kr. 304 307.64
	<hr/>
	Kr. 304 307.64

**Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1949.**

238

<b>Tekjur:</b>	
Vextir af lánum .....	kr. 1 788.21
	<hr/>
	Kr. 1 788.21
<b>Gjöld:</b>	
Til varasjóðs .....	kr. 1 788.21
	<hr/>
	Kr. 1 788.21

**Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1949.**

<b>Eignir:</b>	
1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 743 100.64
2. Ýmsir skuldunautar .....	— 1 085.55
	<hr/>
	Kr. 744 186.19
<b>Skuldir:</b>	
1. Útgefin nýbýlabréf i umferð .....	kr. 275 100.00
2. Búnaðarbanki Íslands .....	— 53 294.89
3. Varasjóður .....	— 415 791.30
	<hr/>
	Kr. 744 186.19

**Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1949.**

<b>Tekjur:</b>	
Vextir af lánum .....	kr. 35 880.14
	<hr/>
	Kr. 35 880.14
<b>Gjöld:</b>	
1. Rekstrarkostnaður .....	kr. 3 864.81
2. Vaxtamiðar .....	— 13 755.00
3. Til varasjóðs .....	— 18 260.33
	<hr/>
	Kr. 35 880.14

Reykjavík, 1. janúar 1950.

**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS**

**Hilmar Stefánsson.**

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1949 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 14. febrúar 1950.

*Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.*

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 21. febrúar 1950.

*Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.*

## 238 Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 31. des. 1949.

Eignir :	
1. Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 237 149.17
2. Óinnheimtir vextir .....	— 27 700.00
3. Óinnheimt tillag úr ríkissjóði .....	— 5 477.22
	Kr. 270 326.39
Skuldir :	
Skuld við Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 270 326.39
	Kr. 270 326.39

## Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 1949.

Tekjur :	
1. Vextir af lánum .....	kr. 12 299.48
2. Rekstrarhalli .....	— 6 509.30
	Kr. 18 808.78
Gjöld :	
1. Vextir .....	kr. 17 808.78
2. Rekstrarkostnaður .....	— 1 000.00
	Kr. 18 808.78

Reykjavík, 1. janúar 1950.

## KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1949 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 14. febrúar 1950.

Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 21. febrúar 1950.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

## Efnahagsreikningur Landnámssjóðs 31. desember 1949.

238

## Eignir:

1. Innstæða á hlr. 920 og hlr. 1018 .....	kr. 3 223 417.77
2. Inneign hjá Búnaðarbanka .....	— 1 500 000.00
3. Inneign hjá nýbýlahverfum .....	— 755 358.45
4. Innanstokksmunir .....	— 10 068.50
5. Vélar og áhöld .....	— 236 432.46
6. Ýmsir skuldunautar .....	— 31 305.02
7. Bifreið .....	— 4 840.00

Kr. 5 761 422.20

## Skuldir:

1. Ýmsir kröfuhafar .....	kr. 2 517.03
2. Óráðstafað til næsta árs .....	— 5 758 905.17

Kr. 5 761 422.20

## Rekstrarreikningur Landnámssjóðs 1949.

## Tekjur:

1. Tillag úr ríkissjóði .....	kr. 2 500 000.00
2. Vextir .....	— 52 396.78

Kr. 2 552 396.78

## Gjöld:

1. Skrifstofukostnaður, laun o. fl. ....	kr. 109 568.22
2. Ferðakostnaður .....	— 15 442.85
3. Styrkir samkv. lögum um landnám og nýbyggðir .....	— 185 750.00
4. Styrkir samkv. bráðabirgða ákvæðum laganna .....	— 22 000.00
5. Afskrifað af áhöldum og bifreið .....	— 4 803.00
6. Tekjur um fram gjöld .....	— 2 214 832.71

Kr. 2 552 396.78

Reykjavík, 1. janúar 1950.

Pálmi Einarsson,  
landnámsstjóri.

Reikningurinn yfirfarinn og borinn saman við bækur sjóðsins og reynist hann réttur.

Reykjavík, 13. febrúar 1950.

Guðmundur Tryggvason. Einar Gestsson.

Með tilvisun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar nýbýlastjórn fyrir reikninginn.

Reykjavík, 20. febrúar 1950.

Jón Palmason. Steingrímur Steinþórsson. Jón Sigurðsson.  
Helgi Hannesson. Ásmundur Sigurðsson.

238

## Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1949 og efnahag 31. desember 1949.

		T e k j u r :	
1. Eign 1. janúar 1949:			
a. Verðbréf .....		kr. 362 700.00	
b. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	—	3 718.43	
c. Óhafið tillag .....		— 150 000.00	
			kr. 516 418.43
2. Vextir .....		kr. 21 872.98	
3. Tillög bankans og sjóðfélaga .....	—	85 490.70	
4. Viðbótartillag bankans .....	—	150 000.00	
			— 257 363.68
			Kr. 773 782.11
		G j ö l d :	
Eign í árslok:			
1. Verðbréf .....		kr. 607 019.26	
2. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands .....	—	16 762.85	
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands:			
Óhafið tillag .....	—	150 000.00	
			— 150 000.00
			Kr. 773 782.11

239

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1949.

		T e k j u r :	
1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 492):			
a. Innritunarskírteini .....		kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	35728.67	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	6943.93	
			kr. 62672.60
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini .....		kr. 948.99	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu .....	—	1714.94	
c. — bankainnstæðu .....	—	230.34	
			— 2894.27
			Kr. 65566.87
		G j ö l d :	
1. Styrkur veittur .....		kr. 1140.00	
2. Kostnaður .....	—	78.00	
3. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini .....		kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	35900.20	
c. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	8448.67	
			— 64348.87
			Kr. 65566.87

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.

Jónas Guðmundsson.



**REGLUGERÐ**

240

18. des.

um breyting á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133 28. desember 1936.

1. gr.

Í stað orðanna „tvitugfalda“ og „tvitugföld“ í 23. gr. A, 1, komi: fimmtánfalda og fimmtánföld.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

**REGLUGERÐ**

241

22. des.

um breyting á reglugerð nr. 133 30. júní 1950 um stóreignaskatt samkv. 12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Enn fremur falli niður tvær síðustu málsgreinar 16. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

**AUGLÝSING**

242

28. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1951.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 28. desember 1950 til þess að að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1951.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaukanum.

*Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

67

243

29. des.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga frá 28. des. 1950, um að fella niður verðtoll af kornvörum og lækka tolla af sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 28. des. 1950, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að á árinu 1951 skuli:

1. Fella niður verðtoll af:
  - a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
  - b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
  - c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Lækka um helming tolla af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár. Eigi skal heimta verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

244

29. des.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga frá 28. des. 1950, um innheimtu ýmissa gjalda 1951 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. des. 1950 og innheimta á árinu 1951 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. l. nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjald samkv. IX. kafla l. nr. 68 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1950.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

245

29. nóv.

## I. KAFLI

### Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar nær yfir skipalægi fyrir innan línu þá, er hugsast dregin úr Balakletti í yztu odda Hvaleyrarhöfða. Hafnargarðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

## II. KAFLI

### Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefnd er auk bæjarstjóra skipuð fjórum mönnum, sem bæjarstjórn kýs jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma.

Tveir þeirra manna, er bæjarstjórn kýs, mega vera utan bæjarstjórnarinnar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hún sér og um, að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

#### 3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

#### 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

## III. KAFLI

### Um almenna reglu.

#### 5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning þegar þeir eru að starfa við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af lægri starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu sýna þeim kurteis, er þeir skipta við.

245

29. nóv.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru framin.

6. gr.

Böð í höfninni eru bönnuð, nema með leyfi hafnarstjóra. Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á innri höfninni eða á landi hennar.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleyfum, fiskúr-gangi né öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

#### IV. KAFLI

##### Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnar-skrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfi-lega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnar-skrif-stofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarnefnd ákveður.

12. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauis í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Hafnarstjóri getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar á ytri höfninni, verði flutt, ef það að álitu hans, tálmar umferð inn í innri höfnina eða úr henni.

14. gr.

Færist hlutaðeigandi undan að flytja skipið eða dragist flutningur þess fram 245 yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að 29. nóv. láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

#### 15. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á ytri höfninni, ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskveiðar, nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

#### 16. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, að því er bryggjupláss snertir.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu gegn ákvæði þessu, skipum sem heima eiga í Hafnarfirði, eða sigla föstum farleiðum milli Hafnarfjarðar og annarra staða. Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimting á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa í innri höfninni, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

#### 17. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Ekki má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á fyrirskipuðum ljóstíma.

#### 18. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rúm snúið.

#### 19. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa að tilvisun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

#### 20. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypa

**245** burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum og 29. nóv. hlífðúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggjur né bólvirki.

## 21. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Skip sem liggja við bólvirki eða bryggju, skulu draga skutinn frá, áður en vélin tekur til starfa.

## 22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitum hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

## V. KAFLI

## Um fermingu og affermingu skipa.

## 23. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á, að nauðsynjalausu eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 24. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

## 25. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálða kol á bryggju eða bólvirki.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 26. gr.

Skylt er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við uppskipun og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt, eftir því, sem ástæður leyfa að dómi hafnarstjóra, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eiganda. Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt á stað, sem hafnarstjóri ákveður.

## 27. gr.

Eigi má vinna að fermingu eða affermingu skipa eða öðrum slíkum verkum í höfninni eða á landi hennar frá klukkan 10 að kvöldi til 6 að morgni á vetrum, en frá klukkan 12 að kveldi til klukkan 6 að morgni á sumrum, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra, og skal það leyfi að jafnaði veitt.

## VI. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

245

29. nóv.

## 28. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Á ytri höfninni má aðeins leggja þeim með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarnefnd heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður hver legufæri skuli nota og hefur umsjón með þegar þeim er lagt, svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

## 29. gr.

Innan hafnarinnar má því aðeins leggja skipum í lægi, að pláss sé fyrir hendi að dómi hafnarstjóra, og hann gefi sérstakt leyfi til þess.

Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip, og segir fyrir um, hver legufæri skuli nota. Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og uppskipunarpramma.

## 30. gr.

Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Hafnarfirði, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varðar. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt hefur verið í lægi.

## VII. KAFLI

## Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

## 31. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, aciton, terpintinu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, sem eldhætta eða sprengingarhætta stafar af, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

## 32. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 31. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

## 33. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 31. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsíglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

### VIII. KAFLI

#### Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

##### 35. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum allt að 10 000 krónum, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

##### 36. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

##### 37. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hættu í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

##### 38. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.



IX. KAFLI  
Um hafnsögu.

245  
29. nóv.

39. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn svo marga, sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

40. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennishúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

41. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum.

Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

42. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið hálfa mílu undan Álftanesi eða Helguskeri, gefa merki að það óski hafnsögumanns, eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

43. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

44. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkvæmt 42. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

45. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

46. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda, að sótthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

47. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, og svo mannahjálp.

X. KAFLI

Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

48. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

245

29. nóv.

*1. Lestagjald.*

49. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers konar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

50. gr.

- a. Allar fleytur, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, 2.50 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 50.00 kr. í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri séu en 30 tonn brúttó.

- b. Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 50 aura lestagjald fyrir hvert nettó tonn.

Innlend fiskiskip og öll þau skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna eða til að fá skipanir.

*2. Vitagjald.*

51. gr.

Öll skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, kr. 5.00 fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir, og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir.

*3. Bryggju- og festargjald.*

52. gr.

Hvert það skip, sem leggst við hafnarbakka, bryggju- eða við hafnarfestar, skal greiða bryggjugjald af nettó-rúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggju- eða festagjaldi.

*4. Fjörugjald.*

53. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri rúmlest af nettó stærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhringinn.

*5. Vatnsgjald.*

54. gr.

Fyrir vatn handa skipum, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

## 6. Hafnsögugjald.

245

29. n.óv.

## 55. gr.

Öll skip, sem eru 30 tonn nettó að stærð eða meira, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar.

Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

## 56. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

## 57. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó-rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó-rúmlest frá 100 til 3000 rúml., og 10 aura fyrir hverja nettó-rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni, 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó-rúml., og 20 aura fyrir hverja nettó-rúmlest frá 100—3000 rúml., og 5 aura fyrir hverja nettó-rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 50 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó-rúmlestir, og 10 aurar að auki fyrir hverja nettó-rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna, greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjaldanna í umboði hennar, og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.
- e. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 55. gr., greiða 5 krónur í hafnsögusjóð.

## 7. Vörugjald.

## 58. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

## 59. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarrar hafnar en Hafnarfjarðar, eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 60. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

## 61. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin afnota.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

## 245

29. nóv.

## 62. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast.

Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

## 63. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 2 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 64. gr.

*Vörugjaldskrá.*

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:  
Fiskur, afli skipa lagður á land.
2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, gaddavír, hverfisteinar, ís, járn, járnkeðjur, járnþípur, kaðlar, kalk, kitti, koparvír, kít, múrsteinn, ofnar, sódi, stál, stálvír, steyptar járnvörur, steypujárn, vélar, vélahlutar, vikur og vikusteinn, þakjárn, þakpappi, þakplötur.
3. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:  
Brún kol, koks, kol, mór, salt.
4. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Áburðarolía, áburður tilbúinn, baðlyf, benzín, bækur, blöð, feiti, fernisolia, fiskilínur, grænsápa, hey, hráolía, kálmeti, kartöflur og aðrir garðávextir, kornvörur alls konar, kjöt, leður, linoleum, litarvörur þungar, mör, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, seglgarn, steinolia og önnur olía til eldsneytis, tólg, tjara, togleður, tvistur, vaxdúkur, virnet, þvottaefni, þvottasápa.
5. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg:  
Ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, garnir, gærur, fiskur brottfluttur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverkaður og verkaður, þurr, harðfiskur, fiskbein, fiskimjöl, kaffi, kakaó, leirvörur, lyf, lyfjavörur, mjólk, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, alls konar síld, síldarmjöl, smjör, smjörlíki, smjörlíkisoliur, sundmagi, sykur, te, ull.
6. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:  
Fiskur ísvarinn, hraðfrystur, lýsi, sement, sundmagi.
7. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, leðurvörur, leikföng, prjónavörur, skinnvörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vín og vínandi.
8. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
9. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stk.:  
Tunnur, endursendar umbúðir, vín-, öl- og gosdrykkjakassar, loðdýr, sauðfé.  
Af tónum tunnum greiðist hálf gjald.

10. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra:  
Timbur, tunnuefni og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hvern teningsmetra:  
Dráttarvélar, eldavélar, heyvinnsluvélar, kælikápar, saumavélar, skilvindur, þvottavélar.
12. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hvern teningsmetra:  
Bifreiðar, húsgögn, jarðýtur, orgel, pianó, skurðgröfur, vegheflar og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
13. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hvern grip:  
Hestar, nautgripir, svín.

245

29. nóv.

65. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vöurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vöurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz gjaldið er greitt. Vörugjald má taka lögtaki.

### 8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

66. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

67. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með sérstökum samningi.

68. gr.

Fyrir notkun á bátum hafnarinnar, áhöldum og öðrum tækjum hennar, skal greiða það gjald, er hafnarnefnd eða hafnarstjóri í umboði hennar ákveður í hvert skipti.

69. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni, samkv. 28. gr., greiði eigandi árgjald, kr. 1.00 af brúttó-smálest.

70. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð, sem hér segir: Allt að 5 smálestum, 20 krónur, 6—12 smálesta, 50 krónur, 13—50 smálesta, 100 krónur, stærri skip 200 krónur.

## XI. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

71. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

245

29. nóv.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjald dagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

73. gr.

Leigu samkv. 67. gr., svo og gjöld fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkvæmt 68. gr., greiðir samningsaðili.

74. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3 skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra þá aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

## XII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

75. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

76. gr.

Frá kl. 9 síðdegis til kl. 6 árdegis mega skip ekki valda óþarfa hávaða með eim-pípu sinni, og getur hafnarnefnd sett nánari og strangari ákvæði um þetta, ef þurfa þykir.

77. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 78. gr.

245

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

## 79. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

## 80. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv. 13. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

## 81. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 82. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 83. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og breytingu á sömu lögum nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld í Hafnarfirði, nr. 55 3. júní 1930, með síðari breytingu á henni, og hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 114 15. des. 1930.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. nóvember 1950.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóv. 1940.

Liðirnir B 2 og 3 í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

- Um einn kílóvattstundamæli fyrir alla notkun á heimilinu á 60 aura hverja kwst. fyrstu 2,5 kwst. á ári á hvern m<sup>2</sup> gólfplatar íbúðarherbergja, en á 10 aura hverja kwst. fyrir notkun umfram það.

Rafveitustjórn er heimilt að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 20 m<sup>2</sup> á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn. Við útreikning gólfplatar skal tekið tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða. Til íbúðarherbergja teljast eldhús, en eigi gangar, baðherbergi eða geymslur.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 10 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.20 á ári af hverjum fermetra gólfplatar og innheimtist það mánaðarlega með jöfnum upphæðum.

Um ákvörðun gólfplatar gilda sömu ákvæði sem í B 2.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stigur árið 1949.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949, Bl. bls. 492) .....	kr. 4489.76
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 221.62

Kr. 4711.38

## G j ö l d :

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 4711.38
--	-------------

Kr. 4711.38

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**



**REGLUGERÐ**

248

26. okt.

**fyrir Sundlaug Siglufjarðar.****1. gr.**

Eignin er rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Sundlaug Siglufjarðar.

**2. gr.**

Eigandi Sundlaugar Siglufjarðar er bæjarsjóður Siglufjarðar.

**3. gr.**

Rekstur stofnunarinnar er í höndum allsherjarnefndar, sem er fastanefnd innan bæjarstjórnar Siglufjarðar og fer kosning til nefndarinnar fram eins og til annarra fastanefnda bæjarstjórnarinnar.

**4. gr.**

Halda skal sérstaka gerðabók um málefni stofnunarinnar.

**5. gr.**

Nefndin fyrir hönd bæjarstjórnar sér um rekstur stofnunarinnar og skulu tillögur hennar lagðar fyrir bæjarstjórn. Árlega skal gerð rekstraráætlun stofnunarinnar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist íþróttanefnd ríkisins.

Enn fremur er hlutverk nefndarinnar:

- a. Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og gera tillögur um afnotagjöld.
- b. Útlán laugarinnar til íþróttamóta og sýninga.
- c. Tillögur um ráðningu fastra starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og setja fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
- d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- e. Tillögur um endurbætur.

**6. gr.**

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólastjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmast stundaskrá þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

**7. gr.**

Sundlaugina má aðeins leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélögin í Siglufirði fá eina klukkustund á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félagi sína, ef þess er óskað, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum, sem þátt taka í sundnámskeiðum, má veita nokkur friðindi í aðgangseyri.

**8. gr.**

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrirmælum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundlaugarinnar annist daglegt eftirlit og annað það, er erindisbréf tilgreinir eða nefndin felur honum.

**9. gr.**

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

**10. gr.**

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, innan sem utan.

248 Verði afgangur af árstekjum, þrátt fyrir, að lagt hafi verið fé til þessa, sem  
26. okt. fyrr er talið í greininni, skal það fé lagt til hliðar, til að mæta síðari þörfum.

11. gr.

Sundlaugarnefnd annast kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. ípróttalaga, nr. 25 frá 12. febrúar 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

*Menntamálaráðuneytið, 26. október 1950.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

249  
13. nóv.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

### I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 6.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 3.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar sem meðalstærð herberja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
  - a. Á 40 aura hverja kwst.
  - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag

á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur 249  
en 1½ klst. í senn.

13. nóv.

3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura á notaða kwst.

4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.

2. Til nota um vinnulagnir, við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hverja kwst.

3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 10 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og á 85 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.

4. Til súgþurrkunar á heyi á 30 aura hverja kwst.

5. Til götulýsingar á 85 aura hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökuum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

- 249 Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera 13. nóv. sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við fasteignamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Af fasteignamati allt að kr. 3000.00 greiðist kr. 600.00.

Af fasteignamati frá kr. 3000.00 til kr. 30000.00 greiðist 7%, og af fasteignamati yfir kr. 30000.00 greiðist 4%.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar fasteignamat hússins hefur verið framkvæmt. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 75$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið í I. kafla gjaldskrárinnar breytist með kolaverði á Eyrarbakka á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 400 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola á Eyrarbakka á hverjum tíma.

### VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Eyrarbakka, nr. 12 29. jan. 1940.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

250

14. nóv.

### um tilhögun á veitingu útflutningsleyfa fyrir gjafapökkum.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að frá og með 15. þ. m. skuli Innflutnings- og gjaldeyrisdeild Fjárhagsráðs annast í umboði þess veitingu útflutningsleyfa fyrir gjafapökkum og öðrum vörum, sem ekki eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri, sbr. reglugerð nr. 109 og auglýsingu nr. 110 6. sept. 1948.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. nóvember 1950.*

F. h. r.  
Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.

## SAMÞYKKT

251

14. nóv.

### fyrir Ræktunarfélag Arnarneshrepps og Árskógshrepps.

#### I. KAFLI

##### Takmörk ræktunarfélagsins og markmið.

##### 1. gr.

Búnaðarfélag Arnarneshrepps og Búnaðarfélag Árskógshrepps stofna með sér ræktunarfélag, er nefnist Ræktunarfélag Arnarneshrepps og Árskógshrepps. Félagssvæðið er Arnarneshreppur og Árskógshreppur í Eyjafirði.

##### 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að annast eftirfarandi verkefni á félagssvæðinu:

1. Að ræsa fram land, sem nytja á sem tún, garða, engi eða bithaga.
2. Að vinna land, er nytja á sem tún eða garða. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
3. Að slétta engi svo að það verði véltækt. Framkvæmdum skal á hverjum tíma haga eins og fyrir verður mælt eða samþykkt af héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning og umsjón með framkvæmd verksins.

#### II. KAFLI

##### Skipun og verksvið stjórnar.

##### 3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum þannig, að hvort búnaðarfélag kýs 2 menn til tveggja ára og gengur sinn maður úr hvort ár, fyrst eftir hlutkesti. Fimmti maður í stjórninni skal kosinn á aðalfundi ræktunarfélagsins til tveggja ára og er hann oddamaður. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Varastjórn skal skipuð jafnmörgum mönnum, kosnum á sama hátt til jafnlangs tíma.

251

14. nóv.

Stjórn félagsins annast kaup og útvegum á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, en skylt er henni samkv. 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við vélanefnd ríkisins um kaup og val vélanna. Stjórnin sér um kaup á öllu því, er þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum, er keyptar verða. Henni ber að hafa vélar og verkfæri tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

4. gr.

5. gr.

Stjórnin annast allan rekstur vélanna, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur.

7. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd ræktunarfélagsins samkv. samþykktum þessum, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þau borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir umbjóðendum sína.

8. gr.

Stjórnin heldur aðalfund fyrir febrúarlok ár hvert, sameiginlega fyrir allt félagssvæðið. Skulu endurskoðaðir reikningar næstliðins árs lagðir þar fram til samþykktar. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef til efni gefst. Þar skulu einnig rædd önnur þau mál, er félagsskapinn varða. Lögmaður er aðalfundur, sé til hans boðað með nægilegum fyrirvara og  $\frac{1}{4}$  félagsmanna mæti. Enda séu ekki gerðar breytingar eða niðurfelling á samþykktinni nema á fundi þar sem mættur er meiri hluti félagsmanna og samkv. 22. gr. samþykktarinnar.

### III. KAFLI

#### Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hvorri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til félagsstjórnar fyrir aðalfund ár hvert.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn félagsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar ber að leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum kostnaði í flutningi véla og verkfæra.

2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum. 251
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. 14 nóv.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

#### IV. KAFLI

##### Um verkákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

###### 12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda. Heimilt er stjórn félagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

###### 13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslu vélanna, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er félagsstjórn að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði, er verja skal samkvæmt ákvæðum 15. gr.

###### 14. gr.

Heimilt er félagsstjórn að taka að sér verkefni fyrir búendur, kaupfélög eða aðra aðila, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir félagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmunum samþykktaraðila.

###### 15. gr.

Greiðsla fyrir vélavinnu fellur í gjalddaga jafnóðum og unnið er, eftir áætluðum vinnutaxta og sér stjórnin um innheimtu fjárens. Mismunur áætlaðs verðs og raunverulegs, að loknum reikningsskilum, jafnast eftir að þeim er lokið. Hvert búnaðarfélag um sig ber ábyrgð á greiðslum fyrir félagsmenn sína.

###### 16. gr.

Rekstursafgangur, er myndast af álagðri áhættuþóknun, ágóða af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 14. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 17. gr.

#### V. KAFLI

##### Fjáröflun og tryggingar.

###### 17. gr.

Félagið myndar stofnsjóð að upphæð kr. 130000.00.

Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkv. ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur það í stofnsjóð jafnóðum og styrkur er greiddur til vélakaupa félagsins.

- 251 2.  $\frac{1}{4}$  hluti stofnfjárins skal lagður fram sem óafturkræft framlag af hreppabúnaðarfélagum þeim, er að samþykkt þessari standa, í þeim hlutföllum, er fyrir 14. nóv. er mælt í 18. gr., og  $\frac{1}{4}$  hluti stofnfjárins er sameiginlegt stofnfjárlán, sem greiðist upp á fimm árum.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlega tekjur þær, sem inn koma samkv. ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til félagsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi. Framlag hvors hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands, og er óafturkræft.

## VI. KAFLI

### Um reikningshald og endurskoðun.

19. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur félagsins er haldinn.

20. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir sinn af hvoru búnaðarfélagi til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnarinnar í hvívetna. Varaendurskoðendur skal kjósa á sama hátt.

## VII. KAFLI

### Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

21. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skal stjórn ræktunarfélagsins senda til hreppabúnaðarfélaganna, er að samþykktinni standa. Ber þeim að leggja tillögurnar fyrir almennan fund í félagunum til samþykktar. Að fenginni meiri hluta samþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélagum skal tillagan lögð fyrir aðalfund ræktunarfélagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn félagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Ísland, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

22. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að aðalfundur félagsins samþykki það með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

23. gr.

Nú verður félagið leyst upp og skal þá öllum eignum þess skipt á milli Búnaðarfélaga Arnarneshrepps og Árskógshrepps í sömu hlutföllum og félagin greiddu stofnfjárframlagið í upphafi.

24. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir



frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til 251  
eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. 14. nóv.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hlifar Þórðardóttur 252**  
hjúkrunarnema“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. 15. nóv.  
nóvember 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hlifar Þórðardóttur hjúkrunarnema.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hlífarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Katrínu Pálsdóttur og vinum hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3500.00 — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur —.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu SÍBS, er ávaxtar hann.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er: að styrkja berklasjúklinga og aðstandendur þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum 6. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins veitir árlega styrk úr sjóðnum, eftir því sem umsóknir, að hennar dómi, gefa tilefni til. Umsóknir um styrki skulu koma frá stjórnnum sambandsdeildanna, eftir að þær hafa kynnt sér hvar styrkja er frekast þörf. Ekki er sjóðstjórninni skylt að úthluta öllum árstekjum sjóðsins í hvert sinn. Myndist á þann hátt tekjuafgangur, skal hann geymast þar til sjóðstjórnin telur þörf á aukinni úthlutun.

Ekki er stjórninni heimilt að skerða upphaflegt stofnfé sjóðsins, kr. 3500.00. Úthluta skal styrkjum í fyrsta sinn árið 1950 og síðan árlega, af tekjum síðastliðins árs.

7. gr.

Deildir sambandsins afla sjóðnum tekna á þann hátt, er vænlegast þykir að hverju sinni og skulu þær í því efni lúta foryztu sjóðstjórnar. Leita skal álits og samþykkis stjórnar SÍBS á öllum fjáröflunarleiðum, áður en hafizt verður handa í því efni.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, til eins árs í senn. Einum frá hverri eftirtalinna deilda: Sjálfsvörn Vífilstöðum, Sjálfsvörn Reykjalundi, Berklavörn

252 Reykjavík. Sambandsstjórn SÍBS skipar tvo menn, er gæta m. a. hagsmuna þeirra 15. nóv. deilda, er ekki eiga mann í sjóðstjórninni.

9. gr.

Þegar sjóðsins er ekki lengur þörf, til þess er hann upphaflega var ætlaður, að dómi sambandsstjórnar SÍBS, skal hann renna til þess félagsskapar, er hún telur starfa ótulllegast í þágu mannúðar og menningarmála á þeim tíma.

253

15. nóv.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 6.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
  - a. Á 40 aura hverja kwst.
  - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um mæla á kr. 400.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 12 aura á notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl, má selja þannig:
 

Um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 300.00 á

ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafl. 253  
15. nóv.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 7 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra; þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir, við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hverja kwst.
3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 10 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og á 85 aura hverja kwst., frá kl. 8.30 til 22.
4. Til súgurrkunar á heyi á 30 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar á 85 aura hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....   | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....   | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....     | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

253

15. nóv.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við fasteignamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Af fasteignamati allt að 2500 kr. greiðist kr. 800.00. Af fasteignamati umfram 2500 kr. greiðist 8% að auki. Hækki hús í mati fyrir endurbyggingu eða viðbót, reiknast viðbótarheimtaugargjald. Húsveita samkvæmt þessum lið reiknast hver sér-eign þó í sambyggingu sé, enda sé það sjálfstæð íbúð, þegar um íbúðarhús er að ræða.

Verði raforku veitt út fyrir Stokkseyrarkauptún (sbr. 2. málsgr. 2. gr. reglugerðar fyrir Rafveitu Stokkseyrar) greiðir hvert býli, sem tengt er við rafveituna, kr. 5000.00 í heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar fasteignamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Gjöld samkvæmt D-lið í I. kafla gjaldskrárinnar breytast með kolaverði á Stokkseyri á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 400 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola á Stokkseyri á hverjum tíma.

### VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrarhrepps, nr. 9 28. febrúar 1925.

*Atvinnumálaráðuneytið, 15. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

254  
17. nóv.

yfir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast.

Samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúruvannsóknir, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

## 1. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast, skulu vera sem hér segir:

## I. Jarðvegsrannsóknir:

Sýrustig jarðvegs kr. 20.00 fyrir sýnishorn.

— — — 15.00 fyrir hvert sýnishorn, þegar fleiri en 5 sýnishorn eru send í einu af sama aðila.

## II. Skordýrarannsóknir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Skordýr og önnur meindýr ákvörðuð til dýraflokks eða tegundar .....                     | kr. 10.00—50.00 |
| 2. Rannsókn á matvælum, plöntum og fleiri vörum (hvort meindýr séu í þeim eða ekki):       |                 |
| a. Smásendingar .....  | — 25.00         |
| b. Húsgögn eða stærri sendingar .....  | — 50.00         |
| c. Einstakar plöntur .....   | — 20.00         |
| 3. Mat á vöru, hvort nothæf sé til neyzlu eða ekki, vegna skemmda af völdum meindýra ..... | — 25.00—100.00  |

## III. Jurtasjúkdómarannsóknir:

Ákvörðun sjúkdóms á aðsendu sýnishorni .....

— 25.00

## IV. Skoðun á vöru, þegar heilbrigðisvottorð vantar (sbr. reglugerð með innflutning plantna o. fl.) .....

— 25.00—100.00

## 2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. miðast við, að rannsókn fari fram í Atvinnudeild Háskólans. Verði skoðun á vöru, gróðri o. s. frv. að fara fram utan Atvinnudeildar, skal reikna útlagðan ferðakostnað og kaup sérfræðings.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 17. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

#### I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 55 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

##### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta ársgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum á 50 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku á neyzluvatnsdælur.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 24 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4. Um mæli á kr. 250.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess 10 aura á hverja notaða kwst.
5. Um kwst.mæli á kr. 400.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, og auk þess á 10 aura á hverja notaða kwst.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 16 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 6 aura hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

##### *Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir. **255**  
20. nóv.

### E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 35 aura hver kwst., enda sé notkunin mæld um sèrmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 80 aura hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 15 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30, á 80 aura hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til götu- og hafnarlýsingar á 80 aura hver kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 amp. til 200 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

<i>Brunabótamat:</i>		<i>Jarðlina:</i>	<i>Lofllina:</i>
Frá kr.	0 til 10 000.00	kr. 570.00	kr. 310.00
— —	10 000.00 — 15 000.00	— 760.00	— 420.00
— —	15 000.00 — 20 000.00	— 900.00	— 540.00
— —	20 000.00 — 25 000.00	— 1050.00	— 670.00
— —	25 000.00 — 30 000.00	— 1170.00	— 800.00
— —	30 000.00 — 40 000.00	— 1320.00	— 900.00
— —	40 000.00 — 50 000.00	— 1470.00	— 960.00
— —	50 000.00 — 60 000.00	— 1590.00	— 1020.00
— —	60 000.00 — 70 000.00	— 1670.00	— 1090.00
— —	70 000.00 — 80 000.00	— 1740.00	— 1160.00
— —	80 000.00 — 90 000.00	— 1810.00	— 1220.00
— —	90 000.00 — 100 000.00	— 1880.00	— 1290.00

255  
20. nóv.

<i>Brunabótamat:</i>	<i>Jarðlina:</i>	<i>Lofllina:</i>
Frá kr. 100 000.00 til 125 000.00	kr. 1950.00	kr. 1350.00
— — 125 000.00 — 150 000.00	— 2100.00	— 1500.00
— — 150 000.00 — 175 000.00	— 2250.00	— 1650.00
— — 175 000.00 og yfir	— 2400.00	— 1800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 44 21. marz 1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

256  
22. nóv.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Dalvík.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Dalvík.

### 2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefnd til fjögurra ára.

Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjármál hennar og umsjón eigna, í samráði við hreppsnefnd.



Heimilt er vatnsveitunefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, 256 er hefur eftirlit með veitukerfinu og önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta 22. nív. þykir.

### 3. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar, og má enginn leggja vatnsæðar frá vatnsveitunni annar en sá eða þeir, sem vatnsveitunefnd felur það starf. Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Dalvíkur skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

### 4. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá götulögnum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. — Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.

### 5. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni eða löggiltum vatnsvirkjum, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

Heimilt er vatnsveitunefnd eða umsjónarmanni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjöld eða vatnsskatt á réttum gjalddaga, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

### 6. gr.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar; þó þarf ekki leyfi nefndarinnar, ef um brunavarnir er að ræða.

### 7. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tengingar eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíka lokun skal tilkynna fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að slík lokun fari fram.

### 8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem virt eru til fasteignarskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinn lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

### 9. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 15.00 af þúsundi fasteignamatsverðs, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé

256 kr. 100.00 og á íbúðarhúsi með 2 íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 70.00 22. nóv. á íbúð.

Fyrir vatnshana utanhúss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum, skal greiða kr. 25.00 árlega.

Tengigjald greiðir húseigandi um leið og hús hans hefur verið tengt við vatnsæð vatnsveitunnar að upphæð kr. 100.00.

#### 10. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús o. fl., skal greiða vatnsskatt kr. 25.00 af þúsundi af fasteignamati, ef ekki er greiddur sérstakur auka-skattur vegna rekstursins samkvæmt 11. gr., en sé svo, skal greiða vatnsskatt af húsverði slíkra fyrirtækja samkvæmt 9. gr.

#### 11. gr.

Auk þess vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 10.00 fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna en kr. 15.00.
2. Af hverri tunnu fullverkaðrar síldar kr. 0.25.
3. Af hverri tunnu frystrar síldar kr. 0.50.
4. Af hverjum 100 kg söltuðum, frystum eða ísuðum fiski kr. 0.05.
5. Af hverjum 100 kg hraðfrystum flökum kr. 0.20.
6. Af hverjum 100 kg þvegnum saltfiski kr. 0.20.
7. Af hverjum kjötskrokk í sláturhúsi, sauðfé kr. 0.06.
8. Af hverjum kjötskrokk í sláturhúsi, stórgrip kr. 1.00.
9. Fyrir vatn til bílaþvotta, vörubílar kr. 75.00 árleg greiðsla.
10. Fyrir vatn til bílaþvotta, fólksbílfreiðar, kr. 35.00 árleg greiðsla.
11. Fyrir vatn til bílaþvotta, jeppar, kr. 35.00 árleg greiðsla.
12. Fyrir vatn til lifrabræðslu, kr. 1.00 hvert fat.
13. Heimilt skal hreppsnefnd að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Dalvík.

#### 12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50%.

#### 13. gr.

Hver sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, brunahana, eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

Hver sá, sem sannur verður að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er gert fyrir, í þeim tilgangi, að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum. Auk þess greiði hann fyrir vatnið eftir mati umsjónarmanns eða vatnsveitunefndar.

#### 14. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu kaupþúsins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

## 15. gr.

256

22. nóv.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. október ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Eigandi vatnsskattsskyldrar eignar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 17. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Dalvíkur, nr. 40 frá 3. júní 1938, og breyting á sömu gjaldskrá, nr. 105 frá 17. júlí 1942.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

257

23. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

A. 3. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, kr. 1.90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina, með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. 4. grein gjaldskrárinnar falli burt og breytist greinatölur og tilvitnanir í samræmi við það.

C. Ný grein, er verði 12. grein:

Gjaldskrá þessi gildi frá álestursdegi sem næst 1. október 1950.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. nóvember 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## LEIÐBEININGAR

## um ritun dánarvottorða.

## 1. gr.

Læknar rita dánarvottorð á þar til gert eyðublað, er landlæknir gefur út og lætur héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni) í té, en héraðslæknar (borgarlæknir) öðrum læknum. Dánarvottorð skal gera úr garði eins og fyrir er mælt á eyðublaðinu, og má ekkert undan fella af því, sem krafizt er, að gerð skuli grein fyrir, að svo miklu leyti sem það er á færi vottorðsgjafa að afla vitneskju um það.

## 2. gr.

Til þess er ætlazt, að á dánarvottorðum séu dánarorsakir greindar svo skilmerkilega, að unnt sé að sundurliða þær og flokka sem allra nákvæmast í samræmi við hina alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskrá, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur staðfest með reglugerð nr. 1 24. júlí 1948 og Ísland skuldbundið sig til að fylgja frá 1. janúar 1951, að því er varðar skráningu dánarmeina og útgáfu dánarskýrslna.

Það er ekki hlutverk þess, er ritar dánarvottorð, að skipa dánarmeini í flokk samkvæmt hinni löggiltu dánarmeinaskrá, heldur ber honum einungis að grafast fyrir um dánarorsökina, ákvarða dánarmeinið eða meinin og skrá, allt eftir því sem nánara greinir í 4. og 5. gr. Dánarmein skal skrá ótvíræðu og viðurkenndu fræðilegu heiti, að jafnaði á latínu eða íslenzku. Á íslenzku skal að jafnaði skrá, hver verið hafi tildrög slysfaradauða, svo og greinargerð um mannlát umfram sjálft dánarmeinið eða dánarmeinin. Með því að ólæknislært fólk vinnur úr dánarvottorðum og gerir dánarskýrslur, varðar miklu, að hin fræðilegu heiti séu greinilega skráð, án torráðinna skammstafana og styttinga, enda svo skýru letri, að við mislestri verði ekki hætt.

## 3. gr.

Þó að æskilegt sé, að sem allra flest dánarmein séu ákvörðuð í samræmi við niðurstöður krufninga, enda iðulega ógerlegt að verða þess vísari á annan hátt, hver sé hin raunverulega dánarorsök, fer því fjarri, að viðeigandi sé og enn síður fullnægjandi að skrá á dánarvottorð í belg og byðu öll mein, er krufning leiðir í ljós. Margt af því kann að vera mannlátinu sem slíku algerlega óviðkomandi, svo fróðlegt sem það getur verið að öðru leyti. Til þess að átta sig á, hver sé hin raunverulega dánarorsök, er jöfnum höndum nauðsynlegt og iðulega óhjákvæmilegt að vita sem fyllst skil á ástandi hins látna fyrir andlátinu og öllum tildrögum mannlátsins. Fyrir því verður að telja hentast, enda svo fyrir mælt, að læknir hins látna, sá, er stundaði hann í banalegunni, þegar um það er að ræða, eða hefur að öðrum hætti haft nánastan kunnugleika af því, með hverjum atvikum mannlátið bar að, riti að jafnaði dánarvottorðið, en styðjist við krufningarskýrslu, þegar hennar er kostur.

## 4. gr.

Dánarmein skal skrá í þar til gerðan reit á dánarvottorðseyðublaði. Reiturinn er þannig:

**Dánarmein****I. Sjúkdómur eða ástand, sem telst bein orsök dauða\*)**a) .....  
sem er af völdum (eða afleiðing af): .....**Undanfarandi orsakir**

Sjúkdómsástand, ef verið hefur, sem telst undirrot fyrir greinds ástandis, og skal greina aðalundirrot síðast.

b) .....  
sem er af völdum (eða afleiðing af): .....  
c) .....**II. Annað ástand, er máli skiptir,**

samverkandi að dauða, en óskýlt ástandi því, er telst orsök dauðans.

.....  
.....

\*) Þetta táknar ekki venjulega og sjálfsgöða aðför dauðans, þ. á. m. ekki paralysis cordis, asthenia o. s. frv. Það táknar sjúkdóm, éverka eða eftirköst sjúkdóms eða éverka, sem dauðanum olli.

Aðdragandi, hér um bil hve langur frá því að hófst og þar til dauða bar að.

Dánarmein skal skrá í reitinn eftir þeim reglum, er í reitnum greinir og nánara skýrast af eftirfarandi dæmum.

- a. Engan veginn er alltaf nauðsynlegt að skrá dánarmein í svo mörgum liðum sem reiturinn rúmar, og nægir jafnan einliðuð skráning, þegar svo ber undir, sem oft á sér stað, að hin beina dánarorsök felur í sér allt, er máli skiptir.

Dæmi 1: Maður sýkist af taksótt, sem leiðir hann til dauða með venjulegum hætti:

I, a) **Pneumonia crouposa.**

Dæmi 2: Sjúklingur með lungnaberkla veslast upp með venjulegum hætti og deyr:

I, a) **Tuberculosis pulmonum.**

Dæmi 3: Sjúklingur með krabbamein í maga veslast upp með venjulegum hætti og deyr:

I, a) **Cancer ventriculi.**

Dæmi 4: Maður deyr af langvinnri hjartabolsbólgu, sem hvorki verður rakin til gigtsóttar, lekanda, sárasóttar né annarrar sóttar:

I, a) **Endocarditis chronica.**

- b. Mjög oft leiðir hin eiginlega dánarorsök til dauða að óbeinum hætti, og getur verið ástæða til að skrá dánarmeinið með tilliti til þess.

Dæmi 1: Maður spýtir blóði, og blæðir honum til dauða, en undirrot blæðingarinnar eru lungnaberklar:

I, a) **Haemoptysis.**

b) **Tuberculosis pulmonum.**

Dæmi 2: Maður deyr af garnastíflu, en garnastíflunni veldur krabbamein í ristli:

I, a) **Obstructio intestinalis.**

b) **Cancer coli.**

258  
29. nóv.

**Dæmi 3:** Maður deyr köfnunardauða af því, að bjúgur í barkakýli lokar fyrir andrúmið, en bjúgunum veldur ígerð í kokvegnum:

- I, a) **Oedema glottidis.**  
b) **Phlegmone pharyngis.**

**Dæmi 4:** Maður með skorpunýra deyr úr þvageitrun:

- I, a) **Uraemia.**  
b) **Sclerosis renum.**

- c. Ekki ósjaldan er hin beina dánarorsök að vísu skýrt afmarkaður sjúkdómur, en jafnframt í ótvíráðum orsakatengslum við annan sjúkdóm honum samfara eða á undan genginn, eða hann er hluti víðtækara sjúkdómsfyrirbrigðis eða lokastig þess. Fyrir kemur, að einn sjúkdómur er af annars rót, sá af rót hins þriðja, en sjaldan mun ástæða til að rekja lengra.

**Dæmi 1:** Skarlatssóttarsjúklingur veikist af bráðri nýrnabólgu og deyr:

- I, a) **Nephritis acuta.**  
b) **Scarlatina.**

**Dæmi 2:** Maður deyr af heilablóðfalli, en hafði lengi haft háan blóðþrýsting:

- I, a) **Apoplexia cerebri.**  
b) **Hypertensio arteriarum.**

**Dæmi 3:** Maður deyr af negghrönnun, en hafði jafnframt almenna æðakölkun:

- I, a) **Degeneratio myocardii.**  
b) **Arteriosclerosis generalis.**

**Dæmi 4:** Maður sýkist af klettbólgu upp úr miðeyrabólgu, en fær síðan heilamengismein og deyr:

- I, a) **Meningitis purulenta.**  
b) **Mastoiditis.**  
c) **Otitis media acuta.**

**Dæmi 5:** Ellihrumt og fótfúið gamalmenni rasar á palli, brýtur lærleggs-hálsinn, fær í legunni vegna beinbrotsins kveflungnabólgu og deyr:

- I, a) **Pneumonia catarrhalis.**  
b) **Fractura colli femoris.**  
c) **Senilitas.**

Um nánari greinargerð fyrir tildrögum slyssins, sbr. e-lið.

**Dæmi 6:** Kona á barnssæng eftir eðlilega fæðingu sýkist af bláæðabólgu, fær lungnaæðastíflu og deyr:

- I, a) **Embolia arteriae pulmonalis.**  
b) **Thrombophlebitis puerperalis.**  
c) **Status post partum naturalem.**

- d. Auk sjálfs dánarmeinsins hefur stundum verið um þann sjúkdóm eða ástand hins látna að ræða, sem að vísu telst óskýlt dánarmeininu, en þó þess eðlis, að telja verður að meira eða minna leyti samverkandi að mannlátinu. Þegar svo ber undir, skal skrá sjúkdóminn eða ástandið, enda varði einhverju, og forðast ber að tína til hvern hégóma.

**Dæmi 1:** Sjúklingur með lungnaberkla veikist af krabbameini í maga, sem leiðir hann til dauða:

258  
29. nóv.

- I, a) **Cancer ventriculi.**  
 b) .....  
 c) .....

II, **Tuberculosis pulmonum.**

**Dæmi 2:** Sjúklingur með krabbamein í maga hefur jafnframt lungnaberkla og fær mengisberkla, sem leiða hann til dauða:

- I, a) **Meningitis tuberculosa.**  
 b) **Tuberculosis pulmonum.**  
 c) .....

II, **Cancer ventriculi.**

**Dæmi 3:** Drykkjúsjúkur maður fær kveflungnabólgu upp úr ofkælingu og upp úr lungnabólgunni lungnadrep, sem leiðir hann til dauða:

- I, a) **Gangraena pulmonum.**  
 b) **Pneumonia catarrhalis.**  
 c) **Ofkæling.**

II, **Alcoholismus chronicus.**

**Dæmi 4:** Maður fremur sjálfsmorð í ölaði með því að skjóta sig í gegnum höfuðið; hann er veill á geðsmunum og hefur lengi gengið með sykursýki:

- I, a) **Vulnus sclopetarium capitis.**  
 b) **Suicidium.**  
 c) **Alcoholismus acutus.**

II, **Psychosis.**

**Diabetes mellitus.**

- e. Þegar um slys er að ræða, er ætlað til þess, að dánarvottorð beri með sér hvort tveggja: hvernar tegundar slysið var og hvers eðlis afleiðingar þess urðu fyrir þann, sem það varð að aldurtíla. Liggur að sumu leyti beint við að skrá einnig tegund slyssins í dánarmeinaréitinn, en aldrei verður það gert svo ýtarlega, að fullnægjandi sé, og er því ætíð þörf viðaukagreinargerðar, sem um ræðir í 5. gr.

**Dæmi 1:** Maður dettur niður stiga, brýtur botn höfuðkúpu og deyr:

- I, a) **Fractura baseos cranii.**  
 b) **Fall í stiga.**

**Dæmi 2:** Maður verður fyrir bifreið á alfaravegi; hún ekur yfir brjóstbol hans og kremur hann til dauða:

- I, a) **Compressio thoracis.**  
 b) **Bifreiðarumferðaslys.**

**Dæmi 3:** Togarasjómaður fellur fyrir borð í veiðiför og drukknar:

- I, a) **Submersio.**  
 b) **Féll fyrir borð á togara í veiðiför.**

**Dæmi 4:** Fangi fremur sjálfsmorð með því að hengja sig í axlaböndum sínum:

- I, a) **Strangulatio.**  
 b) **Hengdur í axlaböndum sínum í fangaklefa.**  
 c) **Suicidium.**

- f. Án undandrátta skal geta læknisaðgerða sem undanfara mannláta. Kemur að sjálfsgöðu til greina, að læknisaðgerð verði dánarorsök fyrir meiri eða minni

258  
29. nóv.

mistök. En einnig án þess að nokkrum mistökum sé til að dreifa, getur læknis-  
aðgerð verið í einum eða öðrum orsakatengslum við hina eiginlegu dánarorsök  
eða á annan hátt samverkandi að mannláti.

**Dæmi 1:** Eftir botnlangaskurð við bráðri botnlangabólgu raknar undirbinding  
æðar, og sjúklingnum blæðir út:

- I, a) **Haemorrhagia intraabdominalis post laparotomiam.**
- b) **Casus adversus appendectomiae.**
- c) **Appendicitis acuta.**

Auk þess skal gerð nánari grein fyrir óhappinu eins og hverjum öðrum  
slysförum, eftir því sem fyrir er mælt í 5. gr.

**Dæmi 2:** Gamall maður er skorinn upp við nárahaul, fær blóðsigslungna-  
bólgu og deyr:

- I, a) **Pneumonia hypostatica.**
- b) **Herniotomia.**
- c) **Hernia inguinalis.**

**Dæmi 3:** Kona er skorin upp við berklum í eggrás og deyr eftir aðgerðina,  
en óljóst er, hver verið hefur hin beina dánarorsök:

- I, a) **Status post operationem.**
- b) **Resectio tubae.**
- c) **Salpingitis tuberculosa.**

**Dæmi 4:** Óðum sjúklingi er af vangá gefinn margfaldur lækningaskammtur  
skopólamíns með þeim afleiðingum, að sjúklingurinn deyr af skopólamíneitrun:

- I, a) **Intoxicatio scopolamini hydrobromidi.**
- b) **Casus adversus injectionis therapeuticae.**
- c) **Mania.**

Auk þess skal gerð nánari grein fyrir óhappinu eins og hverjum öðrum slysförum,  
eftir því sem fyrir er mælt í 5. gr.

**Dæmi 5:** Eftir kúabólusetningu veikist barn af heilablæstri og deyr:

- I, a) **Encephalitis acuta post vaccinationem.**
- b) **Vaccinatio contra variolam.**

**Dæmi 6:** Kafmæðisjúklingur er skorinn upp við gallsteinum og tekin úr hon-  
um gallblaðran; í legunni eftir aðgerðina fær hann andarteppukast og deyr í  
kastinu:

- I, a) **Asthma bronchiale.**
- b) .....
- c) .....
- II, **Status post cholecystectomiam.**
- Cholelithiasis.**

g. Forðast ber ónákvæmni um greiningu dánarorsakar, þegar fyllri vitneskja er  
fyrir hendi. Tekur þetta bæði til sjúkdóms og áverka, svo og staðsetningar hvors  
tveggja í líkamanum, þegar slíkt kemur til greina.

**Dæmi 1:** Ellihrumt gamalmenni með almenna æðakölkun og negghrörnun  
lognast út af og deyr. Skal þá ekki skrá: I, a) **Senilitas**, heldur:

- I, a) **Degeneratio myocardi.**
- b) **Arteriosclerosis generalis.**
- c) **Senilitas.**



**Dæmi 2:** Nýfætt barn, horið fyrir tíma, veikist af lungnakvefi og deyr. Skal þá ekki skrá: I, a) Debilitas neonatorum, heldur: 258

29. nóv.

I, a) **Bronchitis.**

b) .....

c) .....

II, **Immaturitas.**

Ætíð, þegar unnt er, skal þess getið um dauða nýfædds barns, hvort um ótímaburð sé að ræða eða ekki.

**Dæmi 3:** Konu hlekkist á við barnsburð fyrir það, að hún hefur þrönga grind, vending er gerð á fóstrinu, sem leiðir til legbrests, og konan deyr af losti eða innvortis blæðingu. Skal þá ekki skrá: I, a) Af barnsförum, heldur:

I, a) **Ruptura uteri gravidii.**

b) **Versio foetus.**

c) **Pelvis contracta.**

**Dæmi 4:** Maður deyr úr lungnaberklum. Skal þá ekki skrá: I, a) Tuberculosis, heldur:

I, a) **Tuberculosis pulmonum.**

**Dæmi 5:** Maður deyr úr krabbameini í maga. Skal þá ekki skrá: I, a) Cancer, heldur:

I, a) **Cancer ventriculi.**

**Dæmi 6:** Maður dettur af hestbaki og lærbrotnar, fær upp úr því lungna-æðastíflu og deyr. Skal þá ekki skrá: I, a) Embolia post fracturam, heldur:

I, a) **Embolia arteriae pulmonalis.**

b) **Fractura femoris.**

c) **Fall af hestbaki.**

- h. Þó að áherzla sé lögð á sem allra nákvæmasta ákvörðun dánarmeina (sbr. g-lið), ber að taka ónákvæmlega ákvarðað dánarmein, en áreiðanlegt, svo langt sem það nær, fram yfir hnitmiðað dánarmein, sem er ágizkun ein. Þegar dánarmein er ákvarðað á þann hátt, sem varað er við í g-lið, en ákvörðuninni ræður það, að nánari vitneskja er ekki fyrir hendi og verður ekki aflað, á sú lauslega ákvörðun að sjálfsögðu fullan rétt á sér og getur ekki öðru vísi orðið. Mætti í því sambandi til viðvörðunar snúa við öllum dæmum, greindum í g-lið. Hins vegar fer því fjarri, að ekkert dánarmein megi ákvarða án fyllstu sönnunar, og verður oft að nægja, að stuðzt sé við góðar og gildar líkur.

Að jafnaði skal forðast að skrá sjúkdómseinkenni sem dánarorsök, en svo getur staðið á, að annars sé ekki kostur, og samkvæmt framan sögðu skal heldur látið við það sitja en hafa uppi ágizkanir út í bláinn.

**Dæmi 1:** Maður deyr af blóðspýtingi, en engin vitneskja fyrir hendi um, til hvers hann á rætur að rekja:

I, a) **Haemoptysis.**

**Dæmi 2:** Maður deyr og ekki vitneskja fyrir hendi um önnur sjúkdómseinkenni en greinilega gulu:

I, a) **Icterus.**

**Dæmi 3:** Maður deyr eftir að hann hefur legið um hríð meðvitundarlaus, en engin vitneskja fyrir hendi um undanfarandi sjúkdóm né hvers eðlis meðvitundarleysið hefur verið:

I, a) **Coma.**

258  
29. nóv.

**Dæmi 4:** Maður deyr í krampaflogi, en engin vitneskja fyrir hendi um, hvað krömpunum hefur valdið:

I, a) *Convulsiones.*

**Dæmi 5:** Maður deyr snögglega (verður bráðkvaddur), en dánarorsök með öllu ókunn:

I, a) *Mors subita ignotae causae.*

**Dæmi 6:** Maður deyr af ókenndri orsök og ekki um það að ræða, að hann hafi orðið bráðkvaddur, eða það ekki kunnugt:

I, a) *Ignota causa mortis.*

Pegar svo ófullkomin vitneskja er fyrir hendi um dánarorsök, að nægja verður að skrá meira eða minna óljós sjúkdómseinkenni sem dánarmein, eða jafnvel þeirra ekki einu sinni völ, er að jafnaði rétt að gera ráð fyrir, að um einn eða annan slysfaradauða geti verið að ræða, og skal þá rita viðaukagreinargerð um mannlátið í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 5. gr. um slysfaradauða, eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Um hvers konar slysfaradauða, hvort sem talinn er voveiflegt mannlát eða ekki, skal skrá viðaukagreinargerð í þar til gerðan reit á dánarvottorðseyðublaði. Reiturinn er þannig:

#### Viðaukagreinargerð um slysfaradauða (voveiflegt mannlát)

Sjónarvottur(ar) að slysinu - fundið lík - sjálfsmorð - manndráp - annað slys - um ölvun að ræða: hins látna sjálfs - annarra  
Hér skal strika undir það, sem við á (spurningarkerki aftan striks, ef óvíst).

Hvar slysið varð (nánara en undir dánarheimili) .....

Við hverja athöfn (vinnu og þá hverja, umferð og getið farartækis, íþróttir og þá hverja o. s. frv.) .....

Nánara um eðli slyssins og öll tildrög .....

Viðaukagreinargerð skal skrá í reitinn á þann hátt, er í reitnum greinir, og að öðru leyti þannig, að öll atvik að slysinu komi sem skýrast í ljós.

Nánari staðsetning slyss en hin almenna staðsetning, sem greind er annars staðar á dánarvottorðinu, tekur til þess að hnitmiða slysaáðinn nákvæmlega (frá bæ og þá nánara greint; utan húss, en heima við: í túni, á hlaði, í hlöðu o. s. frv.; innan húss: í eldhúsi, í stiga, í baðkeri o. s. frv.).

Um farartæki, sem slysi veldur, skal þess getið, hvers eðlis það sé, hvort bifreið er almenningsbifreið eða einkabifreið, hvort slys verður af bifreið í akstri eða á annan hátt, á venjulegum vegi eða vegleysu o. s. frv. Koma verður í ljós, hvort slys verður á hlutaðeigandi bifreiðarstjóra, farþega eða vegfaranda o. s. frv. Samsvarandi gildir um skip og hvers konar farartæki, sem slys verður af.

6. gr.

Heimildir þær, er dánarvottorðsgjafi styðst við um ákvörðun dánarorsakar, skal greina í þar til gerðum reit á dánarvottorðseyðublaði. Reiturinn er þannig:

**Heimildir**

Sáúð þér hinn látna í banalegunni og þá hvenær síðast? ..... Sáúð þér líkið og þá hvenær? .....

Er vottorðið skrifað eftir skýrslu annarra og þá hvers eða hverra? .....

För mannskaðarannsókn fram og þá hvenær (læknir gæti ábyrgðar sinnar í því efni um voveiflegt mannslát)? .....

Var líkið krufið og þá hvenær, hvar og af hverjum? .....

258

29. nóv.

Gera skal grein fyrir heimildum á þann hátt, sem í reitnum greinir.

Jákvætt svar við því, að mannskaðarannsókn hafi farið fram, gildir sem auðkenning á dánarvottorði varðandi voveiflegt mannslát eða fundið lík, sbr. síðari málsgr. 1. gr. reglugerðar nr. 24 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

## 7. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem í leiðbeiningum þessum eru settar um ritun dánarvottorða, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

## 8. gr.

Leiðbeiningar þessar ganga í gildi 1. janúar 1951, og falla þá jafnframt úr gildi Leiðbeiningar um dánarvottorð og dánarskýrslur, út gefnar af landlækni 15. október 1940, og Reglur um sérstök dánarvottorð fyrir þá, sem deyja voveiflega eða finnast lík, út gefnar af landlækni 1. apríl 1936.

Leiðbeiningar þessar eru hér með staðfestar samkvæmt fyrirmælum 1. gr. laga nr. 42 8. maí 1950.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 29. nóvember 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

um breytingar á lyfsöluskrá I frá 1. maí 1950.

259

25. nóv.

Bráðabirgðaákvæði 13. töluliður, bls. 53, orðist þannig:

Frá og með 1. desember 1950 og þar til öðruvísi verður ákveðið, hækka lyf samkvæmt lyfsöluskrá I, er gekk í gildi 1. maí 1950, um 30%, en ilát og umbúðir um 50%, vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu, samkvæmt lögum nr. 22 frá 19. marz 1950.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. nóvember 1950.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 35 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.50 á ári af hverjum fermetra m<sup>2</sup>) gólfflatar, er lýsa skal. Þar sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi samkvæmt reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 170.00 á ári.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 25 auru hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 42.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt er að miða fastagjald við gólf-flöt, og skal þá greiða kr. 5.00 á ári af hverjum fermetra.

#### C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst. ársnotkun	80 au. hver kwst.
— næstu	2000 — —	70 — — —
— —	4000 — —	60 — — —
— —	8000 — —	50 — — —
— —	15000 — —	40 — — —
— —	30000 — —	30 — — —
— umfram	60000 — —	20 — — —

2. Um mæla þannig reiknað, enda sé vélaafl minnst 20 kw.:

200 kr. árskw. fyrir fyrstu	50 kw.
160 — — — næstu	50 —
120 — — — umfram	100 —

Auk þessa greiðist kwst.gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu 200 000 kwst. á 9 auru hver kwst.
Umfram 200 000 — — 7 — — —

3. Um einn kwst.mæli á 45 auru hver kwst. fyrstu notkunar, en á 30 auru hver kwst. af notkun umfram 1000 klst. á ári á hvert kw. vélaafls. Minnsta greiðsla samkv. þessum lið skal þó vera 450 kr. á ári fyrir hvert kw. vélaafls.

#### D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sérmæli fyrir hitalögnina:
  - a. Á 25 auru hver kwst.
  - b. Á 15 auru hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í eina klst. um hádegisd.

- c. Á 12 aura hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á 260 tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegisd og síðdegis, en þó eigi lengur en eina og hálfu klst. í senn.
- d. Á 6 aura hver kwst. næturnotkunar, er fram fer frá kl. 22 til kl. 8, enda sé notuð eingöngu, eða nær því eingöngu, næturrafmagn til upphitunar hússins.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:*

1. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
2. Að notandi kosti tengingu sjálfvirks klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkv. reglum, sem gilda fyrir leigu mæla.
3. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
2. Til hitunar í handiðn, iðnaði eða atvinnurekstri um tveggjaldsmæli á 10 aura hver kwst. frá kl. 22 til kl. 8, og á 50 aura hver kwst. frá kl. 8 til 22.

**E. Önnur notkun.**

1. Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 85 aura hver kwst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

**II. MÆLALALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af meðalverði hvernar tegundar.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum, á þann hátt, sem hér segir:

Fyrir jarðlínuheimtaug:

Grunngjald kr. 600.00 og auk þess 0.8% af brunabótamati upp að 200 þús. kr. og 0.2% af brunabótamati umfram 200 þús. kr.

Fyrir loftlínuheimtaug greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Þar sem brunabótamat er gamalt, skal heimtaugargjaldið miðað við umreiknað brunabótamat, eftir vísitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meira en  $3 \times 70$  qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er framyfir. Standi sérstaklega á, eða sé óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Ef breytt er um heimtaug úr loftlínu í jarðlínu, skal húseigandi greiða þann

- 260 mismun, sem er á jarðlínu og loftlínuheimtaug, eins og sá mismunur er í gjaldskrá, sem í gildi er þegar breytingin er framkvæmd. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða rask, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við slíka breytingu, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði stofntaugarinnar.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

#### IV. ÖPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 163 27. september 1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

261  
4. des.

#### AUGLÝSING

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Húnavatnssýslu, nr. 52 22. marz 1946.

17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Stofnfjárhæð hans er kr. 500000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —.

Til stofnsjóðs telst:

1. Óafturkræf framlög búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarféлага, er nemi minnst kr. 125000.00.
2. Óafturkræf framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Stofnlán að upphæð kr. 125000.00, er endurgreiðist innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa og áhalda.

Til árlega tekna sjóðsins telst:

1. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt 13. og 16. gr.
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. desember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

262  
2. des.

fyrir vatnsveitu í Hofsóshreppi.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hofsóshöfn.

### 2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

### 3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

Tengigjald greiði húseigandi um leið og hann sækir um eða fær leyfi til að tengja við vatnsveitu hreppsins og nemur tengigjaldið kr. 100.00 af hverju húsi og 1% af fasteignamatsverði íbúðarhúsa og 2% af fasteignamati húsa sem greiða vatnsskatt samkv. 15. gr. þessarar reglugerðar.

### 4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hofsóss, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

### 5. gr.

Skyllt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

### 6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

### 7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

### 8. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem

**262** vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, 2. des. ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkv. lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum í Hofsóskaupþúni, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr, næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

14. gr.

Af öllum húsum í Hofsóskaupþúni, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 25% — tuttugu og fimm af þúsundi —, þó skal lágmark skattsins vera kr. 200.00 fyrir hvert íbúðarhús; auk þess skal greiða kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem húsið er í, umfram eina í hverju húsi.

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 35% — þrjátíu og fimm af þúsundi — af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar .....	kr.	0.30
2. — — tunnu flakaðrar síldar .....	—	0.50
3. — — smálest innvegins nýs fiskjar .....	—	1.50



4. Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skippundi .....	kr. 0.30	262
5. — hverja frysta síldartunnu .....	— 0.25	2. des.
6. — hvern kjötskrokk .....	— 0.10	
7. — Fyrir vatn í steypu, af hverri sementstunnu .....	— 0.60	
8. — hverja bifreið, sem skrásett er á Hofsósi — árgjald .....	— 50.00	
9. — krana utanhúss, — árgjald .....	— 20.00	
10. — hvern stórgrip, sem stendur inni — árgjald .....	— 20.00	
11. — hverja 100 lítra lifrar, tekna til bræðslu .....	— 0.50	

## 17. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14., 15. og 16. gr., hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn. Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 0.75 fyrir smálest af fyrstu 1000 smálestunum, og kr. 0.15 fyrir það, sem fram yfir er.

## 18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

## 19. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 10.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 fyrir fiskiskip og kr. 30.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að hafskipabryggja Hofsóshrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða, sem um ræðir í 16. gr. þessarar reglugerðar.

## 20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatns- skatt má innheimta með lögtaki á kostnað notenda.

## 21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkv. 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

## 22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

## 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refs- ing liggvi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerðinni skulu sæta meðferð almennra lögreglu- mála.

